Frumvarp

til

fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895.

(Lagt fyrir alþingi 1893.)

---

1. kafli.

Tekjur.

1. gr.

Á árunum 1894 og 1895 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1,139,500 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr.

Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 870,600 kr.

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a) á ábúð og afnotum jarða	17,000.	17,000.	34,000.
b) á lausafje	23,000.	23,000.	46,000.
2. húsaskattur	4,000.	4,000.	8,000.
3. tekjuskattur	13,000.	13,000.	26,000.
4. aukatekjur	22,000.	22,000.	44,000.
5. erfðafjárskattur	2,000.	2,000.	4,000.
6. gjöld af fasteignasölum	1,300.	1,300.	2,600.
7. vitagjald	6,000.	6,000.	12,000.
8. gjöld fyrir leyfisbrjef	2,000.	2,000.	4,000.
9. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	28,000.	28,000.	56,000.
10. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2 % í innheimtulaun	120,000.	120,000.	240,000.
11. aðflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	50,000.	50,000.	100,000.
12. aðflutningsgjald af kaffi og sykri að frádregnum 2 % í innheimtulaun	125,000.	125,000.	250,000.
13. tekjur af póstferðum	20,000.	20,000.	40,000.
14. óvissar tekjur	2,000.	2,000.	4,000.
samtals...	435,300.	435,300.	870,600.

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs og fl. eru taldar 50,700 kr.:

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjöld af jarðeignum landssjóðs, alls 34,000 kr. að frá dregnum umboðslaunum, prestsmötu og fl., alls..... 9,000 —	25,000.	25,000.	50,000.
2. Tekjur af kirkjum	350.	350.	700.
samtals...	25,350.	25,350.	50,700.

4. gr.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 66,000 kr.:

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins	28,000.	28,000.	56,000.
Uppí lán verður borgað: á árinu 1894 23,923 kr. 22 a. - — 1895 21,556 — 58 - 45,479 kr. 80 a.			
2. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans ..	5,000.	5,000.	10,000.
samtals...	33,000.	33,000.	66,000.

5 gr.

Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. það, sem er greitt frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	2,000.	2,000.	4,000.
2. Endurgjald skyndiláns til embættismanna ...	600.	600.	1,200.
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum ..	2,000.	2,000.	4,000.
samtals...	4,600.	4,600.	9,200.

6. gr.

Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 143,000 kr.:

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag	60,000.	60,000.	120,000.
Aukatillag	12,500.	10,500.	23,000.
samtals...	72,500.	70,500.	143,000.

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr.

Á árunum 1894 og 1895 veitast til útgjalda 1,095,103 kr. 80 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr.

Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1894: 12,400 kr., og árið 1895: 14,400 kr., samtals: 26,800 kr.

9. gr.

Til kostnaðar við alþingi veitast 32,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 33,600 kr.

10. gr.

Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 288,493 kr. 80 a.

A.	1894.	1895.	alls.
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:	kr. a.	kr. a.	kr. a.
1. laun embættismanna	18,100.	18,116. 66	36,216. 66
Ef hinn núverandi amtmaður norðan og austan verður skipaður amtmaður sunnan og vestan, fær hann að halda uppbót þeirri fyrir hann sjálfan, er han hefur nú.			
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl. ..	3,800.	3,800.	7,600.
3. a. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun ..... 2,500 kr.			
b. viðbót við hinn núverandi endurskoðanda ..... 500 —			
	3,000.	3,000.	6,000.
	24,900.	24,916. 66	49,816. 66
flyt...	.....	.....	49,816. 66

		1894.	1895.	alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
	fluttar...	.....	.....	49,816. 66
	B.			
	Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1.	laun:			
	a. til dómara og sýslumanna	69,697. 57	69,697. 57	
	b. til hreppstjóra.....	6,000.	6,000.	
2.	ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík....	1,400.	1,400.	
3.	til hegningarhússins og fangelsanna:			
	a. laun umsjónarmannsins ..... 1894. 800 kr. 1895. 800 kr.			
	viðbót við hinn núverandi umsjónarmann ..... 200 — 200 —			
	þóknun handa dómkirkjuprestinum .... 100 — 100 —			
	þóknun handa lækni 60 — 60 —			
	b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag. 1,225 — 1,225 —			
	3 skammtar af miðdagsmat handa fangaverði á 21 e..... 230 — 230 —			
	þvottur ..... 30 — 30 —			
	til eldiviðar og ljósa 520 — 520 —			
	útgjöld við bygginguna sjálfa og áhöld. 400 — 400 —			
	til þess að útvega verkefni ..... 500 — 500 —			
	ýmisleg útgjöld..... 150 — 150 —			
	4,215 kr. 4,215 kr.			
	arður af verkum talinn..... 615 — 615 —			
	3,600 kr. 3,600 kr.			
	c. kostnaður við viðhald fangelsanna ..... 100 — 100 —			
		3,700.	3,700.	
	flyt...	80,797. 57	80,797. 57	49,816. 66

		1894.	1895.	alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
	fluttar...	80,797. 57	80,797. 57	49,816. 66
4.	önnur útgjöld:			
	a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn 1,600 kr.			
	b. laun sendiboðans við yfirrjettinn. 50 —			
	c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum 40 —			
	d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl. ..... 60 —			
	e. kostnaður við sakamál og lögreglumál ..... 3,000 —			
	f. kostnaður við gjafsóknarmál .... 300 —			
	g. til að gefa út dómasafn allt að 15 kr. fyrir hverja örk..... 150 —			
		5,200.	5,200.	
		85,997. 57	85,997. 57	
	C.			171,995. 14
	Ýmisleg útgjöld:			
1.	til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
	a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl. 300 kr.			
	b. til pappírs og prentunar deildarinnar B. 22 arkir og deildarinnar C. 15 arkir..... 1,591 —			
	c. til kostnaðar við sending með póstum ..... 250 —			
	d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri, 40 kr. fyrir örkina..... 600 —			
		2,741.	2,741.	
2.	endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef.....	1,200.	1,200.	
3.	brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar	1,600.	1,600.	
4.	styrkur til eflingar búnaði:			
	a. til búnaðarskóla:			
	1. til skólans í Ólafsdal ..... kr. 2,500			
	2. til skólans á Hólum 3,500			
	3. — — - Eyðum 2,000			
	4. — — - Hvanneyri ..... 2,500 kr. 10,500			
	flyt... 10,500	5,541.	5,541.	221,811. 80

	kr.	1894. kr.	1895. kr.	alls. kr.
fluttar...	10,500	5,541.	5,541.	221,811. 80
b. til búnaðarfjelaga ..... Þar af til búnaðarfjelags suðuramtsins 2,000 kr. hvort árið, með því skilyrði, að fjelagið verji að minnsta kosti 1,000 kr. til vatnsveitinga í Skaptafellssýslu.	12,000			
c. styrkur til Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit, 20 kr. fyrir örkina.....	240			
d. styrkur til sjera Odds Gíslasonar til þess að halda áfram að leiðbeina mönnum í ýmsu, sem lýtur að sjósóknum og fiskiveiðum	300			
e. styrkur til útgáfu kennslubóka fyrir búnaðarskóla	300			
		23,340.	23,340.	
5. til vitans á Reykjanesi:				
a. til launa vitamannsins.....	1,200			
b. til eptirlits með vitanum ..	60			
c. til að kaupa olíu	1,200			
d. — — lampakveiki o. fl.	150			
e. til að kaupa steinkol	120			
f. til viðurhalds á húsum og áhöldum.....	200			
g. eptirgjald eptir lóðina	30			
		2,960.	2,960.	
6. til vörðuvita.....		500.	500.	
7. til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landssjóði		1,000.	1,000.	
		33,341.	33,341.	66,682.
	samtals...	.....	.....	288,493. 80

11. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 106,844 kr.

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. laun	39,598.	39,598.	79,196.
2. styrkur til 10 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu;			
b. til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði;			
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá;			
g. til læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnessýslu;			
h. til læknis í Álptaness, Hrauns og Kolbeinsstaða hreppum;			
i. til læknis í Eyja hrepp og Múla og Gufudals hreppum í Barðastrandar sýslu;			
j. til læknis í Breiðdals, Beruness og Geithellna hreppum í Suðurmúla sýslu, til hvers þeirra 1,000 kr. hvort árið	10,000.	10,000.	20,000.
3. önnur útgjöld:			
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík 1,200 kr.			
b. — — á Akureyri 400 —			
c. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa ..... 24 —			
d. til náms yfirsetukvenna ..... 2,000 —			
e. til verkfæra handa yfirsetukonum 200 —			
	3,824.	3,824.	7,648.
samtals...	53,422.	53,422.	106,844.

12. gr.

Til samgöngumála veitast 295,500 kr.:

			1894.	1895.	alls.
			kr.	kr.	kr.
	A.				
	Til útgjalda við póststjórnina:				
1.	laun:				
	a. handa póstmeistaranum	2,400 kr.			
	b. — póstafgreiðslumönnum	4,700 —			
	c. — brjefhirðingarmönnum	2,700 —			
			9,800.	9,800.	19,600.
2.	póstflutningur		34,000.	34,000.	68,000.
3.	önnur útgjöld:	1894. 1895.			
		kr. kr.			
	a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans	1,500 1,500			
	b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningi 1 ‰ um	200 200			
	c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama	200 200			
	d. fyrir prentun á ýmsu	200 200			
	e. til áhalda	600 600			
	f. 1 brjefberi í Reykjavík	50 50			
	g. óviss útgjöld	200 200			
			2,950.	2,950.	5,900.
		samtals...	46,750.	46,750.	93,500.
	B.	1894. 1895.			
	Til vegabóta:	kr. kr.			
a.	til verkfræðings til að standa fyrir vegagjörðum	3,000 3,000			
b.	til að bæta vegi á aðalpóstleiðum	50,000 50,000			
c.	til fjallvega	15,000 15,000			
			68,000.	68,000.	136,000.
	C.				
	Til gufuskipaferða:	kr.			
a.	Til strandferða	18,000			
b.	— gufubátsferða á Vestfjörðum	3,000			
c.	— — á Breiðafirði	3,000			
d.	— — á Faxaflóa	3,000			
e.	— — á Austfjörðum	3,000			
		flyt... 30,000	114,750.	114,750.	229,500.

	kr.	1894. kr.	1895. kr.	alls. kr.
flutt...	30,000	114,750.	114,750.	229,500.
f. til gufubátsferða með suðurströnd landsins austur að Vík í Mýrdal og til Vestmannaeyja	3,000	33,000.	33,000.	66,000.
Styrkurinn til gufubátsferða útborgist að eins eptir meðmælum hlutaðeigandi sýslunefnda og bæjarstjórna. Styrkurinn sje enn fremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslufjelög og bæjarfjelög leggi til gufubátsferðanna 1/4 á móti 3/4 úr landsjóði.				
samtals...		147,750.	147,750.	295,500.

13. gr.

Til kirkju- og kennslumála veitast 249,666 kr.:

	1894. kr.	1895. kr.	alls. kr.
A. Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a. laun til biskupsins	7,000.	7,000.	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	8,500.	9,000.	
2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum þaraf til hins núverandi prests í Grímsey 400 kr. hvort árið.	3,000.	3,000.	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti	600.	600.	
4. bráðabirgðar-uppbót á Kvíabekkjar-prestakalli í Eyjafjarðar-prófastsdæmi.....	200.	200.	
5. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	3,000.	3,000.	
6. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1,000.	1,000.	
	23,300.	23,800.	47,100.
B. Kennslumálefni:			
I. til prestaskólans:			
a. laun	9,800.	9,800.	
flyt...	9,800.	9,800.	47,100.

			1894.	1895.	alls.
			kr.	kr.	kr.
		fluttar...	9,800.	9,800.	47,100
b. önnur útgjöld:	1894.	1895.			
1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum, 80 kr. handa hverjum.	960 kr.	960 kr.			
2. 3 ölmusur.....	600 —	600 —			
3. til tímakennslu.	100 —	100 —			
4. til bókakaupa..	300 —	300 —			
5. til eldiviðar og ljósa.....	100 —	100 —			
6. til umsjónar...	100 —	100 —			
7. ýmisleg útgjöld	200 —	200 —			
			2,360.	2,360.	
			12,160.	12,160.	
II. til læknaskólans:					24,320.
a. laun			3,600.	3,600.	
þar af 400 kr. hvort árið launaviðbót til Tómasar Hallgrímssonar 1. kennara.					
b. önnur útgjöld:	1894.	1895.			
1. 2 ölmusur, 200 kr. hvor.....	400 kr.	400 kr.			
2. eldiviður, ljós og ræsting	170 —	120 —			
3. til bókakaupa og verkfæra	300 —	300 —			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum ...	300 —	300 —			
5. húsaleiga handa 6 lærisveinum..	480 —	480 —			
6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði	100 —	100 —			
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, allt að...	200 —	200 —			
8. ýmisleg útgjöld.	100 —	100 —			
			2,050.	2,000.	
			5,650.	5,600.	
					11,250.
		flyt...	.....	.....	82,670.

			1894.	1895.	alls.
			kr.	kr.	kr.
		fluttar...	.....	.....	82,670.
III.	til hins lærða skóla:				
	a. laun		19,800.	19,800.	
	b. aðstoðarfje:				
	handa Páli Melsteð sem kennara í sögu	1,800 kr.			
	handa söngkennaranum	600 —			
	handa fimleikakennaranum ...	700 —			
	— dyraverði	1,000 —			
	til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans	300 —			
			4,400.	4,400.	
		1894. 1895.			
	c. önnur útgjöld:				
	1. til bókasafns skólans	600 kr. 600 kr.			
	2. til eldiviðar og ljósa.....	1,000 — 1,000 —			
	3. til skólahússins utan og innan .	1,000 — 1,000 —			
	4. til tímakennslu.	1,100 — 1,100 —			
	5. ölmusur.....	6,000 — 6,000 —			
	6. þóknun handa lækni.....	100 — 100 —			
	7. ýmisleg útgjöld	1,000 — 1,000 —			
	8. fyrir prestsverk.	48 — 48 —			
	9. til vísindalegra áhalda við kennslu:				
	a. í náttúrusögu.	200 — 200 —			
	b. í eðlisfræði..	400 — 400 —			
	10. til að gefa út vísindalega ritgjörð, er fylgi skólaskýrslunni.	300 — 300 —			
	11. styrkur til fimleikakennarans til þess að afla sjer meiri þekkingar í Danmörku í námsgrein sinni.....	1,000 — „			
			12,748.	11,748.	
			36,948.	35,948.	72,896.
		flyt...	.....	.....	155,566.

		1894.	1895.	alls.
		kr.	kr.	kr.
	flutt...	.....	.....	155,566.
IV. til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:				
a. laun		6,600.	6,600.	
b. önnur útgjöld:	1894. 1895.			
1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna..	400 kr. 400 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa	500 — 500 —			
3. til skólahússins utan og innan..	200 — 200 —			
4. ýmisleg útgjöld	500 — 500 —			
5. til styrkveitingar námspiltum....	500 — 500 —			
		2,100.	2,100.	
		8,700.	8,700.	
				17,400.
V. til stýrimannaskólans:				
a. laun		1,500.	1,500.	
b. önnur útgjöld:				
1. til húsnæðis, eldiviðar og ljósa	500 kr.			
2. til tímakennslu	600 —			
3. til áhaldakaupa o. fl.....	200 —			
		1,300.	1,300.	
		2,800.	2,800.	
				5,600.
VI. til annarar kennslu:				
a. til kvennaskóla:				
1. til kvennaskólans í Reykjavík, þar af ölmusur til sveitastúlkna 300 kr.	1,800 kr.			
2. til kvennaskólans á Ytri-Ey	1,200 —			
3. til kvennaskólans á Laugalandi	1,200 —			
4. til kvennaskólanna á Ytri-Ey og Laugalandi ..... Öll upphæðin (2,000 kr.) skiptist milli skólanna eptir fjölda nemenda, sem eru allann kennslutímann, og lengd kennslutímans, — þaraf 500 kr. til námsmeyja.	2,000 —			
		6,200.	6,200.	
b. 1. til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum ..... Styrkur þessi veitist einkum eptir lengd		4,000.	4,000.	
	flyt...	10,200.	10,200.	178,566.

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr	kr.
fluttar ...	10,200.	10,200.	178,566.
kennslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annarar tillögu, er eigi sje minni en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.			
2. til sveitakennara, allt að 50 kr. til hvers Styrkur þessi veitist eptir tillögum sýslunefnda og stiptsyfirvaldanna.	4,000.	4,000.	
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	2,500.	2,500.	
d. til kennarafræðslu	500.	500.	
e. til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík	1,000.	1,000.	
f. til verzlunarskóla í Reykjavík	250.	250.	
g. til skólaiðnaðarkennslu	500.	500.	
h. styrkur til þess að semja og gefa út kennslubækur	600.	600.	
	19,550.	19,550.	39,100.
VII. til sundkennslu:			
a. í Reykjavík ..... Lærisveinar latínuskólans njóta ókeypis kennslu.	200.	200.	
b. til að gjöra við sundlaugina hjá Laugarnesi	500.		
c. til sundkennslu annarstaðar ..... Styrkurinn undir b. og c. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarstaðar frá sjeu lagðar til sundlaugarinnar 200 kr. og til sundkennslunnar eigi minna en landsjóðsstyrknum nemur.	800.	800.	
	1,500.	1,000.	2,500.
C.			
Til vísindalegra fyrirtækja og bókmennta:			
1. til landsbókasafnsins og fyrir umsjón með alþingishúsinu millum þinga:			
a. laun bókavarðar	1,000.	1,000.	
b. til að aðstoða bókavörð við útlán og niðurröðun bóka og við samningu á skrá yfir handrit og bækur	700.	700.	
flyt...	1,700.	1,700.	220,166.

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...	1,700.	1,700.	220,166.
c. fyrir að hafa umsjón með alþingishúsinu og áhöldum í því milli þinga	100.	100.	
d. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá.....	2,500.	2,500.	
e. til eldiviðar og áhalda m. m.....	450.	450.	
f. brunabótagjald fyrir safnið	300.	300.	
	5,050.	5,050.	
2. til amtsbókasafna Vesturamtsins, Norðuramtsins og Austuramtsins, 200 kr. á ári til hvers þeirra	600.	600.	
3. til deildar hins íslenzka Bókmentafjelags í Reykjavík.....	1,000.	1,000.	
4. til þjóðvinafjelagsins	400.	400.	
5. til forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda ..... 1,000 kr.			
b. til umsjónar ..... 400 —			
c. til þess að raða forngripum, setja á þá tölur og semja skrá yfir..... 800 —			
	2,200.	2,200.	
6. styrkur til kennara Benidikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið ..... Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.	800.	800.	
7. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni..... Styrkinn má borga, þegar handritinu er skilað fullgjörðu undir prentun, en skyldur er sá, er að útgáfunni vinnur, að annast prófarkalestur, er að því kemur. Styrkurinn má eigi fara fram úr 25 kr. fyrir hverja örk prentaða eða það, sem því nemur af óprentuðu.	600.	600.	
8. styrkur til kennara Þorv. Thoroddsens til kostnaðar við jarðfræðisrannsóknir og við safn			
flyt...	10,650.	10,650.	220,166.

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...	10,650.	10,650.	220,166.
til jarðfræðislýsingar Íslands, eptir reikningi, allt að 1,000 kr. hvort árið.....	1,000.	1,000.	
9. til Fornleifafjelagsins..... Útborgist því að eins, að árbók Fornleifafjelagsins komi út hvort árið.	300.	300.	
10. til Náttúrufræðisfjelagsins	400.	400.	
11. styrkur handa 2 mönnum til að búa sig undir að verða dýralæknar á Íslandi	1,200.	1,200.	
12. styrkur til cand. mag. Boga Melsteðs til að safna til sögu Íslands	600.	600.	
13. Til síra Matthíasar Jochumssonar.....	600.	600.	
	14,750.	14,750.	29,500.
samtals...	.....	.....	249,666.

14. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr.

Til eptirlauna og styrktarfjár og fl. veitast 86,000 kr.; þar af til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjohnsen 300 kr., til ekkjufrúar Valgerðar Ólafsdóttur frá Hofi 200 kr., til sjera J. Thórarensens 50 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli 105 kr. 40 a., og til Katrínar Þorvaldsdóttur, ekkju fyrverandi bókavarðar Jóns Árnasonar, 300 kr. — til allra þeirra hvort árið.

16. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

17. gr.

Tekjuafganginn, sem fyrst um sinn er áætlað að verði 44,396 kr. 20 a., skal greiða í viðlagasjóð.

18. gr.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

19. gr.

Ef frumvarp til laga um
öðlast gildi á fjárhagstímabilinu, breytast upphæðirnar gjaldamegin samkvæmt því.

Athugasemdir við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895.

1. kafli.

Tekjur:

Við 2. gr.

1. a. og b. Abúðar og lausafjárskattinn er farið fram á að telja eins og á fjárlögunum fyrir hið núverandi fjárhagstímabil, og er hinn fyrnefndi því talinn 17,000 kr. og hinn síðarnefndi 23,000 kr. hvort árið. Tekjugreinir þessar numu að vísu nokkru meira á síðasta fjárhagstímabili, þar sem ábúðarskatturinn nam 18,521 kr. 71 e., en lausafjárskatturinn 24,632 kr. 93 a. að meðaltali hvort árið. En sakir þess, hve verðið var lágt síðasta ár á lifandi peningi, smjöri, tólg, ull og fiski, má búast við því, að meðalalin verðlagsskrárinnar muni lækka að mun, og þykir því eigi útlit fyrir, að tekjugreinir þessar muni nema meiru á næsta fjárhagstímabili, en upphæð þeirri, sem talin er á hinum núgildandi fjárlögum.

2. Húsaskatturinn er talinn jafnhár og áður, eða 4,000 kr. hvort árið.

3. Tekjuskatturinn hefur á fimm ára tímabilinu frá 1887—91 numið að meðaltali 13,079 kr. 51 e. árlega og á árunum 1889—91 13,576 kr. 85 a. að meðaltali árlega. þykir því hæfilegt að telja hann 13,000 kr. hvort árið.

4. Aukatekjur hafa á fimm ára tímabilinu frá 1887—91 numið 21,655 kr. 22 a. að meðaltali um árið, en 23,720 kr. 18 a. hvort árið á fjárhagstímabilinu 1890—91. þykir því mega telja tekjugrein þessa 22,000 kr. hvort af árunum 1894 og 1895.

5. Erfðafjárskattur hefur á fimm ára tímabilinu frá 1887—91 numið 2,388 kr. 83 a. árlega að meðaltali, en sakir breytileiks hans — hann hefur þannig leikið á 1,600 kr.—3,200 kr. um árið á fyrgreindum árum — þykir ekki vert að telja hann hærri en 2,000 kr. hvort árið.

6. Gjöld af fasteignasölum hafa á fimm ára tímabilinu 1887—91 numið að meðaltali 1,299 kr. 69 a. árlega og á fjárhagstímabilinu 1890—91 1,428 kr. 80 a. hvort árið; mun því mega telja þau 1,300 kr. hvort árið.

7. Vitagjaldið þykir mega telja eins og á núverandi fjárhagstímabili, eða 6,000 kr. hvort árið.

8. Gjöld fyrir leyfisbrjef eru sömuleiðis talin eins og á síðustu fjárlögum.

9. Útflutningsgjald af fiski og lýsi o. fl. hefur að frádregnum 2 % fyrir innheimtuna numið 27,750 kr. 51 e. árlega að meðaltali á fimm ára tímabilinu frá 1887—91, og á fjárhagstímabilinu 1890—91 31,792 kr. 72 a. hvort árið. þykir því hæfilegt að telja það 28,000 kr. hvort árið.

10. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum hefur, að frádregnum 2 % fyrir innheimtuna, numið árlega að meðaltali 101,854 kr. 20 a. á fimm ára tímabilinu 1887—91, og á árunum 1890—91 123,439 kr. 33 a. hvort árið. Þótt gjaldið ár þessi hafi vaxið um 10,000 kr. á ári, virðist þó eigi rjett að telja það hærra á fjárhagstímabilinu 1894—95 en 120,000 kr. hvort árið.

11. Eptir að aðflutningsgjaldið af tóbaki var hækkað með lögum 9. águst 1889, hefur það numið 43,824 kr. 34 a. árið 1890, en árið 1891 56,801 kr. 41 e., bæði árin að frádregnum 2 % fyrir innheimtuna. Það virðist því hæfilega talið 50,000 kr. hvort árið.

12. Aðflutningsgjald af kaffi og sykri hefur, að frádregnum 2 % fyrir innheimtuna, numið 120,276 kr. 58 a. árið 1890, en árið 1891 nam það 132,481 kr. 57 a. Það þykir því hæfilega talið 125,000 kr. hvort árið.

13. Tekjur af póstferðum virðast eigi geta talizt meiri en á fjárlögunum fyrir árin 1892 og 1893, eða 20,000 kr. hvort árið, þar eð tekjur þessar hafa eigi vaxið að neinum mun, sje ekki haft tillit til upphæðar þeirrar, er fjekkst fyrir leifar landssjóðs af skildinga frímerkjum, er seldar hafa verið.

14. Óvissar tekjur þykir ekki mega telja meiri en 2,000 kr. hvort árið.

Við 3. gr.

1. Tekjur af fasteignum landssjóðs. Eins og tekið er fram í athugasemdunum við fjárlagafrumvarpið fyrir árin 1892 og 1893, fara tekjur þessar stöðugt minnkandi sökum þess, að þjóðjarðasölunni er haldið áfram. Með lögum 11. desember 1891 er stjórninni veitt heimild til að selja margar af jörðum landssjóðs — sumar þeirra eru þegar seldar — og má því búast við því, að tekjurnar af fasteignum landssjóðs fari enn minnkandi á næsta fjárhagstímabili; er því stungið upp á, að þær — að frádregnum 9,000 kr. í umboðslaun o. fl. — verði taldar 25,000 kr. hvort árið.

2. Tekjur af kirkjum hafa numið 355 kr. 23 a. að meðaltali hvort árið 1890 og 1891; þykir því hæfilegt að telja þær 350 kr. hvort árið.

Af brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu og silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli verður ekki búizt við neinum tekjum á fjárhagstímabilinu, frekar en á núverandi fjárhagstímabili.

Við 4. gr.

1. Hjer skal sýnt yfirlit yfir tekjur þær, sem ætla má, að landssjóður njóti frá viðlagasjóði árin 1894 og 1895:

	1894.	1895.
1) Leigur af $3^1/_2$ % ríkisskuldabrjefum, sam kvæmt innritunarskýrteini að upphæð: 207,800 kr.	7,273 kr. 00 a.	7,273 kr. 00 a.
2) a. Leigur af skuldabrjefum, sem hljóða uppá afborgun ..... (Eptirstöðva-eign $^{31}/_{12}93$: 237,497 kr. 66 a.).	9,467 — 03 -	8,950 — 21 -
b. Leigur af láni til þilskipakaupa til fiskiveiða..... (Eptirstöðva-eign $^{31}/_{12}93$: 11,023 kr. 22 a.).	440 — 94 -	325. — 33 -
flyt...	17,180 kr. 97 a.	16,548 kr. 54 a.

fluttar...	17,180 kr. 97 a.	16,548 kr. 54 a.
c. Leigur af hallærislánum ..... (Eptirstöðva-eign $^{31}/_{12}93$: 19,235 kr. 89 a.).	769 — 44 -	460 — 51 -
d. Leigur af skuldabrjefum með veði í seldum þjóðjörðum..... (Eptirstöðva-eign $^{31}/_{12}93$: 16,669 kr. 23 a.).	666 — 77 -	653 — 18 -
e. Leigur af láni til brúargjörðar yfir Ölvesá	» »	800 — 00 -
3) Leigur af skuldabrjefum með hálfs árs uppsagnarfresti ..... (Eptirstöðva-eign $^{13}/_{12}92$: 314,163 kr.).	12,566 — 52 -	12,566 — 52 -
alls...	28,910 kr. 70 a.	28,755 kr. 75 a.

Tekjur þessar virðist því mega telja 28,000 kr. hvort árið.

Af skuldabrjefum þeim, sem nefnd eru í 2. lið, verða samkvæmt ákvæðum þeirra borgaðar þessar fjárhæðir:

	1894.	1895.
af þeim er taldar eru við a.....	12,970 kr. 77 a.	12,444 kr. 27 a.
— — — b.....	2,889 — 56 -	2,889 — 61 -
— — — c.....	7,723 — 18 -	5,720 — 21 -
— — — d.....	339 — 71 -	337 — 24 -
— — — e.....	» » -	165 — 25 -
alls...	23,923 kr. 22 a.	21,556 kr. 58 a.

Alþingi mun verða gefinn kostur á að kynna sjer fullkomna skrá, er landfógeti hefur samið yfir þessi skuldabrjef, og skýrir frá upphæðum hinna einstöku lána, afborgunarskilmálum o. fl.

2. þar eð fje það, sem landsbankinn hefur fengið að láni í seðlum hjá landssjóði, hefur nú náð upphæð þeirri 500,000 kr., sem til er tekin í 2. gr. bankalaganna 18. september 1885, og sem bankinn 7. janúar f. á. hefur gefið út skuldabrjef fyrir til landssjóðs, er leigan af láni þessu, 1 % árlega, talin 5,000 kr. hvort árið.

Ákvörðun þá, sem stendur á nokkrum hinum síðustu fjárlögum um það, að eigi skuli greiða nema 4 % í ársleigur og afborgun af láninu til Staðarbyggðarmýrar, þykir eigi þörf að endurtaka í frumvarpi þessu. Akvörðun sama efnis hefur þegar fyrir löngu verið sett í byggingarbrjef hlutaðeigandi landseta.

Ástæðan til þess, að athugasemdin um það, að búnaðarskólanum á Hvanneyri skuli veittur frestur með greiðslu á vöxtum og afborgun af láni því, er hann hefur fengið úr viðlagasjóði, sem tekin var upp í fjárlögin fyrir núverandi fjárhagstímabil, er ekki endurtekin í frumvarpi þessu er sú, að engin beiðni í þá átt hefur borizt stjórninni frá hlutaðeigendum.

Við 5. gr.

Upphæðir þær, sem hjer eru taldar undir 1.—3. lið, sem sje það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt l. $^{27}/_{2}$ 1880, endurgjald skyndilána til embættismanna og endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum, þykir mega telja eins og á síðustu fjárlögum.

Við 6. gr.

Tillagið úr ríkissjóði er talið samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. jan. 1871: Aukatillagið verður 1894: 12,500 kr. og 1895 10,500 kr. Af

þessum tekjugreinum greiðast fyrirfram útgjöldin í 8. gr. til hinnar æðstu stjórnar innanlands og til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi 1895; og eru síðast töldu gjöldin með sjerstökum konungsúrskurði 18. apríl þ. á. ákveðin 2,000 kr.

2. kafli.

Gjöld.

Við 8. og 9. gr.

Gjöldin í þessum greinum eru talin eins og að undanförnu.

Við 10. gr.

Þessi gr. liðast sundur á þessa leið:

	1894.	1895.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Amtmaðurinn yfir suður- og vesturumdæminu, laun	5,000.	5,000.	10,000.
Amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu, laun 5,000 kr. viðbót fyrir sjálfan hann 1,000 —	6,000.	6,000.	12,000.
Landfógetinn á Íslandi, skipaður 18. febr. 1861, laun 3,500 kr. viðbót fyrir sjálfan hann 1,600 —	5,100.	5,100.	10,200.
Skrifarinn við landshöfðingjaembættið, skipaður 3. nóv. 1889	2,000.	2,016. 66	4,016. 66
samtals...	18,100.	18,116. 66	36,216. 66

Laun þeira 3 embættismanna, sem fyrst voru nefndir, eru talin samkvæmt lögum um laun íslenzkra embættismanna og fl. 15. oktbr. 1875, 9. og 11. gr. og l. um breyting á þeim lögum 9. des. 1889, 2., 3. og 7. gr. Í texta fjárlagafrumvarpsins er stungið upp á því, að hinn núverandi amtmaður norðan og austan fái að halda launaviðbót þeirri fyrir hann sjálfan, er hann hefur nú, þótt hann verði skipaður amtmaður sunnan og vestan. Að því er þetta snertir, skal þess getið, að embættismaður þessi hefur sótt um embættaskiptin með þessum kjörum, og að stjórnarráðinu þykir næg ástæða til þess að taka umsókn þessa til greina, en verður að álíta það sjálfsagt, að hann, þrátt fyrir umskiptin, haldi launum þeim, er hann nú hefur; því að við þetta bíður landssjóður engan halla, þarsem nýju launalögin ná þá til embættis þess, er hann er nú í, án þess nokkur launaviðbót bætist þarvið.

Með tilliti til viðbótar þeirrar (1,100 kr.), sem talin er landfógetanum samkvæmt 7. gr. 3. staflið í lögunum frá 1875, skal þess getið, jafnframt og vísað er til athugasemd-

anna við 10. gr. A. 1. í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1876 og 1877, að hann samkvæmt hinum fyrri launaákvæðunum hefði verið búinn að ná 5,100 kr. launum 1. marz 1881.

Laun landshöfðingjaskrifarans eru talin samkvæmt konungsúrskurði 29. júni 1872, og skal þess getið, að embættismanni þessum, sem skipaður er 3. nóvember 1889, bera 2,200 kr. í árslaun frá 1. desember 1895 að telja.

A. 2. í þessari grein er talið:

1.	endurgjald fyrir skrifstofukostnað handa amtmanninum yfir suður- og vesturumdæminu	1,400 kr.	árlega.
2.	endurgjald fyrir skrifstofukostnað handa amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu	1,000 —	—
3.	endurgjald fyrir skrifstofukostnað handa landfógeta	1,000 —	—
4.	þóknun til sama fyrir að taka við póstávísana upphæðum þeim, sem borgaðar eru í jarðabókarsjóð Íslands, og fyrir ábyrgð þá, sem er þessu samfara, ef honum mistelst	200 —	—
5.	útgjöld til yfirskattanefnda og við virðingar til að ákveða húsaskatt	200 —	—
		3,800 kr.	árlega.

Endurgjöldin fyrir skrifstofukostnað eru talin samkvæmt lögum 15. oktbr. 1875 14 gr. Um 4. og 5. lið skal vísað til athugasemdanna þarum á fjárlagafrumvörpunum fyrir 1876—77 og 1888—89.

A. 3. a. og b. Þessi liður er eins og í fjárlögunum fyrir 1892 og 1893.

B. 1. a. Þessi útgjöld liðast þannig sundur:

	1894.	1895.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Forstjórinn í landsyfirrjettinum, skipaður 16. apríl 1889, laun ..... 4,800 kr. viðbót fyrir sjálfan hann ..... 1,000 —	5,800.	5,800.	11,600.
Fyrsti dómandi í sama rjetti, skipaður s. d., laun ..... 3,500 kr. viðbót fyrir sjálfan hann ..... 500 —	4,000.	4,000.	8,000.
Annar dómandi í sama rjetti, skipaður 9 ágúst 1889, laun ..... 3,500 kr. viðbót fyrir sjálfan hann ..... 500 —	4,000.	4,000.	8,000.
Bæjarfógetinn í Reykjavík, skipaður 28. ágúst 1886, laun	3,000.	3,000.	6,000.
flyt...	16,800.	16,800.	33,600.

	1894.	1895.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar...	16,800.	16,800.	33,600.
Sýslumaðurinn í Árness sýslu, skipaður 9. jan. 1891, laun.....	3,500.	3,500.	7,000.
Sýslumaðurinn í Húnavatns sýslu, skipaður 12. apríl 1877, laun ..... 3,500 kr. » aur. viðbót fyrir sjálfan hann.... 1,144 — 08 —	4,644. 08	4,644. 08	9,288. 16
Sýslumaðurinn í Mýra og Borgarfjarðarsýslu, skipaður 15. apríl 1887, laun	3,500.	3,500.	7,000,
Sýslumaðurinn í Þingeyjar sýslu, skipaður 13. maí 1876, laun.....	3,500.	3,500.	7,000.
Sýslumaðurinn í Skaptafells sýslu, skipaður 17. júni 1891, laun.....	3,000.	3,000.	6,000.
Sýslumaðurinn í Rangárvalla sýslu, skipaður 21. júni 1890, laun	3,000.	3,000.	6,000.
Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósar-sýslu, skipaður 5. nóvbr. 1886, laun	3,000.	3,000.	6,000.
Sýslumaðurinn í Snæfellsness- og Hnappadals sýslu, skipaður 12. apríl 1878, laun	3,000.	3,000.	6,000.
Sýslumaðurinn í Ísafjarðar sýslu og bæjarfógetinn í Ísafjarðar kaupstað, skipaður 6. nóvbr. 1885. laun sem sýslumaður ..... 3,000 kr. — — bæjarfógeti ..... 500 —	3,500.	3,500.	7,000.
Sýslumaðurinn í Skagafjarðar sýslu, skipaður 2. júlí 1884, laun.....	3,000.	3,000.	6,000.
Sýslumaðurinn í Eyjafjarðar sýslu og bæjarfógetinn í Akureyrarkaupstað, skipaður 13. apríl 1892, laun sem sýslumaður..... 3,000 kr. — — bæjarfógeti ..... 500 —	3,500.	3,500.	7,000.
Sýslumaðurinn í Norðurmúla-sýslu, skipaður 30. júní 1880, laun.....	3,000.	3,000.	6,000.
flyt...	54,944. 08	54,944. 08	109,888. 16

	1894.	1895.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar...	54,944. 08	54,944. 08	109,888. 16
Sýslumaðurinn í Dala-sýslu, skipaður 9. jan. 1891, laun	2,500.	2,500.	5,000.
Sýslumaðurinn í Barðarstrandar sýslu.....	2,500.	2,500.	5,000.
Sýslumaðurinn í Stranda-sýslu, skipaður 25. júlí 1863, laun.....	2,500.	2,500.	5,000.
Sýslumaðurinn í Suðurmúla-sýslu, skipaður 29. júní 1872. laun ..... 2,500 kr. „ aur. viðbót fyrir sjálfan hann ... 753 — 49 —	3,253. 49	3,253. 49	6,506. 98
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyja sýslu, skipaður 3. júlí 1891, laun	2,000.	2,000.	4,000.
samtals...	69,697. 57	69,697. 57	139,395. 14

Laun og viðbót forstjórans og dómendanna í yfirjettinum eru talin samkvæmt lögum 15. oktbr. 1875 10. gr., og lögum um breyting á þeim lögum 9. des. 1889 3. og 7. gr. en laun sýslumanna og bæjarfógeta og það, sem þeim er lagt sem viðbót fyrir sjálfa þá, samkvæmt lögum 14. desbr. 1877 4., 5. og 7. gr., sbr. lög 24. oktbr. 1879, og lög 8. nóvbr. 1883.

B. 1. b. Þessi liður er eins og á fjárlögunum fyrir 1892 og 1893.

B. 2. Upphæð þessi er talin eins og á fjárlögunum fyrir 1886 og 1887 og eptirfylgjandi fjárlögum.

B. 3. Allar fjárhæðir í þessum lið eru eins og vanalega, sbr. fjárlög fyrir 1888 og 1889.

B. 4. Eins og á fjárlögunum fyrir 1892—93.

C. 1—3. Eins og á fjárlögunum fyrir 1892 og 1893.

C. 4. Styrkur til eflingar búnaði.

a. Til búnaðarskóla. Fjárupphæðir þessar eru hinar sömu og veittar eru með fjárlögunum fyrir árin 1892 og 1893, að því einu undanteknu, að farið er fram á, að styrkurinn til Hvanneyrarskólans verði hækkaður um 500 kr. árlega, með tilliti til þess, að skóli þessi, sem staðið hefur aðeins 3 ár, hefur orðið að taka svo stórt lán til að kaupa jörðina, reisa skólahús og önnur hús og til að útvega áhöfn og búsmuni, að hann getur eigi staðið í skilum með tekjum þeim, er hann hefur nú.

b. til búnaðarfjelaga.

c. Styrkur til Hermanns Jónassonar til þess að gefa út búnaðarrit.

d. Styrkur til sjera Odds Gíslasonar til þess að halda áfram á leiðbeina mönnum í ýmsu, er að sjósóknum og fiskiveiðum lýtur.

e. styrkur til þess að gefa út kennslubækur fyrir búnaðarskóla.

Allir þessir liðir eru eins og á fjárlögum þeim, er nú gilda. Að því er snertir síðasta liðinn, skal þess getið, að eigi lítur út fyrir, að fjárhæðin þar muni verða notuð á núverandi fjárhagstímabili, og er því, samkvæmt tillögum landshöfðingja, farið fram á, að hún verði veitt á ný. Stjórnarráðið hefur engar skýrslur fengið um árangurinn af laxaklakstilraununum í Dalasýslu, og fer því eigi fram á, að styrkurinn til þeirra verði veittur á ný.

C. 5. Reykjanesvitinn. Upphæðir þessar eru hinar sömu og veittar voru með fjárlögunum fyrir árin 1892 og 1893, 10. gr. C. 5. a—g.

C. 6. til vörðuvita og C. 7. kostnaður við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti, sem hann er greiddur úr landssjóði. Liðir þessir eru eins og á hinum núgildandi fjárlögum.

Við 11. grein.

1. Þessi grein liðast í sundur á þennan hátt:

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Landlæknirinn á Íslandi, að auki forstöðumaður læknaskólans í Reykjavík	4,000.	4,000.	8,000.
launaviðbót	600.	600.	1,200.
læknirinn í 1. læknahjeraði	1,900.	1,900.	3,800.
— í 2. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 3. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 4. —			
laun 1,900 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann 540 —			
	2,440.	2,440.	4,880.
læknirinn í 5. læknahjeraði	1,500.	1,500.	3,000.
— í 6. —			
laun 1,900 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann 540 —			
	2,440.	2,440.	4,880.
læknirinn í 7. læknahjeraði	1,500.	1,500.	3,000.
— í 8. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 9. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 10. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 11. —			
laun 1,900 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann 484 —			
	2,384.	2,384.	4,768.
flyt...	24,264.	24,264.	48,528.

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar...	24,264.	24,264.	48,528.
læknirinn í 12. læknahjeraði	1,500.	1,500.	3,000.
— í 13. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 14. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 15. —			
laun ... . 1,900 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann..... 484 —			
	2,384.	2,384.	4,768.
læknirinn í 16. læknahjeraði	1,500.	1,500.	3,000.
— í 17. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 18. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 19. —	1,500.	1,500.	3,000.
— í 20. —			
laun..... 1,500 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann..... 950 —			
	2,450.	2,450.	4,900.
samtals...	39,598.	39,598.	79,196.

Laun landlæknisins eru talin samkvæmt lögum 8. nóvbr. 1883 og launaviðbótin samkvæmt fjárlögunum fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil. Laun læknanna eru talin samkvæmt lögum um aðra skipun á læknahjeruðunum á Íslandi og fl. 15. oktbr. 1875, 3. gr., fyrsta kafla hennar, og fjárlögum fyrir 1888 og 1889.

2. Það er farið fram á að fjölga aukalæknunum um 3, svo að þeir verði 10 eptirleiðis; er ætlazt til, að þessi verði ný aukalæknishjerað:

1) Álptaness-, Hrauns- og Kolbeinsstaðahreppar í Mýrasyslu, er liggja í 3. læknishjeraði. Hreppar þessir eru vestustu hrepparnir í Mýrasyslu, en hjeraðslæknirinn býr fyrir sunnan Hvítá í Borgarfirði. Íbúar hreppanna eru hjerumbil 900; eiga flestir þeirra undir það dagleið til læknisins og er það torveld ferð, bæði vegna vondra vega og vatnsfalla.

2) Eyjahreppur og Múla- og Gufudalshreppar í Barðastrandarsýslu. Eyjahreppur liggur nú í 4. læknishjeraði, og hjeraðslæknirinn býr í Stykkishólmi; eiga hreppsbúar 6 mílna sjóleið til hans og geta því opt eigi náð til hans vikum saman. Hinir 2 hrepparnir eru í 5. læknishjeraði og eiga fulla dagleið til hjeraðslæknisins. Í öllum hreppunum eru samtals hjerumbil 900 íbúar, og er rúmur helmingur þeirra í Eyjahreppi.

3) Breiðdals-, Beruness- og Geithellnahreppar í Suðurmúlasýslu. 2 fyrstnefndu hrepparnir eru í 15. læknishjeraði, og eiga hreppsbúar langa og stranga leið til hjeraðslæknisins, er býr á Eskifirði. Geithellnahreppur er í 16. læknishjeraði, og verða íbúar hans að fara yfir 2 fjallgarða og margar stórar ár til þess að ná til hjeraðslæknisins, sem býr í Hornafirði. Íbúar í öllum þessum hreppum eru samtals hjerumbil 1,200.

3. önnur útgjöld, liðirnir a—e eru eins og í hinum núgildandi fjárlögum.

Við 12. gr.

A. Póststjórnin.

1—3. eru eins og á núgildandi fjárlögum, nema gjöldin undir 3 e (til áhalda) eru talin bæði árin, eins og vant er, 600 kr.

B. Vegabætur.

Þarsem hagur landssjóðs hefur batnað mikið síðustu árin, eins og reikningslagafrumvarpið fyrir árin 1892 og 1893 ber vitni um, og þarsem því næst má gjöra ráð fyrir ekki óverulegum tekjuafgang eptir næstu fjárhagsár framyfir venjuleg gjöld, eins og fjárlagafrumvarpið fyrir 1894 og 1895 ber með sjer, þykir rjett vera að nota þegar á þessu sama fjárhagstímabili nokkuð af þessu fje til þess að hraða fyrir og gjöra sem mest að umbótum á samgöngum, sem allir munu kannast við, að sjeu fyrsta og aðalskilyrðið fyrir uppgangi á efnahag landsins.

Auk þess að lagt verður fyrir alþingi sjerstakt frumvarp um brúargjörð á þjórsá, er hjer farið fram á að hækka gjöldin til vegabóta, sem fyrir árin 1892 og 1893 eru 72,400 kr., upp í 136,000 kr. fyrir næstu tvö fjárhagsár, það er að segja fyrir hvort árið um sig:

a.	til verkfræðings við vegagjörðir	3,000 kr.
b.	til að bæta vegi á aðalpóstleiðum.....	50,000 —
c.	til fjallvega	15,000 —
		68,000 kr.

Um hvern af gjaldliðunum skal þess getið, er nú segir:

Um a. Eptir að vegagjörðum hefur þokað svo fram og jafn miklu fje varið til þeirra, eins og nú er komið, mun vera orðin full þörf á því bæði vegna vegasmíðisins sjálfs og til þess, að fjenu verði varið sem bezt, að vegagjörðir allar verði lagðar undir stöðuga umsjón verkfróðs manns.

Nú vill svo til, að hægt er að fá til þessa mann, er þekkir vel til á Íslandi og er fullnuma í verkfræði, cand. polyt. Sigurð Thoroddsen, sem og meðal annars með fjárstyrk þeim, er honum var veittur fyrir 1892 á fjárlögunum, hefur ferðazt í Noregi og aflað sjer verklegrar þekkingar við vegagjörðir af hálfu hins opinbera þar í landi, og þykir því vel tilfallið, að fjárveiting þeirri 3,000 kr., sem ætluð er á síðustu fjárlögum til þess að útvega verkfróðan mann, og sem notuð hefur verið handa Sigurði Thoroddsen, verði haldið áfram á næsta fjárhagstímabili, þannig að veittar verði 3,000 kr. hvort árið til þess að ráða hann framvegis til þessa starfa.

Um b. Af þeim 50,000 kr., sem farið er fram á, að veittar verði hvort árið um sig til að bæta vegi á aðalpóstleiðum, er ætlazt til að verja helmingnum til þess að ljúka við póstveginn milli Reykjavíkur og Ölvesár, og hinum helmingnum sumpart til vegagjörða á ýmsum öðrum póstleiðum, er skýrt verður frá hjer á eptir, sumpart til viðhalds og aðgjörða á vegum, sem lagðir hafa verið, og loks til þess að bæta úr verstu ófærum á póstleiðum, er minni er umferð um.

Á póstleiðinni milli Reykjavíkur og Ölvesár, sem með áframhaldi hennar yfir þjórsá til Rangárvalla sýslu er sú leið, þar sem mestar eru umferðir á Íslandi, er þegar búið að gjöra veg frá Reykjavík til Hellisheiðar, nema á dálitlum spöl í Svínahrauni, og

fyrir austan Hellisheiði frá Varmá til Ölvesárbrúar. Eptir er þá ekki mikið annað en vegurinn yfir heiðina, alls um 20 kilom., sem af verkfróðum er talinn að muni eigi kosta meir en kringum 50,000 kr. (hver meter $2^1/_2$ kr.), enda þótt vegurinn verði gjörður svo, að nota megi sem akveg.

Á hinum öðrum póstleiðum skal einkum taka til veg um Borgarfjörð beggja megin Hvítár, en á hana er hugsað að gjöra brú næsta sumar; því næst að ljúka við veginn yfir Húnavatnssýslu til Blöndudóss, sem byrjað var á sumarið 1891 og haldið áfram sumarið 1892, og loks vegagjörð um norðurhluta Suðurmúlasýslu frá Reyðarfirði upp að Lagarfljóti.

Um c. Með því að hækka svo mikið, sem gjört er, fjárveitinguna til fjallvega, frá því sem verið hefur, er ætlazt til að fá veitt nægilegt fje til þess að leggja akveg frá Reykjavík til þingvalla yfir Mosfellsheiði. Eru það einkum skemmtiferðir útlendra ferðamanna, er hafðar eru í huga, þegar um þessa vegagjörð er að ræða; hvar sem litið er, fara þesskonar skemmtiferðir í vöxt, og mundi mega gjöra ráð fyrir, að aðsókn ferðamanna til Íslands yrði meiri, ef gjört yrði meira til þess, að ferðalagið yrði þeim sem þægilegast, en af því myndi í aðra hönd leiða ekki lítinn hagnað fyrir landið, eins og reynsla annara landa sýnir. Til þessarar vegagjörðar er gjört ráð fyrir að varið verði kringum 12,000 kr. hvort árið. Því, sem eptir verður af fjárveitingunni, er ætlazt til að varið verði til vegabóta á öðrum fjallleiðum, einkum á Kaldadal og Grimstungna heiði, þar sem þessar vegabætur þegar eru byrjaðar.

C. til gufuskipaferða.

a. til strandferða.

Þess skal fyrst getið, að eigi hefur verið hægt að nota þær 21,000 kr., sem veittar voru fyrir hvort af árunum 1892 og 1893, þar eð það reyndist ómögulegt að fá gufuskipafjelagið til að taka að sjer strandferðirnar með þeim skilyrðum, er fjárveitingin var bundin við (smbr. stjórnartíð. 1891 B. bls. 201), og því næst, að skorað hefur verið á fjelagið að láta í ljósi, fyrir hve mikið tillag það vildi halda uppi strandferðum fyrir árin 1894 og 1895, samkvæmum þingsályktun neðri deildar 1891 um strandferðir (alþingistíðindin 1891 C. bls. 494—95 og 524), og að það hefur svarað þessu svo í brjefi til stjórnarráðsins, er þinginu mun verða gefin kostur á að kynnast, að það vilji ekki takast svolagaðar strandferðir á hendur fyrir minna en 74,000 kr., og þó jafnframt áskilið sjer breytingar á áætlun þingsins í ýmsum atriðum. Þareð nú stjórnin verður að álíta, að svo miklu fje megi með engu móti verja til strandferðanna, og heldur eigi hefur tekizt að fá aðra til að takast ferðirnar á hendur, þótt gjörð hafi verið tilraun til þess, hefur það verið tekið til ráðs eptir tillögum landshöfðingja, að skrifa fjelaginu aptur með fyrirspurn um, hvort það vildi vinna það til fyrir þær 18,000 kr., sem það hefur áður fengið úr landssjóði fyrir strandferðirnar, að halda þeim uppi árin 1894 og 1895 samkvæmt áætlunum ferðanna árin 1890 og 1891, sem í öllum verulegum atriðum vel mun mega viðuna, en með eptirfarandi breytingum, sem almenningi mundi þykja mikið til koma, eptir því sem landshöfðingi skýrir frá:

1) að skipið á 10. ferðinni frá Kaupmannahöfn um miðbik septembermánaðar komi við á Seyðisfirði á leið til Reykjavíkur;
2) að skipið komi við á Stykkishólmi á 3. ferðinni bæði á leið frá Kaupmannahöfn og

á heimleiðinni, en á 10. ferðinni aðeins á heimleið, og komi við í Flatey á leið kring um landið í júní (6. ferð), og

3) að skipið komi við á Borðeyri einu sinni á leið frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur og einu sinni á leið frá Reykjavík til Kaupmannahafnar, á þeirri eða þeim ferðum, er bezt ætti við áætlunina.

Gufuskipafjelagið hefur svarað því, að það sje fúst á að halda uppi ferðunum fyrir þá tilgreindu fjárupphæð eptir áætluninni frá 1890 og 1891 og líka uppfylla skilyrðin, er getur um við 1. og 2. lið, en það ræður eindregið frá því, að það sje ákveðið að komið skuli á Borðeyri, vegna þess, að leiðin inn þangað sje ófær nema í albjörtu veðri, og bið eptir því geti varað dögum eða enda vikum saman, hvort sem er á inn- eða útleið, og gæti það raskað allri ferðaráætluninni og haft jafnvel áhrif á fleiri en eina ferð.

Þótt það nú kunni að vera mjög æskilegt einkum fyrir Borðeyrar verzlunarstað sjálfan, að skipið komi þar við, þykir stjórninni þó eigi svo mikið til þessa koma, að það vegi upp á móti þeim annmörkum, sem á því eru, og um er getið, og þykir því rjettast að sleppa Borðeyri úr áætluninni. Strandferða tilboð fjelagsins virðist að öðru leyti viðunandi fyrir það verð, er áskilið er, 18,000 kr. á ári, og er því farið fram á, að þær verði veittar.

Þess skal enn látið við getið, að þar sem komu fram tillögur um það við umræðurnar um fjárlögin á síðasta þingi, að gjört yrði út skip á kostnað landssjóðs til þess að halda strandferðunum uppi, þá verður stjórninni ekki hægt að ganga að slíku fyrirkomulagi. Það væri eigi aðeins í mesta máta varhugavert að stofna landssjóði í aðra eins áhættu og þá, sem slíku fyrirkomulagi hlyti að vera samfara, og sem erfitt myndi að gjöra sjer neina áreiðanlega grein fyrir, en því næst er það, að umboðsstjórn landsins er ekki við því búin að hafa slíka skipaútgjörð á hendi og gæti heldur ekki orðið það nema með tiltölulega of miklum kostnaði, því að til að stjórna slíku fyrirtæki, svo að vel færi, þyrfti ekki lítinn undirbúning og kunnáttu, og mundi þvínæst ganga til þess mikill tími og vinna.

b—f. Þær fjárveitingar til gufubátsferða, er hjer er farið fram á, eru hinar sömu og á hinum gildandi fjárlögum, og skal þess getið, að útlit eru til þess, eptir því sem landshöfðingi hefur skýrt frá, að ferðirnar komist á að minnsta kosti á þremur af þeim stöðum, er um er að ræða.

Við 13. gr.

A. a. Árslaun biskups, er skipaður var 25. maí 1889, eru samkvæmt 8. gr. laga 15. oktbr. 1875 og 1. og 7. gr. laga 9. desbr. 1889: laun 5,000 kr., viðbót fyrir sjálfan hann 2,000 kr.

A. b. 1. Tillögin til prestakalla samkvæmt lögum um skipun prestakalla 27. febr. 1880 og síðari lögum um breyting á þeim nema alls ..... 15,100 kr. » a.

Tillög til 5 brauða, þarsem lögin höfðu enn þá eigi náð gildi 31. desember 1892, eru..... 1,700 kr. » a.

Frá hinum brauðaflokknum má búast við í jarðaafgjöldum o. fl..... 5,227 — 49 —

6,927 — 49 —

Tillögin úr landssjóði eru því sem stendur..... 8,172 kr. 51 a.

En þarsem búast má við, að lögin bæði á þessu ári og eins á fjarhagstímabilinu muni smám saman ná gildi á ýmsum brauðum, þykir mega telja þennan gjaldlið 8,500 kr. fyrra árið og 9,000 kr. síðara árið.

A. b. 2. Ofangreind lög 27. febr. 1880 hafa sem sagt enn eigi öðlazt gildi á 5 brauðum, er eiga heimtingu á tillagi, að upphæð alls..... ..... 1,700 kr.
Viðbótinni við hinn núverandi prest í Grímsey þykir rjett að halda ..... 400 —
Tillag til prestanna í Sauðlauksdal og til Skarðsþinga, sbr. athugasemdirnar við fjárlagafrumvarpið fyrir árin 1892 og 1893..... 500 —
Tillag til Stóruvallaprestakalls, sbr. alþingistíðindin 1891 C. bls. 243..... 200 —

2,800 kr.

En þar eð nauðsyn ber til, að stjórnin hafi fje til umráða til þess að veita fátækum brauðum bráðabirgðarhjálp, ef vatnsflóð, skriður eða þesskonar ber að höndum, skal farið fram á, að veittar verði undir þessum lið alls 3,000 kr. hvort árið.

A. b. 3. Eins og í síðustu fjárlögum.

A. b. 4. Uppbótin til Kvíabekkjar-prestakalls er farið fram á að veitt verði á ný; brauðið er nú veitt, en hlutaðeigandi prestur hefur auðvitað tekið við brauðinu í trausti til þess, að uppbótin verði veitt framvegis.

A. b. 5. Viðbótin við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum, er talin 3,000 kr., eins og vant er. Ástæðan til þess, að hún var hækkuð um 100 kr. árið 1891 (sbr. alþingistíðindi 1891 C. bls. 243), er nú fallin burtu, þar eð hlutaðeigandi uppgjafaprestur nú er dáinn.

A. b. 6. Eins og í síðustu fjárlögum.

B.

I. Prestaskólinn.

a. Útgjöldin í þessari grein liðast í sundur eins og hjer segir:

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Forstöðumaður prestaskólans:			
laun ..... 4,000 kr.			
viðbót fyrir sjálfan hann ..... 600 —			
	4,600.	4,600.	9,200.
Fyrsti kennari við tjeðan skóla:			
laun	2,800.	2,800.	5,600.
Annar kennari við sama skóla:			
laun	2,400.	2,400.	4,800.
samtals...	9,800.	9,800.	19,600.

Launin og viðbótin fyrir forstöðumanninn eru tilfærð samkvæmt lögum 15. oktbr. 1875 13. gr. og lögum 9. desbr. 1889 5. og 7. gr.

b. 1.—7. Gjöldin á þessum liðum eru alveg eins og í fjárlögunum fyrir 1892 og 1893, nema hvað nægilegt hefur þótt eptir tillögum forstöðumannsins og stiptsyfirvaldanna, er landshöfðingi hefur fallizt á, að veita aðeins húsaleigustyrk handa 12 lærisveinum, þar sem hann á núverandi fjárhagstímabili hefur verið veittur handa 20 lærisveinum.

II. Læknaskólinn.

a. Útgjöldin í þessari grein liðast sundur á þennan hátt:

þóknun sú, sem veitt er læknunum í fyrsta læknahjeraði fyrir kennslu á skólanum, nemur samkvæmt lögum 11. febr. 1876	800 kr.
laun hins fasta kennara eru samkvæmt lögum 8. novbr. 1883	2,400 —
og viðbót við laun hans samkvæmt fjárlögum 1886—87	400 —
alls á ári...	3,600 kr.

b. 1—8. Alla þessa gjaldliði er farið fram á að hafa með sömu upphæðum sem á síðustu fjárlögum, nema hvað gjöldin til eldsneytis, ljósa og ræstingar eru talin 50 kr. hærri en vanalegt er fyrir árið 1894, eða 170 kr. Viðvíkjandi þessu skal þess getið, að 120 kr. munu að jafnaði nægja, en að skólinn er í skuld frá fyrri tímum, þá er einar 100 kr. voru veittar til þessa, og hefur þessi skuld orðið greidd með því einu móti, að skólastjóri síðast á hverju ári hefur lagt út fyrirfram það fje, sem kol hafa verið keypt fyrir á haustin. Til þess nú að komast hjá þessum vafningum er farið fram á, að upphæð þessi verði veitt fyrir árið 1894 um fram það, sem vant er að veita.

III. Hinn lærði skóli.

a. laun.

forstjóri hins lærða skóla:		
laun	3,600 kr.	
viðbót fyrir sjálfan hann	600 —	
		4,200 kr.
yfirkennarinn		3,200 —
fyrsti kennari		2,800 —
annar kennari		2,800 —
þriðji kennari		2,400 —
fjórði kennari		2,400 —
fimmti kennari		2,000 —
samtals...		19,800 kr.

Launin og viðbótin fyrir skólastjóra eru talin eptir lögum 15. oktbr. 1875 13. gr. og lögum 9. desbr. 1889 6. og 7. gr.

b. Gjaldliðir þeir, er hjer eru taldir, eru samkvæmir fjárlögum þeim, er nú gilda

c. 1—8. Allir liðirnir eru hinir sömu og á núgildandi fjárlögum.

c. 9, a. og b. Til vísindalegra áhalda við kennslu í náttúrusögu er aðeins farið fram á að veittar verði vanalegar 200 kr. hvort árið; en aptur á móti er þess leitað eptir uppástungu hlutaðeigandi kennara, og tillögum stiptsyfirvalda og landshöfðingja, að fjárveitingin til áhalda við kennslu í eðlisfræði verði hækkuð um 200 kr. upp í 400 kr. hvort árið. Í brjefi kennarans, er þinginu verður gefinn kostur á að kynnast, er sýnt fram á það, að þær 200 kr., sem veittar hafa verið til þessa síðan 1888 — við það bættist eitt árið 300 kr. — hrökkvi hvergi nærri til þess að halda safni þessu í viðunandi ástandi, því að mörg af áhöldunum hafa sumpart við slit og með aldrinum gengið svo af sjer, að óbrúkleg eru orðin við kennsluna, og sumpart er það, að fræðigrein þessi nær æ meiri fullkomnun og það með miklum hraða, og því er nauðsyn á nýjum verkfærum, er ekki voru áður til, og sem eru allsendis nauðsynleg, ef kennslan á að koma að góðum notum. Flest af þeim áhöldum, er vantar, eru mjög dýr, mörg af þeim, og þar á meðal sum hinna allra mest ómissandi enda svo dýr, að meiru nemur fyrir eitt tól aðeins en þeim 200 kr., sem nú eru veittar árlega. Það er með fullum rjetti, að hin mesta áherzla er lögð alstaðar á kennsluna í hinni umræddu fræðigrein, sem nálega ekki er kennd neinstaðar á Íslandi nema við lærða skólann, og það má því þykja í alla staði æskilegt, að fjárveitingin til áhaldakaupa verði, eins og farið er fram á, aukin svo sem nauðsyn er á.

III. c. 10. Eins og á núgildandi fjárlögum.

c. 11. Hinn núverandi fimleikakennari við lærða skólann, sem ekki hefur notið annarar tilsagnar í fræðigrein sinni en þeirrar, er hann naut hjá kennara sínum, þegar hann var í skóla, hefur farið þess á leit og fengið meðmæli stiptsyfirvalda og landshöfðingja, að sjer verði veittur ferðastyrkur til þess að ferðast til Danmerkur til að fá tilsögn í leikfimi og kynnast því, hvernig hún nú er kennd, og áhöldum þeim, sem notuð eru þar og annarsstaðar við kennsluna. Er gjört ráð fyrir, að hann þurfi ekki í þessu skyni að dvelja meir en 3 til 4 mánuði í Kaupmannahöfn, og mestan hluta af tíma þessum einmitt sumarleyfismánuðina, svo að lítið sem ekkert stans þurfi að verða á kennslunni við skólann, og sje nóg að veita 1,000 kr. styrk. Stjórnarráðið verður að álíta það mjög svo æskilegt, að hinar miklu framfarir, sem fimleikakennsla hefur tekið annarsstaðar hin síðari árin, geti komið lærða skólanum til góðs, og skal því mæla með því, að hin tilgreinda upphæð verði veitt.

IV. Gagnfræðaskólinn á Möðruvöllum.

a. laun.

skólastjóri	3,000 kr.	á ári.
fyrsti kennari	2,000 —	—
annar kennari	1,600 —	—
	6,600 kr.	á ári.

Launin eru talin samkvæmt lögum 4. nóvbr. 1881.

b. Önnur gjöld 1—5. Allir eru gjaldliðir þessir eins og tilsvarandi liðir á fjárlögunum fyrir 1892 og 1893, nema hvað farið er fram á að hækka gjöldin í 4. lið (íms útgjöld) með 100 kr. upp í 500 kr. hvort árið, þarsem, eptir því sem skólastjóri á Möðruvöllum hefur skýrt frá, nauðsynlegt verður að útvega nokkuð af sængurfötum, einkum ábreiðum, til skólans í stað annara, er uppslitin eru eða af sjer gengin af elli.

V. Stýrimannaskólinn.

Hjer er allt eins og á núgildandi fjárlögum.

VI. önnur kennsla.

a. til kvennaskóla. Allir gjaldliðir (1—4) eru eins og á fjárlögunum fyrir 1892 og 1893, nema hvað sleppt er þeim 800 kr., sem veittar hafa verið sjerstaklega til kvennaskólans á Ytriey til húsabygginga.

b.—f. eins og á síðustu fjárlögum.

g. Til skólaiðnaðarkennslu er farið fram á, að veitt verði eins og á núgildandi fjárlögum 500 kr. hvort árið.

h. Stjórnarnefnd hins íslenzka kennarafjelags hefur samkvæmt fundarályktun á ársfundi fyrra árs sótt um það til landshöfðingja, að hann hlutist til um, að veitt verði á fjárlögunum árlegur styrkur til útgáfu kennslubóka. Er það tekið fram í bænarskránni, að alls eigi sjeu til kennslubækur á íslenzku í sumum af námsgreinunum, og verði því að notast við danskar, norskar og enda sænskar kennslubækur í þessum greinum, er ekki sje heppilegt fyrir kennsluna, þarsem námið verður með þessu móti mjög erfitt fyrir nemendur, og þvínæst að þær kennslubækur, sem til eru á íslenzku í hinum námsgreinunum, sjeu yfir höfuð úreltar og líka samdar með allt öðrum kröfum fyrir augum, en mörgum af þeim skólum eru gjörðar, er nota verða þessar bækur, af því að aðrar betri bækur vanta. En ekki er til neins að gjöra ráð fyrir, að samdar verði nýjar kennslubækur eða hinar fyrri lagfærðar, nema veittur verði til þess fjárstyrkur, því að þar sem bókmarkaðurinn er svo lítill, og setja yrði hinsvegar mjög lágt verð á bækurnar, svo að jafnvel fátækustu börnin, er þeirra þurfa við, geti keypt sjer þær, mundi naumast sjálfur útgáfukostnaðurinn verða borgaður með söluandvirðinu, hvað þá heldur ritlaun, en ekki er að ætlast til, að nokkur vilji taka að sjer samning bókanna fyrir ekkert, þarsem til hennar þyrfti vandvirkni og mikinn tíma.

Landshöfðingi hefur í þessu efni látið í ljósi, að menn verði að kannast við það, að tilfinnanleg ekla sje á kennslubókum við kennsluna í barna- og alþýðuskólunum, einkum í sögu, landafræði, nátturusögu og eðlisfræði, og sje þetta eitt nóg til þess að gjöra barnaskólunum erfitt fyrir að uppfylla þau skilyrði, er styrkurinn úr landssjóði sje bundinn, og að því væri æskilegt, að stjórnin hefði fje til umráða til þess að styrkja með útgáfu þeirra bóka, er ættu það skilið, og álítur hann 600 kr. á ári hæfilegan styrk, og er hjer farið fram á að fá hann veittan.

VII. Sundkennsla.

a—c. Allir þrír gjaldliðir eru hinir sömu og á núgildandi fjárlögum. Þar sem farið er fram á að endurtaka fjárveitinguna til að gjöra við sundlaugina hjá Laugarnesi fyrir 1894, skal þess getið, að 1892 hefur þegar verið varið til fyrirhleðslu 700 kr., þ. e. 500 kr. úr landssjóði og 200 kr. úr bæjarsjóði Reykjavíkur, en samt mun eigi verða hægt að komast af með minna en sömu upphæð til þess að fullgjöra hana, en fyrr verður ekki hægt að nota laugina til fulls við kennsluna, er einkum kemur skólapiltum að haldi.

C.

Til vísindalegra fyrirtækja og bókmennta.

1. Til landsbókasafnsins.

a.—c. Eins og á fjárlögunum fyrir árin 1892 og 1893.

d. Fyrir bækur o. fl. Eptir tillögum landshöfðingja er stungið uppá, að gjaldliður þessi verði hækkaður um 700 kr., svo að hann verði 2,500 kr. árlega, sakir þess, að upphæð sú, sem veitt hefur verið fyrir núverandi fjárhagstímabil, er allsendis ónóg.

Liðirnir e. og f. eru óbreyttir eins og á núgildandi fjárlögum.

2. Til amtsbókasafnanna.

Þar eð stofnað hefur verið bókasafn fyrir Austuramtið, skal farið fram á, að því, eins og hinum 2 eldri amtsbókasöfnum, verði veittur 200 króna styrkur árlega, og að liður þessi verði því hækkaður um 200 kr. upp í 600 kr. á ári.

3. og 4. liðir eru eins og á núgildandi fjárlögum.

5. Forngripasafnið.

a. og b. Eins og á núverandi fjárhagstímabili.

c. Eptir dauða Sigurðar Vigfússonar var cand. mag. Pálmi Pálsson skipaður umsjónarmaður við forngripasafnið fyrir þá 400 kr. ársþóknun, er veitt er á fjárlögunum til umsjónar við safnið, og hefur hann sent landshöfðingja rökstudda beiðni, er alþingi mun verða gefinn kostur á að kynna sjer, um það, að honum verði veittar 800 kr. árlega, auk endurgjaldsins fyrir umsjónina, til þess að koma betri skipun á safnið, merkja og skrásetja gripi þess. Hann hefur skýrt frá, að til sje prentuð skrá yfir gripi þá, er safnið hefur fengið á árunum 1863—76, og skrifuð skrá yfir gripi þá, sem það hefur fengið á árunum 1882—93, og sje hún þó mjög fáorð um gripina fyrir 5 fyrstu árin, en að engin skrá sje til yfir gripi þá, sem komið hafa til safnsins frá árinu 1876 til ársloka 1881, og ætlar hann, að þeir gripir muni vera á að gizka $^1/_4$ hluti safnsins, en að í því sjeu alls um 4,000 gripir. Aðeins þeir gripir, er safnið hefur eignazt frá byrjun og til miðs árs 1876, hafa verið merktir, en á engan grip, sem safninu hefur bætzt síðan — þá er árið 1892 er undanskilið — hefur nokkru sinni verið sett merki, og flest þau merki, sem sett hafa verið á fyrnefnda gripi, eru nú glötuð eða orðin ólæsileg, og má því varla heita, að nokkur gripur sje merktur. En til þess að halda þeirri reglu á við safnið, er þörf er á, og svo að full not megi hafa af því, og til leiðbeiningar við gripakaup framvegis er það nauðsynlegt að áliti umsjónarmannsins að merkja hvern einasta grip í safninu og að búa til fullkomna skrá yfir þá alla og lýsa hverjum einstökum grip í henni sem bezt, og þá verður og að sjá hverjum grip fyrir stað í herbergjum safnsins, en nú er mikill hluti af þeim hafður í kössum og kistum. Þegar þessu verki er lokið, verður hægur vandi að

velja úr þá gripi, sem merkilegastir eru, og helzt ætti að hafa til sýnis í safninu, og mætti, þá er tímar líða fram, gjöra skrá yfir þá þeim til leiðbeiningar, er skoða vilja safnið, svo sem gjört er við slík söfn í útlöndum.

En það, sem hjer þarf að gjöra, er ekki lítið, og mun maður þurfa að hafa æði langan tíma fyrir sjer til þess, og hefur umsjónarmaðurinn í umsóknarskjali sínu skýrt frá því, hvernig hann hafi hugsað sjer að inna það af hendi. Fyrir vinnu sína og aðstoð þá, er hann þarf með, hefur hann farið þess á flot, að sjer verði veittar 800 kr. árlega umfram hina vanalegu borgun fyrir umsjónina með safninu, og hefur hann jafnframt látið þess getið, að meðan hann verði að vinna að þessu starfi, muni þær 1,000 kr. á ári, sem vant er að veita til rannsóknar fornmenja, að líkindum eigi verða notaðar, þar eð umsjónarmaður safnsins muni eigi geta komizt yfir bæði þessi störf í einu, en að niðurröðun og skrásetning gripanna eigi að sitja í fyrirrúmi fyrir rannsókninni.

Landshöfðingi hefur látið það í ljósi út af umsókn þessari, að hann hafi sjálfur fullvissað sig um það, að ástand safnsins sje eins og umsjónarmaðurinn hefur skýrt frá því, og að nauðsyn beri til að raða öllum gripunum á ný og merkja þá, ef safnið eigi að verða að tilætluðum notum, og að ennfremur verði bæði að semja greiniliga skrá yfir muni þá, er eigi hafa verið skrásettir áður, og stutta skrá yfir alla gripina til afnota fyrir þá, sem skoða vilja safnið. Hann hefur því mælt fastlega fram með því, að farið verði fram á, að Pálma kandidat Pálssýni verði veittur hæfilegur styrkur til þessa, og telur hann mjög hæfan til verksins, og segir að sje mjög annt um safnið. Eptir áliti landshöfðingja má styrkurinn eigi vera minni en 800 kr. árlega.

Samkvæmt því, sem að framan er sagt, skal því farið fram á, að fje þetta verði veitt.

6. Styrkurinn til fyrverandi skólakennara B. Gröndals er farið fram á að veittur verði eins og áður.

7. Styrkur til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni. Að því er snertir breytingu þá á skilyrðunum fyrir útborguninni á styrk þessum, sem stungið er uppá, skal þess getið, er nú segir: þangað til árið 1891, að þessu ári með töldu, hefur verið hægt að borga dr. Jóni Þorkelssyni, sem falið hefur verið að vinna að útgáfunni, allan styrkinn, 600 kr., því að á hverju ári voru gefnar út svo margar — 24 — arkir af verkinu, sem styrkurinn var miðaður við. Á þessu varð síðastliðið ár sú breyting, að Kaupmannahafnar deild hins íslenzka Bókmenntafjelags gjörði ákvörðun þess efnis, að framvegis skyldi fyrst um sinn aðeins gefa út 12 arkir árlega af fornbrjefasafninu. Sakir þessa hefur stjórnarráðið eigi sjeð sjer fært að borga dr. Jóni allt það fje — 1,200 kr. — sem veitt var til útgáfunnar fyrir núverandi fjárhagstímabil, heldur aðeins svo mikið af fjenu, sem samsvarar arkafjölda þeim, er prentaður verður á því, og verði veitingin orðuð framvegis, eins og hingað til hefur verið gjört, verður eigi hægt að borga meira en allt að 300 kr. árlega. Dr. Jón Þorkelsson hefur fært rök að því fyrir ráðaneytinu, að hann sje búinn með svo mikið af verkinu, að ekkert sje því til fyrirstöðu frá hans hálfu, að jafn mikið verði prentað af því framvegis á ári hverju, og áður hefur verið gjört; og hefur hann og sent ráðaneytinu 2 bænarskrár, aðra þess efnis, að honum verði útborgað allt það fje, er veitt hefur verið fyrir yfirstandandi ár, en hina um það, að farið verði fram á, að það verði framvegis eigi gjört að skilyrði fyrir útborgun á styrknum, að tiltekinn arkafjöldi verði prentaður á ári hverju, heldur aðeins, að svo miklu handriti albúnu undir prentun verði skilað árlega, sem samsvari arkafjölda þeim, sem hann er miðaður

við. Þar eð nú ráðaneytinu þykir sanngirni mæla með því, að verkið verði borgað jafnóðum og það er unnið, þótt það verði eigi prentað eins fljótt — en það er eigi á valdi dr. Jóns, hvenær prentunin fer fram — og þar eð landssjóður engan halla bíður við breytinguna, er stungið upp á því í fjáraukalagafrumvarpinu fyrir árin 1892 og 1893, að borga megi allt það fje, sem veitt er á hinum núgildandi fjárlögum fyrir árið 1893, ef skilað verður innan ársloka svo miklu handriti albúnu undir prentun, sem samsvarar arkafjölda þeim, sem það er miðað við, og skal auk þess stungið upp á því hjer, að veitingin verði framvegis orðuð í þá átt, sem sagt er hjer að framan.

8. Styrkur til Þorvaldar skólakennara Thoroddsens til jarðfræðislegra rannsókna o. fl. Þess skal getið, að þær 1,000 kr., sem veittar voru í þessu skyni fyrir árið 1892, hafa eigi verið notaðar, sökum þess, að Þorvaldur skólakennari Thoroddsen, eptir því sem hann hefur skýrt frá í umsóknarskjali sínu til ráðaneytisins, var svo lasburða eptir langvinnan sjúkdom vorið 1892, að hann treystist ekki til þess samsumars að leggja á sig örðugleika þá, sem slíkar ferðir hafa í för með sjer. Hann hefur hins vegar skýrt ráðaneytinu frá því, að hann hafi í hyggju að ferðast um Vesturskaptafellssýslu á yfirstandandi sumri, og auk þess látið þess getið, að þegar ferð þeirri sje lokið, mun hann enn verða að ferðast 4 sumur til þess að ljúka rannsóknunum, eins og hann hafði sett sjer fyrir í byrjuninni; en aðaltilgangurinn með þeim er sá, að fá eðlisfræðislegt, landfræðislegt og jarðfræðislegt yfirlit yfir byggingu landsins og að kynna sjer innri hluta þess, er áður voru lítt kunnir, og erfitt er að komast til. Vonast hann þá eptir að geta gjört fullkominn jarðfræðislegan yfirlitsuppdrátt af öllu landinu, og að fengið verði svo fullkomið yfirlit yfir landið, að því er snertir eðlis- og landfræðisástand þess og staðalýsing, að byggja megi á því framvegis við nákvæmari rannsóknir hinna einstöku hluta landsins. Samkvæmt ofansögðu hefur hann sótt um, að styrkur sá, er honum var veittur fyrir árið 1892, verði færður yfir á árið 1894, og að farið verði fram á, að honum verði veittur sami styrkur fyrir árið 1895.

Þar eð skoða verður styrk þennan sem eðlilegt framhald á styrk þeim, er veittur hefur verið hingaðtil úr landssjóði til fyrirtækisins, og þar eð málið mun vera mikils varðandi til þess að glögg þekking fáist á landinu, er farið fram á það hjer, að veitt verði í þessu skyni hin sama upphæð og á hinum núgildandi fjárlögum.

9. og 10. eru eins og á fjárlögunum fyrir árin 1892 og 1893.

11. - 13. Það þykir og eðlilegt, að styrkveitingar þær, sem hjer er um að ræða, verði veittar aptur, eins og gjört mun hafa verið ráð fyrir.

Að því er snertir styrkinn til cand. mag. Boga Melsteðs skal þess getið, að hann skýrði frá því, um leið og hann sótti um framhald á styrknum fyrir næsta fjárhagstímabil, að annars vegar sje hann búinn að safna verkefni til verzlunarsögu Íslands á þjóðveldistímanum (874—1264), og sje nú að semja hana, og hafi hinsvegar safnað verkefni til sögu landsins á landnáms- og sögualdinni og til ýmsra kafla hennar til loka 13. aldarinnar, einkum rjettarfarssögunnar og stjórnmála sögunnar.

Við 14. gr.

Gjöldin samsvara tekjum þeim, sem taldar eru í 2. lið 5. greinar.

Við 15. gr.

Þessi gjaldliður er talinn eins og á síðustu fjárlögum.

Við 16. gr.

Eins og á síðustu fjárlögum.

Fylgiskjal.

Skrá

yfir

eptirlaun þau til embættismanna og embættismannaekkna og barna, sem hvíla á landssjóði.

		kr. a.
	A. Embættismenn.	
1	Adolph Christian Baumann, sýslumaður í Gullbringu- og Kjósar sýslu	982. 18
2	Árni Gíslason, sýslumaður í Skaptafells sýslu.....	1,686. 16
3	Benidikt Gröndal, kennari við lærða skólann í Reykjavík..... .. kon. úrsk. 13. apr. 1883, stj. br. 1. apr. s. á.; frá 1. maí 1883.	800.
4	Eggert Briem, sýslumaður i Skagafjarðar sýslu ..... kon. úrsk. 31. okt. 1884, stj. br. 31. okt. s. á.; frá 1. ágúst 1884.	2,570. 84
5	Halldór Guðmundsson, kennari við lærða skólann í Reykjavík ..... kon. úrsk. 19. marz 1885.	1,200.
6	Sigurður Melsted, lektor, forstöðumaður prestaskólans i Reykjavík.. kon. úrsk. 14. septbr. 1885.	3,381. 33
7	Jón Pjetursson, justitiarius í landsyfirrjettinum ..... kon. úrsk. 17. apr. 1889.	5,800.
8	Hermann Elias Johnsen, sýslumaður í Rangárvallasýslu ..... kon. úrsk. 29. maí 1890.	2,145. 50
9	Stefán Thorarensen, sýslumaður og bæjarfógeti á Akureyri ..... kon. úrsk. 17. apríl 1891.	2,660.
	alls...	21,226. 01
	B. Embættismanna ekkjur og börn:	
1	Anna María Johnsen, ekkja hjeraðslæknis Eggerts Johnsens kon. úrsk. 20. febr. 1856; fra 1. ágúst 1855..... 69 rd. 36 sk. = 138 kr. 75 a. og eptir fjárlögunum fyrir 1882 og 83 viðbót.. 150 — » — frá 1. jan. 1882.	288. 75
2	Ragnheiður Thorarensen, ekkja sýslumanns V. Thorarensens í Stranda sýslu.....	100. 79
3	Pálína María Balzartína Kohl, ekkja kapteins, sýslumanns Kohls á Vestmannaeyjum.....	246. 22
4	Ingileif Melsteð, ekkja amtmanns Páls Melsteðs.....	509. 56
	flyt...	1,145. 32

		kr. a.
	fluttar...	1,145. 32
5	Clara Margrete Henriette Snæbjörnsson, ekkja sýslumanns Jóns Snæbjörnssonarí Borgarfjarðar sýslu	212. 87
	ennfremur styrkur til húsaleigu á ári	40.
6	Ingibjörg Schulesen, ekkja kammerráðs, sýslumanns S. Schulesens í Þingeyjar sýslu	416. 60
7	Antonía Jósefína Thorarensen, ekkja sýslumanns B. Thorarensens í Dala sýslu	228.
8	Maren Ragnheiður Friðrikka Lárusdóttir, ekkja sýslumanns Jóhannesar Guðmundssonar í Mýra- og Hnappadals sýslu	289. 83
9	Ingibjörg Magnússen, ekkja sýslumanns í Dala sýslu Kristjáns Magnússens	262. 89
10	Ragnheiður Thorarensen, ekkja hjeraðslæknis, kancelliráðs Skúla Thorarensens	273. 33
11	Camilla Tómasson, ekkja hjeraðslæknis þórðar Tómassonar frá 1. desbr. 1873 184 kr. kon. úrsk. 20. júní 1874. viðbót frá sama tíma 13 — stj. br. 18. nóvbr. 1876.	197.
12	Kristjana Havstein, ekkja amtmanns Havsteins kon. úrsk. 12. nóvbr. 1875.	529. 16
13	Hildur Sólveig Bjarnadóttir, ekkja sýslumanns B. M. Magnússonar.	538. 27
14	Louise Emilie Mariane Weywadt, ekkja hjeraðslæknis Weywadts... frá 1. nóvbr. 1881.	81. 25
15	Ragnheiður Kristjánsson, ekkja amtmanns K. Kristjánssonar..... frá 1. júní 1882.	750.
16	Guðrún Guðjohnsen, ekkja organsleikara P. Guðjohnsens..... frá 1. jan. 1880, fjárlögin fyrir 1880 og 1881.	300.
17	Valgerður Ólafsdóttir, ekkja Halldórs Jónssonar, prófasts ..... frá 1. jan. 1884, fjárlögin fyrir 1884 og 1885.	200.
18	Sígríður Blöndal, ekkja sýslumanns Blöndals frá 1. júní 1884.	300. 45
19	Elínborg Thorberg, ekkja landshöfðingja Bergs Thorbergs... frá 1. febr. 1886. Samkv. kon. úrsk. 24. febr. 1886 handa Pjetri syni hennar, fæddum 4. des. 1876 til fullra 18 ára	919. 17 100.
20	Guðrún Birgitta Gísladóttir, ekkja hjeraðslæknis J. S. K. K. Sigurðssonar Johnsens, frá 1. febr. 1887	189. 37
21	Christiane Caroline Bolbroe, ekkja fyrrum hjeraðslæknis Bolbroe á Vestmannaeyjum, frá 1. maí 1888	75.
22	Kristín Skúladóttir, ekkja hjeraðslæknis Boga Pjeturssonar ..... frá 1. jan. 1890. Samkv. kon. úrsk. 9. maí 1890 handa börnum hennar til fullra 18 ára: 1. Skúla, fæddum 15. júní 1881 ..... 2. Pjetri, fæddum 14. desbr. 1882	187. 50 70. 70.
	flyt...	7,376. 91

		kr. a.
	fluttar...	7,376. 01
23	Sígríður Bogadóttir Pjetursson, ekkja biskups P. Pjeturssonar ..... frá 1. júni 1891.	954.
24	Karen Bjarnarson, ekkja sýslumanns Stefáns Bjarnarsonar í Árnessýslu ..... frá 1. ágúst 1891.	405. 96
25	Caroline Rosa Jónassen, ekkja amtmanns E. Th. Jónassens..... frá 1. oktober 1891.	750.
26	Ragnheiður Guðjohnsen, ekkja hjeraðslæknis Einars Guðjohnsens... frá 1. ágúst 1891. Samkv. kon. úrsk. 13. apríl 1892 handa stjúpbörnum hennar og dóttur til fullra 18 ára:	187. 50
	1. Guðrúnu Sigríði fæddri 4. apríl 1878	80.
	2. Pjetri fæddum 24. júni 1879	80.
	3. Stefáni — sama dag	80.
	4. Önnu Ragnheiði, fæddri 18. desember 1881	80.
	5. Sígríði, fæddri 11. júlí 1885.....	80.
27	Oline Marie Christine Vigfússon, ekkja Sigurðar Vigfússonar, eptirlaun sem ekkja sýslumanns J. Árnasonar í Þingeyjarsýslu, er dó árið 1840 ..... frá 9. júli 1892.	40.
	alls...	10,113. 47

C. Uppgjafaprestar,

er eptirlaun þeirra eru greidd úr landssjóði.

1	Þórarinn Erlendsson, fyrv. prestur að Hofi í Álptafirði: frá 6. júní 1882.....	455. 32
2	Jón Thorarensen, fyrv. prestur í Saurbæjarþingum: frá 6. júní 1882 ..... 190 kr. viðbót samkvæmt fjárlögum fyrir 1884 og 1885 .... 50 —	240.
3	Jóhann Briem, fyrv. prestur að Hruna: frá 6. júní 1883.....	423. 38
4	Einar Vernharðsson, fyrv. prestur að Stað í Grunnavík: frá 6. júní 1883.....	370.
5	Benedikt Eiríksson, fyrv. prestur í Efri-Holtaþingum: frá 6. júní 1884.....	370.
6	Þorvaldur Böðvarsson, fyrv. prestur að Saurbæ á Hvalfjarðarströnd: frá 6. júní 1886.....	330. 04
7	Jón Brynjólfsson, fyrv. prestur að Kálfholti: frá 6. júní 1886.....	303. 53
	flyt...	2,492. 27

		kr. a.
	fluttar...	2,492. 27
8	Kjartan Jónsson, fyrv. prestur að Eyvindarhólum: frá 29. júlí 1886	340.
9	Tómas Þorsteinsson, fyrv. prestur að Reynistað: frá 6. júní 1887	380.
10	Jón Reykjalín, fyrv. prestur að þönglabakka: frá 6. júní 1888.....	250.
11	Benedikt Kristjánsson, fyrv. prestur að Múla: frá 6. júní 1890.....	500.
12	Magnús Bergsson, fyrv. prestur til Heydala: frá 6. júní 1890.....	156. 31
13	Jón Hallsson, fyrv. prestur að Glaumbæ: frá 6. júní 1890.....	127. 51
14	Jón Bjarnason, fyrv. prestur í Skarðsþingum: frá 6. júní 1891	350.
15	Ísleifur Einarsson, fyrv. prestur að Stað í Steingrímsfirði: frá 6. júní 1892.....	279. 84
16	Gunnar Ólafsson, fyrv. prestur að Höfða: frá 6. júní 1892.....	260.
	alls...	5,135. 93

D. Prestsekkjur.

	Eptir landsreikningnum fyrir árið 1891 numu eptirlaunin til prestsekkna við árslok	3,742. 89
	Af þeim hafa síðan fallið burtu..... 260 kr. 85 a.	
	en bætzt við ..... 239 — 86 -	
		20. 39
		3,722. 50

E. Samkvæmt 15. gr. fjárlaganna.

	Styrkur til Katrínar þorvaldsdóttur ekkju fyrv. bókavarðar Jóns Árnasonar	300.

Frumvarp

til

laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1890 og 1891.

(Lagt fyrir alþingi 1893.)

	Fjárveiting.	Reikningur.
	kr. a.	kr. a.
I. Tekjur:		
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje	80,000. »	80,768. 39
2. Húsaskattur	8,000. »	8,019.
3. Tekjuskattur	20,000. »	28,129. 75
4. Aukatekjur	44,000. »	47,082. 33
5. Erfðafjárskattur	3,400. »	5,352. 87
6. Gjöld af fasteignasölum	2,600. »	2,857. 61
7. Vitagjald	10,000. »	12,239. 47
8. Gjöld fyrir leyfisbrjef	4,000. »	4,100. 55
9. Útflutningsgjald af fiski og lýsi að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	50,000. »	62,247. 76
10. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	180,000. »	247,150. 44
11. Aðflutningsgjald af tóbaki að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	34,000. »	100,546. 08
12. Tekjur af póstferðum	36,000. »	51,859. 12
13. Óvissar tekjur	6,000. »	5,921. 78
14. Tekjur af fasteignum landssjóðs að frá dregnum umboðskostnaði, prestsmötu, m. m.	56,000. »	61,329. 91
15. Tekjur af kirkjum	700. »	653. 89
16. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs	62,000. »	66,233. 63
Borgað upp í lán, veiting: 51,881 kr. 75 a., reikningur: 85,028 kr. 37 a.		
17. Innborganir frá brauðum samkv. lögum 27. febr. 1880	4,000. »	4,922. 35
18. Endurborganir skyndilána til embættismanna	1,200. »	2,685. 40
19. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000. »	4,116. 21
20. Tillag úr ríkissjóði	159,000. »	159,000. »
21. Aðflutningsgjald af kaffi og sykri að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	.....	251,967. 97
22. Tekjuhalli	150,238 84	
alls...	915,138. 84	1,207,184. 51

	Fjárveiting.	Reikningur.
	kr. a.	kr. a.
II. Gjöld:		
1. Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi	26,800. »	26,800. »
2. Til alþingis og kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna	33,600. »	39,383. 24
3. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzlu og lögreglustjórn m. fl.:		
A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál	52,116. 66	50,273. 86
B. Dómgæzla og lögreglustjórn	171,050. 18	168,147. 10
C. Ýmisleg útgjöld	146,632. »	139,015. 73
4. Til útgjalda við læknaskipunina	98,844. »	97,022. 06
5. Til útgjalda við póststjórnina	65,300. »	75,427. 87
6. Til kirkju- og kennslumála:		
A. Í þarfir andlegu stjettarinnar	50,300. »	47,273. 13
B. Til kennslumálefna	156,796. »	153,888. 64
C. Ýms útgjöld	20,300 »	19,600. »
7. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna bráðabirgða-lána	5,200. »	3,605. 64
8. Eptirlaun og styrktarfje	90,000. »	92,105. 35
9. Til óvissra útgjalda	3,000. »	2,043. 29
10. Útborganir samkvæmt nýjum lögum	.....	44,841. 18
11. Fjáraukaveitingar	12,574. 54	14,568. 12
12. Tekjuafgangur	.....	233,189. 30
alls...	932,513. 38	1,207,184. 51

Eignir viðlagasjóðs voru 31. desember 1897	822,967 kr. 62 aur
Tekjueptirstöðvar landssjóðs 31. desember 1891	30,562 — 87 —
Peningaforði landssjóðs 31. desember 1891	196,826 — 28 —

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið í sama formi og reikningslög þau, er áður hafa verið gefin út, og fylgir því sundurliðað yfirlit, er lið fyrir lið þræðir fjárlögin, og er þar að auki í athugasemdum þeim, er hjer fara á eptir, vísað til þeirra tekju- og gjaldagreina, er í yfirlitinu standa undir samslags tölulið.

Yfirlit

yfir

tekjur og gjöld Íslands á árunum 1890 og 1891.

Tekjur.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:		
a. á ábúð og afnotum jarða	34,000. »	80,768. 39
b. á lausafje	46,000. »	
2. Húsaskattur	8,000. »	8,019. »
3. Tekjuskattur	20,000. »	28,129. 75
4. Aukatekjur	44,000. »	47,082. 33
5. Erfðafjárskattur	3,400. »	5,352. 87
6. Gjöld af fasteignasölum	2,600. »	2,857. 61
7. Vitagjald	10,000. »	12,239. 47
8. Gjöld fyrir leyfisbrjef	4,000. »	4,100. 55
9. Útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	50,000. »	62,247. 76
10. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	180,000. »	247,150. 44
11. Aðflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	34,000. »	100,546. 08
12. Tekjur af póstferðunum	36,000. »	51,859. 12
13. Óvissar tekjur	6,000. »	5,921. 78
14. Afgjöld af jarðeignum landssjóðs, að frá dregnum umboðslaunum, prestsmötu o. fl.	56,000. »	61,329. 91
15. Tekjur af kirkjum	700. »	653. 89
16. Leigur af fje viðlagasjóðs	62,000 »	66,233. 63
borgað upp í lán, fjárveiting: 51,881 kr. 75 aur reikningur: 85,028 — 37 —		
17. Borgað frá brauðum samkvæmt lögum 27. febrúar 1880	4,000. »	4,922. 35
18. Endurborgun á skyndilánum til embættismanna	1,200. »	2,685. 40
19. Endurgjald á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000. »	4,116. 21
20. Tillag úr ríkissjóði:		
Fast tillag	120,000. »	120,000. »
Aukatillag	39,000. »	39,000. »
21. Aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun		251,967. 97
22. Tekjuhalli	150,238. 84	
	915,138. 84	1,207,184. 51

	Gjöld.			Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
1.	Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi			26,800. »	26,800. »
2.	Til kostnaðar við alþingi og við yfirskoðun landsreikninganna			33,600. »	39,383. 24
	A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:				
3.	1. Laun			38,516. 66	36,541. 66
4.	2. Endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.			7,600. »	7,732. 20
5.	3. a. Borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun	5,000 kr.			
	b. Launaviðbót til hins núverandi endurskoðara	1,000 —			
				6,000. »	6,000. »
	B. Dómgæzla og lögreglumál:				
6.	1. Laun:				
	a. til dómara og sýslumanna			141,050. 18	138,711. 86
	b. til hreppstjóra			12,000. »	11,389. »
7.	2. Ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavik			2,800. »	2,800. »
		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.		
8.	3. Til hegningarhússins og fangelsanna:				
	a. laun umsjónarmannsins 1,600 kr. Viðbót til hins núverandi umsjónarmanns.. 400 —	2,000. »	2,000. »		
	þóknun handa dómkirkjuprestinum	200. »	200. »		
	— — lækni	120. »	120. »		
	b. viðurværi handa föngum	2,450. »	2,323. 82		
	miðdagsmatur handa fangaverði	460. »			
	þvottur	60. »	55. 30		
	til eldiviðar og ljósa	1,040. »	1,137. 26		
	útgjöld við bygginguna sjálfa og áhöld	800. »	873. 63		
	til þess að útvega verkefni	1,000. »	257. 16		
	ýmisleg útgjöld	300. »	213. 20		
		8,430. »	7,177. 37		
	flyt...	8,430. »	7,177. 37	268,366. 84	269,357. 96

	Fjárveiting.	Reikningur.	Fjárveiting.	Reikningur.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.
fluttar...	8,430. »	7,177. 37	268,366. 84	269,357. 96
arður af verkum	1,230. »	1,573. 25		
	7,200. »	5,604. 12		
c. kostnaður við viðhald fangelsanna	200. »	185. 06		
d. til þess að ljúka við fangelsi á Eyrarbakka	200. »	200. »		
			7,800. »	5,989. 18
9. 4. Önnur útgjöld:				
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn .	3,200. »	2,766. 67		
b. laun sendiboðans við yfirrjettinn .	100. »	100. »		
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum.	80. »	81. 62		
d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl.	120. »	115. 85		
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál	3,000. »	4,500. 48		
f. kostnaður við gjafsóknarmál	600. »	1,488. 07		
g. til útgafu á dómasafni	300. »	204. 37		
			7,400. »	9,257. 06
C. Ýmisleg útgjöld:				
10. 1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:				
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.	600. »	600. »		
b. til pappírs og prentunar	3,182. »	3,663. 74		
c. til kostnaðar við sending með póstum	300. »	530. »		
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri	1,200. »	1,020. »		
			5,282. »	5,813. 74
11. 2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef			2,400. »	3,846. 84
12. 3. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar			3,200. »	2,340. 64
		flyt...	294,448. 84	296,605. 42

	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
fluttar.....			294,448. 84	296,605. 42
13. 4. styrkur til eflingar búnaði:				
a. til búnaðarskóla:				
Fjárveiting. kr.	Reikningur. kr.			
1. til skólans í Ólafsdal .... 5,000.	5,000.			
2. til skólans á Hólum ..... 7,000.	7,000.			
3. til skólans á Eyðum ..... 4,000.	4,000.			
4. til skólans á Hvanneyri .. 4,000.	4,000.			
		20,000. » 20,000. »		
b. til búnaðarfjelaga.....		16,000. » 16,060. 40		
c. styrkur til Hermanns Jónassonar til þess að gefa út búnaðarrit.		480. » 380. »		
d. styrkur til sjera Odds Gíslasonar til þess að halda áfram að leiðbeina í ýmsu, sem lýtur að sjósóknum og fiskiveiðum.....		600. » 600. »		
			37,080. »	37,040. 40
14. 5. til vegabóta:				
a. til að útvega vegfróðan mann frá útlöndum		3,000. » 1,476. 44		
b. til að bæta vegi á aðalpóstleiðum		32,000. » 32,320. 72		
c. til fjallvega..... ..		5,000. » 7,609. 96		
			40,000. »	41,407. 12
15. 6. a. til gufuskipaferða, slíkra sem nú eru.....		18,000. »		
b. til aukinna strandferða		18,000. »		
		36,000. »		
c. styrkur til Ísfirðinga til að halda uppi gufubátsferðum á Vestfjörðum		6,000. » 3,000. »		
flyt...		42,000. » 39,000. »	371,528. 84	375,052. 94

		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
	fluttar...	42,000. »	39,000. »	371,528. 84	375,052. 94
	d. til umráða landshöfðingja til að styrkja innlent gufuskipsfjelag, síðara árið	7,000. »		49,000. »	39,000. »
16. 7.	til vitans á Reykjanesi:				
	a. til launa vitamannsins.....	2,400. »	2,400. »		
	b. til eptirlits með vitanum	120. »	54. »		
	c. til að kaupa olíu.....	2,400. »	1,658. 85		
	d. — — lampakveiki o. fl.	300. »	231. 24		
	e. — — steinkol.....	240. »	244. 65		
	f. til viðurhalds á húsum og áhöldum	400. »	1,022. 67		
	g. eptirgjald eptir lóðina.....	60. »	90. »	5,920. »	5,701. 41
17. 8.	Til vörðuvita			1,000. »	808. 13
18. 9.	Til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landssjóði.....			2,000. »	2,307. 45
19. 10.	Til að leggja járnþak á Prestbakkakirkju			750. »	750. »
	Útgjöld við læknaskipunina:				
20. 1.	Laun.....			79,196. »	79,071. »
21. 2.	Styrkur til 6 aukalækna:				
	a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu.				
	b. til læknis í Seyðisfirði, Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði.				
	c. til læknis á Skipaskaga á Akranesi með 6 syðstu hreppum í Borgarfjarðarsýslu.				
	d. til læknis í Dyrhólahreppi og eystri og vestri Eyjafjallahreppi.				
	e. til læknis í Dýrafirði, Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði,				
	f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá, — 1000 kr. til hvers, hvort árið um sig			12,000. »	11,000. »
		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.		
22. 3.	Önnur útgjöld:				
	a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík	2,400. »	2,400. »		
	b. styrkur til sjúkrahússins á Akureyri	800. »	800. »		
	flyt...	3,200. »	3,200. »	521,394. 84	513,690. 93

		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
	fluttar...	3,200. »	3,200. »	521,394. 84	513,690. 93
	c. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa.....	48. »	48. »		
	d. til náms yfirsetukvenna.....	4,000. »	2,860. 70		
	e. til verkfæra handa yfirsetukonum	400. »	842. 36		
				7,648. »	6,951. 06
	Útgjöld við póststjórnina:				
23.	1. Laun:				
	a. handa póstmeistaranum.....	4,800. »	4,800. »		
	b. — póstafgreiðslumönnum .	8,000. »	7,921. 50		
	c. — brjefhirðingarmönnum .	3,500. »	3,789. 58		
				16,600. »	16,511. 08
24.	2. Póstflutningur			44,000. »	52,717. 07
25.	3. Önnur útgjöld:				
	a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans.....	2,000. »	2,000. »		
	b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningi 1 ‰.....	400. »	758. 51		
	c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama.....	400. »	341. 70		
	d. fyrir prentun á ýmsu	400. »	1,657. 82		
	e. til áhalda	1,000. »	1,279. 19		
	f. 1 brjefberi í Reykjavík.....	100. »	100. »		
	g. óviss útgjöld	400. »	62. 50		
				4,700. »	6,199. 72
	Útgjöld til kirkju- og kennslumála.				
	A. Í þarfir andlegu stjettarinnar:				
26.	a. laun			14,000. »	14,000.
	b. önnur útgjöld:				
27.	1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.			21,000. »	18,033. 44
28.	2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum			4,500. »	4,850. »
29.	3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti			1,200. »	1,271. 30
30.	4. bráðabirgðaruppbót á Gufudalsprestakalli í Barðastranda prófastsdæmi til húsabygginga á staðnum .			600. »	600. »
31.	5. bráðabirgðaruppbót á Kvíabekkjar prestakalli í Eyjafjarðar prófastsdæmi			400. »	
32.	6. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestaekkjur fá samkvæmt lögum			6,000. »	6,000. »
			flyt...	642,042. 84	640,824. 60

			Fjárveiting.	Reikningur.
			kr. a.	kr. a.
		fluttar...	642,042. 84	640,824. 60
33.	7. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað...		2,000. »	2,000. »
34.	8. uppbót handa núverandi presti Hólmabrauðs í Suðurmúla prófastsdæmi fyrir tekjumissi samkv. lögum 19. febr. 1886 16. gr.		600. »	518. 39
	B. Kennslumálefni:			
	I. Til prestaskólans:			
35. a.	laun		19,600. »	19,600. »
		Fjárveiting. kr. a. / Reikningur. kr. a.		
36. b.	önnur útgjöld:			
	1. húsaleigustyrkur handa 20 lærisveinum, 80 kr. handa hverjum	3,200. » / 2,400. »		
	2. 3 ölmusur	1,200. » / 1,200. »		
	3. til tímakennslu	200. » / 200. »		
	4. til bókakaupa	600. » / 600. »		
	5. til eldiviðar og ljósa	200. » / 200. »		
	6. til umsjónar	200. » / 200. »		
	7. ýmisleg útgjöld	400. » / 340. 60		
			6,000. »	5,140. 60
	II. Til læknaskólans:			
37. a.	laun		7,200. »	7,200. »
38. b.	önnur útgjöld:			
	1. 2 ölmusur, 200 kr. hvor....	800. » / 800. »		
	2. eldiviður, ljós og ræsting....	240. » / 246. »		
	3. til bókakaupa og verkfæra...	600. » / 600. »		
	4. ferðastyrkur handa læknaefnum	600. » / 1,200. »		
	5. húsaleiga handa 6 lærisveinum	960. » / 960. »		
	6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði	200. » / 200. »		
	7. til umbúða og annara útgjalda við ókeypis »klinik«	400. » / 400. »		
	8. ýmisleg útgjöld	200. » / 170. 25		
			4,000. »	4,576. 25
		flyt...	681,442. 84	679,859. 84

		Fjárveiting.		Reikningur.	
		kr.	a.	kr.	a.
	fluttar...	681,442.	84	679,859.	84
	III. Til hins lærða skóla:				
39. a.	laun	39,600.	»	39,600.	»
40. b.	aðstoðarfje:				
		Fjárveiting.		Reikningur.	
		kr.	a.	kr.	a.
	1. handa Páli Melsteð sem kennara í sögu	3,600.	»	3,600.	»
	2. handa söngkennaranum	1,200.	»	1,200.	»
	3. handa fimleikakennaranum ...	1,400.	»	1,400.	»
	4. handa dyraverði	2,000.	»	2,000.	»
	5. til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans..	600.	»	600.	»
		8,800.	»	8,800.	»
41. c.	önnur útgjöld:				
	1. til bókasafns skólans.....	1,200.	»	1,200.	»
	2. til eldiviðar og ljósa.....	2,000.	»	1,882.	13
	3. til skólahússins utan og innan	2,000.	»	2,000.	11
	4. til tímakennslu.....	2,200.	»	2,947.	80
	5. ölmusur.....	12,500.	»	12,500.	»
	6. þóknun handa lækni	200.	»	200.	»
	7. ýmisleg útgjöld	2,000.	»	1,970.	31
	8. fyrir prestsverk.....	96.	»	96.	»
	9. til vísindalegra áhalda	800.	»	800.	»
	10. til að gefa út vísindalegt rit, er fylgi skólaskýrslunni	600.	»	600.	80
	11. til að gefa út þýzka málmyndalýsing endurbætta á íslenzku	200.	»		
		23,796.	»	24,197.	15
	IV. Til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:				
42. a.	laun	13,200.	»	13,200.	»
43. b.	önnur útgjöld:				
	1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna	800.	»	797.	65
	2. til eldiviðar og ljósa	1,000.	»	996.	10
	3. til skólahússins utan og innan.	400.	»	320.	64
	4. ýmisleg útgjöld	800.	»	770.	25
	5. til styrkveitingar námspiltum	1,000.	»	1,000.	»
		4,000.	»	3,884.	64
	flyt...	770,838.	84	769,541.	63

		Fjárveiting.		Reikningur.	
		kr.	a.	kr.	a.
	fluttar...	770,838.	84	769,541.	63
	V. Til annarar kennslu:				
		Fjárveiting.		Reikningur.	
		kr.	a.	kr	a.
44.	a. til kvennaskóla:				
	1. til kvennaskólans í Reykjavík	3,000.	»	3,000.	»
	2. — — á Ytriey ..	2,000.	»	2,000.	»
	3. — — á Laugalandi	2,000.	»	2,000.	»
	4. til kvennaskólanna á Ytriey og Laugalandi	2,800.	»	2,800.	»
		9,800.	»	9,800.	»
45.	b. 1. til barnaskóla í sjóþorpum og kauptúnum öðrum en kaupstöðum	5,000.	»	5,040.	»
46.	2. til sveitakennara, allt að 50 kr. til hvers	5,000.	»	4,530.	»
47.	c. 1. til gagnfræða og alþýðuskólans í Flensborg	5,000.	»	5,000.	»
48.	2. til áhaldakaupa við heimavist.....	200.	»	200.	»
49.	d. til kennara í organslætti og sönglist, og til organsleikara við dómkirkjuna í Reykjavík.....	2,000.	»	2,000.	»
		Fjárveiting.		Reikningur.	
		kr.	a.	kr.	a.
50.	e. Til kennslu í stýrimannafræði:				
	1. til kennslu og húsnæðis í Reykjavík	1,600.	»	1,120.	»
	2. til kennslu annarstaðar.....	2,000.	»		
		3,600.	»	1,120.	»
	C. Ýmisleg útgjöld:				
51.	1. Til landsbókasafnsins og fyrir umsjón með alþingishúsinu milli þinga:				
	a. laun bókavarðar.....	2,000.	»	2,000.	»
	b. til að aðstoða bókavörð við útlán og niðurröðun bóka og við samningu á skrá yfir handrit og bækur	1,400.	»	1,400.	»
	c. fyrir að hafa umsjón með alþingishúsinu og áhöldum í því milli þinga	200.	»	200.	»
	flyt...	3,600.	»	3,600.	»
		801,438.	84	797,231.	63

		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
	fluttar...	3,600. »	3,600. »	801,438. 84	797,231. 63
	d. til bóka, handrita, bókbands og prentunar á ritaukaskrá ..	2,400. »	2,400. »		
	e. til eldiviðar og áhalda m. m.	800. »	800. »		
	f. brunabótagjald fyrir safnið ..	500. »	400. »		
				7,300. »	7,200. »
52.	2. til amtsbókasafnanna á Akureyri og Stykkishólmi			800. »	800. »
53.	3. til deildar hins íslenzka bókmenntafjelags í Reykjavík			2,000. »	2,000. »
54.	4. til þjóðvinafjelagsins			800. »	800. »
		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.		
55.	5. til forngripasafnsins:				
	a. til forngripakaupa og áhalda.	2,000. »	2,000. »		
	b. til umsjónar.....	400. »	400. »		
	c. til Sigurðar Vigfússonar til rannsóknar fornmenja.....	2,000. »	2,000. »		
				4,400.	4,400. »
56.	6. til fornleifafjelagsins			600. »	
57.	7. til hins íslenzka náttúrufræðisfjelags til að koma á fót náttúrugripasafni handa almenningi			800. »	800. »
58.	8. Styrkur til kennara Benidikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda 600 kr. á ári og til efna og áhalda til að geyma náttúrugripi, 200 kr. hvort árið			1,600. »	1,600. »
59.	9. til að vinna að textaútgáfu á íslenzku fornbrjefasafni 25 kr. fyrir örkina, allt að 600 kr. hvort árið.....			1,200. »	1,200. »
60.	10. styrkur til hins fyrirhugaða kennara við stýrimannaskólann til að búa sig erlendis undir stöðu sína			800. »	800. »
	flyt...			821,738. 84	816,831. 63

	Fjárveiting.	Reikningur.
	kr. a.	kr. a.
fluttar...	821,738. 84	816,831. 63
61. til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna	5,200. »	3,605. 64
62. til eptirlauna og styrktarfjár o. fl.	90,000. »	92,105. 35
63. Til óvissra útgjalda	3,000. »	2,043. 29
64. Útgjöld samkvæmt nýjum lögum	.....	44,841. 18
65. Gjöld samkvæmt fjáraukalögum	12,574. 54	14,568. 12
66. Tekjuafgangur	.....	233,189. 30
alls...	932,513. 38	1,207,184. 51

Athugasemdir

við

yfirlit yfir tekjur og gjöld á árunum 1890 og 1891.

Tekjur:

1. Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje, sbr. fjárlögin 2. gr. 1.
   a. á ábúð og afnotum jarða.
   b. á lausafje.

Þessar tekjur hafa numið eptir reikningnum 1890:

a.	18,051 kr. 13 a.	
b.	22,992 — 61 —	
		41,043 kr. 74 a.

og eptir reikningnum 1891:

a.	18,992 kr. 30 a.	
b.	26,273 — 26 —	
		45,265 — 56 —
Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum		3,163 — 18 —
	alls...	89,472 kr. 48 a.

Af þessu er borgað:

1890	36,877 kr. 07 a.	
1891	43,891 — 32 —	
		80,768 — 39 —
	Tekjueptirstöðvar...	8,704 kr. 09 a.

2. Húsaskattur, sbr. fjárlögin 2. gr. 2.

Tekjur þessar hafa numið:

eptir reikningnum 1890	3,922 kr. 75 a.	
— — 1891	4,141 — 25 —	
Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum	355 — » —	
		8,419 kr. » a.

Af þessu er borgað:

1890	4,277 kr. 75 a.	
1891	3,741 — 25 —	
		8,019 — » —
	Tekjueptirstöðvar...	400 kr. » a.

3.	Tekjuskattur, sbr. fjárlögin 2. gr. 3.		
	Þessar tekjur hafa numið:		
	eptir reikningnum 1890.....	14,366 kr. 75 a.	
	— — 1891.....	13,261 — 75 —	
	Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum.....	1,250 — 25 —	
	alls...		28,878 kr. 75 a.
	Af þessu er borgað:		
	1890	14,435 kr. 50 a.	
	1891	13,694 — 25 —	
			28,129 — 75 —
		Tekjueptirstöðvar...	749 kr. » a.
4.	Aukatekjur, sbr. fjárlögin 2. gr. 4.		
	hafa numið:		
	eptir reikningnum 1890.....	24,038 kr. 57 a.	
	— — 1891.....	23,401 — 79 —	
	Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum.....	476 — 95 —	
	alls...		47,917 kr. 31 a.
	Af þessu er borgað:		
	1890	24,152 kr. 02 a.	
	1891	22,930 — 31 —	
			47,082 — 33 —
		Tekjueptirstöðvar...	834 kr. 98 a.
5.	Erfðafjárskattur, sbr. fjárlögin 2. gr. 5.		
	hefur numið:		
	eptir reikningnum 1890.....	2,920 kr. 30 a.	
	— — 1891.....	2,432 — 57 —	
			5,352 kr. 87 a.
	Af þessu er borgað:		
	1890	2,901 kr. 15 a.	
	1891	2,451 — 72 —	
			5,352 — 87 —
6.	Gjöld af fasteignasölum, sbr. fjárlögin 2. gr. 6.		
	hafa eptir reikningnum numið:		
	1890	1,368 kr. 90 a.	
	1891	1,488 — 71 —	
	alls...		2,857 kr. 61 a.
	Af þessu er borgað 1890.....	1,368 kr. 90 a.	
	og 1891.....	1,488 — 71 —	
			2,857 — 61 —
7.	Vitagjald, sbr. fjárl. 2. gr. 7.		
	hefur eptir reikningnum numið:		
	1890	6,602 kr. 40 a.	
	1891	5,497 — 07 —	
	Tekjueptirstöðvar frá fyrri árum.....	140 — » —	
	alls...		12,239 kr. 47 a.
	Af þessu er borgað 1890.....	6,635 kr. 45 a.	
	og 1891.....	5,604 — 02 —	
			12,239 — 47 -

8. Gjöld fyrir leyfisbrjef, sbr. fjárl. 2. gr. 8.

hafa eptir reikn. numið 1890.....	2,348 kr. 89 a.	
— — — 1891.....	1,751 — 66 —	
alls..		4,100 kr. 55 a.
Hjeraf borgað 1890.....	2,348 kr. 89 a.	
og 1891.....	1,751 — 66 —	
		4,100 — 55 —

9. Útflutningsgjald af fiski og lýsi, að frádregnum 2 % í innheimtulaun sbr. fjárl. 2. gr. 9

hefur eptir reikn. numið 1890.....	29,509 kr. 55 a.	
og 1891.....	34,075 — 89 —	
fyrri ára eptirstöðvar.....	2,535 — 01 —	
alls...		66,120 kr. 45 a.
Hjeraf borgað 1890.....	28,343 kr. 43 a.	
1891.....	33,904 — 33 —	
		62,247 — 76 —
	Tekjueptirstöðvar...	3,872 kr. 69 a.

10. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum að frádregnum 2 % í innheimtulaun, sbr. fl. 2. gr. 10.

hefur eptir reikn. numið 1890.....	118,213 kr. 70 a.	
og eptir reikn. 1891.....	128,664 — 97 —	
fyrri ára eptirstöðvar.....	3,914 — 37 —	
		250,793 kr. 04 a.
Hjeraf borgað 1890.....	117,074 kr. 97 a.	
1891.....	130,075 — 47 —	
		247,150 — 44 —
	Tekjueptirstöðvar...	3,642 kr. 60 a.

11. Aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2 % í innheimtulaun, smbr. fjárl. 2. gr. 11.

hefur eptir reikn. numið 1890.....	43,824 kr. 34 a.	
1891.....	56,801 — 41 —	
fyrri ára eptirstöðvar	949 — 37 —	
		101,575 kr. 12 a.
Hjeraf borgað 1890.....	44,419 kr. 53 a.	
1891	56,126 — 55 —	
		100,546 — 08 —
		1,029 kr. 04 a.
þegar hjer frá dragast samkv. aths. á fylgiskjali 11 við reikninginn fyrir 1891		323 — 95 —
	verða tekjueptirstöðvar...	705 kr. 09 a.

12. Tekjur af póstferðum, sbr. fl. 2. gr., 12,

hafa eptir reikn. numið 1890		30,025 kr. 13 a.
1891		21,834 — • —
alls...		51,859 kr. 13 a.

13. Óvissar tekjur, sbr. fl. 2. gr., 13

hafa eptir reikningnum numið 1890....	3,962 kr. 76 a.	
og 1891....	1,959 — 02 —	
		5,921 kr. 78 a.
Af þessu er borgað 1890.....	3,943 kr. 61 a.	
og 1891.....	1,978 — 17 —	
		5,921 — 78 —

14. Tekjur af fasteignum landssjóðs, sbr. 3. gr. fjárl. 1,

hafa eptir reikningnum numið 1890.....	38,690 kr. 99 a.		
gjöldin voru það árið.....	10,506 — 70 —		
		28,184 kr. 29 a.	
og eptir reikningnum 1891.....	39,876 kr. 94 a.		
gjöldin voru það árið.....	11,643 — 87 —		
		28,233 — 07 —	
fyrri ára tekjueptirstöðvar.....		13,171 — 85 —	
			69,589 kr. 21 a.
Af þessu er borgað 1890.....		31,084 kr. 88 a.	
og 1891.....		30,245 — 03 —	
			61,329 — 91 —
			8,259 kr. 30 a.
Þegar hjer frá dragast samkv. athgr. 3 b og c á fylgiskjali 14 við reikninginn 1891 203 kr. 31 a + 1,485 kr. 54 a.			1,688 — 85 —
verða tekjueptirstöðvar...			6,570 kr. 45 a.

15. Tekjur af kirkjum, sbr. fl. 3. gr. 2,

hafa eptir reikn. numið 1890	316 kr. 80 a.	
1891	347 — 95 —	
		664 kr. 75 a.
Af þessu er borgað 1890.....	225 kr. 56 a.	
1891.....	428 — 33 —	
		653 — 89 —
Tekjueptirstöðvar...		10 kr. 86 a.

16. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs, sbr. fjárl. 4. gr.,

hafa eptir reikningi 1890, sbr. ath. á fylgiskjali 16 við reikninginn fyrir 1891 numið 33,866 kr. 24 a. ÷ 100 kr.....	33,766 kr. 29 a.	
og eptir reikningnum 1891..	32,451 — 99 -	
fyrri ára eptirstöðvar.....	430 — 64 -	
		66,648 kr. 87 a.
Hjer af er borgað 1890, sbr. áðurnefnda áthugagr.....	33,627 kr. 38 k.	
1891	32,606 — 25 -	
		66,233 — 63 -
	Tekjueptirstöðvar...	415 kr. 24 a.
Uppí lán er borgað 1890, sbr. áðurnefnda áthugagr. á fylgiskjali við reikninginn 1891.....		48,163 kr. 54 a.
1891		36,864 — 83 -
	alls...	85,028 kr. 37 a.

17. Innborganir frá brauðum, samkv. lögum 27. febr. 1880, sbr. fl. 5. gr. 1

hafa numið eptir reikn. 1890	2,328 kr. 28 a.	
1891	2,667 — 92 -	
fyrir ára eptirstöðvar	1,576 — 48 -	
		6,572 kr. 68 a.
Hjeraf borgað 1890.....	1,846 kr. 90 a.	
1891.....	3,075 — 45 -	
		4,922 — 35 -
	Tekjueptirstöðvar...	1,650 kr. 33 a.

18. Endurborgun skyndilána til embættismanna, sbr. fjárl. 5. gr., 2,

hefur eptir reikn. numið 1890.....	1,540 kr. 62 a.
1891.....	1,144 — 78 -
alls...	2,685 kr. 40 a.

19. Endurborgun á öðrum fyrirframgreiðslum, sbr. fl. 5. gr., 3,

hefur numið eptir reikn. 1890		705 kr. 82 a.
1891		3,410 — 39 -
		4,116 kr. 21 a.

20. Tillag úr ríkissjóði, sbr. fl. 6. gr.

hefur numið samkv. lögum 2. janúar 1871:

1890:	fast tillag	60,000 kr. » a.	
	aukatillag.....	20,500 — » -	
			80,500 kr. » a.
1891:	fast tillag	60,000 kr. » a.	
	aukatillag	18,500 — » -	
			78,500 — » -
		alls...	159,000 kr. » a.

21. Aðflutningsgjald á kaffi og sykri að frádregnum 2 % í innheimtulaun, sbr. lög 9. ágúst 1889 hefur numið:

eptir reikningnum 1890.....	120,276 kr. 58 a.	
— — 1891.....	132,481 — 57 -	
fyrri ára eptirstöðvar	2,217 — 36 -	
		254,975 kr. 51 a.
Hjeraf borgað 1890.....	118,761 kr. 60 a.	
1891.....	133,206 — 37 -	
		251,967 — 97 -
	Tekjueptirstöðvar...	3,007 kr. 54 a.

II. Gjöld.

1. Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi, sbr. fjári. 8. gr.

voru borgaðar 1890.....	12,400 kr. » a.
1891.....	14,400 — » -
alls...	26,800 kr. » a.

2. Til alþingis og yfirskoðunar landsreikninganna, sbr. fjárl. 9. gr.

voru borgaðar 1890.....	1,729 kr. 90 a.
1891.....	37,653 — 34 -
	39,383 kr. 24 a.

2—5. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál, sbr. fjárl. 10. gr. A. 1—3.

Gjöldin hafa hjer verið:

		1890. kr. a.	1891. kr. a.	alls. kr. a.
3. A. 1.	Laun	18,580. »	17,961. 66	36,541. 66
4. A. 2.	Endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.	3,850. 55	3,881. 68	7,732. 20

		1890. kr. a.	1891. kr. a.		
5. A. 3. a.	Borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun	2,500. »	2,600. »		
b.	viðbót fyrir hinn núverandi endurskoðara	500. »	500. »		
				3,000. »	3,000. » 6,000. »
					alls... 50,273. 86

6—9. Dómgæzla og lögreglustjórn, sbr. fl. 10. gr. B. 1—4.

Gjöldin hafa hjer orðið:

		1890. kr. a.	1891. kr. a.	alls. kr. a.
6. B. 1.	laun:			
	a. til dómara og sýslumanna	69,074. 57	69,637. 29	138,711. 86
	b. til hreppstjóra	5.682. »	5,707. »	11,389. »
7. B. 2.	Ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík	1,400. »	1,400. »	2,800. »

8. B. 3. til hegningarhússins og fangelsanna:

		1890. kr. a.	1891. kr. a.	
	a. laun umsjónarmannsins.. 800 kr. viðbót við hinn núverandi umsjónarmann..... 200 —	1,000.	1,000.	
	þóknun handa dómkirkjuprestinum..	100. »	100. »	
	þóknun handa lækni	60. »	60. »	
	flyt...	1,160. »	1,160. »	152,900. 86

	1890. kr. a.	1891. kr. a.	1890. kr. a.	1891. kr. a.	alls. kr. a.
fluttar...	1,160.	1,160.			152,900. 86
b. viðurværi handa föngum.....	1,407. 96	915. 86			
miðdagsmatur handa fangaverði					
þvottur	30. 60	24. 70			
til eldiviðar og ljósa	595. 23	539. 03			
útgjöld við bygginguna sjálfa og áhöld	561. 44	312. 19			
til þess að útvega verkefni	173. 99	83. 17			
ýmisleg útgjöld...	114. 18	99. 02			
	4,043. 40	3,133. 97			
arður af verkum..	770. 25	803. »			
	3,273. 15	2,330. 97			
kostnaður við viðhald fangelsanna	22. 52	162. 54			
til að fullgjöra fangaklefa á Eyrarbakka.....	200. »				
			3 495. 67	2,493. 51	5,989. 18

9. B. 4. Önnur útgjöld:

a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn ...	1,466. 67	1,300.			
b. laun sendiboðans við yfirrjettinn ...	50. »	50. »			
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum ...	34. »	47. 62			
d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum og fleira.....	67. 85	48. »			
flyt...	1,618. 52	1,445. 62			158,890. 04

	1890. kr. a.	1891. kr. a.	1890. kr. a.	1891. kr. a.	alls. kr. a.
fluttar...	1,618. 52	1,445. 62			158,890. 04
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál	3,034. 47	1,466. 01			
f. kostnaður við gjafsóknarmál	721. 07	767. »			
g. til að gefa út dómasafn	105. »	99. 37			
			5,479. 06	3,778. »	9,257. 06
				alls...	168,147. 10

10—19. Ýmisleg útgjöld, smbr. fjárl. 10. gr. C. 1—10.

10. C. 1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:

	1890. kr. a.	1891. kr. a.	1890. kr. a.	1891. kr. a.	alls. kr. a.
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna	300. »	300. »			
b. til pappírs og prentunar.....	1,803. 14	1,806. 60			
c. til kostnaðar við sending með póstum	312. 80	217. 20			
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri	420. »	600. »			
			2,835. 94	2,977. 80	5,813. 74
11. C. 2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef.....			1,746. 37	2,100. 47	3,846. 84
12. C. 3. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar.....			1,170. 46	1,170. 18	2,340. 64

13. C. 4. styrkur til eflingar búnaði:

	1890. kr.	1891. kr.	1890. kr.	1891. kr.
a. til búnaðarskóla:				
1. til skólans i Ólafsdal ..	2,500.	2,500.		
2. til skólans á Hólum....	3,500.	3,500.		
3. til skólans á Eyðum ...	2,000.	2,000.		
4. til skólans á Hvanneyri.	2,000.	2,000.		
		10,000.	10,000.	
flyt...		10,000.	10,000.	5,752. 77	6,248. 45	12,001. 22

	1890. kr. a.	1891. kr. a.	1890. kr. a.	1891. kr. a.	alls. kr. a.
fluttar...	10,000. »	10,000. »	5,752. 77	6,248. 45	12,001. 22
b. til búnaðarfjelaga.	8,009. 50	8,050. 90			
c. styrkur til Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit	240. »	140. »			
d. styrkur til sjera Odds Gíslasonar til þess að halda áfram að leiðbeina í ýmsu, sem lýtur að sjósóknum og fiskiveiðum	300. »	300. »			
			18,549. 50	18,490. 90	37,040. 40
14. C. 5. til vegabóta:					
a. til að útvega vegfróðan mann frá útlöndum	»	1,476. 44			
b. til að bæta vegi á aðalpóstleiðum....	14,386. 38	17,934. 34			
c. til fjallvega	7,609. 96	»			
			21,996. 34	19,410. 78	48,407. 12
15. C. 6. a. til gufuskipaferða, slíkra sem nú eru b. til aukinna strandferða.....	18,000. »	18,000. »			
c. styrkur til Ísfirðinga til að halda uppi gufubátsferðum á Vestfjörðum.....	3,000. »	»			
d. til umráða landshöfðingja til að styrkja innlent gufuskipafjelag, síðara árið.....	»	»			
			21,000. »	18,000. »	39,000. »
15. C. 7. til vitans á Reykjanesi:					
a. til launa vitavarðarins	1,200. »	1,200. »			
flyt...	1,200. »	1,200. »			129,448. 74

	1890. kr. a.	1891. kr. a.	1890. kr. a.	1891. kr. a.	alls. kr. a.
fluttar...	1,200. »	1,200. »			129,448. 74
b. til eptirlits með vitanum	40. »	14. »			
c. til að kaupa olíu..	802. 60	856. 25			
d. til að kaupa lampakveiki o. fl.....	74. 40	156. 84			
e. til að kaupa steinkol	133. 25	111. 40			
f. til viðurhalds á húsum og áhöldum	864. 50	158. 17			
g. eptirgjald eptir lóðina	60. »	30. »			
			3,174. 75	2,526. 66	5,701. 41
Af gjöldum þessum er í fjáraukalaga frumvarpinu fyrir árin 1890 og 1891 farið fram á að veitt verði: til viðurhalds á húsum og áhöldum 1890..... 664 kr. 50 a.					
17. C. 8. til vörðuvita			413. 23	394. 90	808. 13
18. C. 9. til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landssjóði			1,558. 55	748. 90	2,307. 45
19. C. 10. til að leggja járnþak á Prestbakkakirkju ..			750. »	»	750. »
				alls...	139,015. 73

20—22. Útgjöld við læknaskipunina, smbr. fjárl. 11. gr.

		1890. kr. a.	1891. kr. a.	alls. kr. a.
20.	1. Laun	39,098. »	39,973. »	79,071. »
21.	2. Styrkur til 6 aukalækna:			

	1890. kr. a.	1891. kr. a.	
a. til læknis í Dala sýslu m. m.....	500. »	1,000. »	
b. til læknis á Seyðisfirði m. m.	1,000. »	1,000. »	
c. til læknis á Skipaskaga m. m.....	1,000. »	1,000. »	
d. til læknis í Dyrhóla m. fl. hreppum ...	1,000. »	1,000. »	
e. til læknis í Dýrafirði m. m.	1,000. »	1,000. »	
flyt...	4,500. »	5,000. »	79,071. »

		1890. kr. a.	1891. kr. a.	1890. kr. a.	1891. kr. a.	alls. kr. a.
	fluttar...	4,500. »	5,000. »			79,071. »
	f. til læknis í þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá ...	500. »	1,000. »	5,000. »	6,000. »	11,000. »
22.	3. önnur útgjöld:					
	a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík	1,200. »	1,200. »			
	b. styrkur til sjúkrahússins á Akureyri	400. »	400. »			
	c. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa..	24. »	24. »			
	d. til náms yfirsetukvenna.....	1,481. 50	1,379. 20			
	e. til verkfæra handa yfirsetukonum	674. 68	167. 68	3,780. 18	3,170. 88	6,951. 06
					alls...	97,022. 06

23—25. Utgjöld við póststjórnina, sbr. fjárl. 12. gr.

		1890. kr. a.	1891. kr. a.	1890. kr. a.	1891. kr. a.	alls. kr. a.
23.	1. Laun:					
	a. handa póstmeistaranum.....	2,400. »	2,400. »			
	b. handa póstafgreiðslumönnum	3,929. 50	3,992. »			
	c. handa brjefhirðingarmönnum.....	1,876. 58	1,913. »	8,206. 08	8,305. »	16,511. 08
24.	2. Póstflutningur			25,780. 95	26,936. 12	52,717. 07
25.	3. önnur útgjöld:					
	a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans....	1,000. »	1,000. »			
	b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningi 1 ‰	335. 58	422. 93			
	c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama	322. 70	19. »			
	flyt...	1,658. 28	1,441. 93			69,228. 15

	1890. kr. a.	1891. kr. a.	1890. kr. a.	1891. kr. a.	alls. kr. a.
fluttar...	1,658. 28	1,441. 93			69,228. 15
d. fyrir prentun á ýmsu	324. 49	1,333. 33			
e. til áhalda.....	771. 16	508. 03			
f. 1 brjefberi í Reykjavík	50. »	50. »			
g. óviss útgjöld.....	35. 80	26. 70			
			2,839. 73	3,359. 99	6,199. 72
				alls...	75,427. 87

I fjáraukalagafrumvarpi fyrir árin 1890 og 1891 er farið fram á fjárveiting á þessum upphæðum, er borgaðar hafa verið fram yfir það, sem veitt var: 1) póstflutningur 1890 og 1891: 3,780 kr. 95 a. + 4,936 kr. 12 a. = 8,717 kr. 07 a.; 2) fæðispeningar og ferðakostnaður 1890 122 kr. 70 a.; 3) fyrir prentun 1890 og 1891: 124 kr. 49 a. + 1,133 kr. 33 a. = 1,257 kr. 82 a.; 4) til áhalda 1890: 271 kr. 16 a.

26—60. Kirkju- og kennslumál, sbr. fjárl. 13. gr.

26—34. A. Í þarfir andlegu stjettarinnar:

		1890. kr. a.	1891. kr. a.	alls. kr. a.
26.	a. laun.....	7,000. »	7,000. »	14,000. »
	b. önnur útgjöld:			
27.	1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.....	9,564. 14	8,469. 30	18,033. 44
28.	2. til bráðabirgðar-uppbótar fátækum brauðum	2,467. »	2,383. »	4,850. »
29.	3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti	627. 05	644. 25	1,271. 30
30.	4. Bráðabirgðaruppbót á Gufudals prestakalli í Barðastranda prófastsdæmi til húsabygginga á staðnum.....	300. »	300. »	600. »
31.	5. Bráðabirgðaruppbót á Kvíabekkjarprestakalli í Eyjafjarðar prófastsdæmi.....	»	»	»
32.	6. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestaekkjur fá samkvæmt lögum.....	3,000. »	3,000. »	6,000. »
33.	7. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað.....	1,000. »	1,000. »	2,000. »
34.	8. Uppbót handa núverandi presti Hólmabrauðs í Suðurmúla prófastsdæmi fyrir tekjumissi samkv. lögum 19. febr. 1886 .	262. 87	255. 52	518. 39
			alls...	47,273. 13

35—50. B. Til kennslumála.

35—36. I. Prestaskólinn.

		1890. kr. a.	1891. kr. a.	alls. kr. a.
35.	a. laun	9,800. »	9,800. »	19,600. »

		1890. kr. a.	1891. kr. a.		
36.	b. önnur útgjöld:				
	1. húsaleigustyrkur handa 20 lærisveinum, 80 kr., handa hverjum .	1,160. »	1,240. »		
	2. 3 ölmusur	600. »	600. »		
	3. til tímakennslu .	100. »	100. »		
	4. til bókakaupa ..	300. »	300. »		
	5. til eldiviðar og ljósa	100. »	100. »		
	6. til umsjónar ...	100. »	100. »		
	7. ýmisleg útgjöld.	200. »	140. 60		
				2,560. »	2,580. 60	5,140. 60
					alls...	24,740. 60

37—38. II. Læknaskólinn.

		1890. kr. a.	1891. kr. a.	alls. kr. a.
37.	a. laun	3,600. »	3,600. »	7,200. »
38.	b. önnur útgjöld:			

	kr. a.	kr. a.			
1. 2 ölmusur, 200 kr. hvor.....	400. »	400. »			
2. eldiviður, ljós og ræsting	122. »	124. »			
3. til bókakaupa og verkfæra.....	300. »	300. »			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum	750. »	450. »			
5. húsaleiga handa 6 lærisveinum..	480. »	480. »			
6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði	100. »	100. »			
flyt...	2,152. »	1,854. »	3,600. »	3,600. »	7,200.

	1890. kr. a.	1891. kr. a.	1890. kr. a.	1891. kr. a.	alls. kr. a.
flyttar...	2,152. »	1,854. »	3,600. »	3,600. »	7,200. »
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«	200. »	200. »			
8. ýmisleg útgjöld.	75. »	95. 25			
			2,427. »	2,149. 25	4,576. 25
				alls...	11,776. 25

39—41. III. Hinn lærði skóli.

	1890. kr. a.	1891. kr. a.	alls. kr. a.
39. a. laun	19,800. »	19,800. »	39,600. »
40. b. aðstoðarfje:			
1. handa Páli Melsteð sem kennara í sögu	1,800. »	1,800. »	
2. handa söngkennaranum	600. »	600. »	
3. handa fimleikakennaranum	700. »	700. »	
4. handa dyraverði ..	1,000. »	1,000. »	
5. til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans...	300. »	300. »	
	4,400. »	4,400. »	8,800. »
41. c. önnur útgjöld:			
1. til bókasafns skólans	600. »	600. »	
2. til eldiviðar og ljósa	924. 91	957. 22	
3. til skólahússins utan og innan ...	999. 96	1,000. 15	
4. til tímakennslu ...	1,672. 20	1,275. 60	
5. ölmusur	6,500. »	6,000. »	
6. þóknun handa lækni	100. »	100. »	
7. ýmisleg útgjöld ...	994. 35	975. 96	
8. fyrir prestsverk ...	48. »	48. »	
flyt...	11,839. 42	10,956. 93	24,200. » 24,200. » 48,400. »

	1890. kr. a.	1891. kr. a.	1890. kr. a.	1891. kr. a.	alls. kr. a.
fluttar...	11,839. 42	10,956. 93	24,200. »	24,200. »	48,400. »
9. til vísindalegra áhalda.....	400. »	400. »			
10. til að gefa út vísindalega ritgjörð, er fylgi skólaskýrslunni.....	300. »	300. 80			
11. til að gefa út þýzka málmyndalýsing endurbætta á íslenzku	»	»			
			12,539. 42	11,657. 73	24,197. 15
				alls...	72,597. 15

42—43. IV. Gagnfræðaskólinn á Möðruvöllum.

	1890. kr. a.	1891. kr. a.	1890. kr. a.	1891. kr. a.	alls. kr. a.
42. a. laun.....			6,600. »	6,600. »	13,200. »
43. b. önnur útgjöld:					
1. til bóka- og áhalda kaupa við kennsluna.....	399. 80	397. 85			
2. til eldiviðar og ljósa.....	499. 80	496. 30			
3. til skólahússins utan og innan	122. 06	198. 58			
4. ýmisleg útgjöld...	372. 55	397. 70			
5. til styrkveitingar námspiltum	500. »	500. »			
			1,894. 21	1,990. 43	3,884. 64
				alls...	17,084. 64

44—50. V. Til annarar kennslu:

	1890. kr. a.	1891. kr. a.
44. a. til kvennaskóla:		
1. til kvennaskólans í Reykjavík.....	1,380. »	1,620. »
flyt...	1,380. »	1,620. »

		1890. kr. a.	1891. kr. a.	1890. kr. a.	1891. kr. a.	alls. kr. a.
	fluttar...	1,380. »	1,620. »			
	2. til kvennaskólans á Ytriey.....	1,000. »	1,000. »			
	3. til kvennaskólans á Laugalandi.....	1,000. »	1,000. »			
	4. til kvennaskólanna á Ytriey og Laugalandi.....	1,400. »	1,400. »			
				4,780. »	5,020. »	9,800. »
45.	b. 1. til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum.....			2,540. »	2,500. »	5,040. »
46.	b. 2. til sveitakennara, allt að 50 kr. til hvers .			2,030. »	2,500. »	4,530. »
47.	c. 1. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg			2,500. »	2,500. »	5,000. »
48.	2. til áhaldakaupa við heimavist.....			200. »	» »	200. »
49.	d. til kennara í organslætti og sönglist, og til organsleikara við dómkirkjuna í Reykjavík...			1,000. »	1,000. »	2,000. »
50.	e. til kennslu í stýrimannafræði:					
	1. til kennslu og húsnæðis í Reykjavík.....			800. »	320. »	1,120. »
	2. til kennslu annarsstaðar			»	»	»
					alls...	27,690. »

51—60. C. Ýmisleg útgjöld.

		1890. kr. a.	1891. kr. a.
51.	1. Til landsbókasafnsins og fyrir umsjón með alþingishúsinu millum þinga:		
	a. laun bókavarðar.....	1,000. »	1,000. »
	b. til að aðstoða bókavörð við útlán og niðurröðun bóka og við samningu á skrá yfir handrit og bækur	700. »	700. »
	flyt...	1,700. »	1,700. »

		1890. kr. a.	1891. kr. a.	1890. kr. a.	1891. kr. a.	alls. kr. a.
	fluttar...	1,700. »	1,700. »			
	c. fyrir að hafa umsjón með alþingishúsinu og áhöldum í því millum þinga.....	100. »	100. »			
	d. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá.....	1,200. »	1,200. »			
	e. til eldiviðar og áhalda m. m.....	400. »	400. »			
	f. brunabótagjald fyrir safnið.....	200. »	200. »			
				3,600. »	3,600. »	7,200. »
52.	2. til amtsbókasafnanna á Akureyri og Stykkishólmi.....			400. »	400. »	800. »
53.	3. til deildar hins íslenzka bókmentafjelags í Reykjavík.....			1,000. »	1,000. »	2,000. »
54.	4. til þjóðvinafjelagsins.....			400. »	400. »	800. »
55.	5. til forngripasafnsins:	1890. kr. a.	1891. kr. a.			
	a. til forngripakaupa og áhalda.....	1,000. »	1,000. »			
	b. til umsjónar.....	200. »	200. »			
	c. til Sigurðar Vigfússonar til rannsóknar fornmenja.....	1,000. »	1,000. »			
				2,200. »	2,200. »	4,400. »
56.	6. til fornleifafjelagsins.....			»	»	»
57.	7. til hins íslenzka náttúrufræðisfjelags til að koma á fót náttúrugripasafni handa almenningi.....			400. »	400. »	800. »
			flyt...	8,000. »	8,000. »	16,000. »

		1890. kr. a.	1891. kr. a.	alls. kr. a.
	fluttar...	8,000. »	8,000. »	16,000. »
58.	8. Styrkur til kennara Benidikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda, 600 kr. hvort árið, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi 200 kr. hvort árið	800. »	800. »	1,600. »
59.	9. til að vinna að textaútgáfu á íslenzku fornbrjefasafni, 25 kr. fyrir örkina, allt að 600 kr. hvort árið	600. »	600. »	1,200. »
60.	10. styrkur til hins fyrirhugaða kennara við stýrimannaskólann til að búa sig erlendis undir stöðu sína	800. »	»	800. »
			alls...	19,600. »

61. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna, sbr. fjárl. 14. gr.

hafa gengið 1890	857 kr. 25 a.
1891.....	2,748 — 39 —
alls...	3,605 kr. 64 a.

62. Til eptirlauna, styrktarfjár o. fl., fjárl. 15. gr.

hafa gengið 1890.....	46,394 kr. 44 a.
1891	45,710 — 91 —
alls...	92,105 kr. 35 a.

63. Til óvissra útgjalda, sbr. fjárl. 16. gr.

hafa gengið 1890.....	944 kr. 95 a.
1891	1,098 — 34 —
alls...	2,043 kr. 29 a.

64. Gjöld samkvæmt nýjum lögum:

Útborgað árið 1890.....	40,861 kr. 47 a.
— — 1891.....	3,979 — 71 —
alls...	44,841 kr. 18 a.

65. Gjöld samkvæmt fjáraukalögum, og upp á væntanlega aukafjárveitingu:

hafa verið 1890	200 kr.	» a.
1891	14,368 —	12 —
alls...	14,568 kr.	12 a.

Af því, sem þannig hefur verið útborgað, er á frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árin 1890 og 1891 beðið um til viðbótar áður veittu: Til vegabóta á aðalpóstleiðunum: til vegagjörðar þeirrar, er gjörð var 1891 til þess að sameina Ölvesárbrúna við aðalpóstveginn 5,309 kr. 79 a.

66. Tekjuafgangur á fjárhagstímabilinu:

Samkvæmt reikningunum fyrir árin 1890 og 1891 hafa tekjurnar numið:

1890	585,196 kr.	15 a.
1891	622,088 —	36 —
	1,207,284 kr.	51 a.
Frá þessari upphæð verður að draga, samkvæmt l. nr. 16 hjer að framan	100 —	» —
verða tekjurnar þá alls...	1,207,184 kr.	51 a.
Gjöldin hafa alls numið 1890	482,941 kr.	63 a.
og 1891	491,053 —	58 —
	973,995 —	21 —
Tekjuafgangur...	233,189 kr.	30 a.

Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir

árin 1890 og 1891.

(Lagt fyrir alþingi 1893.)

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1890 og 1891, veitast 16,343 kr. 4 a. til gjalda þeirra, sem talin eru í 2.—4. gr. hjer á eptir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöldin til vitans á Reykjanesi í 10. gr. C. 7. veitast:
undir lið f. til viðurhalds á húsum og áhöldum 1890 ..... 664 kr. 50 a.

3. gr.

Sem viðbót við upphæð þá, sem veitt er með 10. gr. C. 5. b. og með fjáraukalögum 2. oktober 1891 fyrir árin 1890 og 1891 til þess að bæta vegi á aðalpóstleiðum, veitast fyrir árið 1891 5,309 kr. 79 a. til vegagjörðar, sem sameinar Ölvesárbrúna við aðalpóstveginn.

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin til póststjórnarinnar í 12. gr. veitast:

undir 2. lið: póstflutningur:	
1890	3,780 kr. 95 a.
1891	4,936 — 12 —
undir 3. lið: önnur útgjöld:	
c. dagpeningar og ferðakostnaður 1890	122 — 70 —
d. fyrir prentun á ýmsu 1890	124 — 49 —
1891	1,133 — 33 —
e. til áhalda 1890	271 — 16 —
samtals...	10,368 kr. 75 a.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að því er snertir upphæðir þær, er ræðir um í hinum einstöku greinum frumvarpsins, skal til skýringar skírskotað sumpart til athugasemdanna við reikningslagafrumvarpið og sumpart til svara landshöfðingja upp á athugasemdir yfirskoðunarmanna landsreikninganna. Svör landshöfðingja ná þó aðeins til fyrra ársins, því að athugasemdirnar við landsreikninginn fyrir árið 1891 voru eigi komnar til landshöfðingja, auk heldur til stjórnarráðsins, þegar svo var orðið áliðið, að eigi mátti lengur bíða með að semja frumvarpið.

Að því er snertir upphæð þá, sem farið er fram á í 3. gr., að veitt verði sem viðbót við fje það, sem veitt hefur verið fyrir 1891 til vegagjörðarinnar frá Ölvesárbrúnni við Selfoss að Ingólfsfjalli, skal þess því sjerstaklega getið, að áætlun sú, er farið var eptir, var mjög ófullkomin, og var það tekið fram í umræðunum á alþingi. Þótt því

hægt væri þegar í byrjun að sjá fyrir, að fjeð mundi eigi hrökkva, varð stjórnin þó að vera þeirrar skoðunar, að það væri rjettast og samkvæmt vilja alþingis, að lokið yrði við veginn, til þess að byrja mætti að nota brúna þá þegar um haustið, og það því fremur, sem það í raun og veru hefði verið ógjörningur að hætta við veginn, áður en hann var fullgjörður, þarsem það, sem búið var, þá hefði orðið ónýtt.

Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir

árin 1892 og 1893.

(Lagt fyrir alþingi 1893).

1. gr.

Sem viðbót við gjöldin í fjárlögunum fyrir árin 1892 og 1893, veitast 8,064 kr. til gjalda þeirra, sem talin eru í 2.—4. gr. hjer á eptir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 10. gr. B. 3 (til hegningarhússins og fangelsanna) veitast 1,560 kr. til þess að hlaða steingarð um svæði það við hegningarhúsið í Reykjavík, sem ætlað er föngunum.

3. gr.

Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. B. c. (til fjallvega) veitast 6,000 kr.

4. gr.

Sem viðbót við gjöldin í þarfir andlegu stjettarinnar í 13. gr. veitast:

a) undir lið B. IV. b. til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum, önnur útgjöld:
til að gjöra við húsgrunninn ..... 504 kr.

b) undir lið C. 7. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni:

Borga má upphæð þá, allt að 600 kr., er veitt var fyrir árið 1893, þegar skilað hefur verið handriti albúnu undir prentun, er ætla má, að nemi að minnsta kosti 24 prentuðum örkum, og það, þótt við megi búast, að svo mikið verði eigi prentað á árinu. En skyldur skal sá, er að útgáfunni vinnur, eptirleiðis sem áður að lesa prófarkir án endurgjalds, þegar handritið verður prentað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við 2. gr.

Í frumvarpi því til fjáraukalaga fyrir árin 1890 og 1891, er lagt var fyrir alþingi 1891, var þegar farið fram á, að veitt yrði upphæð sú, er hjer ræðir um, en þess var þá synjað, og fylgdi þingið þar tillögum fjárlaganefndarinnar í neðri deild. Nefndin kannaðist að vísu við, að þegar nýjar girðingar væru settar, ættu þær að vera úr steini,

og sömuleiðis, að trjegirðing sú er nú er, sje hrörleg; en hinsvegar var það álit hennar, að trjegirðingin gæti staðið enn um 2 ár með nokkurri aðgjörð. Nauðsynin á nýrri girðingu er auðvitað nú enn meiri en fyrir 2 árum síðan, og er því á ný farið fram á, að fjeð verði veitt.

Við 3. gr.

Eins og drepið er á í athugasemdunum bæði við fjárlagafrumvarpið fyrir yfirstandandi fjárhagstímabil og næsta fjárhagstímabil, er hugsað til að leggja akveg frá Reykjavík til þingvalla. A þessu ári hefur verið byrjað á vegagjörð þeirri, er sameina á veginn yfir Mosfellsheiði við aðalpóstveginn frá Reykjavík til Austurlandsins; en þareð talsverðu af fje því, sem veitt hefur verið til fjallvega, hefur þegar verið varið til aðgjörða á öðrum fjallvegum, verður eigi hægt að halda vegagjörð þeirri áfram með nægum mannafla, sem hjer er um að ræða, fyrir fje það, sem til er. Reynslan hefur sýnt, að 32 mönnum verður tiltölulega miklu meira ágengt við vegagjörðir en hálfu færri mönnum á sama tíma, og landshöfðingi hefur því lagt það til, að farið yrði fram á, að þessar 6,000 kr. verði veittar í viðbót við fje það, sem fyrir hendi er, og verður með því hægt að láta 32—35 menn vinna fjögra mánaða tíma að vegagjörð þeirri, sem hjer er um að ræða. Má þá vænta þess, að helmingurinn af veginum milli aðalpóstvegarins og enda Mosfellsheiðarvegarins, eða 1 míla, verði fullgjörður, en með fje því, sem fyrir hendi er, má eigi búast við, að svo mikið sem $^1/_2$ míla verði fullgjörð.

Við 4. gr.

a) Á þeim hluta grunnsins undir skólahúsinu á Möðruvöllum, sem er ofanjarðar og hlaðinn úr múrsteinum með þykkri steinlímshúð á, hefur húðin losnað frá og hefur víðast hvar við það molnað jafnframt úr múrsteinunum, og verður grunnurinn því eigi lengur talinn nægilega traustur. Hefur skólastjóra þótt það mjög varúðarvert að fresta aðgjörð á skaða þessum, og hefur hann því í samráði við byggingarfróða menn samið við 2 steinsmiði um, að múra grunninn upp af íslenzkum steini með steinlími fyrir þær 504 kr. alls, sem hjer er farið fram á. Verk þetta verður að álíta bráðnauðsynlegt, og var helmingurinn af því unninn í fyrra sumar, en síðari helminginn átti að vinna í vor eð var. Skólastjóri hefur lagt út fyrir fram þær 300 kr., sem fyrri hluti verksins kostaði.

b) Hjer skal skírskotað til athugasemdanna við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895, þar sem farið er fram á, að fá samþykki fjárveitingarvaldsins til þess, að skilyrði það, sem sett er fyrir útborgun á fjárveitingunni til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni, að upphæðin skuli fara eptir tölu hinna prentuðu arka, megi falla burtu framvegis, og borga megi þeim, er verkið vinnur, ritlaunin, þegar hann hefur skilað tilbúnu handriti því undir prentun, er nemur hinum tiltekna arkafjölda, og er hjer eins farið fram á, að skilyrði þetta fyrir útborguninni megi einnig falla burtu, að því er snertir útborgunina á styrk þeim, sem veittur hefur verið fyrir yfirstandandi ár.

Frumvarp til laga

um

að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir.

(Lagt fyrir alþingi 1893.)

1. gr.

Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að selja ábúendunum eptirfylgjandi þjóðjarðir fyrir að minnsta kosti jafnhátt verð, og tilfært er við hverja þeirra:

1. Skarðsá í Skagafjarðarsýslu fyrir ..... 2,500 kr.
2. Keldudal í sömu sýslu fyrir ..... 2,000 —

2. gr.

Landshöfðingi gjörir þær ráðstafanir, sem með þarf, um sölu á ofangreindum jörðum.

3. gr.

Fjórðungur kaupverðsins greiðist um leið og kaupbrjef er gefið út fyrir jörðinni. Hinir þrír fjórðungar kaupverðsins greiðast á 28 árum með 6 % í vexti og afborgun. Hin selda jörð skal standa sem veð fyrir því, sem ólokið er af andvirðinu, með fyrsta veðrjetti, þangað til jarðverðið er greitt að öllu. Gefur kaupandi út skuldabrjef fyrir þeim hluta jarðverðsins, sem ekki er greiddur um leið og kaupin eru gjörð, og skal það samið eins og skuldabrjef, er gefin eru út fyrir ómyndugra fje.

4. gr.

Heimild sú, er til sölu þessarar er veitt, gildir að eins til 31. desember 1898.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta styðst alveg við hinar sömu meginreglur sem lög þau, er síðast hafa verið gefin um sölu þjóðjarða, 11. desember 1891, eru byggð á. Ábúendur jarða þeirra, er hjer ræðir um, hafa þegar beðið um að fá þær keyptar. Lægsta söluverð er eptir tillögum landshöfðingja sett eptir virðingargjörð hlutaðeigandi umboðsmanns, en hann hefur virt jarðirnar nokkru hærra en sýslunefndin. Álit sýslunefndar og umboðsmanns mun þinginu verða gefinn kostur á að kynna sjer.

Frumvarp til laga

um

skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl.

(Lagt fyrir alþingi 1893.)

1. gr.

Hafi maður verið í gæzluvarðhaldi, og er því næst látinn laus, án þess að málið sje látið ganga til dóms, eða sýknaður, á hann heimtingu á skaðabótum, er ákveðnar sje af dómaranum, fyrir þá þjáningu, smán og fjártjón, sem hann hefur beðið af því, að hann var sviptur frelsi sínu, ef álíta má, eptir því sem fram er komið í málinu, að hann sje saklaus af glæp þeim, er hann var settur í varðhald fyrir.

Rjett til skaðabóta hefur og sá maður, sem haldið hefur verið í gæzluvarðhaldi, sökum þess að hann hefur verið grunaður um brot, sem á undir hegningarákvæði, er eigi heimilar þyngri refsingu en sekt eða einfalt fangelsi.

2. gr.

Rjettur til skaðabóta fellur niður, ef maður hefur sjálfur með framferði sínu verið þess valdandi, að varðhaldi var beitt. Þó getur dómarinn dæmt honum tiltölulega minni bætur en ákveðið er í 1 gr., ef ætla má, að hið ranga framferði hans sje sprottið af hræðslu, fáti eða afsakanlegum misskilningi.

3. gr.

Nú fellur niður sakamálshöfðun gegn manni, og á hann þá kost á að krefjast úrskurðar um skaðabótakröfu sína, og skal sá úrskurður þá felldur, þegar málinu, að því er hann snertir, er lokið. Þó skal amtmanni skýrt frá þessu, svo hann megi gæta hags landsjóðs.

Endrarnær skal koma fram skaðabótakröfum fyrir gæzluvarðhald með sjerstaklegri einkamálslögsókn gegn hinu opinbera, að tilstefndum amtmanni og hlutaðeigandi rannsóknardómara, og er sækjanda frjálst að höfða málið, hvort heldur hann vill í hjeraði á þeim stað, er hann var hafður í varðhaldi, eða við landsyfirrjettinn. Málið er gjafsóknarmál fyrir hvorn tveggja málsaðila, og ber málaflutningsmanni þeim, sem skipaður er fyrir hið opinbera, jafnframt að gæta hagsmuna rannsóknardómarans.

Sje sakamálinu eða varðhaldsúrskurðinum sjerstaklega áfrýjað til æðra rjettar, má einnig koma þar fram með skaðabótakröfuna og fá gjört út um hana, og ber þá hinum skipaða sækjanda að gæta hagsmuna rannsóknardómarans og landsjóðs.

Úrskurði óæðra dóms um skaðabótakröfu fyrir gæzluvarðhald getur bæði hlutaðeigandi og hið opinbera áfrýjað, þótt eigi nemi áfrýjunarupphæð.

4. gr.

Mál um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju skal höfða, áður ár er liðið frá því, að hlutaðeigandi hefur fengið vitneskju um þau atriði, er hann byggir kröfu sína á. Nú reynist krafa hans eigi að vera á neinum rökum byggð, og ber þá með dóminum að skylda hann til þess að greiða málskostnaðinn.

5. gr.

Nú hefur maður út tekið hegningu eptir dómi að öllu eða einhverju leyti, og prófast það síðan með fullum rökum, að hann hefur eigi átt hegninguna skilið, og á hann þá heimtingu á skaðabótum úr landsjóði fyrir þá þjáningu, smán og fjártjón, er hann hefur beðið.

Skaðabótakröfunni má koma fram í hjeraði, þar sem sakamálið hefur verið höfðað, að til stefndum amtmanni og dómara þeim, er refsidóminn hefur upp kveðið, eða og við landsyfirrjettinn, og eiga að öðru leyti ákvæði þau, sem í 3. gr. eru sett um skaðabótamál fyrir gæzluvarðhald, einnig við þau mál, er hjer ræðir um.

6. gr.

Eptir lát þess, er í hlut á, fer krafan til skaðabóta fyrir fjártjón til þess hjóna, er eptir lifir og niðja hins látna.

7. gr.

Skaðabætur eptir lögum þessum skal greiða úr landssjóði, og á hann aptur aðgang að dómaranum, svo framarlega sem hann hefur misbeitt embættisvaldi sínu, gjört sig sekan í hirðuleysi eða öðru óhæfilegu framferði.

8. gr.

Ef sakborinn maður verður sýknaður eða verði málið gegn honum leitt til lykta án þess hann verði dómfelldur, þá skal greiða málskostnað af almannafje, et um sakamál er að ræða, nema kostnaðurinn að öllu eða nokkru leyti sje sprottinn af saknæmum ólögmætum tilverknaði eða hegðun af hálfu sakbornings.

9. gr.

Lög þessi ná eigi til þeirra sakamála, sem að fullu er lokið áður en þau öðlast gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þareð frumvarp það til laga um skaðabætur þeim til handa, er að ósekju hafa verið hafðir í gæzluvarðhaldi, eða sætt hegningu eptir dómi, svo og um málskostnað í sumum opinberum sakamálum, sem stjórnin lagði fyrir alþingi 1891, ekki varð útrætt þá, og stjórnin hinsvegar hefur ekkert að setja út á breytingar þær, sem efri deild gjörði á frumvarpinu, leggur hún það á ný fyrir alþingi eins og það síðast var samþykkt í efri deild.

Að því er snertir ástæður fyrir frumvarpi þessu, skal skírskotað til Alþingistíðindanna 1891, C., bls. 87—88.

Frumvarp til laga

um

almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir alþingi 1893).

1. gr.

Á helgidögum þjóðkirkjunnar er til miðaptans bönnuð öll sú vinna, hvort heldur er inni eða úti, er hefur þann skarkala í för með sjer, eða fer fram á þeim stað, eða með þeim hætti, að hún hlýtur að raska friði helgidagsins.

Þrátt fyrir þessi fyrirmæli skal þó heimilt vera að ferma og afferma skip og bæta, ef þau hafa leitað hafnar í neyð, eða liggja um akkeri fyrir opnu hafi, svo og að öðru leyti að vinna þau verk, er eigi má fresta og sem miða til þess að bjarga og hjálpa öðrum, sem eru í hættu staddir, eða hafa hana yfir höfði sjer.

2. gr.

Kaup og sölu mega eigi fram fara á helgidögum þjóðkirkjunnar hvorki úti nje inni í sölubúðum kaupmanna nje annara sölumanna og skulu búðir þeirra vera lokaðar. Þó skulu lyfsalabúðir vera undanþegnar þessu banni, svo og þeir staðir, er menn selja mjólk og brauð.

Bann þetta nær einnig til kaupfjelaga og annara fjelaga, er hafa sölubúðir fyrir fjelagsmenn, svo er og veitingamönnum heldur ekki á þessum dögum leyft að selja út úr húsum sínum annað en tilbúinn mat.

3. gr.

Eigi má markaði halda á helgidögum þjóðkirkjunnar.

4. gr.

Á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. gr., má ekki á neinum almennum veitingastað halda veizlur, samdrykkjur eða aðra hávaðasama fundi.

5 gr.

Á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. gr., má hvorki halda neinar almennar skemmtanir nje heldur mega nokkrar þær athafnir, sem hávaði er að, eiga sjer stað.

6 gr.

Á helgidögum þjóðkirkjunnar má eigi, nema brýn nauðsyn beri til, halda sveita- eða bæjarstjórnarfundi, þing, gegna fógetastörfum eða skjalaskrifarastörfum, halda skiptafundi, uppboðsþing eða gegna öðrum dómsstörfum. Ekki skal heldur stefna eða boða neinn fyrir dóm eða yfirvald á helgidögum, nema brýn nauðsyn beri til, og þess sje þá beinlínis krafizt af valdsmanni þeim, er stefna lætur, og skal þó eigi stefna lesin á meðan á messu stendur.

7. gr.

Almenna fundi má eigi halda um veraldleg efni á helgidögum þjóðkirkjunnar, fyrr en guðsþjónustugjörð er lokið á þeim stað. Þá er guðsþjónustan fer fram eptir kl. 4 e. h.,

er þó heimilt að halda almenna fundi um leið, sje þess gætt, að fundurinn sje eigi haldinn svo nálægt kirkju eða bænahúsi, að guðsþjónustan verði trufluð af því.

8. gr.

Bönn þau, er talin eru í undanfarandi greinum, ná yfir allan *daginn skírdag*, föstudaginn langa og hinn fyrra helgidag þeirra þriggja stórhátíða.

9. gr.

Kveldið fyrir helgidag mega engar almennar skemmtanir standa lengur en til miðnættis.

Kveldið fyrir stórhátíðisdaga þá, sem nefndir eru í undanfarandi grein, eru allar almennar skemmtanir bannaðar.

10. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum frá 1—200 kr.; auk þess má með dómi svipta mann rjetti til að hafa veitingahús eða annan almennan veitingastað, hafi hann opt brotið lög þessi. Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Nú virðist lögreglustjóra að brot á móti lögum þessum sje sprottið af afsakanlegum misskilningi, og skal hann þá að eins gefa þeim áminning, er brotið hefur, og ef þör er á, gefa út almenna auglýsingu mönnum til leiðbeiningar og viðvörunar.

12. gr.

Tilsk. 28. marz 1855 og opið br. 26. sept. 1860 svo og öll önnur lagaákvæði um sunnu- og helgidagahald eru felld úr gildi.

Athugasemdir við laga frumvarp þetta.

Lagafrumvarp það um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, sem stjórnin lagði fyrir alþingi 1891, var samþykkt í efri deild með tveimur efnisbreytingum, en í neðri deild var það felllt frá 2. umræðu með litlum atkvæðamun. Þareð stjórnin enn verður að telja endurskoðun á helgidagalöggjöfinni mjög æskilega, og getur fallizt á breytingar þær, er efri deild gjörði á lagafrumvarpinu 1891, leggur hún frumvarpið aptur fyrir alþingi eins og það var samþykkt í efri deild 1891. Að öðru leyti skal skírskotað til athugasemdanna við lagafrumvarpið frá 1891 (sbr. Alþingistíðindin 1891, C. bls. 95—101).

Frumvarp til laga

um

breyting á lögum 27. febrúar 1880 um stjórn safnaðarmála og um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda.

(Lagt fyrir alþingi 1893).

1. gr.

Safnaðarfundir þeir og hjeraðsfundir, sem skipaðir eru í lögum 27. febrúar 1880 um stjórn safnaðarmála og um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda, skulu eptirleiðis haldnir, hinir fyrnefndu í maímánuði og hinir síðarnefndu í júnímánuði hvert ár.

2. gr.

Í kirkjusóknum, sem hafa yfir 1000 íbúa, skulu 5 menn vera í sóknarnefndum þeim, sem skipaðar eru í fyrgreindum lögum 27. febrúar 1880, 3. gr.

3. gr.

Þá er hjeraðsfundur lögmætur, er meira en helmingur presta og safnaðarfulltrúa samtals í því hjeraði eru á fundi.

Það mál er samþykkt á hjeraðsfundi, sem hlotið hefur meira en helming þeirra atkvæða, sem greidd eru.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það til laga um breyting á lögum 27. febrúar 1880 um stjórn safnaðarmála og um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda, sem stjórnin lagði fyrir alþingi 1891, leggur hún nú aptur fyrir þingið eins og það þá var samþykkt i neðri deild; hefur stjórnarráðið ekkert að setja út á grein þá, er þar var bætt við frumvarpið, og ætlar að orsökin til þess, að frumvarpið var fellt í efri deild, hafi eigi verið sú, að það hafi verið álitið ótækt eins og það lá þá fyrir.

Hvað ástæður fyrir frumvarpinu snertir, skal skírskotað til athugasemdanna við frumvarpið frá 1891 (sbr. Alþingistíðindin 1891 C., bls. 89—90).

Frumvarp til laga

um

líkskoðun.

(Lagt fyrir alþingi 1893).

1. gr.

Ekki má loka kistu yfir líki nje jarðsetja það, nje—nema um sjórekin lík sje að ræða—flytja það burtu langan veg, áður líkskoðun hefur farið fram og dánarvottorð gefið verið samkvæmt fyrirmælum laga þessara. Hafi dauðann borið bráðan að (án þess dauðastríð hafi átt sjer stað), má ekki setja líkið á afvikinn stað, nema stöðugt sje vakað yfir því, nje heldur í húsrúm þar sem það er eigi nægilega varið gegn kulda, nema ofangreindum skilyrðum sje áður fullnægt.

Lík þess, sem dáið hefur á sóttarsæng, má ekki taka úr rúminu, fyr en 6 stundir eru liðnar frá andlátinu.

Sje prestur eigi á kirkjustað, ber kirkjuhaldaranum að gæta þess, að ekkert lík sje grafið í kirkjugarðinum fyr en lögskipað dánarvottorð hefur gefið verið, og skal það þá afhent kirkjuhaldaranum, en hann afhendir það aptur presti, þá er hann kemur til að ausa líkið moldu.

2. gr.

Sje löggiltur læknir eigi búsettur lengra en 1 mílu frá þeim stað, er líkskoðun skal fram fara, þá skal hann lík skoða, en ef lengra er frá bústað læknis, skulu það gjöra 2 líkskoðunarmenn, nema vandamenn hins framliðna eða aðrir rjettir hlutaðeigendur vilji heldur kalla lækni til, eða lögreglustjóri skipar, að svo skuli vera. Hjeraðslæknar og aukalæknar þeir, er laun fá úr landssjóði, eru skyldir til líkskoðunar allsstaðar í umdæmum sínum, ef lögreglustjóri kveður þá til þessa, eða vandamenn hins framliðna eða aðrir, er hlut eiga að máli. Í Reykjavíkurkaupstað hvílir hin sama skylda í forföllum hjeraðslæknis á hverjum löggiltum lækni, er þar er búsettur.

3. gr.

I hverjum þeim hrepp, þar sem líkskoðunarmenn skulu vera eptir ákvæðinu í 2. gr., eða, ef hreppurinn er mjög stór, þá í hverju því umdæmi, sem hreppnum að þessu leyti er skipt af lögreglustjóra eptir uppástungu hreppsnefndar, skulu vera tveir líkskoðunarmenn og auk þess einn eða tveir varalíkskoðunarmenn, er komið geti í hinna stað, þá er þeir hafa lögleg forföll. Utan Reykjavíkur skal og nefna tvo menn til þess að halda líkskoðun í löglegum forföllum hlutaðeigandi læknis á þeim stöðum, þar sem honum samkvæmt 2. gr. er skylt að skoða líkin sjálfur. Lögreglustjóri skipar líkskoðunarmenn og varalíkskoðunarmenn eptir tillögum hreppsnefndar, og eru þeir skyldir að taka að sjer þetta starf og hafa það á hendi, nema þeir hafi gildar ástæður til þess að biðja sjer lausnar, og metur lögreglustjóri þessar ástæður.

4. gr.

Eptir að líkskoðun hefur fram farið, gefur sá eða þeir, er hana hafa framkvæmt, út dánarvottorð. Vottorðið skal samið á þann hátt, er landshöfðingi skipar fyrir um, á prentuðum eyðublöðum, sem í því skyni skulu gefin út.

Þá er líkskoðunarmenn skulu líkskoðun halda, má hún eigi fram fara, fyr en 3 dagar eru liðnir frá andlátinu, nema því að eins að ótvíræð merki til rotnunar hafi sýnt sig áður. Undantekning frá þessari reglu má að eins gjöra samkvæmt lögum þeim, er gilda um næma sjúkdóma og landfarsóttir, svo og í þeim tilfellum, er landshöfðingi tiltekur nákvæmar.

5. gr.

Landshöfðingi lætur semja leiðbeiningu handa líkskoðunarmönnum, er lýsir hinum helztu dauðamerkjum, er leikmenn geta borið um, og tilsögn um, hvernig þau skuli nota, svo og aðrar skýringar, er að gagni geta komið við líkskoðun. Leiðbeining þessi skal prentuð og henni útbýtt ókeypis ásamt lögum þessum til hvers líkskoðunarmanns, þá er hann er skipaður. Ef hinn skipaði líkskoðunarmaður óskar að fá nánari upplýsingar um, hvernig nota skuli leiðbeininguna, getur hann í því efni snúið sjer til hjeraðslæknis, og er hann skyldur til þess að veita honum munnlega þá tilsögn, sem þörf er á.

6. gr.

Nú þykir líkskoðendum grunsamt um dauðaorsök, og að vert sje að leiða athygli löggæzlumanna að henni, og skal þá læknir eða líkskoðunarmenn þegar í stað skýra lögreglustjóra frá þessu, og má þá ekki gefa út dánarvottorð fyr en lögreglustjóri hefur látið í ljósi, að ekkert sje því til fyrirstöðu af hans hálfu.

Þá er maður hefur banað sjálfum sjer, eða lík rekur á land, eða menn finnast dauðir eða burðir kvenna, eða menn farast af slysum, svo og hvervetna endrarnær er hafin hefur verið rannsókn út úr mannsláti, má ekki grafa líkið fyr en það hefur verið skoðað af hálfu lögreglustjórnarinnar, ef nauðsyn krefur með lækni, er hún hefur til þess kvaddan, og eigi fyr en lögreglustjóri hefur ritað á dánarvottorð það, sem læknir eða líkskoðunarmenn hafa gefið út, að eigi sje neitt því til fyrirstöðu frá hálfu hins opinbera, að það sé grafið. Ef líkskoðun þessi getur ekki fram farið fyrir sakir veðráttu eða af öðrum völdum náttúrunnar, má þó prestur, eða ef hann er ekki viðstaddur, þá kirkjuhaldari, leyfa, að líkið sje grafið, þó svo, að það sje eigi gjört fyr en 6 dagar eru liðnir frá því, að slysið vildi til, eða líkið fannst, enda hafi líkskoðunarmenn áður haldið svo nákvæma líkskoðun, sem unnt hefur verið og gefið út dánarvottorð.

Að öðru leyti er það auðsætt, að svo framarlega sem nokkrar líkur virðast vera til þess, að endurlífga megi hinn dána, verður að neyta allra þeirra ráða, er fyrir hendi eru, svo sem láta sækja lækni eða leita hjálpar hjá öðrum, ef eigi næst þegar í lækni, ella varðar það refsingu eptir 201. gr. almennra hegningarlaga.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varðar fangelsi eða sektum, nema brotið sje svo vaxið að þyngri refsing sje við lögð. Mál út af brotum þeim, er að eins sæta refsingu eptir lögum þessum, en eiga ekki undir ákvæðin í alm. hegningarlögum fyrir Ísland 25. júní 1869, skal fara með sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Fyrir að halda líkskoðun og gefa út dánarvottorð skal greiða lækni 2 kr. Sömu borgun fá líkskoðunarmenn til jafnra skipta. Ef tómthúsmenn, daglaunamenn, hjú eða aðrir í líkri stöðu eiga að greiða borgunina eða vandamenn þeirra, skal að eins greiða hálfa borgun. Þá er grafið er á kostnað fátækrasjóðs, greiðist full borgun.

Ferðakostnað skal greiða líkskoðunarmönnunum samkvæmt fyrirmælum 3. gr. í lögum 13. jan. 1882 um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk.

Þá er læknir heldur líkskoðun, skal hann ætíð hafa fararbeina ókeypis. Sje hann í þessu skyni sóttur lengra en eina mílu frá bústað sínum af vandamönnum hins látna eða öðrum, er hlut eiga að máli, skal hann auk þess fá borgun eins og fyrir almenna sjúkravitjun. Sje hann sóttur af lögreglustjóra fær hann borgun af almannafje á þann hátt, og hingað til hefur átt sjer stað. Enga borgun skal greiða fyrir vottorð um að barn sje andvana fætt, er læknir sá gefur, er sóttur hefur verið til sængurkonunnar.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1894.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta er samhljóða frumvarpi því um sama efni, sem stjórnin lagði fyrir alþingi 1891, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild, nema að því leyti til, að skírskotunin til 1. gr. í skiptalögunum frá 12. apríl 1878, sem efri deild hafði sett inn í síðustu málsgrein 1. greinar frumvarpsins, er felld úr. Tilgangurinn með skírskotun þessari er eigi fullkomlega ljós, en hefur að líkindum verið sá, að minna á það, að auk dánarvottorðs þess, sem hjer er um að ræða, og sem eigi er getið um í lagagrein þeirri, sem skírskotað er til, skal einnig annað vottorð, sem krafizt er í allt öðrum tilgangi og hljóðar um annað, vera fyrir hendi, áður en grettrunin má fara fram, en slík tilvísun virðist eigi eiga við í lagaboði eins og því, er hjer liggur fyrir.

Að því er ástæður fyrir frumvarpinu snertir, skal að öðru leyti skírskotað til athugasemdanna við frumvarpið frá 1891. (Sbr. Alþingistíðindin 1891, C. bls. 112—113.)

Frumvarp til laga

um

að Austurskaptafellssýsla skuli, að því er sveitastjórn snertir, skilin frá Suðuramtinu og lögð til Austuramtsins.

(Lagt fyrir alþingi 1893)

1. grein.

Austurskaptafellssýsla skal, að því er sveitastjórn snertir, skilin frá Suðuramtinu og lögð til Austuramtsins. Skal því fulltrúi sá, er kosinn er fyrir sýslufjelag þetta samkvæmt fyrirmælum laga nr. 30, 11. júli 1890 taka sæti í amtsráði Austuramtsins.

2. grein.

Landshöfðingi gjörir ráðstafanir til þess með ráði amtmannsins sunnan og vestan, að Austuramtinu skiptist sá hluti, er Austurskaptafellssýsla á í sjóðum, eignum og skyldum Suðuramtsins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Það er kunnugt, að stórir sandar og strangar jökulár, er á sumum tímum árs eru ófærar yfirferðar, skilja Austurskaptafellssýslu frá öðrum hlutum Suðuramtsins, og liggur hún því að þessu leyti betur við viðskiptum öllum og samgöngum við Múlasýslurnar en við Vesturskaptafellssýslu, og yfir höfuð á hún í sveitamálum meira skilt við Austuramtið en Suðuramtið. Í umræðunum á alþingi 1889 um skiptingu á Norður- og Austuramtinu í 2 ömt var því þegar hreyft að skilja Austurskaptafellssýslu frá Suðuramtinu og leggja hana til Austuramtsins; en það mál varð þó eigi leitt til neinna lykta að því sinni, einkum vegna þess, að sýslunefndin í Austurskaptafellssýslu var enn eigi búin að láta uppi álit sitt En 1890 og aptur 1891 skoraði sýslunefndin í álitsskjölum sínum um málið fastlega á amtsráð Suðuramtsins að styðja að því, að breyting sú kæmist á, er hjer er um að ræða. Amtsráðið samþykkti að mæla fram með breytingunni, og 1891 var því næst borið upp frumvarp um það af þingmanna hálfu í neðri deild alþingis, að Austurskaptafellssýsla skyldi leggjast til Austuramtsins og var það samþykkt þar. Eri deild felldi aptur á móti frumvarpið; en það var ekki af þeirri ástæðu, að deildin gæti ekki í sjálfu sjer fellt sig við breytinguna, heldur af því, að hún vildi fara enn þá lengra og láta sýsluna sameinast Austuramtinu einnig í umboðslegu tilliti; ætluðu menn að við það yrði hægt að leggja eitt sýslumannsembætti niður, með því að þá mætti sameina Vesturskaptafellssýslu og Rangárvallasýslu, en Austurskaptafellssýslu og Suðurmúlasýslu, að undanskildum 3 nyrztu hreppum hennar, er lagðir skyldu til Norðurmúlasýslu.

Um þessi atriði hefur landshöfðingi síðan fengið álit hinna 5 sýslunefnda og 2 amtsráða, er hjer eiga hlut að máli, og eru þau þess efnis, að allir hlutaðeigendur, að undan skildum amtmanninum norðan og austan, hafa mælt með því að Austurskaptafellssýsla verði lögð til Austuramtsins, að því er sveitastjórn snertir; í annan stað ber mönn-

um á milli um það, hvort hentugt sje að gjöra 2 lögsagnarumdæmi úr Múlasýslunum og Austurskaptafellssýslu, og hvernig því megi til leiðar koma; loks ráða sýslunefndir Vesturskaptafellssýslu og Rangárvallasýslu og amtsráð Suðuramtsins eindregið frá því að sameina þessar tvær sýslur í eitt lögsagnarumdæmi.

Að gera hina síðast töldu ráðstöfun verður eptir þessu eigi talið ráðlegt, en án hennar verður eigi hægt að leggja Skaptafellssýslurnar niður sem sjerstakt lögsagnarumdæmi; og þegar svo er, þá er það fjarri því, að landssjóður hefði nokkurn hagsmun af því, að Austurskaptafellssýsla og Suðurmúlasýsla yrði sameinaðar, að minnsta kosti meðan að sýslumenn menn þeir, er nú eru í þessum embættum, halda þeim, heldur myndi breytingin jafnvel hafa talsverðan kostnað í för með sjer, þar eð hún gæti eigi komizt á án þess að hækkuð yrði laun embættismanna þessara, og þar sem bæta þyrfti sýslumanninum í Suðurmúlasýslu skaða þann, er hann myndi bíða af því, að verða að skipta um bústað. Hagsmunirnir við breytingu þessa mundu naumast svara kostnaðaraukanum og ýmiskonar erfiðleikum, er það væri bundið að koma henni á. Stjórnin hefur því samkvæmt tillögum landshöfðingja horfið frá því að fá breytingu gjörða á lögsagnarumdæmum Suður- og Austuramtanna að þessu sinni, en fer að eins fram á að koma annari skipun á í sveitamálum, er gjöra má án kostnaðarauka fyrir landssjóð, og sem hiklaust má telja hentuga. Það eru að sönnu annmarkar á því, að Austurskaptafellssýsla verður með þessu móti í Austuramtinu að því er sveitastjórn snertir, en í umboðslegu tilliti í Suðuramtinu, en þeir annmarkar eru eigi þýðingarmiklir.

Frumvarp til laga

um

iðnaðarnám.

(Lagt fyrir alþingi 1893).

1. gr.

Ef verzlunarmenn, handiðnamenn, eða aðrir atvinnurekendur taka unglinga yngri en 18 ára til að kenna þeim iðn sína, skulu þeir annast um, að gjörður sje skriflegur námssamningur, og að hlutaðeigandi lögreglustjóri riti vottorð sitt á hann, að hann sje saminn samkvæmt fyrirmælum laga þessara. — Sje brotið á móti þessu ákvæði, er samningurinn ógildur.

Lögreglustjórar skulu eptir ráðstöfun landshöfðingja hafa í höndum eyðublöð til námssamninga og afhenda þau ókeypis.

2. gr.

Óheimilt skal þeim, er nú skal greina, að taka menn til kennslu:

1) Iðnaðarmönnum, sem með dómi eru sekir orðnir um verknað þann, er svívirðilegur er að almenningsáliti, nema þeir hafi fengið uppreisn á æru sinni;

2) þeim, sem þrisvar hafa orðið að hætta iðn sinni eða verzlun (sbr. 14. gr. 2. tölul.) og þannig valdið því að kennslusamningum hefur verið slitið;
3) þeim, sem þrisvar sinnum á 5 árum hafa rofið svo kennslusamninga, að þeim fyrir þá sök hafi verið slitið.

3. gr.

Í samningnum skal ákveðið, hve langur kennslutíminn skuli vera. Má hann aldrei vera lengri en 5 ár, að meðtöldum reynslutímanum, sem getið er um í 5. gr.

4. gr.

Það skal greinilega tekið fram í samningnum, hvort sá, sem annan tekur til kennslu, skuli láta honum í tje húsnæði, fæði, klæði, þjónustu og annan aðbúnað, meðan á námstímanum stendur, eða í stað þess endurgjalda honum fyrir verk hans í peningum, og ef svo er, hvernig fjeð skuli greiða.

5. gr.

Þrjá fyrstu mánuðina af kennslutímanum ber að skoða sem reynslutíma fyrir báða, og hafa þá bæði lærimeistari og nemandi, sje hann þá orðinn 18 ára, en ella foreldrar eða fjárráðamaður, rjett til að heimta, að samningnum sje slitið, án þess að tilgreina nokkra ástæðu. En þegar svo er, á hvorugur heimtingu á skaðabótum hjá hinum, nema skýlaus ákvörðun sje gjörð um það í samningnum.

6. gr.

Nemandi skal sýna lærimeistara sínum trúmennsku, hlýðni og auðsveipni, hann skal fylgja lærimeistaranum að vinnu hans, svo sem vinnukraptar hans og kunnátta leyfa.

7. gr.

Sje handiðnanemandi yngri en 18 ára, má vinnutíminn ekki fara fram úr 12 stundum á dag, að meðtöldum 2 stundum til að hvílast og matast.

Eigi má að jafnaði fá handiðna- eða verzlunarnemendum neina vinnu frá kl. 9 á kveldin til kl. 5 á morgna. Þó má landshöfðingi veita undanþágu frá þessum fyrirmælum, svo framarlega sem það er nauðsynlegt til þess, að þeir öðlist næga kennslu í tilteknum námsgreinum.

8. gr.

Á sunnudögum og helgidögum þjóðkirkjunnar má lærimeistari ekki fá nemanda neina vinnu fram yfir kl. 9 fyrir hádegi, nema brýna nauðsyn beri til.

9. gr.

Meðan á námstímanum stendur, skal lærimeistari vaka yfir hegðun og siðferði nemanda og eptir megni varna því, að aðrir hafi siðspillandi áhrif á hann. Lærimeistarinn skal sjá um, að nemandi fái kennslu í því nauðsynlegasta af uppdráttarlist, er að iðn hans lýtur, ef slík kennsla er fáanleg á staðnum. Lærimeistarinn skal enn fremur halda nemanda til að sækja iðnaðarmannaskóla, ef slíkur skóli er á staðnum, og greiða kostnað, er af skólanáminu leiðir, nema öðruvísi sje ákveðið í samningnum. Lærimeistari má ekki setja nemanda til þeirrar vinnu, sem er skaðleg fyrir heilsu hans, eða honum er um megn, og heldur ekki má fá honum aðra vinnu en þá, sem lýtur að námi hans, nema nauðsyn beri til, eða að það sje berlega áskilið í námssamningnum.

Kennslustúlkur eru ekki undir húsaga gefnar, kennslupiltar eru það þangað til þeir eru fullra 16 ára.

10. gr.

Námstímanum skal þannig varið, að nemandi læri, svo fljótt sem unnt er, þá námsgrein, er hann hefur verið settur til. Þá er kennslutíminn er á enda, skal nemandi hjálparlaust leysa af hendi prófsmíð eða inna af hendi eitthvert það verk, sem sýni, að hann sje orðinn fullnuma í þeirri iðn, sem hann hefur stundað nám í, og skulu dæma um það þrír menn, er lögreglustjóri kveður til þess, eg skulu tveir af þeim, ef unnt er, vera samiðnarmenn. Nánari ákvæði um prófið og umsjón með því setur landshöfðingi með reglugjörð.

Standist nemandinn prófið, á hann heimtingu á námsbrjefi, er undirskrifað sje af lærimeistara hans og prófdómendum. Nú hefur lærimeistari ekki látið sjer fyllilega annt um kennslu hans, og sje það orsök til þess, að hann getur ekki að afloknu námi fengið námsbrjef, er votti, að hann sje fær orðinn í sinni grein, og er lærimeistari þá skyldur til að greiða nemanda skaðabætur eptir áliti gjörðarmanna (sbr. 18. gr.).

11. gr.

Nú sýkist nemandi, er býr hjá lærimeistara sínum, og er lærimeistari þá skyldur að sjá honum fyrir aðhjúkrun og lækningu á sinn kostnað, þangað til námstímanum er lokið eptir samningnum, eða samningnum er slitið af öðrum löglegum ástæðum, þó eigi lengur en 6 mánuði. Sje sjúklingurinn talinn ólæknandi, eða nemandi hefur beðið tjón á heilsu sinni er talsvert kveður að, og ætla má að verði langvinnt, skal lærimeistaranum þar að auki vera heimilt að segja lausum námssamningnum 3 mánuðum eptir að nemandinn varð fyrir því, og er hann upp frá því undanþeginn þeirri skyldu að annast hjúkrun og lækningu hins sjúka.

Nú hefur svo verið um samið, að náminu skuli hætta ef nemandi sýkist, eða svo verður um samið síðar, er nemandi verður sjúkur, að náminu skuli lokið, og losast lærimeistari ekki fyrir það frá hinum áðurgreindu skyldum sínum gagnvart fátækrasjóði, er leggja verður með piltinum.

Að öðru leyti skulu ákvæðin í 21., 22. og 25. gr. í tilskipun um vinnuhjú 26. jan. 1866 ná til nemenda, er eiga heima hjá lærimeistaranum, og skulu þar að auki ákvæðin í 22. gr. í greindri tilskipun og ofangreind fyrirmæli um rjett lærimeistarans til þess að segja samningnum slitið, ef nemandi verður sjúkur, eiga við eins fyrir það, þótt eigi sje hann til heimilis hjá lærimeistaranum.

12. gr.

Fyr en námssamningi er löglega slitið má enginn taka nemanda annars manns til kennslu eða nota aðstoð hans í sömu iðn.

13. gr.

Nú hefur nemandi ástæðulaust yfirgefið nám sitt, og má þá með aðstoð lögreglustjóra flytja hann aptur til meistara síns, ef hann beiðist þess innan 14 daga af lögreglustjóra.

Nú höfðar hann mál eða foreldrar hans eða forráðamaður, sje hann eigi sjálfum sjer ráðandi, til þess að fá samningi slitið, eður og leggur málið í gjörð, og verður nemandi þá eigi fluttur til lærimeistarans að sinni, sje málið höfðað eða í gjörð lagt innan stutts frests, er lögreglustjóri til tekur.

14. gr.

Námssamningur verður ógildur:

1) þá er lærimeistarinn deyr:
2) þá er lærimeistarinn hættir við verkiðn sína eða verzlun eða hún hættir um sinn vegna gjaldþrots eða annara orsaka vegna;
3) þá er lærimeistarinn er með dómi orðinn sekur um það afbrot, er svívirðilegt er að almenningsáliti;
4) þá er nemandinn hefur ólöglega hlaupið frá iðn sinni, og lærimeistarinn ekki innan 14 daga gjörir ráðstafanir til þess að heimta hann aptur eða leita skaðabóta.

15. gr.

Lærimeistarinn getur slitið samningnum:

1) fyrir sjúkleika sakir samkvæmt því er segir í 11. gr.;
2) ef nemandi gjörir sig sekan í verulegu broti á skyldum þeim, er á honum hvíla eptir námssamningnum;
3) ef hann er með dómi gjörður sekur um brot, sem að almenningsáliti er svívirðilegt.

16. gr.

Nemandi, foreldrar eða forráðamaður fyrir hans hönd geta slitið samningi:

1) ef lærimeistarinn misþyrmir nemanda, eða gjörir sig sekan í öðru verulegu broti á skyldum þeim, er á honum hvíla gagnvart honum;
2) ef lærimeistari skiptir um bústað, og flytur lengra burt en 1 mílu frá sveitarfjelagi því, er hann bjó í, eða hafði atvinnu sína í, þá er samningurinn var gjörður, enda sje nemandi til heimilis hjá honum, en sje það ekki, þá þegar bústaðaskiptin hafa það í för með sjer, að nemandi verður að fara daglega óhæfilega langan veg til vinnu sinnar;
3) ef lærimeistari er burtu frá atvinnu sinni meira en 2 mánuði, nema því að eins, að iðn hans fari fram undir stjórn manns, er fullnuma er í henni;
4) ef nemandi sakir sjúkdóms eða annara orsaka vegna verður óhæfur til þess að geta numið iðn þá, er um var samið, og hann þá var hæfur til, eða ef það eptir læknis áliti er hættulegt fyrir líf hans eða heilsu að halda áfram að nema þessa iðn.
5) ef námsstúlka giptist;
6) ef námsstúlka er til heimilis hjá kvonguðum lærimeistara, og kona hans deyr, eða hættir samvistum við hann.

17. gr.

Auk þess er segir í 15. og 16. gr. er bæði lærimeistara og nemanda eða fyrir hans hönd foreldrum eða forráðamanni heimilt að slíta námssamningi, þegar greiddar hafa verið skaðabætur þær, er fyrir það verða ákveðnar

18. gr.

Nú verður ágreiningur milli lærimeistara og nemanda um þau atriði, er ræðir um í 10. gr. laga þessara, eða 15. gr. nr. 2, 16. gr. nr. 1, 2, og 4, eða 17. gr., og skulu þau mál koma í gjörð, nema málsaðilar komi sjer saman um annað. Í gjörðardómi skulu sitja lögreglustjóri, og er hann oddviti, og tveir menn aðrir, er tilkvaddir sjeu sinn af hvorum málsaðila, Nú beiðist einhver gjörðar, og skal hann þá snúa sjer skriflega eða munnlega til oddvita og ákveður hann þvínæst gjörðarfund og kveður málsaðila með 8 daga fyrirvara í mesta lagi til þess að láta gjörðarmenn sína koma á þann fund. Skal á honum leggja fullnaðar-

úrskurð á málið og ræður afl atkvæðum; eru málsaðilar algjörlega bundnir við þann úrskurð. Heimilt er oddvita að fresta fundinum, þó eigi optar en einu sinni og ekki lengur en í 8 daga, enda hafi annar hvor gjörðarmanna tjáð honum lögleg forföll eða honum þykir nauðsyn til bera til þess að rjettur úrskurður verði á lagður. Nú kemur annar gjörðarmanna ekki og hefur ekki tjáð lögleg forföll, og getur þá oddviti og hinn gjörðarmanna lagt fullnaðarúrskurð á málið. Með gjörðardómi má slíta samningi og dæma þeim, er tjón bíður, skaðabætur.

19. gr.

Lærimeistari sá, er brýtur gegn reglunum í 1., 2. eða 12. gr., skal sæta sektum frá 5—200 kr., er renna í fátækrasjóð á þeim stað, er brotið er framið.

Sömu refsingu skal sá lærimeistari sæta—nema þyngri refsingarákvæði eigi við —sem freklega brýtur gegn skyldum þeim, er á honum hvíla eptir 7.—10. gr., eða sem ástæðulaust vísar nemanda úr námsvist, og sá nemandi, sem freklega brýtur gegn þeim skyldum, er á honum hvíla eptir 6. gr. — nema lærimeistari út af því hafi beitt húsaga — eða ástæðulaust hverfur frá náminu. Ef nemandi er eigi sjálfum sjer ráðandi, og foreldrum hans eða forráðamanni er sök á því gefandi, að hann ástæðulaust hefur horfið frá náminu eða ekki snýr aptur til þess, þá kemur refsingin niður á þeim.

20. gr.

Mál út af brotum gegn ákvæðum í 1., 2. og 12. gr., skulu höfðuð af hinu opinbera og eru almenn lögreglumál. Mál milli lærimeistara og nemanda, er snerta námið, eru einkalögreglumál. Með samþykki málsaðila getur dómarinn metið og tiltekið skaðabætur þær, sem í málinu eiga að dæmast þeim, er tjón hefur beðið.

21. gr.

Ákvæðin í lögum þessum eiga einnig við námssamninga, sem gjörðir eru við nemendur, sem eldri eru en 18 vetra, nema 1. gr. — sbr. 3. gr., 1. málslið, 4. gr. og ákvæðin, er þar að lúta í 20. gr. — og 18. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það til laga um iðnaðarmám, sem stjórnin lagði fyrir alþingi 1891 var samþykkt í efri deild með nokkrum breytingum og sömuleiðis í neðri deild, er gjörði á því enn fleiri breytingar, en dagaði svo uppi áður en það náði samhljóða samþykki beggja deildanna. Þareð stjórnarráðinu eigi þykja nægar ástæður til þess, að hafna breytingum þeim, sem alþingi gjörði á frumvarpinu, leggur stjórnin það fyrir á ný eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild.

Hvað ástæður fyrir frumvarpinu snertir, skal skírskotað til athugasemdanna við frumvarpið frá 1891 (sbr. Alþingistíðindin 1891 C. bl. 106—108).

Frumvarp til laga

um

breytingu á lögum um kosningar til alþingis 14 sept. 1877.

(Lagt fyrir alþingi 1893.)

1. gr.

Kjörskrárnar skulu samdar einu sinni á ári hverju; skulu þær kjörskrár lagðar til grundvallar, sem þá eru í gildi, en þeir kjósendur úr felldir, sem síðan eru dánir eða hafa flutzt burtu eða misst kosningarrjett sinn (sbr. 2., 4. og 5. gr. laga um kosningar til alþingis 14. september 1877) og þeim bætt við, sem síðan hafa öðlazt kosningarrjett eða fyrir 6. júnímánaðar fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru um aldur og heimili. Enn fremur skulu þeir, sem að vísu enn þá eigi hafa fullnægt þeim skilyrðum, er síðast var getið, en vænta má að muni fullnægja þeim einhvern tíma á því ári, er kjörskrárnar skulu gilda fyrir, teknir upp á skrá sjer, og skal um leið tilgreina þann dag í árinu, er þeir annaðhvort verða fullra 25 ára að aldri, eða hafa verið heimilisfastir í kjördæminu eitt ár.

2. gr.

Kjörskrárnar skulu leiðrjettar í febrúarmánuði ár hvert. Efasemdum þeim, sem þá kunna að koma fram, skal hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn skera úr, þá er búið er að fá skýringar um málið.

3. gr.

Frá 1. til 21. marz, að báðum þessum dögum meðtöldum, skulu kjörskrárnar liggja öllum til sýnis á þeim stað, sem er hentugur fyrir hreppsbúa, eða eptir atvikum á fleiri slíkum stöðum. Staðfest eptirrit af skránum má hafa til þess að leggja fram. Hvenær og hvar skrárnar verða lagðar fram, skal birta að minnsta kosti með 14 daga fyrirvara við kirkjufund eða á annan hátt, sem vant er að birta almennar auglýsingar þar á staðnum.

4. gr.

Kjörskrárnar gilda frá 6. júní til 5. júní árið eptir. Samkvæmt þessum skrám skulu allar kosningar til alþingis fram fara á því ári, þó þannig, að þess verði gætt, að þeir menn, sem á aukaskránni eru (1. gr.), að eins hafi rjett til þess að greiða atkvæði, ef þeir fyrir kosningardaginn hafa fullnægt þeim skilyrðum, sem sett eru um aldur og heimili. Ef kosning kemur fyrir fleirum sinnum á árinu, skal eptirrit af skránum, sem staðfest sje af hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn, vera til taks til afnota við hina nýju kosningu.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felldar 9., 10., 11. og 17. gr. í lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. dag janúarmánaðar 1895.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta er samhljóða frumvarpi því með sömu fyrirsögn, sem samþykkt var af alþingi 1891, nema að því er snertir ákvæðið um það, hvenær lögin skuli öðlast gildi. Alþingisfrumvarpinu var synjað um staðfestingu konungs sökum þess, að of skammt hefði liðið á milli þess, að lögin hefðu orðið birt og breyta hefði átt eptir þeim, sbr. Stjórnartíðindin 1892, B. bls. 97.

Frumvarp til laga

um

stofnun fasts endurskoðanda-embættis.

(Lagt fyrir alþingi 1893.)

Embættið sem umboðslegur endurskoðandi skal hjereptir skipað af konungi. Laun þessa embættis eru 3,000 kr. á ári, og leggjast því 500 kr. árlega í endurgjald fyrir skrifstofukostnað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hina umboðslegu endurskoðun á landsreikningunum hefur cand. polit. Indriði Einarsson annazt síðan 1. jan. 1880, eða á 14. ár, gegn þóknun, er veitt hefur verið til þess á fjárlögunum. Hjer er nú farið fram á það eptir bænarskrá endurskoðanda, er landshöfðingi hefur mælt fram með, að stofnað verði fast endurskoðanda-embætti, og virðist vera full ástæða til þess, þarsem hin umboðslega endurskoðun, er eigi verður án verið, er þess eðlis og svo þýðingarmikil fyrir umboðsstjórnina í heild sinni, að það má setja hana alveg í flokk með öðrum umboðsstörfum, er venjulegt er að fela konunglegum embættismönnum.

Laun þau, er farið er fram á að veitt verði, eru hin sömu og þau, er hinn núverandi endurskoðandi hefur fengið síðari árin, en þareð hann hefur orðið að borga töluvert af þeim til aðstoðar, er hann hefur eigi getað hjá komizt, er hjer farið fram á að bæta launakjör hans í þessu skyni á þann hátt, að veittar verði 500 kr. árlega til endurgjalds fyrir skrifstofukostnað; virðast launin handa endurskoðanda sjálfum ekki mega vera minni en þau, er hann hefur hingað til fengið í þóknun, sje þess gætt, hve áríðandi staðan er, og hve mikil störf henni eru samfara; hafa þessi störf aukizt mjög, eptir því sem tímar liðu fram, einkum eptir að hin nýju toll-lög komu, og þess vegna aukið mjög á vinnu endurskoðanda sjálfs, um leið og þau hafa gjört það alveg óhjákvæmilegt að hafa mann til aðstoðar.

Frumvarp til laga

um

aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna, bæjarfógeta og fl.

(Lagt fyrir alþingi 1893.)

1. gr.

Fyrir að skoða skjöl útlendra fiskiskipa skal greiða lögreglustjóra eða hreppstjóra 10 aura af hverjum tonn, er skipið rúmar, ef skipið hefur eigi fyrri komið á íslenzka höfn og sýnt skjöl sín í þeirri fiskiferð að landinu, ella 5 aura af tonn.

Þegar hreppstjóri skoðar skipaskjölin fyrir hönd lögreglustjórans, skal gjaldinu skipt jafnt milli þeirra.

2. gr.

Fyrir störf þau, er sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin sem skráningarstjórum samkvæmt 17. gr. farmannalaga 22. marz 1890, skal greiða þeim eða löggiltum umboðsmönnum þeirra gjöld þau, sem þeim eru ákveðin í greindum lögum.

3. gr.

Fyrir eptirrit, er einstakir menn biðja um úr embættisbókunum, hvort sem þau eru í aktsformi eða ekki, svo og fyrir eptirrit af skjölum í skjalasöfnum embættanna, skal greiða hlutaðeigandi embættismanni 50 aura fyrir hverja örk, en fyrir hálfa örk og þaðan af minna greiðist ekki nema hálft gjald. Í eiginlegum þingmálum, er varða eigi meiru en 50 kr., skal þó aðeins greiða helming gjalds þessa. Fyrir pappír og önnur ritföng skal eigi greiða sjerstaka borgun, en þurfi að binda eitthvað inn, skal það sjerstaklega borgað.

Í opinberum málum, gjafsóknarmálum og í lögreglumálum um meðgjöf með óskilgetnum börnum, eða sem rísa út af viðskiptum húsbænda og hjúa, svo og þegar málsaðilar eru eptir lögunum undanþegnir því að greiða rjettargjöld í hjeraði, skal engi ritlaun gjalda; en í gjafsóknarmálum skulu ritlaun þau, er gjafsóknarhafandi hefði átt að greiða, goldin af hinum málsaðila, þegar hann með dómi er skyldaður til að greiða málskostnaðinn.

Rita skal þannig alla akta og eptirrit, að á hverri blaðsíðu sjeu 28 línur en 32 bókstafir í hverri línu; þegar útreikningar og virðingar koma fyrir í afskriptunum, svo að hafa verður eina eða tvær spássíur á blaðsíðunni, skal í hverri línu vera 24 bókstafir, ef spássían er ein, en 16, ef tvær eru.

Ritlaunin við landsyfirdóminn ber að greiða eptir framangreindum reglum, og fær dómsmálaritarinn þau.

4. gr.

Í sakamálum og öðrum opinberum málum bera dómaranum 2 kr. á dag í dagpeninga, þegar hann verður að fara mílu vegar eða lengra frá heimili sínu til þess að halda lögreglurjett eða aukarjett, fullnægja dómi eptir opinberri ráðstöfun eða framkvæma aðrar fógetagjörðir.

5. gr.

Nú er einkamál tekið fyrir á öðrum stað og degi, en venjuleg þing fara fram á, og verður dómarinn að gjöra sjer sjerstaka ferð til þess, mílu vegar eða lengra frá heimili sínu, og ber honum þá 3 kr. í dagpeninga hvern þann dag, er hann af þessum orsökum verður að vera burtu frá heimili sínu. Þetta gildir eigi aðeins um eiginleg dómsmál, heldur og um fógeta-, skipta-, uppboðs- og notarialgjörðir, svo og um skoðunar-, rannsóknar-, skiptis- og aðrar þesskonar gjörðir.

Til þess að telja megi, að gjörðin hafi staðið lengur yfir en 1 dag, verður að halda henni áfram að minnsta kosti 8 stundir á dag, nema því aðeins, að gjörðarbeiðandi eða aðrir, er hlut eiga að máli, heimti, að henni sje frestað. Þegar gjörðin stendur lengur yfir en 1 dag, skal þess dag hvern getið í embættisbókinni, hvern tíma dags hún hafi byrjað og henni hafi lokið verið. Nú stendur hún skemri tíma, og skal þó greiða dagpeninga fyrir heilan dag.

6. gr.

Í þeim málum og tilfellum, er ræðir um í 4. og 5. gr., ber og að endurgjalda embættismanninum ferðakostnað þann, er hann hefur haft, eptir sundurliðuðum reikningi. Amtmaður úrskurðar reikning þenna og eins dagpeningareikninga eptir 4. og 5. gr. í opinberum málum og gjafsóknarmálum og einnig í einka málum, ef ágreiningur verður. Þegar ferðin er farin eptir beiðni einstakra manna, á gjörðarbeiðandi kost á að sjá embættismanninum fyrir ókeypis flutningi fram og aptur frá stað þeim, sem gjörðin á að fara fram á, í stað þess að greiða honum borgun fyrir ferðakostnað.

7. gr.

Nú eru fleiri gjörðir en ein haldnar á sömu ferðinni, og skal þá jafna niður dagpeningum og borgun fyrir ferðakostnað í rjettu hlutfalli. Fyrir gjörðir þær, er haldnar eru á þingaferðum, má embættismaðurinn aðeins reikna sjer dagpeninga og borgun fyrir ferðakostnað fyrir þá daga, sem ferð hans tefst við gjörðirnar.

8. gr.

Á skiprekaferðum ber lögreglustjóra eða umboðsmanni hans 6 kr. í dagpeninga hvern þann dag, sem hann strandsins vegna þarf að vera fjarverandi frá heimili sínu, og skulu uppboðsdagarnir taldir þar með. Borgun þessi skal vera þriðjungi hærri (9 kr.) þá daga, sem hann verður að vera viðstaddur á fjörunni til þess að skipa fyrir um björgun lengur en 8 stundir; en þar með má þó eigi telja þann tíma, er hann ver til undirbúnings strandbókarinnar. o. s. frv. Þar að auki skal greiða lögreglustjóra eða umboðsmanni hans ferðakostnað eptir reglum þeim, sem settar eru hjer að framan.

9. gr.

Fyrir tilsjón með útflutningum skal greiða lögreglustjóra 6 kr. hvern þann dag, sem hann vegna þess verður að vera fjarverandi frá heimili sínu, og enn fremur ferðakostnað eptir reglum þeim, sem settar eru hjer að framan. Gjöld þessi ber hlutaðeigandi útflutningastjóra að greiða.

10. gr.

Fyrir að mæla skip skal greiða lögreglustjóra 4 kr. í dagpeninga fyrir dag hvern, sem hann vegna þess verður að vera fjarverandi frá heimili sínu, og borgun fyrir ferðakostnað eptir reglum þeim, sem settar eru hjer að framan.

11 gr.

Greiða skal lögreglustjóra sömu dagpeninga og borgun fyrir ferðakostnað, sem segir í 10. gr., þegar hann verður að takast ferð á hendur í tilefni af rannsóknum þeim og vottorðum, sem getið er um í 2. og 3. gr. laga nr. 10, 11. febrúar 1876.

12. gr.

Á alla þingsgjörninga og skjöl, sem embættismönnum og sýslunarmönnum þeim, sem ræðir um í lögum þessum, er borgað fyrir að gefa út eða rita á, eða sem snerta embættisgjörðir, sem þeim ber borgun fyrir, skal bæði rita borgunina með tölustöfum og bókstöfum, og eins er um borgun fyrir ferðakostnað og dagpeninga, er þeir hafa fengið.

Sje brotið gegn þessu, varðar það sektum, allt að 100 kr. til landssjóðs.

13. gr.

Lög þessi snerta eigi innheimtulaun þau, er lögreglustjórar fá eptir gildandi lögum fyrir að heimta inn aðflutningsgjald af vínföngum, tóbaki, kaffi og sykri, og útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl. Svo er og um dagpeninga þá og borgun fyrir ferðakostnað, sem greiða skal sýslumönnunum sem formönnum sýslunefndanna samkvæmt 33. gr. í tilskipun 4. maí 1872 um sveitastjórn á Íslandi.

14. gr.

Aukatekjureglugjörð fyrir rjettarins þjóna á Íslandi 10. september 1830 er úr lögum numin að því er snertir gjöld þau, er sýslumönnum og bæjarfógetum ber samkvæmt henni.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júli 1894.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í athugasemdunum við frumvarp til laga um aukatekjur þær, er renna skulu í landssjóð, er sýnt fram á, að þörf sje á að endurskoða hin núgildandi aukatekjulög og gjöra á þeim breytingar þær, er nauðsynlegar eru til þess, að þau eigi við nú á tímum; er þess þar og getið, að haganlegast hafi þótt að greina frá aukatekjum þeim, er renna í landssjóð, gjöld þau, er greiða skal sýslumönnum og bæjarfógetum í einstöku tilfellum, og taka þau upp í sjerstakt lagafrumvarp ásamt dagpeningum þeim og borgun fyrir ferðakostnað, er embættismönnum þessum ber fyrir ýms embættisverk. Í lagafrumvarpi því, er hjer liggur fyrir, hefur því verið safnað saman hinum ýmsu ákvæðum um gjöld þau, er greiða skal embættismönnum þessum, og talin upp þau embættisverk, sem þeir eiga að fá fyrir dagpeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað, þá er þeir þeirra vegna hafa orðið að takast ferð á hendur.

Akvæðin í lagafrumvarpi þessu eru í öllu verulegu samræm núgildandi lögum og rjettarvenju. Þó er eigi svo um 2 atriði. Fyrst er það, að ætlazt er til, að ritlaunin eða borgun fyrir eptirrit úr embættisbókunum eða af skjölum í skjalasöfnum embættanna leggist embættismönnunum sjálfum, en samkvæmt 1. gr. í lögum nr. 24 14. desember

1877 renna þessi gjöld í landssjóð, og í öðru lagi er ætlazt til, að sýslumenn og bæjarfógetar fái dagpeninga og borgun fyrir ferðakostnað optar en á sjer stað eptir lögum þeim, er nú gilda. Að því er fyrra atriðið snertir, skal skírskotað til athugasemdanna við 1. kafla lagafrumvarpsins um aukatekjur þær, er renna skulu í landssjóð. En frá síðara atriðinu skal hjer greint.

Eptir hinni núgildandi aukatekjureglugjörð fá tilgreindir embættismenn dagpeninga og enðurgoldinn ferðakostnað, þegar þeir í eiginlegum dómsmálum, skoðunar-, rannsóknar-, skiptis- og öðrum þess konar gjörðum eru frá heimili sínu; enn fremur fá þeir enðurgoldinn ferðakostnað við fógeta- og nótarialgjörðir og fyrir fógetagjörðir fá þeir hærra gjald en ella, þegar gjörðin stendur lengur yfir en 8 stundir á dag, og þegar uppboðsgjald er ákveðið, kemur stundum nokkuð líkt þessu til greina, sjá 45., 46. og 48 gr. aukatekjureglugjörðarinnar; en svo er bætt við þetta almennu ákvæði um það, að þeir skuli ávallt sjálfir endranær kosta ferðir sínar og uppeldi, nema skír heimild sje fyrir hinu gagnstæða í aukatekjureglugjörðinni. Það, að gjörður er þessi mismunur í aukatekjureglugjörðinni á hinum ýmsu gjörðum, er þar eru taldar, að því er dagpeninga og ferðakostnað snertir, stafar auðvitað frá því, að embættismennirnir áttu sjálfir að fá öll þau gjöld, er reglugjörðin ræðir um. Fyrir sumar af gjörðum þessum, t. a. m. uppboð og skipti, fengu embættismennirnir svo hátt gjald, að það var álitið nægilegt til þess að bæta þeim kostnað þann, er þær höfðu bakað þeim, og þótti þá eigi ástæða til að bæta þeim kostnað þennan sjerstaklega; en þegar öðruvísi þótti ástatt, var þeim annaðhvort veitt bæði dagpeningar og borgun fyrir ferðakostnað, eða þá hið síðar talda eingöngu. En eptir að lög þau, er nefnd hafa verið, 14. desember 1877, hafa gjört þá breytingu á þessu, að öll þau gjöld, sem boðin eru í aukatekjureglugjörðinni, skuli renna í landssjóð, að gjaldinu fyrir að rannsaka og rita á skjöl útlendra fiskiskipa einu undanskildu, er eigi lengur ástæða til þess, að gjöra þennan greinarmun á hinum ýmsu gjörðum embættismannanna, og það mun erfitt verða að færa neinar sennilegar ástæður fyrir því, að láta þá fá dagpeninga og borgun fyrir ferðakostnað, þá er þeir verða að takast ferð á hendur til þess að halda aukarjett í einkamali, en neita þeim um það, er þeir verða að takast ferð á hendur til þess að halda uppboð eða skipta búi. Til þess að vera sjálfum sjer samkvæmur, verður maður því annaðhvort að veita embættismönnunum rjett á dagpeningum og borgun fyrir ferðakostnað í hvert sinn, er þeir verða að takast ferðir á hendur til þess að gjöra embættisverk eptir beiðni einstakra manna, eða þá að láta þá fara allar slíkar ferðir á eigin kostnað. Í lagafrumvarpi þessu er því farið fram á, að embættismennirnir eigi rjett á dagpeningum og fararbeina ókeypis eða endurgjaldi á ferðakostnaði, ekki einungis þegar þeir verða að takast ferð á hendur til þess að taka fyrir einkamál, hvort sem það nú kunna að vera eiginleg dómsmál eða skoðunar-, rannsóknar-, skiptis- eða aðrar þesskonar gjörðir, heldur og þegar um fógeta-, skipta-, uppboðs- og nótarialgjörðir er að ræða.

Að því er snertir hinar einstöku greinir frumvarpsins, skal þess getið, er nú segir:

Um 1. gr.

Ákvæðin í þessari gr. eru tekin orðrjett eptir 1. gr. laga nr. 28. 17. desember 1875.

Um 2. gr

Gjöld þau, er sýslumenn og bæjarfógetar fá sem skipskráningarstjórar, sbr. farmannalög 22. marz 1890, 17. gr. og leiðarvísi 15. nóvember sama ár, 18. og 19. gr., sbr. 23. gr., eru til frekari nákvæmni tekin upp í frumvarpið.

Um 3. gr.

Að því er snertir ákvæðin í þessari gr., skal skírskotað til þess, sem hjer að framan er sagt um það, að ritlaunin leggist embættismönnum sjálfum, og til 7, 9., 10., 13. og 79. gr. aukatekjureglugjörðarinnar.

Um 4. gr.

Enda þótt dagpeningar þeir, 2 kr. á dag, sem dómarar í hjeraði fá samkvæmt opnu brjefi 21. marz 1800, þegar þeir takast ferð á hendur vegna sakamála eða annara opinberra mála, sje ærið lítil borgun, hefur þó eptir atvikum eigi þótt ástæða til þess að fara fram á hækkun á henni.

Um 5. og 6. gr.

Að því er ákvæðin í greinum þessum snertir skal sumpart skírskotað til þess, er hjer að framan er getið, sumpart til 15. og 16., sbr. 19. og 78. gr. aukatekjureglugjörðarinnar.

Um 7. gr.

Akvæði þetta er í samræmi við rjettarvenju þá, er nú er fylgt.

Um 8. gr.

Ákvæðin í þessari gr. eru tekin hjer upp eptir 21. gr. í lögum um skipströnd 14. jan. 1876, með þeirri breytingu, að hlutaðeigandi lögreglustjóri er líka látinn fá dagpeninga þá daga, sem uppboðið stendur yfir. Þareð uppboðsgjaldið nú rennur í landssjóð, er eigi lengur ástæða til þess að undanskilja þessa dagana.

Um 9. gr.

Samkvæmt 9. gr. laga 14. jan. 1876 um tilsjón með útflutningum skal greiða lögreglustjóra 20 kr. fyrir hvert útflutningaskip, er hann skoðar, og þurfi hann að verja til þess lengri tíma en einum degi, skal ennfremur greiða honum 6 kr. um hvern dag, er hann ver til þess lengur. Þareð gjald þetta rennur nú í landssjóð, er það álitið hæfilegt, að lögreglustjóri fái 6 kr. á dag og sömuleiðis endurgjald fyrir ferðakostnað, ef hann þarf að takast ferð á hendur til þess að geta haft hið lögboðna eptirlit með útflutningaskipum.

Um 10. gr.

Að því er snertir ákvæðið í þessari gr. skal skírskotað til 19. gr. í tilskipun um skipamælingar 25. júni 1869.

Um 11. gr.

Það hefur verið álitið rjettast í lagafrumvarpinu um aukatekjur þær, er renna í landssjóð, að ákveða gjöld fyrir vottorð þau, sem ræðir um í 2. og 3. gr. laga nr. 10, 11. febrúar 1876; og á sama hátt virðist og ástæða til þess að ákveða, að lögreglustjóri skuli fá dagpeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað, þegar hann verður að takast ferð á hendur til rannsókna þeirra, er nauðsynlegar eru í þessu skyni. Og virðist hvorttveggja hæfilega metið á sama hátt, og þegar um skipamælingar er að ræða.

Um 12. gr.

Grein þessi er samhljóða 81. gr. aukatekjureglugjörðarinnar að öðru leyti en því, að hegningin getur eigi farið fram úr 100 kr. sekt.

Um 13. gr.

Það er vitaskuld, að lög þessi hafa engin áhrif á innheimtulaun sýslumanna og bæjarfógeta samkvæmt tilskipun 26. febrúar 1872 um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, 10. gr., lögum 11. febrúar 1876 um aðflutningsgjald á tóbaki, 3. gr., lögum 4. nóvember 1881 um útflutningsgjald af fiski og lýsi o. fl., 8. gr. og lögum 9. ágúst 1889 um aðflutningsgjald á kaffi og sykri, 9. gr., nje heldur á dagpeninga þá og endurgjald fyrir ferðakostnað, er sýslumenn fá sem formenn sýslunefndanna samkvæmt tilskipun 4. maí 1872 um sveitastjórn á Íslandi, 33. gr. En til frekari nákvæmni hefur þó þótt rjettast að geta aukatekna þessara í frumvarpinu.

Frumvarp til laga

um

sjerstök eptirlaun handa Páli sögukennara Melsteð.

(Lagt fyrir alþingi 1893.)

Páli sögukennara Melsteð veitast 1,800 kr. árlega úr landssjóði í eptirlaun frá 1. degi októbermánaðar 1893.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sögukennari við lærða skólann í Reykjavík Páll Melsteð er nú á 81. árinu og treystist hann eigi fyrir elli sakir til að gegna kennslustörfum sínum svo vel fari lengur en yfirstandandi ár; hefur hann sótt um, að sjer yrðu veittar 1,800 kr. árlega í eptirlaun frá 1. janúar 1894.

Það er, eins og alkunnugt mun vera, mjög viðurkenningarvert, hvað Páll Melsteð hefur afrekað um lífdagana, bæði er hann um stundar sakir hefur gegnt ýmsum valdsmannsembættum, og á alþingi, en þó fyrst og fremst sem sagnaritari og kennari í sagnafræði, einkum við lærða skólann í Reykjavík, en við þann skóla hefur hann verið sögukennari í 25 ár. Hann hefur aldrei verið fastur embættismaður í nokkurri þeirri stöðu, sem samfara er rjettur til eptirlauna. En þegar þess er gætt, að hann í raun og veru hefur unnið í þjónustu landsins yfir 40 ár, og ætíð gegnt störfum þeim, er honum hafa verið falin, með nákvæmni og samvizkusemi, og enn fremur þess, að hann hefur átt þýðingarmikinn þátt í uppfræðslu almennings, mun að líkindum öllum finnast það sanngjarnt, að honum verði nú, er hann verður að hætta starfa sínum, veitt úr landssjóði svo mikil eptirlaun, að hann hvað efnahag snertir geti lifað áhyggjulausu lífi á elliárum sínum. En til þess virðast eptirlaunin eigi geta verið lægri en laun þau, er honum hafa verið veitt á fjárlögunum hin síðari árin, eða 1,800 kr.

Eptir tillögu landshöfðingja er farið fram á, að eptirlaunin verði veitt frá 1. október næstkomandi, sakir þess, að kennaraskipti við lærða skólann eru hentugri á þeim tíma árs en við nýjár, að því er niðurröðun kennslunnar snertir.

Frumvarp til laga

um

sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum.

(Lagt fyrir alþingi 1893.)

1. gr.

Nú er veðsett eign seld við nauðungar-uppboð, eður hún er fengin veðhafa til eignar af skiptaráðanda eða fógetarjetti, án þess að síðari veðhafar hafi getað fengið borgun af þeirri upphæð, er hún var seld eða látin fyrir, og skal þá um afmáun úr veðmálabókunum á veðskuldabrjefum þeim, er þeim hafa verið gefin, er eigi hafa fengið borgun, farið eptir því sem segir í opnu brjefi 22. apríl 1817, þó þannig að auglýsingar þær, er 3. gr. getur um, einungis skulu birtar í blaði því á Íslandi, er birta skal í opinberar auglýsingar.

2. gr.

Áður ár er liðið frá því, að lög þessi öðlast gildi, skulu sýslumenn og bæjarfógetar, hver í sínu lögsagnarumdæmi, innkalla eptir reglum þeim, er venja er til um stefnur til ógildingardóma, handhafa að öllum þeim veðskuldabrjefum fasteigna, sem eru orðin 20 ára gömul, þá er lög þessi öðlast gildi, og sem þó finnast óafmáð í afsals- og veðmálabókum lögsagnarumdæmanna, ef álitið verður eptir skýrslum þeim, er fengnar hafa verið frá hlutaðeigendum — en þar með skal ávalt talinn eigandi hinnar veðsettu eignar — að þau sjeu eigi lengur í gildi. Undanskilin eru veð í fasteign, er standa skulu um aldur og æfi eða um alla lífstíð eins eða fleiri eða tiltekinn tíma, er meiri sje en 20 ár og eigi er liðinn, áður en lögin öðlast gildi.

Þegar ár er liðið frá því, að lög þessi öðlast gildi, getur innköllun eptir þeim eigi lengur átt sjer stað.

3. gr.

Um þau veðskuldabrjef, er enginn gefur sig fram með á þeim degi, er í stefnunni var tiltekinn, eða áður, skal þá með dómi ákveða, að þau megi afmá úr veðmálabókunum, og skal það síðan gjört.

Nú gefur einhver sig fram með innkallað veðskuldabrjef til þess að halda því í gildi, og skal þá bóka athugasemd um það í dálki eignarinnar í afsals- og veðmálaregistrinu og eins rita hana á sjálft brjefið.

Nú kemur einhver fram og skýrir frá, at innkallað veðskuldabrjef sje enn í gildi, en að það hafi glatazt fyrir honum, og skal honum þá veittur frestur, eigi styttri en 3 mánuðir og eigi lengri en 6 mánuðir, til þess að færa sönnun á það fyrir dómritaranum, að sá, er hefur hina veðsettu eign, kannist við veðskuldbindinguna, eða að hann hafi gjört nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fá hana viðurkennda með dómi. Gjöri hann hvorugt af þessu, skal veðskuldabrjefið afmáð, en að öðrum kosti skal beðið dóms í málinu, áður en lengra er farið.

4. gr.

Í málum þeim, er ræðir um í 2. gr., skal engin gjöld greiða. Kostnaður við birting á stefnunum greiðist úr landsjóði.

Fyrir afmáun, bókun og áritun eptir 3. gr. skal ekkert borga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í afsals- og veðbrjefabókunum munu um allt land finnast margir gamlir veðmálar í fasteignum, sem eigi hefur verið hirt um að aflýsa, enda þótt það um marga af þeim sje víst og um enn fleiri sje full ástæða til að ætla, að skuldin, er með veðinu var tryggð, sje fyrir löngu fallin burt, án þess þó hægt sje að lögum að afmá veðmálann, þarsem veðbrjefið sjálft er horfið. Það er auðskilið, að þetta sje mjög óþægilegt fyrir eigendur, þá er þeir vilja selja eða veðsetja eignir sínar, og hefur það líka meðal annars haft þau óþægindi í för með sjer fyrir lánstofnanir landsins, að þær hafa ekki getað fengið hrein veðbrjef (án athugasemda) fyrir lánum sínum, heldur hafa orðið að sætta sig við þær líkur, sem eru fyrir því, að þess háttar eldri veðskuldabrjef verði eigi notuð. Landshöfðingi hefur því farið þess á leit, að reynt verði að ráða bót á þessu með nýjum lögum, og að um leið verði tekin af öll tvímæli um það, að opið brjef (frá kansellíinu) 22. apríl 1817 um afmáun veðskuldabrjefa, þá er nauðungaruppboð er haldið, og skuldareigendur fá eigi borgun af söluverðinu, sje lög á Íslandi, en um það hafa menn hingaðtil verið í nokkrum vafa.

Lagafrumvarp það, er að framan er skráð, er í þeim tilgangi samið að ráða bót á þessu hvorutveggja. 1. gr. frumvarpsins á við um síðara atriðið. Ákvæðið um, að auglýsingar þær, er ræðir um í 3. gr. í op. br. 22. apríl 1817, skuli aðeins birtar í blaði því á Íslandi, er birta skal í opinberar auglýsingar, er samkvæm rjettarvenju. Um fyrra atriðið eru hinsvegar 2.—4. gr. frumvarpsins.

Landshöfðingi hefur í þessu efni farið fram á þá aðalreglu, að það verði gjört að skilyrði fyrir því, að veðbrjefum sje haldið í gildi, að þau sjeu þinglesin 20. hvert ár, en stjórnarráðinu hefur þótt rjettara að fara eigi fram á svo mikið, heldur að gjörðar verði aðeins einskonar bráðabirgða-ráðstafanir, til þess að hreinsað verði til í veðbrjefabókunum í eitt skipti fyrir öll, en þó eigi meir en svo, að veðhafar fái fullt færi á því að halda við veðmálum sínum, ef svo reynist, að veðskuldin sje enn til, þótt gömul sje. Frumvarpið fer því í líka átt og tilskipun fyrir Danmörku 28. marz 1845, 17. gr., smbr. og lög fyrir Færeyjar 11. marz 1892, þarsem það fer því fram, að bæjarfógetum og sýslumönnum skuli falið að innkalla á næsta ári, eptir að lögin öðlast gildi, handhafa að nálega öllum veðbrjefum, sem eru eldri en 20 ár og standa óafmáð í veðmálabókunum, eptir að þeir fyrst um það hafa leitað álita hlutaðeiganda, þar á meðal sjerstaklega eigenda hinna veðsettu eigna, og að þeir því næst að úthlaupnum fresti skuli afmá úr bókunum þau af veðbrjefum, er enginn kemur fram með, eða færir sönnur á, að enn sjeu til.

Frumvarpið er þó í verulegum atriðum frábrugðið hinum dönsku lögum. Er það fyrst, að óþarft hefur þótt að dómritara sje veitt leyfisbrjef til þessara ráðstafana, því að það eru lögin sjálf, er veita heimild til þess það eina ár, er þessa aðferð má við hafa. Því næst er þeim eigi aðeins veitt heimild til þess að fara fram eptir því, sem lögin leggja fyrir þá, heldur skulu þeir vera skyldir til þess. Loks er það, að því er snertir veðbrjef þau, er lögin ná til, að það á eina hliðina er dómritaranum í sjálfs vald sett að ákveða það eptir atvikum, t. d. erfiðleikum, er á kunna að vera o. s. frv., frá hverjum hann skuli krefjast yfirlýsinga, áður innköllun sje gefin út, nema hvað ætíð skal leitað álits eiganda hinnar veðsettu eignar, og að hins vegar eru undanskildir sjerstakir flokkar af veðmálum, sem sje við í fasteignum, er standa eigi um aldur og æfi, eða um alla lífs tíð eins eða fleiri eða tiltekinn tíma, er lengri sje en 20 ár, og eigi er útrunninn, þá er lögin öðlast gildi.

Um ákvæðin í 4. gr. um gjöld og borgun fyrir auglýsingar þykir ekki þörf að orðlengja.

Frumvarp til laga

um

brúargjörð á Þjórsá.

(Lagt fyrir alþingi 1893.)

Landsstjórninni veitist heimild til að láta gjöra járnbrú á Þjórsá á kostnað landssjóðs í nánd við bæinn Þjótanda, og að verja til þess allt að 75,000 kr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Síðan fyrst var tekið að ræða um brúargjörðina á Ölvesá, er lokið var árið 1891, hefur brúargjörð á Þjórsá jafnan verið sett í samband við hana, annaðhvort á þann hátt, að í ráði hefur verið að gjöra báðar brýrnar í einu, eða þannig, að talið hefur verið nauðsynlegt að gjöra brú á Þjórsá eins fljótt og auðið yrði eptir að Ölvesárbrúnni væri lokið, til þess að hún gæti orðið að fullum notum. Ýmsar bráðabirgða-rannsóknir hafa því þegar áður verið gjörðar til þess að finna hentugt brúarstæði á Þjórsá, og eins gjörði verkfræðingurinn U. v. Ripperda, sem af stjórnarinnar hálfu hafði umsjón með brúargjörðinni á Ölvesá, eptir ráðstöfun landshöfðingja nýja rannsókn í þessu skyni sumarið 1891. Stjórnarráðið hefur eigi verið í vafa um það, að leggja ætti sem fyrst fyrir alþingi lagafrumvarp um brúargjörð þá, sem hjer ræðir um, og fól því næst nefndum verkfræðingi að gjöra í þessu skyni uppdrætti og áætlanir til bráðabirgða, þannig að hægt yrði að fara eptir þeim og tilboðum þeim, er fram kynnu að koma, til þess að gjöra áætlun um það, hve mikið fje þyrfti að fá veitt til brúargjörðarinnar.

Ripperda verkfræðingur hefur eindregið ráðið til þess að leggja fasta brú á ána, og hefur hann gjört uppdrætti sína og áætlanir um hana. Þess skal getið, að tilboð þau, sem fram eru komin, eru eigi skuldbindandi fyrir þá, sem hafa gjört þau, heldur aðeins til leiðbeiningar, en eptir þeim mun kostnaðurinn við brúargjörðina fara nærri því, er hjer segir:

Brúin sjálf úr járni (eptir lægsta tilboði)	kr.	36,000.
Flutningur á henni til Eyrarbakka (104 smálestir á 20 kr.)	—	2,080.
Timburhús og lausabrú til notkunar við brúargjörðina	—	3,000.
Flutningur á því frá Kaupmannahöfn til Eyrarbakka (11 smálestir á 25 kr.)	—	275.
Efni í brúargólfið látið af hendi á Eyrarbakka	—	1,600.
Fyrir að leggja brúargólfið	—	500.
Flutningur á öllu járn- og viðarefni, timburhúsi og flotabrú frá Eyrarbakka til brúarstæðisins	—	5,710.
Brúarstöplarnir (án steinlíms)	—	12,778. 75
200 tunnur af steinlími, fluttar að brúarstæðinu, 20 kr. hver	—	4,000.
Umsjón og óviss útgjöld	—	5,000.
samtals...	kr.	70,943. 75

En þar sem verðbreytingar verða jafnan, svo að járn og trje getur hækkað í verði og eins flutningskaup og vinnulaun, og ófyrirsjeðir erfiðleikar komið til, verður að hafa nokkru meira fje til umráða en þetta, og ætlum vjer, að 75,000 kr. sje það minnsta, sem farið verður fram á, eins og gjört er ráð fyrir í frumvarpinu. Alþingi mun verða gefinn kostur á að kynna sjer alla uppdrætti, áætlanir, tilboð og fl., er hjer að lýtur.

Eins og kunnugt er, greiddu amts- og sýslusjelög þau, er Ölvesárbrúin einkum kemur að notum, talsverðan hluta af kostnaðinum við brúargjörðina, og kann það því að þykja kynlegt, að eigi skuli vera farið fram á eitthvað því um líkt í frumvarpi þessu. Stjórnarráðið hefur og í raun og veru verið í miklum vafa um það, hvort þess skyldi eigi krafizt, að Suðuramtið og sýslusjelög Rangárvallasýslu og Vesturskaptafellssýslu legðu fje til brúargjörðarinnar. Þar sem það þó hefur orðið ofan á samkvæmt tillögum landshöfðingja, að fara fram á, að allan kostnað við brúargjörðina skuli greiða úr landssjóði, þá ber einkum til þess það, að landshluti sá, sem mestan hag fær af brúnni, hefur hinsvegar sakir hafnaleysis alls engan hag haft af strandferðum þeim, er fje hefur í mörg ár verið veitt til af landssjóði, eins og framvegis og mun gjört verða; en af strandferðunum hafa hinir aðrir hlutar landsins allir notið góðs. Þótt nú ákvæðin um brúargjörðir á aðalpóstvegunum á kostnað landssjóðs í 3. og 22. gr. laga 10. nóvember 1887 um vegi einkum munu eiga við smærri og vanalegar brúargjörðir, þykir þó engu að síður vera næg ástæða til þess, þar sem landshluti þessi á hlut að máli, að leggja venju fremur mikið í sölurnar til þess að bæta samgöngurnar, og það því fremur, sem hann í efnalegu tilliti er meðal hinna bágar stöddu hluta landsins, og hinsvegar getur landssjóður, eins og nú er ástatt fyrir honum, vel staðizt kostnað þann, sem hjer er um að ræða.

Frumvarp til laga

um

hafnsögugjald í Reykjavík.

(Lagt fyrir alþingi 1893).

1. gr.

Í staðinn fyrir borgun þá fyrir hafnsögu, er ákveðin er í taxtanum frá 1. desbr. 1841, skal greiða af öllum verzlunar- og mannflutningaskipum og af útlendum fiskiskipum, er leggjast við akkeri á Reykjavíkur höfn, 10 aura í hafnsögugjald þar af hverri smálest hinna fyrgreindu skipa og 5 aura af hverri smálest hinna síðartöldu. Gjald þetta skal greiða fyrsta sinnið, að skipið kemur á Reykjavíkur höfn á árinu, hvort sem það notar hafnsögu eða eigi, en komi það optar á sama ári, skal gjaldið eigi optar greiða, nema þegar það notar hafnsögumann.

2. gr.

Bæjarfógeti innheimtir gjald það, er ákveðið er í 1. gr., um leið og hann skoðar skjöl hlutaðeigandi skips, og skal því varið til launa handa manni þeim eða mönnum, er skipaðir eru til hafnsögu fyrir Reykjavíkur kaupstað.

Skyldur er hlutaðeigandi hafnsögumaður að skýra bæjarfógeta í hvert skipti frá því, er skip, er þegar hefur greitt gjaldið, notar hafnsögu á inn- eða útleið á öðrum ferðum á sama ári.

3. gr.

Að því er snertir herskip, skemmtiskip og innlend fiskiskip, þá skulu þau fyrirmæli enn standa um notkun hafnsögu og borgun fyrir hana, er nú eru í gildi.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1894.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vegna þess, að skipum þeim hefur mjög fækkað, er nota hafnsögu á leið til Reykjavíkur eða út þaðan, og tekjurnar af hafnsögunni samkvæmt taxtanum fyrir hafnsögu í Reykjavík og Hafnarfirði frá 1. des. 1841 því hafa minnkað til muna, hefur sú raun á orðið, að ómögulegt hefur verið að halda hafnsögunni við með þessum tekjum einum, og hefur því orðið að taka til þess upp á síðkastið að veita hafnsögumönnum 200 kr. ársviðbót úr hafnarsjóði Reykjavíkur.

Það þykir nú ekki rjett að hafa tekjur hafnarinnar í Reykjavík til annars en umbóta á henni sjálfri, og hefur bæjarfógeti því farið þess á flot fyrir hönd hafnarnefndarinnar og fengið til þess meðmæli landshöfðingja og amtmanns, að reynt verði að útvega fje til þess á annan hátt að halda við hafnsögunni, og hefur hann lagt það til, að lagt verði með lögum svo mikið gjald á skip þau, er til Reykjavíkur koma, sem þörf er á í þessum tilgangi.

Þegar nú hugleiða skal þetta mál, þá ber á það að líta, að þar sem ræðir um aðra eins höfn og Reykjavíkur, er það alveg sjálfsagður hlutur, að halda verður við þar fastri reglubundinni hafnsögu, en að það hinsvegar varla getur komið til greina, eins og innleiðin þangað er, og eptir því sem venja er til annarsstaðar í slíkum efnum, að koma þar á reglulegri hafnsögu-þvingun, eða skyldu fyrir skip að nota hana. Það kemur þá til greina, hvort rjett sje að leggja nýtt gjald á skip, er til Reykjavíkur koma, eins og stungið er upp á, eða hvort eigi sje rjettar að láta hafnarsjóð bæjarins bera framvegis þá byrði að borga hafnsögumönnum nauðsynlega viðbót við tekjur þeirra, og hefur þetta tillag hingað til að minnsta kosti ekki verið svo mikið, að það hafi getað munað sjóðinn tiltölulega neinu verulegu, þar sem hann hefur ekki all-lítið fje til umráða, hjerumbil 35,000 kr. fjáreign og auk þess æðimiklar árlegar tekjur (smbr. hafnarreglugjörð 6. desbr. 1884).

Þar sem nú stjórnarráðið samt sem áður hefur álitið rjett að fylgja uppástungum hlutaðeigandi yfirvalda og koma fram með frumvarp þetta, er samið er samkvæmt tillögum landshöfðingja, þá hefur það einkum ráðið úrslitum, að æskilegt hefur þótt, að vinnufje hafnarsjóðsins tvístrist ekki í ýmsar áttir til allrahanda lítilfjörlegra ráðstafana, heldur haldist saman til þess mikla ætlunarverks, er fyrir hendi er, þar sem eru þær umbætur á þýðingarmestu höfn landsins, er samsvari nútíðar þörfum, og sem mikil nauðsyn er á, og þvínæst hefur það komið til greina, að gjald það, er fram á er farið að leggja á skipin, er ekki svo hátt, að það geti orðið til muna tilfinnanlegt.

Um hinar einstöku greinir frumvarpsins skal þess getið, er nú segir:

Við 1. gr.

Gjald það, er hjer er farið fram á, mun eptir skýrslum um skipaferðir á árunum 1888—92 nema 11—1200 kr. á ári, þar sem smálestatala þeirra verzlunar- og fiskiskipa, er komið hafa frá útlöndum til Reykjavíkur á þessum árum í fyrsta sinnið á árinu, hefur numið að meðaltali 8,240,6 smálestum verzlunarskipa og 6,412,2 smálestum fiskiskipa á ári hverju. Hin tilgreinda upphæð verður með þeirri borgun fyrir hafnsögu, sem síðasti kafli 1. greinar og 3. gr. geta um, nógu stór til þess að halda nægan liðsafla til hafnsögunnar; en til þess að svo sje, má hafnsögumaður enga aðra atvinnu stunda, er gæti tálmað honum í að vera til taks, hvenær sem hans hjálpar verður leitað, og því næst verður hann að vera svo vel launaður, að hann geti haldið mann sjer til aðstoðar, er fær sje um að gegna hafnsögu í forföllum hans.

Það þykir samkvæmt framansögðu vera óþarft að heimta gjald það af skipunum, er farið er fram á, í hvert skipti sem þau koma á sama ári frá útlöndum til Reykjavíkur, — og kæmi það einkum hart niður á póstgufuskipunum, — en hinsvegar er með síðasta kafla 1. gr. ætlazt til að koma í veg fyrir, að skip, er búin eru að borga hafnsögugjald einusinni á árinu, en svo koma optar á höfnina á sama ári, vanbrúki gjaldfrelsið í síðari skiptin, þannig að þau kann ske heimti hafnsögu í hvert skipti án allrar nauðsynjar, án þess að borga neitt fyrir.

Við 2. gr.

Aðferð þá, sem hjer er farið fram á að við hafa við innheimtu gjaldsins, má víst álíta hentuga, og skal þess getið, að eigi hefur þótt vera ástæða til þess að gjöra frekari ákvarðanir um innheimtu gjaldsins eða borgunar fyrir hafnsögu, en til eru í tilskipun 27 marz 1831, 11. og 13. gr., smbr. reglugjörð 1. des. 1841, 14. gr.

Við 3. gr.

Það getur að vísu ekki komið til greina að gjöra herskipum eða skemmtiskipum það að skyldu að nota hafnsögumann, eða að krefjast af þeim gjalds þess, sem 1. gr. ákveður, en hins vegar er heldur ekki ástæða til að losa þau við að greiða borgun fyrir hafnsögu, þegar þau hafa hafnsögumann, smbr. tilsk. 27. marz 1831, 28. gr. Það virðist því rjettast, að þessir flokkar skipa borgi fyrir hafnsögu, eins og hingað til hefur verið, samkvæmt taxtanum frá 1. des. 1841. Þá er því næst ræðir um innlend fiskiskip, þá eru þau vanalega svo smá, að ef ætti að reikna borgun fyrir hafnsögu, þá sjaldan sem þau nota hana, eptir gjaldákvæði 1. greinar, þá myndi hún nema svo örlitlu, að rjett hefur þótt að fara fram á, að fyrir þessi skip verði borgun fyrir hafnsögu líka talin eptir þeim reglum, sem til þessa hefur fylgt verið. Í þeim tilfellum, þar sem borga skal samkvæmt 3. gr. hafnsögupeninga, eins og hingað til hefur verið, verður víst hentast að þeir einsog til þessa verði borgaðir hafnsögumanni sjálfum.

Frumvarp til laga

um

breyting á 2. gr. í tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863.

(Lagt fyrir alþingi 1893.)

1. gr.

Hverjum þeim manni, sem er fullra 20 ára að aldri, er heimilt að leysa sig undan vistarskyldunni með því að taka leyfisbrjef hjá lögreglustjóra.

Fyrir leyfisbrjef skal karlmaður gjalda 10 kr. en kvennmaður 5 kr. Þó fellur gjald þetta burt, ef hlutaðeigandi hefur til þess meðmæli hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, þar sem hann á sveitfesti.

2 gr.

Sá, er vill fá leyfisbrjefið, skal það taka í síðasta lagi á manntalsþingi næsta eptir hinn almenna hjúaskildaga, þá er hann gekk úr fastri vist.

3 gr.

Lög þessi öðlast gildi 14. maí 1894.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Það mun erfitt að bera á móti því, að vistarskyldan, sem lög Íslands hafa haldið við allt til þessa, og sem hvílir á miklum hluta þjóðarinnar, sje eigi vel samrýmandi við meginreglur þær, er ráða hjer og annarsstaðar að því, er til frelsis einstaklinganna kemur, og um jafn- og fullrjetti manna til atvinnu hverrar. Áður fyrri hefur þessi takmörkun á atvinnufrelsinu þótt nauðsynleg til almenningsheilla, en er litið er til þess, í hvaða horfi atvinnulífið er nú á dögum, þykir mega ætla, að nauðsyn á þessu sje nú eigi lengur mjög mikil, enda hafa og nú á síðari tímum heyrzt æ fleiri og sterkari raddir, er krefja afnáms þessarar nauðungarskyldu. Málið hefur hvað eptir annað verið rætt á alþingi, og þar munu menn nú að miklu leyti komnir að fastri niðurstöðu um ýms höfuðatriði; þykir því nú kominn tími til þess, að stjórnin taki að sjer þetta velferðarmál til þess að reyna að leiða það til góðra lykta.

Vjer erum um það samdóma landshöfðingja, er lagt hefur til, að fyrir þingið verði lagt frumvarp um málið, að naumast tjái að afnema vistarskylduna allt í einu og án allrar takmörkunar. Að afnema hana til fulls á að vera takmarkið, en yrði það gjört allt í einu, mundu umskiptin verða of snögg, og gæti það haft ýmsar óheppilegar afleiðingar í eptirtogi, er eigi verða til fulls metnar. Það er hætt við, að daglaunamennskan, svo frjáls og óbundin sem hún er, myndi í fyrstunni hafa það aðdráttarafl, einkum á unglinga, að allur fjöldinn hafnaði föstum vistarráðum, og yrðu daglaunamenn svo margir, að þeir utan heyanna og vertíða gætu eigi haft ofan af fyrir sjer og það því síður, sem bændum mundi ekki nema smám saman lærast að nota daglaunamenn í stað hjúa. Það mun því hvorum tveggju í hag vera að leita meðalvegs að svo komnu.

það er fyrir þessa hugleiðing, að vistarskyldunni er haldið í frumvarpinu sem aðalreglu fyrir þá, er hún hvílir nú á, en að þeim um leið er gjört miklu hægra fyrir að losast undan henni, þarsem borgunin er færð niður úr 1 hdr. á landsvísu fyrir karlmann í 10 kr. aðeins, og úr $^1/_2$ hdr. fyrir kvennmann í 5 kr. Er gjört ráð fyrir því, að það, að menn verða að útvega sjer leyfisbrjef til lausamennsku og borga fyrir það, þótt eigi sje nema lágt gjald, verði til þess, að menn ráðist eigi í fljótfærni og óumhugsað í það, að leysast undan vistarskyldunni, en hinsvegar geti þessi skilyrði eigi aptrað neinum, sem á annað borð er fastráðinn í að vilja verða laus. Auk þess er því haldið fram, að borgun skuli falla alveg burt fyrir þá, er hafa meðmæli til þess frá hreppsnefnd eða bæjarstjórn þar, er þeir eiga sveitfesti, en það eru þær, sem verða fyrir afleiðingunum, ef þeir verða til sveitarþyngsla.

Stjórnarráðið hefur nú fylgt að öllu leyti tillögum landshöfðingja í þessu máli, nema hvað aldur þeirra snertir, er kaupa megi leyfisbrjef til lausamennsku. Hefur landshöfðingi ekki farið fram á aðra breyting í því efni en þá, að leyfið sje eigi bundið við 25 ára aldurinn, heldur því, að hlutaðeigandi sje fullveðja. En á síðasta alþingi hafa báðar þingdeildir verið samdóma um það í atkvæðagreiðslum sínum um málið, að færa aldurstakmörkin úr 25 í 20 ár, og þykir þá stjórnarráðinu rjett að halda sjer til þessa. Vjer gjörum að vísu ekki lítið úr þeim ástæðum, er landshöfðingi hefur til síns máls, að ungmenni venjist í hjúastöðunni á reglu og hlýðni, fái tækifæri á að kynnast margbreyttari heimilisstörfum í henni en í daglaunamennsku og verði hlutgengari reglubundins heimilislífs. En ef þeim verður fyrst leyft að losast undan vistarskyldunni, er þau eru orðin tvítug, munu þau eignast þessi gæði allt eins að nokkru leyti, þótt á minni tíma sje, og því næst er það, að hin fasta hjúastaða mun eigi vera alveg annmarkalaus, jafnvel eigi fyrir hið unga vinnufólk. Einkum mun eflaust opt þeirri iðjusemi vera mjög ábótavant, er hjú eru vanin á á öðrum tímum árs, en þá er annir eru miklar, að minnsta kosti hvað vinnumenn snertir, og opt og einatt hvað og lítið taka til þeirrar hlýðni og auðsveipni, er hjú venjast á gagnvart húsbændum sínum. En það, sem hefur ráðið úrslitum hjá stjórnarráðinu í þessu máli, er þó hugleiðingin um það, að í slíkum málum og þessum, þar er ræðir um að skerða grundvallarreglur, er alment eru viðurkenndar, og sem þvíaðeins verður rjettlætt, að hægt sje að benda á alveg sjerstaklegt ástand, á verulega hagsmuni í mannfjelaginu, er sje þess sjerstaklega eðlis, að þeim sje hætta búin, sje engar skorður settar, beri stjórninni eigi að fara fram á frekari takmarkanir en alþingi, þarsem það hefur eigi aðeins nákvæma þekking á því ástandi, er á að gjöra það nauðsynlegt að setja atvinnufrelsinu sjerstök takmörk, en það er í raun og veru einmitt þingið, þingmenn, er þeir hagsmunir varða mestu, er álitið er að þarfnist þessara takmarka, og sem á að vera hætta búin, ef losað er um böndin.

Þarsem hinsvegar var lögð mikil áherzla á það í umræðunum á síðasta alþingi, að nauðsyn beri til, að þeir, er losast undan vistarskyldunni, hafi fast heimili og setji trygging fyrir greiðslu lögboðinna gjalda til hins opinbera, þá er stjórnarráðið samdóma landshöfðingja um það, að eigi beri að fara fram á nýjar skorður í því tilliti, og að minnsta kosti megi ekki setja slíkar skorður, er yrðu til þess að gjöra svo að segja að engu nýtan rjettinn til að losast undan vistarskyldunni. Þess ber vel að gæta, að það er að sjálfsögðu samfara lausamennskunni, að þeir, er í henni eru, leiti sjer atvinnu í ýmsum sveitum á ýmsum tímum árs, og hin gildandi ákvæði í tilsk. 26. maí 1863 9. gr. 2. lið, virðast setja nægar skorður við flakki; yrði farið fram á meiri skorður, er hætt við, að tilgangi frumvarpsins verði ekki náð.

Þarsem þeir optsinnis geta átt langar leiðir til lögreglustjóra, er losast vilja undan vistarskyldunni, og þeim hinsvegar mundi almennt veita erfitt að afreka þau mál brjeflega, er loks farið fram á það, að nóg sje, að þeir fái sjer leyfisbrjefið á manntalsþingunum, þótt þau sjeu haldin allt að þrem vikum síðar en hinn almenni hjúaskildagi.

Frumvarp til laga

um

atvinnu við siglingar.

(Lagt fyrir alþingi 1893).

1. gr.

Með takmörkum þeim, sem sett eru í lögum þessum, skal öllum vera heimilt að leita sjer atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

2. gr.

Rjettur á að vera skipstjóri á íslenzku skipi á innanlands-siglingum skal bundinn því skilyrði, ef skipið er meira en 12, en ekki yfir 100 smálestir, að hlutaðeigandi hafi fengið skýrteini sem skipstjóri á innanlands-siglingum.

3. gr.

Rjettur á að vera skipstjóri á íslenzku skipi, sem er meira en 100 smálestir, á innanlands-siglingum, og skipstjóri á íslenzku skipi, af hvaða stærð sem er, á utanlands-siglingum, er bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið skýrteini sem skipstjóri á utanlands-siglingum.

Sje um gufuskip að ræða, er rjetturinn ennfremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið viðaukaskýrteini það, sem getur um í 12. gr.

4. gr.

Rjettur á að vera stýrimaður á íslenzku seglskipi, sem er meira en 100 smálestir, á innanlands-siglingum, er bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið skýrteini sem stýrimaður á innanlands-siglingum.

5. gr.

Rjettur á að vera stýrimaður á íslenzku gufuskipi, sem er meira en 100 smálestir, á innanlands-siglingum, og á íslenzku skipi, af hvaða stærð og tegund sem er, á utanlands-siglingum, er bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið skýrteini sem stýrimaður á utanlands-siglingum.

Ef um gufuskip er að ræða, er rjetturinn ennfremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið viðaukaskýrteini það, er greinir um í 12. gr.

Viðaukaskýrteini það, sem ræðir um í gr. þessari og 3. gr., er þó óþarft, ef hlutaðeigandi hefur staðizt hið almenna danska stýrimannspróf, eða annað próf, er jafngildir því eptir dönskum lögum.

6. gr.

Ekkert íslenzkt skip má afgreiða frá nokkurri höfn á Íslandi eða láta fara frá Íslands sæ til ferða milli Íslands og annara landa, nema því að eins að á því sje til starfa að minnsta kosti einn stýrimaður auk skipstjóra, og sje um gufuskip að ræða, sem er meira en 300 smálestir, þá 2 stýrimenn.

Ekkert íslenzkt skip, sem meira er en 100 smálestir, má afgreiða eða láta fara á innanlands-siglingar, nema því að eins að á því sje til starfa að minnsta kosti einn stýrimaður auk skipstjóra. Í stað stýrimanns má þó á seglskipum koma sjóæfður maður, sem hefur vottorð frá 2 skipstjórum um það, að þeir hafi komizt að raun um það annaðhvort með því að prófa hann eða, þá er hann hefur verið í förum með þeim, að hann kunni að stýra skipi, hvort sem til lands sjer eða eigi.

Þá má eigi heldur afgreiða nokkurt íslenzkt gufuskip, eða það fara á neinar siglingar frá neinum stað við Ísland, nema því að eins, að skilyrðum þeim sje fullnægt, sem sett eru í reglugjörð þeirri um gæzlu á gufuvjel skipsins, er því hefur verið fengin samkvæmt 13. gr., og sem tiltekur um tölu og kunnáttu þeirra manna, er til gæzlu skulu settir við vjelina.

7. gr.

Til þess að öðlast skýrteini sem skipstjóri á innanlands-siglingum útheimtist:

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið minna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
b) að hann eptir það hafi verið í förum að minnsta kosti 1 ár;
c) að hann hafi rjett innfæddra manna eða sje heimilisfastur í Danaveldi;
d) að hann sje fullveðja;
e) að hann hafi ekki orðið sekur að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;
f) að hann sanni, að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

8. gr.

Til þess að öðlast skýrteini sem skipstjóri á utanlands-siglingum útheimtist auk skilyrða þeirra, sem talin eru í 7 gr. liðunum c—f:

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið meira stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík eða hið almenna danska stýrimannspróf eða annað það próf, er hefur sama gildi eptir dönskum lögum;
b) að hann eptir það hafi verið í förum sem stýrimaður í 2 ár og á þeim tíma farið tvisvar milli landa, eða að hann hafi jafnlangan tíma gegnt þeim störfum og verið í þeim förum á dönsku skipi, er samsvari þeim er áður segir.

9. gr.

Til þess að öðlast skýrteini sem stýrimaður á innanlands-siglingum útheimtist:

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið minna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;
b) að hann eptir það hafi verið í förum að minnsta kosti 4 mánuði;
c) að hann hafi eigi verið dæmdur í hegningarvinnu fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;
d) að hann sanni, að sjón hans sje svo fullkomin, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

10 gr.

Til þess að öðlast skýrteini sem stýrimaður á utanlands-siglingum útheimtist auk skilyrða þeirra, sem talin eru í 9 gr. liðunum c. og d.:

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið meira stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík, eða hið almenna danska stýrimannspróf, eða annað próf, er hefur sama gildi eptir dönskum lögum;

b) að hann eptir það hafi verið 8 mánuði í förum.

11 gr.

Þeir, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru hjer að framan, eiga heimtingu á að fá skýrteini þau, sem talin eru í 7.—10. gr. Skýrteini þessi skal rita eptir fyrirmynd, er landshöfðingi lætur til búa, og skulu þau gefin út af lögreglustjóra á þeim stað, þar sem hlutaðeigandi er búsettur, eða, sje hann hvergi búsettur í landinu, þar sem hann eða umboðsmaður hans, sje hann sjálfur erlendis, er staddur, þá er beiðnin kemur fram.

Fyrir skipstjóra-skýrteini skal greiða 4 kr., er renna í landssjóð. Fyrir stýrimannsskýrteini skal ekkert gjald greiða.

Nú vill einhver eigi hlíta úrskurði lögreglustjóra, að því er snertir útgáfu skýrteinis, og skal hann þá senda kæru sína amtmanni áleiðis til landshöfðingja, og gjörir landshöfðingi þá út um málið; en við það skerðist eigi rjettur hans til þess að leita dómsákvæðis í þessu máli.

12. gr.

Sá, er öðlazt hefur skýrteini sem skipstjóri eða sem stýrimaður á utanlands-siglingum, og sem þvínæst færir sönnur á það annaðhvort með vottorði um, að hann hafi staðizt próf í gufuvjelafræði í Danmörku, eða á annan hátt, að hann hafi þá þekkingu á gufuvjelum, sem nauðsynleg er til þess að vera skipstjóri eða stýrimaður á gufuskipi, á kost á að fá viðaukaskýrteini þessu til sönnunar hjá landshöfðingja.

13. gr.

Á hverju íslenzku gufuskipi skal vera reglugjörð um gæzlu á gufuvjelinni, er ráðgjafinn fyrir Ísland gefur út; skal í henni gjöra ákvæði um það eptir skýrslum þeim, sem fram eru komnar um hestaafl hlutaðeigandi vjelar, hverjum skilyrðum vjelaliðið skuli fullnægja að því er snertir tölu og kunnáttu gæzlumanna.

Nú verður sú breyting gjörð síðar á vjel skipsins eða kötlum þess, að hestaaflið eykst að mun, og skal útgjörðarmaður þess þá skyldur til að útvega nýja reglugjörð.

14. gr.

Þegar sjerstaklega er ástatt, getur ráðgjafinn fyrir Ísland veitt undanþágur frá prófkröfum þeim og skilyrðum hvað sjóæfing snertir, sem greinir um í 7.—10. gr.; þetta skal einkum eiga sjer stað, þegar hlutaðeigandi sannar, að hann hafi staðizt samskonar próf erlendis og verið þar eins mikið í förum og tilskilið er.

15. gr.

Nú verður maður að lagadómi sekur um eitthvert það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hefur hann þá fyrirgjört skýrteini sínu sem skipstjóri.

Nú verður maður dæmdur í hegningarvinnu fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hefur hann þá fyrirgjört skýrteini sínu sem stýrimaður.

16. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 200 krónum; sje brotið ítrekað, geta sektirnar stigið allt að 400 krónum. Sektirnar renna í landssjóð.

Brot þessi sæta opinberri málssókn og með málin skal fara sem almenn lögreglumál.

17. gr.

Ákvæðið um það í opnu brjefi 27. maí 1859, að stýrimenn á dönskum skipum, sem gjörð eru út frá einhverjum stað á Íslandi, skuli eiga heima í hinu danska konungsveldi, er úr gildi numið.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. dag. janúarmánaðar 1895. Skilyrðin í 2.—5. gr. fyrir því að mega vera skipstjóri eða stýrimaður á skipi á innanlands-siglingum, ná þó eigi til þeirra, er stundað hafa atvinnu þessa fyrir 1. júlí 1893.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Það var tekið fram í athugasemdunum um stjórnarfrumvarp það, er lagt var fyrir alþingi 1889, um stofnun stýrimannaskóla á Íslandi, að í lögum Íslands væri engin ákvæði um það, hverjum skilyrðum rjettur til að stunda atvinnu sem skipstjóri eða stýrimaður skuli bundinn, og að þörfin á þesskonar ákvæðum verði æ meiri, því meir sem fjölgar íslenzkum skipum, einkum þeim, er ekki eru höfð til annars en fiskiveiða við strendurnar og til vöruflutninga innanlands. Þar var það líka tekið fram, að stjórnin hefði ekki áður reynt að ráða bót á þessu af því, að eigi stoðaði að setja lög um atvinnu við siglingar, áður en komið væri upp stýrimannaskóla á Íslandi, svo að hægt yrði í sjálfu landinu að afla sjer þeirrar þekkingar í siglingafræði, sem líka er ómissandi á innanlands ferðunum, og sem verður að vera eitt af aðalskilyrðunum fyrir því að geta stundað atvinnu sem skipstjóri eða sem stýrimaður. En þar sem nú er búið að stofna stýrimannaskóla í Reykjavík samkv. lögum 22. maí 1890, og kennt hefur verið í honum síðan 1. oktbr. 1891, virðist kominn vera tími til þess að setja með lögum þær skorður fyrir rjetti til að stunda atvinnu sem skipstjóri eða sem stýrimaður, sem þörf er á til verndar lífi manna og eignum. Ber þess að gæta, eins og tekið er fram af landshöfðingja, sem hefur lagt það til, að frumvarp um þetta efni verði lagt fyrir alþingi, að ef hver og einn ætti enn um tíma að geta stundað þessa atvinnu, svo að þeir stæðu engu nær en hver annar til þess að vera skipstjórar eða stýrimenn á íslenzkum skipum, er aflað hefðu sjer þekkingar í siglingafræði, þá mundi hvötin til að afla sjer þessarar þekkingar minnka, og skólinn ekki ná tilgangi sínum.

Sje nú þannig kominn sá tími, að hægt sje og rjett að koma á lögum á Íslandi um atvinnu við siglingar, væri það sjálfsagt ekki rjett að sneiða hjá því í þeim að gjöra ákvæði um þau sjerstöku skilyrði, er setja ber fyrir því að geta verið skipstjóri eða stýrimaður á gufuskipum íslenzkum eða halda gæzlu á gufuvjelunum þar. Að vísu má svo segja, að þörfin á slíkum ákvæðum sje að svo komnu ekki mikil, þar sem á Íslandi ekki eru enn sem komið er skrásettir nema 7 gufubátar, 25—40 smálestir að rúmmáli, sem eingöngu eru hafðir til hvalveiða og eru eign Norðmanna, er til Íslands hafa flutzt, og 1 skipdráttabátur, 24 smálestir, og á slíkum smágufuskipum og þessum er ekki farið fram á að venju að krefjast þess, að skipstjóri eða stýrimaður sjeu meiri þekkingu gæddir

en á seglskipum. En þessi mótbára hefur fyrst og fremst engin áhrif á aðalatriði málsins, þar sem ræðir um þá sjerstöku kunnáttu og æfingu, er krafizt er af þeim, er hafa eiga gætur á gufuvjelunum, og sem annarsstaðar útheimtist, enda þótt um mjög lítil gufuskip sje að ræða, og væri það í öllu falli ótækt að sleppa slíkum kröfum, þarsem útlit eru fyrir, að þess sje eigi langt að bíða, að íslenzk gufuskip verði höfð til mannflutninga; og því næst ættu lögákvæðin um atvinnu við siglingar að vera svo fullkomin, að þau gerðu líka ráð fyrir því, að fyrr eða síðar komist á svo stór íslenzk gufuskip, að nauðsyni beri til, að stjórnarmenn þeirra beri skyn á gufuvjelafræði. Því næst mætti segja, að í þessu tilliti sje eigi svo ástatt, eins og þegar um seglskip sje að ræða, að hægt sje í sjálfu landinu að afla sjer þeirrar kunnáttu, er þörf er á, heldur verði þess víst langt að bíða, að svo verði. En þetta er ekki neitt einstakt ástand, heldur ber hjer aðeins að sama brunni og í svo mörgum öðrum greinum, þar er ræðir um þekking í sjerstökum fræðigreinum, (t. d. þekking á læknislyfjum, verkfræðaþekking og á dýralækningum), að fátækt landsins er því til fyrirstöðu, að það geti sjálft borið önn fyrir slíkum hlutum. Þessarar kunnáttu verða menn því fyrst um sinn að afla sjer í útlöndum. Vjer álítum eigi þörf á því að ákveða með lögum nein tiltekin (dönsk) próf í þeim greinum, er ræðir um, enda myndi of erfitt veita að fylgja því boði, heldur ber að vorri hyggju að fela það umboðsstjórninni að setja þær kröfur, er þurfa þykir í hverju einstöku tilfelli, er sjálfsagt munu eigi verða mörg.

Það er auðvitað, að aðalákvæði lagafrumvarpsins eru um það, hverjum skilyrðum skuli bundinn rjettur til að stunda atvinnu sem skipstjóri eða stýrimaður. Hefur hjer þótt rjett að flokka niður, eins og gjört er í lögum Dana, þar sem hin ýmsu siglingapróf (stýrimannapróf, „setuskiparapróf“, „fiskiskiparapróf“) eru hvert um sig skilyrði fyrir að geta verið í tilsvarandi atvinnuflokkum við siglingar, og þvínæst í samræmi við stýrimannaskólalögin frá 22. maí 1890 að greina í hverjum flokki skipstjóra og stýrimanna aptur í tvo flokka eptir því aðalgreiningarmerki, sem gefur hvorum flokki sitt nafn, hvort stunda skal atvinnuveginn á innanlands- eða á utanlands-siglingum, en þó svo, að hin sömu skilyrði, sem sett eru fyrir því að geta stundað hana á utanlands-siglingum, skuli líka gilda á innanlandsferðum, þegar skipið er af vissri stærð eða ásigkomulagi.

Frumvarpið er samið á grundvelli laga Dana 25. marz 1892 um atvinnu við siglingar, og laga Íslands um stofnun stýrimannaskóla 22. maí 1890. Um hinar einstöku greinir skal þess látið getið, er á eptir fer.

Við 2. og 3. gr.

Á skipum, sem minni eru en 20 smálestir, er ekki í Danmörku krafizt neinnar siglingarkunnáttu af skipstjórum á hinum svokölluðu „takmörkuðu“ (innanlands) siglingum, en vegna þess að innanlandssjóferðir við Ísland eru meiri hættum bundnar, er farið fram á að flytja takmörkin niður á við til 12 smálesta. Hinsvegar eru sett hin sömu takmörk upp á við sem í lögum Dana, þannig að á skipum, sem meiri eru en 100 smálestir, er krafizt af skipstjórum á innanlands-siglingum hinnar sömu siglingakunnáttu sem á utanlandsferðum.

Það er og samkvæmt þessu, að þá fyrst er ætlazt til sjerstakrar kunnáttu af skipstjóra á gufuskipum, er þau nema meiru en 100 smálestum.

Við 4. og 5. gr.

Þá er ræðir um gufuskip, er stærri eru en 100 smálestir, þykir rjettast, eins og gjört er í Danmörku, að krefjast líka á innanlandsferðum þeirrar kunnáttu, sem endranær aðeins er ætlazt til að stýrimenn hafi á utanlands-ferðum.

Það er engin ástæða til þess að krefjast af skipstjórum eða stýrimönnum á gufuskipum viðaukaskýrteinis um þekking á gufuvjelafræði (12. gr.), hafi þeir staðizt hið almenna danska stýrimannspróf eða annað það próf, er jafngildir því eptir dönskum lögum, því að próf í þeirri fræðigrein er innifalið í þessum prófum.

Við 6. gr.

Það virðist sjálfsagt, að á utanlandssiglingum sje ávallt auk skipstjóra á hverju skipi að minnsta kosti 1 stýrimaður. En á innanlandsferðum er naumast nægileg ástæða til að krefjast stýrimanns, nema á stærri skipum en 100 smálesta, og þótt æskilegt sje, að á þeim sje hafður stýrimaður, þegar þau eru svo stór, ætti þó að mega láta koma í hans stað á seglskipum sjóæfðan mann, er hefur áreiðanleg vottorð um það, að hann kunni að stýra skipi. À tilsvarandi ferðum í Danmörku er samkv. lögum 25. marz 1892, 4. gr. ekki krafizt neins stýrimanns á seglskipum; en á siglingum við Ísland er víst astæða til að gjöra harðari kröfur.

Að því er til þeirrar kunnáttu kemur, er krafizt verður af þeim, er gæta eiga gufuvjelanna á gufuskipum, skal vísað til þess, er síðar segir um 13. gr.

Við 7. gr.

Skilyrði þau, er hjer eru sett fyrir því að geta fengið skýrteini sem skipstjóri á innanlandsferðum, samsvara að mestu skilyrðunum eptir d. l. 25. marz 1892 fyrir því að vera „setuskipari“, að öðru en því, að lagað er nokkur til eptir því, sem tilhagar á Íslandi. Að því er snertir þekking á siglingafræði, þá er aðeins krafizt hins minna stýrimannsprófs, og þvínæst má það víst álíta nægilegt, að hlutaðeigandi hafi að afloknu prófi verið í förum 1 ár, þótt eigi hafi það verið sem stýrimaður. Að því er snertir landsrjettindi þeirra, sem ekki hafa rjett innfæddra manna, þá er það samkvæmt lögum og rjettarvenju og víst líka mest í hag landsins, að krefjast ekki annars af þeim, en að þeir sjeu heimilisfastir í Danaveldi, en ekki, eins og gjört er í Danmörku, að þeir sjeu búnir að dvelja þar um lengri tíma.

Það verður að krefjast þess, að hver sá, er vill vera skipstjóri eða stýrimaður, hvort heldur er á innanlands- eða utanlandsferðum, hafi svo fullkomna sjón, sem stýrimannaskólalögin krefjast í 6. gr. af þeim, er ganga vilja undir hið meira stýrimannspróf.

Við 8. gr.

Hin frekari skilyrði, sem 8. gr. setur fyrir því, að geta eignazt skýrteini sem skipstjóri á utanlandsferðum, eru samkvæmt stýrimannaskólalögunum 22. maí 1890, 7. gr., en auk þess er svo ákveðið í 8. gr., að sá fullnægi og nefndum skilyrðum, er staðizt hefur hið almenna danska stýrimannspróf, sem, eins og það nú er, er töluvert strangara en hið íslenzka, eða eitthvert annað próf, er jafngildi því eptir dönskum lögum, og auk þess hafi verið jafnmikið í förum á dönskum skipum, þótt á öðrum leiðum hafi verið, sem greinir í 7. gr. stýrimannaskólalaganna.

Við 9. og 10. gr.

Skilyrðin fyrir því að geta verið stýrimaður á ferðum milli landa, sem hjer eru sett að því er kunnáttu í siglingafræði áhrærir, eru samkvæm 7. gr. stýrimannaskólalaganna. Á innanlandsferðum mun vera nóg að krefjast þess, að hlutaðeigandi hafi verið 4 mánuði í förum að prófi afloknu. Það virðist rjett vera að fara ekki fram á neinar kröfur með tilliti til þjóðernis stýrimanna, eins og heldur eigi er gjört í hinum dönsku lögum um atvinnu við siglingar, og því er farið fram á það í 17. gr. frumvarpsins að nema að þessu leyti úr gildi op. br. 27. maí 1859.

Við 11. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru samkvæm 16. gr. í d. l. 25. marz 1892. Borgun fyrir skipstjóraskýrteini er farið fram á að setja á 4 kr.; er það samkvæmt þeirri rjettarvenju, sem hefur átt sjer stað, þegar gefin hafa verið út borgarabrjef handa skipstjórum, og styðst sú venja við 61. gr. í aukatekjureglugjörðinni.

Við 12. og 13. gr.

Eins og að framan er gjört grein fyrir, hefur rjettast þótt að fara ekki fram á nein tiltekin próf í sjálfum lögunum hvorki fyrir skipstjórnarmennina á gufuskipum nje heldur fyrir þá, er hafa skulu gætur á gufuvjelunum; því að eptir því, sem nú tíðkast að útvega menn úr þessum flokkum til skipanna, þarsem til þess eru fengnir venjulega útlendingar — og það mundi eigi vera Íslandi í hag að aftaka þá venju, — yrði ekki hjá því komizt að veita hvað eptir annað undanþágur frá slíkum ákvæðum, og það virðist þá vera miklu hagkvæmara, að láta stjórnina strax frá byrjun hafa ákvæðisvald um það í hverju einstöku tilfelli, hvort sá, er hlut á að máli, hafi nægileg skilríki fyrir því, að hann hafi þá þekking til að bera, er nauðsyn er á. Hjer er nú farið fram á, að það sje landshöfðingi, er gefi út viðaukaskýrteinin handa skipstjórum og stýrimönnum, en að stjórnarráðið gefi út reglugjörðina um vjelagæzluna á hverju skipi, og sje hún látin vera með skipspappírunum, svo að hún saman með þeim verði sýnd við afgreiðslu skipsins á Íslandi; en í henni skal það ákveðið eptir hestaafli gufuvjelarinnar og öðrum upplýsingum, er fyrir hendi eru, bæði hve margir skuli vera til gæzlu við hana, og hverja kunnáttu þeir skuli hafa (dönsk, norsk eða önnur próf og jafnframt þeim vottorð um verklega æfing, sje hún ein ekki álitin nóg). Það mun ráðlegast að fela stjórnarráðinu að gefa út þessa reglugjörð meðal annars af því, að það á hægra með, en landshöfðingi, að leita ráða hjá þeim mönnum, er þekking hafa á málinu, svo sem þörf kann á að verða í einstökum tilfellum.

Við 14. gr.

Það verður einkum í byrjun, meðan hið nýja fyrirkomulag er að komast á, vart komizt hjá því að veita ýmsar undanþágur frá ákvæðum laganna. Mætti að vísu setja þau takmörk, að heimildin til að veita undanþágur gildi ekki nema tiltekinn tíma frá því að lögin hafa öðlazt gildi; en þessu er þó ekki farið fram, þareð ekki er ólíklegt, að ástæða kunni að verða til þess, enda löngu eptir að lögin eru gengin í gildi, að veita undanþágur í stöku tilfellum.

Við 15. gr.

Hjer er farið fram á það, að sá skuli fyrirgjöra skýrteini sínu, hvort heldur er sem skipstjóri eða stýrimaður, er gjörir sig sekan í því athæfi, er hefði svipt hann rjetti til að fá það.

Við 18. gr.

Þótt það, eins og áður er sagt, þyki vel til fallið, að lög sjeu nú þegar gjörð um rjett manna til þess að stunda atvinnu við siglingar, þykir þó hæfa, vegna þess hve skammt er síðan, að stýrimannaskólinn tók til starfa, að láta lögin ekki öðlast gildi fyrr en 1. jan. 1895. Þar sem því næst heldur ekki er ætlazt til þess, að þeir menn, er nú stunda skipstjóra- eða stýrimannaatvinnu á innanlandsförum, skuli sviptir rjetti til þess að halda því áfram, er farið fram á það, að skilyrði laganna í þessu tilliti nái eigi til þeirra, er stundað hafa þessa atvinnu fyrir 1. júlí 1893. Undanþágan frá því að full-

nægja skilyrðum laganna má hinsvegar naumast koma öðrum að haldi en þeim, er atvinnuna reka, áður en frumvarpið er lagt fyrir þingið, því að ef eins þeir, er fyrst síðar fara að stunda hana, en þó fyrr en lögin öðlast gildi, ættu að njóta sama rjettar, enda þótt þeir ef til vill ekki hefðu gjört það nema örstuttan tíma, þá gæti af því leitt mikla vanbrúkun á þeim rjetti. Skyldi svo fara, að þessi takmörkun á undanþágu-ákvæðinu yrði óbilgjörn fyrir einhvern einstakan mann, yrði hægt að ráða bót á því með því að nota rjett stjórnarinnar til at veita undanþágur frá ákvæðum laganna.

Frumvarp til laga

um

ýmisleg atriði, er snerta gjaldþrotaskipti.

(Lagt fyrir alþingi 1893).

1. kapituli.

Um byrjun gjaldþrotaskipta.

1. gr.

Hver sá, er þykist eigi geta staðið í skilum við skuldheimtumenn sína, getur krafizt þess, að bú hans sje tekið til gjaldþrotaskipta (lög 12. apríl 1878, 90. gr.).

2. gr.

Nú strýkur einhver af landi burt eða felur sig, að því er ætla verður eingöngu sakir skulda, og skal þá skiptaráðandi þegar taka bú hans til gjaldþrotaskipta, er einhver skuldheimtumanna fer þess á leit við hann, ef hætt er við, að dráttur á því verði skuldheimtumönnum til tjóns.

3. gr.

Nú á maður skuld að öðrum, og er hún komin í gjalddaga og eigi tryggð með nægilegu veði, og fær hann eigi borgaða til fulls, og getur hann þá krafizt þess, að bú skuldunauts verði tekið til gjaldþrotaskipta, ef sannað verður með upplýsingum, sem fram sjeu komnar við fjárnáms- eða kyrsetningargjörðir, sem gjörðar hafa verið hjá skuldunaut, eða með játning sjálfs hans eða á annan hátt, að búið þrýtur eigi fyrir skuldum hans.

4. gr.

Nú hefur verzlunarmaður — en svo ber að skoða hvern þann, sem rekur verzlun, þótt aðeins sje jafnhliða annari atvinnu — verið krafinn svarakröfu um að borga skuld, sem eigi er tryggð með nægilegu veði, og hann neitar eigi að komin sje í gjalddaga, eða sönnur eru færðar á, að svo sje, og lætur þó farast fyrir að borga lengur en 30 daga eptir kröfuna, og getur þá skuldareigandi sá, er svarakröfu ljet fram fara, krafizt þess, að bú hans sje tekið til gjaldþrotaskipta; en nota verður hann þennan rjett sinn, áður en 14 dagar sjeu liðnir frá því, að frestur sá er á enda, sem áður er getið.

5. gr.

Sá er samkvæmt 1. gr. laga þessara krefst þess, að bú hans sje tekið til gjaldþrotaskipta, skal senda skiptaráðanda um það skriflega áskorun; skal henni fylgja nákvæm skrá, undirskrifuð af honum sjálfum, yfir eignir hans og skuldir, og skulu þar sjerstaklega nefndir þeir, sem til skuldar eiga að telja hjá honum, og bækur þær, er hann kann að hafa haldið í atvinnu sinni. Geti skuldunautur eigi látið skrá þessa fylgja áskoruninni, skal hann geta þess í henni, af hvaða ástæðum það sje, og láta hana síðan í tje svo fljótt, sem auðið er. Þesskonar skrá skal og skuldunautur láta skiptaráðanda í tje, ef krafizt verður, þegar bú hans hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta eptir beiðni einhvers skuldheimtumanna hans.

6. gr.

Ef skuldheimtumaður krefst þess samkvæmt 3. og 4. gr. laga þessara, að bú skuldunauts sje tekið til gjaldþrotaskipta, skal hann fá skiptaráðanda um það skriflega áskorun, og skulu í henni tekin fram atvik þau, er hann byggir á kröfu sína.

Skiptaráðandi skal þá ákveða fund svo fljótt, sem auðið er; kallar hann á fund þenna skuldunaut og skuldheimtumanninn með þeim fyrirvara, er hann sjálfur til tekur. Á fundinum, eða svo fljótt, sem auðið verður, skal gjörð ákvörðun um það, hvort taka skuli til greina kröfu skuldheimtumanns, og hvort hann skuli setja tryggingu eða eigi.

Skiptaráðandi getur krafizt skýrslna þeirra af skuldunaut, sem þörf er á, til þessa. Neiti hann að svara spurningum skiptaráðanda eða komi hann eigi á fundinn, og er þó ekki löglegum forföllum um að kenna, má skoða svo, sem hann treystist eigi að mótmæla skýrslum skuldheimtumanns.

7. gr.

Þegar skiptaráðandi hefur úrskurðað, að bú skuli tekið til gjaldþrotaskipta, frestar áfrýjun úrskurðarins eigi því, að svo verði gjört.

Sje úrskurði áfrýjað, skal þó eigi án samþykkis skuldunauts selja muni búsins, áður en fullnaðardómur er genginn í málinu, nema því að eins, að þeim sje þannig varið, að svo verði að vera.

8. gr.

Þegar gjaldþrotaskipti skulu fram fara eptir beiðni skuldunauts, ber að skoða skiptin byrjuð þá, er beiðnin um það kom í hendur skiptaráðanda. Sje það eptir áskorun frá skuldheimtumönnum, ber að skoða gjaldþrotaskiptin byrjuð, þegar skiptaráðandi hefur úrskurðað að taka búið til gjaldþrotaskipta.

Þegar skiptin eru byrjuð, er það eigi á valdi þess eða þeirra, er krafizt hafa, að láta þau falla niður. En þegar skuldunautur einn hefur krafizt gjaldþrotaskipta, getur skiptaráðandi hinsvegar breytt úrskurði sínum um, að bú hans skuli tekið til gjaldþrotaskipta, ef skuldunautur gjörir það sennilegt, áður en innköllun til skuldheimtumanna er gefin út, að hann geti staðið í skilum við þá, og skuldheimtumenn þeir, er hafa gefið sig fram, mótmæla því eigi.

9. gr.

Skiptaráðandi skal tafarlaust sjá um það, að auglýsing um gjaldþrotaskiptin sje birt í blöðum þeim, er almennt skal birta í skiptaauglýsingar. Falli gjaldþrotaskiptin síðar niður (8. gr.), skal það tafarlaust birt á sama hátt.

2. kapituli.

Um það, hvað til ráðs megi taka um skuldunaut sjálfan.

10. gr.

Skiptaráðandi getur úrskurðað, að skuldunautur skuli tekinn fastur, ef ætla má, að hann sje í þann veginn að firra búið einhverjum af munum þess eða rjettindum, svo og þegar breytni hans, áður en gjaldþrotaskiptin byrjuðu, þykir gefa tilefni til þess að láta höfða sakamálsrannsókn gegn honum.

Þegar skuldunautur er tekinn fastur, skal skiptaráðandi tafarlaust sjá um, að rannsókninni gegn honum verði framfylgt.

11. gr.

Skiptaráðandi getur úrskurðað, að skuldunautur sje settur í einfalt fangelsi, ef hann kemur ekki fram með skrá þá, er skipað er í 5. gr., eins og hún á að vera, og hefur eigi gildar ástæður fyrir sig að bera, eða ef hann þrjózkast við að láta í tje upplýsingar við uppskript á búinu, er hann er skyldur að vera við, ef skiptaráðandi krefst þess, eða aðrar upplýsingar um ástæður og hag búsins, er hann er fær um að gefa; svo og ef hann fer eða reynir til að fara úr lögsagnarumdæminu án leyfis skiptaráðanda.

Skuldunautur situr í fangelsinu svo lengi, sem skiptaráðanda þykir það nauðsynlegt til þess, að tilganginum með því verði náð, þá aldrei lengur en 6 mánuði.

Kostnað þann, er af fangavistinni leiðir, skal greiða sem annan sakamálskostnað.

12. gr.

Veita má skuldunaut styrk af búinu til að mynda þannig, að honum sjeu fengin búsgögn, húsavist, jörð og búsmali, fjárstyrkur til uppeldis eða því um líkt, enda hafi skuldheimtumenn áður átt kost á að ræða það mál á skiptafundi, og engin mótmæli komið fram gegn því, eða meiri hluti fundarmanna verið því samþykkur, og þyki skiptaráðanda eigi ástæða til þess, að synja samþykkis síns. En gæta verður hann þess einkum, að eigi bíði veðhafar eða skuldheimtumenn, sem forgöngurjett hafa, neitt sjerstakt tjón af styrkveitingunni, hafi þeir eigi samþykkt hana. Styrk má heldur eigi veita um lengri tíma en eitt ár, og eigi eptir að skiptunum er lokið, nema allir skuldheimtumenn verði á það sáttir. Skiptaráðandi getur lofað skuldunaut og hyski hans að hafa til afnota fyrst um sinn uppskrifaða búsmuni, þótt aðrir sje en þeir, er gjaldþrotaskiptin ná eigi til samkvæmt 13. gr. laga þessara, smbr. 27. gr. í lögum um aðför 4. nóvember 1887, svo og húsnæði, þangað til skuldheimtumönnum hefur gefinn verið kostur á að kveða upp álit sitt um það, eins og að framan er greint.

3. kapituli.

Um það, hvað til gjaldþrotaskipta skuli koma.

13. gr.

Með takmörkum þeim, er getur um í eptirfarandi greinum, skal skuldunautur sviptur umráðum yfir öllu því, er talið verður til eigna hans í því bili, er gjaldþrotaskiptin byrjuðu (8. gr.), svo og því, er hann eignast, meðan á þeim stendur — hvorttveggja þó

að þeim munum fráskildum, er undanþegnir eru fjárnámi samkvæmt einkayfirlýsingu ákvæði annars manns, lagaákvæði eða annari sjerstakri heimild — og skal eignum hans varið til þess við gjaldþrotaskiptin að fullnægja kröfum þeim, er voru á hendur skuldunaut, þegar þau byrjuðu.

14. gr.

Upp frá því er gjaldþrotaskiptin byrja, getur enginn öðlazt nein rjettindi á hendur búinu með samningum við skuldunaut, eða losast við skyldur, er á honum hvíla gagnvart búinu. Þetta gildir þó eigi um þann, er semur við skuldunaut, áður en gjaldþrotaskiptin eru birt með opinberri auglýsingu í blöðunum, og er ókunnugt um þau.

15. gr.

Nú kemst skuldunautur að arfi, meðan á gjaldþrotaskiptunum stendur, og má búið þá við þeim arfi taka; þó skal þess gætt, að erfðabúinu sje skipt af skiptaráðanda, þannig að hjá ábyrgð skulda verði sneitt. Búið á og dánargjafir og aðrar gjafir allar, er skuldunautur fær, meðan á skiptunum stendur. Ákvæði þessi eiga þó því aðeins við, að lögmætar ákvarðanir arfleifanda eða gefanda sjeu því eigi til fyrirstöðu.

16. gr.

Nú berast búinu, eptir að gjaldþrotaskiptin eru byrjuð, peningar, vörur, farmskrár, víxlar og annað þesshátttar, er sent hefur verið skuldunauti, og átti hann að svara andvirði fyrir, og getur búið þá orðið eigandi að, enda þótt það hafi eigi verið orðið eign skuldunauts áður, ef það greiðir andvirðið, en greiða verður það auðvitað á rjettum tíma.

17. gr.

Á því, sem skuldunautur vinnur sjer sjálfur inn, meðan á gjaldþrotaskiptunum stendur, á búið engan rjett. Þetta gildir þó eigi um það, er honum áskotnast með talnaspili eða á annan þvílíkan hátt af tilviljun.

4. kapituli.

Um áhrif þau, er gjaldþrotaskiptin hafa á ráðstafanir þær, er skuldunautur hefur gjört, áður en þau byrjuðu.

18. gr.

Allar lögmætar kröfur á hendur skuldunaut, er fullnægja á með eigum gjaldþrotabúsins, getur búið krafizt, að metnar sjeu til peningaverðs eptir því, hve miklu það varðar skuldheimtumann, að þeim verði fullnægt.

19. gr.

Það leiðir af gjaldþrotaskiptunum, að allar lögmætar kröfur á hendur skuldunaut, er fullnægja á með eigum búsins, ber að skoða sem komnar í gjalddaga að því leyti, að rjett er, að búið greiðir þær þegar í stað, og skuldheimtumaður skyldur að taka við borgun þegar, án tillits til gjalddaga þess, er ákveðinn hefur verið.

20. gr.

Hver sá, er skuldar gjaldþrotabúinu, getur dregið frá það, er hann á hjá því, án tillits til þess, hversu skuld og gagnkröfu er varið, en þó því að eins, að skuldheimtumaður sjálfur eða sá, er hann hefur erft skuldarkröfuna eptir, hafi fengið hana, áður en skiptin byrjuðu, og var skuldunautur eigi svo að skuldareigandi vissi í neinum af þeim kringumstæðum, sem segir í 26. gr., eða skuldarkrafan stafar af skuldbindingu, er skuldunautur hefur undirgengizt fyrir þenna tíma, og þegar eins stóð á. Nú leikur vafi á, hvenær krafan er fengin, og er eigi hægt að færa sönnur á það á annan hátt, og má skuldheimtumaður þá vinna eið að framburði sínum um það, og getur skiptaráðandi tekið hann í eið á skiptafundi.

Eigi má framselja skuldabrjef búsins. áður liðinn sje innköllunarfrestur skuldheimtumanna, nje heldur síðar, ef mótkröfum er lýst, á þann hátt, að fyrirgjört sje með því mótkröfurjetti skuldunauts til þess að láta kröfurnar jafnast upp.

21. gr.

Nú hefur skuldunautur tekið fasteign á leigu, og kemur búið þá í stað hans, frá því að gjaldþrotaskiptin byrjuðu, nema öðruvísi sje ákveðið í samningnum. En bæði getur búið og sú er á leigu seldi sagt leigumálanum upp með vanalegum fresti til venjulegs flutningatíma eða fardaga, enda þótt samið hafi verið um lengri ákveðinn tíma eða lengri uppsagnarfrestur áskilinn; en bæta verður uppsegjandi þá hinum málsaðila þann halla, er hann bíður af því, að leigumálanum var eigi haldið áfram.

22. gr.

Nú hefur skuldunautur á hinum síðustu 8 vikum, áður en gjaldþrotaskiptin byrjuðu, borgað skuld, hvort sem hún er fallin í gjalddaga eða eigi, með því að selja af hendi við skuldheimtumann fasteign, skip eða aðra þá muni, sem skoða verður sem óvanalegan gjaldeyri eptir stöðu þeirra og ástæðum, eða hann hefur borgað skuld, sem eigi er fallin í gjalddaga, enda þótt borgað sje með vanalegum gjaldeyri, og getur búið þá riptað borguninni og krafizt þess, að skuldheimtumaðurinn skili aptur því, er hann hefur fengið, eða virði þess.

23. gr.

Veðskuldbindingar þær, er skuldunautur hefur gengizt undir á tímabili því, er ræðir um í 22. gr., til tryggingar kröfum á hendur honum, sem ekki eru til orðnar á sama tíma, eru ógildar að því, er búið snertir.

8. gr. laga um veð 4. nóvember 1887 heldur framvegis gildi.

24. gr.

Ákvæðin í 22. gr. og fyrra hluta 23. gr. eiga þó eigi við, ef það reynist, að skuldunautur átti enn fyrir skuldum, þegar veðsetningin eða borgunin fór fram; sama er og, ef sá, er skiptir við skuldunaut, hrindir grun þeim, sem álíta skal, að á honum hvíli um það, að honum hafi kunnugt verið um þrot skuldunauts í tilfellum þeim, er ræðir um í áðurnefndum lagagreinum.

25. gr.

Nú hefur fjárnám til sölu við uppboð eða löggeymsla farið fram eptir sætt um borgun á skuld, er skuldunautur hefur gengið að á tímabili því, sem um er að ræða í

22. gr., eða eptir dómi í máli, er verið hefur tekið fyrir á þessu tímabili, og falla þá burtu sjerrjettindi þau í búinu, er af fjárnáminu og löggeymslunni leiða, nema því að eins, að sannað verði, að skuldunautur hafi enn átt fyrir skuldum, þegar sættin var gjörð, eða málið tekið fyrir, eða álita verður eptir atvikum öllum, að skuldheimtumanni hafi verið ókunnugt um þrot skuldunauts.

26. gr.

Nú hefur skuldunautur eptir að svo er komið fyrir honum, að hann er strokinn sökum skulda, eða einhver skuldheimtumanna hefur beiðst þess, að bú hans sje tekið til gjaldþrotaskipta, eða hann hlýtur að sjá, að gjaldþrot hans muni brátt bera að höndum, gjört einhverjar þær ráðstafanir, — og sje þar með talin borgun á skuldum, sem fallnar eru í gjalddaga, — er hann hefur ívilnað með sumum skuldheimtumönnum sínum hinum til tjóns, þannig að varði við 263. gr. hinna almennu hegningarlaga, og getur búið þá, svo framarlega sem það verður tekið til gjaldþrotaskipta, krafizt þess, að riptað sje borguninni eða ráðstöfuninni, og að hinu móttekna eða virði þess sje aptur skilað, ef skuldheimtumanni var kunnugt um ástæður þær, sem að framan er getið, þegar borgunin eða ráðstöfunin fór fram.

27. gr.

Þegar einhverjum samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í 22.—26. gr. hjer að framan, ber að skila búinu því, er hann hefur tekið við, eða virði þess, á hann rjett á, að honum sje skilað aptur því, er hann hefur látið af hendi við skuldunaut umfram það, er hann fjekk borgun fyrir; og þegar borgun er skilað aptur, er staða hans gagnvart búinu yfir höfuð hin sama og ef engin borgun hefði fram farið.

Nú er víxill, sem kominn er í gjalddaga, borgaður með vanalegum gjaldeyri, og verður þess þá eigi krafizt, að borgun verði skilað aptur af þeim, sem rjett hefði haft á þegar svo færi, að bú skuldunauts yrði tekið til gjaldþrotaskipta, að krefjast borgunar á víxlinum af öðrum, en sem hefur misst rjett sinn til þessa við borgunina, en hinsvegar má krefjast upphæðar þeirrar, er víxillinn var borgaður með, af þeim, er að lokum hefði haft hag af borguninni, og sem hefði orðið að borga víxilinn, ef hann hefði eigi áður verið borgaður, enda hafi honum, þegar hann gaf út eða framseldi víxilinn, verið kunnugt um, að svo var ástatt fyrir skuldunaut, sem sagt er frá í 16. gr.

28. gr.

Sá sem á hinu síðasta ári á undan gjaldþrotaskiptunum og þegar svo stóð á, að skuldunautur átti eigi lengur fyrir skuldum, hefur þegið gjöf af honum, er skyldur að skila gjöfinni aptur eða standa skil á virði hennar, ef ætla má, að honum, er hann þáði gjöfina, hafi verið kunnugt um nokkuð það atvik, er hann mátti ráða af, að skuldunautur átti eigi fyrir skuldum. Hafi það bakað þiggjanda nokkur fjárútlát, að hann þáði gjöfina, ber búinu að endurgjalda honum þau.

Hið sama er og, þótt ráðstöfunin líti út og komi fram sem sala, makaskipti, leigumáli eða þesskonar afsal, ef ráða má af mismuninum á verði þess er af hendi var látið og þess er fyrir kom, eða af öðrum atvikum, að ráðstöfunin sje í raun og veru gjöf; þó skal búið svara til þess, sem af hinum málsaðila er af hendi innt.

29. gr.

Nú hefur skuldunautur á hinu síðasta ári, áður en gjaldþrotaskiptin byrjuðu, varið meiru fje en svo, að samsvari efnum hans, til þess að kaupa lífeyri, forlagseyri, lífs-

ábyrgð eða þess konar tekjur handa sjer, konu sinni eða lögerfingjum, eða sem gjöf til handa öðrum, og getur búið þá hagnýtt sjer þann rjett, sem skuldunautur hafði sjálfur, til að slíta samningnum og krefjast reikningsuppgjörða, ef búinu bætast tekjur við það. Sje um gjöf að ræða öðrum til handa, verður þó að vera eins ástatt, og fyrir er mælt í 28. gr.

30. gr.

Það skal enn standa, er segir í N. L .5—13—44, 2. málsgrein, að engar afhendingar, er fram fara með gjöf, kaupum eða öðrum hætti milli hjóna, foreldra og barna, arfleifanda og erfingja, skulu koma skuldheimtumönnum í þrotabúum til skaða, ef þær hafa fram farið, eptir að svo var ástatt orðið fyrir skuldunaut, og hann svo skuldugur, að hann gat eigi borgað skuldir sínar.

31. gr.

Nú hefur sá, sem haft hefur viðskipti þau við skuldunaut, er ræðir um í 22.—30. gr., afhent öðrum hluti þá eða rjettindi, er hann hefur fengið, og hefur búið þá einnig gagnvart þeim rjett á að heimta munuum eða rjettindunum skilað aptur eða verð þeirra bætt búinu, ef ætla má, að þeir hafi verið þess vitandi, að tilgangurinn með framsalinu var sá að hindra búið í að njóta rjettar síns.

32. gr.

Mál þau, sem höfðuð eru til þess að ripta ráðstöfunum samkvæmt 22.—31. gr., skal sá með fara fyrir hönd skuldheimtumannanna, er til þess verður kjörinn á skiptafundi. Með mál þessi skal fara sem með gestarjettarmál, og skal höfða þau innan 4 vikna eptir skiptafund þann, er kröfurnar hafa verið rannsakaðar á (lög 12. apríl 1878 37. gr.), ef þau skulu flutt í lögsagnarumdæminu, en ef mál skal höfða í öðru lögsagnarumdæmi, þá skulu hinar nauðsynlegu ráðstafanir til þess gjörðar innan 12 vikna frá sama tíma.

5. kapituli.

Um gjaldþrotaskipti á nokkrum sjerstökum tegundum búa.

33. gr.

Í dánarbúum, sem eigi hrökkva fyrir skuldum, sbr. 81. gr. í lögum 12. apríl 1878 um skipti á dánarbúum, fjelagsbúum o. fl., getur hver skuldheimtumanna heimtað gjaldþrotaskipti, og að farið verði jafnframt eptir ákvæðunum í lögum þessum. Þegar skiptaráðandi skiptir búi milli hjóna, sem bæði eru á lífi, eða búi milli þess hjóna, er eptir lifir og ábyrgist skuldir búsins, og erfingja hins látna, getur eins hver skuldheimtumanna krafizt gjaldþrotaskipta á búinu, ef svo er ástatt fyrir því hjóna, er í hlut á, að krefja má gjaldþrotaskipta á búi þess eptir lögum þessum. Í búum þeim, er ræðir um í þessari grein, skal reikna fresti þá, er getur um í 22., 23., 25., 28. og 29. gr., frá þeim tíma, er búið var tekið til skiptameðferðar.

6. kapituli.

Um lok gjaldþrotaskipta.

34. gr.

Nú verður það bert, meðan á gjaldþrotaskiptunum stendur, að búið hrekkur eigi fyrir kostnaðinum við skiptin, og skal þá þegar ljúka skiptunum, og skal sá greiða þann hluta af áföllnum kostnaði, er búið hrekkur eigi fyrir, sem skiptanna hafði krafizt. Þó getur skuldheimtumaður sá, er krafizt hefur gjaldþrotaskipta og er í vafa um ástand búsins, komizt hjá frekari ábyrgð, ef hann lýsir því yfir og lætur bóka það i skiptabókina, að þann álíti, að búið hrökkvi eigi fyrir kostnaði við áframhald skiptanna, og að hann vilji eigi greiða hann, og ef þá engir annara skuldheimtumanna bjóðast til þess á skiptafundi, er kalla skal saman i þessu skyni, að greiða kostnað þann, er framhald skiptanna hefur í för með sjer, getur hann krafizt þess, að skiptunum skuli þegar lokið.

35. gr.

Að liðnum innköllunarfresti til skuldheimtumannanna má hvenær sem vill meðan á skiptunum stendur selja skuldunaut búið í hendur til frjálsra umráða, ef hann sýnir skiptaráðanda skriflegt samþykki til þess frá öllum þeim skuldheimtumönnum, sem hafa gefið sig fram. Sönnun fyrir því, að skuld, sem sagt hefur verið til, sje greidd að fullu, er jafngild samþykki hlutaðeigandi skuldheimtumanns.

36. gr.

Í öðrum tilfellum enda gjaldþrotaskiptin með úthlutunum skiptaráðanda.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I 90. gr. skiptalaganna 12. apríl 1878 er að vísu boðið, að við skipti á þrotabúum skuli farið eptir hinum almennu ákvæðum skiptalaganna um opinber skipti með þeim breytingum, sem nauðsynlegar eru, og í 8. kapítula þeirra eru settar reglur um niðurröðun skulda, en að öðru leyti eru meginreglur þær, er nú eru uppi um gjaldþrotaskipti, sem byggðar eru á alþjóðlegum grundvelli, enn eigi teknar í lög á Íslandi. Það er að vísu svo um ýmsar af reglum þessum og fyrirmælum, að þau eru miðuð við miklu fullkomnari og fjölbreyttari almenningshag, bæði að því er snertir verzlun og efni manna, en á sjer stað á Íslandi, en engu að síður hafa þó ákvæði þau, sem þar gilda (sem sameiginleg eru fyrir dánarbú og þrotabú) reynzt að vera ónóg. Það vantar þannig sjerstaklega bæði reglur um það, hversu haga skuli til, þegar skuldunautur er á lífi (reglur um það, hvað til ráðs megi taka við skuldunaut sjálfan, og um skilyrðin fyrir því, að þess megi krefjast, að bú hans verði tekið til gjaldþrotaskipta) og þvínæst um hin sjerstöku áhrif gjaldþrotaskiptanna, hvort sem skuldunautur er á lífi eða eigi (reglur um riptingar o. fl.).

Tilgangurinn með lagafrumvarpi þessu er sá að ráða bót á þessum skorti, og er frumvarpið í öllu verulegu sniðið eptir samsvarandi köflum í lögum Dana þeim, er nú

gilda um gjaldþrotaskipti, 25. marz 1872, en þó hefur sleppt verið úr greindum lögum öllum þeim ákvæðum, er annaðhvort eru í skiptalögunum íslenzku, eða miðuð eru við fullkomnara og fjölbreyttara atvinnulíf, en á sjer stað á Íslandi. Hefur þess einkum verið gætt, að sleppa engu því, er ætla má, að þörf geti orðið á, og hinsvegar þess, að lögin verði eigi margbrotin og erfið viðfangs, heldur auðskilin og auðveld aðgöngu fyrir þá, er þau eiga að nota. Það hefur stundum leikið vafi á því, hvar takmörkin skyldu sett og einkum á því, hvort eigi skyldi gjöra frumvarpið fyllra, en gjört hefur verið — og verður slíkt æfinlega nokkuð álitamál.

Við 1. kapítula.

Um byrjun gjaldþrotaskipta.

Í íslenzkum lögum eru engin ákveðin fyrirmæli um það, hvenær krafizt verði, að bú manna verði tekin til gjaldþrotaskipta, og ræður því að líkindum nokkur óvissa í þessu efni. Með 4 fyrstu greinum frumvarpsins er ætlazt til að ráða bót á þessu og um leið gjöra skuldheimtumönnum auðveldara að fá gjaldþrotaskipti á búum skuldunauta. Að því er snertir síðara atriðið, þá eykst þörfin á slíkum ákvæðum en frekar, þegar riptingarreglur eins og þær, er í frumvarpi þessu eru, verða gjörðar að lögum, því að það er nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að þær komi að fullum notum, að auðvelt verði að koma gjaldþrotaskiptum til leiðar.

Þegar annaðhvort skuldunautur sjálfur eða aðrir krefjast þess, að bú hans verði tekið til gjaldþrotaskipta, þá er auðvitað gjört ráð fyrir því í báðum þessum tilfellum, að búið hrökkvi eigi fyrir skuldum. Þegar skuldunautur sjálfur krefst gjaldþrotaskipta, liggur það í hlutarins eðli, að eigi verða gjörðar frekari kröfur til sannana í þessu efni, áður krafa hans verði tekin til greina, (90. gr. skiptalaganna 12. apríl 1878 og **1. gr.** frumvarps þessa); en þegar að ræða er um að taka bú einhvers til gjaldþrotaskipta gegn vilja hans, eru þau vankvæði á, að sjaldan mun hægt að færa lögmætar sannanir fyrir gjaldþroti hans. Eigi rjettur til þess að koma á gjaldþrotaskiptum að verða nokkurs nýtur, verður því að skipa svo fyrir, að hans megi neyta, þegar sönnuð atvik eru fyrir hendi, er bendi til þess, að skuldunautur sje gjaldþrota. Verður þá fyrst að álíta það nægа sönnun í þessu efni, að skuldunautur strýkur af landi burt eða felur sig, að því er ætla verður, eingöngu sakir skulda eins og segir í **2. gr.** Um þessa grein skal þess ennfremur getið, að þótt það að vísu sje í samræmi við almennar reglur um málshöfðanir, að þeir skuldheimtumenn einir, er hafa kröfur, sem komnar eru í gjalddaga, eigi kost á að krefjast gjaldþrotaskipta, þykir þó eigi ísjárvert að sleppa þessu skilyrði, þegar svo er ástatt, sem segir í greininni.

Um **3. gr.** skal þess getið, að orðin sýna það berlega, að fjárnáms- og kyrsetningargjörðir þær, sem fram hafa farið og þarsem skuldunautur hefur reynzt að vera gjaldþrota, þurfa eigi að hafa verið gjörðar eptir beiðni þess, er nú krefst gjaldþrotaskipta.

Það ber brýna nauðsyn til þess, að skuldheimtumenn eigi auðveldan kost á að knýja fram gjaldþrotaskipti á búum verzlunarmanna, og eru því sett sjerstök ákvæði um það í **4. gr.** Nú er það að vísu svo, að það, sem vanalega er haft til marks um þrot þeirra í gjaldþrotalöggjöf annara landa, nefnilega það, að þeir hafi stöðvað útborganir sínar, mun eigi að jafnaði eiga sem bezt við á Íslandi, en hinsvegar mun þar vera hentugt að hafa

þá reglu, að þegar skuldheimtumaður hefur með svarakröfu-aðferð krafið verzlunarmann um skuld, sem eigi er tryggð með nægilegu veði, og hann neitar eigi að komin sje í gjalddaga, eða sönnur eru færðar á, að svo sje, þá geti hann, sje skuldin eigi borguð innan tiltekins tíma eptir svarakröfuna, í nokkra daga þar á eptir krafizt þess, að bú hans verði tekið til gjaldþrotaskipta, og eru samskonar ákvæði í gjaldþrotalöggjöf Dana, Svíja og Norðmanna. Eins og í hinum norsku gjaldþrotalögum er það ákveðið í lagafrumvarpi þessu, að svarakröfunni skuli fullnægt innan 30 daga, en í Danmörku er fresturinn aðeins 14 dagar, enda eru þar minni fjarlægðir og greiðari samgöngur. Tími sá, er nota má rjett þann, er hjer hefur rætt verið um, er eins og í Danmörku látinn vera 14 dagar.

Í 5. og 6. gr. eru reglur um það, hvernig sá skuli fara að, er krefst þess, að bú verði tekið til gjaldþrotaskipta. Að því er greinir þessar snertir skal skírskotað til innihalds þeirra, en þess þó sjerstaklega getið um 5. gr., um gjaldþrotaskipti eptir kröfu skuldunauts sjálfs, að það er auðvitað mjög áríðandi að fá skýrslu hans sjálfs um eignir hans og skuldir í því bili, að gjaldþrotaskiptin byrja, svo og um bækur þær, er haldnar kunna að hafa verið í atvinnu hans, og eru kröfur þessar alls eigi ósannqjarnar. Ef hann neitar það koma fram með skýrslu þessa, má setja hann í einfalt fangelsi, sjá 11. gr.

Það verður og að skoða sjálfsögð ákvæðin í 6. gr. um það, að skuldheimtumaður sá, sem krefst gjaldþrotaskipta samkvæmt 3. og 4. gr., skuli fá skiptaráðanda skriflega áskorun þess efnis, er segir í greininni, og að gefa skuli bæði skuldheimtumanni og skuldunaut færi á að láta í ljósi álit sitt um kröfuna, áður en hún verður tekin til greina. Að skipa svo fyrir, að skuldunautur skuli láta í tje skýrslur þær, er þörf er á, og að svo megi skoða, sem hann treystist ekki til þess að mótmæla skýrslum skuldheimtumanns, ef hann kemur ekki á fundinn eða neitar að svara, er gjört til þess að gjöra skuldheimtumönnum auðveldara að fá bú skuldunauts tekið til gjaldþrotaskipta. Með þessu móti sleppur sá, sem krefst gjaldþrotaskipta, optsinnis eigi aðeins hjá því að færa sönnur á kröfur sínar á hendur skuldunaut, heldur kemst hann einnig opt hjá því að færa sönnur á þrot skuldunauts, eg er enn meir í það varið, þarsem það getur verið mjög erfitt, og þvínæst er það, að það sanna um atvik þau, er skuldheimtumaður byggir kröfu sína á, verður þá opt svo í augum uppi, að sú spurning kemur eigi til greina, hvort það skuli gjört að skilyrði fyrir því, að búið verði tekið til gjaldþrotaskipta, að sá setji tryggingu, er krefst þeirra; er og bezt að komast hjá trygging, þareð erfitt mundi að jafnaði verða að fullnægja kröfum þeim, er gjörðar yrðu að því er stærð hennar snertir. Samt sem áður verður þó eigi ávallt komizt hjá því að setja tryggingu, og skiptaráðandi verður því auðvitað að hafa heimild til að gjöra það að skilyrði fyrir því, að byrjað verði á gjaldþrotaskiptum, að hún sje sett.

Einnig þá er bú er tekið til gjaldþrotaskipta eptir kröfu skuldheimtumanns, eins og hjer ræðir um, er skuldunautur skyldur að láta skiptaráðanda í tje skrá þá, sem greinir um í 5. gr. (sbr. enda 5. greinar).

Um 7. gr. skal þess getið, að það er að sjálfsögðu, að það frestar eigi því, að byrjuð sjeu gjaldþrotaskipti, að skuldunautur áfrýjar úrskurði skiptaráðanda um það, en að fresta beri hinsvegar vegna skuldunauts, að því sem unnt er, öllum mikilsvarðandi ráðstöfunum, þangað til fullnaðardómur er genginn í málinu.

Sökum hinnar miklu áherzlu, er leggja verður á byrjun gjaldþrotaskipta, eigi aðeins að því er snertir stöðu skuldunauts, heldur og í öðru tilliti, sbr. 3. og 4. kapítula, er það þýðingarmikið að hafa fasta reglu um það, hvenær ber að skoða þau byrjuð. Í 8. gr.

er greint á milli þess, hvort gjaldþrotaskipti fara fram eptir beiðni skuldunauts sjálfs eða eptir kröfu skuldheimtumanns. Í hinu fyr nefnda tilfelli ber að skoða skiptin byrjuð, þá er beiðnin um það er komin í hendur skiptaráðanda, því bæði er það, að beiðnin mun því nær ávallt verða tekin til greina, svo að engin ástæða er til þess að leggja nokkra áherzlu á úrskurð skiptaráðanda, og svo væri það hinsvegar ósanngjarnt, að sumir skuldheimtumenn gætu notað tíma þann, er liði á milli þess, að beiðnin er fengin skiptaráðanda, og hann uppkveður úrskurð sinn, til þess að gjöra fjárnám hjá skuldunaut og fá þannig fulla borgun. Þegar það hinsvegar er skuldheimtumaður, sem krafizt hefur gjaldþrotaskipta, ber eigi að skoða þau byrjuð fyr, en skiptaráðandi hefur kveðið upp úrskurð um það.

Þegar gjaldþrotaskipti eru byrjuð, er það eigi á valdi þess eða þeirra, er krafizt hafa, að láta þau falla niður, því að þá ber skiptaráðanda að gæta jafnt hagsmuna allra skuldheimtumannanna, hvort sem þeir hafa gefið sig fram eða eigi; má því eigi láta það viðgangast, að skuldheimtumenn þeir, er knúið hafa fram gjaldþrotaskipti, geti komið sjer saman við skuldunaut um að láta þau falla niður, því að þá væri hætt við ráðstöfunum af hálfu þeirra, er ganga mundu of nærri rjetti hinna skuldheimtumannanna. Það er því einungis þegar svo stendur á, sem segir í 8. gr., og þarsem skuldunautur hefur sjálfur beiðzt gjaldþrotaskipta, og því eigi loku skotið fyrir það, að hann kunni að hafa gjört það í fáti sakir ótta eða fyrir misreikning, að það þykir engin áhætta að gefa honum færi á að fá úrskurðinum um gjaldþrotaskipti breytt, þegar skilyrðum þeim er fullnægt, sem sett eru í síðasta lið 8. greinar. Hið gagnstæða gæti hinsvegar verið mjög ósanngjarnt gagnvart skuldunaut, án þess þó að þörf væri á að beita slíkri hörku vegna hinna skuldheimtumannanna.

Það er sjálfsagður hlutur, eins og ákveðið er í 9. gr., að birta skuli auglýsing um gjaldþrotaskipti, bæði er þau hefjast, og eins um það er þau falla niður, þarsem þess er kostur samkvæmt 8. gr.

2. kapituli.

Um það, hvað til ráðs megi taka um skuldunaut sjálfan.

Skiptaráðandi verður auðvitað að gæta ákvæðanna í 48. gr. stjórnarskrárinnar, þegar hann beitir ákvæðunum í 10. gr.

Fangelsi það, er ræðir um í 11. gr., er að vísu eigi sakamálsfangelsi, en verður þó hinsvegar eigi sett jafnhliða skuldafangelsi; það er þvingunarmeðal til þess að þröngva skuldunaut til þess að uppfylla skyldur sínar eptir lögunum gagnvart búinu, en þær eru, að hann skuli stuðla til þess af öllum mætti, að gjaldþrotaskiptin komi öllum skuldheimtumönnunum að sem mestu gagni. En skyldur þessar takmarkast auðvitað af rjetti hans til þess að hafa ofanaf fyrir sjer, og verður skiptaráðandi að líta á hagsmuni hvorutveggja og ráða það úr, sem rjett þykir vera eptir atvikum öllum, er fyrir hendi eru. Þegar um það er t. d. að ræða, hvort skuldunautur megi fara úr lögsagnarumdæminu, verður þannig að hafa tillit til þess, hvort hann muni geta fengið atvinnu annarsstaðar. Það verður að öðru leyti að játa það, að ef skuldunautur verður að verja miklum tíma til þess að uppfylla skyldur sínar gagnvart búinu, er það eðlileg krafa, að hann fái styrk af því til uppeldis. Það er þessi skoðun, sem mælir einkum fyrir ákvæðinu í 12. gr. um það, að veita megi skuldunaut styrk af búinu, en auk þess mælir og mannúðartilfinning fyrir því og ennfremur sú almenna ástæða, er eigi snertir sjerstaklega neitt einstakt bú, að það er í raun og veru hagur fyrir skuldheimtumenn, að skuldunautar viti,

að þeir megi búast við mannúðlegri meðferð, því ef svo er, munu þeir síður draga of lengi að uppgefa bú sín til gjaldþrotaskipta og síður leiðast í freistni til þess að sjá sjer fyrir viðurværi með því að draga ólöglega undan muni, er koma eiga til gjaldþrotaskipta. En þareð slík meðferð á eigum búsins liggur í raun og veru fyrir utan tilgang gjaldþrotaskiptanna, skal hún aðeins leyfð, þegar bæði skuldheimtumennirnir, eða að minnsta kosti meiri hluti þeirra, er hafa gefið sig fram, og skiptaráðandi, sem, eins og áður er getið, á að gæta hagsmuna allra skuldheimtumannanna, eru sammála um það.

3. kapituli.

Um það, hvað til gjaldþrotaskipta skuli koma.

Þareð gjaldþrotaskiptin eru lögsókn, er kemur fram í því, að skuldunautur er um tíma sviptur umráðum allra sinna eigna í heild sinni, þ. e. a. s. meðan á gjaldþrotaskiptunum stendur, og búinu fengin þessi umráð, verður það að vera aðalreglan, að til gjaldþrotaskipta komi allt það, er talið verður til eigna skuldunauts, þegar skiptin byrja, og eins það, er hann eignast meðan á þeim stendur, en það undantekning, ef eitthvað er dregið undan (13. gr.). Allt sem skuldunautur eignast, gengur því vanalega til búsins, hvort sem hann fær það að arfi, dánar- eða lifanda-gjöf, með konu sinni eða honum áskotnast það af tilviljun. Það, sem eigi kemur til skipta, er aðeins:

1) munir þeir, sem undanþegnir eru fjárnámi samkvæmt lagaákvæði eða annari sjerstakri heimild, eða sem dregnir eru undan búinu samkvæmt ákvæði annars manns (13. og 15. gr.), og
2) það, sem skuldunautur vinnur sjer inn sjálfur, meðan á gjaldþrotaskiptunum stendur (17. gr.).

Það er að sjálfsögðu, að munir þeir, sem undanþegnir eru fjárnámi, komi heldur eigi til skipta, því það er auðvitað tilgangurinn, að skuldheimtumenn skuli yfir höfuð eigi geta tekið þessa muni. Það sem rjettlætir undanþáguna í 17. gr., er hugleiðingin um það, að búið eða skuldheimtumennirnir megi ekki eiga kröfu til vinnuafls skuldunauts, því ef svo væri, mundi af því leiða skuldaþrældóm, og ef gjaldþrotaskiptin ættu að ná til vinnukaups skuldunauts á ókomnum tíma, mundi hann í raun og veru verða útilokaður frá að fá atvinnu, þareð það mundi eigi hagfellt fyrir neinn að ráða hann til starfa

Þess skal til frekari nákvæmni getið, að búið á engan rjett á því, sem skuldunautur eignast eptir að skiptunum er lokið, og að allir þeir, er hlut eiga að máli, geta krafizt þess, að þeim verði lokið svo fljótt sem unnt er og hagkvæm sala búsmuna leyfir, og getur það því t. a. m. eigi komið til tals að fresta skiptalokunum til þess að bíða eptir því, að skuldunautur fái arf eða þess konar. Skuldunautur getur hinsvegar eigi dregið arf undan búinu, er hann kemst að, meðan á skiptunum stendur, með því að veita samþykki sitt til þess, að móðir hans eða stjúpforeldrar megi sitja í óskiptu búi, eða með því að afsala sjer arfi. Ef hann dregur arf undir sig, þá varðar það hegningu.

Ákvæðið um það í 14. gr., að enginn geti með samningum við skuldunaut eptir að gjaldþrotaskiptin eru byrjuð, öðlazt nein rjettindi á hendur búinu, eða losast við skyldur, er á honum hvíla gagnvart því, er bein afleiðing af aðalákvæðinu í 13. gr., og þarf því eigi að skýra það frekar; sama er að segja um undantekningu þá, er þar er gjörð frá þessu.

Til grundvallar fyrir reglunni í 15. gr. frumvarpsins liggur sumpart sú skoðun, að eigi beri að stofna þrotabúinu í þá áhættu, sem samfara er ábyrgð skulda, og sumpart

sú skoðun, að ósanngjarnt væri fyrir skuldheimtumenn hins látna að láta þá sæta því, að eptirlátnir munir hans verði látnir ganga inn í bú erfingjans, þegar það er tekið til gjaldþrotaskipta, og verði því að lýsa kröfum sínum í því og standa jafnt að vígi með borgun eins og skuldheimtumenn erfingjans. Af þessu gæti leitt, að skuldheimtumenn hins látna fengju eigi fulla borgun, þótt skuldunautur þeirra hafi átt fullkomlega fyrir skuldum við dauða sinn.

Ákvæði 16. greinar er nánari ákvörðun á aðalreglunni í 13. gr. og er ekkert sjerstakt við það, þegar svo er um samið, að skuldunautur skuli þá fyrst verða eigandi að því, sem um er að ræða, er hann hefur greitt andvirðið, því þá getur búið auðvitað því að eins haldið því, er það hefur fengið, að það greiði andvirðið, því það hefur aðeins sama rjett og skuldunautur sjálfur. Hinsvegar fær ákvæðið sjerstaka þýðingu, þegar svo stendur á, að skuldunaut hefur verið veittur greiðslufrestur á andvirðinu, þarsem það þá kemur í veg fyrir, að búið geti eignast munina en látið seljanda sæta því að verða að lýsa kröfu sinni um borgunina í búinu, enda hafa hlutaðeigendur auðvitað eigi ætlazt til slíks, þá er kaupin voru gjörð.

Í 16. gr. eru vörur og farmskrár nefndar hvort við hliðina á öðru og skal þess með tilliti til þessa ennfremur getið, að þegar skuldunautur hefur fyrir gjaldþrotaskiptin tekið á móti farmskrá þeirra vara, er honum hafi verið seldar með gjaldfresti, getur það opt verið þýðingarlaust að því er eignarrjett á vörunum snertir, að eigi er tekið á móti þeim sjálfum, fyr en eptir að gjaldþrotaskiptin byrjuðu, því að þegar svona er ástatt, getur það verið, og mun enda opt vera svo, að rjettur til að verða eigandi að þeim sje eigi lengur á neinn hátt bundinn því skilyrði, að andvirði þeirra verði greitt, en það er eigi unnt að gefa neina algilda reglu um það, hvenær svo sje, heldur verður að gjöra út um það í hvert sinn eptir ástæðum öllum og atvikum.

4. kapituli.

Um áhrif þau, er gjaldþrotaskiptin hafa á ráðstafanir þær, er skuldunautur hefur gjört, áður en þau byrjuðu.

Þarsem það er tilgangurinn með gjaldþrotaskiptum, að fá reikningsuppgjörð við hvern einn skuldheimtumanna, er eiga þátt í gjaldþrotaskiptunum, og borga hverjum tiltölulega af eignum búsins, þá leiðir þar af bæði það, að enginn skuldheimtumaður á að geta færst undan að taka á móti tiltölulegri borgun á skuld sinni, þótt eigi sje hún enn komin í gjalddaga (19. gr.), og þvínæst að krafizt verður, að allar kröfur á hendur búinu verði metnar til peningaverðs, svo að hægt sje að færa þær tiltölulega niður (18 gr.). Að því, er fyrra atriðið snertir, skal þess þó getið, að skuldheimtumenn eiga engan rjett á að kreíjast vegna gjaldþrotanna borgunar, fyr en krafa þeirra er komin í gjalddaga.

Að því er 20. gr. snertir, skal þess getið, að sanngirni mælir með því, að skuldheimtumanni þeim, er jafnframt skuldar búinu, sje eigi gjört að skyldu að borga að fullu það, er hann skuldar búinu, en verða svo að sætta sig við að fá aðeins tiltölulegan hluta af því, er hann á hjá búinu. En til þess að þeir, sem eiga hjá búinu, skuli eigi, eptir að gjaldþrotaskiptin eru byrjuð, selja kröfur sínar þeim, sem skulda búinu, eða með öðrum ráðstöfunum við þá reyna að ná betri kjörum, en þeir fá með því að lýsa kröfum sínum í búinu, er í 20. gr. sett það skilyrði fyrir því, að kröfurnar geti jafnazt upp, að skuldheimtumaður sjálfur eða sá, er hann hefur erft skuldakröfuna eptir, hafi fengið hana áður en skiptin byrjuðu, og vissi skuldareigandi eigi til þess, að skuldunautur væri í neinum af

þeim kringumstæðum, sem segir í 26. gr. (sbr. hjer á eptir), eða að skuldakrafan stafar af skuldbindingu, er skuldunautur hefur undirgengizt fyrir þennan tíma, og þegar eins stóð á (ábyrgðarmenn, víxilframseljendur o. fl.).

Þareð ábúðar- og leigurjettur fasteigna eptir eðli sínu er fjárrjettindi, er opt geta verið mikils virði, einkum ef rjetturinn nær yfir langan tíma og leiguliði hefur varið fje til muna til þess að bæta fasteign þá, er hann hefur tekið á leigu, verða þessi rjettindi eins og önnur fjárrjettindi að koma til gjaldþrotaskipta til þess að koma skuldheimtumönnum búsins til góða, en auðvitað þó því að eins, að ekki sje öðruvísi um samið, og að búið greiði fulla leigu eptir eignina, eins og um hefur verið samið (21. gr.). En það getur hinsvegar opt verið, að eigandi hafi sjerstaklega viljað leigja skuldunaut eignina sökum kosta hans og eigi hverjum öðrum útífrá og væri það mjög ósanngjarnt, ef hann þá yrði að sætta sig við það, að aðrir sitji á eign hans ef til vill árum saman. Í öðrum hluta 21. gr. er eiganda því — eins og líka búinu — gefinn kostur á því að segja upp leigumálanum með vanalegum fresti til venjulegs flutningatíma eða fardaga, enda þótt samið hafi verið um lengri ákveðinn tíma eða lengri uppsagnarfrestur áskilinn, en bæta verður uppsegjandi auðvitað hinum málsaðila þann halla, er hann bíður af því, að leigumálanum var eigi haldið áfram. En leiguseljandi getur þó eigi krafizt þess, að skaðabæturnar verði greiddar að fullu af búinu á undan öðrum skuldum þess, heldur verður hann að láta sjer nægja að lýsa kröfu sinni í búinu og taka þátt í úthlutun þess, því kröfu hans er rjettast að skoða sem skaðabótakröfu fyrir samningsrof af hálfu skuldunauts.

Í 22.—32. gr. frumvarpsins eru reglur um riptingar á ráðstöfunum af hálfu skuldunauts, og eru þær nauðsynleg viðbót við hinar aðrar reglur um gjaldþrotaskipti, því auðvelt mundi að koma í veg fyrir, að gjaldþrotaskiptin næðu tilgangi sínum, ef þessar reglur væru ekki. Þá væri ekki nægileg trygging gegn því, að skuldunautur, er hann hefur ákveðið að krefjast gjaldþrotaskipta, eða sjer að þau vofa yfir, raski ástandi búsins og skerði eignir þess með ráðstöfunum, er miða annaðhvort til þess að draga af eignum búsins sjer í hag, eða til þess að útvega sumum af skuldheimtumönnum sínum, er hann vill ívilna af einhverjum ástæðum, fulla borgun, eða setja þeim tryggingu fyrir því, hinum í óhag. Slíkar ráðstafanir varða nú að vísu við 262. og 263. gr. hinna íslenzku hegningarlaga, en það vantar, sem meira er í varið og sem öflugra mun verða til þess að hindra misfellur í þessu efni, en það eru ákvæði um ógilding þesskonar ráðstafana. Í þessu efni eru eigi önnur ákvæði í gildandi lögum en heimildin til þess að ógilda veðbrjef með sjálfsvörzluveði í lausafje, sem eigi eru dagsett fullum 8 vikum áður en gjaldþrotaskiptin byrjuðu (sbr. 8. gr. laga um veð, 4. nóvember 1887) og til að ógilda allar afhendingar, er fram fara með gjöf, kaupum eða öðrum hætti milli hjóna, foreldra og barna, arfleifanda og erfingja, og það án allra tímatakmarkana, ef þær hafa aðeins farið fram eptir að svo var ástatt orðið fyrir skuldunaut, að hann átti ekki lengur fyrir skuldum (sbr. N. l. 5—13—44, 2. málsgrein).

Það ber þó eigi að ripta öllum ráðstöfunum skuldunauts, er raska ástandi búsins og hafa haft þann tilgang að auðga hann sjálfan eða einstaka skuldheimtumenn hans á ólögmætan hátt. Það verður einnig að hafa tillit til þess, hvort ætla má, að þeim, er samdi við skuldunaut, hafi verið eða hefði átt að vera kunnugt um það, að skuldunautur átti eigi fyrir skuldum, þegar samningar fóru fram. En þareð það jafnan mun verða erfitt eða jafnvel alls ómögulegt að færa gildar sönnur á, að svo hafi verið, ef hlutaðeigandi neitar því, verður fyrir hægkvæmis sakir að haga því svo, að beita megi riptingarreglunum, þegar fyrir hendi eru sýnileg atvik, sem að jafnaði gefa bendingu um, að skuldunautur muni ekki eiga fyrir skuldum, eða þegar þau sem einkenni á ráðstöfuninni sjálfri gefa í

skyn, að hún miði til þess að gjöra skuldheimtumanni þessum hærra undir höfði en hinum. Yfir höfuð verður hjer að greina tvennskonar þrot hvor frá öðru. Þegar um það tímabil er að ræða, þegar skuldunautur er að vísu orðinn svo illa staddur, að hann gæti ekki borgað upp í topp, ef allt væri gjört upp, eigur hans og skuldir, en hann getur þó borgað skuldir sínar, jafnóðum og þær koma í gjalddaga, væri það ekki rjett að ripta öllum þeim ráðstöfunum, er fara því fram að fullnægja einhverjum skuldheimtumanni jafnvel þeim, er ekkert er ískyggilegt við, heldur á þá eigi að ripta nema þess konar ráðstöfunum, sem jafnan eru ískyggilegar í sjálfu sjer, og sem venjulega miða til þess að ívilna sumum skuldheimtumannanna á kostnað hinna, t. a. m. borgun á skuld, sem eigi er komin í gjalddaga, borgun með óvanalegum gjaldeyri, vedsetning fyrir eldri skuld o. s. fr. En ef þau atvik hinsvegar eru fyrir hendi, er að venju má ráða af, að skuldunautur sje í raun og veru gjaldþrota, þótt eigi sje hann það í orði kveðnu, þarsem öll skilyrði fyrir því, að bú skuldunauts verði þegar eða ætti að verða tekið til gjaldþrotaskipta, eru fyrir hendi, má svo að orði kveða, að það sje skylda hvers skuldheimtumanns að halda sjer frá öllum þeim ráðstöfunum, sem skerða mundu rjett allra skuldheimtumannanna til að fá tiltölulega borgun skulda sinna, og er þá, en fyr eigi, rjett, að riptað sje lögmætum borgunum og öðrum þess konar ráðstöfunum, er ekkert er óvanalegt við.

22.—25. gr. eru um þær ráðstafanir, sem er sjerstaklega auðvelt að fá riptað sakir þess, að þær eru mjög svo ískyggilegar og einkar hættulegar fyrir jafnrjetti allra skuldheimtumannanna til þess að fá tiltölulega borgun, sem einmitt er aðalhugsunin með gjaldþrotaskiptunum. Það sem gjörir það auðvelt að ripta þessum ráðstöfunum er 1) að búið þarf eigi að færa sönnur á, að hlutaðeigandi hafi verið vitandi um þrotin eða haft grun um þau, en að ráðstöfuninni skal riptað, ef hann hrindir eigi grun þeim, er leika skal á um það, að hann hafi vitað af þeim, 2) að búið þarf eigi að færa sönnur á þrot skuldunauts, en að álíta skal, að hann hafi verið gjaldþrota, þangað til sönnur eru færðar á hið gagnstæða, 3) að riptingarrjetturinn nær yfir 8 vikna tímabil á undan byrjun gjaldþrotaskiptanna.

Í 26. gr. er hin almenna regla um riptingu allra ráðstafana, sem miða til þess að draga taum sumra skuldheimtumanna hinum til tjóns, en þar á móti á hvorki málsgrein þessi nje hinar undanfarandi greinir við, þá er ræðir um ráðstafanir, sem eigi miða til þessa. Þegar svo er ástatt, sem hjer segir, leikur enginn grunur á því, að sá, sem samdi við skuldunaut, hafi verið vitandi um ástand hans, og verður því að færa sönnur á það eptir almennum sönnunarreglum, að svo hafi verið, ef hann neitar því. Að setja ákveðin tímatakmörk um það, hvenær hægt skuli vera að ripta ráðstöfunum eptir þessari grein, er eigi unnt, en venjulega getur hjer ekki verið um langan tíma að ræða. Það er auðvitað gjört ráð fyrir því, að þegar svo er komið, sem um getur í greininni, fari gjaldþrotaskiptin á eptir í framhaldi af því.

Ákvæðið í 1. lið 27. gr. þarf að líkindum engra skýringa með, en um 2. lið greinarinnar skal þess getið, að þegar svo stendur á, að skuldunautur hefur borgað víxil í rjettan gjalddaga, er hann hefur áður samþykkt, svo að eigi hefur verið hægt að láta afsagnargjörð (de non solutione) fara fram, og hlutaðeigandi víxileigandi þannig hefur misst víxilrjett sinn gagnvart ábyrgðarmönnum sínum, væri það ósanngjarnt, ef búið gæti krafizt endurborgunar á víxlinum af honum. Þegar svona stendur á, verður þar á móti rjett að krefjast upphæðar þeirrar, er víxillinn var borgaður með, af þeim, er að lokum hefði haft hag af borguninni, og sem á endanum hefði orðið að borga víxilinn, ef hann hefði eigi áður verið borgaður, enda hafi honum, er hann gaf út eða framseldi víxilinn, verið kunnugt um, að svo var ástatt fyrir skuldunaut, sem sagt er frá í 26. gr.

28. gr. hefur inni að halda sjerstaklega stranga ákvörðun um riptingu á gjöfum, sem þegar eru af hendi leystar — um gjafaloforð skal skírskotað til 85. gr. skiptalaganna. Hið sjerstaklega, sem gildir um riptingu á gjöfum, er bæði það, hve riptingatíminn er langur, 1 ár, og svo það, að þeim verður öllum riptað, sem tekið hefur verið við á tjeðu tímabili, enda þótt gjafaloforðin sjeu eldri, hafi þiggjanda, þá er hann tók við, verið kunnugt um nokkurt það atvik, er hann mátti ráða af þrot gefanda. Jafnvel þó svo standi á, að gjafaloforðið sje eldra, verður að halda því fram, að enginn má taka við gjöf af manni, sem hann veit eða rennir grun í, að ekki muni eiga fyrir skuldum, því það kemur þá í bága við rjett skuldheimtumanna hans, að gjöfin er leyst af hendi, ef bú hans verður tekið til gjaldþrotaskipta.

Reglan um það í 29. gr. að búið eigi rjett á að slíta samningum um lífeyri, forlagseyri, lífsábyrgð eða þess konar tekjur, er óþörf, þegar svo stendur á, að skuldunautur hefur fengið sjer tekjur þessar á þann hátt, að þær hreint og beint heyra búi hans til, en þar á móti er þörf á henni, þegar skuldunautur hefur aðeins með slíkum samningum keypt sjer fjárrjettindi fyrir sjálfan sig, sem skuldheimtumenn hans geta ekki hagnýtt sjer. Rjettur sá, er búinu er gefinn, er bundinn því skilyrði, að því bætist tekjur við það, því að búið á eigi að eiga rjett á að skaða skuldunaut, ef það vinnur ekkert við það. Þá er rjetturinn og einskorðaður eins og gjört er í greininni, vegna þess eða þeirra, er samið hafa við skuldunaut, og getur búið því eigi heimtað það, að skilað verði aptur öllu því, sem skuldunautur hefur innt af hendi, og kemur það einkum til greina, þegar lífeyris-eða lífsábyrgðarstofnanir eiga hlut að máli.

30. gr. heldur uppi gildi ákvæðisins í N. l. 5—13—44, 2. lið um afhendingar, er fara fram milli hjóna og ættingja, og mun það þykja eðlilegt.

Það verður og að skoða ákvæðið í 31. gr. sem eðlilega afleiðing af reglum þeim, sem settar eru hjer að framan, þarsem það er ákveðið, að þegar sá, er skipti við skuldunaut, aptur hefur afhent hluti þá eða rjettindi, sem um er að ræða, geti búið líka heimtað þeim aptur skilað af þeim, er fengið hefur, eða verð þeirra borgað; en hinsvegar er það nauðsynlegt til þess að tryggja viðskipti manna á meðal, að setja þau takmörk, að þessi rjettur búsins nái aðeins til þeirra, er voru þess vitandi, að tilgangurinn með framsalinu var sá að hindra búið í að njóta rjettar síns.

Í 32. gr. eru ákvæði um það, hvenær höfða skuli riptingarmál, og munu frestir þeir, er þar er farið fram á, veru hæfilega langir. Landshöfðingi hefur stungið upp á því, að við grein þessa yrði bætt ákvæði um það, að það gjöri dómarann í hjeraði eigi óhæfan til þess að dæma í riptingarmálinu, að hann sem skiptaráðandi hefur haft búið til meðferðar, en samkvæmt reglum þeim, sem eru um það, hvenær dómarar verða að víkja úr dómi sem óhæfir, er slík viðbót ónauðsynleg, og henni því sleppt.

5. kapituli.

Um gjaldþrotaskipti á nokkrum sjerstökum tegundum búa.

Um ákvæðin í 33. gr. skal þess getið, að þó bú hafi verið tekið til skiptameðferðar, er þar með auðvitað eigi loku skotið fyrir það, að skuldheimtumenn þess á síðan geti komið á gjaldþrotaskiptum og notið hagsmuna þeirra, sem þeim eru samfara, einkum riptingaákvæðanna. Þegar þetta kemur fyrir, virðist hagfeldast að telja riptingarfrestina frá þeim tíma, er búið var tekið til skiptameðferðar.

6. kapítuli.

Um lok gjaldþrotaskipta.

Það verður að álíta það sanngjarnt, að skuldheimtumanni þeim, er krafizt hefur gjaldþrotaskipta, sje gefinn kostur á að komast hjá frekari ábyrgð á skiptakostnaði á þann hátt, sem segir í 2. lið 34. gr.

Um hin önnur ákvæði í kapítula þessum virðist eigi þörf á að orðlengja. Að því er snertir framsal búsins, áður en innköllunarfresturinn er út runninn, skal skírskotað il þess, sem sagt er hjer að framan um 8. gr.

Frumvarp til laga

um

aukatekjur þær, er renna í landssjóð.

(Lagt fyrir alþingi 1893.)

1. kapítuli.

Um gjöld þau, er greiða skal í eiginlegum þingmálum.

1. gr.

Fyrir að taka út stefnu, þegar málsaðili í stað þess að gefa út fyrirkallsseðil beiðist þess, að stefnan verði gefin út með nafni dómarans og innsigli, skal gjalda 50 aura.

Sama gjald skal greiða fyrir fyrirkall það, er greinir um í 9. og 14. gr. tilskipunar 14. ágúst 1832.

2. gr.

Fyrir að taka fyrir mál og fyrir frekari meðferð á því, þarmeð talin ritun í dómsmálabókina, skal gjalda 1 kr. Sama gjald skal greiða í tilfellum þeim, er getur um í 7., 9. og 14. gr. tilskipunar 14. ágúst 1832.

3. gr.

Fyrir að leggja dóm á mál skal gjalda 1 kr., um leið og málið er tekið til dóms. Fyrir hina skriflegu frávísun, sem greinir um í 6. gr. tilskipunar 14. ágúst 1832, skal greiða sama gjald.

4. gr.

Nú eru teknar út fleiri en ein stefna í sama máli, og skal þá greiða gjöld þau, er getur um í 1. og 2. gr., fyrir hverja þeirra um sig. Gjald það, sem ræðir um í 3. gr., á sækjandi málsins að greiða, en komi gagnsókn fyrir, skal gagnsækjandi einnig greiða gjald þetta.

5. gr.

Fyrir að yfirheyra vitni skal gjalda 30 aura fyrir hvert þeirra.

Fyrir gagnspurningar skal ekki greiða sjerstaklega.

6. gr.

Fyrir að kveðja menn í rjetti til skoðunargjörða eða annara þessháttarverka skal gjalda 30 aura fyrir hvern hinna dómkvöddu, auk gjalds þess, er getið er um í 2. gr. Sama gjald skal greiða fyrir eiðfesting gjörðarinnar, svo og fyrir sjerhverja eiðfestingu, nema um vitni sje að ræða.

Fyrir að kveðja menn til þess að virða fasteign til veðsetningar fyrir láni af fje ómyndugra skal ekkert gjald greitt; svo er og um eiðfesting þessara manna.

7. gr.

Fyrir að staðfesta og innsigla dóms- eða þingvitnagjörninga eður önnur eptirrit, sem gefin eru út í aktsformi, skal gjalda 50 aura fyrir hvert.

8. gr.

Þegar mál það, er ræðir um, varðar eigi meiru en 50 krónum, skal aðeins greiða helming gjalda þeirra, er um getur í 1.—6. gr.

9. gr.

Í lögreglumálum, sem rísa út af viðskiptum húsbænda og hjúa, skal eigi gjalda nema 50 aura alls, en í lögreglumálum um meðgjöf með óskilgetnum börnum skal engin gjöld greiða í hjeraði.

Í öðrum lögreglumálum en þessum skal greiða hin venjulegu gjöld, sem talin eru hjer að framan.

10. gr.

Fyrir bókun á yfirlýsing um eitt eður annað, sem ekki snertir neitt mál, sem áður hefur verið tekið fyrir og er til meðferðar fyrir rjettinum, skal sá, er þessa beiðist, greiða 50 aura auk gjalds þess, er getur um í 2. gr.

11. gr.

Við landsyfirdóminn skal ávalt greiða tvöfalt gjald á við það, er borga hefði átt í hjeraði.

12. gr.

Í opinberum málum og gjafsóknarmálum skal engin rjettargjöld greiða, en í gjafsóknarmálum skulu rjettargjöld þau, er gjafsóknarhafandi hefði átt að greiða, goldin af hinum málsaðila, þegar hann með dómi er skyldaður til að greiða málskostnaðinn.

Í málum þeim, sem ræðir um í 16. gr. laga um kosningar til alþingis 14. september 1877, skal engin rjettargjöld greiða í hjeraði.

13. gr.

Þingvitnaleiðslur, er fram fara til þess að færa sönnur á slys eða til þess að heimila verðlaun fyrir björgun drukknaðra, skal álíta sem opinber mál, en venjulega skulu þær fram fara á hinum reglulegu þingtímum, til þess að kostnaður rísi eigi af fyrir hið opinbera.

2. kapituli.

Um gjöld fyrir fógetagjörðir.

14. gr.

Fyrir kyrrsetningar- eða lögbannsgjörð, svo og fyrir fjárnáms-, lögtaks- eða löggeymslugjörð, sem fram fer í fjármunum — en til fjármuna teljast eigi aðeins lausafje og fasteignir, heldur og skuldakröfur á hendur öðrum og önnur þau fjárrjettindi, sem greinir um í 3. kapítula laga 4. nóvember 1887 um aðför — skal gjalda í hlutfalli við fjárupphæð þá, sem gjörðarinnar er beiðst fyrir, eins og hjer segir:

þegar	upphæðin	er	25 kr.	eða	minni	»	kr.	75 a.
—	—	er hærri en	25 kr.	en	minni en 50 kr.	1	—	50 -
—	—	—	50 —	—	100 —	2	—	25 -
—	—	—	100 —	—	200 —	3	—	» -
—	—	—	200 —	—	300 —	3	—	50 -
—	—	—	300 —	—	400 —	4	—	» -
—	—	—	400 —	—	1,000 —	5	—	» -
—	—	—	1,000 —	.....		6	—	» -

15. gr.

Fyrir kyrrsetning á manni skal gjalda 6 kr.; sjeu fjármunir jafnframt kyrrsettir, skal gjalda fyrir það eptir 14. gr.

16. gr.

Nú er aðfarar beiðst hjá einum og sama manni eptir fleiri dómum en einum, sættum eða þinglesnum veðskuldabrjefum (þegar þau skilyrði eru fyrir hendi, sem sett eru í 15. og 16. gr. laga, nr. 29, 16. desember 1885), og skal þá gjaldið greitt fyrir hverja þeirra um sig.

Svo er og, að þegar fjárnáms er beiðst eptir sama dóminum, sættinni eða veðskuldabrjefinu hjá fleirum en einum, skal gjörð halda hjá hverjum þeirra fyrir sig og gjald fyrir koma; þettar gildir þó eigi, ef hlutaðeigendur eiga muni í sameign, er fjárnám sje gjört í; heldur eigi hækkar gjaldið, þótt munir þeir, sem fjárnámi eru teknir, sjeu eigi allir á sama stað.

17. gr.

Fyrir lausnargjörð skal gjalda eptir 14. gr., þegar fje með henni er laust látið, en eptir 15. gr. sje kyrrsetning á manni með henni niður felld.

18. gr.

Fyrir rannsókn, sem haldin er eptir beiðni einstakra manna, skal gjalda 1 kr.

19. gr.

Fyrir útburð manns af jörðu eða húsi og fyrir innsetning á jörð eða í hús til umráða skal gjalda 2 kr. Sama gjald skal greiða fyrir aðrar fógetagjörðir, er fara fram á eitthvað það, er eigi verður metið til peningaverðs.

20. gr.

Fyrir skoðun á líkams-áverka eptir beiðni einstakra manna skal gjalda 2 kr. Fyrir skoðun á fundnum líkum skal ekkert gjald greiða

21. gr.

Þegar hreppstjóri heldur fógetagjörðir, skal fara eptir lögum nr. 3, 13. janúar 1882, 5. gr. og lögum nr. 29, 16. desember 1885, 14. gr.

22. gr.

Ef hægt er að ákveða gjaldið fyrir fram, skal greiða fógeta það áður en hann byrjar gjörðina, þá er hann krefst þess, og er gjaldið eigi apturkræft, þótt gjörðarbeiðnin sje kölluð aptur, eða fógeti neitar að fremja gjörðina, nema svo sje, að hærra gjald hafi verið borgað fyrir fram fyrir gjörðina, en greiða hefði átt, er hún var leidd til lykta.

23. gr.

Í gjafsóknarmálum og skipuðum málum, svo og þegar sá beiðist fjárnáms, er dæmdar hafa verið bætur í opinberu máli, þá og þegar tekinn er fjárnámi eða lögtaki framfærslueyrir, er manni ber að greiða með barni sínu skilgetnu eða óskilgetnu, með stjúpbarni, foreldri sínu eða konu, er hann hefur slitið samvistum við, eða skilið við að borði og sæng eða að fullu og öllu, eða tekið er lögtaki eða fjárnámi kaup hjúa eða matarverð, er þau eiga hjá húsbændum sínum, skal því að eins greiða rjettargjald, að það náist hjá þeim, er fyrir fjárnámi eða lögtaki verður, enda sje krafu gjörðarbeiðanda áður fullnægt.

Fyrir að fullnægja dómum í sakamálum eptir ráðstöfun hins opinbera skal engin gjöld greiða.

3. kapituli.

Um borgun fyrir embættisstörf við afsals- og veðmálabækur og þinglýsingar.

24. gr.

Fyrir að þinglesa afsalsbrjef, veðskuldabrjef, fjárnámsgjörð, skiptabrjef eða önnur skjöl, sem þinglesin eru sem eignarheimild fyrir fasteign eða til þess að leggja hapt á fasteignir og fyrir að rita á skjöl þessi og rita þau inn í bækurnar, svo og fyrir að þinglesa, rita á og bóka skjöl, sem leggja hapt á lausafje, skal gjalda í hlutfalli við fjárupphæð þá, er skjalið hljóðar um, eins og hjer segir:

Þegar upphæðin er ekki hærri en 100 kr.						»	kr.	75 a.
—	—	—	100	—	en ekki hærri en 200 kr.	1	—	» -
—	—	—	200	—	— 500 —	1	—	50 -
—	—	—	500	—	— 1,000 —	2	—	» -
—	—	—	1,000	—	— 2,000 —	3	—	» -
—	—	—	2,000	—	— 3,500 —	4	—	» -
—	—	—	3,500	—	— 5,000 —	5	—	» -

og sje upphæðin meiri, skal gjalda 6 kr., hversu há sem hún er.

Gjald það, er síðast er nefnt, skal og greiða, sje upphæð sú ákveðin, sem skjalið greinir um, t. a. m. þegar veð er sett fyrir skuldir, er síðar verða stofnaðar.

Nú er upphæðin ákveðin í verðaurum en ekki í peningum, og skal þá meta þá til peningaverðs eptir almennum reglum.

Nú er árlegt afgjald á skilið um aldur og æfi, og skal gjalda fyrir það sem fyrir 25 sinnum stærri fjárupphæð, en sje afgjaldið á skilið upp á lífstið, skal gjaldið aðeins talið af 5 sinnum meiri upphæð; sje áratal tiltekið, skal afgjaldið talið saman fyrir öll árin, en þó skal aldrei af meiru gjalda en af upphæð afgjaldsins 25 faldri.

Reglum þessum skal og ætíð fylgt endranær, þegar þinglýsingargjald skal meta að tiltölu við tiltekið verð.

Nú er eign seld af hendi, án þess að fyrir hana sje greitt andvirði, eða henni makaskipt gegn annari eign, og verður þá að tiltaka verð hennar í skjalinu eða rita það á það, svo ákveða megi eptir því þinglýsingargjaldið.

25. gr.

Fyrir að þinglesa og bóka skjöl, er hljóða um efni, sem eigi verður metið til ákveðins verðs, eða skjöl, sem ekki eru um afsal eða hapt á fasteignum eða lausafje, skal gjalda 1 kr. Sjeu þess konar skjöl þinglesin við landsyfirdóminn skal gjalda 2 kr.

26. gr.

Þegar þinglesa skal heimildarskjal eða brjef um hapt á eignum, skal hlutaðeigandi embættismaður líta eptir því, hvort útgefandi þess hefur sjálfur eignarheimild fyrir eign þeirri eða munum, sem hann ráðstafar, eða hvort nokkuð það hafi þinglesið verið áður, er ónýtt geti eða rýrt gildi skjalsins, og rita aðeins á skjalið, að það hafi verið þinglesið, ef enginn brestur eða tálmun finnst; ella skal rita athugasemd á skjalið um heimildar-brest hans eða um hið áður lesna heptingar-brjef, og skal greiða fyrir það helming gjalds þess, er ræðir um í 24. gr., en þó aldrei minna en 50 aura og aldrei meira en 1 kr. 50 aura. Þegar fengnar eru betri skýrslur eða frekari heimild, og áritunin þvínæst verður afmáð, skal greiða fyrir það sama gjald og fyrir að gjöra hana.

27. gr.

Fyrir að aflýsa skjali og afmá það úr veðbrjefabókinni, svo og fyrir að aflýsa afborgun á veðskuld og gjöra áritun um það á veðskuldabrjefið skal greiða helming gjalds þess, er greinir um í 24. gr., þó eigi minna en 50 aura; á afborgun skal miða gjaldið við stærð hennar.

28. gr.

Nú krefst einhver vottorðs úr afsals- og veðbrjefabókunum um eignarheimild á fasteign og um höpt þau, er á henni hvíla, og skal hann gjalda fyrir það 1 kr.

Vottorð þau, er stjórn landsbankans krefst úr greindum bókum um fasteignir þær, sem menn ætla að veðsetja gegn láni úr bankanum, skulu gefin ókeypis, ef þau eru ætluð bankanum einum til afnota.

29. gr.

Nú er sama skjalið þinglesið í fleiri þinghám en einni, og skal þá greiða gjöld þau, sem að framan getur um, fyrir hverja þinglýsing.

30. gr.

Fyrir þinglýsingar og aflýsingar á veði því, sem sett er landssjóði fyrir innheimtu á tekjum hans, skal ekkert gjald greiða. Svo er og um þinglestur og aflýsingar á uppskriptargjörðum þeim á eignum þurfalinga og yfirvaldsúrskurðum um sviptingu á fjárforráði þeirra, sem greinir um í 3. og 4. gr. laga nr. 20, 4. nóvember 1887.

4. kapituli.

Um gjöld fyrir gjörðir þær, er að skiptum lúta.

31. gr.

Í öllum þeim búum, sem skiptaráðandi fer með og skiptir til enda, skal greiða í skiptagjald 1 % af öllum eignum búsins án tillits til skulda, er á því hvíla.

Þá skal ekkert gjald greiða í þeim búum, þarsem eigurnar nema ekki 200 kr., að frádregnum útfararkostnaði í dánarbúum.

32 gr.

Fyrir að gefa út innköllun til skuldheimtumanna skal greiða:

þegar eignir búsins umfram skuldir þess eru eigi meiri en 200 kr.	1 kr.
Sjeu þær meiri en 200 kr. en ekki meiri en 1000 kr.	2 —
— — — — 1000 kr.	4 —

Í gjaldþrotabúum og búum, sem ekkert eiga umfram skuldir, skal ekkert gjald greiða fyrir innköllun þessa.

33. gr.

Nú tekur skiptaráðandi bú til skiptameðferðar en framselur það síðar hlutaðeigandi erfingjum eða öðrum, er hlut eiga að máli, og skal þá greiða fjórðung gjalds þess, er ræðir um í 31. gr., ef framsalið fer fram á fyrsta skiptafundi, helming ef það fer fram seinna en þó ekki síðar en á fyrsta skiptafundi eptir að innköllunarfresturinn er útrunninn, en 3 fjórðunga gjaldsins, ef framsalið fer síðar fram, en nú var sagt, en þó áður en búið er tekið til skiptaloka.

34. gr.

Þegar skiptaforstjórar án dómsvalds skipta búi, skal greiða sama gjald, og ef skiptaráðandi hefði skipt því, sje einhver erfingjanna ómyndugur eða um gjaldþrotaskiptabú sje að ræða.

35. gr.

Þá er skiptaráðendur eða skiptaforstjórar skipta búum til enda, kemur gjaldið í gjalddaga við skiptalok og bera þeir, hvor um sig, ábyrgð á greiðslu gjaldsins og á því, að það sje rjett talið.

Þegar bú er framselt til erfingjaskipta, kemur gjaldið í gjalddaga 6 mánuðum eptir framsalið, og bera erfingjar, einn sem allir og allir sem einn, ábyrgð á því. En ef erfingjar skýra frá því, þegar frestur þessi er á enda, að þeir hafi enn þá eigi getað ákveðið gjaldið, getur skiptaráðandi veitt þeim frekari frest á greiðslu þess. Þegar gjaldið er komið í gjald-

daga, eiga erfingjar, sjeu þeir eigi samkvæmt 77. gr. skiptalaganna skyldir til að láta skiptaráðanda í tje skýrslu þá, er þar er getið, að senda honum skrá, samda uppá æru og samvizku, yfir eigur búsins og skuldir; og má dagsektum beita, komi þeir eigi fram með hana. Hið sama er, þegar bú hefur verið tekið til opinberrar skiptameðferðar en er framselt því hjóna, er eptir lifir, til þess að sitja í óskiptu búi. Nú hefur einhver, þegar svo er ástatt, sem að framan er sagt, samið ranga skýrslu á móti betri vitund landssjóði í óhag, og skal þá greiða tvöfalt gjald af því, sem dregið hefur verið undan, og hlutaðeigandi sætir auk þess þeirri hegningu, sem við er lögð í almennum hegningarlögum.

5. kapituli.

Um gjöld fyrir gjörðir þær, er snerta uppboð.

36. gr.

Hin almennu uppboðslaun, er ávallt skal greiða, nema þar sem eptirfarandi greinir veita heimild til annars, eru 4 af hundraði.

37.

Þegar seld eru við opinbert uppboð hús, grunnar, jarðagóz og aðrar fasteignir svo og skip — þar með talin öll för, einnig bátar, sjeu þau eigi talin ósjófær — hlutabrjef, skuldabrjef og aðrar skuldakröfur, leigumálarjettur og önnur þess konar rjettindi, skal gjalda í uppboðslaun:

af hinum fyrstu 2,000 kr.	2 %.
af upphæð yfir 2,000 kr. til fullra 6,000 kr.	1½ —
- — — 6,000 — — — 60,000 —	1 —
af upphæð, sem er meiri en 60,000 kr.	½ —

Þegar leigumálarjettur er seldur við uppboð, skal aðeins reikna uppboðslaun af hinu árlega afgjaldi.

38. gr.

Nú eru verzlunarvörur seldar við uppboð og svo mikið í einu, að hvert hamarshögg nemur minnst 30 kr., og skulu þá uppboðslaun af upphæð þeirri, sem uppboðið nemur meiru en 600 kr. (af hinum fyrstu 600 kr. skal ætíð greiða fullt gjald eptir 36. gr.) ákveðin eins og hjer segir:

af upphæð frá 600 kr. til fullra 2,000 kr.	2 %.
— meiri en 2,000 — — 4,000 —	1½ —
— — 4,000 — — 8,000 —	1 —
— — 8,000 — — 16,000 —	½ —
og af upphæð, sem nemur meiru en 16,000 k.	⅜ —

Nú eru einstöku númer seld í smærri deildum, og skal þá af söluverði þeirra greiða hin vanalegu uppboðslaun, sem ákveðin eru í 36. gr.; en af söluverði þeirra vara, sem seldar eru í stærri skömmtum, skal uppboðslaun telja samkvæmt þessari gr.

39. gr.

Þegar þess er krafizt, skal uppboðshaldari sjá um, að uppboðið verði birt á undan með auglýsingu í blöðunum eða á annan hátt, eptir því sem við verður komið á hverjum stað, og skal það gjört, ef unnt er, 8 dögum áður en uppboðið er haldið.

Það er venjulega undir hlutaðeigendum sjálfum komið, hvort uppboðið skuli birt nema í kaupstað þeim eða hrepp, er það á að haldast, eða hvort þar að auki skuli birta það í einum eða fleirum næstu hreppunum; svo er það og á valdi þeirra, hvernig uppboðsauglýsingunum skuli útbýtt, — sjá þó 18. gr. laga 14. janúar 1876 um skipströnd. En sje eigi hægt að fá vitneskju um ósk hlutaðeigenda í þessum atriðum, eða sjeu þeir á skiptum skoðunum um þau, skal kjósa þá aðferð, sem mest geti orðið þeim til nota, er með eiga, og haft tillit til þess, hve uppboðsmunirnir eru mikilvægir, svo og til annara ástæðna.

Fyrir að semja uppboðsauglýsing og gefa út af henni svo mörg eintök, sem þörf er á, skal gjalda 1 kr.

40. gr.

Þegar uppboð er haldið á fasteign eða á öðru því, er getur um í 37. gr., en sala fer þó eigi fram við uppboðið, svo og þegar hamarshögg er gefið upp á væntanlegt samþykki, en það bregzt, skal gjalda 4 kr. fyrir árangurslaust uppboð.

Þegar einhver lætur bjóða upp fleiri en einn sjerstakan hlut í einu, eða eign er boðin upp í pörtum, skal þó eigi gjalda meira en 10 kr. alls fyrir árangurslaust uppboð.

41. gr.

Við lausafjáruppboð skal gjalda 10 aura fyrir hvert númer, sem boðið er upp en þó eigi selt, og við uppboð á verzlunarvörum í svo stórum skömmtum, sem segir í 37. gr., skal gjalda 20 aura fyrir hvert númer, sem boðið er upp, án þess að verða selt.

42. gr.

Fyrir uppboð á eptirlátnum munum þurfalinga skal ekkert gjald greiða, og eigi heldur þegar landsbankinn lætur eigin þjóna sína selja við uppboð verðbrjef þau og annað, er hann hefur fengið að handveði.

43. gr.

Þegar hreppstjórar halda lítilfjörleg uppboð í forföllum sýslumanns og í umboði hans, skal fara eptir ákvæðum 6. greinar í lögum nr. 3, 13. janúar 1882.

44. gr.

Fyrir að gefa út uppboðsafsalsbrjef á fasteign, er seld hefur verið við uppboð, skal gjalda 2 kr., ef kaupverðið er eigi meira en 2,000 kr., 4 kr. ef það er meira en 2,000 kr. og fer þó eigi fram úr 6,000 kr., en 6 kr. ef það fer fram úr þeirri upphæð.

45 gr.

Nú hefur uppboðs beiðst verið hjá uppboðshaldara og sjeð hefur verið um birtingu á því, en beiðnin svo kölluð aptur, og skal þá aðeins greiða gjald fyrir birtinguna samkvæmt 39. gr.; en sje beiðnin eigi kölluð aptur, fyr en búið er að setja uppboðsþingið, skal gjalda 4 kr. eins og fyrir árangurslaust uppboð.

46. gr.

Fyrir undirboðsþing skal að öllu leyti gjalda eins og ákveðið er fyrir uppboð þau, er þau eiga skyldast við. Þó skal ekkert gjald greiða fyrir undirboðsþing þau, sem getur um í tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, 27. gr., tilskipun 4. maí 1872 um sveitastjórn á Íslandi, 24. gr., lögum 8. október 1883 um bæjarstjórn á Akureyri, 26. gr., og lögum s. d. um bæjarstjórn í Ísafjarðar-kaupstað, 27. gr.

47. gr.

Þar eð það er uppboðsbeiðandi, sem á að greiða uppboðskostnaðinn, skal þess gætt, ef svo kemur fyrir, að kaupanda verður gjört að skyldu að greiða hann, að hann sje þá skoðaður sem viðbót við boð þau, sem gjörð hafa verið, og ber því að reikna uppboðslaunin af uppboðssöluverðinu að viðbættum þessum kostnaði.

6. kapituli.

Um gjöid þau, er greiða skal fyrir nótarialgjörðir.

48. gr.

Fyrir afsögn á víxli, er nótarius gjörir fyrir brest á samþykki eða greiðslufall, skal gjalda eins og hjer segir:

þegar	víxillinn	nemur	1,000	kr.	eða	minnu	.....			2	kr.
—	—	—	meiru	en	1,000	kr.	og	allt	að fullum	4,000	kr... 4 —
—	—	—	—	-	4,000	kr.	-	—	—	10,000	kr... 5 —
			—	-	10,000	kr.	..	.....			6 —

Gjald þetta skal greiða, þegar gjörðin er byrjuð, enda þótt gjörðarbeiðandi krefjist þess ekki, að hún sje leidd til lykta; en fyrir formlega útskript af afsagnargjörðinni skal ekkert nýtt gjald greiða.

49. gr.

Fyrir aðrar afsagnargjörðir, svarakröfur, birtingu stefna, er nótarius framkvæmir, svo og aðrar þess konar gjörðir skal gjalda 2 kr.

Nú skal framkvæma einhverja af gjörðum þeim, er getur um í grein þessari eða í 48. gr., á fleiri stöðum en einum, og skal þá greiða fullt gjald á hinum fyrsta stað, en aðeins 1 kr. fyrir hvern hinna staðanna, sem gjörðin fer fram á eptir kröfu gjörðarbeiðanda.

50. gr.

Fyrir að bera eptirrit saman við frumritið og staðfesta það skal gjalda 25 aura fyrir hverja örk, sem eptirritið nemur, þegar það er ritað eins og að lögum á að vera; en fyrir það, sem minna er en ½ örk, skal þó aðeins gjalda 12 aura.

51. gr.

Þegar gjörður er samningur, arfleiðsluskrá, umboðsskjal eða aðrir þesskonar gjörningar fyrir nótarius, eða gengið er við áður sömdu skjali í viðurvist hans, og hann gefur út um það nótarial-vottorð í lögmætu formi, skal gjalda fyrir það 2 kr.

52. gr.

Fyrir að taka á móti skiparaskírslu (sjávarprotest) og gefa út, til notkunar við að ákveða ábyrgðargjald eða skipskaðabætur og þesskonar, skal gjalda 8 kr.

7. kapítuli.

Um gjöld fyrir ýms önnur embættisverk, er bæjarfógetar og sýslumenn o. fl. eiga af hendi að leysa.

53. gr.

Fyrir að gefa út vegabrjef skal gjalda 30 aura fyrir hvern þann, er vegabrjefið hljóðar um, en 50 aura, sje ferðinni heitið til útlanda. Þó skal aðeins greiða helming gjalds þessa fyrir vegabrjef handa húsmönnum, þurrabúðarmönnum, daglaunamönnum, vinnuhjúum og öðrum, er setja má jafnhliða þessum mönnum.

54. gr.

Fyrir sjerhvert mál eða kvarða, sem bæjarfógeti eða sýslumaður löggildir og brennimerkir, skal gjalda 15 aura.

55. gr.

Fyrir borgarabrjef sem skipstjóri skal gjalda 4 kr. og fyrir borgarabrjef sem handiðnamaður 2 kr.

56. gr.

Fyrir að löggilda og setja innsigli á verzlunarbók skal gjalda 2 kr., en fyrir að löggilda viðskiptabók 15 aura, hvort sem hún er stór eða lítil.

57. gr.

Fyrir að rita á skjöl verzlunarskipa og mannflutningaskipa og fyrir að láta af hendi heilbrigðisvottorð og önnur þau skilríki, er skipin eiga að fá á Íslandi, skal greiða 25 aura af hverri smálest af rúmfangi skipsins, þannig að $^1/_2$ lest eða þar yfir ber að skoða sem heila lest, en sleppa því, sem minna er en $^1/_2$ lest; skal greiða gjald þetta á hinni fyrstu höfn á Íslandi, er skipið kemur á til þess að taka á móti vörum eða fólki eða til þess að skipa upp vörum eða skjóta fólki á land. Nú kemur skipið á aðrar hafnir í sömu ferðinni, og skal þá eigi gjalda frekara á þeim höfnum fyrir að rannsaka og rita á skjöl þess eða fyrir nýjar farmskrár, þar með talin löggilding vöruskoðunarvottorða.

Af skipum frá konungsríkinu, sem eingöngu eru ætluð til fiskiveiða, og sem koma að landinu en fara frá því aptur, skal gjalda 10 aura af hverri smálest á fyrstu höfn, er þau koma á.

Aukaþóknun sú fyrir að rannsaka og rita á skipsskjöl, sem getur um í opnu brjefi 28. desember 1836, 9. gr., er úr gildi numin.

58. gr.

Fyrir að mæla skip samkvæmt tilskipun 25. júní 1869 skal gjalda:

a) þegar mælingin fer fram eptir fullkomnari aðferðinni, og hefur þó eigi verið til staðar eldra mælingabrjef, er út hefur verið gefið samkvæmt tilskipun þessari eða eldri ákvæðum ..... 20 aura

b) ætíð endranær ..... 10 —

fyrir hverja smálest, sem skipið rúmar eptir hinu nýja mælingabrjefi.

Fyrir útdrátt þann úr skrásetningarbókinni, er getur um í 20. gr. tilskipunar um skrásetningu skipa 25. júní 1869, skal gjalda 2 kr. fyrir hvert það skip, sem leitað er upplýsinga um.

59 gr.

Fyrir eptirlit lögreglustjóra með útflutningum samkvæmt lögum nr. 3, 14. janúar 1876, skal gjalda 20 kr. fyrir hvert útflutningaskip, er hann skoðar.

60 gr.

Fyrir að löggilda leiðarbók skal gjald 4 kr., ef rúmfang hlutaðeigandi skips er meira en 100 smálestir, ella 2 kr.

Helming gjalds þessa skal greiða fyrir vottorð þau, sem rituð eru samkvæmt 4. gr. farmannalaga 22. marz 1890 í leiðarbækur, er skilað hefur verið sökum tjóns, er skipið hefur beðið.

Fyrir vottorð þau, sem rituð eru samkvæmt 5. gr. sömu laga í leiðarbækur, sem skilað hefur verið að afstaðinni ferð, skal gjalda fyrir skip, sem stærra er en 100 smálestir, 3 kr., ef ferðin hefur eigi staðið missiri lengur, 4 kr. ef hún hefur staðið missiri lengur en ekki ári lengur; en 5 kr., ef hún hefur staðið ári lengur. Nú er skip minna en áður er sagt, og skal þá jafnan hálft gjald greiða við það, sem áður er tiltekið.

61. gr.

Fyrir sjóferðaskýrslu þá og próf, er ræðir um í 21. gr. laga um skipströnd 14. janúar 1876, svo og fyrir önnur sjóferðapróf, skal gjalda 8 kr.

62. gr.

Fyrir rannsókn þá og vottorð um styrkleik aðflutts brennivíns eða vínanda, sem ræðir um í 2. gr. laga nr. 10, 11. febrúar 1876, skal gjalda 2 kr.

Sama gjald skal greiða fyrir vottorð það, sem ræðir um í 3. gr. sömu laga, um, að vöruskrá eða tollskrá skips telji meiri áfenga drykki, en í land eru fluttir.

63. gr.

Fyrir að kveðja menn utanrjettar til skoðunar- eða annara slíkra gjörða, skal gjalda 30 aura fyrir hvern þann, sem kvaddur er.

64. gr.

Fyrir að gefa út leyfisbrjef til lausamennsku eptir tilskipun 26. maí 1863 skal gjalda 2 kr.

8. kapituli.

Almenn ákvæði.

65. gr.

Á öll þau skjöl, sem borgað er fyrir að gefa út eða rita á, eða sem snerta embættisgjörðir, sem borgun hefur verið greidd fyrir eptir reglum þeim, er að framan eru skráðar, skal hlutaðeigandi embættismaður rita hið greidda gjald bæði með tölustöfum og bókstöfum.

Sje brotið gegn þessu, varðar það sektum til landssjóðs, allt að 100 kr.

66. gr.

Allir embættismenn, sem heimta inn aukatekjur fyrir landssjóð, skulu halda reglulega aukatekjudagbók, er löguð sje eins og fyrirmyndin í reglugjörð 25. maí 1878 2. gr. Skal dagbók þessi vera löggilt af hlutaðeigandi amtmanni, og skal hann á eptirlitsferðum sínum rannsaka hana og rita um það vottorð í bókina og gefa þess nákvæmar gætur, hvort hún sje rjett rituð, og hvort aukatekjur hafi verið rangt taldar í henni.

67. gr.

Nú er eitthvert gjald, sem renna á í landssjóð eptir lögum þessum, eigi greitt innan 4 vikna eptir að það hefði átt að vera greitt, og skal þá hlutaðeigandi embættismaður, áður liðnar sjeu aðrar 4 vikur, hlutast til um, að það verði tekið lögtaki eptir reglum þeim, sem settar eru í lögum nr. 29, 16. desember 1885. Sje þessa eigi gætt, ber embættismaðurinn sjálfur ábyrgð á borgun gjaldsins.

68. gr.

Lög þessi skulu geymd á hverjum þingstað landsins, og vera til sýnis fyrir þá, sem æskja þess, hjá sjerhverjum valdsmanni og hreppstjóra.

69. gr.

Aukatekjureglugjörð fyrir rjettarins þjóna á Íslandi 10. september 1830 er úr lögum numin að því er snertir aukatekjur þær, er renna skulu í landssjóð samkvæmt lögum um laun sýslumanna og bæjarfógeta 14. desember 1877, 1. og 2. gr.

70. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1894.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hin gildandi lagaákvæði um aukatekjur er að finna í aukatekjureglugjörð fyrir rjettarins þjóna 10. september 1830 og nokkrum nýrri ákvæðum á víð og dreif. 8. kapítuli reglugjörðar þessarar „um betaling handa hreppstjórum og öðrum mönnum, sem brúkast við rjettarins aðgjörðir", er nú úr lögum numinn, og í stað hans komin lög nr. 3, 13. janúar 1882, en hin önnur ákvæði hennar standa enn að mestu leyti, en þó með þeirri verulegu breyting, að gjöld þau, er ákveðin eru í henni, renna nú að einu undanteknu í landssjóð samkvæmt 1. og 2. gr. laga nr. 24, 14. desember 1877, en áður fengu rjettarþjónarnir þau sem nokkurn hluta launa sinna. Breyting sú, er hjer er orðin á, þarsem aukatekjurnar nú eru orðnar gjöld, sem renna í landssjóð, í stað þess að þær voru áður endurgjald til embættismannanna fyrir ýms embættisverk, er þeir gjörðu, gjörir það æskilegt, að endurskoðuð sjeu ákvæðin um greiðslu þeirra og lögð eptir hinni núverandi ákvörðun þeirra; svo gjöra og ýmsar aðrar breytingar á löggjöfinni, t. a. m. peningabreytingin, slíka endurskoðun hagfelda. Það hefur því þótt rjettast að endurskoða allt, er að aukatekjum lýtur og þá jafnframt hagfeldast að greina ákvæðin um aukatekjur þær, er renna í landssjóð, frá ákvæðunum um dagpeninga þá og endurgjald fyrir ferðakostnað, er embættismönnum ber fyrir ýms embættisverk, og semja um þau 2 lagafrumvörp, þannig, að í frumvarpinu um aukatekjur þær, er renna í landssjóð, skuli talin öll embættisverk sýslumanna og bæjarfógeta, bæði sem dómara og sem valdsmanna, er gjöld skal greiða fyrir í landssjóð, og í frumvarpinu um borgun til sýslumanna og bæjarfógeta hinsvegar bæði öll þau embættisverk, er þeir fá fyrir dagpeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað, annaðhvort sem dómarar eða valdsmenn, og svo aukatekjur þær, er þeir fá sjálfir einstöku sinnum sem borgun.

Þótt verð peninga í hlutfalli við vörur sje fallið um helming, síðan aukatekjureglugjörðin var gefin, svo að tvöfalda yrði gjöld þau og aðra borgun, sem talin eru í henni, til þess að þau yrðu hin sömu og fyrir 60 árum síðan, hefur þó eigi þótt ástæða til þess að hækka gjöld þessi frá því, sem þau eru ákveðin í aukatekjureglugjörðinni. Hækkun að tiltölu mundi verða æði tilfinnanleg fyrir þá, sem gjalda eiga og eru orðnir vanir að greiða fjárhæðir þær, sem nú gilda, og á hinn bóginn þykir eigi vera ástæða til þess nú sem stendur, að freista að auka tekjur landssjóðs á þann veg.

Um hin einstöku ákvæði frumvarpsins, skal þess getið, er hjer fer á eptir.

1. kapítuli.

Um gjöld þau, er greiða skal í eiginlegum þingmálum.

Samkvæmt 1. og 2. gr. laga nr. 24, 14. desember 1877 renna ritlaunin bæði fyrir gjörninga í aktsformi og eptirrit í landssjóð. Á þessu er farið fram á að gjöra þá breytingu, að ritlaunin fyrir eptirrit úr embættisbókum, hvort sem eptirritin eru gefin út í aktsformi eða ekki, svo og fyrir eptirrit af skjölum í skjalasöfnum embættanna, leggist

framvegis hlutaðeigandi embættismanni sjálfum. Með breytingu þessari næst það, að ósamkvæmni sú fellur burtu, að ritlaunin í hjeraði renna í landssjóð, en leggjast við landsyfirdóminn dómsmálaritaranum sjálfum, og svo þykir það og eðlilegt, að borgun eins og ritlaun leggist hlutaðeigandi embættismanni sjálfum, sem annars verður að láta taka eptirritin á eigin kostnað. Við þetta bætist, að tekjumissir landssjóðs við breytingu þessa mun verða næsta lítill, og að eptirlit með reikningsskilum á ritlaunum er mjög erfitt. Það eru því eigi tekin í frumvarp þetta nein ákvæði, sem samsvara 7. gr. aukatekjureglugjörðarinnar, og svo er og ákvæðunum í 15. og 16. gr. hennar um dagpeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað embættismanna sleppt hjer, en þau tekin inn í lagafrumvarp það, sem áður er nefnt.

1. gr.

er samhljóða 1. gr. aukatekjureglugjörðarinnar að því undanskildu, að 20 sk. er breytt í 50 a. í stað 41 e. til hægðarauka, og að orðunum: »þó eptir því af málspartinum ingefna uppkasti« er sleppt samkvæmt ákvæði því í 5. gr. tilskipunar viðvíkjandi rjettargangsmátanum við undirrjettina á Íslandi o. s. frv. 15. ágúst 1832, að eigi skuli gjalda meira fyrir að taka út stefnu, þótt dómarinn semji hana, en er sækjandi semur hana sjálfur. Þá er og því bætt við, að sama gjald og fyrir að taka út stefnu, skuli greiða fyrir fyrirkall það, sem gefið er út eptir beiðni stefnda, þegar málið hefur verið tekið til dóms, af því að hann mætti eigi, en verður tekið til meðferðar aptur samkvæmt 9. og 14. gr. tilskipunarinnar.

2. gr.

er sömuleiðis samhljóða 2. gr. aukatekjureglugjörðarinnar; er því aðeins bætt við, að sama gjald og fyrir að taka mál til meðferðar, skuli gjalda, þegar eigi verður að gjört hinn fyrsta rjettardag, sökum þess, að sækjandi mætir eigi, sbr. tilsk. 15. ág. 1832, 7. gr., og þegar málið er tekið til meðferðar aptur eptir 9. og 14. gr. tilskipunarinnar.

3. gr.

er sömuleiðis samhljóða 3. gr. reglugjörðarinnar með þeirri viðbót, að sama gjald og fyrir að leggja dóm á málið, skuli og greiða fyrir hina skriflegu frávísun, sem getur um í 6. gr. optnefndrar tilskipunar.

4. og 5. gr.

eru og samhljóða 4. og 5. grein reglugjörðarinnar, nema hvað gjaldi því, sem ákveðið er í hinni síðar töldu gr., 16. sk., er breytt í 30 a.

6. gr.

Ákvæðin í 6. gr. aukatekjureglugjörðarinnar um að nefna menn til skoðunar-, virðinga- og annara þess konar gjörða, hafa verið skilin á ýmsan hátt. Sumir embættismenn hafa þannig skilið þau svo, að aðeins skuli greiða 16. sk. alls fyrir þetta, hvort sem mennirnir væru nefndir í eða utan rjettar og án tillits til, hvort einn væri nefndur eða fleiri. Aðrir hafa hinsvegar fylgt þeirri reglu, þegar menn eru nefndir í rjetti, að krefja 16. sk. gjald fyrir hvern mann, sem nefndur er, og þar að auki gjald eptir 2. gr. aukatekjureglugjörðarinnar fyrir að setja rjettinn. Hinn síðar nefndi skilningur var talinn rjettari í landshöfðingjabrjefi 9. janúar 1886 (sbr. Stjórnartíðindi B. bls. 1) og

hefur honum verið fylgt við samningu greinar þessarar, og er jafnframt þessu tekið inn í 7. kapítula ákvæði um gjald fyrir að nefna menn utan rjettar.

Samkvæmt 8. gr. tilsk. um fjárforráð ómyndugra 18. febr. 1847 er bætt við ákvæði um það, að ekkert gjald skuli greiða fyrir að nefna menn til að virða fasteignir til veðsetningar fyrir láni af fje ómyndugra, nje heldur fyrir að taka þá í eið.

7. gr.

er eins og 8. gr. aukatekjureglugjörðarinnar, og er þó gjaldinu 41 e. breytt í 50 a; svo nær og ákvæði greinarinnar eigi aðeins til dóms- og þingsvitnagjörninga heldur og til fógeta-, skipta- og nótarialgjörninga sem og annara eptirrita t. a. m. af skoðunar- eða virðingagjörðum, þegar þau eru af hendi látin í aktsformi.

8. gr.

er eins og 9. gr. aukatekjureglugjörðarinnar.

9. gr.

er eins og 10. gr. reglugjörðarinnar og opið brjef (frá kansellíinu) 28. maí 1825; þó er ákvæðunum um ritlaunin sleppt samkvæmt því, sem áður er sagt.

10. gr.

er eins og 11. gr. reglugjörðarinnar, nema hvað gjaldið er hækkað upp í 50 a., og að bætt er hjer við eins og við 6. gr., að fyrir að setja rjettinn skuli gjalda samkvæmt 2. gr.

11. gr.

er að því einu leyti frábrugðin 12. gr. aukatekjureglugjörðarinnar, að ákvæðinu um ritlaunin er sleppt, þareð þau við landsyfirdóminn leggjast dómsmálaritaranum sjálfum.

12. gr.

Hefur inni að halda hin sömu ákvæði og 13. gr. aukatekjureglugjörðarinnar og 16. gr. laga um kosningar til alþingis 14. september 1877, þess efnis, að engin gjöld skuli greiða í opinberum málum og gjafsóknarmálum og í málum þeim, er snerta kosningarrjett til alþingis, en að í gjafsóknarmálum skuli þó hinn málsaðila greiða gjöld þau, er gjafsóknarhafandi hefði átt að greiða, þegar hann með dómi er skyldaður til að greiða málskostnað. Hinsvegar er hjer sleppt ákvæðunum í 13. gr. reglugjörðarinnar um dagpeninga dómarans og endurgjald fyrir ferðakostnað, og sama er að segja um ákvæðið um vald amtmanns til þess að veita gjafsókn, þareð reglur þessar er nú að finna í lögum 12. júlí 1878.

13. gr.

er að því einu leyti frábrugðin 14. gr. aukatekjureglugjörðarinnar, að orðunum: „og miða til lækkunar á sköttum“ er sleppt.

2. kapítuli.

Um gjöld þau, er ber að greiða fyrir fógetagjörðir.

Í þessum kapítula er sleppt 19. gr. aukatekjureglugjörðarinnar og ákvæði því úr 20. gr., er stendur í sambandi við hana, þareð reglur þessar gjöra ráð fyrir því, að gjöldin leggist fógeta sjálfum. Þá er og 25. gr. um ritun á fógetagjörðum og ákvæðunum í 27. og 28. gr. um endurgjald fyrir ferðakostnað sleppt samkvæmt því, sem tekið hefur verið fram í athugasemdunum við 1. kapítula og sömuleiðis 26. gr., sem numin er úr gildi með 21. gr. laga um skipströnd 14. janúar 1876.

14. gr.

er í öllu verulegu samhljóða 17. gr. aukatekjureglugjörðarinnar; samkvæmt 14. gr. laga nr. 29, 16. desember 1885 hefur þó til frekari nákvæmni verið bætt við orðinu: „lögtaksgjörð“ í upptalningi á gjörðum þeim, er greinin hljóðar um, og í upptalningi á munum þeim, er þessar gjörðir geta náð til, bætt við eptir orðunum „skuldakröfur á hendur öðrum“, „og önnur fjárrjettindi þau, er getur um í 3. kap. laga um aðför 4. nóvbr. 1887“.

15 gr.

er samhljóða 18. gr. aukatekjureglugjörðarinnar.

16. gr.

Í 20. grein aukatekjureglugjörðarinnar, sem svarar til þessarar gr., segir að gjöra megi fjárnám eigi aðeins eptir dómi og sætt, heldur einnig eptir úrskurði, en þarsem áður nefnd lög 4. nóvbr. 1887, 1. gr. leyfa ekki að gjöra fjárnám eptir yfirvaldsúrskurði, er orðinu „úrskurði“ og því, er fer á eptir því milli sviga, sleppt hjer, en í stað þess er bætt við: „þinglesnum veðbrjefum (þegar þau skilyrði eru fyrir hendi, er segir um í lögum nr. 29, 16. desbr. 1885 15. og 16. gr.)“.

17.—20. gr.

eru samhljóða 21.—24. aukatekjureglugjörðarinnar, nema hvað gjaldið í 18. gr. er hækkað lítið eitt.

21. gr.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 3, 13. janúar 1882 og sömu gr. laga nr. 29, 16. desember 1885, mega hreppstjórar í einstöku tilfellum framkvæma lögtak og aðrar fógetagjörðir, og skulu gjöldin þá eigi fastsett eptir lögum þessum, og er því skírskotað hjer til nefndra laga.

22. gr.

er samhljóða 2. málsgrein 27. greinar aukatekjureglugjörðarinnar.

23. gr.

er sömuleiðis samhljóða 28. gr. reglugjörðarinnar með þeirri breytingu, að ákvæðið er einnig látið ná til lögtaks á framfærslueyri, er manni ber að greiða með skilgetnu barni sínu, stjúpbarni, foreldri, konu sinni, er hann hefur slitið samvistum við eða skilið við að fullu og öllu, sbr. lög um lögtak o. fl. 16. desember 1885, 1. gr. 6. lið, og tilskipun um vinnuhjú 26. janúar 1866, 33. gr.

3. kapítuli.

Um borgun fyrir embættisverk, er snerta meðferð á veðmálabókum og þinglýsingar.

Akvæði aukatekjureglugjörðarinnar um gjöld fyrir þinglýsingar eru vanalega skilin svo að því er veðskuldabrjef snertir, að 29. gr. hennar eigi því aðeins við, að það sje fasteign, er veðsett er, sbr. orðin: „sem lesið er til þess að gefa nokkrum tilkall til einhverrar eignar eður til að kyrsetja nokkra slíka“, en að heimfæra verði veðsetningu á lausafje undir 30. gr.: „skiptafyrirköllum eður öðru ... sem ekki miðar til fasteignar útvegunar eða veðsetningar“, og að greiða skuli 36 sk. fyrir þinglestur á slíkum veðskuldabrjefum, án tillits til fjárhæðar þeirrar, er þau hljóða um. En þareð engin ástæða virðist vera til þess að draga svo mjög taum veðskuldabrjefa með veði í lausafje með því að gjöra þeim svo lágt þinglestursgjald, er hjer svo mælt fyrir, að þinglestursgjaldið fyrir veðskuldabrjef skuli vera hið sama, hvort sem veðið er fasteign eða lausafje, og hið sama gildir auðvitað einnig um aflýsingar þeirra og áritanir á þau, um heimildarbrest og þesshättar. Gjöldin fyrir eptirrit úr afsals- og veðbrjefabókunum þykkir rjett að leggist hlutaðeigandi embættismönnum sjálfum eins og ritlaunin fyrir eptirrit úr öðrum embættisbókum, en að því er kemur til bókunar á hinu þinglesna skjali, þá er stungið upp á því hjer, að ekki skuli greiða sjerstaka borgun fyrir hana, og að þinglestursgjaldið sje því bæði borgun fyrir þinglesturinn og áritunina og fyrir að rita hlutaðeigandi skjal inn í bækurnar, og er gjald þetta því hækkað hjer um bil sem því svarar, sem bókunarlaunin nema, og þó hæsta gjald látið vera óbreytt.

24. og 25. gr.

Að undanskildum breytingum þeim, sem nú var getið, eru greinir þessar samhljóða 29. og 30. gr. aukatekjureglugjörðarinnar. Til þess því næst að útrýma þeim vafa, sem leikið hefur á því, hvert þinglestursgjald skuli greiða fyrir veðbrjef, sem gefin eru fyrir þeim skuldum, sem skuldunautur skuldar veðhafa nú, eða síðar kann að komast í við hann — en slík veðbrjef eru eigi fágæt hjer á landi — er tekið inn í 24. gr. ákvæði um það, að fyrir þinglestur þess konar veðbrjefa skuli greiða hæsta gjald. Í 25. gr. er í stað orðanna: „skipta fyrirköllum eður öðru“ sett orðið: „skjöl“, þareð þinglestur innkallanar er felldur burtu með 3. gr. opins brjefs 4. janúar 1861.

26.—28. gr.

eru sömuleiðis samhljóða 31.—33. gr. aukatekjureglugjörðarinnar, sbr. 14. gr. bankalaganna 18. september 1885, með þeirri einni breytingu, að gjald það, er ræðir um í tveimur fyrstnefndu greinunum, getur eigi verið minna en 50 a.

29. gr.

Ákvæðið í þessari gr. er tekið inn í frumvarpið samkvæmt kancellíbrjefi 8. október 1844.

30. gr.

Ákvæðin í þessari gr. eru samhljóða 9. gr. tilsk. 24 apríl 1833 og 3. og 4. gr. laga nr. 20, 4. nóv. 1887.

4. kapítuli.

Um gjöld fyrir gjörðir þær, er snerta skipti.

Það hefur verið tekið til álita, hvort eigi væri ástæða til þess að ákveða gjöldin fyrir gjörðir þær, er snerta skipti, á líkan hátt og gjört er í konungsríkinu í lögum um þetta efni 30. nóvember 1874, en eins og hagar til á Íslandi, er munurinn á meðferðinni á dánarbúum eptir því, hvort farið er með þau eptir 3., 4. eða 5. kapítula skiptalaganna, of lítill til þess að byggja á honum verulegan mun á skiptagjaldinu, og þareð bezt mun vera, að sem hægast sje að ákveða skiptagjaldið, og að það verði aldrei tilfinnanleg útlát fyrir búið, hefur það verið álitið rjettast samkvæmt 35. gr. aukatekjureglugjörðarinnar að ákveða sama gjald til landssjóðs fyrir öll bú, sem skiptaráðandi skiptir, og því næst að gjald þetta skuli vera 1 % af öllum eigum búsins, án þess að skuldir eða þess konar sje dregið frá, en að gjald þetta skuli þó eigi greitt af búum, sem nema eigi 200 kr. — í dánarbúum að frá dregnum útfararkostnaði — sbr. 2. lið 10. greinar skiptalaganna. Um gjörðir þær, er getið er um í nefndum lögum 30. nóv. 1874 6. gr. liðunum a. og b., skal þess getið, að eigi virðist vera næg ástæða til þess að ákveða gjöld fyrir þær í lögum þessum, þareð þær munu sjaldan sem aldrei koma fyrir hjer á landi og hafa, að því er kunnugt er, ekki komið fyrir enn þá síðan skiptalögin 12. apríl 1878 öðluðust gildi, og að því er snertir aðgjörðir þær, sem getið er undir lið d. í tjeðri gr., þá virðist hæfilegt, að borgunin fyrir þær sje innifalin í gjaldi því. er greiða skal af búum þessum.

38. gr. aukatekjureglugjörðarinnar er úr gildi numin með 26. gr. tilsk. 25. septbr. 1850, og 40 gr. er sleppt samkvæmt því, sem áður er sagt um ritlaunin.

31. gr.

Samkvæmt því, sem áður er sagt, er gjaldið af búum, sem skiptaráðandi skiptir til enda, ákveðið 1 % af öllum eigum búsins, án þess að nokkurt takmark sje sett fyrir því, hve miklar þær sjeu. Þegar eigur bús nema eigi 200 kr. — að frá dregnum greptrunarkostnaði sje um dánarbú að ræða — skal ekkert gjald greiða af því.

32. gr

er eins og 36. gr. aukatekjureglugjörðarinnar.

33. gr.

Þareð ákvæðin í 37. gr. aukatekjureglugjörðarinnar um gjöld af búum, sem tekin eru til opinberra skipta, en síðan framseld erfingjunum eða öðrum hlutaðeigendum, eigi eru nógu greinileg, hafa ákvæðin um þetta efni í fyrnefndum lögum fyrir Danmörku 30. nóv. 1874 3. gr. b. nr. 2 verið lögð til grundvallar við samningu greinar þessarar.

34. gr.

samsvarar 39. gr. aukatekjureglugjörðarinnar með breytingum þeim, er leiða af 91. gr. skiptalaganna.

35. gr.

Ákvæðin hjer um það, hvenær skiptagjöld komi í gjalddaga og um greiðslu þeirra af búum, sem framseld eru til erfingjaskipta eða því hjóna, sem eptir lifir, til þess að sitja í óskiptu búi, eru samin samkvæmt ákvæðunum um það efni í 4. og 10. gr. optnefndra laga 30. nóv. 1874. Að því er greiðslu gjaldsins í landssjóð snertir, skal að öðru leyti farið eptir 4. og 5. gr. reglugjörðar 25. maí 1878.

5. kapituli.

Um gjöld þau, er greiða skal fyrir gjörðir þær, sem snerta uppboð.

36—38. gr.

eru samhljóða 41.—43. gr. aukatekjureglugjörðarinnar; í 37. gr. er aðeins bætt við ákvæði um það, að uppboðsgjald af skipum, sem eru ósjófær, skuli eigi reiknað eptir þeirri gr., heldur eptir 36. gr., eins og vanalega hefur gjört verið hingað til.

39. gr.

Ákvæðin um það í 44. gr. aukatekjureglugjörðarinnar, hversu birta skal uppboð, eru tekin upp í þessa gr. með 2 lítilsháttar viðbótum, birtingu í blöðunum og skírskotun til 18. gr. laga um skipströnd, þareð ákvæði um þetta eigi er að finna annarsstaðar. Gjaldið fyrir að semja uppboðsauglýsingar og gefa út svo mörg eintök af þeim, er þurfa þykir, er sett á 1 kr., án þess að tillit sje tekið til þess, hve mörg eintökin eru, þareð gjaldið rennur í landssjóð.

40. gr.

samsvarar 45. gr. reglugjörðarinnar með breytingum þeim, er leiða af því, að gjaldið rennur nú í landssjóð.

41. gr.

er samhljóða 1. lið 46. gr. reglugjörðarinnar, og er 4 og 8 sk. breytt í 10 og 20 a. þareð ákvæðið í 2. lið greinarinnar virðist vera byggt á því, að uppboðsgjaldið leggist uppboðshaldara sjálfum, þykir rjett að sleppa því.

42. gr.

Ákvæðin um, að ekkert uppboðsgjald skuli greiða fyrir uppboð á eptirlátnum munum þurfalinga og fyrir uppboð, er sýslunarmenn landsbankans halda á veðbrjefum hans og öðru, eru tekin inn í frumvarpið, hið fyr nefnda samkvæmt kancellibrjefi 14. desember 1841, ad nr. 1, og hið síðar nefnda samkvæmt 17. gr. bankalaganna.

43. gr.

Skírskotunin til 6. gr. laga um borgun til hreppstjóra o. s. fv. 13. jan. 1882 er tekin með til frekari nákvæmni.

44. gr.

er eins og 47. gr. reglugjörðarinnar.

45. gr.

samsvarar 48. gr. reglugjörðarinnar með breytingum þeim, er leiða af því, að gjaldið rennur í landssjóð.

46. gr.

Ákvæðin um gjöld fyrir undirboðsþing eru tekin inn í frumvarpið eptir 50. gr. reglugjörðarinnar, en bætt við undanþágum þeim, sem heimild er fyrir í sveitar- og bæjarstjórnarlögunum.

47. gr.

er eins og 51. gr. aukatekjureglugjörðarinnar.

6. kapítuli.

Um gjöld þau, er greiða skal fyrir nótarialgjörðir.

48. og 49. gr.

eru eins og 52. og 53. gr. aukatekjureglugjörðarinnar; 80 sk. og 32 sk. í síðar nefndu gr. er breytt í 2 kr. og 1 kr.

50. gr.

Í gr. þessari er gjaldið fyrir að staðfesta eptirrit, sem send eru notariusi, ákveðið 25 a. fyrir hverja örk og 12 a. fyrir það, sem minna er en ½ örk. Það virðist hinsvegar engin ástæða til þess, að gjöra notariusi að skyldu að taka sjálfur eptirritin af skjölum þeim, sem honum eru fengin, eins og gjört er í 54. gr. reglugjörðarinnar.

Ákvæðinu um borgun fyrir ritun á nótarialgjörningum er sleppt hjer samkvæmt því, sem sagt er í athugasemdunum við 1. kapítula, og svo er og um endurgjald það fyrir ferðakostnað, sem getur um í 57. gr. reglugjörðarinnar.

51. gr.

Gjöldin fyrir gjörðir þær, er taldar eru í 55. gr. reglugjörðarinnar, eru hjer sett á 2 kr. í stað 80 sk., en aukaborgun þeirri, sem getur um í sömu gr., þegar gjörðin stendur lengur en 1 klukkustund, er sleppt.

52. gr.

Gjaldið fyrir að taka á móti og gefa út skiparaskírslu (sjávarprotest) er ákveðið 8 kr. eins og í 56. gr. reglugjörðarinnar. Um borgun fyrir sjóferðaskýrslur skal skírskotað til 61. gr.

7. kapituli.

Um gjöld fyrir ýms önnur embættisverk bæjarfógeta og sýslumanna.

53. gr.

Þótt þess sje nú eigi framar krafizt hjer á landi, að ferðamenn hafi vegabrjef og heldur eigi að jafnaði á ferðum í útlöndum, hafa ákvæðin um borgun fyrir vegabrjef í 58. gr. aukatekjureglugjörðarinnar þó verið tekin inn í frumvarp þetta, einkum vegna þess, að það er eigi ótítt, að menn kaupi vegabrjef. En hinsvegar er sleppt ákvæðinu um það, að fátækir menn geti fengið vegabrjef ókeypis, þareð það er eigi lengur skylda að hafa þau. Þá er og sleppt ákvæðunum í 59. gr. reglugjörðarinnar, þareð áritun á vegabrjef mun nú eigi lengur eiga sjer stað.

54. gr.

er eins og 60. gr. reglugjörðarinnar.

55. og 56. gr.

Akvæðin í greinum þessum eru eins og samsvarandi ákvæði í 61. gr. reglugjörðarinnar, en ákvæðið í þeirri gr. um gjöld fyrir borgarabrjef fyrir verzlun fellur burtu, þareð gjöld þau samkvæmt 2. gr. laga nr. 28, 7. nóvember 1879 eiga að renna í hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarsjóð.

57. gr.

62. gr. aukatekjureglugjörðarinnar hljóðar um að skoða og rita á skjöl verzlunarskipa, og á samkvæmt henni að greiða fullt gjald — 16 sk. af hverri lest — þegar skipið fermir og affermir að öllu leyti í sama lögsagnarumdæmi, þótt á fleiri höfnum sje en einni, en 8 sk. í hverju lögsagnarumdæmi þegar fermt er eða affermt á höfnum í fleirum en einu þeirra. Ákvæði þessi hafa það auðsjáanlega fyrir augum, að skipta gjaldinu jafnt niður milli rjettarþjónanna, og eiga því eigi við, síðan ákveðið var með lögum nr. 24, 14, desember 1877, að gjöld þessi skuli renna óskipt í landssjóð. Eins og hinum öðrum ákvæðum í aukatekjureglugjörðinni, sem miðuð eru við hag rjettarþjónanna, hefur verið breytt samkvæmt því, að gjöldin renna nú í landssjóð, þannig þykir og vera full ástæða til þess, að breyta ákvæðum þessum í 62. gr. reglugjörðarinnar í líka átt og gjört hefur verið við hin, og það því fremur, sem gjöld þessi, eins og þeim er nú komið fyrir, geta lagzt þungt á siglingar, einkum þegar um skip er að ræða, sem á sömu ferðinni koma við í mörgum lögsagnarumdæmum. Það er því stungið upp á því í grein þessari, að gjaldið skuli ekki greiða nema einu sinni á hverri ferð, en að það í þess stað skuli

hækkað úr 16 a. upp í 25 a. af hverri smálest. Eptir 8. gr. laga 15. apríl 1854 er það efasamt, hvort skip, sem eigi flytja góz heldur aðeins fólk, eins og t. a. m. útflutningaskip, eiga að greiða gjald þetta; er hjer því tekið inn ákvæði, er tekur af öll tvímæli í þessu efni. Þá er og ákvæðið um það, á hverri höfn skuli greiða gjaldið, orðað þannig samkvæmt konungsbrjefi 23. maí 1840, að það skuli greiða á þeirri höfn, er skipið fyrst tekur á móti vörum eða fólki eða affermir vörur eða setur fólk í land.

Gjaldið fyrir að rannsaka og rita á skjöl útlendra fiskiskipa leggst hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta sjálfum samkvæmt fyrtjeðum lögum 14. desember 1877, 2. gr., og nær því ákvæðið um áritunargjald af fiskiskipum í þessari gr. aðeins til fiskiskipa úr konungsríkinu, og er það sett á 10 a. af hverri smálest eins og af útlendum skipum. Það hefur eigi þótt ástæða til þess að leggja samskonar gjald á innlend fiskiskip eða á vöruflutningaskip, er eigi fara frá landinu.

Þá er loks í grein þessa tekið ákvæði um það, að aukaborgun sú, sem ákveðin er í opnu brjefi 28. desember 1836, 9. gr., handa löggiltum umboðsmönnum sýslumanna, fyrir að rannsaka og rita á skjöl skipa fyrir þeirra hönd, skuli framvegis falla niður, og skal með tilliti til þessa getið, að bæði þykir það ósanngjarnt, að það skuli hafa kostnaðarauka í för með sjer fyrir skip, sem koma á einhvern verzlunarstað, að hlutaðeigandi sýslumaður er ekki búsettur þar eða í nánd við hann, eða með öðrum orðum að borgun fyrir áritun skipaskjala sje eigi hin sama á öllum íslenzkum höfnum, og hinsvegar hefur starfsvið umboðsmanna breytzt töluvert, eptir að tollur hefur verið lagður á áfenga drykki, tóbak, kaffi og sykur og útflutningsgjald á fisk og lýsi o. fl., því nú er aðalstarf þeirra að heimta inn tolla þessa fyrir hönd sýslumanns, og eins og hlutaðeigandi sýslumaður verður sjálfur að sjá umboðsmönnum sínum fyrir borgun fyrir þessi störf, svo virðist það og við eiga, að hann einnig annist borgun fyrir þá rannsókn og áritun skipsskjalanna, sem þeim eru samfara.

58.—64. gr.

Þareð það þykir hagfelt að hafa á einum stað ákvæðin um allar þær aukatekjur, sem renna eiga í landssjóð, er hjer safnað saman öllum þesskonar ákvæðum úr tilskipunum og lögum, sem komið hafa út síðan aukatekjureglugjörðin var sett, sjeu þau eigi þegar tekin inn í undanfarandi greinir. Í 62. gr. er auk þessa ákveðið gjald fyrir rannsóknir þær og vottorð, sem ræðir um í 2. og 3. gr. laga um breyting á tilskipun 26. febrúar 1872 um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 11. febrúar 1876, er hingað til hefur verið goldið fyrir samkvæmt 22. gr. aukatekjureglugjörðarinnar, þareð engin önnur ákvæði um það hafa verið til. Þá er loks samkvæmt því, er getið hefur verið í athugasemdunum við 6. gr. ákveðið gjald í 63. gr. fyrir það að nefna menn utanrjettar til skoðunar- og annara gjörða.

8. kapítuli.

Almenn ákvæði.

Af ákvæðunum í 8. kapítula aukatekjureglugjörðarinnar eru sum felld úr gildi en sumum breytt með yngri lögum, en sum þeirra eiga eigi við í lagafrumvarpi þessu, heldur í lagafrumvarpinu um aukatekjur sýslumanna og bæjarfógeta o. s. fr. Hjer hefur aðeins þótt vera ástæða til þess að taka upp ákvæði 81. gr. aukatekjureglugjörðarinnar um, að getið skuli gjalda þeirra, er greidd hafa verið, á skjölunum sjálfum. sbr. 12. gr. í lagafrumvarpi því, er síðast var getið, þvínæst ákvæði 83. gr. aukatekjureglugjörðarinnar um aukatekjudagbók með breytingum þeim, er leiðir af reglugjörð 25. maí 1878, þá ákvæðin í 84.—86. gr., að svo miklu leyti sem þeim hefur ekki verið breytt eða þau orðin óþörf, eptir að lög um aðför 16. desember 1885 eru komin út, og loks ákvæðið í 88. gr. reglugjörðarinnar.

Kaupmannahöfn. — Prentað hjá J. H. Schultz.

Nd. **23. Uppástunga**

til þingsályktunar. Frá 1. þingmanni Árnesinga.

Neðri deild alþingis ályktar, að setja 5 manna nefnd til að taka verzlunarmál landsins til íhugunar.

Ed. **24. Tillaga**

til þingsályktunar. Frá þingmanni Strandamanna.

1. Alþingi skorar á landstjórnina að skipa 5 manna nefnd milli þinga, til að yfirskoða sveitarstjórnar- og fátækra löggjöf landsins, og semja frumvarp til nýrra sveitarstjórnar og fátækralaga, er á sínum tíma verður lagt fyrir þingið.

Nefndarmenn sjeu sinn úr hverjum landsfjórðungi og einn úr Reykjavík.

2. Alþingi skorar á landstjórnina að hlutast til um, að frumvarp nefndar þessarar verði prentað og útbýtt meðal allra sveitarstjórnarvalda landsins, sem síðan gefst kostur á að ræða málið og senda nefndinni tillögur sínar fyrir ákveðinn tíma, er landshöfðingi tiltekur, áður en nefndin leggur frumvarpið fyrir þingið.

Nd. **25. Frumvarp**

til laga um afnám helgidaga. Flutningsm.: þingm. Borgfirðinga og 2. þingm. Eyfirðinga.

Skírdagur, annar páskadagur, kóngsbænadagur, uppstigningardagur og annar hvítasunnudagur eru úr lögum numdir sem helgidagar.

Nd. **26. Frumvarp**

til laga um kirkjur. Flutningsmaður Þórarinn Böðvarsson.

1. gr.

Kirkjutíund af fasteign og lausafje, ljóstollur, kirkjugjald af húsum, lausamannsgjald til kirkju og sætisfiskur skal vera afnumið.

2. gr.

Gjald til kirkju skal vera 1 kr. fyrir hvern mann, sem er fermdur, og hefur lögheimili í sókninni á gjalddaga.

Nú tjáir sá, sem hefur aðsetur í sókninni á gjalddaga, að hann eigi lögheimili í annari sókn; skal hann þá færa fullnægjandi sönnun fyrir því þá þegar, ella greiði hann gjaldið af hendi. Rjett er að hann fái það endurborgað, ef hann síðar sannar, að hann á gjalddaga hafi átt lögheimili í annari sókn og greitt þar kirkjugjald.

3. gr.

Hver einhleypur maður, sem er sjálfum sjer ráðandi, greiðir gjaldið af hendi fyrir sjálfan sig. Hver húsráðandi greiðir gjaldið fyrir sig, skyldulið sitt og heimilisfólk. Þiggi húsráðandi af sveit eða sje fyrir fátæktar sakir undanþeginn sveitargjaldi, skal greiða það úr sveitarsjóði.

4. gr.

Gjöld til kirkju skal greiða í peningum. Ef gjaldanda brestur peninga, má hann greiða gjaldið í innskript hjá kaupmönnum þeim, sem gjaldheimtumenn taka gilda eða í þessum aurum: sauðfjenaði, hvítri ull, smjöri, fiski eða dún, eptir því verði, sem sett er

á aura þessa í verðlagsskrá þeirri, sem gildir á gjalddaga, enda sje það verð eigi hærra en gangverð á gjalddaga.

5. gr.

Legkaup fyrir barn yngra en 2 ára skal vera 2 kr., fyrir eldri mann 4 kr.

Hafi sá, sem jarðaður er, verið sveitarlimur eða þegið af sveit eða verði legkaupið eigi greitt af efnum hans, skal greiða það úr sveitarsjóði.

6. gr.

Eindagi á hinu almenna kirkjugjaldi skal vera 31. október ár hvert. Eindagi á legkaupi er þann dag, sem hinn dáni er jarðaður.

7. gr.

Fyrir innheimtu á tekjum kirkna og fyrir að greiða þær af hendi í peningum má innheimtumaður taka 10 af hundraði í ómakslaun.

8. gr.

Reikningsár kirkna skal vera frá 1. janúar til 31. desember ár hvert.

Semja skal reikninga kirkna fyrir lok marzmánaðar ár hvert. Skal hlutaðeigandi prestur eða, ef hann er fjehirðir kirkjunnar, þá hlutaðeigandi safnaðarfulltrúi rannsaka reikninginn og gæta þess, að allar tekjur sjeu taldar; ennfremur skal hann láta í ljósi álit um útgjöld þau, sem kirkjan hefur haft á árinu. Fyrir rannsókn þessa má greiða 2 kr. af tekjum kirkjunnar. Fyrir lok maímán. ár hvert skulu reikningar kirkna vera komnir til hlutaðeigandi prófasts. Hjeraðsprófastur rannsakar reikninginn og leggur hann fyrir hjeraðsfund og sendir hann síðan með áliti sínu og hjeraðsfundarins til biskups til fullnaðarúrskurðar.

9. gr.

Allt það fje, sem kirkjur eiga afgangs útgjöldum ár hvert, skal láta á vöxtu í hinn almenna kirkjusjóð og skulu vextirnir árlega leggjast við höfuðstólinn. Heimilt er þó reikningshaldara að halda eptir vaxtalaust allt að 100 kr. af tekjum kirkju. Af sjóðum þeim, er kirkjur eiga, þá er lög þessi öðlast gildi, skal sá, er sjóðinn hefur undir hendi, greiða árlega $\frac{1}{10}$ í kirkjusjóð landsins, uns sjóðurinn er allur greiddur af hendi, enda þurfi hans eigi kirkjunni til aðgjörðar eða endurbyggingar. Greiða skal fje þetta prófasti fyrir 1. okt. ár hvert, en hann sendir það svo til stiptsyfirvaldanna.

10. gr.

Allar tekjur kirkna, þær sem afgangs eru árlegum útgjöldum og öðrum nauðsynlegum gjöldum, er litlu nema, skal greiða í kirkjusjóð landsins, svo sem áður er sagt.

Hin árlegu útgjöld eru: lýsing, brauð og vín, þvottur og hirðing á kirkju og skrúða, útgjöld til graftóla, innheimtulaun, endurskoðunarlaun kirkjureikningsins, gjald til prófasts, samkvæmt 16. gr.; ennfremur borgun fyrir orgelspil og söng, viðhald kirkjugarðs og hitun kirkna, þegar gjöld þessi eiga að greiðast af kirkjunni. Úr kirkjusjóði landsins skal greiða hin stærri útgjöld, svo sem kostnað við byggingu og aðalviðgjörðir, eptir ávísun.

Sjerhver kirkja skal hafa viðskiptabók við kirkjusjóðinn.

Stjórn landsbankans skal stjórna kirkjusjóðnum og ávaxta fje hans eptir sömu reglum, sem landssjóðsfje er ávaxtað, undir yfirumsjón stiptsyfirvaldanna og landshöfðingja. Stiptsyfirvöldin ávísa það fje, sem borgast úr sjóðnum.

Ganga skulu kirkjur fyrir öðrum lánbeiðendum, þá er fje er lánað úr kirkjusjóði.

Auglýsa skal reikninga kirkjusjóðsins árlega í stjórnartíðindunum, deildinni B.

11. gr.

Þá er fje er ávísað úr kirkjusjóði landsins til að endurbæta kirkju eða byggja kirkju að nýju eða til annars kostnaðar, skal ávallt hafa tillit til þess, hve miklar tekjurnar eru og hvernig fjárhagur hennar er. Þó ber að veita lán til þess, að sjerhver

kirkja, sem að álíti hlutaðeigandi hjeraðsfundar og biskups er nauðsynleg, geti verið í sómasamlegu standi og hæf til þess að guðsþjónusta fari þar fram.

Eigi er heimilt að færa kirkju til útgjalda meiri kostnað við uppbyggingu og aðgjörð, en biskup álítur hana færa um að bera; og aldrei má reikna henni meira til skuldar en svo, að árlegir vextir af skuldinni fari eigi fram úr helmingi þess, sem ætla má að tekjur kirkjunnar fari fram úr árlegum útgjöldum hennar. Vextir og afborgun þess, sem verja hefur þurft eða varið hefur verið í kirkjunnar þarfir, umfram þá upphæð, sem kirkjan er fær um að bera, skal, ef það er ljenskirkja, greiðast af tekjum prestakallsins, eptir því sem landshöfðingi með ráði biskups nákvæmar ákveður, en ef það er bændakirkja, borgast það af eigandа, og ef það er kirkja er söfnuður hefur tekið að sjer, borgast það með aukahækkun á kirkjugjaldinu. Biskup ákveður, á hve mörg ár borgun þessi deilist.

12. gr.

Þá er kirkju skal byggja að nýju, mælir biskup með ráði prófasts og byggingarfróðs manns fyrir um stærð og gerð hennar og sem næst, hve miklu fje skuli verja til byggingarinnar, og eins þegar kirkja þarf að fá aðalviðgerð.

Bygging og aðalviðgerð skal fara fram undir eptirliti eins eða fleiri manna, sem prófastur kveður til þess.

Sá sem hefur umsjón og fjárhald kirkju á hendi, framkvæmir byggingunа og viðgjörðina.

13. gr.

Sóknarnefndir annast viðhald kirkjugarða, upphitun á kirkjum, ráða organista og söngmenn og gæta þess, sem nauðsynlegt er, til þess að guðsþjónusta geti farið fram og að hún hindrist ekki af neinu.

14. gr.

Þar sem hljóðfæri er lagt til kirkju, má biskup eptir tillögum hjeraðsfunda veita þeim, sem á það spilar og stendur fyrir söng, allt að 100 kr. á ári úr kirkjusjóði, þar sem 1 kirkja er í prestakalli og í sama hlutfalli, þar sem fleiri kirkjur eru, eptir því, hve opt ber að messa á hverri kirkju.

15. gr.

Jafnskjótt og efni kirkna leyfa og þær eru komnar í það stand, að þær haldi hita, má biskup eptir tillögum hjeraðsfunda leyfa, að fje sje lagt úr kirkjusjóði til að kaupa handa þeim ofna og hita þær í kuldum.

16. gr.

Í stað kirkjuskoðunarlauna þeirra, sem verið hafa, skal greiða hjeraðsprófasti 10 kr. árlega þóknun fyrir hverja þá kirkju, sem er í prófastsdæmi hans, úr kirkjusjóði.

17. gr.

Heimting á söfnuður á, að fá í hendur umsjón og fjárhald kirkju sinnar, samkvæmt lögum nr. 13, 12. maí 1882, en háður er hann þeirri yfirumsjón, sem ákveðin er í lögum þessum. Sóknarnefndin eða þeir meðlimir safnaðarins, sem hann sjerstaklega kýs til þess, hafa umsjónina og fjárhaldið á hendi.

18. gr.

Þá er kirkja er afhent, skal taka hana út, sem lög mæla fyrir. Hver sá, sem haft hefur fjárhald kirkju á hendi, skal greiða álag það, sem gjört er, nema öðruvísi semjist milli þess, sem afhendir og þess sem við tekur, og sá samningur hafi náð samþykki hlutaðeigandi hjeraðsfundar og stiptsyfirvaldanna. Sjóð kirkjunnar og álag skal greiða í kirkjusjóð landsins á 10 árum $\frac{1}{10}$ hlut á ári. Eindagi þeirrar greiðslu er 1. okt. ár hvert.

Hafi fjárhaldsmaður kirkju lánað henni fje, skal hann eða erfingjar hans eiga heimting á, að fá skuld þá borgaða af fje því, sem kirkjan hefur afgangs nauðsynlegum ársútgjöldum; heimilt er og, að kirkjan taki lán til að losa sig við skuldina í einu lagi, ef samningur um það nær samþykki hlutaðeigandi hjeraðsfundar og stiptsyfirvaldanna.

19. gr.

Þegar ljenskirkja er lögð niður, rennur andvirði hennar í sjóð þeirrar kirkju eða kirkna, sem sóknin bætist við, að rjettu hlutfalli við tölu þeirra, sem greiða gjald til kirkju eða það er greitt fyrir. Nú er bændakirkja lögð niður, en til þess þarf samþykki kirkjueiganda og $\frac{2}{3}$ hluta sóknarmanna, heldur þá kirkjubóndi húsinu sjálfu, en eigi á hann heimting á, að fá endurborgað það, sem hann hefur lánað kirkjunni. Sjóð þann, sem bóndakirkja á, greiðir eigandi sá, sem lætur hana af hendi, í hinn almenna kirkjusjóð, nema öðruvísi um semji.

Skrúði og áhöld hverrar kirkju, sem lögð er niður, gengur til þeirrar kirkju eða þeirra kirkna, sem sókninni er bætt við, samkvæmt reglum þeim, sem settar eru um andvirði ljenskirkju.

20. gr.

Með lögum þessum eru öll lagaákvæði um tíund til kyrkju og ljóstolla, 4.—6. gr., tilskipunar 27. jan. 1847, 13. gr. reglugjörðar 17. júlí 1782, lög nr. 20, 22. maí 1890 og öll ákvæði í lögum, sem koma í bága við lög þessi, úr gildi felld.

Nd. **27. Frumvarp**

til laga um skipulag og stjórn andlegra mála hinnar íslenzku þjóðkirkju. Flutningsmaður Þórarinn Böðvarsson.

1. gr.

Hin evangelisk-lútherska kirkja er þjóðkirkja á Íslandi.

2. gr.

Hin ísl. þjóðkirkja stjórnar sjálf andlegum málum sínum, að því er snertir kenningu, kirkjusiði, eflingu kristindóms yfir höfuð og uppfræðingu ungmenna í kristindómi; hún samþykkir bækur þær, er að þessu lúta, en biskup landsins löggildir þær.

Til þeirra mála, sem kirkjan stjórnar, heyrir enn fremur sambandið milli presta og safnaða, milli hinna einstöku safnaðarlima og safnaðarins alls og á milli safnaðanna sín á milli, fríkirkjur og frísöfnuðir, er játa trú þjóðkirkjunnar, umsjón og afnot kirkna, svo og flutningur, upptaka og niðurlagning kirkna.

3. gr.

Yfirstjórn hinna andlegu kirkjumála hefir biskup landsins. Til ráðaneytis sjer hefir hann *kirkjuráð;* eru í því stiptamtmaður og 3 andlegrarstjettarmenn, sem kirkjuþingið kýs til þess starfa til 6 ára; hún kýs og tvo slíka menn til vara. Amtmaðurinn í Suðuramtinu er stiptamtmaður.

Þeir menn, er í kirkjuráði sitja, hafa allir jafnan atkvæðisrjett.

Ráðið heldur fund í Reykjavík einu sinni á ári eða optar, ef þörf þykir, eptir ákvæðum biskups, er stefnir ráðinu saman.

4. gr.

Þá er biskupssætið verður autt, skulu allir prófastar landsins, sem fá því viðkomið, og einn prestur og einn safnaðarfulltrúi úr hverju prófastsdæmi, er til þess skulu kosnir á hjeraðsfundum, eiga samkomu í Reykjavík, og kjósa þeir biskup, en konungur staðfestir kosninguna. — Landshöfðingi skipar fyrir um kosninguna.

Til þess að kosning sje gild, þarf meiri hluta þeirra atkvæða, sem greidd eru. Náist eigi sá atkvæðafjöldi við fyrstu kosningu, skal kjósa aptur óbundnum kosningum; hljóti þá enn enginn meiri hluta atkvæða, skal kjósa milli þeirra, sem flest atkvæði hafa hlotið.

Þá er kjörsamkoma lögmæt, er 20 fundarmenn greiða atkvæði.

Nú verður samkoman eigi lögmæt, skipar þá konungur biskup. Prestastefnan kýs officialis, til að veita biskupsembættinu forstöðu, þá er biskups missir við.

5. gr.

Stiptsyfirvöldin hafa umsjón yfir staða- og kirknafjám, eins og verið hefir.

6. gr.

Kirkjuþing skal halda í Reykjavík ár hvert. Hún ákveður við lok hvers fundar fundartíma næsta ár.

7. gr.

Á prestastefnu eiga sæti allir andlegrar stjettarmenn landsins, þeir er í embættum eru, og einn leikmaður úr hverju prófastsdæmi, sem til þess skal kosinn á hjeraðsfundi næst á undan. Á prestastefnu hafa allir jafnan atkvæðisrjett. Stiptamtmaður og biskup hafa forsæti og stjórna umræðum og atkvæðagreiðslu.

8. gr.

Á kirkjuþingi skal ræða og samþykkja allar breytingar á skipun hinna andlegu málefna, er samkv. 2. gr. heyra undir stjórn þjóðkirkjunnar, áður en biskup veitir þeim samþykki.

Heimilt er hverjum fundarmanni að bera upp á kirkjuþingi hvert kirkjulegt málefni sem er.

9. gr.

Ef mál er höfðað gegn andlegrar stjettar manni út af broti á embættisskyldu, skal höfða það og dæma í *prófastsrjetti*. Biskup getur skipað fyrir um slíka málshöfðun.

Í prófastsrjetti eiga sæti: sýslumaðurinn sem dómsforseti, hjeraðsprófasturinn og 3 sóknarprestar, sem biskup skipar til þess í hvert sinn.

Rjett er að sakborningur verji mál sitt sjálfur eða kjósi sjer varnarmann. Gjöri hann hvorugt, skipar rjetturinn honum varnarmann. — Sækjanda skipa stiptsyfirvöldin.

10. gr.

Skjóta má sá, sem dæmdur er í prófastsrjetti, dóminum til *synodalrjettar*. Sama rjett hefir og biskup og landsstjórnin.

Í synodalrjetti hafa stiptamtmaður og biskup forsæti. Prestastefnan kýs 3 presta til að sitja í rjettinum með þeim og 2 til vara; gildir kosningin í 3 ár. Um skipun verjanda og sækjanda fyrir synodalrjetti gilda sömu reglur sem fyrir prófastsrjetti.

Nd. **28. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða.

Flutningsmenn: Einar Jónsson. Jón Jónsson (þm. N.-M.) Jón Jónsson (þm. Eyf.).

1. gr.

Þegar auglýst hefur verið að prestsembætti sje laust, og hinn ákveðni

umsóknarfrestur er útrunninn, sendir biskup umsóknarbrjef allra þeirra, er um embættið hafa sótt, til hlutaðeigandi prófasts, ásamt athugasemdum þeim, er honum virðist ástæða til að gjöra, en prófastur skal sjá um að þau verði lögð fram til sýnis 2 vikur á hentugum stað í prestakallinu. Ef sóknarnefndin eða sóknarnefndirnar í prestakallinu láta eigi prófast vita, áður en frestur þessi er liðinn, að söfnuðirnir ætli eigi að nota kjörrjett sinn, skal prófastur stofna til fundar fyrir allt prestakallið, áður en aðrar 2 vikur sjeu liðnar og skal auglýsa fund þenna svo sem þörf gjörist. Á þessum fundi skal öllum meðlimum þjóðkirkjunnar, sem búsettir eru í prestakallinu, og óspillt mannorð hafa, gefinn kostur á, að greiða atkvæði um þá, er sótt hafa um prestakallið, ef þeir eru komnir til lögaldurs, þegar kosningin fer fram, og hafa atkvæðisrjett á safnaðarfundum, samkvæmt lögum nr. 5 frá 27. febr. 1880, sbr. lög nr. 10 frá 12. maí 1882.

2. gr.

Með lögum þessum er úr lögum numin 2. og 3. gr. í lögum 8 jan. 1886, um hluttöku safnaða í veitingu brauða.

Nd. **29. Tillaga**

til þingsályktunar. Frá Birni Bjarnarsyni, Ólafi Briem, Jóni Jakobssyni og Jóni Jónssyni (þm. Eyf.)

Neðri deild alþingis ályktar að setja nefnd til að íhuga búnaðarmálefni landsins, einkum með tilliti til fjárframlags úr landssjóði til slíkra mála (búnaðarskóla, búnaðarfjelaga o. fl.).

Nd. **30. Breytingartillaga**

við „frumvarp til laga um sjerstök eptirlaun handa Páli sögukennara Melsteð". Frá Birni Bjarnarsyni.

Fyrir „1800 kr. árlega — októbrm. 1893" komi: „1600 kr. árlega úr landssjóði í heiðurslaun frá 1. degi janúarmánaðar 1894".

Fyrirsögn frumvarpsins verði: „Frumvarp til laga um sjerstök heiðurslaun handa Páli Melsteð sögukennara".

Nd. **31. Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstöku málefni Íslands. Flutningsmaður Sighvatur Árnason.

I.

1. gr. Í öllum þeim málefnum, sem varða Ísland sjerstaklega, hefur landið löggjöf sína, dómsvald og stjórn út af fyrir sig, á þann hátt, að löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendum.

2. gr. Hin sjerstaklegu málefni landsins eru þessi:

1. Hin borgaralegu lög, hegningarlögin og dómgæzlan, er hjer að lýtur.
2. Lögreglumálefni.
3. Kirkju- og kennslumálefni.
4. Lækna- og heilbrigðismálefni.
5. Sveita- og fátækramálefni.
6. Vegir og póstgöngur landsins.
7. Landbúnaður, fiskiveiðar, verzlun, siglingar og aðrir atvinnuvegir.
8. Skattamál bein og óbein.
9. Þjóðeignir, alþjóðlegar stofnanir og sjóðir.

Meðan Ísland hefur ekki fulltrúa á ríkisþinginu, en það er komið bæði undir hinu sjerstaka löggjafarvaldi landsins, konungi og alþingi, og löggjafarvaldi ríkisins, leggur landið ekkert til almennra ríkisþarfa. En á hinn bóginn tekur það heldur engan þátt á meðan í löggjafarvaldinu um almenn ríkismál.

3. gr. Konungurinn hefur hið æðsta vald í öllum hinum sjerstaklegu málefnum landsins, með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur landstjóra, sem hefur aðsetur sitt í landinu, framkvæma það.

4. gr. Konungur skal vinna eið að stjórnarskrá Íslands. Af eiðstaf konungs skal gjöra tvö samhljóða frumrit, og skal senda alþingi annað þeirra til geymslu, en hitt skal geyma í leyndarskjalasafninu.

5. gr. Konungur er ábyrgðarlaus; hann er heilagur og friðhelgur.

6. gr. Konungur skipar landstjóra og víkur honum frá völdum. Landstjóri hefur í umboði konungs hið æðsta vald í öllum hinum sjerstöku málefnum landsins, svo sem mælt er fyrir í stjórnarskrá þessari. Landstjóri skal vinna eið að stjórnarskránni. Laun hans skal ákveða með lögum.

7. gr. Landstjóri tekur sjer ráðgjafa og getur vikið þeim úr völdum. Ráðgjafarnir hafa á hendi stjórnarstörfin og bera ábyrgð á þeim. Ábyrgð þessa skal ákveða með lögum.

Undirskript konungs eða landstjóra í umboði hans undir ályktanir þær, er snerta löggjöf og stjórn, veitir þeim gildi, þá er einn ráðgjafi eða fleiri skrifa undir með honum. Ráðgjafi sá, er undir ályktun ritar með konungi eða landstjóra, ber ábyrgð á henni.

8. gr. Ráðgjafar skulu eigi vera fleiri en þrír, og skal einn vera æðstur þeirra. Landstjóri og ráðgjafar er landsráð, og landstjóri forseti þess. Í landsráðinu skal ræða lagafrumvörp öll og mikilsverð stjórnarmálefni. Deyi landstjóri eða hindrist á annan hátt, stendur hinn æðsti ráðgjafi fyrir stjórn

þangað til konungur nefnir annan landstjóra, eða landstjóri tekur aptur við stjórninni.

9. gr. Landstjóri eða neðri deild alþingis getur kært ráðgjafana fyrir embættisrekstur þeirra. Í þeim málum dæmir landsdómur.

10. gr. Landstjóri veitir öll þess konar embætti, sem konungur hefur veitt hingað til. Breyting má á þessu gjöra með lögum. Engan má skipa embættismann á landinu, nema hann hafi hin almennu rjettindi innborinna manna, og þar á ofan hafi fært sönnur á, að hann hafi fullnægt hinum gildandi ákvæðum um kunnáttu í máli landsins. Hver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni. Landstjóri getur vikið embættismönnum frá, og fer þá um eptirlaun þeirra svo sem lög mæla fyrir. Landstjóri getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einskis í af embættistekjum, og að þeim sje gefinn kostur á, að kjósa, hvort þeir vilji heldur embættaskiptin, eða þá lausn frá embætti með eptirlaunum þeim, er almennar reglur ákveða. Með lögum má undanskilja ýmsa embættismannaflokka, auk embættismanna þeirra, sem nefndir eru í 53. gr. Með lögum má afnema öll eptirlaun.

11. gr. Landstjóri stefnir saman reglulegu alþingi annaðhvort ár. Án samþykkis landstjóra má þingið eigi setu eiga lengur en 10 vikur. Breyta má þessum ákvæðum með lögum.

12. gr. Landstjóri getur frestað fundum hins reglulega alþingis um tiltekinn tíma, en þó eigi lengur en 4 vikur, nema alþingi samþykki það, og ekki nema einu sinni á ári.

13. gr. Landstjóri getur rofið aðra eða báðar deildir alþingis, og skal þá stofna til nýrra kosninga, áður tveir mánuðir sjeu liðnir frá því þingið var rofið, og skal þá stefna þinginu saman aptur næsta ár eptir að það var rofið. Þó má landstjóri hvoruga deild alþingis rjúfa án samþykkis hennar, eptir að hann hefur stefnt reglulegu alþingi saman, eða það er saman komið samkvæmt 24. gr., fyrri en alþingi hefur saman verið 10 vikur.

14. gr. Landstjóri getur stefnt alþingi saman til aukafunda, og ræður hann, hversu langa setu það þá skuli eiga.

15. gr. Landstjórinn getur lagt fyrir alþingi frumvörp til laga og ályktana.

16. gr. Undirskript konungs eða landstjóra þarf til þess, að veita ályktunum alþingis lagagildi. Landstjóri annast um, að lögin verði birt og að þeim verði fullnægt. Sje lagafrumvarp, sem alþingi hefur fallizt á, ekki staðfest á undan næsta reglulega alþingi, er það fallið niður. Staðfesting konungs þarf til breytingar á stjórnarskránni eða viðauka við hana, svo sem síðar er fyrir mælt í 71. gr.

17. gr. Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur eða landstjóri gefið út bráðabyrgðarlög milli alþinga; þó mega slík lög eigi koma í bága við stjórnarskrána, enda falla þau úr gildi, nema næsta alþingi á eptir samþykki þau. Eigi má gefa út bráðabyrgðarfjárlög fyrir það fjárhagstímabil, er fjárlög eru samþykkt fyrir af alþingi.

18. gr. Landstjóri veitir leyfi þau og undanþágur frá lögum, sem tíðkazt hafa, eptir reglum þeim, sem farið hefur verið eptir hingað til.

19. gr. Konungur náðar menn og veitir almenna uppgjöf á sökum. Ráðgjöfunum getur hann eigi gefið upp sakir fyrir brot á stjórnarskránni nje fyrir önnur brot, sem landsdómur hefur dæmt þá fyrir, nema því að eins, að neðri deild alþingis samþykki.

II.

20. gr. Á alþingi eiga setu 36 þjóðkjörnir menn. Kosning þeirra gildir venjulega fyrir 6 ára tímabil. Stytta má tímabil þetta með lögum Deyi nokkur eða fari frá af þeim, sem kosnir eru til þingsetu, meðan á kjörtímanum stendur, skal kjósa annan í hans stað til þingsetu fyrir það tímabil, sem eptir er af kjörtímanum.

21. gr. Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í efri þingdeild sitja 12 menn, er kjósa skal um land allt eptir ákvæð um þeim, er sett verða í kosningarlögunum. Í neðri deild sitja 24 þingmenn, kosnir í kjördæmum. Tölu þingmanna má breyta með lögum.

22. gr. Kosningarrjett til alþingis hafa:

a. allir búandi menn, húsmenn, borgarar, þurrabúðarmenn og aðrir húsráðendur, sem greiða gjald til almennra þarfa;
b. embættismenn;
c. þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, prestaskólann eða læknaskólann í Reykjavík, eða eitthvert annað þesshátttar opinbert próf, sem nú er, eða kann að verða sett, þó ekki sjeu þeir í embætti, ef þeir eru ekki öðrum háðir.

Þó getur enginn átt kosningarrjett, nema hann sje orðinn 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár, sje fjár síns ráðandi og honum sje ekki lagt af sveit, eða, hafi hann þegið sveitarstyrk, að hann þá hafi endurgoldið hann, eða honum hafi verið gefinn hann upp.

23. gr. Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem hefur kosningarrjett samkvæmt því sem nú var sagt, ef hann:

1. ekki er þegn annars ríkis eða er í þjónustu þess;
2. hefur að minnsta kosti síðustu 5 ár verið í löndum þeim í norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi.

Kjörgengi til efri deildar skal þó bundið við 35 ára aldur. Kjósa má þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefur verið innan kjördæmis skemur en eitt ár.

Með lögum má veita konum kosningarrjett og kjörgengi til alþingis.

Nákvæmari reglur um kosningarnar verða settar í kosningarlögunum.

III.

24. gr. Alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár, hafi landstjóri ekki tiltekið annan samkomudag sama ár.

Með lögum má ákveða, að hið reglulega alþingi komi optar saman eður á öðrum tíma.

25. gr. Samkomustaður alþingis er í Reykjavík. Þó getur landstjóri eptir atvikum skipað fyrir um, að alþingi komi saman á öðrum stað í landinu.

26. gr. Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess eða frelsi.

27. gr. Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sjeu löglega kosnir.

28. gr. Sjerhver nýr þingmaður skal vinna eið að stjórnarskránni, undir eins og viðurkennt er, að kosning hans sje gild.

29. gr. Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæring sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir eru til alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna, en skyldir eru þeir til að annast um, að embættisstörfum þeirra verði gegnt án kostnaðar fyrir landsjóðinn.

30. gr. Hvor þingdeild á rjett á, að bera upp frumvörp til laga og ályktana og samþykkja þau fyrir sitt leyti; einnig má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi eða landstjóra ávörp.

31. gr. Hvor þingdeild getur sett nefndir af þingmönnum til þess að rannsaka mikils varðandi málefni. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rjett á, að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og öðrum.

32. gr. Engan skatt má á leggja, nje breyta, nje aftaka, nema með lögum; ekki má heldur án lögákvæða taka lán, er skuldbindi landið, nje selja eða á annan hátt láta af hendi neina af fasteignum landsins, nje skerða þann hluta viðlagasjóðs, sem ákveðinn verður með lögum.

33. gr. Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

34. gr. Jafnskjótt sem hið reglulega alþingi er komið saman, skal leggja fyrir það frumvarp til fjárlaga fyrir fjárhagstímabilið, sem í hönd fer. Með tekjunum skal telja bæði hið fasta tillag og aukatillagið úr hinum almenna ríkissjóði.

Gjöld, sem ákveðin eru með eldri lögum, tilskipunum, konungúrskurðum eða öðrum gildum ákvæðum, skal, þangað til breyting verður á því gjörð með lögum, tilfæra í fjárlögunum, svo sem gjöld þessi hafa ákveðin verið.

Frumvarpið til fjárlaganna og eins frumvörp til fjáraukalaga skal jafnan fyrst leggja fyrir neðri deild alþingis.

35. gr. Hvor þingdeild kýs yfirskoðunarmann, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða reikninga hvers árs um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, að tekjur landsins sjeu þar allar taldar og að ekkert hafi verið goldið út án heimildar. Þeir geta krafizt að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal semja reikning fyrir fjárhagstímabilið, og leggja hann fyrir alþingi, ásamt með athugasemdum yfirskoðunarmanna, til fullnaðarúrslita.

36. gr. Ekkert lagafrumvarp má samþykkja til fullnaðar, fyr en það hefur verið rætt þrisvar í hvorri þingdeild.

37. gr. Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annarihvorri þingdeildinni, skal það lagt fyrir hina þingdeildina í því formi, sem það er samþykkt í. Verði þar breytingar á gjörðar, gengur það aptur til hinnar fyrri þingdeildar. Verði hjer aptur gjörðar breytingar, fer frumvarpið af nýju til hinnar deildarinnar. Gangi þá enn eigi saman, ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og leiðir alþingi þá

málið til lykta eptir eina umræðu. Þegar alþingi þannig myndar eina málstofu, þarf til þess að gjörð verði fullnaðarályktun á máli, að tveir þriðjungar þingmanna úr hvorri deild sjeu á fundi og eigi þátt í atkvæðagreiðslunni; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um hin einstöku málsatriði, en til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykkt í heild sinni, þarf aptur á móti að minnsta kosti, að tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, sjeu með frumvarpinu.

38. gr. Meðan alþingi stendur, má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í, nje heldur setja hann í varðhald eða höfða mál móti honum, nema hann sje staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn til ábyrgðar utan þings fyrir það, sem hann hefur talað á þinginu, nema þingdeildin, sem hann á sæti í, leyfi.

39. gr. Ef sú breyting, er sviptir mann kjörgengi, verður á högum þess manns, sem löglega er kosinn, missir hann rjett þann, sem kosningunni fylgir.

40. gr. Ráðgjöfunum skal heimilt vegna embættisstöðu sinnar að sitja á alþingi, og þeir eiga rjett á, að taka þátt í umræðunum einsopt og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa.

Atkvæðisrjett hafa ráðgjafar því að eins, að þeir sjeu kosnir alþingismenn.

41. gr. Hvor þingdeild og eins hið sameinaða alþingi kýs sjálft forseta sinn og varaforseta.

42. gr. Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um neitt, nema að minnsta kosti tveir þriðjungar þingmanna sjeu á fundi og greiði þar atkvæði.

43. gr. Heimilt er þingmanni að bera upp í þeirri þingdeild, sem hann á sæti í, hvert það málefni, er almenning varðar, ef þingdeildin leyfir, og beiðast skýrslu um það.

44. gr. Hvorug þingdeildin má taka nokkurt málefni til meðferðar á þingi, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sjer til flutnings.

45. gr. Þyki þingdeild ekki ástæða til að gjöra ályktun um eitthvert málefni, þá getur hún vísað því til landstjórnarinnar.

46. gr. Fundi beggja þingdeilda og hins sameinaða alþingis skal halda í heyranda hljóði. Þó getur forseti, eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpunum, krafizt, að öllum utanþingsmönnum sje vísað burt, og skal þá þingið eða þingdeild sú, er hlut á að máli, skera úr, hvort ræða skuli málefnið í heyranda hljóði eða eigi.

47. gr. Þingsköp hins sameinaða alþingis og beggja þingdeilda skal setja með lögum.

IV.

48. gr. Landsdómur skal skipaður dómendum hins æðsta dómstóls innanlands og öllum þingmönnum efri deildar. Ryðja má sá, er kærður er, allt að 5 menn úr dómi, þó svo, að jafnan sitji dóminn eigi færri en 2 dómendur hins æðsta dómstóls. Jafnan skal tala dómenda á stöku standa, og skal því, ef til kemur, einn úr víkja eptir hlutkesti. Landsdómur velur forseta sinn.

Endi kjörtími meðan á máli stendur í landsdómi, halda þó efri deildar menn sæti sínu í dóminum. Rjettarfarið við dóm þennan skal ákveða með lögum.

49. gr. Landsdómur einn dæmir í þeim málum, er landstjóri eða neðri deild alþingis býr til á hendur ráðgjöfunum.

50. gr. Skipun dómsvaldsins skal ákveða með lögum.

51. gr. Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvaldanna. Þó getur sá, sem þar um leitar úrskurðar, ekki komið sjer hjá, að hlýða yfirvaldsboði í bráð, með því að skjóta málinu til dóms.

52. gr. Dómsvaldið skal greina frá umboðsvaldinu með lögum.

53. gr. Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eptir lögunum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auki umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum.

V.

54. gr. Hin evangelisk-lútherska kirkja er þjóðkirkja landsins, og skal þjóðfjelagið því styðja hana og vernda.

Sambandinu milli þjóðkirkju og landstjórnar skal skipa með lögum.

55. gr. Landsmenn eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins. Þó má eigi kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

56. gr. Rjettindi trúarfjelaga þeirra, sem frábrugðin eru þjóðkirkjunni, skal ákveða með lagaboði.

57. gr. Enginn má missa neins í af þegnrjettindum sakir trúarbragða sinna, nje heldur þeirra vegna skorast undan almennum fjelagsskyldum.

VI.

58. gr. Hvern, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara, og sje hann þá eigi þegar látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sje liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli í varðhald setja. Megi láta hann lausan mót veði, skal ákveða í úrskurðinum, hvert eða hversu mikið það skuli vera. Dómari og aðrir, sem viðriðnir eru, bera ábyrgð fyrir þeim, sem tekinn er fastur eða hindraður á annan hátt.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum. Engan má setja í gæzluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjársekt eða einföldu fangelsi.

59. gr. Heimilið er friðheilagt. Ekki má gjöra húsleit nje kyrsetja brjef og önnur skjöl, nje rannsaka þau, án dómsúrskurðar, nema lög sjerstaklega leyfi.

60. gr. Eignarrjetturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almennings þörf krefji; þarf til þess lög og komi fullt verð fyrir.

61. gr. Öll bönd þau, sem hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrjetti

manna til atvinnu, og eigi eru byggð á almennings heillum, skal af taka með lögum.

62. gr. Sá, sem ekki getur sjeð fyrir sjer og sínum, og sje hann ekki skylduómagi annars manns, skal eiga rjett á, að fá styrk úr almennum sjóði, en þá skal hann háður vera takmörkunum þeim, er lögin áskilja.

63. gr. Hafi foreldri eigi efni á að fræða sjálf börn sín, eða sjeu börnin munaðarlaus og öreigar, er það skylda þjóðfjelagsins, að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri.

64. gr. Hver maður á rjett á, að láta í ljósi hugsanir sínar á prenti, en þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei lögleiða.

65. gr. Rjett eiga menn á að stofna fjelög í sjerhverjum löglegum tilgangi án þess að leyfi þurfi að fá til þess. Ekkert fjelag má rjúfa með stjórnarráðstöfun. Þó má banna fjelag um stundarsakir, en þá verður þegar að búa mál til á hendur fjelaginu, til þess að það verði rofið.

66. gr. Rjett eiga menn á, að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir.

67. gr. Hver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins, eptir því sem nákvæmar verður ákveðið með lögum.

68. gr. Rjetti sveitarfjelaganna til að ráða málefnum sínum skal skipa með lögum.

69. gr. Skattgjaldamálum skal skipa með lögum.

70. gr. Sjerrjettindi, er bundin sjeu við nafnbætur og tign, má aldrei lögleiða.

VII.

71. gr. Frumvörp, hvort heldur er til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu alþingi og auka-alþingi. Nái frumvarpið um breyting á stjórnarskránni samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki hið nýkosna alþingi frumvarpið óbreytt, og nái það staðfesting konungs, þá hefur það gildi sem stjórnarlög.

72. gr. Þá er stjórnarskipunarlög þessi eru staðfest, og landstjórn skipuð samkvæmt 6. og 7. gr. þeirra, er stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. dag janúarmánaðar 1874 numin úr gildi.

Ákvæði um stundarsakir.

Í íslenzkum málum, þeim er eigi skal dæma í landsdómi samkvæmt þessum stjórnarskipunarlögum, verður engin breyting gjörð á stöðu hæstarjettar í Danmörku, sem æðsta dóms, án þess að hið almenna löggjafarvald ríkisins taki þátt í því.

Nd. **32. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 15. apríl 1776, „um fríheit fyrir þá, er vilja upptaka eyðijarðir eða óbygð pláz á Íslandi". Flutningsmaður Björn Bjarnarson.

Til þess að fá ávísað nýbýli samkvæmt tilskipun 15. apríl 1776, „um fríheit fyrir þá, sem vilja upptaka eyðijarðir eða óbyggð pláz á Íslandi", útheimtist, að sýslunefndin í hjeraði því, sem nýbýlislandið liggur í eða tilheyrir, veiti meðmæli sín til þess, að nýbýlið sje upptekið.

Nd. **33. Frumvarp**

til laga um afnám Maríu- og Pjeturslamba. Flutningsmaður Jón Jónsson 2. þm. N.-M.

Skylda búenda að fóðra svonefnd Maríu- og Pjeturslömb skal afnumin við næstu prestaskipti í þeim söknum þar sem hún hefir átt sjer stað.

Nd. **34. Frumvarp**

til laga um kjörgengi kvenna. Flutningsmaður Skúli Thoroddsen.

Ekkjur og aðrar ógiptar konur, sem standa fyrir búi, eða á einhvern hátt eiga með sig sjálfar, skulu hafa kjörgengi, þegar kjósa á í hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn og á safnaðarfundum, ef þær fullnægja öllum þeim skilyrðum, sem lög ákveða fyrir þessum rjettindum, að því er karlmenn snertir.

Nd. **35. Frumvarp**

til laga um fjárráð giptra kvenna og fleira. Flutningsmenn: Jón Jónsson, 2. þm. Eyf., og Skúli Thoroddsen.

1. gr. Rjett er, að giptar konur sje hálfráðar og fullráðar fjár síns á sama aldri og karlmenn.

2. gr. Með hjúskaparmála má skipa fjármálum milli hjóna; skal hjúskaparmáli vera skriflegur og gerður í tveggja votta viðurvist, og ná að öðru leyti hin almennu ákvæði laganna um gildi samninga til slíkra hjúskaparmála.

3. gr. Nú gjöra hjónaefni hjúskaparmála; skal hann, áður en brullaup fer fram, þinglesinn eða fyrir fram skráður í veðmálabók þess lögsagnarumdæmis, þar sem brullaup fer fram.

Flytji hjónin búferlum í annað lögsagnarumdæmi, skulu þau á fyrsta manntalsþingi í þeirri þinghá, er þau setjast að í, lýsa hjúskaparmála sínum. Nú hljóðar hjúskaparmáli um fasteignir, og skal hann áður en brullaup fer fram, fyrir fram skráður í veðmálabók þess lögsagnarumdæmis, er fasteignirnar liggja í.

4. gr. Gjöri hjón hjúskaparmála, skal hann þinglesinn á varnarþingi rjettu, og fer að öðru leyti um þinglestur hans svo sem fyrir er mælt í 2. og 3. málsgrein 3. greinar.

5. gr. Hjúskaparmáli er þá fyrst gildur gagnvart skuldheimtumönnum, er hann hefur verið þinglesinn eða fyrir fram skráður til þinglesturs.

6. gr. Nú er sjereign ákveðin í hjúskaparmála þeim, er hjón gjöra, og skal þá skýrt ákveðið, hverjar eignir skuli sjereign vera, sem og um það, hvort hjóna skuli bera ábyrgð skulda, enda skerðir slíkur hjúskaparmáli, þótt þinglesinn

sje, í engu rjett þeirra, er áttu til skulda að telja, þá er hjúskaparmáli var gjörður, nema sannað verði, að því hjóna, er skuld skyldi ábyrgjast, hafi verið útlagt nægilegt fje til skuldalúkningar.

Ákvæði þetta nær þó eigi til ákvæða í hjúskaparmála, er mæla svo fyrir, að það skuli sjereign vera, er öðruhvoru hjóna hlotnast að arfi eða gjöf, því að þau ákvæði öðlast fullt gildi frá þinglestursdegi.

7. gr. Bóndi hefur umráð yfir fjelagsbúinu, nema öðruvísi sje um samið í hjúskaparmála. Eigi má hann þó selja, veðbinda nje leigja þær fasteignir, sem konan flutti í búið, nema samþykki hennar komi til.

Nú hefur bóndi gjört slíkan samning að konunni fornspurðri, og er henni þá rjett að ripta gjörningnum, en málsókn skal þá hafin innan árs og dags frá þinglestursdegi, eða frá því, að hún fjekk vitneskju um gjörninginn.

8. gr. Með samningum sínum skuldbindur konan að eins sjálfa sig og sjereign sína, nema hún samkvæmt hjúskaparmála hafi umráð fjelagsbúsins.

9. gr. Nú á annaðhvort hjóna óskilgetið barn, og skal þá barnsfúlgan borguð af fjelagsbúinu; en heimilt er hvoru hjóna eða erfingjum þess, að krefjast endurgjalds á fúlgunni af fjelagsbúinu, þegar fjárskipti fram fara.

10. gr. Nú rekur konan sjálfstæða atvinnu, og hefur hún þá ein rjett til að ráða yfir, hvernig afrakstri atvinnu þeirrar skuli varið í þarfir fjelagsbúsins, enda sje ekki ákveðið í hjúskaparmála, að hann skuli sjereign vera. Meðan konan er á lífi, má ekki taka atvinnuarð þennan til lúkningar þeim skuldum, sem bóndinn hefur stofnað, án þess að samþykki konunnar komi til.

11. gr. Rjett er hvoru hjóna um sig að heimta að sýslumaður eða bæjarfógeti gjöri fjárskipti með þeim, og skal gjörningur sá þinglesinn á varnarþingi rjettu.

Nú átti maður til skuldar að telja í búi því, er skipt var, og er honum þá rjett að ganga að hvoru hjóna er vill, nema sannað verði að því hjóna, er skuld skyldi ábyrgjast, hafi verið útlagt nægilegt fje til lúkningar skuldinni.

12. gr. Til þess að gjafir milli hjóna sjeu gildar gagnvart skuldheimtumönnum, skal um þær gjörður brjeflegur og vottfastur samningur. Þó er gjöf ógild, nema sannað verði að það hjóna, er gjöf gaf, hafi átt að minnsta kosti andvirði gjafarinnar umfram skuldir, þegar gjöf var gefin. Þessi ákvæði ná þó ekki til smágjafa þeirra, sem hjón gefa hvert öðru, og sem ætlaðar eru því hjóna, er gjöf þiggur, til eigin afnota.

13. gr. Sje gipt kona svipt fjárráðum eða fyrir aldurssakir eigi fullráð fjár síns, gilda hin almennu ákvæði laganna um skipun fjárhalds eða tilsjónarmanns

14. gr. Eldri ákvarðanir, sem koma í bága við lög þessi, eru hjer með úr lögum numdar.

Ed. **36. Frumvarp**

til laga um brúargjörð á Fnjóská. Flutningsmenn: Einar Ásmundsson og Jón A. Hjaltalín.

Á Fnjóská í Þingeyjarsýslu skal gjöra brú á aðalpóstleiðinni hjá Skógum í Fnjóskadal. Til brúargjörðarinnar má verja allt að 18000 krónum af landssjóði.

Nd. **37. Frumvarp**

til laga um friðun á skógi og mel. Flutningsmenn: Sighvatur Árnason, Þórður Guðmundsson, Guðlaugur Guðmundsson og Jón Þorkelsson.

1. Sýslunefndum veitist vald til að gera samþykktir um friðun á skógum, hvers kyns sem eru, og á mel á þann hátt sem segir í lögum þessum.

2. Þegar sýslunefnd þykir þörf á eða vera hagfelt að gera samþykkt fyrir alla sýsluna eða fyrir nokkurn hluta hennar, skal hún kveðja til almenns fundar í hjeraði því, sem ætlazt er til að samþykkt sú nái yfir, og eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir hjeraðsbúar þeir, er kosningarrjett hafa til alþingis.

Sýslunefnd kveður á um fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara, en sýslumaður sje fundarstjóri eða einhver sýslunefndarmanna, er nefndin kýs til þess, og skal hann hafa kjörskrá við hendina.

Ef fundarstjóri verður að takast ferð á hendur til þess að halda fundinn, ber að greiða honum 2 kr. á dag í dagpeninga o: ferðakostnað að auki eptir reikningi, er sýslunefndin úrskurðar og greiðist það gjald úr sýslusjóði.

3. Sýslunefndin semur frumvörp til samþykkta þeirra, er hún vill koma á, og ber undir álit og atkvæði funda þeirra, er um er rætt í 2. gr.

Nú fallast fundarmenn á frumvarp nefndarinnar breytt eða óbreytt með tveim þriðjungum atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, og skal þá sýslunefndin senda amtmanni frumvarpið til staðfestingar.

4. Nú þykja amtmanni nokkur ákvæði samþykktar ganga of nærri rjetti manna eða atvinnufrelsi eða að þær koma á einhvern hátt í bága við lög og grundvallarreglur laganna, og synjar hann þá um staðfesting sína, en skýra skal hann sýslunefndinni frá ástæðum fyrir neituninni. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og kveður á hvenær hún skuli öðlast gildi, og er hún upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa innan takmarka þess svæðis, sem samþykktin nær yfir.

Samþykkt þeirri, er amtmaður hefur staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð á.

Amtmaður hlutast til um að samþykktirnar sjeu prentaðar í B-deild Stjórnartíðindanna.

5. Í samþykkt skal ávallt kveða á um eptirlit það, er þarf til þess að hennar sje vandlega gætt, og hvernig greiða skuli kostnað, sem af því leiðir.

6. Brot gegn staðfestum samþykktum varðar 5—100 kr. sekt, sem rennur í sýslusjóð. Þó má ákveða þeim, er kemur brotinu upp, allt að helmingi sektanna.

7. Með brot gegn samþykktum skal fara sem opinber lögreglumál.

Nd. **38. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn. Flutningsmenn: Jón Jónsson (2. þm. Eyf.) og Skúli Thoroddsen.

Rjett er sjerhverjum hjónaefnum, hvort sem þau hafa þjóðkirkjutrú eða ekki, að láta veraldlegan valdsmann gefa sig í borgaralegt hjónaband, samkvæmt þeim reglum, er settar eru í lögum 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn.

Ed. **39. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um iðnaðarnám. Frá Hallgrími Sveinssyni.

1. Í stað orðsins »uppreisn« í 2. gr. komi: uppreist.
2. Orðið »að« í 9. gr. næstsíðustu málsgrein, síðasta lið falli burt.
3. Í stað: »ef hann beiðist þess innan 14 daga af lögreglustjóra«, komi: ef hann beiðist þess af lögreglustjóra, áður en 2 vikur eru liðnar.
4. Síðasti töluliður 15. greinar orðist þannig: ef hann með dómi verður sekur um brot, sem að almenningsáliti er svívirðilegt.
5. Í stað orðanna í 18. gr.: »nú beiðist einhver«, komi: nú vill einhver beiðast.
6. Í stað orðanna: »hinn gjörðarmanna« í 18. gr. komi: hinn gjörðarmaðurinn.
7. Byrjun annarar málsgreinar 19. greinar orðist þannig: sömu refsingu — nema þyngri refsingarákvæði eigi við — skal sá lærimeistari sæta, sem freklega o. s. frv.
8. Í stað orðanna í síðasta lið 19. greinar: »ekki snýr«, komi: hverfur ekki.

Nd. **40. Frumvarp**

til laga um verndun Safamýrar í Rangárvallasýslu. Flutningsmenn: Sighvatur Árnason og Þórður Guðmundsson.

1. gr. Sýslunefndinni veitist vald til, að gjöra samþykkt um verndun Safamýrar, á þann hátt, sem segir í lögum þessum.

2. gr. Nú þykir sýslunefndinni þörf á, að gjöra samþykkt til að vernda og viðhalda Safamýri, skal hún kveðja eigendur og ábúendur þeirra jarða, sem hlut eiga að máli, til fundar, og eiga þeir allir atkvæðisrjett á þeim fundi.

Sýslunefndin kveður á um fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara, en sýslumaður sje fundarstjóri eða einhver sýslunefndarmanna, er nefndin kýs til þess, og skal hann hafa kjörskrá við hendina.

Ef fundarstjóri verður að takast ferð á hendur til þess að halda fundinn, ber að greiða honum 2 kr. á dag í dagpeninga og ferðakostnað að auki eptir reikningi, er sýslunefndin úrskurðar, og greiðist það gjald úr sýslusjóði.

3. gr. Sýslunefndin semur frumvarp til samþykktar þeirrar, er hún vill koma á, og ber undir álit og atkvæði fundar þess, er um er rætt í 2. gr.

Nú fallast fundarmenn á frumvarp nefndarinnar, breytt eða óbreytt, með $^2/_3$ atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, og skal þá sýslunefndin senda amtmanni frumvarpið til staðfestingar.

4. gr. Nú þykja amtmanni nokkur ákvæði samþykktarinnar ganga of nærri rjetti manna, eða að hún komi á einhvern hátt í bága við lög og grundvallarreglur laganna, og synjar hann þá um staðfesting sína, en skýra skal hann sýslunefndinni frá ástæðum fyrir neituninni. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og kveður á um, hvenær hún skuli öðlast gildi, og er hún upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, sem hlut eiga að máli.

Samþykkt þeirri, sem amtmaðnr hefur staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð á.

Amtmaður hlutast til um, að samþykktin sje prentuð í B.-deild Stjórnartíðindanna.

5. gr. Samþykktin skal kveða á um eptirlit það, sem þarf til þess að hennar sje vandlega gætt, og hvernig greiða skuli kostnað, sem af því leiðir.

6. gr. Brot gegn staðfestri samþykkt varðar 10 -100 kr. sekt, sem rennur í sýslusjóð.

7 gr. Með brot gegn samþykkt þessari skal fara sem opinber lögreglumál.

Nd. **41. Frumvarp**

til laga um sölu þjóðjarða. Flutningsmenn: Jón Jakobsson og Jón Jónsson 2. þm. N.-M.

1. gr. Hver sá, er hefir þjóðjörð til ábúðar, skal hafa rjett til að fá jörðina keypta, enda sje hún eigi ætluð til embættisábúðar, skólaseturs eða annara almenningsnota.

2. gr. Kaupverð jarðarinnar skal ákveða eptir sanngjörnum leigumála, er amtsráð metur eptir tillögum sýslunefndar, þannig, að verðið samsvari 25 földu eptirgjaldi hennar, landskuld og leigum. Til hliðsjónar við mat leigumálans skal hafa skýrslur um afgjald og allt ásigkomulag jarðarinnar, sem umboðsmaður er skyldur að láta í tje.

3. gr. Af andvirði jarðarinnar skal kaupandi borga $\frac{1}{10}$ hluta um leið og kaupin eru fullgjörð, en eptirstöðvarnar á þann hátt, að hann gefi út skuldabrjef fyrir þeim með fyrsta veðrjetti í jörðinni, og skal hann gjalda árlega í vexti og afborgun lánsins 6% af hinni upphaflegu upphæð þess, þannig, að allri skuldinni sje lokið á 28 árum.

4. gr. Ef þjóðjörð er í eyði, skal hverjum þeim, er falar jörðina til kaups, veittur kauparjettur með sömu skilmálum sem ábúanda.

5. gr. Þjóðjörð má að eins selja í heilu lagi. Nú er þjóðjörð byggð í smærri hlutum og skal þá selja þeim ábúanda, er sýslunefnd mælir fram með.

6. gr. Þá er leiguliði á þjóðeign óskar að fá keypta ábúðarjörð sína, sendir hann sýslumanni brjeflega beiðni um það. Sýslumaður útvegar skýrslur hjá umboðsmanni, ber því næst málið upp fyrir sýslunefndinni á næsta fundi hennar og sendir það síðan með öllum fylgiskjölum til amtsráðsins.

7. gr. Landshöfðingi gjörir þær ráðstafanir, sem með þarf, um sölu þjóðjarða, ákveður kaupverð þeirra og gefur út afsalsbrjef fyrir þeim.

8. gr. Andvirði hinnar seldu jarðar renni í sjerstakan sjóð, sem ekki má skerða. Rentur af sjóði þessum renni í viðlagasjóðinn.

Nd. **42. Tillaga**

til þingsályktunar um afnám grísku og latínu sem skyldunámsgreina í Reykjavíkur lærða skóla. Frá Jóni Jakobssyni, Boga Th. Melsteð og Ólafi Briem.

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að hlutast til um, að gríska og latína verði afnumdar sem skyldunámsgreinar í hinum lærða skóla í Reykjavík.

Nd. **43. Frumvarp**

til laga um breyting á 2. gr. laga 12. jan. 1884 um breytingu á nokkrum brauðum í Eyjafjarðar- og Vestur Skaptafellsprófastsdæmum. Flutningsmaður Klemens Jónsson.

1. gr. Grundarbrauð tekur yfir Grundar-. Munkaþverár- og Kaupangs-

sóknir; til Grundarsóknar liggja 11 fremstu bæirnir úr Akureyrarsókn; ljensjörð prestsins er kirkjujörðin Hrafnagil með hjáleigunni Botni. Prestsskyldarhluti sá frá Grund, er tekinn var undan brauðinu fyrir nokkrum árum, skal aptur hverfa til brauðsins.

2. gr. Tekjumissir sá, sem Akureyrarbrauð verður fyrir við breytingu þessa, skal endurgoldinn prestinum á Akureyri með 340 kr. af landsfje.

Nd.

44. Nefndarálit

í málinu: Frv. til laga um líkskoðun.

Vjer undirritaðir, sem hin heiðraða neðri deild hefur kosið til þess að segja álit vort um frumvarp þetta, verðum að álíta, að það sje mjög æskilegt, að líkskoðun komizt á hjer á landi og getum vjer yfir höfuð að tala fallizt á frumvarp stjórnarinnar. Þó viljum vjer gjöra eina aðalbreytingu á því og hún er sú, að líkskoðunarmenn skuli alstaðar skipaðir einnig þar, sem læknar eptir stjórnarfrv. eiga að framkvæma skoðunina. Ástæðurnar fyrir þessari breytingu eru þær, að eins og hagar til hjer á landi, verður sjaldnast hægt að ná í lækni, og þykir oss því rjett að ganga út frá því sem reglu alstaðar, að sjerstakir líkskoðunarmenn framkvæmi þetta starf. En hins vegar dylst oss eigi, að læknir muni jafnaðarlega verða sóttur til líkskoðunar í nágrenni við sig, og fyrir því hefur oss eigi þótt ástæða til að breyta ákvæðunum í 2. gr. um skyldu þeirra til líkskoðunar eða ákvæðunum um borgun til þeirra. Hinar aðrar breytingar eru annað hvort orðabreytingar eða þær breytingar, sem eðlilega leiða af aðalbreytingunni.

Vjer ráðum því hinni háttvirtu deild að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum:

Við 2. gr. Í staðinn fyrir orðin: „sje — 2 líkskoðunarmenn“ komi: „tveir líkskoðunarmenn skulu lík skoða“.

— 3. — Í staðinn fyrir orðin: „Í — uppástungu hreppsnefndar“ komi: „Í hverjum hrepp eða kaupstað eða ef hreppurinn eða kaupstaðurinn er mjög stór, þá í hverju því umdæmi, sem hreppnum eða kaupstaðnum er skipt af lögreglustjóra eptir uppástungu hreppsnefndar eða bæjarstjórnar“.

Orðin í sömu grein: „Utan — sjálfur“ falli burt.

Á eptir orðinu: „hreppsnefndar“ komi: „eða bæjarstjórnar“.

— 4. — Í stað orðanna: „gefur sá eða þeir“ komi: „gefur læknir eða líkskoðunarmenn“.

2. liður greinarinnar orðist þannig: „Líkskoðun má eigi fram fara fyr en 3 dagar eru liðnir frá andlátinu. Undantekning frá þessari reglu“ o. s. frv.

— 6. — Síðasti liður orðist þannig: „Sjeu nokkrar líkur til þess, að endurlífga megi hinn dána, skal neyta allra þeirra ráða“ o. s. frv.

— 8. — Orðin í síðasta lið greinarinnar: „lengra en 1 mílu frá bústað sínum“ falli burt.

Í st. f. orðin: „á þann hátt, og“ komi: „á sama hátt sem“.

Alþingi 7. júlí 1893.

Kl. Jónsson, framsögumaður.	Jens Pálsson, formaður.	Jón Þórarinsson.

Ed. **45. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877. Flutningsmaður Jón A. Hjaltalín.

1. gr. Í hverjum hreppi skal setja kjörstjórn. Hreppstjórinn skal vera oddviti hennar; með honum skulu vera í kjörstjórninni 2 menn, annar sá, er hreppsnefndin kveður til þess úr sínum flokki, og hinn kjósi hreppsbúar, sem atkvæði hafa í sveitarmálum, á hreppaskilum til 6 ára. Þó er rjett, að amtmaður leyfi, ef um það koma fram tilmæli frá tveimur eða þremur nágrannahreppum, og sýslunefndin styður þau tilmæli með tillögum sínum, að nágrannahreppar þessir kjósi í fjelagi saman, og fyrirskipar þá amtmaður, hvernig kosið skal í kjörstjórnina, og hver vera skuli oddviti hennar. Í Reykjavík, á Akureyri og á Ísafirði skal oddviti bæjarstjórnarinnar vera oddviti kjörstjórnar; með honum skulu vera í henni 2 menn; annar sá, er bæjarstjórnin kveður til þess úr sínum flokki, og hinn kjósi bæjarbúar, sem atkvæði hafa í bæjarmálum til 6 ára.

2. gr. Oddviti kjörstjórnarinnar stendur fyrir öllum undirbúningi undir sjálfa kosninguna, og sjer um, að kjörskráin sje við á kjörþinginu.

3. gr. Kjörstjórnin heldur kjörbók, þar sem bókað skal, að kjörskráin hafi verið fram lögð, og þau brjef, sem til hennar eru komin. Í kjörbókina skal rita það helzta sem fram fer á kjörþinginu, en þar með skal þó eigi telja ræður þær, sem haldnar verða. Kjörstjórnin skal rita nöfn sín undir kjörbókina, og atkvæðaskrárnar, og skal í Reykjavík bæjarstjórnin geyma hana, en annarsstaðar hreppstjórarnir.

Deginum eptir kosninguna skal oddviti kjörstjórnarinnar senda oddvita yfirkjörstjórnarinnar staðfest eptirrit af því, sem ritað er í kjörbókina um kosningu þá, sem fram hefur farið, ásamt kjörskránum, og sje hvorttveggja innsiglað.

4. gr. Fyrir hvert kjördæmi, nema Reykjavík, skal setja yfirkjörstjórn. Skal sýslumaður vera oddviti yfirkjörstjórnarinnar, og eru í henni að auki 1 af sýslunefndarmönnum og 1 af kjósendum, sem sýslunefndin kýs.

Yfirkjörstjórnin heldur bók, þar sem bókað skal það, sem gjörist á fundum hennar.

Með næstu póstferð eptir kosninguna skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar senda landshöfðingja staðfest eptirrit af fundarbók kjörstjórnarinnar, ásamt með atkvæðaskránum og afskriptum af kjörfundarbókum hreppanna.

Oddviti bæjarstjórnarinnar í Reykjavík skal senda landshöfðingja í síðasta lagi 10 dögum eptir kosninguna eptirrit af því, sem ritað hefur verið í kjörbókina um kosningu þá, sem fram hefur farið, ásamt atkvæðaskránum.

Landshöfðingi fær síðan alþingi eptirrit þessi, ásamt þeim skýrslum, er honum hefur þótt ástæða til að útvega.

Þingmannaefni.

5. gr. Enginn getur orðið fyrir kosningu, þegar kjósa á alþingismenn, nema hann hafi skriflega boðið sig fram til kosningar, og hafi auk þess fengið skrifleg memmæli að minnsta kosti tveggja kjósenda úr meiri hluta hreppa þeirra og bæjarfjelaga, sem í kjördæminu eru. Framboðið og meðmælingarnar skal hann senda til oddvita yfir-

kjörstjórnarinnar 3 vikum áður en kosning á fram að fara. Þessu framboði skal og fylgja yfirlýsing þess, að hann hafi eigi boðið sig fram til kosninga í nokkru kjördæmi, sem eigi hafi þá þegar hafnað framboði hans. Framboðið, yfirlýsingin og meðmælin skulu vera í eins mörgu lagi og hreppar og bæjarfjelög eru í kjördæminu.

6. gr. Það er eigi nauðsynlegt, að kjörgengi þingmannaefna sje sannað fyrir kjörstjórninni. Komi fram við kosninguna mótmæli gegn kjörgengi þeirra, má kjörstjórnin eigi banna umræður um það, nje heldur fyrir þá sök skorast undan að taka á móti atkvæðum til kosningar þeirra. Alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru.

7. gr. Verði það uppvíst, að eitthvert þingmannsefni hafi gefið kost á sjer í fleiru en einu kjördæmi, er sú kosning eða þær kosningar ógildar, sem hann kann að verða fyrir, nema því að eins, að skilyrði því, sem sett er í 5. gr., sje fullnægt.

Kosningar,

8. gr. Hinar almennu kosningar á þjóðkjörnum alþingismönnum eiga vanalega fram að fara 6. hvert ár.

Þegar slíkar kosningar eiga fram að fara, annaðhvort fyrir þá sök, að kjörtíminn er á enda eða vegna þess að alþingi er rofið, verður gefið út um það opið brjef, þar sem konungur skipar fyrir, að kosningar skuli fram fara.

Kosningarnar skulu venjulega haldnar frá 6. til 30. júní árið áður en alþingi skal koma saman.

9. gr. Kjörtíminn fyrir allar kosningar skal talinn frá 1. sept., ef ákveðið er samkvæmt greininni á undan, að kosningar skuli fram fara í þeim mánuði; en ef það kynni að verða ákveðið, að kosningar skulu fram fara á öðrum tíma árs, skal nákvæmar sagt fyrir um það í fyrnefndu opnu brjefi, frá hvaða degi kjörtíminn skuli talinn.

10. gr. Ef kjósa þarf einstakann þjóðkjörinn alþingismann, gildir hin nýja kosning fyrir svo langan tíma, sem sá átti eptir, er frá fór. Þegar einstakar kosningar skulu fram fara, gjörir landshöfðingi fyrirskipun um það.

11. gr. Kosningar fara fram á þingstað hvers hrepps eða bæjarfjelags í kjördæmi hverju, og má hver koma þar, er vill.

12. gr. Eigi síðar en 4 vikum áður en kosning á að fara fram, skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar senda hverjum kjörstjórnaroddvita í kjördæminu tilkynning um það, hvern dag kjörþing skuli haldið í hans hreppi, og skal hann auglýsa það á vanalegan hátt. Kjörþing skulu haldin sama dag í öllum hreppum og bæjarfjelögum kjördæmisins, og skulu þau standa frá hádegi til miðaptans.

Framboð og meðmælingar þingmannaefna skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar senda hverjum kjörstjórnaroddvita í kjördæminu eigi síðar en viku á undan kjörþingisdeginum.

13. gr. Kjörstjórnaroddvitinn skal setja kjörþingið á hádegi. Er hann hefur lesið upp hið konunglega opna brjef, eða þann úrskurð landshöfðingja, er fyrirskipar kosninguna, leiðir hann athygli kjósendanna að því, hver tilgangurinn sje með kosninguna, og hve mikilsvarðandi hún sje. Síðan les hann upp nöfn og framboð þingmannaefna þeirra, er hafa boðið sig fram, svo og meðmælingar þeirra.

Kjósendur kjördæmisins hafa rjett til, að mæla með og móti þingmannaefnunum. Oddviti skal stýra þeim umræðum, sem um þetta efni verða. Hann skal og sjá um, að kjörþingið og öll kosningin fari fram í góðri reglu. Enginn kjörstjóranna má tala með eða móti kosningu nokkurs þingmannsefnis.

Oddviti skal slíta umræðunum 2 stundum fyrir miðaptan, ef þeim er þá ekki lokið; síðan skal skora á kjósendur, að ganga til kosningar með því að gefa atkvæði sitt einum, eða í þeim kjördæmum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, tveimur af þeim þing-

mannaefnum, sem boðnir hafa verið fram til kosningar. Þótt eigi sjeu fleiri þingmannaefni en kjósa skal í kjördæminu, skal atkvæðagreiðsla samt fram fara.

14. gr. Oddviti kjörstjórnarinnar á eigi þátt í því, að taka við atkvæðum. Einn af hinum, sem í kjörstjórninni eru, ritar, eptir að hann hefur kannazt við kjósendurna, nafn þess, eða í þeim kjördæmum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, nöfn þeirra tveggja þingmannaefna, sem kjósandi greiðir atkvæði sitt, við hliðina á hans eigin nafni í sjálfri kjörskránni. Annar úr kjörstjórninni ritar á sjerstaka atkvæðaskrá nafn kjósanda við hliðina á nafni þess eða þeirra þingmannaefna, sem hann hefur gefið atkvæði sitt. Áður en kjósandinn gengur frá, skal lesa upp fyrir honum bæði hans eigið nafn og þess eða þeirra nöfn, sem hann hefur kosið, til tryggingar því, að rjett sje ritað á báðar skrárnar, og að því beri hverju saman við annað.

Á miðaptni skal kjörstjórnin hætta að taka á móti atkvæðum til kosningarinnar, og þá skulu kjörstjórar færa inn atkvæði sjálfra sín (ef þeir hafa atkvæðisrjett) og er þá atkvæðagreiðslu lokið.

15. gr. Í kjörbókinni skal bóka það, sem fram hefur farið á kjörfundinum, og skal kjörstjórnin skrifa nöfn sín undir hana, svo og undir atkvæðaskrárnar. Síðan tekur kjörstjórnin afskript af því, sem bókað hefur verið í kjörbókinni, og staðfestir það með undirskript sinni. Þá innsiglar kjörstjórnin afskriptina, atkvæðaskrárnar og framboð þingmannaefna og meðmæli í einu lagi; og skal oddviti kjörstjórnarinnar senda mann með það til oddvita yfirkjörstjórnarinnar eigi síðar en næsta dag eptir kjörþingið.

16. gr. Eigi síðar en 8 dögum eptir hinar almennu kosningar skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar kalla á fund með sjer hina 2 meðlimi yfirkjörstjórnarinnar; skal hann í viðurvist þeirra brjóta innsigli atkvæðaskráa þeirra, er sendar hafa verið frá hreppunum og bæjarfjelögunum. Skulu þá yfirkjörstjórarnir í sameiningu telja saman atkvæðin á atkvæðaskránum. Það þingmannsefni eða þau þingmannaefni, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, er flest atkvæði hafa fengið, eru þá rjett kjörnir alþingismenn fyrir kjördæmið. Nú hafa 2 eða fleiri þingmannaefni jöfn atkvæði, og skal sá þá rjettkjörinn alþingismaður fyrir kjördæmið, sem eldri eða elztur er; sjeu þeir alveg jafnir að aldri, skal hlutkesti ráða.

Í Reykjavík og Vestmannaeyjum skal kjörstjórnin hafa hin sömu afskipti af kosningunum eg kjörstjórnin og yfirkjörstjórnir annarsstaðar á landinu.

Heimilt er þingmannaefnum eða umboðsmönnum þeirra, ef þeir hafa skriflegt umboð, að vera við upptalningu atkvæðanna.

17. gr. Yfirkjörstjórnin fær hverjum þjóðkjörnum alþingismanni kosningarbrjef; skal það samið samkvæmt fyrirmynd, sem stjórnarráðið fyrir Ísland segir fyrir um. Skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar senda þingmanninum það brjef, svo fljótt sem kostur er á.

Almennar ákvarðanir.

18. gr. Yfirkjörstjórar mega reikna sjer fæðispeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað, samkvæmt tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872, 33. gr., þannig, að útgjöldin greiðist úr sýslusjóðnum. Annar kostnaður við kosningarnar, svo sem fyrir kjörbókum, sendiferðum milli yfirkjörstjórnarinnar og kjörstjórnanna, auglýsingum o. fl., skal greiddur úr sýslusjóði. Í Reykjavík skal greiða gjöld þau, sem síðast voru nefnd, úr sjóði bæjarins.

19. gr. Vanræki nokkur störf þau, sem honum eru á hendur falin með lögum þessum, skal hann sæta 10—200 kr. sektum, ef þyngri hegning eigi liggur við samkvæmt lögum.

20. gr. Með lögum þessum eru úr gildi felldar 19. grein til 36. gr. og 38. gr. til 40. greinar í lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877.

Nd. **46. Frumvarp**

til laga um fuglaveiðasamþykkt í Vestmannaeyjum. Flutningsmaður Sigfús Árnason.

1. gr. Sýslunefndinni í Vestmannaeyjum veitist vald til að gjöra fuglaveiðasamþykkt þar á eyjunum, á þann hátt og með þeim takmörkunum og skilyrðum, sem segir í lögum þessum.

2. gr. Þegar sýslunefndinni virðist nauðsýn til bera að gjöra fuglaveiðasamþykkt fyrir sýsluna, skal hún kveðja til almenns fundar, sem auglýstur sje með nægum fyrirvara. Atkvæðisrjett á fundinum eiga allir þeir sýslubúar er jarðir hafa, sem og þeir er kosningarrjett hafa til alþingis, og skal sýslunefndin hafa kjörskrána við hendina.

Sýslunefndin ákveður fundarstað og fundardag, og skal sýslumaður vera fundarstjóri eða þá einhver sýslunefndarmanna, er nefndin kýs til þess.

3. gr. Sýslunefndin ber undir álit og atkvæði fundarmanna, sem til er tekið í 2. gr., samþykkt þá, er hún vill koma á.

Nú hafa fundarmenn fallist á samþykkt nefndarinnar með eða án breytinga með $^3/_4$ atkvæða þeirra, sem greidd hafa verið, og skal hún þá hafa gildi sem lög, þegar er staðfesting amtmanns er fengin þar til. Amtmaður hlutast til um, að samþykktin sje prentuð í Stjórnartíðindunum, deildinni B.

4. gr. Ef breyta skal eða fella úr gildi samþykkt, sem samþykkt hefur verið, verður að gjöra það eptir sömu reglum og settar eru í þriðju grein þessara laga.

5. gr. Í samþykkt skal ávallt skýrt ákveða um eptirlit það, er þarf til þess að hennar sje gætt, og hvernig kostnað við það skal greiða.

6. gr. Fyrir brot móti löggiltri samþykkt má ákveða sektir frá 5—100 króna, er renni helmingur í sveitarsjóð og helmingur til þess, sem kemur brotinu upp.

7. gr. Með brot gegn samþykktum skal fara sem almenn lögreglumál.

Ed. **47. Frumvarp**

til laga um breyting á 3. gr. í tilskipun 31. maí 1855 um eptirlaun. Flutningsmenn: Sigurður Jensson og Sigurður Stefánsson.

1. gr. Í stað þeirar eptirlaunaupphæðar, sem ákveðin er í fyrstu málsgrein 3. greinar í tilskipun 31. mai 1855, skal upphæð eptirlauna þeirra, er þar ræðir um, vera $\frac{1}{5}$ af launaupphæðinni og auk þess 20 kr. fyrir hvert ár, er hlutaðeigandi embættismaður hefir þjónað með eptirlaunarjetti.

2. gr. Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi og hafa rjett til eptirlauna samkvæmt tilskipun 31. mai 1855 halda rjetti til eptirlauna samkvæmt þeirri tilskipun.

Ed. **48. Frumvarp**

til laga um úrskurðarvald sáttanefnda, rjettarfar og aðför í minni skuldamálum. Frá Þorleifi Jónssyni.

1. gr. Í skuldamálum, þar sem skuldarupphæðin nemur eigi meiru en 200 kr., skal sáttanefndin, ef skuldheimtumaður krefst þess, kveða upp úrskurð,

a) þegar kærði, þrátt fyrir löglega birting fyrirkallsins, mætir ekki og sáttanefndin hefur ekki ástæðu til að ætla, að hann hafi lögleg forföll, er hindri hann að mæta eða láta mæta fyrir sig,

b) þegar sáttanefndin hefur eptir árangurslausa sáttatilraun skorað á skuldunaut að gefa skýlaus svör um skuld þá, sem hann er krafinn um, og hann viðurkennir afdráttarlaust, að hann sje skyldur að borga hana, en vill þó eigi sættast, eða eigi er auðið að koma á sætt milli malsaðila um ýms aukaatriði, sv. sem borgunarfrestinn, vexti og þóknun til skuldheimtumanns fyrir ómök og kostnað við málið.

Sáttanefndin bókar í sáttabókina og les upp fyrir málsaðilum kröfur skuldheimtumanns, viðurkenningar skuldunauts og mótmæli hans, svo og sáttaboð þeirra beggja.

Ákvæði þessi gilda þó eigi:

1. Þegar skuldheimtumaður hefur, til að tryggja kröfu sína beitt kyrsetning eða banni, sem mótmælt er af skuldunaut,

2. Þegar fleiri en einn hafa verið kærðir fyrir sáttanefndinni um sömu skuld og allir kannast ekki við, að hún sje rjett, og

3. Þegar kærði hefur gagnkröfu á hendur kæranda og kærandi kannast ekki við hana eða hún nemur meiru en 200 kr., og kærði vill nota hana ekki að eins til að borga með hina umstefndu skuld, heldur þykist hafa tilkall til meira hjá kæranda.

2. gr. Láti skuldheimtumaður hjá líða, að krefjast úrskurðar, þegar svo á stendur, sem segir í 1. gr. b og hann síðan heldur málinu áfram, getur hann ekki fengið sjer dæmdan málskostnað, þótt hann vinni málið.

2. gr. Þegar málsaðilar eru ásáttir um, að leggja skuldamál í gjörð sáttanefnda, enda sje skuldin eigi stærri en 200 kr., skal sáttanefndin, ef sætt kemst eigi á, kveða upp úrskurð í málinu, svo framarlega sem það er auðið af skjölum þeim, er þeir leggja fram, eða því, er þeir láta bóka um skuldina í sáttabókina. Þó geta málsaðilar eigi krafizt, að gerðir sjeu upp langir eða flóknir reikningar á milli þeirra á þennan hátt, nema sáttanefndarmennirnir sjeu fúsir til þess. Þvílíkan úrskurð ber að skoða sem fullnaðardóm, svo framarlega sem sáttanefndarmennirnir hafa eigi farið út fyrir umboð sitt.

4. gr. Nú mætir kærandi eigi á sáttafundi og sáttanefndin hefur eigi ástæðu til að ætla, að hann hafi lögleg forföll er hindri hann að mæta eða láta mæta fyrir sig, en kærði mætir og krefst þóknunar fyrir ómak sitt við að mæta, og skal sáttanefndin með úrskurði ákveða honum hæfilega þóknun, hvort sem málið snertir skuld eða annað.

5. gr. Urskurði þá, sem nefndir eru í 1. og 4. gr., ber sáttanefnd að upp kveða þegar á staðnum, ef henni er það mögulegt, ella í síðasta lagi innan viku. Gjörðum eptir 3. gr. ber sáttanefnd að lúka upp innan hálfsmánaðar, nema málsaðilar sjeu á eitt sáttir um að það megi dragast lengur.

Ef sáttanefnd upp kveður úrskurð í viðurvist málsaðilanna, skal það tekið fram í úrskurðinum. Sje það ætlun sáttanefndar, að skilyrðin vanti fyrir uppkvaðningu úrskurðar, ber að vísa málinu til aðgjörðar dómstólanna, nema málsaðilar hafi komið sjer saman um annað.

Við hverja sáttanefnd skal skipa varasáttanefndarmann; skal hann eiga sæti í nefndinni, ef annar hver sáttanefndamanna er viðriðinn málið, eður hefur forföll, svo

og þegar sáttanefndarmennina greinir á, er kveða skal upp úrskurð, og ræður þá afl atkvæða.

6. gr. Nú er svo ákveðið í úrskurði sáttanefndar, að kærði skuli borga hina umstefndu skuld eða eitthvað af henni, og skal í úrskurðinum til taka aðalupphæðina, sem borga ber, með vöxtum, ef þá ber einnig að borga, svo og þóknun til skuldheimtumanns fyrir ómök sín og kostnað við kæru málsins fyrir sáttanefndinni og fyrir að mæta þar. Skal í því efni meðal annars hafa hliðsjón af því, hvort skuldheimtumaður hefur samtímis mætt í fleirum en einu máli fyrir sáttanefndinni. Þegar sáttanefnd ákveður þóknun til kærða samkvæmt 4. gr., ber henni sömuleiðis að miða þóknunina við það, hvort kærði mætir þá í fleiri málum en þessu eina fyrir sáttanefndinni.

7. gr. Úrskurðir sáttanefnda og vísun mála til aðgjörða dómstólanna eptir 5. gr., innfærist í sáttabókina.

8. gr. Úrskurðir sáttanefnda hafa sama gildi sem sættir, sje þeim eigi áfrýjað (sbr. 11. gr.). Fullnægingarfrestur úrskurðanna er einn mánuður, nema málsaðilar hafi komið sjer saman um annað. Frest þennan ber að reikna frá uppsögn úrskurðarins, hafi hún fram farið í viðurvist málsaðila; ella frá birtingu úrskurðarins.

9. gr. Fyrir uppsögn og bókun úrskurðar borgist 1 kr.; þó ber enga borgun að greiða fyrir úrskurð eptir 4. gr., og fyrir úrskurð eptir 3. gr. borgist 4 kr. Gjald þetta skiptist jafnt milli sáttanefndarmannanna. Fyrir útskript úr sáttabókinni borgist 25 a. fyrir hverja hálförk eða minna.

10. gr. Þegar útskript er fengin af úrskurði, til þess að áfrýja honum, skal taka í útskriptina röksemdaleiðslu og ástæður sáttanefndarinnar, hafi þær nokkrar verið tilfærðar, svo og það, sem bókað hefur verið í sáttabókina og um er talað í 1. gr. b.

11. gr. Urskurðum sáttanefnda og aðför, sem gjörð er eptir þeim, má áfrýja til undirrjettar þess, sem mál það, er úrskurðurinn hljóðar um, heyrir undir, og þarf þá að sjálfsögðu ekki að kæra málið að nýju til sáttanefndar á undan áfrýjuninni. Nýjar sannanir má jafnan koma fram með fyrir rjettinum, en ný mótmæli því að eins, að þau komi ekki í bága við nokkrar skýlausar viðurkenningar, sem fram hafa komið fyrir sáttanefndinni og bókaðar hafa verið í sáttabókina, eptir árangurslausa sáttatilraun. Nú áfrýjar skuldunautur úrskurði, og skal hann þá hafa gjört það innan eins mánaðar frá uppsögn úrskurðarins, hafi hann verið upp kveðinn í viðurvist málsaðilanna, ella frá birtingu hans. Sje aðfarargjörð eptir úrskurði sáttanefndar áfrýjað, verður það að gjörast innan eins mánaðar eptir að hún fór fram. Þegar úrskurðinum er áfrýjað, getur úrskurðar-hafi fengið löggeymslu fyrir upphæð þeirri, sem honum er dæmd með úrskurðinum. Nú vill skuldunautur áfrýja löggeymslugjörðinni, og gildir um þá áfrýjun hið sama, sem áður er sagt um áfrýjun aðfarargjörðarinnar.

Sje það úrskurðar-hafi, sem áfrýjar, verður hann að gjöra það innan árs frá uppsögn úrskurðarins, sje úrskurði áfrýjað, eða frá því, er aðfarar- eða löggeymslugjörð hafa fram farið, sje þeim áfrýjað. Eigi skal stefna sáttanefndarmönnum, er úrskurðum þeirra er áfrýjað.

12. gr. Láti skuldheimtumaður hjá líða að krefjast úrskurðar, þegar svo á stendur, sem segir í 1. gr. b, skal um leið og málinu er vísað til aðgjörða dómstólanna, þess getið, með hverjum kostum skuldunautur vildi sættast.

13. gr. Þegar stefnt er fyrir rjett málum þeim, er nú skal greina:

a., úrskurðum, sem uppkveðnir hafa verið eptir 1., 3. og 4. gr. og aðfarar- og löggeymslugjörðum eptir úrskurðum þessum;

b., öðrum skuldamálum, þar sem skuldarupphæðin nemur eigi meiru en 200 kr.,

eða þar sem stefnandinn jafnframt annarskonar kröfu krefst í stað hennar eða til vara, að sjer verði dæmd peninga-upphæð, er svarar til aðalkröfunnar og fer eigi fram úr 200 kr.

Þá er dómarinn skyldur til eptir kröfu hlutaðeiganda að gefa út stefnu til þeirra manna, sem stefna skal fyrir rjettinn, eptir sömu reglum, sem gilda um aðrar undirrjettarstefnur.

14. gr. Í málum þeim, sem getið er í næstu grein á undan, ber þess að gæta, sem nú skal greina:

a. Ef annarhvor málsaðila mætir án málfærslumanns, ber dómaranum, auk leiðbeininga þeirra, sem um er talað í tilsk. 3. júní 1796, 13. og 15. gr. og tilsk. 15. ágúst 1832, 10. og 13. gr., að gefa honum leiðbeiningar um, hverjar upplýsingar hann þurfi að koma fram með og hvernig hann eigi að útvega þær.

b. Málfærslan skal vera svo stutt og einföld sem auðið er og að öllum jafnaði munnleg; skal að eins bóka kröfur málsaðila, mótmæli þeirra og viðurkenningar; þó er hvorugum málsaðila fyrirmunað að leggja fram í rjettinum skrifleg sóknar- eða varnarskjöl. Frest má eigi veita málsaðilum, nema til þess að útvega þær upplýsingar, sem eigi var hægt með sanngirni að ætlast til að þeir hefðu þegar útvegað sjer, eða til að svara sóknar- eða varnarskjali, sem þeir treysta sjer ekki til að svara þegar fyrir rjettinum, og má eigi verja til málsins meiru en tveim rjettarhöldum, nema knýjandi nauðsyn sje til þess. Dóm ber að uppkveða þegar á staðnum eða í síðasta lagi innan viku eptir að málið hefur verið tekið undir dóm.

c. Stefndi getur komið fram með gagnkröfur sem eigi fara fram úr 200 kr., og þarf eigi til þess kæru til sáttanefndar eða gagnstefnu. Heldur ekki þarf stefndi gagnstefnu til vitnaleiðslu.

15. gr. Löggeymslugjörð, aðför og nauðungar-uppboð í skuldamálum, þar sem skuldar-upphæðin fer eigi fram úr 200 kr., framkvæmir utan kaupstaða hlutaðeigandi hreppstjóri eptir reglum þeim, sem um það gilda. Borgun fyrir það fá þeir samkvæmt því, sem ákveðið er fyrir þessar rjettargjörðir í aukatekjureglugjörðinni.

Nd. **49. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877. Flutningsmenn: Skúli Thoroddsen og Jón Jónsson 2. þm. N.-Múlas.

1. gr. Heimilt skal amtsráðum að fjölga kjörstöðum í sýslu hverri, eptir óskum og tillögum sýslunefnda; þó skulu kjörstaðir aldrei vera fleiri en þrír í sömu sýslu.

2. gr. Fyrir hvert kjördæmi skal setja kjörstjórn; skal í Reykjavík oddviti bæjarstjórnarinnar vera oddviti kjörstjórnarinnar, og skulu að auki vera í henni tveir menn, sem bæjarstjórnin kveður til, einn úr sínum flokki, og einn úr flokki kjósenda í kaupstaðnum, en í hinum kjördæmunum er sýslumaður oddviti kjörstjórnarinnar, og er í henni að auki einn af sýslunefndarmönnum, og einn úr flokki kjósenda í kjördæminu, er sýslunefndin kýs. Þessi kjörstjórn skal mæta á kjörstöðum sýslunnar.

3. gr. Á síðari kjörstaðnum, ef tveir eru, og á hinum síðasta, ef þrír eru, skal kjörstjórnin telja saman öll þau atkvæði, er greidd hafa verið á kjörstöðum sýslunnar; er sá rjettkjörinn þingmaður, er fengið hefur meira en helming allra atkvæða. Nú hefur þingmannsefni eigi fengið yfir helming atkvæða við fyrstu

atkvæðagreiðslu, og skulu þá þegar á síðasta kjörstaðnum, og innan þriggja vikna á hinum kjörstaðnum, eða kjörstöðunum, fara fram bundnar kosningar þannig, að kjósendur skulu kjósa um allt að helmingi fleiri þingmannsefni, en þingmenn eru fyrir kjördæmið, enda skulu þingmannsefni þessi hafa fengið flest atkvæði við hina fyrri kosningu, ef fleiri hafa verið í kjöri.

4. gr. Með lögum þessum eru felldar úr gildi 19., 29. og 34. gr. í lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877.

Nd. **50. Frumvarp**

til laga um þinglýsing afsalsbrjefa og annara heimildarskjala fyrir fasteignum, svo og um afnám gjalds af fasteignasölu. Flutningsmenn: Ólafur Briem, Jón Jakobsson.

1. gr. Afsalsbrjefum og öðrum heimildarskjölum fyrir fasteignum, er samin hafa verið en eigi þinglesin, áður en lög þessi öðlast gildi, skal þinglýsa innan 2 ára eptir staðfesting laganna. Öllum slíkum heimildarskjölum, er síðar verða samin, skal þinglýsa, áður en 2 ár eru liðin frá dagsetningu þeirra.

2. gr. Ef kaupandi fasteignar eða nýr eigandi lætur farast fyrir, að þinglýsa afsalsbrjefi sínu eða öðru heimildarskjali innan þess tíma, sem tiltekinn er í 1. gr., skal hann gjalda í landssjóð 1% af ákvæðisverði fasteignarinnar eða matsverði hennar, ef verð er eigi ákveðið í heimildarskjalinu.

3. gr. Sýslumaður skal á manntalsþingi ár hvert grennslast eptir, hvort ákvörðun þeirri, sem sett er í 1. gr. hafi verið fullnægt. Svo skal hann og heimta gjald það, sem um er rætt í 2. gr.

4. gr. Gjald af fasteignasölu, sem ákveðið er í 1. gr. tilskipunar 8. febrúar 1810, skal úr lögum numið.

Nd. **51. Frumvarp**

til laga um bann gegn því, að utanríkismenn megi eiga jarðeignir á Íslandi. Flutningsmenn: Jón Jakobsson, Ólafur Briem.

1. gr. Enginn sá, er á heimili utanríkis, hvorki einstakur maður nje fjelag, má eiga jarðeign hjer á landi, nema það sje leyft með sjerstökum lögum. Jarðeignir þær, sem utanríkismenn nú eiga, eru undanþegnar þessu ákvæði, þangað til þær næst komast í eign manna, sem búsettir eru innan ríkis.

2. gr. Nú flytst maður, sem á jarðeign hjer á landi, til annara ríkja, eða utanríkismaður eignast hjer jarðeign að gjöf eða erfðum og skulu þeir þá innan þriggja ára hafa selt jarðeign sína, en gjöri þeir það ekki, skal selja jarðeignina við opinbert uppboð, og greiðist andvirði hennar, að frádregnum kostnaði, til fyrverandi eiganda.

3. gr. Enginn má selja utanríkismönnum jarðeign hjer á landi nje leigja þeim jarðir eða nein jarðarafnot lengur en 50 ár.

4. gr. Brot móti lögum þessum varða sektum til landssjóðs, frá 1000 kr. til 10000 kr. og skal með þau fara sem opinber lögreglumál.

Ed.

52. Nefndarálit.

Hin háttvirta efri deild alþingis hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd til að athuga frumvarp til laga um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum.

Það er samhuga álit vort, að ákvæði frumvarpsins sje mjög þörf og nauðsynleg, og ætlum vjer, að ástæðurnar fyrir því sje nægilega teknar fram í athugasemdunum við frumvarpið. Það er því tillaga vor að ráða hinni háttvirtu deild til að fallast á frumvarpið með smábreytingum þeim, sem koma hjer á eptir.

1. Í stað »afmáun« í 1. og 4. gr. komi: afmáning.
2. Í stað »er hefur hina veðsettu eign« í 3. gr. komi: er á hina veðsettu eign.
3. Í stað »eða hann hafi gjört« í sömu grein komi: eða veðhafi hafi gjört«.

Alþingi 8. júlí 1893.

L. E. Sveinbjörnsson form. og framsögumaður. Jón A. Hjaltalín skrifari. Hallgr. Sveinsson.

Ed.

53. Frumvarp

til laga um breyting á lögum 27. febrúar 1880 um stjórn safnaðarmála og um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda (eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild).

1. gr. Safnaðarfundir þeir og hjeraðsfundir, sem skipaðir eru í lögum 27. febrúar 1880 um stjórn safnaðarmála og um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda, skulu eptirleiðis haldnir, hinir fyrnefndu í maímánuði og hinir síðarnefndu í júnímánuði ár hvert.

2. gr. I kirkjusóknum, sem hafa yfir 1000 íbúa, skulu 5 menn vera í sóknarnefndum þeim, sem skipaðar eru í fyrgreindum lögum 27. febrúar 1880, 3. gr.

3. gr. Þá er hjeraðsfundur lögmætur, er meira en helmingur presta og safnaðarfulltrúa samtals í því hjeraði eru á fundi.

Það mál er samþykkt á hjeraðsfundi, sem hlotið hefur meira en helming þeirra atkvæða, sem greidd eru.

Nd.

54. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um sjerstök eptirlaun handa Páli sögukennara Melsteð. Frá Jens Pálssyni. Jóni Jónssyni 2. þm. N.Múl. Jóni Jónssyni 2. þm. Eyf. Jóni Jakobssyni. Jóni Jónssyni þm. A-S. Þorláki Guðmundssyni. Sigurði Gunnarssyni. Birni Sigfússyni. B. Kristjánssyni. Sighvati Árnasyni. Sigfúsi Árnasyni. Birni Bjarnarsyni. Kl. Jónssyni. Skúla Thoroddsen.

Í stað orðanna: „sjerstök eptirlaun“ í fyrirsögn frumvarpsins komi: „heiðurslaun“ og í stað orðsins „eptirlaun“ í meginmálinu komi: „heiðurslaun“.

Nd.

55. Tillaga

til þingsályktunar um frímerki. Flutningsmenn: Bogi Th. Melsteð. Jón Jónsson 2. þm. Eyf. Jón Jónsson 2. þm. N.Múl. Jens Pálsson.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að láta búa til og innleiða ný íslenzk frímerki.

Ed. **56. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um iðnaðarnám. Frá Guðjóni Guðlaugssyni.

1. Aptan við 3. gr. bætist: og ekki skemur en 3 ár.
2. Í stað orðanna „kl. 5 á morgnana", komi: kl. 6 á morgnana, í síðari málsgrein 7. greinar.
3. Orðin í 8. gr.: „fram yfir kl. 9 fyrir hádegi" falli burt.
4. Orðin í 9. gr.: „ef slík kennsla er fáanleg á staðnum" falli burt.
5. Í stað: „1 mílu frá sveitarfjelagi því" komi: 10 mílur frá sveitarfjelagi því o. s. frv. í 16. gr. 2. lið.

Nd. **57. Tillaga**

til þingsályktunar. Frá Sighvati Árnasyni. Þórði Guðmundssyni. Birni Bjarnarsyni. Birni Sigfússyni. Þorláki Guðmundssyni. Jóni Jónssyni (þm. A.-Skaptf.). Sigurði Gunnarssyni. H. Kr. Friðrikssyni og Jóni Þorkelssyni.

Alþingi skorar á ráðgjafa Íslands, að hann sjái svo um að forstjóri hinnar íslenzku stjórnardeildar í Kaupmannahöfn sje jafnan Íslendingur, jafnframt því sem þingið verður að lýsa því yfir, að það telur það illa farið, að ráðgjafinn hefur ekki tekið tillit til óska þingsins, þegar þetta embætti var skipað síðast.

Nd. **58. Frumvarp**

til laga um að leggja jarðirnar Laugarnes, Klepp, Skildinganes og Bústaði í Seltjarnarnesshreppi undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur. Flutningsmaður H. Kr. Friðriksson.

1. gr. Jarðirnar Laugarnes, Kleppur, Skildingarnes og Bústaðir í Seltjarnarnesshreppi skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkurkaupstaðar frá fardögum 1894.

2. gr. Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sjer svo mikinn hluta af skuldum og ómagaframfærslu Seltjarnarnesshrepps, sem svarar lausafjártíundum og aukaútsvörum frá þessum jörðum eptir meðaltali áranna 1889—1894 að rjettri tiltölu við meðaltal lausafjártíunda og aukaútsvara hreppsins á sama tímabili.

Ed. **59. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um hafnsögugjald í Reykjavík.

Hin heiðraða efri deild alþingis hefur kosið oss undirskrifaða í nefnd, til að athuga frumvarp til laga um hafnsögugjald í Reykjavík, sem af stjórninni hefur verið lagt fyrir þessa deild.

Eptir að vjer höfum kynnt oss frumvarp þetta kostgæfilega, og hugleitt ákvæði þau, sem það hefur inni að halda, í sambandi við athugasemdir landsstjórnarinnar við það, fáum vjer eigi sjeð neitt því til fyrirstöðu, að hin heiðraða efri deild alþingis samþykki það með fáum orðabreytingum, með því að vjer verðum að líta svo á, að hafnsögumáli Reykjavíkur verði ekki á annan hátt betur fyrir komið.

Á frumvarpinu ráðum vjer til, að gjörðar verði þessar orðabreytingar:
Við 1. gr. Orðið „þar“ á eptir hafnsögugjald falli burtu.
Við 2. gr. a, Fyrir: „skjöl hlutaðeigandi skips“, komi: skjöl skipsins.
b. Fyrir: „hlutaðeigandi hafnsögumaður“, komi: hafnsögumaður.

Með þessum fáu orðabreytingum ráðum vjer hinni heiðruðu deild til að fallast á frumvarpið.

Alþingi, 10. júlí 1893.

Kristján Jónsson, formaður og framsögumaður. Hallgr. Sveinsson, skrifari. Þorleifur Jónsson.

Ed.

60. Frumvarp

til laga um breyting á 1. gr. í lögum 27. febrúar 1880 um skipun prestakalla. Flutningsmaður Guttormur Vigfússon.

1. gr. Vallanesprestakall skal vera Vallanessókn að undanteknum bæjunum Stóra-Sandfelli og Vaði og Hallormsstaðasókn að undanteknum bæjunum Mýrum og Geirólfsstöðum. Frá þessu brauði greiðast 600 krónur í landssjóð.

2. gr. Þingmúlaprestakall skal vera Þingmúlasókn með Stóra-Sandfelli og Vaði, Mýrum og Geirólfsstöðum.

3. gr. Mýrar og Geirólfsstaðir, kirkjujarðir hins fyrverandi Hallormsstaðaprestakalls leggjast til Þingmúla.

Ed.

61. Frumvarp

til laga um löggilding verzlunarstaðar á Búðum í Fáskrúðsfirði. Flutningsmaður Guttormur Vigfússon.

Á Búðum í Fáskrúðsfirði skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed.

62. Frumvarp

til laga um iðnaðarnám (eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild).

1. gr. Ef verzlunarmenn, handiðnamenn, eða aðrir atvinnurekendur taka unglinga yngri en 18 ára til að kenna þeim iðn sína, skulu þeir annast um, að gjörður sje skriflegur námssamningur, og að hlutaðeigandi lögreglustjóri riti vottorð sitt á hann, að hann sje saminn samkvæmt fyrirmælum laga þessara. — Sje brotið á móti þessu ákvæði, er samningurinn ógildur.

Lögreglustjórar skulu eptir ráðstöfun landshöfðingja hafa í höndum eyðublöð til námssamninga og afhenda þau ókeypis.

2. gr. Óheimilt skal þeim, er nú skal greina, að taka menn til kennslu:

1) Iðnaðarmönnum, sem með dómi eru sekir orðnir um verknað þann, er sviðvirðilegur er að almenningsáliti, nema þeir hafi fengið uppreisn á æru sinni;

2) þeim, sem þrisvar hafa orðið að hætta iðn sinni eða verzlun (sbr. 14. gr. 2. tölul.) og þannig valdið því að kennslusamningum hefur verið slitið;

3) þeim, sem þrisvar sinnum á 5 árum hafa rofið svo kennslusamninga, að þeim fyrir þá sök hafi verið slitið.

3. gr. Í samningnum skal ákveðið, hve langur kennslutíminn skuli vera. Má hann aldrei vera lengri en 5 ár, að meðtöldum reynslutímanum, sem getið er um í 5. gr.

4. gr. Það skal greinilega tekið fram í samningnum, hvort sá, sem annan tekur til kennslu, skuli láta honum í tje húsnæði, fæði, klæði, þjónustu og annan aðbúnað, meðan á námstímanum stendur, eða í stað þess endurgjalda honum fyrir verk hans í peningum, og ef svo er, hvernig fjeð skuli greiða.

5. gr. Þrjá fyrstu mánuðina af kennslutímanum ber að skoða sem reynslutíma fyrir báða, og hafa þá bæði lærimeistari og nemandi, sje hann þá orðinn 18 ára, en ella foreldrar eða fjárráðamaður, rjett til að heimta, að samningnum sje slitið, án þess að tilgreina nokkra ástæðu. En þegar svo er, á hvorugur heimtingu á skaðabótum hjá hinum, nema skýlaus ákvörðun sje gjörð um það í samningnum.

6. gr. Nemandi skal sýna lærimeistara sínum trúmennsku, hlýðni og auðsveipni; hann skal fylgja lærimeistaranum að vinnu hans, svo sem vinnukraptar hans og kunnátta leyfa.

7. gr. Sje handiðnanemandi yngri en 18 ára, má vinnutíminn ekki fara fram úr 12 stundum á dag, að meðtöldum 2 stundum til að hvílast og matast.

Eigi má að jafnaði fá handiðna- eða verzlunarnemendum neina vinnu frá kl. 9 á kveldin til kl. 6 á morgna. Þó má landshöfðingi veita undanþágu frá þessum fyrirmælum, svo framarlega sem það er nauðsynlegt til þess, að þeir öðlist næga kennslu í tilteknum námsgreinum.

8. gr. Á sunnudögum og helgidögum þjóðkirkjunnar má lærimeistari ekki fá nemanda neina vinnu, nema brýna nauðsyn beri til.

9. gr. Meðan á námstímanum stendur, skal lærimeistari vaka yfir hegðun og siðferði nemanda og eptir megni varna því, að aðrir hafi siðspillandi áhrif á hann. Lærimeistarinn skal sjá um, að nemandi fái kennslu í því nauðsynlegasta af uppdráttarlist, er að iðn hans lýtur, ef slík kennsla er fáanleg á staðnum. Lærimeistarinn skal enn fremur halda nemanda til að sækja iðnaðarmannaskóla, ef slíkur skóli er á staðnum, og greiða kostnað, er af skólanáminu leiðir, nema öðruvísi sje ákveðið í samningnum. Lærimeistari má ekki setja nemanda til þeirrar vinnu, sem er skaðleg fyrir heilsu hans, eða honum er um megn, og heldur ekki má fá honum aðra vinnu en þá, sem lýtur að námi hans, nema nauðsyn beri til, eða það sje berlega áskilið í námssamingnum.

Kennslustúlkur eru ekki undir húsaga gefnar, kennslupiltar eru það þangað til þeir eru fullra 16 ára.

10. gr. Námstímanum skal þannig varið, að nemandi læri, svo fljótt sem unnt er, þá námsgrein, er hann hefur verið settur til. Þá er kennslutíminn er á enda, skal nemandi hjálparlaust leysa af hendi prófsmíð eða inna af hendi eitthvert það verk, sem sýni, að hann sje orðinn fullnuma í þeirri iðn, sem hann hefur stundað nám í, og skulu dæma um það þrír menn, er lögreglustjóri kveður til þess, og skulu tveir af þeim, ef unnt er, vera samiðnarmenn. Nánari ákvæði um prófið og umsjón með því setur landshöfðingi með reglugjörð.

Standist nemandinn prófið, á hann heimtingu á námsbrjefi, er undirskrifað sje af lærimeistara hans og prófdómendum. Nú hefur lærimeistari ekki látið sjer fyllilega annt um kennslu hans, og sje það orsök til þess, að hann getur ekki að afloknu námi fengið námsbrjef, er votti, að hann sje fær orðinn í sinni grein, og er lærimeistari þá skyldur til að greiða nemanda skaðabætur eptir áliti gjörðarmanna (sbr. 18. gr.).

11. gr. Nú sýkist nemandi, er býr hjá lærimeistara sínum, og er lærimeistari þá skyldur að sjá honum fyrir aðhjúkrun og lækningu á sinn kostnað, þangað til námstímanum er lokið eptir samningnum, eða samningnum er slitið af öðrum löglegum ástæðum,

þó eigi lengur en 6 mánuði. Sje sjúklingurinn talinn ólæknandi, eða nemandi hefur beðið tjón á heilsu sinni er talsvert kveður að, og ætla má að verði langvinnt, skal lærimeistaranum þar að auki vera heimilt að segja lausum námssamningnum 3 mánuðum eptir að nemandinn varð fyrir því, og er hann upp frá því undanþeginn þeirri skyldu að annast hjúkrun og lækningu hins sjúka.

Nú hefur svo verið um samið, að náminu skuli hætta ef nemandi sýkist, eða svo verður um samið síðar, er nemandi verður sjúkur, að náminu skuli lokið, og losast lærimeistari ekki fyrir það frá hinum áðurgreindu skyldum sínum gagnvart fátækrasjóði, er leggja verður með piltinum.

Að öðru leyti skulu ákvæðin í 21., 22. og 25. gr. í tilskipun um vinnuhjú 26. jan. 1866 ná til nemenda, er eiga heima hjá lærimeistaranum, og skulu þar að auki ákvæðin í 22. gr. í greindri tilskipun og ofangreind fyrirmæli um rjett lærimeistarans til þess að segja samningnum slitið, ef nemandi verður sjúkur, eiga við eins fyrir það, þótt eigi sje hann til heimilis hjá lærimeistaranum.

12. gr. Fyr en námssamingi er löglega slitið má enginn taka nemanda annars manns til kennslu eða nota aðstoð hans í sömu iðn.

13. gr. Nú hefur nemandi ástæðulaust yfirgefið nám sitt, og má þá með aðstoð lögreglustjóra flytja hann aptur til meistara síns, ef hann beiðist þess af lögreglustjóra, áður en 2 vikur eru liðnar.

Nú höfðar hann mál eða foreldrar hans eða forráðamaður, sje hann eigi sjálfum rjer ráðandi, til þess að fá samningi slitið, eður og leggur málið í gjörð, og verður nemandi þá eigi fluttur til lærimeistarans að sinni, sje málið höfðað eða í gjörð lagt innan stutts frests, er lögreglustjóri til tekur.

14. gr. Námssamningur verður ógildur:

1) þá er lærimeistarinn deyr;

2) þá er lærimeistarinn hættir við verkiðn sína eða verzlun eða hún hættir um sinn vegna gjaldþrots eða annara orsaka vegna;

3) þá er lærimeistarinn er með dómi orðinn sekur um það afbrot, er svívirðilegt er að almenningsáliti;

4) þá er nemandinn hefur ólöglega hlaupið frá iðn sinni, og lærimeistarinn ekki innan 14 daga gjörir ráðstafanir til þess að heimta hann aptur eða leita skaðabóta.

15. gr. Lærimeistarinn getur slitið samningnum:

1) fyrir sjúkleika sakir samkvæmt því er segir í 11. gr.;

2) ef nemandi gjörir sig sekan í verulegu broti á skyldum þeim, er á honum hvíla eptir námssamningnum;

3) ef hann með dómi verður sekur um brot, sem að almenningsáliti er svívirðilegt.

16. gr. Nemandi, foreldrar eða forráðamaður fyrir hans hönd geta slitið samningi:

1) ef lærimeistarinn misþyrmir nemanda, eða gjörir sig sekan í öðru verulegu broti á skyldum þeim, er á honum hvíla gagnvart honum;

2) ef lærimeistari skiptir um bústað, og flytur lengra burt en 1 mílu frá sveitarfjelagi því, er hann bjó í, eða hafði atvinnu sína í, þá er samningurinn var gjörður, enda sje nemandi til heimilis hjá honum, en sje það ekki, þá þegar bústaðaskiptin hafa það í för með sjer, að nemandi verður að fara daglega óhæfilega langan veg til vinnu sinnar;

3) ef lærimeistarinn er burtu frá atvinnu sinni meira en 2 mánuði, nema því að eins, að iðn hans fari fram undir stjórn manns, er fullnuma er í henni;

4) ef nemandi sakir sjúkdóms eða annara orsaka vegna verður óhæfur til þess að geta numið iðn þá, er um var samið, og hann þá var hæfur til, eða ef það eptir lækuis áliti er hættulegt fyrir líf hans eða heilsu að halda áfram að nema þessa iðn.

5) ef námsstúlka giptist;

6) ef námsstúlka er til heimilis hjá kvonguðum lærimeistara, og kona hans deyr eða hættir samvistum hið hann.

17. gr. Auk þess er segir í 15. og 16. gr. er bæði lærimeistara og nemenda eða fyrir hans hönd foreldrum eða forráðamanni heimilt að slíta námssamningi, þegar greiddar hafa verið skaðabætur þær, er fyrir það verða ákveðnar.

18. gr. Nú verður ágreiningur milli lærimeistara og nemenda um þau atriði, er ræðir um í 10. gr. laga þessara, eða 15. gr. nr. 2, 16. gr. nr. 1, 2, og 4, eða 17. gr., og skulu þau mál koma í gjörð, nema málsaðilar komi sjer saman um annað. Í gjörðardómi skulu sitja lögreglustjóri, og er hann oddviti, og tveir menn aðrir, er tilkvaddir sjeu sinn af hvorum málsaðila. Nú vill einhver beiðast gjörðar, og skal hann þá snúa sjer skriflega eða munnlega til oddvita og ákveður hann þvínæst gjörðarfund og kveður málsaðila með 8 daga fyrirvara í mesta lagi til þess að láta gjörðarmenn sína koma á þann fund. Skal á honum leggja fullnaðarúrskurð á málið og ræður afl atkvæðum; eru málsaðilar algjörlega bundnir við þann úrskurð. Heimilt er oddvita að fresta fundinum, þó eigi optar en einu sinni og ekki lengur en í 8 daga, enda hafi annar hvor gjörðarmanna tjáð honum lögleg forföll eða honum þykir nauðsyn til bera til þess að rjettur úrskurður verði á lagður. Nú kemur annar gjörðarmanna ekki og hefur ekki tjáð lögleg forföll, og getur þá oddviti og hinn gjörðarmaðurinn lagt fullnaðarúrskurð á málið. Með gjörðardómi má slíta samningi og dæma þeim, er tjón bíður, skaðabætur.

19. gr. Lærimeistari sá, er brýtur gegn reglunum í 1., 2. eða 12. gr., skal sæta sektum frá 5—200 kr., er renna í fátækrasjóð á þeim stað, er brotið er framið.

Sömu refsingu — nema þyngri refsingarákvæði eigi við — skal sá lærimeistari sæta, sem freklega brýtur gegn skyldum þeim, er á honum hvíla eptir 7.—10. gr., eða sem ástæðulaust vísar nemanda úr námsvist, og sá nemandi, sem freklega brýtur gegn þeim skyldum, er á honum hvíla eptir 6. gr. — nema lærimeistari út af því hafi beitt húsaga — eða ástæðulaust hverfur frá náminu. Ef nemandi er eigi sjálfum sjer ráðandi, og foreldrum hans eða forráðamanni er sök á því gefandi, að hann ástæðulaust hefur horfið frá náminu eða hverfur ekki aptur til þess, þá kemur refsingin niður á þeim.

20. gr. Mál út af brotum gegn ákvæðum í 1., 2. og 12. gr., skulu höfðuð af hinu opinbera og eru almenn lögreglumál. Mál milli lærimeistara og nemanda, er snerta námið, eru einkalögreglumál. Með samþykki málsaðila getur dómarinn metið og tiltekið skaðabætur þær, sem í málinu eiga að dæmast þeim, er tjón hefur beðið.

21. gr. Ákvæðin í lögum þessum eiga einnig við námssamninga, sem gjörðir eru við nemendur, sem eldri eru en 18 vetra, nema 1. gr. — sbr. 3. gr., 1, málslið, 4. gr. og ákvæðin, er þar að lúta í 20. gr. — og 18. gr.

Nd. **63. Frumvarp**

til laga um að Austurskaptafellssýsla skuli, að því er sveitastjórn snertir, skilin frá Suðuramtinu og lögð til Austuramtsins. (Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild).

1. gr. Austurskaptafellssýsla skal, að því er sveitastjórn snertir, skilin frá Suðuramtinu og lögð til Austuramtsins. Skal því fulltrúi sá, er kosinn er fyrir

sýslufjelag þetta samkvæmt fyrirmælum laga nr. 30, 11. júlí 1890 taka sæti í amtsráði Austuramtsins.

2. gr. Landshöfðingi gjörir ráðstafanir til þess með ráði amtmannsins sunnan og vestan, að Austuramtinu skiptist sá hluti, er Austurskaptafellssýsla á í sjóðum, eignum og skyldum Suðuramtsins.

Ed. **64. Frumvarp**

til laga um heiðurslaun handa Páli sögukennara Melsteð, eins og það var samþykkt við 3. umr. í n. d.).

Páli sögukennara Melsteð veitast 1800 kr. árlega úr landssjóði í heiðurslaun frá 1. degi októbermánaðar 1893.

Nd. **65. Frumvarp**

til laga um vegi. Flutningsmenn Jens Pálsson og Bogi Th. Melsted.

I. kafli.

Um skipting á vegum.

1. gr. Vegir á Íslandi eru: aðalflutningabrautir, aðalpóstvegir, fjallvegir, sýsluvegir og hreppavegir.

2. gr. Aðalflutningabrautir eru þeir vegir, sem aðalvörumagn helztu hjeraða er flutt um. Aðalpóstvegir eru þeir vegir, sem aðalpóstleiðir liggja um. Fjallvegir eru þeir vegir yfir fjöll og heiðar, sem taldir eru í 6. gr. Sýsluvegir eru þeir vegir, sem liggja sýslna á milli og um hverja sýslu, þar sem mest er þjóðbraut, svo sem í kauptún og almenn fiskiver, enda sjeu það eigi aðalflutningabrautir, aðalpóstvegir nje fjallvegir. Hreppavegir eru vegir hreppa á milli og um hreppa, sem hvorki eru aðalflutningabrautir, aðalpóstvegir, fjallvegir nje sýsluvegir.

3. gr. Aðalflutningabrautir skulu fyrst um sinn vera í þessum hjeruðum:

1. Frá Reykjavík austur í Rangárvallasýslu.
2. — —— — að Geysi.
3. — Eyrarbakka upp Árnessýslu.
4. Upp Borgarfjörð.
5. Frá Blönduósi vestur Húnavatnssýslu.
6. — Sauðárkrók fram Skagafjörð.
7. — Akureyri fram Eyjafjörð.
8. — Húsavík fram Reykjadal.
9. — Búðareyri við Reyðarfjörð um Fagradal til Lagarfljóts.

4. gr. Landshöfðingi ákveður eptir tillögum amtsráða og vegfræðings hvar leggja skuli aðalflutningabrautirnar um hjeruðin.

5. gr. Aðalpóstvegir eru: 1. frá Reykjavík til Ísafjarðar, 2. frá Reykjavík til Akureyrar, 3. frá Akureyri til Seyðisfjarðar, 4. frá Reykjavík til Prestbakka, 5. frá Prestbakka til Eskifjarðar.

Landshöfðingi ákveður, eptir tillögum sýslunefnda, amtráðs og vegfræðings, hvar aðalpóstvegir skuli liggja.

6. gr. Fjallvegir eru: Steingrímsfjarðarheiði, Laxárdalsheiði í Dölum, Grímstungu- og Arnarvatnsheiði, Kaldidalur, Fjallabaksvegur, milli Búlandssels í Skaptártungu

og Galtalækjar á Landi, Mývatns- og Möðrudalsöræfi og Jökuldalsheiði, milli Reykjahlíðar og Skjöldólfsstaða.

II. kafli.

Um aðal-flutningabrautir, aðal-póstvegi og fjallvegi.

7. gr. Aðalflutningabrautir, aðalpóstvegir og fjallvegir eru undir umsjón amtsráðanna og yfirumsjón landshöfðingja, og greiðist kostnaður til þeirra yfir höfuð úr landsjóði. Ef aðalpóstvegur liggur um sýslu endilanga, skal allt að helmingi sýsluvegagjalds í þeirri sýslu ganga til póstvegarins.

Það fje, sem gengur til þessara þriggja vegaflokka, skal veita í fjárlögum hvers fjárhagstímabils, og skal hverjum flokki fyrir sig ákveðin viss upphæð.

Svo skal vegi gjöra á aðalflutningabrautum, að vel sjeu akfærir hlöðnum vögnum á sumrum; vegagjörðinni skal landshöfðingi ráðstafa eptir tillögu vegfróðs manns eða verkfræðings landsins, ef slíkur verður skipaður.

Á aðalpóstvegum og fjallvegum skal bæta torfærur með vega-ruðning og brúargjörð, svo að þeir verði hvervetna greiðir yfirreiðar. Skal það vera aðalregla, að fyrst sjeu bættar þær torfærur, sem mestan farartálma gjöra. Að öðru jöfnu skal fyr bæta farartálma á fjölförnustu vegum.

Landshöfðingi ráðstafar vegagjörð á aðalpóstvegum og fjallvegum eptir tillögum amtsráðanna.

Ávallt skal vegagjörð tekin út af dómkvöddum mönnum, og skal álit þeirra um það, hvernig verkið er unnið og hvort allarr hagsýni hafi verið gætt, sent landshöfðingja.

III. kafli.

Um sýsluvegi.

8. gr. Sýslunefndir semja tillögur um, hverjir skuli vera sýsluvegir í sýslu hverri, en amtsráð leggur á það samþykki sitt.

9. gr. Kostnaður við sýsluvegi greiðist úr sýsluvegasjóði.

Í sýsluvegasjóð skal hver verkfær maður 20—60 ára, í hverri stöðu sem hann er, greiða 2 kr. ár hvert; gjaldið skal greitt á manntalsþingum, og greiða húsbændur fyrir hjú sín.

Hreppstjórar skulu á hverju ári fyrir lok marzmánaðar senda sýslumanni nafnaskrár yfir alla verkfæra menn sem heimili hafa í hreppnum; eptir skrám þessum innheimta sýslumenn gjaldið á næstu manntalsþingum.

10. gr. Fela má sýslunefnd hlutaðeigandi sýslunefndarmanni eða hreppsnefnd umsjón með sýsluvegagjörð, hverjum í sínum hrepp, og ber þeim sem umsjón er falin, að ráða þann verkstjóra, sem hæfur er til þess starfa.

11. gr. Sýsluvegir þeir, sem liggja út frá aðalflutningabrautum eða eru framhald af þeim, skulu, þar sem því verður við komið, gjörast akfærir, vera að minnsta kosti 5 álna breiðir og hafa eigi meiri halla en 1 móti 10. Um vegabætur á sýsluvegum að öðru leyti skipar sýslunefnd fyrir, og gilda um þær sömu reglur, sem um umbætur á aðalpóstvegum og fjallvegum.

12. gr. Oddviti sýslunefndar skal ár hvert senda amtsráði aðalskýrslu og aðalreikning yfir sýsluvegagjörðir.

13. gr. Heimilt er sýslunefnd með samþykki amtsráðs að verja sýsluvegagjaldi til að styrkja gufubátsferðir í sýslunni.

IV. kafli.
Um hreppavegi.

14. gr. Hreppsnefnd ákveður, hvar hreppavegi skuli leggja í hreppi hverjum, og hvernig þeir skuli vera að breidd og ásigkomulagi, og leggur ákvæði sitt undir samþykki hlutaðeigandi sýslunefndar.

Skyldur er hver húsráðandi að láta vinna að hreppavegum ½ dagsverk fyrir hvern verkfæran mann, 20—60 ára, er hann hefur haft á heimili sínu til næsta hjúaskildaga á undan, og leggja til, auk fæðis, nauðsynleg áhöld til vinnunnar. Heimilt er þó húsráðanda að leysa sig undan skylduvinnu þessari, og greiði hann þá innan loka hvers fardagaárs svo mikið í peningum í sveitarsjóð, sem nemi hálfu dagsverki eptir verðlagsskrá fyrir hvern verkfæran mann.

15. gr. Nú er lítið að vinna að hreppavegum í hreppi; má sýslunefnd þá ákveða, að allt að helmingi hreppavegagjalds greiðist í peningum í sýslusjóð til sýsluvega. Sje aptur á móti hreppavegavinna mikil í einhverjum hreppi, af því að þar eru engar aðalflutningabrautir, aðalpóstvegir nje sýsluvegir, en vegir um hreppinn langir og torfærir, má sýslunefndin ákveða, að helmingur á móts við hreppavegagjald hreppsins greiðist úr vegabótasjóði sýslunnar.

16. gr. Hreppsnefndin hefur umsjón um vinnu og aðgjörð á hreppavegum, og skal hún skipa umsjónarmann, einn eða fleiri, til að sjá um vinnuna, og er henni heimilt að greiða þeim dagpeninga allt að 3 krónum fyrir hvern dag, sem þeir eru við vinnuna.

17. gr. Skyldur skal hver verkmaður, sem eigi hefur leyst sig undan skylduvinnu samkv. 22. gr., að koma á þeim tíma, sem umsjónarmaður eður verkstjóri tiltekur, og að fara eptir fyrirmælum hans, en gjaldi ella hið ákveðna kaup og að auk, nema forföll hafi bannað, 1—5 kr. sekt, er renni í vegasjóð, sem stofna skal fyrir hvern hrepp, og hreppsnefndin geymir og hefur ábyrgð á.

18. gr. Skyldir skulu hreppsbúar að láta boðskap umsjónarmanns um vegavinnu berast bæja á milli tafarlaust.

19. gr. Hver hreppsnefnd skal gefa sýslunefnd skýrslu um vinnu að hreppavegum á hverju ári fyrir árslok.

V.
Almenn ákvæði.

20. gr. Brýr skal gjöra á ár og læki, þar sem þörf er á, þegar efni og kringumstæður leyfa.

21. gr. Hver landeigandi er skyldur að leyfa, að vegur sje gjörður um land hans, og efni tekið þar sem næst er, án endurgjalds, ef eigi er skemmt tún, engi, yrkt land eða umgirt land. Þyki nauðsyn að leggja veg um tún, engi, yrkt land eða umgirt land, skulu fullar bætur fyrir koma, — úr landssjóði, sje vegurinn aðalflutningabraut eða aðalpóstvegur; úr sýslusjóði, sje vegurinn sýsluvegur og úr hreppsjóði, sje hann hreppsvegur, — eptir mati dómkvaddra manna. Svo skulu og bætur fyrir koma úr landsjóði, sýslusjóði eða hreppssjóði, ef vegarefni er tekið landeiganda til skaða.

22. gr. Borgun fyrir vegagjörð skal þá greiða að fullu, er verkinu er lokið, og matsgjörð eða úttekt hefur fram farið.

23. gr. Hvervetna þar sem mikil umferð er á vetrum, skal byggja nægilegar vörður og viðhalda þeim, og svo sæluhús við fjallvegi. — Á aðalpóstleiðum greiðist kostnaðurinn úr landsjóði, á sýsluvegum úr sýslusjóði, og á hreppavegum úr hreppssjóði.

24. gr. Hver sem af ásettu ráði skemmir veg, brýr, vörður, ferjur eða sæluhús, skal sæta hegningu samkvæmt 296. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869.

25. gr. Brot gegn lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál.

26. gr. Með lögum þessum er tilskipun 15. marz 1861, lög nr. 19, 15. okt. 1875 og lög nr. 25, 10. nóv. 1887 úr gildi numin.

27. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. dag janúarmánaðar 1894.

Ed. **66. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um iðnaðarnám. Frá Guðjóni Guðlaugssyni, Sigurði Jenssyni og Sigurði Stefánssyni.

Við 16. gr., 2. lið: Í staðinn fyrir: „1 míla frá sveitarfjelagi því", komi: „5 mílur" o. s. frv.

Nd. **67. Frumvarp**

til laga um varnarþing í skuldamálum og um ýms viðskiptaskilyrði. Flutningsmenn: Kl. Jónsson og Guðl. Guðmundsson.

1. gr. Ef skuld er stofnuð þar, sem heimilisfang hjerlends lánardrottins er, á skuldheimtumaður rjett á, ef hann vill, að sækja mál til greiðslu skuldarinnar á hendur skuldunaut í þinghá þeirri er skuldin er stofnuð í, eins og væri þar varnarþing hans. Sje skuldin stofnuð við fasta verzlun, eða aðra heimilisfasta atvinnustofnun, þá ræður varnarþing þess, sem henni stýrir, þótt eigandi sje þar eigi búsettur. Eigi raskar þetta þó gildandi ákvæðum um varnarþing, er bundið er við fasteign.

Lög þessi ná til þeirra einna skuldaskipta, er skuldheimtumaður er kaupmaður, eður hefur á annan hátt atvinnu sína af viðskiptum, svo sem lyfsalar, bóksalar, veitingamenn, iðnaðarmenn, kostnaðarmenn blaða og rita og aðrir, sem líkt stendur á með.

Því að eins gilda fyrirmæli þessarar greinar, að fyrirtökudagur málsins falli í sumarkauptíð (15. júní til 31. júlí að báðum þeim dögum meðtöldum) eða í haustkauptíð (15. sept. til 31. okt. að báðum þeim dögum meðtöldum).

2. gr. Nú hefur maður fengið reikning yfir viðskipti sín, og skal hann þá innan 6 mánaða frá því hann meðtók hann, hafa komið fram með ótvíræð mótmæli gegn hverju því í honum, er hann kannast eigi við, ella skal svo álíta sem hann viðurkenni reikninginn skilyrðislaust.

3. gr. Sje verzlunarbók sú, er skuldaskiptin eru fyrst í skráð, löggilt og aðalbók slíkt hið sama, skulu þær bækur sönnun vera fyrir því, að reikningur, sem þeim er samhljóða, sje rjettur, nema annað sannist að lögum, eða sá, er í hlut á, synji með eiði fyrir, að hafa tekið út það, er í bókunum er skráð.

4. gr. Mál þau, er um er rætt í þessum lögum, skulu rekin fyrir gestarjetti. Nú er skuldunautur staddur í dómþinghá þeirri, er málið eptir þessum lögum má sækja í, og má þá birta honum stefnu þar, sem hann er staddur, til að mæta með nætur fresti, og sama er, ef skuldunautur á heimili í þinghánni. Annars skal birta stefnuna á lögheimili hans með þriggja vikna fresti, ef það er innan sama lögsagnarumdæmis sem fyrirtökustaðurinn, með 6 vikna fresti, ef það er

utan lögsagnarumdæmis, en þó í sama amti, en með níu vikna fresti, ef það er í öðru amti.

Ed. **68. Frumvarp**

til laga um fjárforræði ómyndugra og lögaldur. Flutningsmaður: Guðjón Guðlaugsson.

1. gr. Fjárhaldsmann skulu þeir hafa, er vanta aldur, skynsemi eða ráðdeild til þess, að geta haft fjárráð sín sjálfir.

2. gr. Sýslumenn og bæjarfógetar skipa fjárhaldsmenn ómyndugra, og skal til þess velja vandaða og áreiðanlega menn, er ekki sjeu öðrum háðir sem hjú, sjeu eigi yngri en 25 ára og hafa fastan bústað í sama lögsagnarumdæmi og sá ómyndugi.

3. gr. Undir eins og einhverjum ómyndugum hlotnast arfur, skal skiptaráðandi skipa honum fjárhaldsmann. Bæjarfógetinn skal vera yfirfjárráðandi í Reykjavík, en sýslumenn annarsstaðar, og skal hver fjárhaldsmaður vera undir þeirra umsjón í öllu, sem að fjárhaldinu lýtur.

4. gr. Nú skiptist ómyndugum arfur, og er hann í öðru lögsagnarumdæmi; skal þá skiptaráðandi leita til yfirfjárráðamanns í því lögsagnarumdæmi, er hinn ómyndugi er í, og skal sá yfirfjárráðandi skipa hinum ómynduga fjárhaldsmann, er taki arfinn undir sína umsjón, og skal fjárhaldsmaður þessi skyldur að kvitta skiptaráðanda fyrir fjenu. Þegar arfur hefur þannig verið fluttur úr einu fjárráðaumdæmi í annað, þá skal skiptaráðandi skýra frá því í yfirliti sínu yfir fjárráðin (sjá 20. gr.). Hið sama skal yfirfjárráðandi gjöra, þar sem hinn ómyndugi á heimili.

5. gr. Hver fjárhaldsmaður skal skyldur að senda yfirfjárráðanda nákvæman reikning yfir fjárhaldið ár hvert, og skýra um leið frá ástandi hins ómynduga, svo sem, hvar og hvernig verustaður hans sje og með hvaða kjörum, hvernig heilsu hans sje varið og fleira, er yfirfjárráðandi kynni að þurfa að vita um. Reikningsárið fyrir ómyndugrafje skal vera frá 11. júní til sama tíma árið eptir, og skal skilagrein þessi send yfirfjárráðanda í síðasta lagi í lok næsta nóvembermánaðar á eptir reikningsárinu.

6. gr. Sjái yfirfjárráðandi af skilagrein þeirri, sem ræðir um í 5. gr., að önnur ráðstöfun mundi vera hagfelldari fyrir hinn ómynduga, en sú, er fjárhaldsmaður hefur þegar gjört, skal yfirfjárráðandi tafarlaust gjöra fjárhaldsmanni aðvart um það. Vilji fjárhaldsmaður samt ekki breyta ákvörðun sinni í þessu efni, skal yfirfjárráðanda heimilt, að taka af honum fjárhaldið og fá það öðrum í hendur, er gangast vill inn á hagfelldari ráðstöfun fyrir hinn ómynduga.

7. gr. Skyldir skulu yfirfjárráðandi og fjárhaldsmaður að koma öllu lausafje hins ómynduga í peninga, svo fljótt sem þörf er á, og á þann hátt, sem haganlegast er fyrir hinn ómynduga.

8. gr. Nú er hinn ómyndugi kominn svo nærri því aldurs- eða menningar stigi, sem gjörir hann að nokkru eða öllu fjár síns ráðandi, og að vænta má, að hinn ómyndugi komist bráðlega í þá stöðu, er honum mundi hagfelldara fyrir, að hafa lausafje sitt óselt, en að því væri þegar varið í peninga, þá má yfirfjárráðandi gefa leyfi til þess, að lausafjeð sje geymt óselt, þar til hinn ómyndugi

getur sjálfur tekið við því. Þó skal þessi undanþága því að eins veitt, að hinn ómyndugi óski þess sjálfur, og að yfirfjárráðandi sjái honum það hagfelldara.

9. gr. Fasteign ómyndugra má eigi selja, hvort heldur eru heilar jarðir eða jarðarpartar, nema því að eins, að hinum ómynduga sje verulegur hagur í sölunni, eða brýna nauðsyn beri til, að selja eitthvað honum til framfæris, þó skal jafnan leita álits háyfirvaldsins um þetta.

10. gr. Þeim afgjöldum fasteigna, sem vegna fastra byggingarskilmála ekki verða greidd í peningum, skal fjárhaldsmaður koma árlega í peninga, geti þau ekki gengið í sömu aurum hinum ómynduga til framfæris, og skal eitt ár frá gjalddaga afgjaldsins áliðast nægur tími til þessa.

11. gr. Allt ómyndugrafje, þá er það er komið í peninga, skal setjast á vöxtu svo fljótt sem verður, í einhvern af þessum sjóðum: Landsbankann eða sparisjóðina á Ísafirði, Akureyri eða Seyðisfirði, og skulu stjórnendur sjóða þessara skyldir að gefa landsstjórninni árlegt yfirlit yfir, hve mikið ómyndrugrafje sjóðirnir hafa í vörzlum sínum og hvaðan það er. Yfirlit þetta skal vera yfir sama tímabil sem skilagrein fjárhaldsmanna (sjá 5. gr.).

Ákvörðunin í þessari grein, um það, hvar ómyndugrafje skal ávaxtast, nær þó ekki til þess ómyndugrafjár, sem þegar er komið á vöxtu, þá lög þessi öðlast gildi.

12. gr. Sem þóknun fyrir ómök sín fái fjárhaldsmenn $^1/_{10}$ af jarðarafgjöldum þeim, sem þeir verða að koma í peninga, en 4 /o þeirra, ef þau eru borguð í peningum af ábúendum jarðanna, eða þau verða greidd aptur í sömu aurum, hinum ómynduga til framfæris. Haldi fjárhaldsmaður hjá sjer fje hins ómynduga lengur en til er tekið í 10. gr. og sje það meiri upphæð en nemur 50 kr., skal hann borga af því sömu vexti og af því hefði fengizt í sjóðum þeim, er ómyndugrafje er ávaxtað í, án þess að ómakslaun sjeu þar frá dregin.

13. gr. Ábyrgðar- og burðargjald undir peninga hinna ómyndugu, sömuleiðis bók fyrir fjárhaldsmann til að rita í hina árlegu fjárhaldsreikninga, skal borgast af fje hinna ómyndugu sjerstaklega, enda skal fjárhaldsmaður skila bókinni til hins ómynduga þá er hann er orðinn myndugur.

14. gr. Fjárhaldsmaður geymi öll skjöl og skilríki hins ómynduga og skal hann skyldur að sýna yfirfjárráðanda þau á hverju manntalsþingi í þinghá þeirri er hann er búsettur í.

15. gr. Þegar hinn ómyndugi verður ráðandi fjár síns, eða fjeð er orðið eytt honum til framfæris, eða annað það kemur fyrir, sem gjörir enda á fjárráðum fjárhaldsmanns, þá skal hann þegar í stað gjöra skilagrein fyrir fjárhaldinu og senda hana til yfirfjárráðanda, og fellir yfirfjárráðandi úrskurð á, hvort hún er rjett; síðan skal fjárhaldsmaður láta af hendi allt það, er honum ber að gjöra grein fyrir eptir síðasta reikningi, þegar úrskurður er á hann fallinn, og selja það í hendur þeim manni, er hlut á að máli, hvort heldur það er hinn ómyndugi sjálfur, sem þá er orðinn myndugur, eða annar sem kemur í hans stað, sem löglegur eigandi fjárins.

Sje viðtakandi hálfmyndugur, skal tilsjónarmaður hans vera viðstaddur, þá er fjárhaldinu er skilað, og gæta rjettar viðtakanda með honum. Sje viðtakandi ómyndugur, tekur fjárhaldsmaður hans við fjárhaldinu.

Nú verður fjárhaldsmaður ómyndugs manns tilsjónarmaður hans, þá er

hann er orðinn hálfmyndugur, skal þá yfirfjárráðandi útnefna áreiðanlegan mann, til þess að vera viðstaddan meðan fjárhaldsmaður skilar af sjer fjárhaldinu. Skyldur skal viðtakandi ásamt tilsjónarmanni, ef hann er nokkur, að gefa fjárhaldsmanni kvittun fyrir fjárhaldinu, og má fjárhaldsmaður láta þinglesa hana á kostnað þess, er hann hafði fjárhaldið fyrir; samskonar kvittun fái yfirfjárráðandi, er hann láti fylgja aðalyfirliti sínu yfir fjárráðin, því til sönnunar, að þessir fjármunir sjeu komnir undan yfirfjárráðum. Deyi fjárhaldsmaður, gjörir dánarbú hans sömu skil fyrir fjárhaldinu og eptir sömu reglum, sem hjer að framan eru tilgreindar.

16. gr. Nú flytur fjárhaldsmaður sig og hinn ómyndugi úr fjárráðaumdæmi því, er þeir hafa áður verið í, þá skal yfirfjárráðandi á þeim stað, er þeir flytja sig til, taka að sjer yfirfjárráð fjárhaldsins; sömuleiðis skal yfirfjárráðandi í því fjárráðaumdæmi, er hinn fyrri bústaður hins ómynduga var í, senda yfirfjárráðanda, þar sem ómyndugi er nú búsettur, eptirrit hins síðasta reiknings fjárhaldsmanns, og skal sá reikningur úrskurðaður af hinum fyrri yfirfjárráðanda.

17. gr. Flytji fjárhaldsmaður sig burtu úr fjárráðaumdæminu, en hinn ómyndugi verði eptir, eða hinn ómyndugi fer burt, en fjárhaldsmaður verður eptir, þá skal yfirfjárráðandi leggja undir úrskurð háyfirvaldsins, hvort kveðja skal til nýjan fjárhaldsmannn eða flytja fjárstofninn.

18. gr. Ómyndugra fje á forgangsrjett í búi fjárhaldsmanns, sem segir í lögum frá 12. apríl 1878, 83. gr., og veðrjett í búi yfirfjárráðanda, ef eitthvað af því tapast við gjaldþrot fjárhaldsmanns.

19. gr. Yfirfjárráðandi skal ár hvert fella úrskurð á fjárhaldsreikninga þá, sem honum eru sendir; skal hann svo senda háyfirvaldinu fyrir lok febrúarmánaðar glöggt yfirlit yfir öll fjárráðin í lögsagnarumdæminu.

Í yfirliti þessu skal þess getið sjerstaklega, hvort nokkuð ómyndugrafje hefur til fallið á árinu, hvort nokkuð af því, sem áður var, hefur farið undan fjárráðum eða hvort arfur hefur verið fluttur (Sjá 4. og 16. gr.).

20. gr. Landsstjórnin skal sjá um, að eitt yfirlit yfir allt ómyndugrafje á landinu verði prentað árlega í B-deild Stjórnartíðindanna, og skal það borið saman við skýrslu þá, er sjóðir þeir gefa, er ómyndugrafje er ávaxtað í.

21. gr. Hver karlmaður og hver ógiptur kvennmaður verður fjár síns ráðandi með tilsjónarmanni 18, en fullráður fjár síns 21 árs. Þó getur enginn tekið að sjer ábyrgð (caution) í fjármálum nema 25 ára sje.

22. gr. Með lögum þessum er úr lögum numin Dönskulaga 3. bók 17. kap. og tilskipun 18. febrúar 1847.

Nd.

69. Frumvarp

til laga um breytingu á opnu brjefi 29. maí 1839, um byggingarnefnd í Reykjavík. Flutningsmaður Halldór Kr. Friðriksson.

1. gr. Ákvæði það í opnu brjefi 29. dag maím. 1839 um byggingarnefnd í Reykjavík, að ávallt skuli vera 10 álna svæði autt milli nágranna-húsa, skal úr lögum numið, að því er steinhús snertir; þó mega eigi vera gluggar, dyr nje önnur op á veggjum þeim er vita að annars manns lóð, nema því að eins að veggurinn sje að minnsta kosti 5 álnir frá lóðarmörkum. Að því er timburhús snertir skal nefnt ákvæði enn fremur rýmka þannig, að þau má reisa áföst hvert við annað 60 álnir í samfellu, ef hvert

einstakt hús er greint frá næsta húsi með eldvarnargafli, og byggingarnefndinni þykir að öðru leyti eigi slíkt viðsjárvert.

Eldvarnargafl er hjer talinn veggur úr (tígul)-steini, einhlaðinn að minnsta kosti og oplaus, og taki 6 þumlunga að minnsta kosti upp yfir þakið.

2. gr. Það skal hjer eptir bannað, að gjöra hús eða bæi af torfi, nema í úthverfum kaupstaðarins, og þó því að eins að byggingarnefndin veiti til þess samþykki.

3. gr. Heimilt skal byggingarnefndinni, ef $\frac{2}{3}$ hlutar allra nefndarmanna samþykkja það, að banna þvílíkan ytri frágang á húsum og girðingum, er að byggingarnefndarinnar áliti lýtir eða óprýðir útlit bæjarins, og leggja fyrir þann, er á móti brýtur, að lagfæra það sem ábótavant þykir. Slíkum ákvæðum nefndarinnar getur hlutaðeigandi skotið undir amtmann og leggur hann fullnaðarúrskurð á málið.

4. gr. Nú reisir einhver nýtt hús eða gjörir verulegar breytingar á eldra húsi, og er hann þá skyldur til, þegar byggingarnefndin krefst þess, og áður en byrjað er á hússmíðinni eða breytingunni, að láta nefndinni í tje uppdrátt af húsinu, er ljóslega megi sjá af fyrirkomulag þess.

Nd. **70. Tillaga**

til þingsályktunar um meðferð á líkum. Flutningsmenn: Einar Jónsson, Þorlákur Guðmundsson og Þórður Guðmundsson.

Alþingi ályktar, að skora á landsstjórnina, að láta á kostnað landssjóðs semja, prenta og senda öllum hreppsnefndum og bæjarstjórnum landsins til útbýtingar á hvert heimili reglur, er sje við alþýðu hæfi, fyrir því, hvernig fara skuli með lík, og innihaldi þær jafnframt leiðbeining um það, hver eru hin helztu dauðamerki og hvernig þeir menn geta þekkt þau, er eigi eru lækningafróðir.

Nd. **71. Breytingartillaga**

við „frumvarp til laga um breyting á lögum 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn„. Frá Jóni Jónssyni 2. þm. Eyf. og Skúla Thoroddsen.

Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig: Frumvarp til laga um rjett þeirra manna, er hafa þjóðkirkjutrú, til að ganga í borgaralegt hjónaband.

Nd. **72. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 27. febrúar 1880 um stjórn safnaðarmála og um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda (eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild).

1. gr. Safnaðarfundir þeir og hjeraðsfundir, sem skipaðir eru í lögum 27. febrúar 1880 um stjórn safnaðarmála og um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda, skulu eptirleiðis haldnir, hinir fyrnefndu í maímánuði og hinir síðarnefndu í júnímánuði ár hvert.

2. gr. Í kirkjusóknum, sem hafa yfir 1000 íbúa, skulu 5 menn vera í sóknarnefndum þeim, sem skipaðar eru í fyrgreindum lögum 27. febrúar 1880, 3. gr.

3. gr. Þá er hjeraðsfundur lögmætur, er meira en helmingur presta og safnaðarfulltrúa samtals í því hjeraði eru á fundi.

Það mál er samþykkt á hjeraðsfundi, sem hlotið hefur meira en helming þeirra atkvæða, sem greidd eru.

Nd. **73. Frumvarp**

til laga um undirbúning verðlagsskráa. Frá Þórði Guðmundssyni.

1. gr. Prestur og formaður skattanefndarinnar og annar hinna skattanefndarmanna, sem skattanefndin kýs þar til, skulu í hreppi hverjum í samvinnu ár hvert í októbermánaðarlok semja skýrslu um verðlag á búpeningi þeim og vörutegundum þeim, sem venja er að telja til verðlagsskráa, eptir því gangverði, sem þeim er kunnugt um innanhrepps, en verðlag á kaupstaðarvörum skal miðað við peningaverð á henni í næsta verzlunarstað.

Skýrslu þessa skal senda sýslumanni innan 20. nóvembermánaðar.

2. gr. Þegar sýslumaður hefur fengið þessar skýrslur úr öllum hreppum sýslunnar, skal hann eptir þeim semja eina aðalskýrslu fyrir alla sýsluna, og senda hana svo innan næstu ársloka, með tilheyrandi fylgiskjölum, stiptsyfirvöldunum til staðfestingar.

3. gr. Með lögum þessum er úr gildi numinn konungsúrskurður um samning á verðlagsskrá 16. júlí 1817 og konungsúrskurður 2. marz 1853.

Nd. **74. Frumvarp**

til laga um tollgreiðslu. Flutningsmenn Jón Þorkelsson, Björn Bjarnarson, Sighvatur Árnason, H. Kr. Friðriksson og Jón Þórarinsson.

1. gr. Þá er tollskyldar vörur flytjast til fastaverzlunar, má kaupmaður sá eða kaupvörður, sem tolli á að svara, komast hjá því að greiða meira af ákvæðistolli þá þegar en það, sem nemur því, er innast skal af vörum þeim, er hann þarf þegar í stað að hafa til útsölu, en eiga skal lögreglustjóri eða sá, er hann skipar til, umráð yfir vörum þeim, sem frestað er tollgreiðslu af. Skulu vörurnar vera í veði fyrir eptirstöðvum tollsins og skal kaupmaður geyma þær á þann hátt, sem lögreglustjóra þykir full trygging í vera. Hvorki skal kaupmaður mega taka vörurnar til afnota nje útsölu og eigi heldur farga þeim á aðra leið.

2. gr. Nú vill kaupmaður fá umráð yfir vörum sínum að nokkru eða öllu, þeim er í tollveði eru, og skal hann þá skýra lögreglustjóra frá því og hve mikils honum sje þörf, og krefjast þess að hann selji sjer í hendur til umráða, en greiða skal hann um leið toll af þeim vörum, sem hann þá tekur við, og skal svo æ fara, að eigi sje kaupmaður skyldur að greiða toll örara en jafnóðum og hann fær umráð varnaðar síns til sölu. Þó skal lögreglustjóri eigi skyldur til að selja kaupmanni vörur hans undan tollveði honum í hendur optar en um sinn í mánuði hverjum, en þó svo að allur tollurinn skal greiddur innan tólf mánaða upp þaðan, sem varnaður er fluttur til landsins.

3. gr. Ef kaupmaður verður sannur að því, að hann hafi tekið nokkuð af vörum þeim án leyfis lögreglustjóra, er að tollveði eru, þá skal hann greiða af þeim prefaldan toll og sje þó sekur allt að 100 kr. Sektirnar renna í landssjóð.

4. gr. Lögreglustjóri heldur bók yfir allar aðfluttar tollskyldar vörur, og skal í hana rita nákvæma skýrslu um greiðslu tollsins af hendi þeirra, er honum eiga að svara, svo og um vörur þær, er að tollveði eru og þær, er leystar eru úr veðbandi. Bók þá löggildir amtmaður.

5. gr. Með þessum lögum eru lög frá 22. maí 1890 um tollgreiðslu numin úr gildi.

Nd. **75. Frumvarp**

til laga um vogrek. Flutningsmaður Guðlaugur Guðmundsson.

1. gr. Áður mánuður sje liðinn frá því, er vogrek fannst, skal sá, er vogrekarjett á, lýsa vogrekinu fyrir hreppstjóra, en hann tilkynnir lögreglustjóra. Ef ætla má að vogrek sje 10 króna virði eða meira, tilnefnir lögreglustjóri tvo menn, er skulu virða vogrek; en ef ætla má, að vogrekið nemi eigi 10 kr., virðir hreppstjóri það. Kostnaðinn við virðinguna greiðir sá, er vogrekið hlýtur.

2. gr. Ef mörk eða auðkenni finnast á vogrekum, skal hreppstjóri rita upp nákvæma lýsing á þeim, er hann sendir lögreglustjóra. Lýsinguna skal birta í því blaði, er flytur stjórnarvalda auglýsingar. Kostnaðinn við þessa auglýsingu skal greiða úr landssjóði.

3. gr. Á fjörum bændaeigna skulu öll vogrek, er eigi nema 50 króna virði, tilfalla jarðeiganda, ef eigandi leiðir sig eigi að þeim á 12 mánaða fresti frá því, er vogrekinu var lýst við lögreglustjóra. Hinna sömu rjettinda njóta og þeir, er til þessa hafa átt rjett til vogreka á fjörum kirkna, ljensjarða, hins opinbera og á ítaksfjörum, samkvæmt lögum eða sjerstökum heimildum.

Um skotmannshlut fer sem um vogrek. Vogrek, er nema 50 krónum eða meiru, tilfalla á sama hátt landssjóði.

4. gr. Nú rekur brot úr skipi, skipsmuni eða part af skipsfarmi, og er þá sá reki undanskilinn ákvæðum þessara laga, þó að minnu verði nemi en 50 krónum, ef hann stafar af skiptapa, er orðið hefur hjer við land.

5. gr. Láti sá, er hlut á að, farast fyrir að lýsa vogreki við hreppstjóra, skal hann sæta sektum allt að 30 krónum, er renni í landssjóð, enda liggi eigi þyngri hegning við að lögum.

6. gr. Opið brjef 4. maí 1778 og opið brjef 2. apríl 1853 eru numin úr gildi.

Ed. **76. Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um atvinnu við siglingar.

Hin háttvirta deild hefur kosið oss í nefnd til að segja álit vort um frv. til laga um atvinnu við siglingar.

Vjer höfum íhugað þetta frumvarp og hljótum vjer að aðhyllast tilgang þess, en hann er sá, að stuðla að því að þekking á siglingafræði útbreiðist meðal íslenzkra sjómanna.

Einungis álítum vjer að þess beri að gæta, að lögin innihaldi ekkert það, er orðið geti hapt á þilskipaútveginum; þilskipum, sem höfð eru til fiskiveiða, fjölgar nú óðum og mundi það koma sjer illa, ef þeim yrði ekki komið út á fiskiveiðar sökum þess að ekki fengjust nógu margir skipstjórar, er tekið hefðu próf, en bannað væri að taka fyrir skipstjóra duglega og vana sjómenn, þó fáanlegir væru. Vjer teljum einkum nauðsynlegt að lögum þessum verði beitt með varúð fyrstu árin, meðan menn eru að venjast þessum takmörkunum á atvinnurjettinum, sem nú koma sjómönnum á óvart.

Þessvegna leggjum vjer það til, að gjörðar verði nokkrar breytingar á þessu frumvarpi. Aðalbreytingarnar eru á 14. gr. og 18. gr., og miða þær (við 14. gr.) til þess að gjöra mönnum ljettara að fá undanþágur frá prófkröfunum einkum fyrstu árin, og (við 18. gr.) undanþiggja alla, sem stundað hafa siglingar fyrir 1. júlí 1894, frá því að fullnægja skilyrðum þessara laga. Hinar aðrar breytingarnar eru að mestu leyti orðabreytingar.

Vjer ráðum því hinni háttvirtu deild til þess að samþykkja þetta frumvarp með þessum breytingum:

1. Við 1. gr. fyrir: »takmörkum« komi: »takmörkunum«.
2. — — — fyrir: »sett eru« komi: »settar eru«.
3. — 2. — fyrir: »Rjettur á að vera« komi: »Rjettur til að vera«.
4. — 3. — fyrir: »Rjettur á að vera« komi: »Rjettur til að vera«.
5. — — — fyrir: »af hvaða stærð« komi: »af hverri stærð«.
6. — 4. — fyrir: »Rjettur á að vera« komi: »Rjettur til að vera«.
7. — 5. — fyrir: »Rjettur á að vera« komi: »Rjettur til að vera«.
8. — — — fyrir: »af hvaða stærð« komi: »af hverri stærð«.
9. — 6. — orðin: »eða láta fara frá Íslands sæ« falli burt.
10. — — — fyrir: »sjóæfður maður« komi: »vanur sjómaður«.
11. — — — fyrir: »að stýra skipi« komi: »til skipstjórnar«.
12. — 7. — b. fyrir: »1 ár« komi: »4 mánuði«.
13. — — — c. fyrir: »innfæddra« komi: «innborinna«.
14. — — — f. fyrir: »fullkomin« komi: »góð«.
15. — 9. — d. fyrir: »fullkomin« komi: »góð«.
16. — 14. — fyrir: »ráðgjafinn fyrir Ísland« komi: »landshöfðingi«.
17. — — — fyrir: »hvað sjóæfing snertir« komi: »að því er til sjómennsku kemur«.
18. — — — fyrir: »sem greinir um« komi: »sem nefnd eru«.
19. — — — fyrir: »Þetta skal einkum eiga sjer stað — — og tilskilið er« komi: »Þetta skal einkum eiga sjer stað fyrstu árin eptir að lög þessi öðlast gildi og að því er kemur til skilyrðanna, sem sett eru í 7. og 9. gr.«.
20. — 18. — fyrir: »1. júlí 1893« komi: »1. júlí 1894«.

Alþingi 11. júlí 1893.

L. E. Sveinbjörnsson	Sigurður Jensson	Sigurður Stefánsson
formaður.	skrifari.	framsögumaður.

Ed.

77. Tillaga

til þingsályktunar um að landstjórnin láti verkfróðan mann rannsaka brúarstæði á ám hjer á landi. Frá Einari Ásmundssyni.

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að láta verkfróðan mann skoða brúarstæði á stærstu ám og vatnsföllum á landinu, er liggja á aðalpóstvegum og alfaravegum landsins, og að gera áætlanir um kostnað við brúargerðir á vatnsföllum þessum. Sömuleiðis að sveitastjórnum í hinum ýmsu hjeruðum sje gefinn kostur á að leita ráða og leiðbeininga hjá hinum sama verkfróða manni um, hvernig haganlegast megi brúa aðrar smærri ár, sem nauðsyn ber til að brúaðar sjeu.

Nd.

78. Breytingartillaga.

Við frumvarp til laga um verndan Safarmýrar í Rangárvallasýslu. Frá Þórði Guðmundssyni og Sighv. Árnasyni.

Við 2. gr. (annan lið greinarinnar) í staðinn fyrir orðin: „kjörskrá við hendina“ komi: „skrá yfir þá sem atkv.rjett eiga á fundinum við hendina“.

Fyrirsögn frv. orðist þannig: „Frumv. til samþykktarlaga“ o. s. frv.

Nd. **79. Nefndarálit.**

um frumvarp til laga um brúargjörð á Þjórsá.

Nefnd sú, er hin háttvirta deild hefur kosið til þess að athuga frumvarp til laga um brúargjörð á Þjórsá, hefur kynnt sjer uppdrættina yfir hina fyrirhuguðu brú, er ætlazt er til að sje fasta-brú úr járni, og jafnframt hefur nefndin athugað þær áætlanir og tilboð, er fyrir liggja, um bygging brúarstöplanna, um járnsmíði og trjeverk, um flutning að brúarstæðinu m. fl. Nefndin lætur það álit í ljósi, að því leyti hún getur um það dæmt, að áætlanir þær, er fyrir liggja, sjeu mjög ýtarlegar og nákvæmar, og tilboðin um hvað eitt efni og verk fyrir sig virðast eptir kringumstæðunum eigi hærri, en sennilegt er, enda telur nefndin víst, ef lægri boð fást, þegar brúarsmíðið verður boðið til framkvæmdar, að þeim þá verði sætt.

Nefndin athugar það eitt, að það sjest eigi af áætlunum nje útreikningi verkfræðings v. Ripperda, hve mikinn þunga hann telur að brúin muni þola á t. a. hverri □ alin, en eptir þeim upplýsingum um traustleik brúarefnisins, sem nefndin að öðru leyti hefur fengið, virðist engin ástæða til, að efast um, að brúin verði sterk.

Að því er hina áætluðu aðalupphæð kostnaðarins snertir, 75,000 kr., er farið er fram á, að veitt verði, þá er það að vísu svo, að eptir tilboðum þeim, er fram hafa komið, mundi kostnaðurinn, að meðtöldum 5000 kr. til umsjónar og óvissra gjalda, ef til vill eigi fara mikið fram úr 70,000 kr., og auk þess er gefið í skyn, að lægri tilboð muni ef til vill fást, þegar verkið verður boðið til endilegrar framkvæmdar, en af ástæðum þeim, er teknar eru fram í athugasemdum stjórnarinnar við frumvarpið, getur nefndin alls eigi lagt það til að fjárveitingin sje lækkuð.

Þess er getið, að nefndin hefur notið aðstoðar ingenieurs Sigurðar Thoroddsens við starfa sinn.

Nefndin leyfir sjer að leggja það til, að hin háttv. deild samþykki hið nefnda lagafrumvarp óbreytt.

Alþingi 12. júlí 1893.

Þorlákur Guðmundsson, formaður.	Guðl. Guðmundsson, skrifari, framsögum.	Þórður Guðmundsson.

Nd. **80. Frumvarp**

til laga um toll á brúm yfir Ölvusá og Þjórsá. Flutningsmenn: Jón Þórarinsson, Jón Jónsson, þm. A.-S. og Guðlaugur Guðmundsson.

1. gr. Brúartoll skulu þeir greiða, er fara yfir brú á Ölfusá hjá Selfossi frá 1. janúar 1894 og yfir brú á Þjórsá hjá Þjótanda frá þeim tíma, er hún er fullgjör og afhent til afnota fyrir almenning.

2. gr. Landshöfðingi hefur yfirumsjón með brúm þessum; hann semur reglugjörð um afnot þeirra, viðhald og alla meðferð á þeim, og leggur við sektir allt að 100 kr. fyrir brot gegn henni; hann skipar og brúarverði, einn við hvora brú, gefur þeim erindisbrjef og ákveður laun þeirra, svo og upphæð tollsins, sem þó má eigi vera lægri en hjer segir:

fyrir lausríðandi mann 20 aurar,
fyrir klyfjahest, gangandi mann, lausan hest og nautgrip 10 aurar, og
fyrir sauðkind hverja 5 aurar.

Gefa má þeim, er búa næstir brúnum, kost á að kaupa rjett til afnota af þeim fyrir ákveðið ársgjald, sem þó má eigi vera minna en 5 kr.

Póstar eru undanþegnir þessu gjaldi.

3. gr. Tollinn skal greiða með fargjaldsseðlum, sem landshöfðinginn gefur út á kostnað landssjóðs, og hefur landsbankinn aðalútsölu á þeim.

Við fölsun seðla þessara liggur sama hegning sem við fölsun bankaseðla og peninga.

4. gr. Tollinn skal leggja í sjerstakan sjóð, er ávaxtast í landsbankanum, og skal úr honum greiða árlegan kostnað við brúargæzlu og viðhald á brúnum, svo og aðalviðgjörðir og endurbyggingu þeirra.

5. gr. Hjer með eru úr lögum numin þau ákvæði laga 3. maí 1889, sem skipa fyrir um endurgjald úr sýslusjóðum Árness- og Rangárvalla-sýslna og úr jafnaðarsjóði suðuramtsins, til byggingar Ölfusárbrúarinnar, og greiðir landssjóður endurgjaldslaust þær 20,000 kr., er nefnd lög gjöra sýslufjelögum þessum og jafnaðarsjóði suðuramtsins að greiða.

Ed. **81. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar að Hlaðsbót í Arnarfirði. Frá Sigurði Stefánssyni.

Að Hlaðsbót í Arnarfirði skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **82. Frumvarp**

til laga um að landið kaupi hverina Geysir og Strokk og hverina þar í kring, (Blesa o. fl.). Flutningsmenn Þorlákur Guðmundsson, Bogi Th. Melsteð.

1. gr. Landsstjórninni gefst umboð til að kaupa til handa landssjóðnum hverina Geysir og Strokk og aðra hveri þar í kring (Blesa o. fl.) með því landi umhverfis hverina, sem nauðsynlegt virðist, eptir mati dómkvaddra manna, til þess að menn geti notað hverina. Til þessa veitist allt að 3000 kr. úr landssjóði.

2. gr. Þegar kaup þessi eru gjörð, semur landshöfðingi reglur um eptirlit og afnot af hverunum.

Nd. **83. Frumvarp**

til laga um breytingar á lögum 4. nóvember 1881 um gagnfræðaskólann á Möðruvöllum. Flutningsmenn: Jón Þórarinsson, Kl. Jónsson, Jón Þorkelsson.

1. gr. Þrír skulu kennarar við skólann; er einn þeirra skólastjóri, og hefur hann að launum 2600 kr., og leigulausan bústað í skólanum; fyrri kennarinn 2200 kr., en hinn 1800 krónur.

2. gr. Hjer með er úr lögum numin 2. gr. laga 4. nóv. 1881 um gagnfræðaskólann á Möðruvöllum.

Nd. **84. Frumvarp**

til laga um afnám athugasemdar um lögdagslegging í stefnum. Flutningsmaður Kl. Jónsson.

Athugasemd um að lögdagur sje úr lögum numinn samkvæmt tilsk. 3. júní 1796, þarf eptirleiðis eigi að taka upp í stefnur.

Nd. **85. Frumvarp**

til laga um stofnun lagaskóla. Flutningsmenn Skúli Thoroddsen og Kl. Jónsson.

1. gr. Í Reykjavík skal stofna kennsluskóla í lögfræði.

2. gr. Þeir, sem nema vilja í skóla þessum, skulu tekið hafa burtfararpróf við hinn lærða skóla í Reykjavík, eða einhvern lærðan skóla í Danmörku. Svo skulu þeir og áður en þeir ganga undir burtfararpróf við lagaskólann, hafa tekið próf í forspjallsvísindum.

Leyfa má þó öllum að hlýða á fyrirlestra í lagaskólanum, að svo miklu leyti sem því verður við komið.

3. gr. Við skóla þenna skal skipa tvo kennendur, er annar sje jafnframt forstöðumaður skólans, og hefur hann 3000 kr. í árleg laun, en hinn 2400 kr.

4. gr. Ráðgjafinn semur reglugjörð handa skólanum.

5. gr. Þeir, sem leysa af hendi burtfararpróf í skólanum, eiga aðgang að þeim embættum, sem lögfræðingar eru skipaðir í.

Ed. **86. Frumvarp**

til laga um hafnsögugjald í Reykjavík (eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri d.eild)

1. gr. Í staðinn fyrir borgun þá fyrir hafnsögu, er ákveðin er í taxtanum frá 1. desbr. 1841, skal greiða af öllum verzlunar- og mannflutningaskipum og af útlendum fiskiskipum, er leggjast við akkeri á Reykjavíkurhöfn, 10 aura í hafnsögugjald af hverri smálest hinna fyrgreindu skipa og 5 aura af hverri smálest hinna síðartöldu. Gjald þetta skal greiða fyrsta sinnið, að skipið kemur á Reykjavíkurhöfn á árinu, hvort sem það notar hafnsögu eða eigi, en komi það optar á sama ári, skal gjaldið eigi optar greiða, nema þegar það notar hafnsögumann.

2. gr. Bæjarfógeti innheimtir gjald það, er ákveðið er í 1. gr., um leið og hann skoðar skjöl skipsins, og skal því varið til launa handa manni þeim eða mönnum, er skipaðir eru til hafnsögu fyrir Reykjavíkurkaupstað.

Skyldur er hafnsögumaður að skýra bæjarfógeta í hvert skipti frá því, er skip, er þegar hefir greitt gjaldið, notar hafnsögu á inn- eða útleið á öðrum ferðum á sama ári.

3. gr. Að því er snertir herskip, skemmtiskip og innlend fiskiskip, þá skulu þau fyrirmæli enn standa um notkun hafnsögu og borgun fyrir hana, er nú eru í gildi.

4. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1894.

Nd. **87. Frumvarp**

til laga um iðnaðarnám (eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild).

1. gr. Ef verzlunarmenn, handiðnamenn, eða aðrir atvinnurekendur taka unglinga yngri en 18 ára til að kenna þeim iðn sína, skulu þeir annast um, að gjörður sje skriflegur námssamningur, og að hlutaðeigandi lögreglustjóri riti vottorð sitt á hann, að hann sje saminn samkvæmt fyrirmælum laga þessara. — Sje brotið á móti þessu ákvæði, er samningurinn ógildur.

Lögreglustjórar skulu eptir ráðstöfun landshöfðingja hafa í höndum eyðublöð til námssamninga og afhenda þau ókeypis.

2. gr. Óheimilt skal þeim, er nú skal greina, að taka menn til kennslu:

1) Iðnaðarmönnum, sem með dómi eru sekir orðnir um verknað þann, er svivirðilegur er að almenningsáliti, nema þeir hafi fengið uppreisn á æru sinni;

2) þeim, sem þrisvar hafa orðið að hætta iðn sinni eða verzlun (sbr. 14. gr. 2. tölul.) og þannig valdið því að kennslusamningum hefur verið slitið;

3) þeim, sem þrisvar sinnum á 5 árum hafa rofið svo kennslusamninga, að þeim fyrir þá sök hafi verið slitið.

3. gr. Í samningnum skal ákveðið, hve langur kennslutíminn skuli vera. Má hann aldrei vera lengri en 5 ár, að meðtöldum reynslutímanum, sem getið er um í 5. gr.

4. gr. Það skal greinilega tekið fram í samningnum, hvort sá, sem annan tekur til kennslu, skuli láta honum í tje húsnæði, fæði, klæði, þjónustu og annan aðbúnað, meðan á námstímanum stendur, eða í stað þess endurgjalda honum fyrir verk hans í peningum, og ef svo er, hvernig fjeð skuli greiða.

5. gr. Þrjá fyrstu mánuðina af kennslutímanum ber að skoða sem reynslutíma fyrir báða, og hafa þá bæði lærimeistari og nemandi, sje hann þá orðinn 18 ára, en ella foreldrar eða fjárráðamaður, rjett til að heimta, að samningnum sje slitið, án þess að tilgreina nokkra ástæðu. En þegar svo er, á hvorugur heimtingu á skaðabótum hjá hinum, nema skýlaus ákvörðun sje gjörð um það í samningnum.

6. gr. Nemandi skal sýna lærimeistara sínum trúmennsku, hlýðni og auðsveipni; hann skal fylgja lærimeistaranum að vinnu hans, svo sem vinnukraptar hans og kunnátta leyfa.

7. gr. Sje handiðnanemandi yngri en 18 ára, má vinnutíminn ekki fara fram úr 12 stundum á dag, að meðtöldum 2 stundum til að hvílast og matast.

Eigi má að jafnaði fá handiðna- eða verzlunarnemendum neina vinnu frá kl. 9 á kveldin til kl. 6 á morgna. Þó má landshöfðingi veita undanþágu frá þessum fyrirmælum, svo framarlega sem það er nauðsynlegt til þess, að þeir öðlist næga kennslu í tilteknum námsgreinum.

8. gr. Á sunnudögum og helgidögum þjóðkirkjunnar má lærimeistari ekki fá nemanda neina vinnu, nema brýna nauðsyn beri til.

9. gr. Meðan á námstímanum stendur, skal lærimeistari vaka yfir hegðun og siðferði nemanda og eptir megni varna því, að aðrir hafi siðspillandi áhrif á hann. Lærimeistarinn skal sjá um, að nemandi fái kennslu í því nauðsynlegasta af uppdráttarlist, er að iðn hans lýtur, ef slík kennsla er fáanleg á staðnum. Lærimeistarinn skal enn fremur halda nemanda til að sækja iðnaðarmannaskóla, ef slíkur skóli er á staðnum, og greiða kostnað, er af skólanáminu leiðir, nema öðruvísi sje ákveðið í samningnum. Lærimeistari má ekki setja nemanda til þeirrar vinnu, sem er skaðleg fyrir heilsu hans, eða honum er um megn, og heldur ekki má fá honum aðra vinnu en þá, sem lýtur að námi hans, nema nauðsyn beri til, eða það sje berlega áskilið í námssamingnum.

Kennslustúlkur eru ekki undir húsaga gefnar, kennslupiltar eru það þangað til þeir eru fullra 16 ára.

10. gr. Námstímanum skal þannig varið, að nemandi læri, svo fljótt sem unnt er, þá námsgrein, er hann hefur verið settur til. Þá er kennslutíminn er á enda, skal nemandi hjálparlaust leysa af hendi prófsmíð eða inna af hendi eitthvert það verk, sem sýni, að hann sje orðinn fullnuma í þeirri iðn, sem hann hefur stundað nám í, og skulu dæma um það þrír menn, er lögreglustjóri kveður til þess, og skulu tveir af þeim, ef unnt er, vera samiðnarmenn. Nánari ákvæði um prófið og umsjón með því setur landshöfðingi með reglugjörð.

Standist nemandinn prófið, á hann heimtingu á námsbrjefi, er undirskrifað sje af lærimeistara hans og prófdómendum. Nú hefur lærimeistari ekki látið sjer fyllilega annt

um kennslu hans, og sje það orsök til þess, að hann getur ekki að afloknu námi fengið námsbrjef, er votti, að hann sje fær orðinn í sinni grein, og er lærimeistari þá skyldur til að greiða nemanda skaðabætur eptir áliti gjörðarmanna (sbr. 18. gr.).

11. gr. Nú sýkist nemandi, er býr hjá lærimeistara sínum, og er lærimeistari þá skyldur að sjá honum fyrir aðhjúkrun og lækningu á sinn kostnað, þangað til námstímanum er lokið eptir samningnum, eða samningnum er slitið af öðrum löglegum ástæðum, þó eigi lengur en 6 mánuði. Sje sjúklingurinn talinn ólæknandi, eða nemandi hefur beðið tjón á heilsu sinni, er talsvert kveður að, og ætla má að verði langvinnt, skal lærimeistaranum þar að auki vera heimilt að segja lausum námssamningnum 3 mánuðum eptir að nemandinn varð fyrir því, og er hann upp frá því undanþeginn þeirri skyldu að annast hjúkrun og lækningu hins sjúka.

Nú hefur svo verið um samið, að náminu skuli hætta ef nemandi sýkist, eða svo verður um samið síðar, er nemandi verður sjúkur, að náminu skuli lokið, og losast lærimeistari ekki fyrir það frá hinum áðurgreindu skyldum sínum gagnvart fátækrasjóði, er leggja verður með piltinum.

Að öðru leyti skulu ákvæðin í 21., 22. og 25. gr. í tilskipun um vinnuhjú 26. jan. 1866 ná til nemenda, er eiga heima hjá lærimeistaranum, og skulu þar að auki ákvæðin í 22. gr. í greindri tilskipun og ofangreind fyrirmæli um rjett lærimeistarans til þess að segja samningnum slitið, ef nemandi verður sjúkur, eiga við eins fyrir það, þótt eigi sje hann til heimilis hjá lærimeistaranum.

12. gr. Fyr en námssamningi er löglega slitið má enginn taka nemanda annars manns til kennslu eða nota aðstoð hans í sömu iðn.

13. gr. Nú hefur nemandi ástæðulaust yfirgefið nám sitt, og má þá með aðstoð lögreglustjóra flytja hann aptur til meistara síns, ef hann beiðist þess af lögreglustjóra, áður en 2 vikur eru liðnar.

Nú höfðar hann mál eða foreldrar hans eða forráðamaður, sje hann eigi sjálfum sjer ráðandi, til þess að fá samningi slitið, eður og leggur málið í gjörð, og verður nemandi þá eigi fluttur til lærimeistarans að sinni, sje málið höfðað eða í gjörð lagt innan stutts frests, er lögreglustjóri til tekur.

14. gr. Námssamningur verður ógildur:

1) þá er lærimeistarinn deyr;

2) þá er lærimeistarinn hættir við verkiðn sína eða verzlun eða hún hættir um sinn vegna gjaldþrots eða annara orsaka vegna;

3) þá er lærimeistarinn er með dómi orðinn sekur um það afbrot, er svívirðilegt er að almenningsáliti;

4) þá er nemandinn hefur ólöglega hlaupið frá iðn sinni, og lærimeistarinn ekki innan 14 daga gjörir ráðstafanir til þess að heimta hann aptur eða leita skaðabóta.

15. gr. Lærimeistarinn getur slitið samningnum:

1) fyrir sjúkleika sakir samkvæmt því er segir í 11. gr.;

2) ef nemandi gjörir sig sekan í verulegu broti á skyldum þeim, er á honum hvíla eptir námssamningnum;

3) ef hann með dómi verður sekur um brot, sem að almenningsáliti er svívirðilegt.

16. gr. Nemandi, foreldrar eða forráðamaður fyrir hans hönd geta slitið samningi:

1) ef lærimeistarinn misþyrmir nemanda, eða gjörir sig sekan í öðru verulegu broti á skyldum þeim, er á honum hvíla gagnvart honum;

2) ef lærimeistari skiptir um bústað, og flytur lengra burt en 1 mílu frá sveitar-

fjelagi því, er hann bjó í, eða hafði atvinnu sína í, þá er samningurinn var gjörður, enda sje nemandi til heimilis hjá honum, en sje það ekki, þá þegar bústaðaskiptin hafa það í för með sjer, að nemandi verður að fara daglega óhæfilega langan veg til vinnu sinnar;

3) ef lærimeistarinn er burtu frá atvinnu sinni meira en 2 mánuði, nema því að eins, að iðn hans fari fram undir stjórn manns, er fullnuma er í henni;

4) ef nemandi sakir sjúkdóms eða annara orsaka vegna verður óhæfur til þess að geta numið iðn þá, er um var samið og hann þá var hæfur til, eða ef það eptir læknis áliti er hættulegt fyrir líf hans eða heilsu að halda áfram að nema þessa iðn.

5) ef námsstúlka giptist;

6) ef námsstúlka er til heimilis hjá kvonguðum lærimeistara, og kona hans deyr eða hættir samvistum við hann.

17. gr. Auk þess er segir í 15. og 16. gr. er bæði lærimeistara og nemanda eða fyrir hans hönd foreldrum eða forráðamanni heimilt að slíta námssamningi, þegar greiddar hafa verið skaðabætur þær, er fyrir það verða ákveðnar.

18. gr. Nú verður ágreiningur milli lærimeistara og nemanda um þau atriði, er ræðir um í 10. gr. laga þessara, eða 15. gr. nr. 2, 16. gr. nr. 1, 2, og 4, eða 17. gr., og skulu þau mál koma í gjörð, nema málsaðilar komi sjer saman um annað. Í gjörðardómi skulu sitja lögreglustjóri, og er hann oddviti, og tveir menn aðrir, er tilkvaddir sjeu sinn af hvorum málsaðila. Nú vill einhver beiðast gjörðar, og skal hann þá snúa sjer skriflega eða munnlega til oddvita og ákveður hann þvínæst gjörðarfund og kveður málsaðila með 8 daga fyrirvara í mesta lagi til þess að láta gjörðarmenn sína koma á þann fund. Skal á honum leggja fullnaðarúrskurð á málið og ræður afl atkvæðum; eru málsaðilar algjörlega bundnir við þann úrskurð. Heimilt er oddvita að fresta fundinum, þó eigi optar en einu sinni og ekki lengur en í 8 daga, enda hafi annar hvor gjörðarmanna tjáð honum lögleg forföll eða honum þykir nauðsyn til bera til þess að rjettur úrskurður verði á lagður. Nú kemur annar gjörðarmanna ekki og hefur ekki tjáð lögleg forföll, og getur þá oddviti og hinn gjörðarmaðurinn lagt fullnaðarúrskurð á málið. Með gjörðardómi má slíta samningi og dæma þeim, er tjón bíður, skaðabætur.

19. gr. Lærimeistari sá, er brýtur gegn reglunum í 1., 2. eða 12. gr., skal sæta sektum frá 5—200 kr., er renna í fátækrasjóð á þeim stað, er brotið er framið.

Sömu refsingu — nema þyngri refsingarákvæði eigi við — skal sá lærimeistari sæta, sem freklega brýtur gegn skyldum þeim, er á honum hvíla eptir 7.—10. gr., eða sem ástæðulaust vísar nemanda úr námsvist, og sá nemandi, sem freklega brýtur gegn þeim skyldum, er á honum hvíla eptir 6. gr. — nema lærimeistari út af því hafi beitt húsaga — eða ástæðulaust hverfur frá náminu. Ef nemandi er eigi sjálfum sjer ráðandi, og foreldrum hans eða forráðamanni er sök á því gefandi, að hann ástæðulaust hefur horfið frá náminu eða hverfur ekki aptur til þess, þá kemur refsingin niður á þeim.

20. gr. Mál út af brotum gegn ákvæðum í 1., 2. og 12. gr., skulu höfðuð af hinu opinbera og eru almenn lögreglumál. Mál milli lærimeistara og nemanda, er snerta námið, eru einkalögreglumál. Með samþykki málsaðila getur dómarinn metið og tiltekið skaðabætur þær, sem í málinu eiga að dæmast þeim, er tjón hefur beðið.

21. gr. Ákvæðin í lögum þessum eiga einnig við námssamninga, sem gjörðir eru við nemendur, sem eldri eru en 18 vetra, nema 1. gr. — sbr. 3. gr., 1, málslið, 4. gr. og ákvæðin, er þar að lúta í 20. gr. — og 18. gr.

Nd. **88. Frumvarp**

til laga um breyting á tilskipun 26. febrúar 1872 um kennslu heyrnar- og málleysingja og fl. Flutningsmaður Ólafur Briem.

Kostnað þann við kennslu heyrnar- og málleysingja, útbúnað þeirra og ferð til kennslustofnunarinnar, er greiða ber úr jafnaðarsjóðum amtanna samkvæmt 2. gr. tilskipunar 26. febrúar 1872, skal eptirleiðis greiða úr landssjóði.

Ed. **89. Frumvarp**

til laga um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum. Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild.

1. gr. Nú er veðsett eign seld við nauðungar-uppboð, eður hún er fengin veðhafa til eignar af skiptaráðanda eða fógetarjetti, án þess að síðari veðhafar hafi getað fengið borgun af þeirri upphæð, er hún var seld eða látin fyrir, og skal þá um afmáning úr veðmálabókunum á veðskuldabrjefum þeim, er þeim hafa verið gefin, er eigi hafa fengið borgun, farið eptir því sem segir í opnu brefi 22. apríl 1817, þó þannig að auglýsingar þær, er 3. gr. getur um, einungis skulu birtar í blaði því á Íslandi, er birta skal í opinberar auglýsingar.

2. gr. Áður ár er liðið frá því, að lög þessi öðlast gildi, skulu sýslumenn og bæjarfógetar, hver í sínu lögsagnarumdæmi, innkalla eptir reglum þeim, er venja er til um stefnur til ógildingardóma, handhafa að öllum þeim veðskuldabrjefum fasteigna, sem eru orðin 20 ára gömul, þá er lög þessi öðlast gildi, og sem þó finnast óafmáð í afsals- og veðmálabókum lögsagnarumdæmanna, ef álitið verður eptir skýrslum þeim, er fengnar hafa verið hjá hlutaðeigendum — en þar með skal ávallt talinn eigandi hinnar veðsettu eignar — að þau sjeu eigi lengur í gildi. Undanskilin eru veð í fasteign, er standa skulu um aldur og æfi eða um alla lífstíð eins eða fleiri eða tiltekinn tíma, er meiri sje en 20 ár og eigi er liðinn, áður en lögin öðlast gildi.

Þegar ár er liðið frá því, að lög þessi öðlast gildi, getur innköllun eptir þeim eigi lengur átt sjer stað.

3. gr. Um þau veðskuldabrjef, er enginn gefur sig fram með á þeim degi, er í stefnunni var tiltekinn, eða áður, skal þá með dómi ákveða, að þau megi afmá úr veðmálabókunum, og skal það síðan gjört.

Nú gefur einhver sig fram með innkallað veðskuldabrjef til þess að halda því í gildi, og skal þá bóka athugasemd um það í dálki eignarinnar í afsals- og veðmálaregistrinu og eins rita hana á sjálft brjefið.

Nú kemur einhver fram og skýrir frá, að innkallað veðskuldabrjef sje enn í gildi, en að það hafi glatazt fyrir honum, og skal honum þá veittur frestur, eigi styttri en 3 mánuðir og eigi lengri en 6 mánuðir, til þess að færa sönnun á það fyrir dómritaranum, að sá, er hefur hina veðsettu eign í eignarhaldi, kannist við veðskuldbindinguna, eða veðhafi hafi gjört nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fá hana viðurkennda með dómi. Gjöri hann hvorugt af þessu, skal veðskuldabrjefið afmáð, en að öðrum kosti skal beðið dóms í málinu, áður en lengra er farið.

4. gr. Í málum þeim, er ræðir um í 2. gr., skal engin gjöld greiða. Kostnaður við birting á stefnunum greiðist úr landssjóði.

Fyrir afmáning, bókun og áritun eptir 3. gr. skal ekkert borga.

Ed. **90. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um heiðurslaun handa Páli sögukennara Melsteð. Frá Jóni A. Hjaltalín og Hallgr. Sveinssyni.

Í stað orðsins »heiðurslaun« í fyrirsögn frumvarpsins komi: »sjerstök eptirlaun«, og í stað orðsins »heiðurslaun« í meginmálinu komi: »eptirlaun«.

Nd. **91. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um afnám grísku og latínu sem skyldunámsgreina í Reykjavíkur lærða skóla (þskj. 42). Frá Jóni Þorkelssyni og Sigurði Gunnarssyni.

Orðin í síðari hluta tillögunnar: »að gríska — Reykjavík« falli burt, en í stað þeirra komi: »að endurskoðuð verði kennslureglugjörð hins lærða skóla í Reykjavík, og að við þá endurskoðun verði sjerílagi haft fyrir augum að takmarka kennslu í latínu og grísku, en auka kennslu í íslenzku og íslenzkum bókmenntum, þýzku, ensku og náttúruvísindum«.

Fyrirsögn tillögunnar orðist þannig: »Tillaga til þingsályktunar um breytingu á reglugjörð hins lærða skóla í Reykjavík«.

Ed. **92. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877.

Hin háttvirta efri deild alþingis kaus oss undirskrifaða í nefnd til að athuga þetta mál, og höfum vjer rætt það á nokkrum nefndarfundum. Vjer erum frumvarpinu að vísu að öllu leyti samþykkir. En þareð vjer vissum, að mörgum þingmönnum og eigi allfáum landsmanna er áhugamál að breytt verði allmörgum öðrum ákvæðum kosningarlaganna, þótti nefndinni rjettast að endurskoða öll kosningarlögin í einu, og breyta þeim ákvæðum þeirra, er helzt þykir þurfa breytingar. Af þessum ástæðum höfum vjer komið með nýtt kosningarlagafrumvarp, og upp í það höfum vjer tekið öll þau breytingaratriði, er voru í frumvarpi því, er vjer vorum kosnir til að athuga.

Fyrir því verðum vjer að ráða hinni háttvirtu deild að fella þetta frumvarp í því formi, sem það nú liggur fyrir.

Alþingi, 13. júlí 1893.

Einar Ásmundsson	Jón A. Hjaltalín	Guttormur Vigfússon.
formaður.	skrifari og framsögumaður.	

Ed. **93. Frumvarp**

til laga um kosningar til alþingis frá nefndinni í málinu: Frumvarp til laga um kosningar til alþingis 14. sept. 1877.

Kosningarrjettur og kjörgengi.

1. gr. Með þeim takmörkunum, sem nákvæmar eru teknar fram hjer á eptir (1.—5. gr.) hafa kosningarrjett til alþingis: — *a*, allir bændur, sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til allra stjetta; þó skulu þeir, sem með sjerstaklegri ákvörðun kynnu að vera undanskildir einhverju þegnskyldu gjaldi, ekki missa fyrir það kosningarrjett sinn. — *b*, kaupstaðarborgarar, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 8 kr. á ári; — *c*, þurrabúðarmenn, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 12 kr. á ári; — *d*. embættismenn, hvort heldur þeir hafa konunglegt veitingarbjef, eða þeir eru skipaðir af því yfirvaldi, sem konungur hefur veitt heimild til þessa; — *e*, þeir, sem tekið hafa lærdómspróf

við háskólann eða embættispróf við prestaskólann í Reykjavík, eða eitthvert annað þesshátttar opinbert próf, sem nú er eða kann að verða sett, þó ekki sje þeir í embættum, ef þeir eru ekki öðrum háðir. Þar að auki getur enginn átt kosningarrjett, nema hann sje orðinn fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram.

2. gr. Enginn getur átt kosningarrjett, nema hann hafi óflekkað mannorð, en sá verður eigi talinn að hafa óflekkað mannorð, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, nema því að eins að hann hafi fengið uppreisn æru sinnar, samkvæmt tilskipun 12. Marz 1870.

3. gr. Enginn getur átt kosningarrjett, sem eigi er fjár síns ráðandi, eða sem orðinn er gjaldþrota.

4. gr. Enginn getur átt kosningarrjett, sem þiggur af sveit eða hefur fengið sveitarstyrk, nema hann sje annaðhvort endurgoldinn, eða honum hafi verið gefinn hann upp.

5. gr. Enginn getur átt kosningarrjett, nema hann, þá er kosningin fer fram, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár. Sá, sem hefur fast aðsetur á fleiri stöðum, segi sjálfur til, á hverjum staðnum hann vilji neyta kosningarrjettar síns.

6. gr. Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem hefur kosningarrjett samkvæmt greinunum að framan, ef hann: 1, ekki er þegn annars ríkis eða í þjónustu þess; 2, hefur að minnsta kosti í síðustu 5 ár verið í löndum þeim í Norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi, og 3, er orðinn fullra 30 ára að aldri, þegar kosningin fer fram. Kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefur verið þar skemur en eitt ár.

Kjörskrár.

7. gr. Hlutaðeigandi hreppsnefnd, eða bæjarstjórn, skal semja og halda kjörskrár yfir þá menn í hverjum hreppi eða bæ, sem kosningarrjett hafa.

8. gr. Á kjörskrárnar skal setja í sjerstaka dálka fullt nafn kjósenda, aldur þeirra, stjett og heimili, og skal á skránum vera rúm, þar sem rituð verður atkvæðagreiðsla kjósanda. Á hverri kjörskrá skal raða niður nöfnum kjósenda eptir stafaröð.

9. gr. Kjörskrár skulu samdar einu sinni á ári hverju; skulu þær kjörskrár lagðar til grundvallar, sem þá eru í gildi, en þeir kjósendur úr felldir, sem síðan eru dánir eða hafa flutzt burtu eða misst kosningarrjett sinn (sbr. 2. 4. og 5. gr. laga um kosningar til alþingis 14. sept. 1877), og þeim bætt við, sem síðan hafa öðlast kosningarrjett fyrir 6. júnímánaðar og fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru um aldur og heimili. Ennfremur skulu þeir, sem að vísu enn þá eigi hafa fullnægt þeim skilyrðum, er síðast var getið, en vænta má að muni fullnægja þeim einhverntíma á því ári, er kjörskrárnar skulu gilda fyrir, teknir uppá skrá sjer, og skal um leið tilgreina þann dag í árinu, er þeir annaðhvort verða fullra 25 ára að aldri, eða hafa verið heimilisfastir í kjördæminu eitt ár.

10. gr. Kjörskrár skulu leiðrjettar í febrúarmánuði ár hvert. Efasemdum þeim, sem þá kunna að koma fram, skal hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn skera úr, þá er búið er að fá skýringar um málið.

11. gr. Frá 1. til 20. marz, að báðum þessum dögum meðtöldum, skulu kjörskrár liggja öllum til sýnis á þeim stað, sem hentugur er fyrir hreppsbúa eða bæjarbúa eða eptir atvikum á fleiri slíkum stöðum. Staðfest eptirrit af skránum má hafa til þess að leggja fram. Hvenær og hvar skrárnar skulu lagðar fram, skal birta að minnsta kosti með 14 daga fyrirvara við kirkjufund eða á annan hátt, sem vant er að birta almennar auglýsingar þar á staðnum.

12. gr. Áður en 8 daga eru liðnir frá þeim tíma, er kjörskrárnar hafa legið til

sýnis, skal hver sá, er ætlar, að sjer sje ranglega sleppt á skránni eða, að einhver sje þar, sem eigi hafi rjett til þess að standa þar, bera upp fyrir oddvita hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar tilmæli sín um að verða tekinn upp á skrárnar eða kröfu sína um, að nafn hins verði dregið út, og skulu tilfærðar ástæður þær, sem krafan er byggð á.

13. gr. Aðfinningum þeim við kjörskrárnar, sem þannig eru komar fram, skal hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem skal haldinn, áður en 3 næstu vikur eru liðnar. Til þess fundar skulu með 8 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinningar, og þeir, sem mælt er á móti, og skal hinum síðarnefndu um leið skýrt frá, hver mótmæli sje komin fram gegn þeim, samkvæmt þeim skjölum, sem málspartarnir leggja fram og framburði þeirra vitna, sem þeir leiða; skal leggja úrskurð á ágreining þann, sem fram er kominn, og hann ritaður með fám orðum í hina venjulegu gjörðabók hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar. Þegar búið er að leiðrjetta kjörskrárnar samkvæmt þessu, skal oddviti hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar, rita nafn sitt undir þær. Eptir þetta verður á því ári engin breyting gjörð á kjörskránum, nema dómur sje á undan genginn. (8. gr.).

14. gr. Þá er búið er að leiðrjetta kjörskrárnar, skulu þær alstaðar nema í Reykjavík, samdar í tvennu lagi, og skal oddviti hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar tafarlaust senda aðra skrána oddvita þeirrar sýslunefndar, sem í hlut á. Hann skal fyrir 1. dag maímánaðar skýra hlutaðeigandi amtmanni frá, hvort hann hafi tekið við öllum kjörskránum; en ef svo er ekki, hverjar vanti. Amtmaður skal þá sjá um, að þær skrár, sem vantar, verði útvegaðar tafarlaust, og beiti hæfilegum þvingunarsektum, ef á þarf að halda. Í Reykjavík skal oddviti bæjarstjórnarinnar, fyrir þann tíma, sem getið var, skýra amtmanninum yfir suðuramtinu frá, hvort búið er að leiðrjetta kjörskrárnar.

15. gr. Verði það uppvíst, að kjörskrárnar sje eigi leiðrjettar á lögskipaðan hátt, skal skýra landshöfðingja frá því, og skal þá þegar ákveðið, hvort höfða skuli lögsókn, og skal amtmaður þar að auki skipa hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn að gjöra tafarlaust þær ráðstafanir, sem fyrirskipaðar eru í lögunum, og leggja við hæfilega þvingunarsekt, ef á þarf að halda. Amtmaður skal, þegar svo á stendur, hafa vald til að stytta hvern þann frest, sem ákveðinn er í lögum.

16. gr. Sá, sem er óánægður með úrskurð þann, er synjar honum kosningarrjettar, má heimta, að sjer verði fengið eptirrit af úrskurðinum kauplaust, og getur hann látið málið ganga til dóms og laga. Mál út af þessu skal farið með, sem gestarjettarmál. Málspartar eru fyrir undirrjetti undanþegnir því að greiða rjettargjöld, og skal hið opinbera skipa mann fyrir hönd sveitar- eða bæjarstjórnarinnar, sem stefnt er. Verði það dæmt, að sá, sem í hlut á, eigi kosningarrjett, skal taka hann upp á kjörskrána, jafnskjótt og hann leggur fram eptirrit af dóminum.

17. gr. Kjörskrárnar gilda frá 6. júní til 5. júní ár hvert. Samkvæmt þessum skrám skulu allar kosningar til alþingis fram fara á því ári, þó þannig, að þess verði gætt, að þeir menn, sem á aukaskránni eru (1. gr.) að eins hafi rjett til þess að greiða atkvæði, ef þeir fyrir kosningardaginn hafa fullnægt þeim skilyrðum, sem sett eru um aldur og heimili. Ef kosning kemur fyrir fleirum sinnum á árinu, skal eptirrit af skránum, sem staðfest sje af hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn, vera til taks til afnota við hina nýju kosningu.

Kjördæmi og kjörstjórnir.

18. gr. Sjerhver sýsla á landinu skal vera eitt kjördæmi, að undan teknum Skaptafells- og Þingeyjarsýslum, sem hvorri um sig skal skipt í tvö sjerstök kjördæmi með þeim takmörkum, sem hingað til hafa verið. Kaupstaðurinn Reykjavík með því nágrenni, sem heyrir undir lögsagnar umdæmi bæjarins, skal vera kjördæmi fyrir sig. Tölu

hinna þjóðkjörnu alþingismanna, sem ákveðin er í stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874, 14. gr., skal skipt niður á þann hátt, að 2 alþingismenn sjeu kosnir í sjerhverju af kjördæmum þeim, sem hjer skulu talin: Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnessýslu, Rangárvallasýslu, Ísafjarðarsýslu ásamt Ísafjarðarkaupstað, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu ásamt Akureyrarkaupstað, Norður-Múlasýslu og Suður-Múlasýslu. En í hverju hinna kjördæmanna, sem eru hin tvö kjördæmi í Skaptafells- og Þingeyjarsýslum, hvorri um sig, Vestmannaeyjasýsla, Reykjavíkurkaupstaður, Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Snæfellsness- og Hnappadalssýsla, Dalasýsla, Barðastrandarsýsla og Strandasýsla skal kjósa einn alþingismann.

19. gr. Í hverjum hreppi skal setja undirkjörstjórn. Hreppstjórinn skal vera oddviti hennar; með honum skulu vera í kjörstjórninni 2 menn, annar sá, er hreppsnefndin kveður til þess úr sínum flokki, og hinn kjósi hreppsbúar, sem atkvæði hafa í sveitarmálum, á hreppaskilum til 6 ára. Þó er rjett, að amtmaður leyfi, ef um það koma fram tilmæli frá tveimur eða fleiri nágrannahreppum, og sýslunefndin styður þau tilmæli með tillögum sínum, að nágrannahreppar þessir kjósi í fjelagi saman, og fyrirskipar þá amtmaður, hvernig kosið skal í kjörstjórninna, og hver vera skuli oddviti hennar. Í Reykjavík, á Akureyri og á Ísafirði skal oddviti bæjarstjórnarinnar vera oddviti kjörstjórnar; með honum skulu vera í henni 2 menn; annar sá, er bæjarstjórnin kveður til þess úr sínum flokki, og hinn kjósi bæjarbúar, sem atkvæði hafa í bæjarmálum, til 6 ára. Á Vestmannaeyjum skal sýslumaður vera oddviti kjörstjórnarinnar; með honum skulu vera í henni 2 menn, annar sá, er sýslunefndin kveður til þess úr sínum flokki, og hinn kjósi eyjarbúar, sem atkvæði hafa í sveitarmálum, til 6 ára.

20. gr. Oddviti undirkjörstjórnarinnar stendur fyrir öllum undirbúningi undir sjálfa kosninguna, og sjer um, að kjörskráin sje við á kjörþinginu.

21. gr. Undirkjörstjórnin heldur kjörbók, þar sem bókað skal, að kjörskráin hafi verið fram lögð, og þau brjef, sem til hennar eru komin. Í kjörbókina skal rita það helzta sem fram fer á kjörþinginu, en þar með skal þó eigi telja ræður þær, sem haldnar verða. Kjörstjórnin skal rita nöfn sín undir kjörbókina og atkvæðaskrárnar, og skal í Reykjavík bæjarfógetinn geyma hana, en annarsstaðar oddvitar kjörstjórnanna.

Deginum eptir kosninguna skal oddviti kjörstjórnarinnar senda oddvita yfirkjörstjórnarinnar staðfest eptirrit af því, sem ritað er í kjörbókina um kosningu þá, sem fram hefur farið, ásamt kjörskránum, og sje hvorttveggja innsiglað.

22. gr. Fyrir hvert kjördæmi, nema Reykjavík og Vestmannaeyjar, skal setja yfirkjörstjórn. Skal sýslumaður vera oddviti yfirkjörstjórnarinnar, og eru í henni að auki 1 af sýslunefndarmönnum og 1 af kjósendum, sem sýslunefndin kýs.

Yfirkjörstjórnin heldur bók, þar sem bókað skal það, sem gjörist á fundum hennar.

Með næstu póstferð eptir kosninguna skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar og sýslumaðurinn á Vestmannaeyjum senda landshöfðingja staðfest eptirrit af fundarbók kjörstjórnarinnar, ásamt með atkvæðaskránum og afskriptum af kjörfundarbókum hreppanna.

Oddviti bæjarstjórnarinnar í Reykjavík skal senda landshöfðingja í síðasta lagi 10 dögum eptir kosninguna eptirrit af því, sem ritað hefur verið í kjörbókina um kosningu þá, sem fram hefur farið, ásamt atkvæðaskránum.

Landshöfðingi fær síðan alþingi eptirrit þessi, ásamt þeim skýrslum, er honum hefur þótt ástæða til að útvega.

Þingmannaefni.

23. gr. Enginn getur orðið fyrir kosningu, þegar kjósa á alþingismenn, nema hann hafi skriflega boðið sig fram til kosningar, og hafi auk þess fengið skrifleg með-

mæli að minnsta kosti tveggja kjósenda úr meiri hluta hreppa þeirra og bæjarfjelaga, sem í kjördæminu eru. Framboðið og meðmælingarnar skal hann senda til oddvita yfirkjörstjórnarinnar 3 vikum áður en kosning á fram að fara. Þessu framboði skal og fylgja yfirlýsing þess, að hann hafi eigi boðið sig fram til kosninga í nokkru kjördæmi, sem eigi háfi þá þegar hafnað framboði hans. Framboðið, yfirlýsingin og meðmælin skulu vera í eins mörgu lagi og kjörstaðir eru í kjördæminu.

24. gr. Það er eigi nauðsynlegt, að kjörgengi þingmannaefna sje sannað fyrir kjörstjórninni. Komi fram við kosninguna mótmæli gegn kjörgengi þeirra, má kjörstjórnin eigi banna umræður um það, nje heldur fyrir þá sök skorast undan að taka á móti atkvæðum til kosningar þeirra. Alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru.

25. gr. Verði það uppvíst, að eitthvert þingmannsefni hafi gefið kost á sjer í fleiru en einu kjördæmi, er sú kosning eða þær kosningar ógildar, sem hann kann að verða fyrir, nema því að eins, að skilyrði því, sem sett er í 23. gr., sje fullnægt.

Kosningar,

26. gr. Hinar almennu kosningar á þjóðkjörnum alþingismönnum eiga vanalega fram að fara 6. hvert ár.

Þegar slíkar kosningar eiga fram að fara, annaðhvort fyrir þá sök, að kjörtíminn er á enda eða vegna þess að alþingi er rofið, verður gefið út um það opið brjef, þar sem konungur skipar fyrir, að kosningar skuli fram fara.

Kosningarnar skulu venjulega haldnar frá 6. til 30. júní árið áður en alþingi skal koma saman.

27. gr. Kjörtíminn fyrir allar kosningar skal talinn frá 6. júní, ef ákveðið er samkvæmt greininni á undan, að kosningar skuli fram fara í þeim mánuði; en ef það kynni að verða ákveðið, að kosningar skulu fram fara á öðrum tíma árs, skal nákvæmar sagt fyrir um það í fyrnefndu opnu brjefi, frá hvaða degi kjörtíminn skuli talinn.

28. gr. Ef kjósa þarf einstakan þjóðkjörinn alþingismann, gildir hin nýja kosning fyrir svo langan tíma, sem sá átti eptir, er frá fór. Þegar einstakar kosningar skulu fram fara, gjörir landshöfðingi fyrirskipun um það.

29. gr. Kosningar fara fram á þingstað hvers hrepps, nema amtmaður hafi öðru vísi ákveðið, eða bæjarfjelags í kjördæmi hverju, og má hver koma þar, er vill.

30. gr. Eigi síðar en 4 vikum áður en kosning á að fara fram, skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar senda hverjum kjörstjórnaroddvita í kjördæminu tilkynning um það, hvern dag kjörþing skuli haldið á hverjum kjörstað, og skal hann auglýsa það á vanalegan hátt. Kjörþing skulu haldin sama dag í öllum kjörstöðum kjördæmisins, og skulu þau standa frá hádegi og eigi lengur en til miðaptans.

Framboð og meðmælingar þingmannaefna skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar senda hverjum kjörstjórnaroddvita í kjördæminu eigi síðar en viku á undan kjörþingisdeginum.

31. gr. Kjörstjórnaroddvitinn skal setja kjörþingið á hádegi. Er hann hefur lesið upp hið konunglega opna brjef, eða þann úrskurð landshöfðingja, er fyrirskipar kosninguna, leiðir hann athygli kjósendanna að því, hver tilgangurinn sje með kosninguna, og hve mikilsvarðandi hún sje. Síðan les hann upp nöfn og framboð þingmannaefna þeirra, er hafa boðið sig fram, svo og meðmælingar þeirra.

Kjósendur kjördæmisins hafa rjett til, að mæla með og móti þingmannaefnunum. Oddviti skal stýra þeim umræðum, sem um þetta efni verða. Hann skal og sjá um, að kjörþingið og öll kosningin fari fram í góðri reglu. Enginn kjörstjóranna má tala með eða móti kosningu nokkurs þingmannsefnis.

Oddviti skal slíta umræðunum eigi síðar en 2 stundum fyrir miðaptan, ef þeim er þá

ekki lokið; síðan skal skora á kjósendur, að ganga til kosningar með því að gefa atkvæði sitt einum, eða í þeim kjördæmum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, tveimur af þeim þingmannaefnum, sem boðnir hafa verið fram til kosningar. Þótt eigi sjeu fleiri þingmannaefni en kjósa skal í kjördæminu, skal atkvæðagreiðsla samt fram fara.

32. gr. Oddviti kjörstjórnarinnar á eigi þátt í því, að taka við atkvæðum. Einn af hinum, sem í kjörstjórninni eru, ritar, eptir að hann hefur kannazt við kjósendurna, nafn þess, eða í þeim kjördæmum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, nöfn þeirra tveggja þingmannaefna, sem kjósandi greiðir atkvæði sitt, við hliðina á hans eigin nafni í sjálfri kjörskránni. Annar úr kjörstjórninni ritar á sjerstaka atkvæðaskrá nafn kjósanda við hliðina á nafni þess eða þeirra þingmannaefna, sem hann hefur gefið atkvæði sitt. Áður en kjósandinn gengur frá, skal lesa upp fyrir honum bæði hans eigið nafn og þess eða þeirra nöfn, sem hann hefur kosið, til tryggingar því, að rjett sje ritað á báðar skrárnar, og að því beri hverju saman við annað.

Á miðaptni skal kjörstjórnin hætta að taka á móti atkvæðum til kosningarinnar, og þá skulu kjörstjórar færa inn atkvæði sjálfra sín (ef þeir hafa atkvæðisrjett) og er þá atkvæðagreiðslu lokið.

33. gr. Í kjörbókina skal rita það, sem fram hefur farið á kjörfundinum, og skal kjörstjórnin skrifa nöfn sín undir hana, svo og undir atkvæðaskrárnar. Síðan tekur kjörstjórnin afskript af því, sem bókað hefur verið í kjörbókinni, og staðfestir það með undirskript sinni. Þá innsiglar kjörstjórnin afskriptina, atkvæðaskrárnar og framboð þingmannaefna og meðmæli í einu lagi; og skal oddviti kjörstjórnarinnar senda mann með það til oddvita yfirkjörstjórnarinnar eigi síðar en næsta dag eptir kjörþingið.

34. gr. Eigi síðar en 8 dögum eptir hinar almennu kosningar skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar kalla á fund með sjer báða hina yfirkjörstjórnarmennina; skal hann í viðurvist þeirra brjóta innsigli atkvæðaskráa þeirra, er seudar hafa verið frá hreppunum og bæjarfjelögunum. Skulu þá yfirkjörstjórarnir í sameiningu telja saman atkvæðin á atkvæðaskránum. Það þingmannsefni eða þau þingmannaefni, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, er flest atkvæði hafa fengið, eru þá rjett kjörnir alþingismenn fyrir kjördæmið. Nú hafa 2 eða fleiri þingmannaefni jöfn atkvæði, og skal sá þá rjettkjörinn alþingismaður fyrir kjördæmið, sem eldri eða elztur er; sjeu þeir alveg jafnir að aldri, skal hlutkesti ráða.

Heimilt er þingmannaefnum eða umboðsmönnum þeirra, ef þeir hafa skriflegt umboð, að vera við upptalningu atkvæðanna.

35. gr. Yfirkjörstjórnin fær hverjum þjóðkjörnum alþingismanni kjörbrjef; skal það samið samkvæmt fyrirmynd, sem stjórnarráðið fyrir Ísland segir fyrir um. Skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar senda þingmanninum það brjef, svo fljótt sem kostur er á.

Dagpeningar og þingfararkaup.

36. gr. Alþingismenn fá í endurgjald 6 krónur um hvern dag, bæði fyrir þann tíma, sem þeir þurfa til ferðarinnar til alþingis og frá því, og fyrir þann tíma, sem þeir eru á alþingi; sömuleiðis fá þeir, eptir því hvar heimili þeirra er, þingfararkaup, sem hjer greinir:

Í	Norður-Þingeyjarsýslu	280 kr.
—	Norður-Múlasýslu	350 —
—	Suður-Múlasýslu	350 —
—	Austur-Skaptafellssýslu	330 —
—	Vestur-Skaptafellssýslu	170 —
—	Rangárvallasýslu	130 —
—	Vestmannaeyjasýslu	100 —

— Árnessýslu ... ... 80 —
— Gullbringu- og Kjósarsýslu ... . 20 —
— Borgarfjarðarsýslu ... ... 60 —
— Mýrasýslu ... ... 80 —
— Snæfellsnessýslu ... ... 100 —
— Dalasýslu ... ... 100 —
— Barðastrandarsýslu ... ... 100 —
— Ísafjarðarsýslu ... ... 160 —
— Strandasýslu ... . 160 —
— Húnavatnssýslu ... ... 160 —
— Skagafjarðarsýslu ... ... 180 —
— Eyjafjarðarsýslu ... ... 210 —
— Suður-Þingeyjarsýslu ... ... 240 —
— Danmörku ... ... 200 —

Allur kostnaður við alþingi greiðist úr landssjóði, og ávísa forsetar þingdeildanna honum, hvor fyrir sína deild, en forseti hins sameiginlega þings sameiginlegum kostnaði.

Almennar ákvarðanir.

37. gr. Yfirkjörstjórar mega reikna sjer fæðispeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað samkvæmt tilskipun um sveitastjórn á Íslandi 4. maí 1872, 38. gr., þannig, að útgjöldin greiðist úr sýslusjóðum. Annar kostnaður við kosningarnar, svo sem fyrir kjörbókum, sendiferðum milli yfirkjörstjórnarinnar og undirkjörstjórnanna, auglýsingum o. fl. skal greiddur úr sýslusjóði. Í Reykjavík skal greiða gjöld þau, sem síðast voru nefnd, úr sjóði bæjarins.

38. gr. Vanræki nokkur störf þau, sem honum eru á hendur falin með lögum þessum, skal hann sæta 10—200 kr. sektum, ef þyngri hegning eigi liggur við samkvæmt lögum.

39. gr. Með lögum þessum eru úr gildi felld lög um kosningar til alþingis 14. sept. 1877.

Nd. **94. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um friðun á skógi og mel. Frá Jens Pálssyni og Skúla Thoroddsen.

Aptan við fyrstu málsgrein 2. greinar bætist: „og jörð hafa til ábúðar, e skógur fylgir eður melur“.

Ed. **95. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880, um skipun prestakalla. Frá Einari Ásmundssyni og Guðjóni Guðlaugssyni.

Við 1. gr. Í staðinn fyrir 600 kr. komi: 800 kr.

Ed. **96. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar á Svalbarðseyri. Flutningsmaður Einari Ásmundsson.

Á Svalbarðseyri við Eyjafjörð skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **97. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um friðun á skógi og mel. Frá Sighvati Árnasyni. Guðl. Guðmundssyni, Þórði Guðmundssyni. Þorláki Guðmundssyni, Sigfúsi Árnasyni, Jóni Þorkelssyni.

Fyrirsögn frumv. orðist þannig: „Frumvarp til laga um samþykktir til að friða skóg og mel“.

Ed. **98. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um gjaldþrotaskipti.

Vjer undirskrifaðir, sem höfum verið kosnir í nefnd til þess að íhuga frumvarp til laga um gjaldþrotaskipti, er lagt hefur verið fyrir hina heiðruðu þingdeild af hálfu stjórnarinnar, höfum á mörgum fundum vandlega athugað frumvarpið, og er það álit vort um það, að það sje þörf og góð rjettarbót, og viljum við því ráða hinni heiðruðu þingdeild til að samþykkja það.

Eins og getið er um í hinum ítarlegu athugasemdum við frumvarpið, sem vjer leyfum oss að vitna til, er það að mestu leyti sniðið eptir lögum Dana um gjaldþrota skipti, útgefnum 25. marz 1872, en það er kunnugt, að undirbúningur þessara laga var vandaður sem ýtrast mátti verða. Þar sem nú síðan snemma, eða að minnsta kosti um miðja fyrri öld, skiptamálum hjer á landi hefur verið ráðið til lykta eptir dönskum lögum eða analogíu þeirra, þar sem íslenzk lög eigi hafa verið til um það efni, virðist það eigi áhorfsmál, að lögleiða hjer á landi frumvarp þetta, til þess að fylla eyður þær í skiptalöggjöfinni, sem eigi finnast ákvæði um í skiptalögum 12. apríl 1878.

Breytingartillögur þær, sem nefndin hefur leyft sjer að koma fram með, eru aðal-lega að eins orðabreytingar, og væntum vjer þess, að þær sjeu heldur til þess að skýra frumvarpið.

Breytingartillögurnar við frumvarpið eru þessar:

Breytingartillögur.

1.	Við	1. gr.	Í	staðinn fyrir	„þykist“	komi: hyggst
2.	—	3. gr.	—	——	—	„skuld að öðrum“ komi: skuld hjá öðrum
3.	—	—	—	——	—	„fær hann“ komi: fær hana
4.	—	— —	—	——	—	„upplýsingum“ komi: skýrslum
5.	—	— —	—	——	—	„þrýtur“ komi: nægir
6.	—	4. gr.	—	——	—	„verzlunarmaður“ komi: kaupmaður
7.	—	— —	—	—	—	„skoða“ komi: telja
8.	—	— —	—	——	—	„svarakröfu“ á 2 stöðum í greininni komi: svarkröfu
9.	—	5. gr.	—	——	—	„í atvinnu sinni“ komi: við atvinnu sína
10.	—	6. gr.	—	—	—	„skoða svo“ komi: líta svo á
11.	—	9. gr.				„það“ í 1. línu greinarinnar falli burt
12.	—	10. gr.	—	——	—	„ef ætla má . . . í þann veginn“ komi: ef hann gerir sig líklegan til
13.	—	— —	—	——	—	„láta höfða“ komi: höfðuð sje
14.	—	11. gr.	—	——	—	„sje„ í 1. línu greinarinnar komi: skuli
15.	—	— —	—	——	—	„situr í fangelsinu“ komi: skal vera í fangelsi
16.	—	— —	—	——	—	„þá aldrei“ komi: þó aldrei

17. — 12. gr. — — — „til að mynda þannig“ komi: svo sem
18. — — — — — — „getur lofað“ komi: getur leyft
19. — — — — — — „hyski“ komi: heimamönnum
20. — 13. gr. — — — „takmörkum“ kom: takmörkunum
21. — — — — — — „einkayfirlýsingu ákvæði annars manns“ komi: á-kvæði einstakra manna
22. — 14. gr. — — — „gildir þó eigi“ komi: á þó eigi við
23. — 15. gr. — — — „Nú kemst skuldunautur að arfi“ komi: Nú fær skuldunautur arf
24. — — — — — — „sneitt“ komi: komizt
25. — 16. gr. — — — „skuldunauti“ komi: skuldunaut
26. — 17. gr. — — — „Þetta gildir . . . tilviljun“ komi: Þetta á þó eigi við um það, er honum áskotnast í talnaspili, í spilum eða á annan slíkan hátt.
27. Orðið „þær“ í fyrirsögninni fyrir 4. kap. falli burt.
28. — 18. gr. — — — „gjaldþrotabúsins“ komi: þrotabúsins
29. — 20. gr. — — — „gjaldþrotabúinu“ komi: þrotabúinu
30. — — — — — — „skuldarkröfuna“ og „skuldarkrafan“ komi: skulda-kröfuna og skuldakrafan
31. — — — — — — „og var skuldunautur . . . kringumstæður“ komi: og var, svo að skuldareigandi vissi, eigi þá svo ástatt fyrir skuldunaut
32. — — — — — — „mótkröfurjetti“ komi: gagnkröfurjetti
33. — — — Orðin: „til þess að láta kröfurnar jafnast upp“ falli burt.
34. — 21. gr. — — — „sú“ í 3. línu greinarinnar komi: sá
35. — — — — — — „venjulegs flutningatíma eða fardaga“ komi: far-daga eða venjulegs flutningstíma
36. — 22. gr. — — — „skoða verður“ komi: telja verður
37. — — — — — — „virði“ komi: verði
38. — 23. gr. — — — „8. gr. laga . . . gildi“ komi: Fyrirmæli 8. gr. laga 4. nóv. 1887 um veð eru framvegis í gildi
39. — 24. gr. — — — „skal“ komi: má
40. — — — — — — „í tilfellum þeim, er ræðir um“ komi: þegar svo á stendur, er segir
41. — 25. gr. — — — „á skuld“ komi: skuldar
42. — — — — — — „verið hefur tekið fyrir“ komi: höfðað hefur verið
43. — — — — — — „þrot“ komi: gjaldþrot
44. — 26. gr. — — — „eptir að svo er komið . . . strokinn“ komi: strokið
45. — — — — — — „hlýtur“ komi: hlaut
46. — — — — — — „muni“ komi: mundi
47. — — — — — — „gjört einhverjar þær ráðstafanir . . . sumum“ komi: og hann hefur eptir það með einhverjum ráðstöfunum — og sje þar með talin borgun

skulda, sem fallnar eru í gjalddaga — fvilnað sumum

48. — — — — —— — „varði við“ komi: saknæmt sje eptir

49. — — — — —— — „að hinu móttekna . . . kunnugt“ komi: að skuldheimtumaður skili aptur því, er hann þannig hefur fengið, eða verði þess, hafi honum verið kunnugt

50. — 27. gr. — —— — „virði“ komi: verði

51. — — — — —— — „yfir höfuð“ komi: að þessu leyti

52. — — — — —— — „Nú er víxill . . . hinsvegar“ komi: Nú er víxill, sem kominn er í gjalddaga, borgaður með vanalegum gjaldeyri, og verður þess þá eigi krafizt, að sá skili aptur borguninni, sem hefði haft rjett til þess að krefjast borgunar á víxlinum hjá öðrum, ef bú skuldunauts yrði tekið til gjaldþrotaskipta, en hefur misst þennan rjett við greiðsluna; hins vegar

53. — — — — —— — „og sem hefði“ komi: og hefði

54. — — — — —— — „sagt er frá“ komi: segir

55. — 28. gr. — —— — „á undan gjaldþrotaskiptunum“ komi: áður en gjaldþrotaskiptin byrjuðu

56. — — — — —— — „virði“ komi: verði

57. — 30. gr. — —— — „en fram fara . . . hætti“ komi: hvort sem eru gjafir, kaup eða önnur afsöl

58. — — — — —— — „koma“ komi: verða

59. — — — — —— — „til skaða“ komi: til tjóns

60. Fyrirsögn 5. kap. orðist þannig: Um önnur gjaldþrotaskipti.

61. — 34. gr. — —— — „þann“ í 6. línu greinarinnar komi: hann

62. — — — — —— — „áframhald“ komi: framhald

63. — — — — —— — „engir annara skuldheimtumanna þjóðast“ komi: enginn annar skuldheimtumaður býðst

64. — 36. gr. Greinin orðist þannig: Þegar öðruvísi er ástatt, er gjaldþrotaskiptunum lokið með úthlutunum skiptaráðanda.

Í efri deild alþingis 14. júlí 1893.

L. E. Sveinbjörnson, formaður. Kristján Jónsson, framsögum. Einar Ásmundsson, og skrifari.

Þorleifur Jónsson. Guttormur Vigfússon.

Ed.

99. Breytingartillögur

við frv. til laga um atvinnu við siglingar. Frá Hallgr. Sveinssyni.

1. Við 6. gr. orðið „það“ á eptir: „vottorð frá 2 skipstjórum um“, falli burtu.
2. Við 13. gr. fyrir „hlutaðeigandi vjelar“, komi: „vjelarinnar“.
3. Við 16. gr, fyrir „með málin skal fara sem“, komi: „og skal með málin fara sem með“.

Nd. **100. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um rjett þeirra manna, er hafa þjóðkirkjutrú, til að ganga í borgaralegt hjónaband. Frá Skúla Thoroddsen. Jóni Jónssyni þm. Eyf. Jóni Jónssyni 2. þm. N.-Múlas. Jóni Jakobssyni. Ólafi Briem. Birni Bjarnarsyni.

Í stað orðanna: „Hvort sem þau hafa þjóðkirkjutrú eða ekki“. komi: „er þjóðkirkjutrú hafa“.

Ed. **101. Frumvarp**

til laga um breyting á 1. gr. í lögum 27. febrúar 1880 um skipun prestakalla, (eins og það var samþykkt við 2. umr. í efri deild).

1. gr. Vallanesprestakall skal vera Vallanessókn, að undanteknum bæjunum Stóra-Sandfelli og Vaði, og Hallormsstaðasókn að undanteknum bæjunum Mýrum og Geirólfsstöðum. Frá þessu brauði greiðast 600 krónur í landssjóð.

2. gr. Þingmúlaprestakall skal vera Þingmúlasókn með Stóra-Sandfelli og Vaði, Mýrum og Geirólfsstöðum.

3. gr. Mýrar og Geirólfsstaðir, kirkjujarðir hins fyrverandi Hallormsstaðaprestakalls, leggjast til Þingmúla.

Ed. **102. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 9. janúar 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872. Flutningsmaður Jón A. Hjaltalín.

1. gr. Niðurjöfnun sú eptir efnum og ástæðum, er ræðir um í 1. gr. í lögum 9. janúar 1880 um breyting á tilskipun um sveitartstjórn á Íslandi 4. maí 1872, nær til allra þeirra manna, er hafa fast aðsetur í hreppnum. Þeir skulu greiða þar fullt gjald eptir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarsstaðar; sje svo, má ekki leggja hærra gjald á þá, en samsvari þeim tíma, er þeir hafa fast aðsetur í hreppnum. Fast aðsetur í hreppnum skemmri tíma en 4 mánuði kemur ekki til greina. Sömuleiðis má leggja gjald á ábúð á jörðu eða jarðarhluta, en ábúð er það, ef maður hefur umráð og afnot jarðar eða jarðarparts, sem metinn er til dýrleika, og greiðir öll skyldugjöld, sem á jörð þeirri eða jarðarparti hvíla, hvort sem hann hefur þar fólk að staðaldri eða eigi. Enn fremur má leggja gjald á fastar verzlanir og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki í hreppnum, er sje rekin að minnsta kosti 4 mánuði af gjaldárinu, þótt eigendur þeirra eigi hafi þar fast aðsetur. Á þessa stofna skal leggja gjald, er samsvari útsvarinu eptir efnum og ástandi, eptir því er hæfa þykir eptir árlegri veltu og arði, án þess að tillit sje haft til annara tekja eða eigna þess, sem í hlut á.

Lög þessi ná eigi til ákvæða 2. gr. í lögum um bátfiski á fjörðum.

2. gr. Með lögum þessum eru úr gildi felld: lög um viðauka við lög 9. jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872, 9. ágúst 1889.

Nd. **103. Frumvarp**

til samþykktarlaga um verndun Safamýrar í Rangárvallasýslu, (eins og það var samþykkt við 2. umr. í nd.)

1. gr. Sýslunefndinni veitist vald til, að gjöra samþykkt um verndun Safamýrar, á þann hátt, sem segir í lögum þessum.

2. gr. Nú þykir sýslunefndinni þörf á, að gjöra samþykkt til að vernda og viðhalda Safamýri, skal hún kveðja eigendur og ábúendur þeirra jarða, sem hlut eiga að máli, til fundar, og eiga þeir allir atkvæðisrjett á þeim fundi.

Sýslunefndin kveður á um fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara, en sýslumaður sje fundarstjóri eða einhver sýslunefndarmanna, er nefndin kýs til þess, og skal hann hafa skrá yfir þá, sem atkvæðisrjett eiga á fundinum við hendina.

Ef fundarstjóri verður að takast ferð á hendur til þess að halda fundinn, ber að greiða honum 2 kr. á dag í dagpeninga og ferðakostnað að auki eptir reikningi, er sýslunefndin úrskurðar, og greiðist það gjald úr sýslusjóði.

3. gr. Sýslunefndin semur frumvarp til samþykktar þeirrar, er hún vill koma á, og ber undir álit og atkvæði fundar þess, er um er rætt í 2. gr.

Nú fallast fundarmenn á frumvarp nefndarinnar, breytt eða óbreytt, með $^2/_3$ atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, og skal þá sýslunefndin senda amtmanni frumvarpið til staðfestingar.

4. gr. Nú þykja amtmanni nokkur ákvæði samþykktarinnar ganga of nærri rjetti manna, eða að hún komi á einhvern hátt í bága við lög og grundvallarreglur laganna, og synjar hann þá um staðfesting sína, en skýra skal hann sýslunefndinni frá ástæðum fyrir neituninni. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og kveður á um, hvenær hún skuli öðlast gildi, og er hún upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, sem hlut eiga að máli.

Samþykkt þeirri, sem amtmaðnr hefur staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð á.

Amtmaður hlutast til um, að samþykktin sje prentuð í B.-deild Stjórnartíðindanna.

5. gr. Samþykktin skal kveða á um eptirlit það, sem þarf til þess að hennar sje vandlega gætt, og hvernig greiða skuli kostnað, sem af því leiðir.

6. gr. Brot gegn staðfestri samþykkt varðar 10—100 kr. sekt, sem rennur í sýslusjóð.

7. gr. Með brot gegn samþykkt þessari skal fara sem opinber lögreglumál.

Nd. **104. Frumvarp**

til laga um rjett þeirra manna, er hafa þjóðkirkjutrú, til að ganga í borgaralegt hjónaband, (eins og það var samþykkt við 2. umræðu í neðri deild).

Rjett er sjerhverjum hjónaefnum, hvort sem þau hafa þjóðkirkjutrú eða ekki, að láta veraldlegan valdsmann gefa sig í borgaralegt hjónaband, samkvæmt þeim reglum, er settar eru í lögum 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn.

Nd. **105. Nefndarálit**

um frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1892 og 1893.

Hin háttvirta neðri deild hefur vísað til undirskrifaðra nefndarmanna ofannefndu frumvarpi, til þess að vjer gjörum um það tillögur vorar, og leyfum vjer oss því hjer með að skýra frá áliti voru á þessa leið:

Við 1.—3. gr. og 4. gr. b. frumvarpsins höfum vjer ekkert haft að athuga, en að því er snertir fjárveitinguna sem farið er fram á í 4. gr. a, til að gjöra við húsgrunninn á Möðruvöllum, þykir oss það að vísu aðfinnsluvert, að skólastjórinn á Möðruvöllum hefur upp á eigin eindæmi samið um og látið vinna verkið, án þess sjeð verði, að hann hafi fyrst leitað samþykkis yfirboðara sinna, og án þess dómkvaddir menn hafi verið látnir meta, hvers virði verkið væri; en þar sem nefndinni þó hefur gefizt kostur á að kynna sjer samning þann m m., er skólastjórinn hafði gjört, og álíta má að það hafi verið óhjákvæmilegt að leysa verkið sem fyrst af hendi, þá viljum vjer þó eptir atvikum einnig ráða deildinni til að samþykkja þessa fjárveitingu.

Frá prestinum síra Oddi V. Gíslasyni á Stað í Grindavík hefur oss borizt bænarskrá þess efnis, að honum verði á yfirstandandi ári veittur 1500 kr. styrkur til þess að fara til heimssýningarinnar í Chicago, sem nú stendur yfir; en eptir atvikum höfum vjer eigi sjeð oss fært að ráða deildinni til að samþykkja þessa fjárveitingu.

Enn fremur hefur nefndinni borizt beiðni frá cand. med. et chir. Jóni Jónssyni frá Hjarðarholti um 500 kr. fjárstyrk, til þess að halda áfram að kynna sjer munnsjúkdóma og tannlækningar, en nefndin sá sjer ekki fært að mæla með beiðni þessari, með því að óvíst þótti, að hve miklu leyti kunnátta sú, er hann kynni að afla sjer, kæmi landsbúum að notum, þar sem óvíst væri, hvar hann myndi setjast að, eða hvort hann yfir höfuð myndi ílengjast hjer á landi, enda fylgdu og beiðni hans e gin meðmæli frá þeim, sem hann hefur stundað tannlækningar hjá.

Samkvæmt framansögðu ráðum vjer hinni háttvirtu neðri deild til að samþykkja stjórnarfrumvarpið óbreytt.

Alþingi 14. júlí 1893.

Þórarinn Böðvarsson, form. — Skúli Thoroddsen, skrifari. — Jón Jónsson, 2. þm. Eyf., framsögumaður.

Jón Jónsson, þm. A.-S. — Bogi Th. Melsteð.

Jón Jakobsson. — Jón Jónsson, 2. þingm. N.-Ms.

Nd. **106. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um afnám grísku og latínu sem skyldunámsgreinar í Reykjavíkur lærða skóla. Frá Jóni Jakobssyni, Boga Th. Melsteð og Ólafi Briem.

1. Í stað orðanna: „að gríska — Reykjavík“ komi: að gríska verði afnumin sem skyldunámsgrein í hinum lærða skóla í Reykjavík og kennslustundum í latínu fækkað að mun.
2. Fyrirsögn tillögunnar orðist þannig: Tillaga til þingsályktunar um afnám grísku sem skyldunámsgreinar og fækkun kennslustunda í latínu í Reykjavíkur lærða skóla.

Nd. **107. Frumvarp**

til laga um hafnsögugjald í Reykjavík (eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild).

1. gr. Í staðinn fyrir borgun þá fyrir hafnsögu, er ákveðin er í taxtanum frá 1. desbr. 1841, skal greiða af öllum verzlunar- og mannflutningaskipum og af útlendum fiskiskipum, er leggjast við akkeri á Reykjavíkurhöfn, 10 aura í hafnsögugjald af hverri smálest hinna fyrgreindu skipa og 5 aura af hverri smálest hinna síðartöldu. Gjald þetta skal greiða fyrsta sinnið, að skipið kemur á Reykjavíkurhöfn á árinu, hvort sem það notar hafnsögu eða eigi, en komi það optar á sama ári, skal gjaldið eigi optar greiða, nema þegar það notar hafnsögumann.

2. gr. Bæjarfógeti innheimtir gjald það, er ákveðið er í 1. gr., um leið og hann skoðar skjöl skipsins, og skal því varið til launa handa manni þeim eða mönnum, er skipaðir eru til hafnsögu fyrir Reykjavíkurkaupstað.

Skyldur er hafnsögumaður að skýra bæjarfógeta í hvert skipti frá því, er skip, er þegar hefir greitt gjaldið, notar hafnsögu á inn- eða útleið á öðrum ferðum á sama ári.

3. gr. Að því er snertir herskip, skemmtiskip og innlend fiskiskip, þá skulu þau fyrirmæli enn standa um notkun hafnsögu og borgun fyrir hana, er nú eru í gildi.

4. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1894.

Ed. **108. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um breyting á 3. gr. í tilskipun 31. maí 1855 um eptirlaun.

Hin háttvirta efri deild hefur kosið oss í nefnd til að íhuga frumvarp þetta, og er álit vort á þessa leið.

Vjer höfum álitið eiga betur við að semja frumvarp til laga um eptirlaun, er komi í staðinn fyrir tilskipun 31. maí 1855 um eptirlaun, þar eð allmörg ákvæði þeirrar tilskipunar eiga ekki við hjer á landi.

Það er kemur til eptirlaunaupphæðarinnar, höfum vjer komizt að þeirri niðurstöðu, að rjettara sje að ákveða eptirlaunin nokkuð hærri, en gjört er í frumvarpinu, og láta embættismenn fá í eptirlaun ¼ launaupphæðarinnar auk 20 kr. fyrir hvert embættisár, og leggjum vjer það til, að hin háttvirta deild fallist á þessa breytingu.

Flutningsmenn hins upphaflega frumvarps munu taka það frumvarp aptur, en hinsvegar ræður nefndin hinni háttvirtu deild til að samþykkja eptirfylgjandi

Frumvarp til laga um eptirlaun.

1. gr. Hver sá, sem fengið hefur konungsveitingu fyrir embætti og fær laun úr landssjóði, á rjett á að fá eptirlaun eptir lögum þessum, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsulasleika, eða annara orsaka vegna, sem honum eru ósjálfráðar.

2. gr. Eptirlaunin skulu greiðast úr landssjóði. Upphæð eptirlaunanna skal þannig reikna, að sá, er fengið hefur lausn frá embætti, fái í eptirlaun ¼ þeirrar embættislaunaupphæðar, er hann hafði, þegar hann fjekk lausn frá embættinu, og auk þess 20 kr. fyrir hvert ár, sem hann hefur þjónað embættinu með eptirlaunarjetti. Sá, sem er fullra 70 ára, á rjett á að fá lausn með eptirlaunum samkvæmt þessu lagaboði. Sá embættismaður, sem slasast þannig, þegar hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að fá lausn frá embættinu, fær ávallt ⅔ af embættistekjum sínum í eptirlaun. Ef eitthvert embætti er lagt niður, á sá embættismaður, er því gegnir, heimting á að njóta ⅔ hluta af embættistekjum sínum í 5 ár í biðlaun, en er þá undir eins skyldur til að taka aptur við hæfilegu embætti með sömu tekjum að minnsta kosti, sem því embætti fylgdu,

sem niður var lagt. Hafi hann ekki fengið embætti að 5 ára freisti, verða honum veitt eptirlaun. Þau ár, sem hann hefur notið biðlauna, skal álíta sem þjónustuár, þegar farið verður síðar að reikna eptirlaun hans; en hinn tiltölulega hluta eptirlaunanna skal reikna eptir þeim embættistekjum, er hann hafði, áður en hann fjekk biðlaun. Ef hann tekur á móti embætti, sem fylgja minni tekjur, fær hann af þeim eptirlaunum, sem honum bera eptir hið meira embætti, er hann áður hafði, svo mikið sem tekjur hins nýja embættis vantar til að jafnast við tekjur hins fyrra embættis, er hann hafði, og ekki meira.

3. gr. Þær embættistekjur, sem teknar verða til greina, þegar reiknuð eru eptirlaun eða biðlaun samkvæmt 2. gr. eru: 1) viss árleg laun; 2) launaviðbót, sem veitt er manninum sjálfum; 3) aukatekjur og hlunnindi, svo sem, leigulaus bústaður, bújörð, eldiviður og ljós, sem með berum orðum eru veitt embættismanninum sem laun eða hluti af launum hans. Tekjurnar skulu taldar, eins og þær hafa verið að meðaltali 5 síðustu árin, áður en embættismaðurinn fjekk lausn frá embætti, eða öll þau ár, sem hann hefur embætti þjónað, hafi árin verið færri en 5.

4. gr. Sá, er fyrirgjörir embætti sínu, missir einnig rjett til eptirlauna.

5. gr. Þegar embættismanni er vikið frá fyrir einhverjar misfellur, sem ekki varða embættismissi, en veikja þó þá virðingu og traust, sem nauðsynlegt er fyrir stöðu hans, skal ákveða eptirlaun hans með sjerstöku lagaboði.

6. gr. Eptirlaun eða biðlaun missast: 1) gjörsamlega eða að tiltölu, þegar hlutaðeigandi fær aptur embætti og laun; 2) þegar hann án konungsleyfis gengur í þjónustu útlendra ríkja; 3) þegar hann tekur sjer bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 4) þegar hann hefur ekki tekið eptirlaun sín eða biðlaun í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 5) þegar hann verður dæmdur sekur í þesskonar athæfi, sem mundi hafa svipt hann embætti, ef hann hefði þá í því verið, eða ef upp á hann sannast, að hann hafi orðið sekur í slíkri hegðun, áður en hann fjekk lausn frá embættinu. Nú hefur embættismaður fengið lausn frá embætti með eptirlaunum, og tekur við nýu embætti; hefur hann þá rjett til að fá eptirlaun þau, sem hann áður hafði, er hann sleppir þessu embætti.

7. gr. Hver kona, sem verður ekkja eptir embættismann, er hafði eptirlaunarjett eða eptirlaun, skal hafa rjett til að fá eptirlaun úr landssjóði með þeim undantekningum, sem til eru teknar í 8. gr. Eptirlaun ekkjunnar reiknast $\frac{1}{3}$ af launum mannsins, eins og þau eru talin eptir 2. og 3. gr. þessara laga, þegar þau eru lögð til grundvallar fyrir því, hvernig reikna skal eptirlaun hans; þó mega þau eptirlaun ekkjunnar, sem þannig reiknast, aldrei yfirstíga 1200 kr. nje vera meiri en eptirlaun þau, sem maðurinn hefði getað fengið eða hafði þegar hann dó. Þegar ástæður virðast til, getur konungur í viðbót við eptirlaunin veitt 20 til 100 kr. árlega fyrir hvert barna ekkjunnar, sem hún hefur fyrir að sjá, þangað til hvert barn er orðið 18 ára; þó skal eptirlaunaviðbót þessi því að eins haldast, að ástæður þær, sem hún er byggð á, sje framvegis hinar sömu, og skal sanna það á hverju ári fyrir landstjórninni.

8. gr. Þær embættismannaekkjur hafa engan eptirlaunarjett, sem hafa gipzt eldra manni en 60 ára eða á banasæng hans, eða eptir að hann fjekk lausn frá embætti með eptirlaunum, eða ef hjónabandinu var gjörsamlega slitið, áður en maðurinn dó.

9. gr. Eptirlaun ekkna missast: 1) þegar ekkjan giptist af nýju; 2) þegar hún tekur sjer bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 3) þegar hún hefur ekki hirt eptirlaunin í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 4) þegar hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almennings áliti er ósæmileg. — Þegar ekkja missir eptir-

aun af því, að hún hefur gipzt af nýju, á hún rjett á að fá aptur hin sömu eptirlaun, ef hún verður ekkja í annað sinn.

10. gr. Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem áttu rjett til eptirlauna, getur konungur veitt hverju um sig 40 til 200 kr. árlega, að svo miklu leyti og svo lengi, sem þau þurfa við og eru þeirra makleg, þó ekki lengur en þangað til þau eru 18 ára; þörf þeirra og maklegleik skal árlega sanna fyrir landstjórninni.

11. gr. Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi, og hafa rjett til eptirlauna samkvæmt tilskipun 31. maí 1855, halda rjetti til eptirlauna samkvæmt þeirri tilskipun. Að öðru leyti er sú tilskipun úr lögum numinn með þessum lögum.

Alþingi 14. júlí 1893.

Sigurður Stefánsson framsögum. Jón A. Hjaltalín. Sigurður Jensson skrifari.

Ed. **109. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða, (eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild).

1. gr.

Þegar auglýst hefur verið að prestsembætti sje laust, og hinn ákveðni umsóknarfrestur er útrunninn, sendir biskup umsóknarbrjef allra þeirra, er um embættið hafa sótt, til hlutaðeigandi prófasts, ásamt athugasemdum þeim, er honum virðist ástæða til að gjöra, en prófastur skal sjá um að þau verði lögð fram til sýnis 2 vikur á hentugum stað í prestakallinu. Ef sóknarnefndin eða sóknarnefndirnar í prestakallinu láta eigi prófast vita, áður en frestur þessi er liðinn, að söfnuðirnir ætli eigi að nota kjörrjett sinn, skal prófastur stofna til fundar fyrir allt prestakallið, áður en aðrar 2 vikur sjeu liðnar og skal auglýsa fund þenna svo sem þörf gjörist. Á þessum fundi skal öllum meðlimum þjóðkirkjunnar, sem búsettir eru í prestakallinu, og óspillt mannorð hafa, gefinn kostur á, að greiða atkvæði um þá, er sótt hafa um prestakallið, ef þeir eru komnir til lögaldurs, þegar kosningin fer fram, og hafa atkvæðisrjett á safnaðarfundum, samkvæmt lögum nr. 5 frá 27. febr. 1880, sbr. lög nr. 10 frá 12. maí 1882.

2. gr.

Með lögum þessum er úr lögum numin 2. og 3. gr. í lögum 8. jan. 1886, um hluttöku safnaða í veitingu brauða.

Nd. **110. Nefndarálit**

um „frumvarp til laga um afnám helgidaga".

Neðri deild alþingis hefur falið oss að segja álit vort um „frv. til laga um afnám helgidaga". Vjer höfum átt fundi með oss til að yfirvega frumvarpið, en eigi komið oss saman. Meiri hluti nefndarmanna, þeir Klemens Jónsson, Skúli Thoroddsen og Jón Jónsson, vill ráða deildinni til að samþykkja frumvarpið, þó með þeirri breytingu, að eigi sje afnumdir nema 3 þeirra helgidaga, er frv. ræðir um, þ. e. kóngsbænadagur, annar páskadagur og annar hvítasunnudagur. Væri lengra farið, óttumst vjer, að það mundi ef til vill særa tilfinning ýmsra manna meðal þjóðarinnar. En annars vegar álítum vjer, að vel muni mælast fyrir, þótt kóngs-

bænadagur sje numinn úr helgidaga tölu, og sömuleiðis muni það eigi gjört að óvilja þjóðarinnar, þótt annar dagur páska og hvítasunnu sje eigi lengur taldir með helgidögum. Ekki mun heldur vera neitt því til fyrirstöðu, að messugjörð geti, eptir sem áður, fram farið á nefndum dögum, þar sem presti og söfnuðinum kemur saman um, að svo skuli vera.

Minni hlutinn, þeir Sigfús Árnason og Þorlákur Guðmundsson, vill aptur á móti eigi ganga lengra en svo, að kóngsbænadagurinn einn sje numinn úr tölu helgidaga.

Samkvæmt framanskrifuðu leggur meiri hlutinn það til, að hin háttvirta deild samþykki frv. með þessari breytingu:

Orðin „skírdagur“ og „uppstigningardagur“ falli burt.

Neðri deild alþingis 15. júlí 1893.

Kl. Jónsson,	Skúli Thoroddsen,	Jón Jónsson,
framsögumaður.	formaður.	skrifari.

Sigfús Árnason. Þorlákur Guðmundsson.

Nd. **111. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar.

Nefnd sú, er hin háttvirta neðri deild alþingis setti til að íhuga «frv. til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar» hefur eigi getað orðið á eitt mál sátt. Vjer fjórir nefndarmenn ráðum hinni virðulegu þingdeild til að samþykkja frv. óbreytt, því að bæði teljum vjer það talsverða rjettarbót, og annars vegar fjekk það á síðasta þingi svo rækilega meðferð í efri deild, að vjer getum eigi sjeð, að þörf sje á að gjöra við það orðabreytingar.

Neðri deild alþingis 15. júlí 1893.

Kl. Jónsson,	Skúli Thóroddsen,	Jón Jónsson,	Sigfús Árnason.
framsögumaður.	formaður.	skrifari.	

Jeg hef ekki getað orðið samdóma mínum háttvirtu meðnefndarmönnum um, að samþykkja óbreytt frumvarpið, því fyrst er það, að óvíst er um vilja þjóðarinnar í þessu máli, að því leyti mjer er kunnugt; að öðru leyti nokkur vandi, að breyta svo í þessu efni, að betur fari en það sem nú er; þá eru það mínar tillögur, að ráða hinni háttvirtu þingdeild frá að samþykkja frumvarpið, eins og það nú liggur fyrir.

Neðri deild alþingis 15. júlí 1893.

Þorlákur Guðmundsson.

Ed. **112. Fyrirspurn.**

til landshöfðingja frá Jóni A. Hjaltalín.

Hvað hefur landsstjórnin gjört til þess, að framkvæma þingsályktun alþingis á síðasta þingi, um að koma á gagnfræða kennslu við lærða skólann, og um samband Möðruvallaskólans við hann?

Nd. **113. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Vogavík. Flutningsmenn: Þórarinn Böðvarsson og Jón Þórarinsson.

Við Vogavík í Gullbringusýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **114. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum 27. febrúar 1880 um stjórn safnaðarmála og um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda. Frá Þórarni Böðvarssyni, Sk. Thoroddsen, Jóni Þórarinssyni, Sigurði Gunnarssyni, Kl. Jónssyni, Jóni Þorkelssyni, Birni Sigfússyni og Þorláki Guðmundssyni.

Við 1. grein.

Í stað orðanna í enda greinarinnar: „í júnímánuði ár hvert", komi: „í júnímánuði eða septembermánuði ár hvert".

Ed. **115. Frumvarp**

til laga um sjerstök eptirlaun handa Páli sögukennara Melsteð (eins og það var samþykkt við 2. umr. í Ed.).

Páli sögukennara Melsteð veitast 1800 kr. árlega úr landssjóði í eptirlaun frá 1. degi októbermánaðar 1893.

Nd. **116. Frumvarp**

til laga um sjerstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókunum. Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild.

1. gr. Nú er veðsett eign seld við nauðungar-uppboð, eður hún er fengin veðhafa til eignar af skiptaráðanda eða fógetarjetti, án þess að síðari veðhafar hafi getað fengið borgun af þeirri upphæð, er hún var seld eða látin fyrir, og skal þá um afmáning úr veðmálabókunum á veðskuldabrjefum þeim, er þeim hafa verið gefin, er eigi hafa fengið borgun, farið eptir því sem segir í opnu brefi 22. apríl 1817, þó þannig að auglýsingar þær, er 3. gr. getur um, einungis skulu birtar í blaði því á Íslandi, er birta skal í opinberar auglýsingar.

2. gr. Áður ár er liðið frá því, að lög þessi öðlast gildi, skulu sýslumenn og bæjarfógetar, hver í sínu lögsagnarumdæmi, innkalla eptir reglum þeim, er venja er til um stefnur til ógildingardóma, handhafa að öllum þeim veðskuldabrjefum fasteigna, sem eru orðin 20 ára gömul, þá er lög þessi öðlast gildi, og sem þó finnast óafmáð í afsals- og veðmálabókum lögsagnarumdæmanna, ef álitið verður eptir skýrslum þeim, er fengnar hafa verið hjá hlutaðeigendum — en þar með skal ávallt talinn eigandi hinnar veðsettu eignar — að þau sjeu eigi lengur í gildi. Undanskilin eru veð í fasteign, er standa skulu um aldur og æfi eða um alla lífstíð eins eða fleiri eða tiltekinn tíma, er meiri sje en 20 ár og eigi er liðinn, áður en lögin öðlast gildi.

Þegar ár er liðið frá því, að lög þessi öðlast gildi, getur innköllun eptir þeim eigi lengur átt sjer stað.

3. gr. Um þau veðskuldabrjef, er enginn gefur sig fram með á þeim degi, er í stefnunni var tiltekinn, eða áður, skal þá með dómi ákveða, að þau megi afmá úr veðmálabókunum, og skal það síðan gjört.

Nú gefur einhver sig fram með innkallað veðskuldabrjef til þess að halda því í gildi, og skal þá bóka athugasemd um það í dálki eignarinnar í afsals- og veðmálaregistrinu og eins rita hana á sjálft brjefið.

Nú kemur einhver fram og skýrir frá, að innkallað veðskuldabrjef sje enn í gildi, en að það hafi glatazt fyrir honum, og skal honum þá veittur frestur, eigi styttri en 3 mánuðir og eigi lengri en 6 mánuðir, til þess að færa sönnun á það fyrir dómritaranum, að sá, er hefur hina veðsettu eign í eignarhaldi, kannist við veðskuldbindinguna, eða veðhafi hafi gjört nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fá hana viðurkennda með dómi. Gjöri hann hvorugt af þessu, skal veðskuldabrjefið afmáð, en að öðrum kosti skal beðið dóms í málinu, áður en lengra er farið.

4. gr. Í málum þeim, er ræðir um í 2. gr., skal engin gjöld greiða. Kostnaður við birting á stefnunum greiðist úr landssjóði.

Fyrir afmáning, bókun og áritun eptir 3. gr. skal ekkert borga.

Nd. **117. Frumvarp**

til laga um eyðing sela í laxveiðiám. Flutningsmenn: Þorlákur Guðmundsson og Bogi Th. Melsteð.

1. gr. Selur skal rjettdræpur í öllum ám, sem lax gengur í, í ósum þeirra áa og 1 mílu út frá þeim.

2. gr. Nú eiga menn friðlýstar selalagnir í þeim ám, og skulu þeir fá skaðabætur, eptir óvilhallra dómkvaddra manna mati, fyrir tjón það, er þeir bíða sökum ákvæða 1. greinar, um næstu 5 ár eptir að þessi lög ná gildi, og skal miða skaðabæturnar við arðinn af selveiði þeirra um næstu undanfarin 5 ár að meðaltali, að frádregnum kostnaði og hreinum ágóða af selveiði þeirri, er þeir kunna að hafa eptir að lög þessi ganga í gildi.

Nú er arður af selveiði í laxám talinn með tekjum embættismanna, og skal sá, er í embætti situr, er lög þessi koma í gildi, fá skaðabætur fyrir tjón það, sem hann kann að verða fyrir, á meðan hann hefur embættið á hendi. Skulu bætur þessar metnar 5. hvert ár, á meðan með þarf, og skal þess þá gætt við matið, hvort laxveiði hefur eða verði komið upp í stað selveiðinnar.

3. gr. Þeir, sem laxveiði stunda í ánum, skulu greiða skaðabæturnar eptir meðaltali af laxveiði þeirra um síðustu 5 ár, og jafnar sýslunefnd sú, sem hlut á að máli, á þá gjaldinu.

4. gr. Greiði þeir eigi gjaldið í ákveðinn tíma má taka það fjárnámi á kostnað sjálfra þeirra.

Nd. **118. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um fuglaveiðasamþykkt í Vestmannaeyjum. Frá Sigfúsi Árnasyni, Sighvati Árnasyni, Þórði Guðmundssyni, Jóni Jónssyni 2. þm. Eyf., Boga Th. Melsteð, Jóni Þórarinssyni.

Framan við 4. grein bætist: Nú þykja amtmanni nokkur ákvæði samþykktarinnar ganga of nærri rjetti manna, eða að hún komi á einhvern hátt í bága við lög og grundvallarreglur laganna, og synjar hann þá um staðfesting sína, en skýra skal hann sýslunefndinni frá ástæðum fyrir neituninni.

Nd. **119. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir.

Hin heiðraða neðri deild alþingis hefur kosið oss undirskrifaða í nefnd til að athuga frumvarp til laga um sölu tveggja þjóðjarða, er stjórnin hefur lagt fyrir alþingi, og bónarbrjef um kaup á 16 þjóðjörðum, er nefndinni hafa borizt frá landshöfðingja. Auk bónarbrjefanna hefur nefndin fengið í hendur þau skilríki, sem ákveðin eru í auglýsingu 17. nóvbr. 1879, álitsskjöl umboðsmanna eða hreppstjóra og virðingargjörðir sýslunefnda.

Af þeim 18 jörðum, er falaðar hafa verið til kaups, hefur oss komið saman um að ráða frá því, að samþykkt verði sala þeirra jarða, er hjer greinir:

1. Sauðár í Skagafjarðarsýslu, sökum þess að búast má við, að Sauðárkrókur, sem er útmældur úr landi jarðarinnar, stækki svo, að auka þurfi við byggingarlóðina, og að Sauðárkróksbúar æski eptir útmælingu túnstæðis í Sauðárlandi. En við þetta og ýmislegt fleira yrdi örðugra að eiga, ef jörðin væri einstaks manns eign.

2. Bjarnaness í Strandasýslu, með því að sú jörð er föluð af öðrum enn leiguliðanum, og þó þess sje getið í álitsskjali sýslunefndarinnar, að ábúandi jarðarinnar hafi afsalað sjer kauprjetti á henni, fylgir sú afsölun eigi skjölum málsins, enda verður nefndin að álíta það eðlilegast og affarasælast, að framvegis verði fylgt sömu reglu og hingað til, að þjóðjarðir sjeu einkum seldar ábúendum þeirra, nema þegar um eyðijarðir er að ræða.

3. Kirkjubæjarklausturs í Skaptafellssýslu, af þeirri ástæðu að jörðin hefur um alllangan tíma að undanförnu verið sýslumannssetur, en ef hún yrði einstaks manns eign, þykir hæpið, að hlutaðeigandi sýslumaður ætti kost á annari jafn hentugri ábúðarjörð.

Meðal jarða þeirra, er ábúendur óska að fá keyptar, er Hrísnes í Skaptafellssýslu, en með því stjórninni er með lögum 11. desbr. 1891 veitt heimild til að selja þá jörð fyrir 1400 kr., og sú heimild gildir til ársloka 1894, þykir oss eigi hlýða, meðan svo stendur, að samþykkja sölu jarðarinnar með nýjum lögum. Á hinn bóginn virðist ekkert á móti því, að taka jörðina Akur í Húnavatnssýslu upp í frumvarp það, er hjer liggur fyrir, jafnvel þó stjórninni væri með lögum 8. jan. 1886 veitt heimild til að selja hana fyrir 3000 kr., með því sú heimild er fallin úr gildi. Um Þykkvabæ og Mörtungu í Skaptafellssýslu er þess að geta, að þær jarðir, hvor um sig, eru falaðar af 2 mönnum, sem báðir eru ábúendur á jörðunum. Að því er snertir Hátún í sömu sýslu, er eigi fram komið bónarbrjef frá ábúandanum sjálfum, en með því það er tekið fram í álitsskjali umboðsmanns, að leiguliði jarðarinnar hafi sókt um að fá hana keypta, þykir nefndinni eigi rjett, að þessi galli á afgreiðslu málsins verði því til fyrirstöðu, að umsókn hans sje tekin til greina.

Að því er snertir söluverð jarðanna, höfum vjer fylgt þeirri aðalreglu, að setja það eigi lægra enn svo, að það samsvari 25-faldri upphæð afgjaldsins eptir 5 ára meðaltali, að jarðabótakvöðum með töldum. Frá þessari reglu höfum vjer því að eins vikið, að oss hafi annaðhvort virzt eptirgjaldið of hátt í samanburði við afnotin, eða jarðirnar háðar einhverjum þeim annmörkum, er rýrðu þær verulega í verði.

Jarðir þær, er vjer leggjum til að gjörðar sjeu falar, eru 14, og álítum vjer óþarft að minnast á hverja þeirra fyrir sig, en í þess stað höfum vjer lagt á lestrarsalinn skrá yfir dýrleika jarðanna, kúgildatölu, landskuldir, leigur, jarðabótakvaðir og virðingarverð umboðsmanna og sýslunefnda.

Vjer leyfum oss því að ráða hinni heiðruðu deild til að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum og viðaukum við 2. gr.:

1. Í stað «2500» kr.», komi: 2200 kr.
2. - — «2000» — — 1900 —
3. Aptan við greinina bætist:

3.	Reyki í sömu sýslu	fyrir	3000 kr.
4.	Neðri Rauðalæk í Eyjafjarðarsýslu . .	—	1400 —
5.	Akur í Húnavatnssýslu	—	2600 —
6.	Jörfa í sömu sýslu	—	850 —
7.	Eyjar í Strandasýslu	—	1300 —
8.	Reykjavík í sömu sýslu	—	500 —
9.	Litlu Ávík í sömu sýslu	—	500 —
10.	Grishól í Snæfellsnessýslu	—	1300 —
11.	Þverá í Hnappadalssýslu	—	1400 —
12.	Þykkvabæ í Skaptafellssýslu	—	3400 —
13.	Mörtungu í sömu sýslu	—	2500 —
14.	Hátún í sömu sýslu	—	850 —

Alþingi 15. júli 1893.

Sighvatur Árnason, formaður. Ólafur Briem, skrifari og framsögumaður.

B. Kristjánsson. Björn Sigfússon. Björn Bjarnarson.

Ed.

120. Nefndarálit.

Hin háttvirta efri deild hefur kosið oss undirskrifaða í nefnd til að athuga tillögu til þingsályktunar (þingsk. 24) um nefnd milli þinga til að yfirskoða sveitarstjórnar- og fátækralöggjöf landsins.

Sem kunnugt er, hafa í seinni tíð allmargar breytingar verið gjörðar á sveitarstjórnar- og fátækralöggjöf vorri, og þó koma enn iðulega fram uppástungur til breytinga bæði í blöðunum og eins á þinginu. Þessi löngun til að breyta er mestmegnis sprottin af óánægju yfir hinni afarþungu byrði, sem fátækraframfærslan leggur á sveitarsjóðina, og sem menn ætla að meiru og minna eigi upptök sín að rekja til þess, að löggjöfin sje orðin úrelt og eigi ekki lengur við.

Vjer nefndarmenn neitum því alls ekki, að sumar af breytingum þeim, sem síðustu árin hafa verið gjörðar á sveitarstjórnar- og fátækralöggjöfinni, hafi verið til talsverðra bóta, og vjer teljum það vel hugsanlegt, að enn mætti breyta og færa í lag löggjöf þessa, svo að eitthvað verulegt ynnist við það. En þegar ræða er um breytingar á þessum lögum, þá ber vel að gæta þess, að þeir menn, sem eiga að framfylgja þeim og beita þeim, eru allflestir ólögfróðir, sem mjög opt skortir tíma, til að setja sig vel inn í margbrotna og flókna löggjöf, sem þar að auki er sífelldri breytingu undiropin. Það hefur opt verið sagt, að sveitarþyngslin og óánægjan, sem þar af leiðir, sje miklu meir því að kenna, að sveitarstjórnirnar kunni ekki að beita lögunum rjettilega, heldur en löggjöfinni sjálfri. En ef svo er, þá er það til lítilla framfara, þó á hverju ári komi breytingar og viðbætur við þessa löggjöf, sumum svo varið, að almenningur hefur enga þörf fundið á þeim, og getur naumast áttað sig á þeim. Ekki sízt í fátækra- og sveitarstjórnarmálum þarf löggjöfin að vera auðveld og óbrotin, svo að alþýðumenn sjeu færir um að beita henni, því að meðan lögin eru sem dauður bókstafur, er menn naumast vita af, þá getur engin reynsla fengist fyrir því, hvort þau eiga við eða ekki.

Það sem flutningsmanni hefur gengið til að koma með þessa tillögu til þingsályktunar, er meðvitundin um það, að sveitarstjórnar- og fátækralöggjöf vor sje þegar orðin allt of flókin og umfangsmikil fyrir þá alþýðumenn, sem eiga að stjórna fátækra- og sveitarstjórnarmálum, vegna hinna mörgu viðauka og breytinga, sem lögleiddar hafa verið síðustu árin, og því óaðgengilegri verði þessi lög fyrir sveitarstjórnirnar, sem breytingum þessum og viðaukum fjölgar, eins og allt útlit er fyrir. Hann hefur því stungið upp á því, að sett verði nefnd milli þinga, til að taka þessa löggöf til yfirskoðunar, og ætti sú nefnd að kynna sjer skoðanir sveitarstjórnarvaldanna um land allt, hvort óskirnar um breytingu á löggjöfinni eru almennar, og hver atriði það eru, sem reynslan hefur sýnt að þurfi lagfæringar við, ætti þá þessi nefnd að safna öllum þeim lagaákvæðum um þetta efni, sem nú eru á víð og dreif, í eina heild, og leggja síðan frumvarp til sveitarstjórnar- og fátækralaga fyrir alþingi með þeim breytingum, sem menn almennt óska að gjörðar verði.

Jafnvel þó nefndin játi, að margt mæli með því, að sett verði nefnd milli þinga til þess að undirbúa þetta mikilvæga mál, þá vill hún þó ekki kostnaðarins vegna ráða hinni heiðruðu deild til að fallast á þessa tillögu. Vjer álítum það líka vera hlutverk stjórnarinnar að sjá um, að þessu máli verði komið í viðunanlegt horf, engu síður en öðrum löggjafarmálum, og að það sje eins gott að fela henni að undirbúa málið undir þing, eins og að fela það sjerstakri nefnd milli þinga, sem stjórnin, hvort sem er, ein getur kosið. Stjórnin getur alveg eins sjálf snúið sjer til sveitarstjórnarvalda landsins, tekið á móti tillögum þeirra og lagt svo málið fyrir þingið. Vjer leggjum því það til, að hin heiðraða deild í þessu máli fari þessa leið og samþykki svo hljóðandi:

Tillögu til þingsályktunar.

»Alþingi skorar á landsstjórnina að leita álits sveitarstjórnarvalda landsins um breytingar á sveitarstjórnar- og fátækralöggjöfinni, og þá hún hefur fengið tillögur þeirra, að semja frumvarp til nýrra sveitarstjórnar- og fátækralaga og leggja það fyrir þingið«.

Alþingi 15. júlí 1893.

Þorkell Bjarnason	Sigurður Jensson	Guðjón Guðlaugsson
formaður.	skrifari.	framsögumaður.

Nd. **121. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um friðun á skógi og mel. Frá Jens Pálssyni, Sk. Thoroddsen, Sigfúsi Árnasyni, Þorláki Guðmundssyni, Jóni Jónssyni (þm. A.-S.) og Boga Th. Melsteð.

Í staðinn fyrir aðra málsgrein 3. greinar: „nú fallast . . . . til staðfestingar“, komi svo hljóðandi málsgrein: „Nú hafa fundarmenn fallist á frumvarp nefndarinnar með $^2/_3$ atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, og skal þá sýslunefndin senda amtmanni frumvarpið til staðfestingar. En ef breytingartillögur hafa verið gjörðar við frumvarpið á fundinum og samþykktar með $^2/_3$ atkvæða, setur sýslunefndin þær inn í frumvarpið, ef henni þykja þær á rökum byggðar, og sendir síðan amtmanni til staðfestingar; en álíti sýslunefndin, að breytingartillögurnar eigi ekki að takast til greina, ber hún frumvarp sitt óbreytt að nýju undir atkvæði hjeraðsfundar, og verði það þá samþykkt með $^2/_3$ atkvæða, ber að senda það amtmanni til staðfestingar.

Það frumvarp eða breytingaratkvæði við frumvarp, sem eigi hefur verið

samþykkt með $^2/_3$ atkvæða á hjeraðsfundi, er fallið, og má eigi koma fram í nýju frumvarpi sýslunefndar fyr en að ári liðnu".

Ed. **122. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um sjerstök eptirlaun handa Páli sögukennara Melsteð. Frá Guttormi Vigfússyni, Einari Ásmundssyni, Þorkeli Bjarnasyni.

Að í stað orðanna í fyrirsögninni „sjerstök eptirlaun" komi: ellistyrk, og í stað orðsins „eptirlaun" í meginmáli frumv. komi: ellistyrk.

Ed. **123. Frumvarp**

til laga um atvinnu við siglingar, eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild.

1. gr. Með takmörkunum þeim, sem settar eru í lögum þessum, skal öllum vera heimilt að leita sjer atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

2. gr. Rjettur til að vera skipstjóri á íslenzku skipi á innanlands-siglingum skal bundinn því skilyrði, ef skipið er meira en 12, en ekki yfir 100 smálestir, að hlutaðeigandi hafi fengið stýrteini sem skipstjóri á innanlands-siglingum.

3. gr. Rjettur til að vera skipstjóri á íslenzku skipi, sem er meira en 100 smálestir, á innanlands-siglingum, og skipstjóri á íslenzku skipi, af hverri stærð sem er, á utanlands-siglingum, er bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið skýrteini sem skipstjóri á utanlands-siglingum.

Sje um gufuskip að ræða, er rjetturinn ennfremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið viðaukaskýrteini það, sem getur um í 12. gr.

4. gr. Rjettur til að vera stýrimaður á íslenzku seglskipi, sem er meira en 100 smálestir, á innanlands-siglingum, er bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið skýrteini sem stýrimaður á innanlands-siglingum.

5. gr. Rjettur til að vera stýrimaður á íslenzku gufuskipi, sem er meira en 100 smálestir, á innanlands-siglingum, og á íslenzku skipi, af hverri stærð og tegund sem er, á utanlands-siglingum, er bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið skýrteini sem stýrimaður á utanlands-siglingum.

Ef um gufuskip er að ræða, er rjetturinn ennfremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið viðaukaskýrteitni það, er greinir um í 12. gr.

Viðaukaskýrteini það, sem ræðir um í gr. þessari og 3. gr., er þó óþarft, ef hlutaðeigandi hefur staðizt hið almenna danska stýrimannspróf, eða annað próf, er jafngildir því eptir dönskum lögum.

6. gr. Ekkert íslenzkt skip má afgreiða frá nokkurri höfn á Íslandi til ferða milli Íslands og annara landa, nema því að eins að á því sje til starfa að minnsta kosti einn stýrimaður auk skipstjóra, og sje um gufuskip að ræða, sem er meira en 300 smálestir, þá 2 stýrimenn.

Ekkert íslenzk skip, sem meira er en 100 smálestir, má afgreiða eða láta fara á innanlands-siglingar, nema því að eins, að á því sje til starfa að minnsta kosti einn stýrimaður auk skipstjóra. Í stað stýrimanns má þó á seglskipum koma vanur sjómaður, sem hefur vottorð frá 2 skipstjórum um, að þeir hafi komizt að raun um það annaðhvort með því að prófa hann, eða, þá er hann hefur verið í förum með þeim, að hann kunni til skipstjórnar, hvort sem til lands sjer eða eigi.

Þá má eigi heldur afgreiða nokkurt íslenzkt gufuskip, eða það fara á neinar sigl-

ingar frá neinum stað við Ísland, nema því að eins, að skilyrðum þeim sje fullnægt, sem sett eru í reglugjörð þeirri um gæzlu á gufuvjel skipsins, er því hefur verið fengin samkvæmt 13. gr., og sem tiltekur um tölu og kunnáttu þeirra manna, er til gæzlu skulu settir við vjelina.

7. gr. Til þess að öðlast skýrteini, sem skipstjóri á innanlands-siglingum útheimtist.

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið minna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;

b) að hann eptir það hafi verið í förum að minnsta kosti 4 mánuði;

c) að hann hafi rjett innborinna manna eða sje heimilisfastur í Danaveldi;

d) að hann sje fullveðja;

e) að hann hafi ekki orðið sekur að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;

f) að hann sanni, að sjón hans sje svo góð, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

8. gr. Til þess að öðlast stýrteini sem skipstjóri á utanlands-siglingum útheimtist auk skilyrða þeirra, sem talin eru í 7 gr. liðunum c—f:

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið meira stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík eða hið almenna danska stýrimannspróf eða annað það próf, er hefur sama gildi eptir dönskum lögum;

b) að hann eptir það hafi verið í förum sem stýrimaður í 2 ár og á þeim tíma farið tvisvar milli landa, eða að hann hafi jafnlangan tíma gegnt þeim störfum og verið í þeim förum á dönsku skipi, er samsvari þeim er áður segir.

9. gr. Til þess að öðlast skýrteini sem stýrimaður á innanlands-siglingum útheimtist:

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið minna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;

b) að hann eptir það hafi verið í förum að minnsta kosti 4 mánuði;

c) að hann hafi eigi verið dæmdur í hegningarvinnu fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;

d) að hann sanni, að sjón hans sje svo góð, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

10. gr. Til þess að öðlast stýrteini sem stýrimaður á utanlands-siglingum útheimtist auk skilyrða þeirra, sem talin eru í 9. gr. liðunum c. og d.:

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið meira stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík, eða hið almenna danska stýrimannspróf, eða annað próf, er hefur sama gildi eptir dönskum lögum;

b) að hann eptir það hafi verið 8 mánuði í förum.

11. gr. Þeir, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru hjer að framan, eiga heimtingu á að fá skýrteini þau, sem talin eru í 7.—10. gr. Skýrteini þessi skal rita eptir fyrirmynd, er landshöfðingi lætur til búa, og skulu þau gefin út af lögreglustjóra á þeim stað, þar sem hlutaðeigandi er búsettur, eða, sje hann hvergi búsettur í landinu, þar sem hann eða umboðsmaður hans, sje hann sjálfur erlendis, er staddur, þá er beiðnin kemur fram.

Fyrir skipstjóra-skýrteini skal greiða 4 kr., er renna í landssjóð. Fyrir stýrimanns-skýrteini skal ekkert gjald greiða.

Nú vill einhver eigi hlíta úrskurði lögreglustjóra, að því er snertir útgáfu skýrteinis, og skal hann þá senda kæru sína amtmanni áleiðis til landshöfðingja, og gjörir landshöfðingi þá út um málið; en við það skerðist eigi rjettur hans til þess að leita dómsákvæðis í þessu máli.

12. gr. Sá, er öðlazt hefur skýrteini sem skipstjóri eða sem stýrimaður á utanlands-siglingum, og sem þvínæst færir sönnur á það, annaðhvort með vottorði um, að hann hafi staðizt próf í gufuvjelafræði í Danmörku, eða á annan hátt, að hann hafi þá þekkingu á gufuvjelum, sem nauðsynlegt er til þess að vera skipstjóri eða stýrimaður á gufuskipi, á kost á að fá viðaukaskýrteini þessu til sönnunar hjá landshöfðingja.

13. gr. Á hverju íslenzku gufuskipi skal vera reglugjörð um gæzlu á gufuvjelinni, er ráðgjafinn fyrir Ísland gefur út; skal í henni gjöra ákvæði um það eptir skýrslum þeim, sem fram eru komnar um hestaafl vjelarinnar, hverjum skilyrðum vjelaliðið skuli fullnægja að því er snertir tölu og kunnáttu gæzlumanna.

Nú verður sú breyting gjörð síðar á vjel skipsins eða kötlum þess, að hestaaflið eykst að mun, og skal útgjörðamaður þess þá skyldur til að útvega nýja reglugjörð.

14. gr. Þegar sjerstaklega er ástatt, getur landshöfðingi veitt undanþágur frá prófkröfum þeim og skilyrðum að því er til sjómennsku kemur, sem nefnd eru í 7.—10. gr.; þetta skal einkum eiga sjer stað fyrstu árin eptir að lög þessi öðlast gildi og að því er kemur til skilyrðanna í 7. og 9. gr.

15. gr. Nú verður maður að lagadómi sekur um eitthvert það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hefur hann fyrirgjört skýrteini sínu sem skipstjóri.

Nú verður maður dæmdur í hegningarvinnu fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hefur hann þá fyrirgjört skýrteini sínu sem stýrimaður.

16. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 200 krónum; sje brotið ítrekað, geta sektirnar stigið allt að 400 krónum. Sektirnar renna í landssjóð.

Brot þessi sæta opinberri málssókn og skal fara með málin sem almenn lögreglumál.

17. gr. Ákvæðið um það í opnu brjefi 27. maí 1859, að stýrimenn á dönskum skipum, sem gjörð eru út frá einhverjum stað á Íslandi, skuli eiga heima í hinu danska konungsveldi, er úr gildi numið.

18. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. dag. janúarmánaðar 1895. Skilyrðin í 2.—5. gr. fyrir því að mega vera skipstjóri eða stýrimaður á skipi á innanlands-siglingum, ná þó eigi til þeirra, er stundað hafa atvinnu þessa fyrir 1. júlí 1894.

Ed.

124. Frumvarp

til laga um breyting á 1. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun prestakalla. Flutningsmaður: Sigurður Jensson.

Frá fardögum 1893 greiðist ekkert árgjald frá Stað á Reykjanesi í Barðastrandarprófastsdæmi.

Ed.

125. Viðaukatillaga

við frumvarp til laga um breyting á 1. gr. í lögum 27. febrúar 1880 um skipun prestakalla. Frá Hallgr. Sveinssyni, Guttormi Vigfússyni, Jóni A. Hjaltalín.

Aptan við frumvarpið bætist svohljóðandi:

4. gr. Þessi breyting á prestakallalögunum kemur ekki til framkvæmda fyr en við næstu prestaskipti í Vallanesprestakalli, nema presturinn þar samþykki breytinguna, án nokkurs tilkalls til uppbóta úr landssjóði.

Nd. **126. Tillaga**

til þingsályktunar um að landstjórnin láti verkfróðan mann rannsaka brúarstæði á ám hjer á landi, (eins og hún var samþykkt við eina umræðu í efri deild).

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að láta verkfróðan mann skoða brúarstæði á stærstu ám og vatnsföllum á landinu, er liggja á aðalpóstvegum og alfaravegum landsins, og að gera áætlanir um kostnað við brúargerðir á vatnsföllum þessum. Sömuleiðis að sveitastjórnum í hinum ýmsu hjeruðum sje gefinn kostur á að leita ráða og leiðbeininga hjá hinum sama verkfróða manni um, hvernig haganlegast megi brúa aðrar smærri ár, sem nauðsyn ber til að brúaðar sjeu.

Nd. **127. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar á Búðum í Fáskrúðsfirði (eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed).

Á Búðum í Fáskrúðsfirði skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed. **128. Nefndarálit**

málinu: Frumvarp til laga um aukatekjur þær, er renna í landssjóð.

Vjer, sem hin háttvirta efri deild skipaði í nefnd til að íhuga og segja álit vort um mál þetta, höfum athugað það og rætt ítarlega.

Það er eindregið álit vort, að þörf sje á að endurskoða aukatekjureglugjörðina frá 10. sept. 1830 og jafnframt koma í eina heild þeim ákvæðum, sem nú eru á víð og dreif, um aukatekjur þær, er renna í landssjóð. Þetta hefur stjórnin gjört í þessu frumvarpi, og ráðum vjer því hinni háttvirtu deild til að samþykkja það.

Vjer höfum að vísu gjört allmargar breytingar á frumvarpinu, en flestar þeirra eru að eins orðabreytingar, er í engu breyta aðal-ákvæðum frumvarpsins.

Vjer ráðum því hinni háttvirtu deild til að samþykkja eptirfylgjandi

Breytingartillögur

við frumvarp til laga um aukatekjur þær, er renna í landssjóð:

1. Fyrirsögn 1. kap. orðist þannig: „Um dómsmálagjöld“
2. Við 1. gr. Upphaf fyrstu málsgreinar orðist þannig:
   Fyrir stefnu skal gjalda 50 aura, þegar málsaðili í stað þess að gefa út fyrirkallseðil, beiðist þess, að stefnan verði gefin út með nafni dómarans og innsigli.
3. — 2. — Orðin: „og frekari meðferð á því“ falli burtu.
4. — 6. — a. Fyrir orðin: „þess háttar verka“ komi: „slíkra gjörða“.
   b. Síðari málsgreinin falli burtu.
5. — 7. — Greinin orðist þannig: Fyrir að staðfesta og innsigla rjettargjörðir eða önnur eptirrit, sem út eru gefin í gjörðarformi, skal gjalda 50 aura fyrir hvert.
6. — 9. — Fyrir orðin: „Í lögreglumálum — hjúa“ í upphafi greinarinnar komi: „Í hjúamálum“.
7. — 9. — Orðin „en þessum“ í síðari málsgrein falli burtu.

8. — 14. — Fyrir: „kyrsetningar — eða lögbannsgjörð“ komi: „Fyrir kyrsetningargjörð eða lögbann“.
9. — 14. — Fyrir orðin: „hærri en“ og „minni en“ komi: „frá“ og „til“.
10. — 16. — Fyrir orðin: „þegar þau skilyrði eru“ komi: „og eru þau skilyrði“.
11. — 16. — Fyrir orðin: „og skal þá gjaldið greitt“ komi: „skal gjaldið þá greitt“.
12. — 16. — Síðari málsgrein orðist þannig:
Þegar fjárnáms er beiðst eptir sama dóminum, sættinni eða veðskuldabrjefinu hjá fleirum en einum, skal gjörð halda hjá hverjum þeirra og greiða gjald fyrir hverja gjörðina. Þetta gildir þó eigi, ef hlutaðeigendur eiga muni í sameign, er fjárnám er gjört í. Eigi skal heimta hærra gjald, þótt munir þeir, sem fjárnámi eru teknir, sjeu eigi allir á sama stað.
13. — 22. — Í stað: „neitar“ komi: „neiti“.
13. — 23. — Orðið: „þá“ á eptir „í opinberu máli“ falli burtu.
14. Fyrirsögn 3. kapítula orðist þannig:
„Um gjöld fyrir þinglýsingar o. fl.“
15. — 24. — Fyrir orðin: þegar upphæðin er ekki hærri en 100 kr.“ komi: „þegar upphæðin er 100 kr. eða minni“.
16. — 24. — Fyrir: „þegar upphæðin er ekki hærri en 100, en ekki hærri en 200 kr.“ komi: „þegar upphæðin er frá 100 kr. til 200 kr.
17. — 24. — Fyrir orðin: „verðaurum en ekki í peningum“ í fjórðu málsgrein, komi: „í öðrum aurum en peningum“.
18. — 24. — Fimmta málsgrein orðist þannig:
Nú er árlegt afgjald áskilið um óákveðinn tíma, og skal þá gjalda sem fyrir 25 sinnum stærri fjárupphæð; en sje afgjaldið áskilið fyrir lífstíð, skal gjaldið að eins talið af 5 faldri upphæðinni; sje áratal tiltekið, skal afgjaldið talið saman fyrir öll árin, en þó skal aldrei af meiru gjalda, en af upphæð afgjaldsins 25-faldri.
19. — 24. gr. 6. málsgrein falli burtu.
20. Fyrirsögn 4. kapítula orðist þannig:
„Um skiptagjöld“
21. — 31. — Á eptir orðinu: „skiptaráðandi“ bætist inn í: „eða skiptaforstjóri án dómsvalds“ — „þá“ í upphafi 2. málsgr. á að vera „þó“.
22. — 31. — Fyrir orðin: „skiptir til enda“ komi: „lýkur skiptum í“.
23. — 34. — 34. grein falli burtu.
24. — 35. — Fyrir orðin: „skipta búum til enda“ komi: „ljúka skiptum í búum“.
25. Fyrirsögn 5. kapítula orðist þannig:
„Um gjöld fyrir uppboðsgjörðir“.
26. — 37. — Í stað orðanna: „grunnar, jarðagóz“ komi: „jarðir“.
27. — 37. — Fyrir „skip“ komi: „þilskip“.
28. — 37. — a. Orðin: „þar með talin öll för, einnig bátar“ falli burtu.
b. Orðið: „talin“ falli burtu.
29. — 38. — Fyrir framan svigasetninguna bætist orðið „en“ inn í og svigarnir falli burtu.

30. — 38. — Síðasta málsgrein falli burtu.
31. — 46. — Fyrir orðin: „að öllu leyti — skyldast við“ í upphafi greinarinnar, komi: „greiða 4 krónur“.
32. Fyrirsögn 6. kapítula orðist þannig:
„Um nótarialgjöld“.
33. — 48. — Fyrir orðið: „brest“ í fyrstu málsgrein komi: „skort“.
34. — 48. — Fyrir orðin: „eða minna“ komi: „eða minni upphæð“.
35. — 48. — Síðasta málsgrein orðist þannig:
Gjald þetta skal greiða, ef gjörðin hefir verið byrjuð, enda þótt gjörðarbeiðandi láti eigi leiða hana til lykta; fyrir eptirrit af afsagnargjörðinni skal ekkert gjald greiða.
36. — 49. — a. Fyrir: „svarakröfur“ komi: „svarkröfur“.
b. Fyrir: „birtingu stefnu“ komi: „stefnubirting“.
37. — 51. — Fyrir: „2 kr.“ komi: „1 kr.“
38. — 52. — Greinin orðist þannig: „Fyrir að taka á móti og gefa út skipstjóramótmæli, er ákveða skal ábyrgðargjald eða skipsskaðabætur, skal gjalda 8 kr.
Fyrirsögn 7. kap. orðist þannig:
„Um gjöld fyrir ýms önnur embættisverk bæjarfógeta og sýslumanna“.
39. — 57. — Fyrir orðin: „gjalda frekara“ í fyrstu málsgrein komi: „gjald greiða“.
40. — 58. — Fyrir orðin: „til staðar“ komi: „við hendina“.
Fyrir: „mælingabrjef“ á tveimur stöðum í 58. gr. komi: „mælingarbrjef“; enn fremur fyrir: „endranær“ komi: „endrarnær“.
41. — 58. — Fyrir orðin: „sem skipið rúmar“ komi: „skipsins“.
42. — 61. — Fyrir orðin: „sjóferðaskýrslu þá og próf“ komi: „sjóferðapróf það“.
43. — 62. — Greinin falli burtu.
44. — 67. — Sömuleiðis.
45. — 68. — Sömuleiðis.
Í 1. og 2. gr. frumv. á að vera 15. ágúst.

Alþingi 17. júlí 1893.

Kristján Jónsson, formaður og framsögumaður. Sigurður Stefánsson, skrifari. Þorkell Bjarnason.
Þorleifur Jónsson. Guðjón Guðlaugsson.

Ed.

129. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna, bæjarfógeta o. fl.

Hin háttvirta efri deild vísaði frumvarpi þessu til vor, sem kosnir vorum í nefnd til að íhuga frumvarp til laga um aukatekjur þær, er renna í landssjóð.

Vjer teljum það allsendis rjett og hagfellt, að greina ákvæðin um dagpeninga, ferðakostnað og aðrar aukatekjur embættismanna frá ákvæðunum um aukatekjur þær, er renna í landssjóð, eins og gjört er í frumvarpi þessu.

Eins og tekið er fram í athugasemdum stjórnarinnar við frumvarp þetta, eru

í það tekin 2 nýmæli, sem ekki eru í núgildandi lögum. Hið fyrra er, að ritlaun eða borgun fyrir eptirrit úr embættisbókunum og afskriptir af skjölum í skjalasöfnum embættismanna, er hingað til hafa runnið í landssjóð, leggist hjer eptir embættismönnunum sjálfum. Hið síðara atriðið er, að embættismenn fái dagpeninga og ferðakostnað endurgoldinn fyrir skipta- uppboðs- og nótarialgjörðir, sem hingað til hefir ekki verið venja.

Hið fyrra atriði fellst nefndin öll á, en aptur á móti hefur nefndin ekki getað orðið á eitt sátt um síðara atriðið. Meiri hluti nefndarinnar viðurkennir að vísu, að það sje sjálfu sjer samkvæmara, að embættismenn fái jafnan dagpeninga og ferðakostnað endurgoldinn, er þeir þurfa að takast ferð á hendur til embættisverka þeirra, er hjer ræðir um, en að undanþiggja einstök embættisverk, svo sem skipta- og uppboðsgjörðir, þessum kostnaði; en á hinn bóginn getur það opt orðið ærinn og mjög tilfinnanlegur kostnaður fyrir þá, er hlut eiga að máli, og sem opt eru lítt efnum búnir, ef það yrði í lög leitt að endurgjalda sýslumönnum dagpeninga og ferðakostnað fyrir þessi embættisverk, einkum uppboðsgjörðir, sem hvervetna hjer á landi eru alltíðar. Samt sem áður hefir meiri hluti nefndarinnar ekki viljað leggja það til, að þessu nýmæli frumvarpsins væri algjörlega burtu varpað; en til þess að ljetta á almenningi nokkru af þessum gjöldum, leggur meiri hluti nefndarinnar það til, að ákvæði 4. og 5 greinar frumvarpsins um dagpeninga embættismanna fyrir þau embættisverk, er þar ræðir um, verði burt numin, en ákvæðin um endurgjald fyrir ferðakostnað látin óhögguð. Þessa tillögu styður meiri hlutinn við það, að embættislaun embættismanna þeirra, er hjer eiga hlut að máli, sjeu svo rífleg, að þeir geti vel staðizt þessi útgjöld, og það því fremur, ef þeir fá ferðakostnað jafnan endurgoldinn, sem meiri hlutinn telur sanngjarnt, þar sem þar er að ræða um kostnað, sem embættismaðurinn verður beinlínis að borga úr sínum vasa.

Meiri hlutinn leggur það því til, að felldar verði úr frumvarpinu 4. og 5. gr. og 6. grein breytt í sambandi við það; að öðru leyti eru breytingar nefndarinnar við frumvarpið að eins orðabreytingar.

Meiri hluti nefndarinnar ræður því hinni háttvirtu efri deild til að samþykkja eptirfylgjandi:

Breytingartillögur

við frumvarp til laga um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna, bæjarfógeta o fl.

1. Við 3. gr. Fyrir orðið »aktsform« í fyrstu málsgrein komi: gjörðarform
2. — — — Fyrir »eiginlegum þingmálum, er varða« í sömu málsgrein komi: dómsmálum, er nema
3. — — — Fyrir orðin »eða sem rísa . . . hjúa« í annari málsgrein komi: hjúamálum
4. — — — Fyrir orðið »akta« í þriðju málsgrein komi: rjettargjörðir
5. — 4. gr. Greinin falli burtu.
6. — 5. gr. Sömuleiðis.
7. — 6. gr. Upphaf 6. greinar orðist þannig:

Í sakamálum og öðrum opinberum málum, svo og í öðrum dómsmálum, fógeta-, skipta-, uppboðs-, nótarial-, skoðunar-, rannsóknar-, skiptingar- og öðrum þess konar gjörðum, ber að endurgjalda embættismanninum ferðakostnað þann, er hann hefur haft, eptir sundurliðuðum reikningi. Amtmaður úrskurðar reikninginn í opinberum málum o. s. frv. eins og í frv.

8. — 8. gr. Fyrir »skiprekaferðum« komi: skipstrandsferðum
9. — 12. gr. Fyrir »þingsgjörninga« komi: rjettargjörðir

Alþingi, 17. júlí 1893.

Sigurður Stefánsson, skrifari. Þorkell Bjarnason. Þorleifur Jónsson.

Guðjón Guðlaugsson.

Jeg er samþykkur hinum háttvirtu meðnefndarmönnum mínum um mál þetta að öðru leyti en því, að mjer þykir eigi ástæða til, að fella niður dagpeninga dómara, sem hingað til hafa verið greiddir, eða vera því mótfallinn, að tilsvarandi dagpeningar sjeu greiddir í fógetagjörðum, skiptagjörðum og öðrum þeim gjörðum, sem nefndar eru í 5. grein. Jeg ræð því hinni háttvirtu deild til að samþykkja 4., 5. og 6. gr. frumvarpsins eigi síður en hinar aðrar greinar þess, þó með þessum breytingum:

1. Við 5. gr. fyrri málsgrein. Orðið »eiginleg« falli burt.
2. — — — Fyrir »skiptis« komi: skiptingar

Alþingi, 17. júlí 1893.

Kristján Jónsson,
formaður og framsögumaður.

Ed.

130. Frumvarp

til samþykktarlaga um verndun Safamýrar í Rangárvallasýslu, (eins og það var samþykkt við 3. umr. í nd.).

1. gr. Sýslunefndinni veitist vald til, að gjöra samþykkt um verndun Safamýrar, á þann hátt. sem segir í lögum þessum.

2. gr. Nú þykir sýslunefndinni þörf á, að gjöra samþykkt til að vernda og viðhalda Safamýri, skal hún kveðja eigendur og ábúendur þeirra jarða, sem hlut eiga að máli, til fundar, og eiga þeir allir atkvæðisrjett á þeim fundi.

Sýslunefndin kveður á um fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara, en sýslumaður sje fundarstjóri eða einhver sýslunefndarmanna, er nefndin kýs til þess, og skal hann hafa skrá yfir þá, sem atkvæðisrjett eiga á fundinum, við hendina.

Ef fundarstjóri verður að takast ferð á hendur til þess að halda fundinn, ber að greiða honum 2 kr. á dag í dagpeninga og ferðakostnað að auki eptir reikningi, er sýslunefndin úrskurðar, og greiðist það gjald úr sýslusjóði.

3. gr. Sýslunefndin semur frumvarp til samþykktar þeirrar, er hún vill koma á, og ber undir álit og atkvæði fundar þess, er um er rætt í 2. gr.

Nú fallast fundarmenn á frumvarp nefndarinnar, breytt eða óbreytt, með $^2/_3$ atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, og skal þá sýslunefndin senda amtmanni frumvarpið til staðfestingar.

4. gr. Nú þykja amtmanni nokkur ákvæði samþykktarinnar ganga of nærri rjetti manna, eða að hún komi á einhvern hátt í bága við lög og grundvallarreglur laganna, og synjar hann þá um staðfesting sína, en skýra skal hann sýslunefndinni frá ástæðum fyrir neituninni. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og kveður á um, hvenær hún skuli öðlast gildi, og er hún upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, sem hlut eiga að máli.

Samþykkt þeirri, sem amtmaðnr hefur staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð á.

Amtmaður hlutast til um, að samþykktin sje prentuð í B.-deild Stjórnartíðindanna.

5. gr. Samþykktin skal kveða á um eptirlit það, sem þarf til þess að hennar sje vandlega gætt, og hvernig greiða skuli kostnað, sem af því leiðir.

6. gr. Brot gegn staðfestri samþykkt varðar 10 -100 kr. sekt, sem rennur í sýslusjóð.

7. gr. Með brot gegn samþykkt þessari skal fara sem opinber lögreglumál.

Ed. **131. Frumvarp**

til laga um samþykktir til að friða skóg og mel, (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

1. Sýslunefndum veitist vald til að gera samþykktir um friðun á skógum, hvers kyns sem eru, og á mel á þann hátt, sem segir í lögum þessum.

2. Þegar sýslunefnd þykir þörf á, eða vera hagfelt að gera samþykkt fyrir alla sýsluna eða fyrir nokkurn hluta hennar, skal hún kveðja til almenns fundar í hjeraði því, sem ætlazt er til að samþykkt sú nái yfir, og eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir hjeraðsbúar þeir, er kosningarrjett hafa til alþingis.

Sýslunefnd kveður á um fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara, en sýslumaður sje fundarstjóri eða einhver sýslunefndarmanna, er nefndin kýs til þess, og skal hann hafa kjörskrá við hendina.

Ef fundarstjóri verður að takast ferð á hendur til þess að halda fundinn, ber að greiða honum 2 kr. á dag í dagpeninga o.: ferðakostnað að auki eptir reikningi, er sýslunefndin úrskurðar og greiðist það gjald úr sýslusjóði.

3. Sýslunefndin semur frumvörp til samþykkta þeirra, er hún vill koma á, og ber undir álit og atkvæði funda þeirra, er um er rætt í 2. gr.

Nú hafa fundarmenn fallizt á frumvarp nefndarinnar með $^2/_3$ atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, og skal þá sýslunefndin senda amtmanni frumvarpið til staðfestingar. En ef breytingartillögur hafa verið gjörðar við frumvarpið á fundinum og samþykktar með $^2/_3$ atkvæða, setur sýslnnefndin þær inn í frumvarpið, ef henni þykja þær á rökum byggðar, og sendir síðan amtmanni til staðfestingar; en álíti sýslunefndin, að breytingartillögurnar eigi ekki að takast til greina, ber hún frumvarp sitt óbreytt að nýju undir atkvæði hjeraðsfundar, og verði það þá samþykkt með $^2/_3$ atkvæða, ber að senda það amtmanni til staðfestingar.

Það frumvarp eða breytingaratkvæði við frumvarp, sem eigi hefur verið samþykkt með $^2/_3$ atkvæða á hjeraðsfundi, er fallið, og má eigi koma fram í nýju frumvarpi sýslunefndar fyr en að ári liðnu.

4. Nú þykja amtmanni nokkur ákvæði samþykktar ganga of nærri rjetti manna eða atvinnufrelsi, eða að þær koma á einhvern hátt í bága við lög og grundvallarreglur laganna, og synjar hann þá um staðfesting sína, en skýra skal hann sýslunefndinni frá ástæðum fyrir neituninni. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og kveður á, hvenær hún skuli öðl-

ast gildi, og er hún upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa innan takmarka þess svæðis. sem samþykktin nær yfir.

Samþykkt þeirri, er amtmaður hefur staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð á.

Amtmaður hlutast til um að samþykktirnar sjeu prentaðar í B-deild Stjórnartíðindanna.

5. Í samþykkt skal ávallt kveða á um eptirlit það, er þarf til þess að hennar sje vandlega gætt, og hvernig greiða skuli kostnað, sem af því leiðir.

6. Brot gegn staðfestum samþykktum varðar 5—100 kr. sekt, sem rennur í sýslusjóð. Þó má ákveða þeim, er kemur brotinu upp, allt að helmingi sektanna.

7. Með brot gegn samþykktum skal fara sem opinber lögreglumál.

Nd. **132. Frumvarp**

til laga um rjett þeirra manna, er hafa þjóðkirkjutrú, til að ganga í borgaralegt hjónaband, (eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild).

Rjett er sjerhverjum hjónaefnum, sem hafa þjóðkirkjutrú, að láta veraldlegan valdsmann gefa sig í borgaralegt hjónaband, samkvæmt þeim reglum, er settar eru í lögum 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn.

Ed. **133. Frumvarp**

til laga um kjörgengi kvenna (eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.).

Ekkjur og aðrar ógiptar konur, sem standa fyrir búi, eða á einhvern hátt eiga með sig sjálfar, skulu hafa kjörgengi, þegar kjósa á í hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn og á safnaðarfundum, ef þær fullnægja öllum þeim skilyrðum, sem lög ákveða fyrir þessum rjettindum, að því er karlmenn snertir.

Ed. **134. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 27. febrúar 1880 um stjórn safnaðarmála og um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda (eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild).

1. gr. Safnaðarfundir þeir og hjeraðsfundir, sem skipaðir eru í lögum 27. febrúar 1880 um stjórn safnaðarmála og um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda, skulu eptirleiðis haldnir, hinir fyrnefndu í maímánuði og hinir síðarnefndu í júnímánuði eða septembermánuði ár hvert.

2. gr. Í kirkjusóknum, sem hafa yfir 1000 íbúa, skulu 5 menn vera í sóknarnefndum þeim, sem skipaðar eru í fyrgreindum lögum 27. febrúar 1880, 3. gr.

3. gr. Þá er hjeraðsfundur lögmætur, er meira en helmingur presta og safnaðarfulltrúa samtals í því hjeraði eru á fundi.

Það mál er samþykkt á hjeraðsfundi, sem hlotið hefur meira en helming þeirra atkvæða, sem greidd eru.

Nd. **135. Frumvarp**

til laga um greiðslu daglauna og verkakaups við verzlanir. Frá verzlunarmálanefndinni. (Framsögumaður: Sk. Thoroddsen).

1. gr. Mönnum þeim, er vinna daglaunavinnu við verzlanir, skal goldið verkkaup í gjaldgengum peningum; en óheimil er borgun með skuldajöfnuði eða öðru, og eru allir samningar ógildir, sem þessu eru gagnstæðir.

2. gr. Vinni verkmaður viku eða lengur við sömu verzlun, er eindagi verkkaupsins á föstudegi hverjum, þegar verki er lokið.

Nú vinnur verkmaður skemur, og skal þá verkkaup goldið, þegar verki er lokið.

3. gr. Daglaunamaður við verzlanir er hver sá, karl eða kona, sem ekki er ráðinn sem hjú hjá vinnuveitanda, enda sje hann ekki ráðinn sem verzlunarþjónn.

4. gr. Nú vinnur maður ákveðið verk við verzlun fyrir ákveðið kaup (accord), og skal það kaup greitt í peningum eigi síðar, en verki er lokið.

5. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 10—100 krónum, er renna til landssjóðs.

6. gr. Með brot gegn lögum þessum skal fara sem opinber lögreglumál.

Nd. **136. Frumvarp.**

til laga um gjald af aðfluttu smjörlíki. Flutningsm.: Jón Þorkelsson, Björn Sigfússon, Björn Bjarnarson, Þorlákur Guðmundsson, Jón Jakobsson, Bogi Th. Melsteð.

1. gr. Þá er smjörlíki (margarín) er flutt til Íslands, skal greiða 15 aura gjald í landssjóð af hverju pundi.

Vöru þessa má eigi flytja til landsins, nema hún sje einkennd með ákveðnu vörumerki. Brot gegn ákvörðun þessari varða sektum allt að 500 kr.

2. gr. Um innheimtu gjaldsins og eptirlit með að flutningi hinnar tollskyldu vöru, skal farið eptir ákvæðum laga 9. ágúst 1889 um aðflutningsgjald á kaffi og sykri.

3. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1894.

Nd. **137. Frumvarp**

til laga um bæjarstjórn á Seyðisfirði. Flutningsmenn: Einar Jónsson, Jón Jónsson 2. þm. N.-M., og Sigurður Gunnarsson.

1. gr. Seyðisfjarðarkaupstaður með Búðareyri og Vestdalseyri, og jarðirnar Vestdalur og Fjörður með Fjarðarseli og Odda skal vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig, með kaupstaðarrjettindum.

2. gr. Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn; í henni eru kosnir bæjarfulltrúar og bæjarfógeti; er bæjarfógeti oddviti stjórnarinnar og hefur atkvæðisrjett á fundum.

3. gr. Framkvæmd ákvarðana þeirra, er bæjarstjórn gjörir, og bæjarmálefni yfir höfuð eru á hendi oddvitans. Ef bæjarstjórninni þykir þess við þurfa, eða henni virðist það hagfellt í einstöku tilfellum, má hún fela einum eða fleirum úr sínum flokki á hendur, að framkvæma sjerstök bæjarstörf, eptir þeim reglum, sem hún sjálf kemur sjer saman um.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sjer þau sjerstöku bæjarstörf, sem þeim eru falin á hendur.

4. gr. Fulltrúar kaupstaðarins skulu vera 6, þó má landshöfðingi breyta tölu fulltrúanna, ef þörf gjörist, eptir tillögu bæjarstjórnarinnar; skulu þeir kosnir af þeim bæjarbúum, sem kosningarrjett hafa eptir lögum þessum.

5. gr. Kosningarrjett hafa allir karlmenn í kaupstaðnum, sem eru orðnir fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, eru eigi öðrum háðir, hafa verið heimilisfastir í kaupstaðnum 1 ár, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, og er eigi lagt af sveit, eða, hafi þeir fengið sveitarstyrk, þá endurgoldið hann eða verið gefinn hann upp; en greitt skulu þeir hafa að minnsta kosti 4 krónur í bein bæjargjöld síðasta árið. Kosningarrjett hafa og ekkjur og aðrar ógiptar konur, ef þær fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í lögum 12. maí 1882 um kosningarrjett kvenna og í grein þessari.

Kjörgengur er hver sá karlmaður, er kosningarrjett hefur.

6. gr. Bæjarfulltrúar skulu kosnir til þriggja ára. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta skipti, fara 2 frá að ári liðnu, og svo tveir ár hvert. Skal það, hverjir frá fara fyrstu 2 árin, verða komið undir samkomulagi, en verði því eigi á komið, skal hlutkesti ráða. Ef einhver fulltrúi fer frá, hverjar helzt sakir sem til þess eru, áður 3 ár eru liðin frá kosningu hans, skal þegar kjósa annan í hans stað, og hefur sá fulltrúasýslu á hendi að eins um þann tíma, er vantaði upp á, að hinn hefði verið 3 ár, er frá fór.

7. gr. Fulltrúakosningar skulu fram fara einhvern hinn fyrsta virkan dag eptir nýjár, nema þegar svo stendur á, að kjósa þarf aukreitis. Svo skal kosning undirbúa, að skrá sje samin um þá, sem kosningarrjett hafa; þá skrá skal kjörstjórnin semja, en þessir eru kjörstjórar: bæjarfógetinn og tveir fulltrúanna, er bæjarstjórnin til þess kýs. Kjörskráin skal liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis á hentugum stað um hálfan mánuð á undan kjördegi. Mótbárur gegn kjörskránni, sem lúta að því, að nokkur sje of eða vantalinn, á að bera upp fyrir kjörstjórninni að minnsta kosti 3 dögum á undan kjördegi, svo að hún geti þann dag lagt úrskurð sinn á málið; en að öðrum kosti verða þær eigi teknar til greina.

8. gr. Formaður kjörstjórnarinnar skal boða stað og stund, er kosningar skulu fram fara, að minnsta kosti viku á undan, og á þann hátt, sem þing almennt eru boðuð í kaupstaðnum. Kjörfundinn skal halda fyrir opnum dyrum; skulu þá allir kjósendur, er neyta vilja kosningarrjettar síns, koma sjálfir á kjörfund og lýsa yfir því, annaðhvort munnlega fyrir kjörstjórninni, eða á ólokuðum seðli, hvern þeir vilja kjósa. Atkvæði skulu greidd í einu um svo marga, sem kjósa skal. Þegar þeir hafa greitt atkvæði, sem við eru staddir, og allir kjósendur kallaðir fram, skal kjörstjórnin bíða hálfa stund, áður en hún slítur kosningarfundinum, til þess að þeir, sem þá eru eigi komnir, fái með þessu móti tækifæri til að neyta kosningarrjettar síns. Þegar öll atkvæði eru bókuð, les formaður kjörstjórnarinnar þau upp, en hinir tveir kjörstjórarnir rita þau upp og telja saman; þar eptir skal hann nefna kosna sem fulltrúa þá, er flest hafa fengið atkvæði. Nú hafa 2 eða fleiri jafnmörg atkvæði, og skal þá hlutkesti ráða.

9. gr. Hver sá, sem er kjörgengur, er skyldur að taka á móti kosningu, nema hann sje sextugur að aldri, eða hann vegna heilsubrests, anna, eða annars því um líks hafi sennilega ástæðu til að skorast undan kosningu; kjörstjórnin skal skera úr þessu, og láti hann sjer ekki lynda úrskurð hennar, skal skjóta málinu til bæjarstjórnarinnar. Sá, sem gegnt hefur fulltrúastörfum í 3 ár eða lengur, er eigi skyldur að takast þá sýslu á hendur aptur, fyr en eptir jafnlangan tíma og hann hafði áður verið fulltrúi.

10. gr. Sá, sem hefur eitthvað að kæra yfir kosningargjörð þeirri, sem fram er farin, eða yfir úrskurðum kjörstjórnarinnar, verður að bera mál sitt skriflega undir bæjarstjórnina viku eptir að kosning hefur framfarið, eigi umkvörtun hans að verða tekin

til greina. Innan hálfs mánaðar frá því, að kæruskjalið var fengið bæjarstjórninni, leggur hún úrskurð sinn á málið, og skal áður leitað um það álits kjörstjórnarinnar. Kæra má skriflega úrskurð bæjarstjórnarinnar fyrir landshöfðingja; skal kæran send innan hálfs mánaðar frá því, er úrskurðurinn var upp kveðinn. Þegar almennar kosningar á ári hverju hafa fram farið, fara bæjarfulltrúar þeir, er áður voru, þá fyrst úr bæjarstjórninni, er fullnaðarúrskurður er lagður á kærur þær, er kunna að hafa komið fram um hinar nýju kosningar.

11. gr. Nú vill bæjarfulltrúi ganga úr bæjarstjórn, áður en sá tími er liðinn, er hann er kosinn fyrir, og skal þá bæjarstjórnin ákveða, hvort taka skuli beiðni hans til greina. Bæjarstjórnin ákveður enn fremur, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá, eða honum skuli vikið úr bæjarstjórninni um stund sökum atvika, er svipta hann kjörgengi. Hið sama skal og gilda, ef bæjarfulltrúi vanrækir eða færist undan að gjöra það, er hann er skyldur til sem bæjarfulltrúi, þannig, að nauðsyn ber til, að hann fari frá. Þó má sá, sem vikið er úr bæjarstjórn gegn vilja hans, bera kæru sína undir landshöfðingja, á þann hátt, sem sagt er fyrir í næstu grein hjer á undan.

12. gr. Oddviti bæjarstjórnarinnar stjórnar umræðum á fundum og sjer um, að það, sem ályktað er, sje rjett ritað í gjörðabókina.

Til þess að lögmæt ákvörðun sje gjörð, verður, auk oddvita, minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðafjöldi skal ávallt ráða. Sjeu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, því að þá ræður hlutkesti. Fundir bæjarstjórnarinnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ályktar það.

Það skal kunngjört bæjarbúum, hvenær og hvar bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar oddvita þykir nauðsyn til bera, eða minnst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess.

Oddviti skal á undan fundum, að svo miklu leyti sem unnt er, skýra bæjarfulltrúum frá því, hver málefni komi fyrir. Allir þeir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gjörðabókina við fundarlok, og á sjerhver í bæjarstjórninni rjett á, að fá ágreiningsatkvæði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórnin setur sjálf þingsköp sín, en landshöfðingi samþykkir þau.

13. gr. Virðist bæjarfógeta, að einhver ákvörðun bæjarstjórnarinnar gangi út fyrir vald hennar, eða að ákvörðun sje gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða hún miði til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni, með því að rita álit sitt í gjörðabókina. Um þetta skal hann svo fljótt sem verða má, senda landshöfðingja skýrslu, og leggur hann úrskurð sinn á málið. Eptirrit af skýrslu bæjarfógeta skal jafnframt senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gjört athugasemdir sínar við hana, áður en skýrslan fer til landshöfðingja.

14. gr. Í öllum þeim málum, er snerta uppeldi og uppfræðing barna, hefur hlutaðeigandi prestur sæti og atkvæði á fundum bæjarstjórnarinnar.

15. gr. Bæjarstjórnin kýs þá 4 menn, er samkvæmt opnu brjefi 6. jan. 1857 eiga sæti í byggingarnefnd Seyðisfjarðarkaupstaðar með bæjarfógeta. Skulu 2 þessara manna kosnir úr flokki bæjarfulltrúa.

16. gr. Bæjarstjórnin velur 2 menn í hafnarnefnd; skal annar þeirra ávallt kosinn úr flokki bæjarfulltrúa.

17. gr. Bæjarstjórnin kýs bæjargjaldkera, og má veita honum árlega þóknun.

Skal hann skyldur að hafa starf sitt á hendi að minnsta kosti um 3 ár, nema að beri einhver þau atvik, er aptri honum frá því, og sem bæjarstjórnin tekur gild.

18. gr. Bæjarstjórnin setur embættismenn eða sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögreglupjóna, næturverði og fangaverði setur bæjarstjórnin eptir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarfulltrúanna.

19. gr. Reikningsár kaupstaðarins er frá nýári til nýárs. Innan 1. dags. októbermán. ár hvert skal bæjarstjórnin semja áætlun yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins hið næsta ár. Í áætluninni skal tilgreina tekjur þær, sem til eru til þess að borga með gjöldin, án þess að skattur sje lagður á bæjarbúa. Síðan skal til eiginlegra bæjarþarfa jafna frá 10 - 20 aur. á hvern ferhyrningsfaðm í grunnum undir íbúðarhúsum og geymslu-húsum, en ekkert af grunnum undir fjárhúsum, og $^1/_4 - ^1/_3$ eyris á hvern ferhyrningsfaðm í óbyggðri útmældri lóð kaupstaðarins. Því, sem ávantar til að standa straum af bæjarþörfum, skal jafna niður á bæjarbúa eptir efnum og ástæðum.

Áætlun þá, sem þannig er samin, skal ræða í bæjarstjórninni á 2 fundum með viku millibili. Við aðra umræðu skal bæjarstjórnin íhuga áætlunina grein fyrir grein og greiða atkvæði um hverja grein fyrir sig. Skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin samþykkir hana, vera regla fyrir hæð bæjargjalda og fjárstjórn allri á næsta ári. Áætlun þessa skal leggja fram innan 1. dags nóvembermán., og skal hún vera öllum til sýnis í hálfan mánuð.

Án samþykkis landshöfðingja má eigi nokkurt ár leggja hærri bæjargjöld samtals á bæjarbúa, en sem svari meðaltali allra bæjargjalda þrjú hin síðustu árin, að fimmtungi viðbættum.

20. gr. Niðurjöfnun eptir efnum og ástæðum nær til allra, sem hafa fast aðsetur í bænum; þeir skulu greiða þar fullt gjald eptir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft aðsetur annarstaðar; sje svo, má ekki leggja hærra gjald á þá, en samsvari þeim tíma, er þeir hafa haft fast aðsetur í kaupstaðnum. Fast aðsetur í bænum skemmri tíma en fjóra mánuði kemur ekki til greina.

Sömuleiðis má leggja gjald á fastar verzlanir og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki í kaupstaðnum, er sjeu rekin að minnsta kosti um 4 mánuði af gjaldárinu, þó eigendur þeirra eigi hafi þar fast aðsetur. Á þessa stofna skal leggja gjald, er samsvari útsvarinu eptir efnum og ástandi, eptir því er hæfa þykir eptir árlegri veltu og arði, án þess tillit sje haft til annara tekja eða eigna þess, sem í hlut á.

21. gr. Fimm manna nefnd skal jafna niður gjöldum eptir efnum og ástæðum. Um kosningarrjett og kjörgengi til þessarar niðurjöfnunarnefndar gildir hið sama, sem á er kveðið um kosningarrjett og kjörgengi til bæjarstjórnar. Nefndarmenn skulu kosnir til 6 ára, og skal kosning fram fara í septembermánuði. Af þeim, sem kosnir voru í fyrsta skipti, fara 2 frá að 3 árum liðnum. Skal það, hverjir frá fara, vera komið undir samkomulagi, en verði því eigi á komið, skal hlutkesti ráða. Síðan fara frá á hverjum 3 ára fresti til skiptis 3 og 2 nefndarmenn. Um kosningaraðferðina í nefnd þessa gildir hið sama, sem fyr segir um kosning í bæjarstjórn, að svo miklu leyti sem við getur átt.

Enginn, sem skyldur er að taka móti kosning í bæjarstjórnina, getur skorazt undan að taka móti kosning í niðurjöfnunarnefndina, nema bæjarfulltrúarnir. Hver sá, er verið hefur 6 ár eða lengur samfleytt í nefndinni er og undanþeginn starfa þessum jafnlengi og hann hefur í henni verið. Enginn má á sama tíma sitja í niðurjöfnunarnefnd og bæjarstjórn.

Niðurjöfnunarnefndin kýs sjer sjálf oddvita úr sínum flokki, og gildir hið sama um ályktanir hennar og atkvæðagreiðslu sem um bæjarstjórnina (11. gr.).

22. gr. Niðurjöfnunarnefndin jafnar niður hinum árlegu gjöldum í nóvembermán. samkvæmt áætluninni. Niðurjöfnunarskráin og skrá um önnur gjöld bæjarins skal liggja öllum til sýnis um hálfan mánuð fyrir árslok, annaðhvort á bæjarþingsstofunni eða á öðrum hentugum stað, eptir að búið er að birta það opinberlega. Bæjarstjórnin má ákveða, að aukaniðurjöfnun skuli fram fara í síðari hluta júnímánaðar ár hvert, og skulu skattar þá lagðir á þá, sem flutt hafa sig til kaupstaðarins, eptir að aðalniðurjöfnunin fór fram og skyldir eru að greiða skatt samkv. 18. gr. Þessi aukaniðurjöfnun skal liggja öllum til sýnis í hálfan mánuð, eins og sagt er að framan.

Kærur gegn hinni framlögðu niðurjöfnun skulu sendar niðurjöfnunarnefndinni skriflega innan hálfs mánaðar frá því, að niðurjöfnunarskráin hefur verið til sýnis. Innan hálfs mánaðar þar á eptir skal nefnd þessi skriflega tilkynna kærandanum, hvort, eða að hve miklu leyti krafa hans hafi verið tekin til greina. Ályktun þá, sem niðurjöfnunarnefndin hefur gjört, má svo innan hálfs mánaðar þar á eptir bera upp fyrir bæjarstjórninni, sem leggur úrskurð sinn á málið innan hálfs mánaðar. Kærur, sem koma fram eptir hinn ákveðna tíma, verða eigi teknar til greina.

Hverjum, sem settur er á [illegible]rgjald, er heimilt að kvarta yfir skattgjaldi því, sem lagt hefir verið, ekki að eins á sjálfan hann, heldur og á aðra, sem á niðurjöfnunarskránni standa, sem og líka yfir því, ef einhverjum er sleppt úr henni. Ef kvartað er yfir gjaldi annars manns, eða yfir því, að einhverjum sje sleppt, skal þeim manni gefinn kostur á að segja álit sitt um það efni, áður en úr þessu er skorið af niðurjöfnunarnefndinni eða bæjarstjórninni.

Ekkert bæjargjald má bæjarstjórnin lækka eða hækka, nema svo reynist, að það hafi verið sett að minnsta kosti 10% annaðhvort of hátt eða of lágt. Eigi má bæjarstjórnin heldur jafna gjaldi á neinn mann, sem sleppt hefur verið úr niðurjöfnunarskránni, nema gjald hans geti numið í hið minnsta því lægsta gjaldi, sem þegar hefur verið lagt á einhvern annan á niðurjöfnunarskránni.

Enginn getur, með því að bera sig upp við bæjarstjórnina um skattgjald sitt, komizt hjá því, að greiða þann hluta skattsins, sem kominn er í gjalddaga; en verði gjaldinu breytt, skal greiða aptur úr bæjarsjóði það, sem ofgoldið er.

23. gr. Ef ágreiningur verður milli Seyðisfjarðar og annars íslenzks sveitarfjelags um, hvernig skipta eigi milli þeirra skattgjaldi einhvers manns, skal landshöfðingi skera úr því. Verði þessi ágreiningur milli Seyðisfjarðar og sveitarfjelags í Danmörku, skal ráðgjafinn fyrir Ísland leggja úrskurð sinn á málið. Ef nokkur þykist ekki vera skattskyldur í bænum, má hann leita um það dóms og laga.

24. gr. Öll bæjargjöld skulu goldin fyrir 1. apríl og 1. okt. ár hvert, og ber bæjargjaldkera að innheimta þau, eins og aðrar tekjur kaupstaðarins. Sjeu þau eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga, ber að taka þau lögtaki.

Flytji skattskyldur maður sig úr bænum fyrir nýár, fellur allt það gjald burt, sem lagt er á hann sjálfan fyrir ár það, sem í hönd fer. Sá, sem flytur sig úr kaupstaðnum einhverntíma á árinu, er að eins skyldur að greiða skatt til loka þess ársfjórðungs, er hann flytur sig. Sá, sem settur er á aukaniðurjöfnunarskrána, er að eins skyldur að greiða skatt frá 1. júlí.

25. gr. Bæjarstjórnin og sjerstaklega bæjarfógeti skal hafa nákvæmar gætur á

fjárstjórn kaupstaðarins, og því sjá um, að skattar og aðrar tekjur sjeu rjett heimtar og í tækan tíma, og teknar lögtaki, ef þess þarf við; ennfremur gæta þess, að geymt sje og eptir atvikum ávaxtað fje bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að borga útgjöld hans.

Bæjarstjórnin skal hafa ábyrgð á innstæðum og öðrum eigum kaupstaðarins.

26. gr. Gjaldkeri skal, að minnsta kosti eitt sinn á hverjum 3 mánuðum, gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðskýrslu, er sýni, bæði hvað goldizt hafi í bæjarsjóð, og hvað úr honum hafi verið borgað. Eigi má bæjargjaldkeri greiða neitt úr bæjarsjóði nema eptir ávísun frá bæjarstjórninni. Allar ávísanir skulu vera undirskrifaðar af oddvita bæjarstjórnarinnar og að minnsta kosti 3 bæjarfulltrúum.

27. gr. Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda á vegavinnu, aðgjörðum á skólum og fátækrahúsum, á því, að útvega verknað og varning í þarfir bæjarins, og öðru þess konar, skal ekki goldið neitt.

28. gr. Bæjarstjórnin er skyld að útvega og láta landstjórninni í tje skýrslur þær, er hún kann æskja, svo sem um fólkstal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand kaupstaðarins.

29. gr. Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis landshöfðingja takast á hendur neina skuldbinding til langframa, sem ekki beinlínis hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufje kaupstaðarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans, nje kaupa neina nýja fasteign, ekki taka stærri lán nje lán upp á lengri tíma, en að þau verði borguð aptur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje heldur endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum.

30. gr. Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna árið og senda bæjærfógetanum fyrir lok janúarmánaðar; lætur bæjarfógetinn reikning þennan liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis, og skal um þetta og um, hvernig slíkt sje birt, farið að á sama hátt og fyrir er mælt að framan í 21. gr. um niðurjöfnunina. Reikningurinn sje því næst vandlega yfirfarinn af yfirskoðunarmanni, er kosinn sje af kaupstaðarbúum þeim, er samkvæmt 4. gr. hafa kosningarrjett; skal hann kjörinn á sama hátt og fulltrúarnir og hafa það starf á hendi um 3 ár. Skoðunarmaður skal hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því hann fjekk hann. Þegar gjaldkeri er búinn að svara athugasemdum hans, en það skal hann hafa gjört innan hálfs mánaðar, skal leggja reikninginn ásamt athugasemdum skoðunarmanns og svari gjaldkera fyrir bæjarstjórnina, er leggur úrskurð sinn á athugasemdir yfirskoðunarmanns og veitir bæjargjaldkera kvittun; þó má enginn taka þátt í úrskurði á athugasemd, sem snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sjerstaklega falin á hendur (2. gr.). Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnarinnar sje rjettur, enda leggi úrskurðurinn honum peningaábyrgð á hendur, og má hann halda málinu til dóms og laga. Þegar búið er að endurskoða og leggja úrskurð á reikning gjaldkera, á að birta á prenti ágrip af honum, er bæjarfógetinn semji; á ágrip það að vera svo fullkomið, að til sjeu greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

31. gr. Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda landshöfðingja reikning fyrir hið umliðna reikningsár með athugasemdum yfirskoðunarmanns og úrskurðum bæjarstjórnarinnar á þeim. Komist landhöfðingi að því, þá er hann yfirfer reikninginn eða á annan hátt, að bæjarstjórnin hafi viðhaft ólögmæt gjöld, neitað að greiða þau gjöld, sem löglega hvíla á kaupstaðnum, eða á annan hátt beitt ranglega valdi sínu, skal hann

gjöra þær ráðstafanir, er við þarf, og, ef nauðsyn ber til, getur hann með lögsókn komið ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, er hafa átt þátt í þessum ályktunum.

32. gr. Landshöfðingi gjörir ráðstöfun til, að lög þessi geti öðlazt fullt gildi 1. dag janúarmánaðar 1895.

Nd. **138. Frumvarp**

til laga um friðun á laxi. Flutningsmenn: Sigurður Gunnarsson og Sighvatur Árnason.

1. gr. Eigi má lax veiða í ám eða vötnum nje fjórðung viku sjávar út frá árósum, nema $2^1/_2$ mánuð af sumri hverju; þó má stangaveiði við hafa 3 mánuði. Sýslunefnd eða sýslunefndir skulu í hjeraði hverju setja fastar reglur um eða ákveða, hvenær veiðitími skuli byrja og enda, eptir að hafa kynnt sjer með beztu manna ráði, hvernig ám og vötnum er háttað og laxgöngu í þeim hjeruðum, er í hlut eiga.

2. gr. Ekki má leggja net, setja garða eða aðrar fastar veiðivjelar lengra út í nokkra á en hana miðja og þó því að eins svo langt út, að djúp árinnar sje eigi minna fyrir utan netið eða veiðivjelina, þegar hún er í á komin.

Nú vilja menn leggja net eða setja garða eða veiðivjel út frá báðum löndum, og skal þá svo leggja, að jafnan sje 100 faðma bil eptir endilangri ánni milli þeirra, nema svo sje, að þverbilið á milli veiðivjelanna sje eigi minna, en tveir þriðju partar af þvermáli árinnar.

3. gr. Ekki má leggja laxanet eða laxaveiðivjel úti fyrir ósamynnum í stöðuvötnum eða sjó, þar sem lax gengur, svo för hans sje hindruð. Ádráttarveiði má við hafa í ám og vötnum 4 stundir samfleytt á sólarhring, en í árósum eða svo nálægt þeim, að laxaför upp eptir ánni hindrist einungis með öðruhvoru útfalli sjávar.

Þar sem lax safnast saman í hyljum, má ekki við hafa neins konar ádráttarveiði, hvorki með netum nje öðrum veiðarfærum, er raskað geti botni hyljanna, síðar en 20. ágúst ár hvert. Heimilt skal að veiða lax á stöng, með ýmsu agni á öngul, sem lax tekur, en enginn má hafa neins konar sting eða ífæru, sem lax verði stunginn eða kræktur með. Urriða og sjóbirtinga má veiða á öllum tímum árs í ám, þar sem laxveiði er, nema með ádrætti.

Til vísindalegra þarfa og laxaklaks má lax veiða á hverjum tíma árs sem er.

4. gr. Hverjum manni er heimilt, að skjóta sel og styggja í ám, árósum og fyrir ósamynnum eina mílu út frá þeim, þar sem lax fer um; þó má ekki raska þinglesinni friðun eggvera eða sellátra frá 1. maí til 1. júlí ár hvert.

5. gr. Engin veiðarfæri nje veiðivjelar má við hafa, er taka smálax. Skulu möskvar í laxanetum ekki minni vera, þá votir eru, en 9 þumlungar ummáls.

Á hverri laxavjel skulu vera svo stór op, að enginn lax, sem ekki er meir en 9 þumlungar ummáls, þar sem hann er gildastur, staðnæmist í vjelinni. Sjeu grindur í vjelinni, skulu spelar standa lóðrjett upp og ofan, og sje eigi skemmra bil milli þeirra en $1^1/_2$ þumlungur.

6. gr. Nú er svo háttað á einhverjum stað, að nauðsyn þyki til bera, að breyta til um einhver þau ákvæði, sem fyrir er mælt í lögum þessum, og er sýslunefnd, einni eður fleirum, heimilt að setja reglur um það, en þó svo, að grundvallarreglum laga þessara um friðun laxins og frjálsa göngu sje í engu haggað eptir því, sem við á í á hverri.

Reglugjörðir sýslunefnda, sem getið er í þessari grein, skal amtmaður staðfesta, og fá þær þá fullt lagagildi um næstu þrjú ár.

7. gr. Brot gegn lögum þessum varða allt að 100 kr. sekt eptir málavöxtum. Allt ólöglegt veiðifang og öll ólögleg veiðiáhöld skulu upptæk, og skal lögreglustjóri tafarlaust taka slík veiðarfæri upp og nema burt allar ólögmætar girðingar. Sektir eptir lögum þessum renna að helmingi í fátækrasjóð hrepps þess, er brotið er framið í, og að helmingi til uppljóstrarmanns. Svo fer og um andvirði ólöglegra veiðarfæra og veiðifangs.

8. gr. Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum eða staðfestum samþykktum, skal fara með sem almenn lögreglumál. Þó getur sá, sem fyrir sök er hafður, komizt hjá málsókn, ef hann játar tafarlaust brot sitt og greiðir sektir og skaðabætur að fullu, eptir því, sem amtmaður ákveður. Rjett er að sá, sem fyrir skaða hefur orðið af ólöglegri veiði annara, reki málið, sem einkalögreglumál.

9. gr. Ákvarðanir í Jónsbókar landsleigubálki, 56. kap., um veiðar í ám, sem og lög um friðun á laxi 19. febr. 1886, eru hjer með úr lögum numin.

Nd. **139. Frumvarp**

til laga um að nema dómsvald hæztarjettar í Kaupmannahöfn, sem æðsta dóms í íslenzkum málum úr lögum. Flutningsmenn: Skúli Thoroddsen, Jón Jónsson 2. þingm. Eyf., Jón Jakobsson, Sighv. Árnason.

1. gr. Dómsvald hæztarjettar í Kaupmannahöfn, sem æðsta dóms í íslenzkum málum, skal úr lögum numið. Þó nær þetta ákvæði ekki til þeirra mála, sem ræðir um í 2. gr. í ákvörðunum um stundarsakir í stjórnarskránni 5. janúar 1874.

2. gr. Landsyfirdómurinn í Reykjavík skal hafa æðsta dómsvald í íslenzkum málum, og skal tala dómenda í þeim rjetti aukin um tvo, er hafi 3500 kr. árslaun hvor.

3. gr. Samkvæmt 3. gr. í lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. janúar 1871, skal leitað samþykkis hins almenna löggjafarvalds ríkisins um fyrirmæli þau, sem gjörð eru í 1. gr. þessara laga.

Nd. **140. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar. Frá Ólafi Briem.

Á eptir orðunum í annari málsgrein 2. gr. „sölubúðir fyrir fjelagsmenn“ bætist inn í:

Gestgjafar eða aðrir veitingamenn mega ekki á helgidögum þjóðkirkjunnar veita mönnum áfenga drykki.

Nd. **141. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um afnám helgidaga. Frá Ólafi Briem.

1. Greinin orðist þannig: Hinn almenni bænadagur er úr lögum numinn sem helgidagur.
2. Fyrirsögnin orðist þannig: Frumvarp til laga um afnám hins almenna bænadags.

Ed. **142 Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um atvinnu við siglingar. Frá nefndinni.

Við 7. gr. Stafliður b. orðist þannig:

að hann hafi verið í förum 8 mánuði eða stýrimaður í 4 mánuði.

Nd. **143. Frumvarp**

til laga um að veita stjórninni heimild til að fyrirskipa, að auglýsingar þær, sem rætt er um í opnu brjefi 27. maí 1859, verði teknar upp í stjórnartíðindin, deildina B. — Flutningsmaður Björn Bjarnarson.

Stjórnararráði Islands veitist heimild til, að skipa svo fyrir, að auglýsingar þær, sem rætt er um í opnu brjefi 27. maí 1859, verði prentaðar í stjórnartíðindum fyrir Ísland, deildinni B, í stað löggilts þjóðblaðs, er kemur út í Reykjavík, svo sem fyrir er mælt í brjefi þessu.

Ed. **144. Frumvarp**

til laga um fuglaveiðasamþykkt í Vestmannaeyjum, (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

1. gr. Sýslunefndinni í Vestmannaeyjum veitist vald til að gjöra fuglaveiðasamþykkt þar á eyjunum, á þann hátt og með þeim takmörkunum og skilyrðum, sem segir í lögum þessum.

2. gr. Þegar sýslunefndinni virðist nauðsýn til bera, að gjöra fuglaveiðasamþykkt fyrir sýsluna, skal hún kveðja til almenns fundar, sem auglýstur sje með nægum fyrirvara. Atkvæðisrjett á fundinum eiga allir þeir sýslubúar, er jarðir hafa, sem og þeir, er kosningarrjett hafa til alþingis, og skal sýslunefndin hafa kjörskrána við hendina.

Sýslunefndin ákveður fundarstað og fundardag, og skal sýslumaður vera fundarstjóri eða þá einhver sýslunefndarmanna, er nefndin kýs til þess.

3. gr. Sýslunefndin ber undir álit og atkvæði fundarmanna, sem til er tekið í 2. gr., samþykkt þá, er hún vill koma á.

Nú hafa fundarmenn fallizt á samþykkt nefndarinnar með eða án breytinga með $^3/_4$ atkvæða þeirra, sem greidd hafa verið, og skal hún þá hafa gildi sem lög, þegar er staðfesting amtmanns er fengin þar til. Amtmaður hlutast til um, að samþykktin sje prentuð í Stjórnartíðindunum, deildinni B.

4. gr. Nú þykja amtmanni nokkur ákvæði samþykktarinnar ganga of nærri rjetti manna, eða að hún komi á einhvern hátt í bága við lög og grundvallarreglur laganna, og synjar hann þá um staðfesting sína, en skýra skal hann sýslunefndinni frá ástæðum fyrir neituninni.

Ef breyta skal eða fella úr gildi samþykkt, sem samþykkt hefur verið, verður að gjöra það eptir sömu reglum og settar eru í þriðju grein þessara laga.

5. gr. Í samþykkt skal ávallt skýrt ákveða um eptirlit það, er þarf til þess að hennar sje gætt, og hvernig kostnað við það skal greiða.

6. gr. Fyrir brot móti löggiltri samþykkt má ákveða sektir frá 5—100 króna, er renni helmingur í sveitarsjóð og helmingur til þess, sem kemur brotinu upp.

7. gr. Með brot gegn samþykktum skal fara sem almenn lögreglumál.

Ed.

145. Frumvarp

til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstöku málefni Íslands, (eins og það var samþykkt við 3. umr. í n. d.).

I.

1. gr. Í öllum þeim málefnum, sem varða Ísland sjerstaklega, hefur landið löggjöf sína, dómsvald og stjórn út af fyrir sig, á þann hátt, að löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendum.

2. gr. Hin sjerstaklegu málefni landsins eru þessi:

1. Hin borgaralegu lög, hegningarlögin og dómgæzlan, er hjer að lýtur.
2. Lögreglumálefni.
3. Kirkju- og kennslumálefni.
4. Lækna- og heilbrigðismálefni.
5. Sveita- og fátækramálefni.
6. Vegir og póstgöngur landsins.
7. Landbúnaður, fiskiveiðar, verzlun, siglingar og aðrir atvinnuvegir.
8. Skattamál bein og óbein.
9. Þjóðeignir, alþjóðlegar stofnanir og sjóðir.

Meðan Ísland hefur ekki fulltrúa á ríkisþinginu, en það er komið bæði undir hinu sjerstaka löggjafarvaldi landsins, konungi og alþingi, og löggjafarvaldi ríkisins, leggur landið ekkert til almennra ríkisþarfa. En á hinn bóginn tekur það heldur engan þátt á meðan í löggjafarvaldinu um almenn ríkismál.

3. gr. Konungurinn hefur hið æðsta vald í öllum hinum sjerstaklegu málefnum landsins, með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur landstjóra, sem hefur aðsetur sitt í landinu, framkvæma það.

4. gr. Konungur skal vinna eið að stjórnarskrá Íslands. Af eiðstaf konungs skal gjöra tvö samhljóða frumrit, og skal senda alþingi annað þeirra til geymslu, en hitt skal geyma í leyndarskjalasafninu.

5. gr. Konungur er ábyrgðarlaus; hann er heilagur og friðhelgur.

6. gr. Konungur skipar landstjóra og víkur honum frá völdum Landstjóri hefur í umboði konungs hið æðsta vald í öllum hinum sjerstöku málefnum landsins, svo sem mælt er fyrir í stjórnarskrá þessari. Landstjóri skal vinna eið að stjórnarskránni. Laun hans skal ákveða með lögum.

7. gr. Landstjóri tekur sjer ráðgjafa og getur vikið þeim úr völdum. Ráðgjafarnir hafa á hendi stjórnarstörfin og bera ábyrgð á þeim. Ábyrgð þessa skal ákveða með lögum.

Undirskript konungs eða landstjóra í umboði hans undir ályktanir þær, er snerta löggjöf og stjórn, veitir þeim gildi, þá er einn ráðgjafi eða fleiri skrifa undir með honum. Ráðgjafi sá, er undir ályktun ritar með konungi eða landstjóra, ber ábyrgð á henni.

8. gr. Ráðgjafar skulu eigi vera fleiri en þrír, og skal einn vera æðstur þeirra. Landstjóri og ráðgjafar er landsráð, og landstjóri forseti þess. Í landsráðinu skal ræða lagafrumvörp öll og mikilsverð stjórnarmálefni. Deyi landstjóri eða hindrist á annan hátt, stendur hinn æðsti ráðgjafi fyrir stjórn

þangað til konungur nefnir annan landstjóra, eða landstjóri tekur aptur við stjórninni.

9. gr. Landstjóri eða neðri deild alþingis getur kært ráðgjafana fyrir embættisrekstur þeirra. Í þeim málum dæmir landsdómur.

10. gr. Landstjóri veitir öll þess konar embætti, sem konungur hefur veitt hingað til. Breyting má á þessu gjöra með lögum. Engan má skipa embættismann á landinu, nema hann hafi hin almennu rjettindi innborinna manna, og þar á ofan hafi fært sönnur á, að hann hafi fullnægt hinum gildandi ákvæðum um kunnáttu í máli landsins. Hver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni. Landstjóri getur vikið embættismönnum frá, og fer þá um eptirlaun þeirra svo sem lög mæla fyrir. Landstjóri getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einskis í af embættistekjum, og að þeim sje gefinn kostur á, að kjósa, hvort þeir vilji heldur embættaskiptin, eða þá lausn frá embætti með eptirlaunum þeim, er almennar reglur ákveða. Með lögum má undanskilja ýmsa embættismannaflokka, auk embættismanna þeirra, sem nefndir eru í 53. gr. Með lögum má afnema öll eptirlaun.

11. gr. Landstjóri stefnir saman reglulegu alþingi annaðhvort ár. Án samþykkis landstjóra má þingið eigi setu eiga lengur en 10 vikur. Breyta má þessum ákvæðum með lögum.

12. gr. Landstjóri getur frestað fundum hins reglulega alþingis um tiltekinn tíma, en þó eigi lengur en 4 vikur, nema alþingi samþykki það, og ekki nema einu sinni á ári.

13. gr. Landstjóri getur rofið aðra eða báðar deildir alþingis, og skal þá stofna til nýrra kosninga, áður tveir mánuðir sjeu liðnir frá því þingið var rofið, og skal þá stefna þinginu saman aptur næsta ár eptir að það var rofið. Þó má landstjóri hvoruga deild alþingis rjúfa án samþykkis hennar, eptir að hann hefur stefnt reglulegu alþingi saman, eða það er saman komið samkvæmt 24. gr., fyrri en alþingi hefur saman verið 10 vikur.

14. gr. Landstjóri getur stefnt alþingi saman til aukafunda, og ræður hann, hversu langa setu það þá skuli eiga.

15. gr. Landstjórinn getur lagt fyrir alþingi frumvörp til laga og ályktana.

16. gr. Undirskript konungs eða landstjóra þarf til þess, að veita ályktunum alþingis lagagildi. Landstjóri annast um, að lögin verði birt og að þeim verði fullnægt. Sje lagafrumvarp, sem alþingi hefur fallizt á, ekki staðfest á undan næsta reglulegu alþingi, er það fallið niður. Staðfesting konungs þarf til breytingar á stjórnarskránni eða viðauka við hana, svo sem síðar er fyrir mælt í 71. gr.

17. gr. Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur eða landstjóri gefið út bráðabyrgðarlög milli alþinga; þó mega slík lög eigi koma í bága við stjórnarskrána, enda falla þau úr gildi, nema næsta alþingi á eptir samþykki þau. Eigi má gefa út bráðabyrgðarfjárlög fyrir það fjárhagstímabil, er fjárlög eru samþykkt fyrir af alþingi.

18. gr. Landstjóri veitir leyfi þau og undanþágur frá lögum, sem tíðkazt hafa, eptir reglum þeim, sem farið hefur verið eptir hingað til.

19. gr. Konungur náðar menn og veitir almenna uppgjöf á sökum. Ráðgjöfunum getur hann eigi gefið upp sakir fyrir brot á stjórnarskránni nje fyrir önnur brot, sem landsdómur hefur dæmt þá fyrir, nema því að eins, að neðri deild alþingis samþykki.

II.

20. gr. Á alþingi eiga setu 36 þjóðkjörnir menn. Kosning þeirra gildir venjulega fyrir 6 ára tímabil. Stytta má tímabil þetta með lögum. Deyi nokkur eða fari frá af þeim, sem kosnir eru til þingsetu, meðan á kjörtímanum stendur, skal kjósa annan í hans stað til þingsetu fyrir það tímabil, sem eptir er af kjörtímanum.

21. gr. Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í efri þingdeild sitja 12 menn, er kjósa skal um land allt eptir ákvæð um þeim. er sett verða í kosningarlögunum. Í neðri deild sitja 24 þingmenn, kosnir í kjördæmum. Tölu þingmanna má breyta með lögum.

22. gr. Kosningarrjett til alþingis hafa:

a. allir búandi menn, húsmenn, borgarar, þurrabúðarmenn og aðrir húsráðendur, sem greiða gjald til almennra þarfa;
b. embættismenn;
c. þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, prestaskólann eða læknaskólann í Reykjavík, eða eitthvert annað þesshátttar opinbert próf, sem nú er, eða kann að verða sett, þó ekki sjeu þeir í embætti, ef þeir eru ekki öðrum háðir.

Þó getur enginn átt kosningarrjett, nema hann sje orðinn 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár, sje fjár síns ráðandi og honum sje ekki lagt af sveit, eða, hafi hann þegið sveitarstyrk, að hann þá hafi endurgoldið hann, eða honum hafi verið gefinn hann upp.

23. gr. Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem hefur kosningarrjett samkvæmt því sem nú var sagt, ef hann:

1. ekki er þegn annars ríkis eða er í þjónustu þess;
2. hefur að minnsta kosti síðustu 5 ár verið í löndum þeim í norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi.

Kjörgengi til efri deildar skal þó bundið við 35 ára aldur. Kjósa má þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefur verið innan kjördæmis skemur en eitt ár.

Með lögum má veita konum kosningarrjett og kjörgengi til alþingis.

Nákvæmari reglur um kosningarnar verða settar í kosningarlögunum.

III.

24. gr. Alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði ann aðhvort ár, hafi landstjóri ekki tiltekið annan samkomudag sama ár.

Með lögum má ákveða, að hið reglulega alþingi komi optar saman eður á öðrum tíma.

25. gr. Samkomustaður alþingis er í Reykjavík. Þó getur landstjóri eptir atvikum skipað fyrir um, að alþingi komi saman á öðrum stað í landinu.

26. gr. Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess eða frelsi.

27. gr. Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sjeu löglega kosnir.

28. gr. Sjerhver nýr þingmaður skal vinna eið að stjórnarskránni, undir eins og viðurkennt er, að kosning hans sje gild.

29. gr. Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæring sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir eru til alþingis, þurfa ekki leyfi stjórn, arinnar til þess að þiggja kosninguna, en skyldir eru þeir til að annast umað embættisstörfum þeirra verði gegnt án kostnaðar fyrir landsjóðinn.

30. gr. Hvor þingdeild á rjett á, að bera upp frumvörp til laga og ályktana og samþykkja þau fyrir sitt leyti; einnig má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi eða landstjóra ávörp.

31. gr. Hvor þingdeild getur sett nefndir af þingmönnum til þess að rannsaka mikils varðandi málefni. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rjett á, að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og öðrum.

32. gr. Engan skatt má á leggja, nje breyta, nje aftaka, nema með lögum; ekki má heldur án lögákvæða taka lán, er skuldbindi landið, nje selja eða á annan hátt láta af hendi neina af fasteignum landsins, nje skerða þann hluta viðlagasjóðs, sem ákveðinn verður með lögum.

33. gr. Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

34. gr. Jafnskjótt sem hið reglulega alþingi er komið saman, skal leggja fyrir það frumvarp til fjárlaga fyrir fjárhagstímabilið, sem í hönd fer. Með tekjunum skal telja bæði hið fasta tillag og aukatillagið úr hinum almenna ríkissjóði.

Gjöld, sem ákveðin eru með eldri lögum, tilskipunum, konungúrskurðum eða öðrum gildum ákvæðum, skal, þangað til breyting verður á því gjörð með lögum, tilfæra í fjárlögunum, svo sem gjöld þessi hafa ákveðin verið.

Frumvarpið til fjárlaganna og eins frumvörp til fjáraukalaga skal jafnan fyrst leggja fyrir neðri deild alþingis.

35. gr. Hvor þingdeild kýs yfirskoðunarmann, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða reikninga hvers árs um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, að tekjur landsins sjeu þar allar taldar og að ekkert hafi verið goldið út án heimildar. Þeir geta krafizt að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal semja reikning fyrir fjárhagstímabilið, og leggja hann fyrir alþingi, ásamt með athugasemdum yfirskoðunarmanna, til fullnaðarúrslita.

36. gr. Ekkert lagafrumvarp má samþykkja til fullnaðar, fyr en það hefur verið rætt þrisvar í hvorri þingdeild.

37. gr. Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annarihvorri þingdeildinni, skal það lagt fyrir hina þingdeildina í því formi, sem það er samþykkt í. Verði þar breytingar á gjörðar, gengur það aptur til hinnar fyrri þingdeildar. Verði hjer aptur gjörðar breytingar, fer frumvarpið af nýju til hinnar deildarinnar. Gangi þá enn eigi saman, ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og leiðir alþingi þá

málið til lykta eptir eina umræðu. Þegar alþingi þannig myndar eina málstofu, þarf til þess að gjörð verði fullnaðarályktun á máli, að tveir þriðjungar þingmanna úr hvorri deild sjeu á fundi og eigi þátt í atkvæðagreiðslunni; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um hin einstöku málsatriði, en til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykkt í heild sinni, þarf aptur á móti að minnsta kosti, að tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, sjeu með frumvarpinu.

. 38. gr. Meðan alþingi stendur, má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í, nje heldur setja hann í varðhald eða höfða mál móti honum, nema hann sje staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn til ábyrgðar utan þings fyrir það, sem hann hefur talað á þinginu, nema þingdeildin, sem hann á sæti í, leyfi.

39. gr. Ef sú breyting, er sviptir mann kjörgengi, verður á högum þess manns, sem löglega er kosinn, missir hann rjett þann, sem kosningunni fylgir.

40. gr. Ráðgjöfunum skal heimilt vegna embættisstöðu sinnar að sitja á alþingi, og þeir eiga rjett á, að taka þátt í umræðunum einsopt og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa.

Atkvæðisrjett hafa ráðgjafar því að eins, að þeir sjeu kosnir alþingismenn.

41. gr. Hvor þingdeild og eins hið sameinaða alþingi kýs sjálft forseta sinn og varaforseta.

42. gr. Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um neitt, nema að minnsta kosti tveir þriðjungar þingmanna sjeu á fundi og greiði þar atkvæði.

43. gr. Heimilt er þingmanni að bera upp í þeirri þingdeild, sem hann á sæti í, hvert það málefni, er almenning varðar, ef þingdeildin leyfir, og beiðast skýrslu um það.

44. gr. Hvorug þingdeildin má taka nokkurt málefni til meðferðar á þingi, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sjer til flutnings.

45. gr. Þyki þingdeild ekki ástæða til að gjöra ályktun um eitthvert málefni, þá getur hún vísað því til landstjórnarinnar.

46. gr. Fundi beggja þingdeilda og hins sameinaða alþingis skal halda í heyranda hljóði. Þó getur forseti, eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpunum, krafizt, að öllum utanþingsmönnum sje vísað burt, og skal þá þingið eða þingdeild sú, er hlut á að máli, skera úr, hvort ræða skuli málefnið í heyranda hljóði eða eigi.

47. gr. Þingsköp hins sameinaða alþingis og beggja þingdeilda skal setja með lögum.

IV.

48. gr. Landsdómur skal skipaður dómendum hins æðsta dómstóls innanlands og öllum þingmönnum efri deildar. Ryðja má sá, er kærður er, allt að 5 menn úr dómi, þó svo, að jafnan sitji dóminn eigi færri en 2 dómendur hins æðsta dómstóls. Jafnan skal tala dómenda á stöku standa, og skal því, ef til kemur, einn úr víkja eptir hlutkesti. Landsdómur velur forseta sinn.

Endi kjörtími meðan á máli stendur í landsdómi, halda þó efri deildar menn sæti sínu í dóminum. Rjettarfarið við dóm þennan skal ákveða með lögum.

49. gr. Landsdómur einn dæmir í þeim málum, er landstjóri eða neðri deild alþingis býr til á hendur ráðgjöfunum.

50. gr. Skipun dómsvaldsins skal ákveða með lögum.

51. gr. Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvaldanna. Þó getur sá, sem þar um leitar úrskurðar, ekki komið sjer hjá, að hlýða yfirvaldsboði í bráð, með því að skjóta málinu til dóms.

52. gr. Dómsvaldið skal greina frá umboðsvaldinu með lögum.

53. gr. Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eptir lögunum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auki umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum.

V.

54. gr. Hin evangelisk-lútherska kirkja er þjóðkirkja landsins, og skal þjóðfjelagið því styðja hana og vernda.

Sambandinu milli þjóðkirkju og landstjórnar skal skipa með lögum.

55. gr. Landsmenn eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins. Þó má eigi kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

56. gr. Rjettindi trúarfjelaga þeirra, sem frábrugðin eru þjóðkirkjunni, skal ákveða með lagaboði.

57. gr. Enginn má missa neins í af þegnrjettindum sakir trúarbragða sinna, nje heldur þeirra vegna skorast undan almennum fjelagsskyldum.

VI.

58. gr. Hvern, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara, og sje hann þá eigi þegar látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sje liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli í varðhald setja. Megi láta hann lausan mót veði, skal ákveða í úrskurðinum, hvert eða hversu mikið það skuli vera. Dómari og aðrir, sem viðriðnir eru, bera ábyrgð fyrir þeim, sem tekinn er fastur eða hindraður á annan hátt.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum. Engan má setja í gæzluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjársekt eða einföldu fangelsi.

59. gr. Heimilið er friðhelgt. Ekki má gjöra húsleit nje kyrsetja brjef og önnur skjöl, nje rannsaka þau, án dómsúrskurðar, nema lög sjerstaklega leyfi.

60. gr. Eignarrjetturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almennings þörf krefji; þarf til þess lög og komi fullt verð fyrir.

61. gr. Öll bönd þau, sem hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrjetti

manna til atvinnu, og eigi eru byggð á almennings heillum, skal af taka með lögum.

62. gr. Sá, sem ekki getur sjeð fyrir sjer og sínum, og sje hann ekki skylduómagi annars manns, skal eiga rjett á, að fá styrk úr almennum sjóði, en þá skal hann háður vera takmörkunum þeim, er lögin áskilja.

63. gr. Hafi foreldri eigi efni á að fræða sjálf börn sín, eða sjeu börnin munaðarlaus og öreigar, er það skylda þjóðfjelagsins, að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri.

64. gr. Hver maður á rjett á, að láta í ljósi hugsanir sínar á prenti, en þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei lögleiða.

65. gr. Rjett eiga menn á að stofna fjelög í sjerhverjum löglegum tilgangi án þess að leyfi þurfi að fá til þess. Ekkert fjelag má rjúfa með stjórnarráðstöfun. Þó má banna fjelag um stundarsakir, en þá verður þegar að búa mál til á hendur fjelaginu, til þess að það verði rofið.

66. gr Rjett eiga menn á, að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir.

67. gr. Hver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins, eptir því sem nákvæmar verður ákveðið með lögum.

68. gr. Rjetti sveitarfjelaganna til að ráða málefnum sínum skal skipa með lögum.

69 gr. Skattgjaldamálum skal skipa með lögum.

70. gr. Sjerrjettindi, er bundin sjeu við nafnbætur og tign, má aldrei lögleiða.

VII.

71 gr. Frumvörp, hvort heldur er til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu alþingi og auka-alþingi. Nái frumvarpið um breyting á stjórnarskránni samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki hið nýkosna alþingi frumvarpið óbreytt, og nái það staðfesting konungs, þá hefur það gildi sem stjórnarlög.

72. gr. Þá er stjórnarskipunarlög þessi eru staðfest, og landstjórn skipuð samkvæmt 6. og 7. gr. þeirra, er stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. dag janúarmánaðar 1874 numin úr gildi.

Ákvæði um stundarsakir.

Í íslenzkum málum, þeim er eigi skal dæma í landsdómi samkvæmt þessum stjórnarskipunarlögum, verður engin breyting gjörð á stöðu hæstarjettar í Danmörku, sem æðsta dóms, án þess að hið almenna löggjafarvald ríkisins taki þátt í því.

Nd. **146. Frumvarp**
til laga um sjerstök eptirlaun handa Páli sögukennara Melsteð (eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed.).

Páli sögukennara Melsteð veitast 1800 kr. árlega úr landssjóði í eptirlaun frá 1. degi októbermánaðar 1893.

Nd. **147. Breytingartillaga**
við frumvarp til laga um afnám helgidaga. Frá Birni Sigfússyni, Jóni Þorkelssyni, Þóröi Guðmundssyni, Þorláki Guðmundssyni og Jens Pálssyni.

Í staðinn fyrir »skírdagur — helgidagar« komi: »Kongsbænadagur er úr lögum numinn sem helgidagur«.

Fyrirsögnin orðist svo: Frumvarp til laga um afnám kongsbænadagsins sem helgidags.

Ed. **148. Breytinga- og viðaukatillögur**
við frumvarp til laga um breytingu á lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða (eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.). Frá Sigurði Jenssyni og Guðjóni Guðlaugssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna: „allra þeirra er um embættið . . . . . en prófastur skal sjá um að þau“
komi: „þeirra, er um embættið hafa sótt til hlutaðeigandi prófasts. Þó skal biskup halda eptir umsóknarbrjefum þeirra, er hann álítur óhæfa til að hafa prestsembætti á hendi. Sömuleiðis getur landshöfðingi, ef árgjald skal greiða frá prestakallinu, eða lán hvílir á því, krafist þess, að haldið sje eptir umsóknarbrjefum þeirra, er hann eigi telur trúanlega til að standa í skilum með gjöld af prestakallinu, enda hafi þeir ekki sett næga tryggingu fyrir þeim. Um leið og biskup sendir prófasti umsóknarbrjefin, skal hann og senda meðmæli sín með þeim af umsækjendum, sem hann telur hæfastan og verðugastan til að fá embættið. Prófastur skal sjá um að umsóknarbrjefin og meðmælingarbrjef biskups“.

— 1. — Í stað orðanna: „um þá, er sótt hafa um prestakallið“ komi: „um umsækjendur þá, sem í kjöri eru“.

Ný grein, sem verður 2. gr. bætist inn í svo hljóðandi:

„Ef að minnsta kosti helmingur safnaðarmeðlima þeirra í prestakallinu er kosningarrjett hafa, hafa tekið þátt í kosningunni, og einhver af umsækjendum hefur hlotið að minnsta kosti $^2/_3$ atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, verður honum gefið veitingarbrjef af hlutaðeigandi stjórnarvaldi, hafi kosningin farið eptir 1. gr. laga þessara og 8. gr. laga 8. jan. 1866 um hluttöku safnaða í veitingu brauða, eða sjeu eigi þeir gallar á, sem eptir atvikum geti haft veruleg áhrif á úrslit hennar; ella skal við veiting embættisins taka það tillit til þeirra óska, er hafa komið fram af hálfu safnaðarins, er álitið verður að rjett sje“.

2. gr. verður 3. gr. svo hljóðandi:
Með lögum þessum er úr lögum numin 2. 3. og 9. gr. í lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða.

Ed. **149. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breyting á lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða. Frá Sigurði Stefánssyni.

1. Í stað fyrstu málsgreinar í 1. gr. komi svohljóðandi málsgrein.
Þegar auglýst hefur verið, að prestsembætti sje laust, og hinn ákveðni umsóknartími er útrunninn, skal biskup þegar fleiri en 3 hafa sótt um embættið, er allir fullnægja hinum almennu skilyrðum fyrir því, að geta haft embætti á hendi í þjóðkirkjunni, velja 3 af umsækjendum til kosningar, er honum virðast hafa beztu hæfilegleika til þess að geta komið til álita við veiting embættisins. Nú sækja að eins 3 um embættið og skal þá söfnuðinum gefinn kostur á að kjósa um þá alla; þó má biskup fella einn þeirra frá kosningu ef hann álítur hann óhæfan til að takast á hendur prestsembætti, og kýs þá söfnuðurinn að eins um hina tvo. Umsóknarbrjef þau, er biskup hefur þannig valið úr og bæði umsóknarbrjefin, hafi að eins 2 sótt um embættið, sendir hann með athugasemdum þeim er honum virðist ástæða til að gjöra, til hlutaðeigandi prófasts, en prófastur skal sjá um, að þau verði lögð fram og liggi til sýnis í 2 vikur á einhverjum hentugum stað í prestakallinu.
2. Í stað orðanna: »er sótt hafa um prestakallið« í 1. gr. komi: »sem í kjöri eru«.

Nd. **150. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur, 14. jan. 1876, og viðauka við þau. Flutningsmenn Einar Jónsson, Jón Þorkelsson, Jón Jónsson 2. þm. N.-M., Björn Sigfússon, Ólafur Briem.

1. gr. Enginn má koma fram sem útflutningastjóri, nema hann hafi fengið sjerstaklegt leyfi til þess. Hver sá maður verður álitinn útflutningastjóri, sem tekst á hendur á eigin kostnað eða annara, að annast um flutning útfara í aðrar heimsálfur. Engir aðrir en þeir, sem eru löggildir útflutningastjórar og umboðsmenn þeirra, mega gjöra samninga við útfara um slíkan flutning.

2. gr. Engan útfara má á skip taka, fyr en lögreglustjóri á þeim stað, er skipið leggur út frá, hefur gefið skriflegt leyfi til þess.

Áður en lögreglustjóri veitir þetta leyfi, skal hann athuga það vandlega, að skipið sje hentugt til þess, sem það er ætlað, bæði með því að láta menn, sem vit hafa á, halda skoðunargjörð, eptir því er hann mælir fyrir, og með því að rannsaka skoðunar skýrteini þau, sem gefin eru út á þeim stað, sem skipið á heima, en skýrteini þessi gilda þó eigi lengur en eitt ár, frá því er þau eru gefin út. Þó er hið konunglega póstgufuskip undanþegið þessari rannsókn.

Í leyfinu skal lögreglustjóri kveða nákvæmlega á um það, hversu marga útfara megi taka á skipið; setja má hann þar og frekari reglur um tilhlýðilega meðferð á útförunum, ef honum þykir nauðsyn til bera.

Það er á ábyrgð útflutningastjóra, ef nokkur útfari er látinn ganga á skip, áður en leyfi það, sem skipið þarf, er fengið.

8. gr. Ef einhver maður, hvort sem hann er innlendur eða útlendur, gerist til þess að æsa menn til að flytja af landi burt, með gjörandi fortölum, eða með því að halda ræður eða fyrirlestra í þá átt, að gjöra menn óánægða með þetta land, en gylla fyrir þeim önnur lönd, þá varðar það sektum frá 20—2000 kr.

Sömu sektum varðar það, ef nokkur verður kunnur að því, að hann hafi samið skriflega eða munnlega við útfara um flutning í aðra heimsálfu á þann hátt, að útfari skuli vinna af sjer farareyri, er þangað kemur, enda er og sá samningur ógildur.

Nú lánar einhver hjer á landi útförum, einum eða fleirum, farareyri, og þykir grunsamlegt, að hann gjöri það fyrir hönd erlendrar stjórnar, eða fyrir hönd þegna eða erindreka annara ríkja, og er þá lögreglustjóri skyldur að rannsaka tafarlaust það mál. Verði maður sannur að sök, liggja hinar sömu sektir við, sem fyr var talið.

4. gr. Sektir þær, er um getur í 3. gr., falla hálfar í landssjóð, en hálfar til sögumanns.

5. gr. Útflutningastjóri má engan mann taka til flutnings, nje styðja á nokkurn hátt að útför hans, nema hann hafi fengið vissu fyrir, að hann hafi greitt allar lögmætar skuldir, er honum ber að greiða, þar á meðal lögskyldan framfærslueyri með skyldu-ómögum þeim, er hann lætur hjer eptir, eða útfarinn hafi sett tryggingu fyrir þessum greiðslum, eptir því sem lögreglustjóri álítur nægja. Taki útflutningastjóri mann til flutnings, án þess að hafa gætt þess, er hjer segir, skal hann sjálfur greiða skuldir útfarans, áður en ár er liðið, frá því er hann tók hann til flutnings, svo og aðrar þær fjárgreiðslur, er útfaranum bar skyldu til að greiða, þá er hann fór.

6. gr. Hjer með er úr lögum numin 1. og 7. gr. í lögum um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur 14. jan. 1876 og síðasta málsgrein 3. greinar í lögum um viðauka við þau lög, nr. 14, 18. sept. 1891.

Nd. **151. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um gæzluvarðhald að ósekju o. fl.

Nefnd sú, er hin háttv. neðri deild alþingis hefir falið að íhuga frumvarp til laga um gæzluvarðhald að ósekju o fl., leyfir sjer, eptir að hafa ýtarlega rætt mál þetta á nefndarfundum, að láta uppi eptirfarandi álit sitt og tillögur um þetta mál.

Nefndinni virðist það mjög rjettlátt og eðlilegt, að þeir, sem að ósekju eru sviptir frelsi við rannsóknir í sakamálum, fái af hálfu hins opinbera bætur fyrir þann skaða o. fl., er þeir bíða við slíka hepting, og telur frumvarpið að þessu leyti stefna að mjög heppilegri og nauðsynlegri rjettarbót. En fyrir þá sök, að fangelsisvist getur naumlega átt sjer stað, nema þar sem fangahús eru, og þau eru að eins á fáum stöðum hjer á landi, þá virtist nefndinni nauðsyn á, að rýmka nokkuð ákvæði frumvarpsins, þannig, að þau eigi væri bundin við gæzluvarðhald í eiginlegum skilningi. Nefndinni er það kunnugt, að sakbornir menn hjer á landi eru, þar sem eigi eru fangahús, opt hafðir í gæzlu hjá bændum eða hlutaðeigandi hreppstjórum, án þess þeir sjeu hnepptir í einhýsi eða fangelsi. Það var álit nefndarinnnar, að slík gæzla ætti einnig að veita rjett til skaðabóta, eins og gæzluvarðhald. Aptur á móti áleit nefndin eigi ástæðu til, að taka upp í tillögur sínar ákvæði um, að sakamálsrannsóknin ein, ef henni eigi væri samfara einhver sú hepting, er telja mætti frelsismissi, skyldi veita rjett til bóta, þótt hafin væri gegn þeim, er síðar reyndist saklaus. Að öðru leyti finnur nefndin eigi neitt athugavert við frumvarpið, en leyfir sjer þó jafnframt að gjöra tillögur um nokkrar orðabreytingar, er nefndinni virðast til bóta.

Samkvæmt þessu leyfir nefndin sjer að ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum:

Við 1. gr. Fyrri málsliðurinn orðist þannig:

Nú hefur sakborinn maður verið hafður í gæzluvarðhaldi, eður á annan hátt verið sviptur frelsi, og er því næst látinn laus, án þess að mál sje höfðað, eða hann er sýknaður, og á hann þá rjett á að fá bætur, er ákveðnar sjeu af dómaranum, fyrir þá skapraun, fjártjón og smán, er hann hefur beðið af því, að hann var sviptur frelsi sínu, ef álíta má eptir málavöxtum, að hann sje saklaus af glæp þeim, er tilefni gaf til þess, að hann var sviptur frelsi.

Í síðari málslið bætist inn eptir »gæzluvarðhaldi:

eða á annan hátt verið sviptur frelsi

— 2. gr. Í stað »varðhaldi var beitt« komi: hann var sviptur frelsi

Í stað »tiltölulega . . . ákveðið er« komi: bætur, er sjeu tiltölulega minni, en gjört er ráð fyrir

— 3. gr. Í 2. málslið:

Í stað »Endrarnær . . . einkamálsrannsókn« komi: Þegar öðruvísi stendur á, skal koma fram skaðabótakröfu samkvæmt undanfarandi greinum með sjerstakri lögsókn.

Í stað »á þeim stað . . . varðhaldi« komi: þar, er hann var sviptur frelsi

Í 3. málslið:

Í stað »sakamálinu« komi: sakamáli

Í stað »Varðhaldsúrskurðinum« komi: varðhaldsúrskurði

Í 4. málslið:

Í stað »fyrir gæzluvarðhald« komi: eptir þessum lögum

— 4. gr. Í stað »fyrir gæzluvarðhald að ósekju« komi: epir undanfarandi greinum

— 5. gr. Í fyrri málslið:

Í stað »einhverju« komi: nokkru

Í stað »þjáning» komi: skapraun

Í síðari málslið:

Orðin: »um skaðabótamál fyrir gæzluvarðhald« falli burt

— 6. gr. Greinin orðist þannig:

Eptir lát þess, er hlut á að, á það hjóna, er eptir lifir, sókn á því máli, svo og niðjar hins látna.

— 7. gr. Í stað »óhæfilegu« komi: ólögmætu

— 8. gr. Upphafið orðist þannig:

Ef sakborinn maður er sýknaður, eða málið gegn honum er leitt lil lykta, án þess hann sje dómfelldur og s. frv.

Í stað »saknæmum« komi: vísvitandi

Alþingi 18. júlí 2893.

Kl. Jónsson. B. Kristjánsson, formaður. Guðl. Guðmundsson, skrifari og framsögumaður.

Skúli Thóroddsen. Þorlákur Gugmundsson.

Ed. **152. Tillaga**

til þingsályktunar um frímerki, (samþykkt við eina umræðu í neðri deild).

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að láta búa til og innleiða ný íslenzk frímerki.

Ed. **153. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um eptirlaun Frá Hallgr. Sveinssyni.

1. Við 2. gr. Fyrir: »20 kr. fyrir hvert ár, sem hann hefur þjónað embættinu með eptirlaunarjetti«, komi: 1% af henni fyrir hvert ár, sem hann hefur þjónað embætti með eptirlaunarjetti; þó skulu eigi tekin til greina fleiri en 35 þjónustuár.
2. — — — —— »þessu lagaboði«, komi: lögum þessum.
3. — — — —— »hinn tiltölulega hluta eptirlaunanna«, komi: eptirlaunin.
4. — — — —— »fylgja minni tekjur«, komi: minni tekjur fylgja.
5. — 5. gr. —— »sjerstöku lagaboði«, komi: sjerstökum lögum.
6. — 7. gr. —— »yfirstíga«, komi: fara fram úr.
7. — 10. gr. —— »makleg«, komi: verð.
8. — — — —— »maklegleik«, komi: verðleik.

Ed. **154. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um ýmisleg atriði, er snerta gjaldþrotaskipti. Frá Hallgr. Sveinssyni.

1. Við 5. gr. Fyrir: »af hvaða ástæðum«, komi: af hverjum ástæðum.
2. — 8. — —— »skoða« á 2 stöðum, komi: telja.
3. — 10. — —— »tekinn fastur« á 2 stöðum, komi: settur í varðhald.
4. — 11. — —— »upplýsingar« á 2 stöðum, komi: skýrslur.
5. — 15. — —— »að hjá ábyrgð skulda verði sneitt«, komi: að komizt verði hjá ábyrgð skulda.
6. — 16. — —— »og annað þessháttar«, komi: eða annað þessháttar.
7. — — — —— »eigandi að, enda þótt það hafi eigi verið orðið«, komi: eigandi að slíkum munum, enda þótt þeir hafi eigi verið orðnir.
8. — — — orðin: »en greiða verður það auðvitað«, falli burt.
9. — 19. — fyrir: »skoða sem«, komi: telja.
10. — — — —— »greiðir«, komi: greiði.
11. — — — á eptir »skuldheimtumaður« bætist inn: sje.
12. — 22. — fyrir: »skoða verður sem«, komi: telja verður.
13. — 25. — —— »málið tekið fyrir«, komi: málið höfðað.
14. — 26. — —— »eða hann hlýtur að sjá«, komi: eða skuldunautur hlýtur að sjá.
15. — 28. — —— »nokkuð það atvik«, komi: nokkurt það atvik.
16. — 29. — —— »eða sem gjöf til handa öðrum«, komi: eða til að gefa öðrum.
17. — 30. — á eptir: »og hann svo skuldugur«, bætist inn: orðinn.
18. — 34. — fyrir orðið: »hrekkur« á tveim stöðum, komi: hrökkur.

Nd. **155. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar á Svalbarðseyri, (eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild).

Á Svalbarðseyri við Eyjafjörð skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **156. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar að Hlaðsbót í Arnarfirði, (eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild).

Að Hlaðsbót í Arnarfirði skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **157. Frumvarp**

til laga um breyting á 1. gr. í lögum 27. febrúar 1880 um skipun prestakalla, (eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild).

1. gr. Vallanesprestakall skal vera Vallanessókn, að undanteknum bæjunum Stóra-Sandfelli og Vaði, og Hallormsstaðasókn, að undanteknum bæjunum Mýrum og Geirólfsstöðum. Frá þessu brauði greiðast 600 krónur í landssjóð.

2. gr. Þingmúlaprestakall skal vera Þingmúlasókn með Stóra-Sandfelli og Vaði, Mýrum og Geirólfsstöðum.

3. gr. Mýrar og Geirólfsstaðir, kirkjujarðir hins fyrverandi Hallormsstaðaprestakalls, leggjast til Þingmúla.

4. gr. Þessi breyting á prestakallalögunum kemur ekki til framkvæmda, fyr en við næstu prestaskipti í Vallanesprestakalli, nema presturinn þar samþykki breytinguna, án nokkurs tilkalls til uppbótar úr landssjóði.

Nd. **158. Frumvarp**

til laga um atvinnu við siglingar, eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild.

1. gr. Með takmörkunum þeim, sem settar eru í lögum þessum, skal öllum vera heimilt að leita sjer atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

2. gr. Rjettur til að vera skipstjóri á íslenzku skipi á innanlands-siglingum skal bundinn því skilyrði, ef skipið er meira en 12, en ekki yfir 100 smálestir, að hlutaðeigandi hafi fengið skýrteini sem skipstjóri á innanlands-siglingum.

3. gr. Rjettur til að vera skipstjóri á íslenzku skipi, sem er meira en 100 smálestir, á innanlands-siglingum, og skipstjóri á íslenzku skipi, af hverri stærð sem er, á utanlands-siglingum, er bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið skýrteini sem skipstjóri á utanlands-siglingum.

Sje um gufuskip að ræða, er rjetturinn ennfremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið viðaukaskýrteini það, sem getur um í 12. gr.

4. gr. Rjettur til að vera stýrimaður á íslenzku seglskipi, sem er meira en 100 smálestir, á innanlands-siglingum, er bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið skýrteini sem stýrimaður á innanlands-siglingum.

5. gr. Rjettur til að vera stýrimaður á íslenzku gufuskipi, sem er meira en 100 smálestir, á innanlands-siglingum, og á íslenzku skipi, af hverri stærð og tegund sem er, á utanlands-siglingum, er bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið skýrteini sem stýrimaður á utanlands-siglingum.

Ef um gufuskip er að ræða, er rjetturinn ennfremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið viðaukaskýrteitni það, er greinir um í 12. gr.

Viðaukaskýrteini það, sem ræðir um í gr. þessari og 3. gr., er þó óþarft, ef hlutaðeigandi hefur staðizt hið almenna danska stýrimannspróf, eða annað próf, er jafngildir því eptir dönskum lögum.

6. gr. Ekkert íslenzkt skip má afgreiða frá nokkurri höfn á Íslandi til ferða milli Íslands og annara landa, nema því að eins að á því sje til starfa að minnsta kosti einn stýrimaður auk skipstjóra, og sje um gufuskip að ræða, sem er meira en 300 smálestir, þá 2 stýrimenn.

Ekkert íslenzk skip, sem meira er en 100 smálestir, má afgreiða eða láta fara á innanlands-siglingar, nema því að eins, að á því sje til starfa að minnsta kosti einn stýrimaður auk skipstjóra. Í stað stýrimanns má þó á seglskipum koma vanur sjómaður, sem hefur vottorð frá 2 skipstjórum um, að þeir hafi komizt að raun um það, annaðhvort með því að prófa hann, eða, þá er hann hefur verið í förum með þeim, að hann kunni til skipstjórnar, hvort sem til lands sjer eða eigi.

Þá má eigi heldur afgreiða nokkurt íslenzkt gufuskip, eða það fara á neinar siglingar frá neinum stað við Ísland, nema því að eins, að skilyrðum þeim sje fullnægt, sem sett eru í reglugjörð þeirri um gæzlu á gufuvjel skipsins, er því hefur verið fengin samkvæmt 13. gr., og sem tiltekur um tölu og kunnáttu þeirra manna, er til gæzlu skulu settir við vjelina.

7. gr. Til þess að öðlast skýrteini, sem skipstjóri á innanlands-siglingum útheimtist.

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið minna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;

b) að hann hafi verið í förum 8 mánuði eða stýrimaður 4 mánuði;

c) að hann hafi rjett innborinna manna eða sje heimilisfastur í Danaveldi;

d) að hann sje fullveðja;

e) að hann hafi ekki orðið sekur að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;

f) að hann sanni, að sjón hans sje svo góð, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

8. gr. Til þess að öðlast skýrteini sem skipstjóri á utanlands-siglingum útheimtist auk skilyrða þeirra, sem talin eru í 7 gr. liðunum c—f:

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið meira stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík eða hið almenna danska stýrimannspróf eða annað það próf, er hefur sama gildi eptir dönskum lögum;

b) að hann eptir það hafi verið í förum sem stýrimaður í 2 ár og á þeim tíma farið tvisvar milli landa, eða að hann hafi jafnlangan tíma gegnt þeim störfum og verið í þeim förum á dönsku skipi, er samsvari þeim, er áður segir.

9. gr. Til þess að öðlast skýrteini sem stýrimaður á innanlands-siglingum útheimtist:

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið minna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;

b) að hann eptir það hafi verið í förum að minnsta kosti 4 mánuði;

c) að hann hafi eigi verið dæmdur í hegningarvinnu fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;

d) að hann sanni, að sjón hans sje svo góð, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

10. gr. Til þess að öðlast skýrteini sem stýrimaður á utanlands-siglingum útheimtist auk skilyrða þeirra, sem talin eru í 9. gr. liðunum c. og d.:

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið meira stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík, eða hið almenna danska stýrimannspróf, eða annað próf, er hefur sama gildi eptir dönskum lögum;

b) að hann eptir það hafi verið 8 mánuði í förum.

11. gr. Þeir, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru hjer að framan, eiga heimtingu á að fá skýrteini þau, sem talin eru í 7.—10. gr. Skýrteini þessi skal rita eptir fyrirmynd, er landshöfðingi lætur til búa, og skulu þau gefin út af lögreglustjóra á þeim stað, þar sem hlutaðeigandi er búsettur, eða, sje hann hvergi búsettur í landinu, þar sem hann eða umboðsmaður hans, sje hann sjálfur erlendis, er staddur, þá er beiðnin kemur fram.

Fyrir skipstjóra-skýrteini skal greiða 4 kr., er renna í landssjóð. Fyrir stýrimanns-skýrteini skal ekkert gjald greiða.

Nú vill einhver eigi hlíta úrskurði lögreglustjóra, að því er snertir útgáfu skýrteinis, og skal hann þá senda kæru sína amtmanni áleiðis til landshöfðingja, og gjörir landshöfðingi þá út um málið; en við það skerðist eigi rjettur hans til þess að leita dómsákvæðis í þessu máli.

12. gr. Sá, er öðlazt hefur skýrteini sem skipstjóri eða sem stýrimaður á utanlands-siglingum, og sem þvínæst færir sönnur á það, annaðhvort með vottorði um, að hann hafi staðizt próf í gufuvjelafræði í Danmörku, eða á annan hátt, að hann hafi þá þekkingu á gufuvjelum, sem nauðsynlegt er, til þess að vera skipstjóri eða stýrimaður á gufuskipi, á kost á að fá viðaukaskýrteini þessu til sönnunar hjá landshöfðingja.

13. gr. Á hverju íslenzku gufuskipi skal vera reglugjörð um gæzlu á gufuvjelinni, er ráðgjafinn fyrir Ísland gefur út; skal í henni gjöra ákvæði um það eptir skýrslum þeim, sem fram eru komnar um hestaafl vjelarinnar, hverjum skilyrðum vjelaliðið skuli fullnægja, að því er snertir tölu og kunnáttu gæzlumanna.

Nú verður sú breyting gjörð síðar á vjel skipsins eða kötlum þess, að hestaaflið eykst að mun, og skal útgjörðamaður þess þá skyldur til að útvega nýja reglugjörð.

14. gr. Þegar sjerstaklega er ástatt, getur landshöfðingi veitt undanþágur frá prófkröfum þeim og skilyrðum, að því er til sjómennsku kemur, sem nefnd eru í 7.—10. gr.; þetta skal einkum eiga sjer stað fyrstu árin eptir að lög þessi öðlast gildi og að því er kemur til skilyrðanna í 7. og 9. gr.

15. gr. Nú verður maður að lagadómi sekur um eitthvert það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hefur hann fyrirgjört skýrteini sínu sem skipstjóri.

Nú verður maður dæmdur í hegningarvinnu fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hefur hann þá fyrirgjört skýrteini sínu sem stýrimaður.

16. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 200 krónum; sje brotið ítrekað, geta sektirnar stigið allt að 400 krónum. Sektirnar renna í landssjóð.

Brot þessi sæta opinberri málssókn, og skal fara með málin sem almenn lögreglumál.

17. gr. Ákvæðið um það í opnu brjefi 27. maí 1859, að stýrimenn á dönskum skipum, sem gjörð eru út frá einhverjum stað á Íslandi, skuli eiga heima í hinu danska konungsveldi, er úr gildi numið.

18. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. dag. janúarmánaðar 1895. Skilyrðin í 2.—5. gr. fyrir því að mega vera skipstjóri eða stýrimaður á skipi á innanlands-siglingum, ná þó eigi til þeirra, er stundað hafa atvinnu þessa fyrir 1. júlí 1894.

Ed. **159. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um eptirlaun. Frá Þorleifi Jónssyni og Guttormi Vigfússyni.

Við 2. gr. Fyrir «$\frac{1}{4}$» komi: $\frac{1}{3}$.

Nd. **160. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um sjerstök eptirlaun handa Páli sögukennara Melsteð. Frá Birni Bjarnarsyni.

1. Við fyrirsögn frumvarpsins: Í stað orðanna „sjerstök eptirlaun“, komi: „laun“.
2. Við frumvarpsgreinina: Í stað orðsins „eptirlaun“, komi: „laun“.
3. Aptan við greinina bætist: „enda þótt hann hætti að kenna sögu við hinn lærða skóla í Reykjavík“.

Nd. **161. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um að leggja jarðirnar Laugarnes, Klepp, Skildinganes og Bústaði í Seltjarnarneshrepp undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur. Frá Kl. Jónssyni, Ólafi Briem, Birni Bjarnasyni.

Orðin í 1. gr.: «Skildinganes og Bústaðir», falli burt.

Hin sömu orð í fyrirsögn frumvarpsins falli burt.

Ed. **162. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um kosningar til alþingis. Frá nefndinni.

1. Við 9. gr. orðin innan sviga »sbr. . . . laga um kosningar til alþingis 14. sept 1877« falli burt.
2. — 11. gr. Byrjun síðustu málsgreinar orðist þannig: hvenær og hvar skrárnar verða lagðar fram.
3. — 13. gr. Í enda greinarinnar komi 16 í stað »8«
4. — 17. gr. a. Í stað »ár hvert« í enda fyrstu málsgreinar komi: árið eptir
   b. og milli sviga 9 í stað »1«
5. — 19. gr. a. Í orðunum »nágrannahreppum« og »nágrannahreppar« falli liðurinn »nágranna« burt
   b. Í stað orðanna »fyrirskipar þá amtmaður . . . oddviti hennar« komi: skipar þá amtmaður oddvita kjörstjórnarinnar, og fyrirskipar, hvernig hina 2 skuli kjósa í hana
6. — 21. gr. Í enda fyrri liðs greinarinnar í stað »í Reykjavík . . . oddvitar kjörstjórnanna« komi: oddviti kjörstjórnarinnar geyma hana
7. — 22. gr. Í þriðja lið greinarinnar bætist inn í orðið: »í« milli orðanna »sýslumaðurinn« og »Vestmannaeyjum«
8. — 23. gr. Í næst síðustu málsgrein bætist inn í orðið: »öðru« milli orðanna »nokkru« og »kjördæmi«
9. — 32. gr. Í upphafi 2. málsgreinar í stað: »einn af hinum« komi: annar hinna

---

Nd. **163. Breytingaratkvæði**

við frumvarp til laga um sjerstök eptirlaun handa Páli sögukennara Melsteð. Frá Jóni Þorkelssyni, Þorláki Guðmundssyni og Jóni Jónssyni, þm. A.-S.

Fyrir „eptirlaun“, komi: “ellistyrk“ og fyrirsögnin breytist samkvæmt því.

Nd. **164. Tillaga**

til þingsályktunar um, að neðri deild alþingis setji nefnd til að íhuga sundurskipting jarða hjer á landi, svo og um leigumála jarða þeirra, er liggja undir hina opinberu kirkjustaði, m. m. Flutningsmenn: Sighvatur Árnason, Jón Þorkelsson, Þórður Guðmundsson.

Neðri deild alþingis ályktar að setja nefnd til að íhuga:

1. Hvort eigi beri nauðsyn til að koma í veg fyrir hina skaðlegu sundurskipting jarða hjer á landi.

2. Hvort eigi sje þörf á, að meta til afgjalds jarðir þær, sem liggja undir hina opinberu kirkjustaði.

3. Hvort eigi megi finna ráð til, að koma í vegfyrir allt of háan leigumála á jarðeignum einstakra manna, og ýmsar óeðlilegar kvaðir á þeim, er snerta atvinnufrelsi leiguliða;

og að nefndin komi fram með ákveðnar tillögur um þessi atriði.

Nd. **165. Breytingartillaga**

við viðaukatillögu nefndarinnar í þjóðjarðasölumálinu (119). Frá Jens Pálssyni.

Við 7. tölulið. Í stað „1300 kr.“, komi: 1500 kr.

Nd. **166. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar. Frá Þórarni Böðvarssyni, Jens Pálssyni og Þorláki Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. Í stað fyrstu greinar komi svolátandi grein:

Allir helgidagar þjóðkirkjunnar byrja um miðnætti og enda um miðnætti. Hinn almenni guðsþjónustutími á helgidögunum er frá kl. 10 f. h. til kl. 4 e. h. Á þeim tíma helgidaganna má eigi vinna nokkurt verk, hvorki úti nje inni, nema óumflýjanlega sje nauðsynlegt, eða verulegu tjóni geti valdið, ef eigi er unnið. Á öðrum tímum helgidagsins er leyfilegt að vinna hverja þá vinnu, sem nauðsynleg er til heimilisþarfa má og á þeim tímum þurrka hey og sjávarafla í óþurkatíð; og vinna annað, er nauðsyn krefur.

2. — 2. gr. Fyrir »sölur« komi: sala

Fyrir »meiga« komi: má

Fyrir »mjólk og brauð« í fyrri málsgrein komi: mjólk, brauð og annan tilbúinn mat

Fyrir í niðurlagi annarar greinar »út úr húsum sínum annað en tilbúinn mat« komi: áfenga drykki

3. — 4. gr. Fyrir 4. grein komi svolátandi grein:

Á helgidögum þjóðkirkjunnar má ekki á neinum almennum veitingastað halda veizlur eða hávaðasama fundi fyr en eptir miðaptan.

4. — 5. gr. Fyrir 5. grein komi svolátandi grein:

Um guðþjónustutímann má hvorki halda neinar almennar skemmtanir,

nje heldur meiga nokkrar þær athafnir, sem hávaði er að, eiga sjer stað.

5. — 6. gr. »og skal þó eigi stefna lesin meðan á messu stendur« falli burt. Í stað þess komi: ekkert af þessu má fara fram um guðsþjónustu tímann.

6. — 7. gr. Fyrir »fyr en guðsþjónustu er lokið á þeim stað« komi: um guðsþjónustu tímann

7. — 8. gr. Fyrir 8. grein komi svo látandi grein:

Það sem í 2.—7. grein er bannað að fremja um guðsþjónustutímann, má alls eigi fram fara á skírdag, föstudaginn langa, hinn fyrri dag hinna þriggja stórhátíða, og uppstigningardag.

8. Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:

Frumvarp til laga um helgidagahald.

Nd. **167. Breytingartillaga**

við frv. til fjáraukalaga fyrir 1892 og 1893. Frá: Jóni Þórarinssyni, Sigurði Gunnarssyni, Birni Sigfússyni, Guðl. Guðmundssyni, Þórði Guðmundssyni, Sighvati Árnasyni.

4. gr. b, orðist þannig:

undir lið C. 7, til að vinna að textaútgáfu á íslenzku fornbrjefasafni. Borga skal útgefanda safnsins upphæð þá, allt að 600 kr., er veitt var fyrir árið 1893, þegar handritið er tilbúið undir prentun.

Nd. **168. Framhalds-álit**

frá nefndinni í þjóðjarðasölumálinu.

Eptir að nefndin hafði lokið störfum sínum, bárust henni í hendur bónarbrjef frá 3 þjóðjarðalandsetum, um að fá keyptar ábýlisjarðir sínar, og fylgdu þar með álitsskjöl hlutaðeigandi umboðsmanns og virðingargjörðir sýslunefndar.

Við eina af jörðum þessum, Hrafnkelsstaði í Norður-Múlasýslu, er athugandi, að landaþrætumál stendur yfir milli þeirrar jarðar og Víðivalla ytri í Fljótsdal. Þó mál þetta sje óútkljáð, álítur nefndin, að það þurfi ekki að vera því til fyrirstöðu, að jörðin sje gjörð föl, en á hinn bóginn þykir eigi ástæða til fyrir þá sök, að fella jörðina í verði. Með Skriðuklaustri er föluð eyðijörðin Brattagerði, sem áður hafði legið undir klaustrið, og er ekkert þar við að athuga. Um Klausturssel er þess að geta, að það er falað af ábúandanum í Fossgerði, sem er hjáleiga þaðan, og jafnframt hefur leiguliðinn á Klausturseli afsalað sjer kauprjetti á þeim jarðarparti. Jafnvel þó það komi í bága við frumreglu þá, sem fylgt hefur verið, að gefa öðrum enn ábúendum kost á að kaupa þjóðjarðir, sýnist fullgild ástæða til að víkja frá hinni almennureglu, þar sem hjer er um jarðarpart að ræða, er ekki virðist eptirsóknarvert fyrir landssjóðinn að eiga, eptir að hinn hluti jarðarinnar, hjáleigan Fossgerði, er seldur.

Enn fremur hefur nefndinni borizt umsókn frá 2 mönnum búsettum í Reykjavík, um að fá lóðarspildu með fram sjónum á útnorðurjaðri Arnarhólstúnsins, tæpa 300 ferhyrningsfaðma að stærð, annaðhvort til kaups fyrir 200 kr., eða til erfðafestu, gegn 8 kr. árlegu eptirgjaldi. Um þetta atriði gat nefndin ekki orðið samdóma. Formaður nefndarinnar, Sighvatur Árnason, leggur til, að land

þetta verði gjört falt fyrir 250 kr. Hinir 4 nefndarmennirnir álíta sjer þar á móti skylt, að ráða eindregið bæði frá sölu landsins og byggingu þess til erfðafestu. Fyrst og fremst er kaupverð það, sem fram er boðið, svo lítið, að landssjóðinn munar það engu, en á hinn bóginn eru allar líkur til, að landspildur á hinu umrædda svæði hækki í verði, þegar fram líða stundir, jafnframt því sem Reykjavík stækkar. Í öðru lagi getur svo farið, að hið opinbera, landsstjórnin eða bæjarstjórnin í Reykjavík, þurfi einmitt á þessu landi að halda síðar meir, t. d. þegar byrjað væri á því fyrirtæki, að bæta Reykjavíkurhöfn, og að landið yrði þá ekki falt nema fyrir margfalt hærra verð enn það nú yrði selt fyrir.

Nefndin leyfir sjer því að koma fram með þessar viðaukatillögur við 2. gr. í frumvarpi til laga um, að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir:

15. Hrafnkelsstaði í Norður-Múlasýslu fyrir . . . . . 4500 kr.
16. Skriðuklaustur, með eyðijörðinni Brattagerði, í sömu sýslu, fyrir . . . . . 6000 —
17. Klaustursel, með hjáleigunni Fossgerði, í sömu sýslu 2500 —

Alþingi 20. júlí 1893.

Ólafur Briem, skrifari og framsögumaður. Björn Sigfússon.

Benedikt Kristjánsson. Björn Bjarnarson.

Jeg er samdóma mínum heiðruðu meðnefndarmönnum að öðru leyti enn því, er snertir hina umræddu lóðarspildu, sem er grjótbelti við sjóinn norðanvert við Arnarhól, tæpl. $^1/_3$ dagsláttu að víðáttu.

Skoðun mín um þetta atriði byggist á því, að mjer þykja eigi ástæður meiri hluta nefndarinnar fullnægjandi til þess, að víkja frá þeirri aðalreglu, sem alþing hefur gengið út frá, að gefa leiguliða kost á, að fá keypta ábúðarjörð sína, með því líka að eigi verður sjeð af fylgiskjölum málsins, að bæjarstjórn Reykjavíkur hafi á móti sölunni, sem þó, engu síður en meðnefndarmenn mínir, ætti að geta spáð í eyður um það, hvers Reykjavíkurbær muni þarfnast í framtíðinni.

Jeg leyfi mjer því að leggja það til, að leiguliðum lóðarspildunnar verði gefinn kostur á að fá hana keypta fyrir 250 kr.

Alþingi 20. júlí 1893.

Sighvatur Árnason
(form.)

Nd. **169. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um þjóðerni forsetans í íslenzku stjórnardeildinni í Kaupmannahöfn (þingskj. 57). Frá Guðl. Guðmundssyni, Jóni Þórarinssyni, Sk. Thóroddsen, Ólafi Briem og Jóni Jakobssyni.

Orðin: »jafnframt því . . . skipað síðast« falli burt.

Ed. **170. Frumvarp**

til laga um ýmisleg atriði, er snerta gjaldþrotaskipti (eins og það var samþykkt við 2. umræðu í e. d.).

1. kapítuli.

Um byrjun gjaldþrotaskipta.

1. gr. Hver sá, er hyggst eigi geta staðið í skilum við skuldheimtumenn sína, getur krafizt þess, að bú hans sje tekið til gjaldþrotaskipta (lög 12. apríl 1878, 90. gr.).

2. gr. Nú strýkur einhver af landi burt eða felur sig, að því er ætla verður eingöngu sakir skulda, og skal þá skiptaráðandi þegar taka bú hans til gjaldþrotaskipta, er einhver skuldheimtumanna fer þess á leit við hann, ef hætt er við, að dráttur á því verði skuldheimtumönnum til tjóns.

3. gr. Nú á maður skuld hjá öðrum, og er hún komin í gjalddaga og eigi tryggð með nægilegu veði, og fær hana eigi borgaða til fulls, og getur hann þá krafizt þess, að bú skuldunauts verði tekið til gjaldþrotaskipta, ef sannað verður með skýrslum, sem fram sjeu komnar við fjárnáms- eða kyrsetningargjörðir, sem gjörðar hafa verið hjá skuldunaut, eða með játning sjálfs hans eða á annan hátt, að búið nægir eigi fyrir skuldum hans.

4. gr. Nú hefur kaupmaður — en svo ber að telja hvern þann, sem rekur verzlun, þótt aðeins sje jafnhliða annari atvinnu — verið krafinn svarkröfu um að borga skuld, sem eigi er tryggð með nægilegu veði, og hann neitar eigi að komin sje í gjalddaga, eða sönnur eru færðar á, að svo sje og lætur þó farast fyrir að borga, lengur en 30 daga eptir kröfuna, og getur þá skuldareigandi sá, er svarkröfu ljet fram fara, krafizt þess, að bú hans sje tekið til gjaldþrotaskipta; en nota verður hann þennan rjett sinn, áður en 14 dagar sjeu liðnir frá því, að frestur sá er á enda, sem áður er getið.

5. gr. Sá er samkvæmt 1. gr. laga þessara krefst þess, að bú hans sje tekið til gjaldþrotaskipta, skal senda skiptaráðanda um það skriflega áskorun; henni skal fylgja nákvæm skrá, undirskrifuð af honum sjálfum, yfir eignir hans og skuldir, og skulu þar sjerstaklega nefndir þeir, sem til skuldar eiga að telja hjá honum, og bækur þær, er hann kann að hafa haldið við atvinnu sína. Geti skuldunautur eigi látið skrá þessa fylgja áskoruninni, skal hann geta þess í henni, af hverjum ástæðum það sje, og láta hana síðan í tje svo fljótt, sem auðið er. Þesskonar skrá skal og skuldunautur láta skiptaráðanda í tje, ef krafizt verður, þegar bú hans hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta eptir beiðni einhvers skuldheimtumanna hans.

6. gr. Ef skuldheimtumaður krefst þess samkvæmt 3. og 4. gr. laga þessara, að bú skuldunauts sje tekið til gjaldþrotaskipta, skal hann fá skiptaráðanda um það skriflega áskorun, og skulu í henni tekin fram atvik þau, er hann byggir á kröfu sína.

Skiptaráðandi skal þá ákveða fund svo fljótt, sem auðið er; kallar hann á fund þenna skuldunaut og skuldheimtumanninn með þeim fyrirvara, er hann sjálfur til tekur. Á fundinum, eða svo fljótt, sem auðið verður, skal gjörð ákvörðun um það, hvort taka skuli til greina kröfu skuldheimtumanns, og hvort hann skuli setja tryggingu eða eigi.

Skiptaráðandi getur krafizt skýrslna þeirra af skuldunaut, sem þörf er á,

til þessa. Neiti hann að svara spurningum skiptaráðanda eða komi hann eigi á fundinn, og er þó ekki löglegum forföllum um að kenna, má líta svo á, sem hann treystist eigi að mótmæla skýrslum skuldheimtumanns.

7. gr. Þegar skiptaráðandi hefur úrskurðað, að bú skuli tekið til gjaldþrotaskipta, frestar áfrýjun úrskurðarins eigi því, að svo verði gjört.

Sje úrskurði áfrýjað, skal þó eigi án samþykkis skuldunauts selja muni búsins, áður en fullnaðardómur er genginn í málinu, nema því að eins, að þeim sje þannig varið, að svo verði að vera.

8. gr. Þegar gjaldþrotaskipti skulu fram fara eptir beiðni skuldunauts, ber að telja skiptin byrjuð þá, er beiðnin um það kom í hendur skiptaráðanda. Sje það eptir áskorun frá skuldheimtumönnum, ber að telja gjaldþrotaskiptin byrjuð, þegar skiptaráðandi hefur úrskurðað að taka búið til gjaldþrotaskipta.

Þegar skipti eru byrjuð, er það eigi á valdi þess eða þeirra, er krafizt hafa, að láta þau falla niður. En þegar skuldunautur einn hefur krafizt gjaldþrotaskipta, getur skiptaráðandi hinsvegar breytt úrskurði sínum um, að bú hans skuli tekið til gjaldþrotaskipta, ef skuldunautur gjörir það sennilegt, áður en innköllun til skuldheimtumanna er gefin út, að hann geti staðið í skilum við þá, og skuldheimtumenn þeir, er hafa gefið sig fram, mótmæla því eigi.

9. gr. Skiptaráðandi skal tafarlaust sjá um, að auglýsing um gjaldþrotaskiptin sje birt í blöðum þeim, er almennt skal birta í skiptaauglýsingar. Falli gjaldþrotaskiptin síðar niður (8. gr.), skal það tafarlaust birt á sama hátt.

2. kapítuli,

Um það, hvað til ráðs megi taka um skuldunaut sjálfan.

10. gr. Skiptaráðandi getur úrskurðað, að skuldunautur skuli settur í varðhald, ef hann gerir sig líklegan til að firra búið einhverjum af munum þess eða rjettindum, svo og þegar breytni hans, áður en gjaldþrotaskiptin byrja, þykir gefa tilefni til þess, að höfðuð sje sakamálsrannsókn gegn honum.

Þegar skuldunautur er settur í varðhald, skal skiptaráðandi tafarlaust sjá um, að rannsókninni gegn honum verði framfylgt.

11. gr. Skiptaráðandi getur úrskurðað, að skuldunautur skuli settur í einfalt fangelsi, ef hann kemur ekki fram með skrá þá, er skipað er í 5. gr., eins og hún á að vera, og hefur eigi gildar ástæður fyrir sig að bera, eða ef hann þrjózkast við að láta í tje skýrslur við uppskript á búinu, er hann er skyldur að vera við, ef skiptaráðandi krefst þess, eða aðrar skýrslur um ástæður og hag búsins, er hann er fær um að gefa; svo og ef hann fer eða reynir til að fara úr lögsagnarumdæminu án leyfis skiptaráðanda.

Skuldunautur skal vera í fangelsi svo lengi, sem skiptaráðanda þykir það nauðsynlegt til þess, að tilganginum með því verði náð, þó aldrei lengur en 6 mánuði.

Kostnað þann, er af fangavistinni leiðir, skal greiða sem annan sakamálskostnað.

12. gr. Veita má skuldunaut styrk af búinu, svo sem, að honum sjeu fengin búsgögn, húsvist, jörð og búsmali, fjárstyrkur til uppeldis eða því um líkt, enda hafi skuldheimtumenn áður átt kost á að ræða það mál á skiptafundi, og engin mótmæli komið fram gegn því, eða meiri hluti fundarmanna verið því

samþykkur, og þyki skiptaráðanda eigi ástæða til þess, að synja samþykkis síns. En gæta verður hann þess einkum, að eigi bíði veðhafar eða skuldheimtumenn, sem forgöngurjett hafa, neitt sjerstakt tjón af styrkveitingunni, hafi þeir eigi samþykkt hana. Styrk má heldur eigi veita um lengri tíma en eitt ár, og eigi eptir að skiptunum er lokið, nema allir skuldheimtumenn verði á það sáttir. Skiptaráðandi getur leyft skuldunaut og heimamönnum hans að hafa til afnota fyrst um sinn uppskrifaða búsmuni, þótt aðrir sje en þeir, er gjaldþrotaskiptin ná eigi til samkvæmt 13. gr. laga þessara, smbr. 27. gr. í lögum um aðför 4. nóvember 1887, svo og húsnæði, þangað til skuldheimtumönnum hefur gefinn verið kostur á að kveða upp álit sitt um það, eins og að framan er greint.

3. kapituli.

Um það, hvað til gjaldþrotaskipta skuli koma.

13. gr. Með takmörkunum þeim, er getur um í eptirfarandi greinum, skal skuldunautur sviptur umráðum yfir öllu því, er talið verður til eigna hans í því bili, er gjaldþrotaskiptin byrjuðu (8. gr.), svo og því, er hann eignast, meðan á þeim stendur — hvortveggja þó að þeim munum fráskildum, er undanþegnir eru fjárnámi samkvæmt ákvæði einstakra manna, lagaákvæði eða annari sjerstakri heimild — og skal eignum hans varið til þess við gjaldþrotaskiptin að fullnægja kröfum þeim, er voru á hendur skuldunaut, þegar þau byrjuðu.

14. gr. Upp frá því að gjaldþrotaskiptin byrja, getur engin öðlast nein rjettindi á hendur búinu með samningum við skuldunaut, eða losast við skyldur, er á honum hvíla gagnvart búinu. Þetta á þó eigi við um þann, er semur við skuldunaut, áður en gjaldþrotaskiptin eru birt með opinberri auglýsingu í blöðunum, og er ókunnugt um þau.

15. gr. Nú fær skuldunautur arf, meðan á gjaldþrotaskiptum stendur, og má búið þá við þeim arfi taka; þó skal þess gætt, að erfðabúinu sje skipt af skiptaráðanda, þannig að komizt verði hjá ábyrgð skulda. Búið á og dánargjafir og aðrar gjafir allar, er skuldunautur fær, meðan á skiptum stendur. Ákvæði þessi eiga þó því að eins við, að lögmætar ákvarðanir arfleifanda eða gefanda sjeu því eigi til fyrirstöðu.

16. gr. Nú berast búinu, eptir að gjaldþrotaskiptin eru byrjuð, peningar, vörur, farmskrár, víxlar eða annað þess háttar, er sent hefur verið skuldunaut, og átti hann að svara andvirði fyrir, og getur búið þá orðið eigandi að slíkum munum, enda þótt þeir hafi eigi verið orðnir eign skuldunauts áður, ef það greiðir andvirðið, en greiða verður það auðvitað á rjettum tíma.

17. gr. Á því, sem skuldunautur vinnur sjer sjálfur inn, meðan á gjaldþrotaskiptunum stendur, á búið engan rjett. Þetta gildir þó eigi við um það, er honum áskotnast með talnaspili, í spilum, eða á annan slíkan hátt.

4. kapituli.

Um áhrif þau, er gjaldþrotaskiptin hafa á ráðstafanir, er skuldunautur hefur gjört, áður en þau byrjuðu.

18. gr. Allar lögmætar kröfur á hendur skuldunaut, er fullnægja á með eigum þrotabúsins, getur búið krafizt, að metnar sjeu til peningaverðs eptir því hve miklu það varðar skuldheimtumanna, að þeim verði fullnægt.

19. gr. Það leiðir af gjaldþrotaskiptunum, að allar lögmætar kröfur á hendur skuldunaut, er fullnægja á með eigum búsins, ber að telja komnar í gjalddaga að því leyti, að rjett er, að búið greiði þær þegar í stað, og skuldheimtumaður sje skyldur að taka við borgun þegar, án tillits til gjalddaga þess, er ákveðinn hefur verið.

20. gr. Hver sá, er skuldar þrotabúinu, getur dregið frá það, er hann á hjá því, án tillits til þess, hversu skuld og gagnkröfu er varið, en þó því að eins, að skuldheimtumaður sjálfur eða sá, er hann hefur erft skuldakröfuna eptir, hafi fengið hana, áður en skiptin byrjuðu, og var eigi, svo að skuldareigandi vissi, þá svo ástatt fyrir skuldunaut, sem segir í 26. gr., eða skuldakrafan stafar af skuldbindingu, er skuldunautur hefur undirgengizt fyrir þennan tíma, og þegar eins stóð á. Nú leikur vafi á, hvenær krafan er fengin, og er eigi hægt að færa sönnur á það á annan hátt, og má skuldheimtumaður þá vinna eið að framburði sínum um það, og getur skiptaráðandi tekið hann í eið á skiptafundi.

Eigi má framselja skuldabrjef búsins, áður liðinn sje innköllunarfrestur skuldheimtumanna, nje heldur síðar, ef mótkröfum er lýst, á þann hátt, að fyrirgjört sje með því gagnkröfurjetti skuldunauts.

21. gr. Nú hefur skuldunautur tekið fasteign á leigu, og kemur búið þá í stað hans, frá því að gjaldþrotaskiptin byrjuðu, nema öðruvísi sje ákveðið í samningum. En bæði getur búið og sá, er á leigu seldi, sagt leigumálanum upp með vanalegum fresti til fardaga eða venjulegs flutningstíma, enda þótt samið hafi verið um lengri ákveðinn tíma eða lengri uppsagnarfrestur áskilinn; en bæta verður uppsegjandi þá hinum málsaðila þann halla, er hann biður af því, að leigumálanum var eigi haldið áfram.

22. gr. Nú hefur skuldunautur á hinum síðustu 8 vikum, áður en gjaldþrotaskiptin byrjuðu, borgað skuld, hvort sem hún er fallin í gjalddaga eða eigi, með því að selja af hendi við skuldheimtumann fasteign, skip eða aðra þá muni, sem telja verður óvanalegan gjaldeyri eptir stöðu þeirra og ástæðum, eða hann hefur borgað skuld, sem eigi er fallin í gjalddaga, enda þótt borgað sje með vanalegum gjaldeyri, og getur búið þá riptað borguninni og krafizt þess, að skuldheimtumaðurinn skili aptur því, er hann hefur fengið, eða verði þess.

23. gr. Veðskuldbindingar þær, er skuldunautur hefur gengizt undir á tímabili því, er ræðir um í 22. gr., til tryggingar kröfum á hendur honum, sem ekki eru til orðnar á sama tíma, eru ógildar að því, er búið snertir.

Fyrirmæli 8. gr. 4. nóv. 1887 um veð eru framvegis í gildi.

24. gr. Ákvæðin í 22. gr. og fyrra hluta 23. gr. eiga þó eigi við, ef það reynist, að skuldunautur átti enn fyrir skuldum, þegar veðsetningin eða borgunin fór fram; sama er og, ef sá, er skiptir við skuldunaut, hrindir grun þeim, sem álíta má, að á honum hvíli um það, að honum hafi kunnugt verið um þrot skuldunauts, þegar svo á stendur, er segir í áðurnefndum lagagreinum.

25. gr. Nú hefur fjárnám til sölu við uppboð eða löggeymsla farið fram eptir sætt um borgun skulda er skuldunautur hefur gengið að á tímabili því, sem er að ræða í 22. gr., eða eptir dómi í máli, er höfðað hefur verið á þessu tímabili, og falla þá burtu sjerrjettindi þau í búinu, er af fjárnáminu og löggeymslunni leiða, nema því að eins, að sannað verði, að skuldunautur hafi enn átt fyrir skuldum, þegar sættin var gjörð, eða málið tekið fyrir, eða álíta verð-

ur eptir atvikum öllum, að skuldheimtumanni hafi verið ókunnugt um gjaldþrot skuldunauts.

26. gr. Nú hefur skuldunautur strokið sökum skulda, eða einhver skuldheimtumanna hefur beiðst þess, að bú hans sje tekið til gjaldþrotaskipta, eða skuldnautur hlaut að sjá, að gjaldþrot hans mundi brátt bera að höndum, og hann hefur eptir það með einhverjum ráðstöfunum—og sje þar með talin borgun skulda, sem fallnar eru í gjalddaga, — ívilnað sumum skuldheimtumönnum sínum hinum til tjóns, þannig að saknæmt sje eptir 263. gr. hinna almennu hegningarlaga, og getur búið þá, svo framarlega sem það verður tekið til gjaldþrotaskipta, krafizt þess, að riptað sje borguninni eða ráðstöfuninni, og að skuldheimtumaður skili aptur því, er hann þannig hefur fengið, eða verði þess, hafi honum verið kunnugt um ástæður þær, sem að framan er getið, þegar borgunin eða ráðstöfunin fór fram.

27. gr. Þegar einhverjum samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í 22.—26. gr. hjer að framan, ber að skila búinu því, er hann hefur tekið við, eða verði þess, á hann rjett á, að honum sje skilað aptur því, er hann hefur látið af hendi við skuldunaut umfram það, er hann fjekk borgun fyrir; og þegar borgun er skilað aptur, er staða hans gagnvart búinu að þessu leyti hin sama og ef engin borgun hefði fram farið.

Nú er víxill, sem kominn er í gjalddaga, borgaður með vanalegum gjaldeyri, og verður þess þá eigi krafizt, að sá skili aptur borguninni, sem hefði haft rjett til þess að krefjast borgunar á víxlinum hjá öðrum, ef bú skuldunauts yrði tekið til gjaldþrotaskipta, en hefur misst þennan rjett við greiðsluna; hinsvegar má krefjast upphæðar þeirrar, er víxillinn var borgaður með, af þeim, er að lokum hefði haft hag af borguninni, og hefði orðið að borga víxilinn, ef hann hefði eigi áður verið borgaður, enda hafi honum, þegar hann gaf út eða framseldi víxilinn, verið kunnugt um, að svo var ástatt fyrir skuldunaut, sem segir í 16. gr.

28. gr. Sá sem á hinu síðasta ári áður en gjaldþrotaskiptin byrjuðu, og þegar svo stóð á, að skuldunautur átti eigi lengur fyrir skuldum, hefur þegið gjöf af honum, er skyldur að skila gjöfinni aptur eða standa skil á verði hennar, ef ætla má, að honum, er hann þáði gjöfina, hafi verið kunnugt um nokkurt það atvik, er hann mátti ráða af, að skuldunautur átti eigi fyrir skuldum. Hafi það bakað þiggjanda nokkur fjárútlát, að hann þáði gjöfiua, ber búinu að endurgjalda honum þau.

Hið sama er og, þótt ráðstöfunin líti út og komi fram sem sala, makaskipti, leigumáli eða þesskonar afsal, ef ráða má af mismuninum á verði þess er af hendi var látið og þess er fyrir kom, eða af öðrum atvikum, að ráðstöfunin sje í raun og veru gjöf; þó skal búið svara til þess, sem af hinum málsaðila er af hendi innt.

29. gr. Nú hefur skuldunautur á hinu síðasta ári, áður en gjaldþrotaskiptin byrjuðu, varið meiru fje en svo, að samsvari efnum hans, til þess að kaupa lífeyri, forlagseyri, lífsábyrgð eða þess konar tekjur handa sjer, konu sinni eða lögerfingjum, eða til að gefa öðrum, og getur búið þá hagnýtt sjer þann rjett, sem skuldunautur hafði sjálfur, til að slíta samningnum og krefjast reikningsuppgjörða, ef búinu bætast tekjur við það.

Sje um gjöf að ræða öðrum til handa, verður þó að vera eins ástatt, og fyrir er mælt í 28. gr.

30. gr. Það skal enn standa, er segir í N. L. 5—13—44, 2. málsgrein, að engar afhendingar, hvort sem eru gjafir, kaup eða önnur afsöl milli hjóna, foreldra og barna, arfleiðanda og erfingja, skulu verða skuldheimtumönnum í þrotabúum til tjóns, ef þær hafa fram farið, eptir að svo var ástatt orðið fyrir skuldunaut, og hann svo skuldugur orðinn, að hann gat eigi borgað skuldir sínar.

31. gr. Nú hefur sá, sem haft hefur viðskipti þau við skuldunaut, er ræðir um í 22.—30. gr., afhent öðrum hluti þá eða rjettindi, er hann hefur fengið, og hefur búið þá einnig gagnvart þeim rjett á að heimta munanum eða rjettindanum skilað aptur eða verð þeirra bætt búinu, ef ætla má, að þeir hafi verið þess vitandi, að tilgangurinn með framsalinu var sá að hindra búið í að njóta rjettar síns.

32. gr. Mál þau, sem höfðuð eru til þess að ripta ráðstöfunum, samkvæmt 22. —31. gr., skal sá með fara fyrir hönd skuldheimtumannanna, er til þess verður kjörinn á skiptafundi. Með mál þessi skal fara sem með gestarjettarmál, og skal höfða þau innan 4 vikna eptir skiptafund þann, er kröfurnar hafa verið rannsakaðar á (lög 12. apríl 1878 37. gr.) ef þau skulu flutt í lögsagnarumdæminu, en ef mál skal höfða í öðru lögsagnaramdæmi, þá skulu hinar nauðsynlegu ráðstafanir til þess gjörðar innan 12 vikna frá sama tíma.

5. kapítuli.
Um önnur gjaldþrotaskipti.

33. gr. Í dánarbúum, sem eigi hrökkva fyrir skuldum, sbr. 81. gr. í lögum 12 apríl 1878 um skipti á dánarbúum, fjelagsbúum o. fl., getur hver skuldheimtumanna heimtað gjaldþrotaskipti, og að farið verði jafnframt eptir ákvæðunum í lögum þessum. Þegar skiptaráðandi skiptir búi milli hjóna, sem bæði eru á lífi, eða búi milli þess hjóna, er eptir lifir og ábyrgist skuldir búsins, og erfingja hins látna, getur eins hver skuldheimtumanna krafizt gjaldþrotaskipta á búinu, ef svo er ástatt fyrir því hjóna, er í hlut á, að krefja má gjaldþrotaskipta á búi þess eptir lögum þessum. Í búum þeim, er ræðir um í þessari grein, skal reikna fresti þá, er getur um í 22., 23., 25., 28. og 29. gr., frá þeim tíma, er búið var tekið til skiptameðferðar,

6. kapítuli.
Um lok gjaldþrotaskipta.

34. gr. Nú verður það bert, meðan á gjaldþrotaskiptunum stendur, að búið hrökkur eigi fyrir kostnaðinum við skiptin, og skal þá þegar ljúka skiptunum, og skal sá greiða þann hlut af áföllnum kostnaði, er búið hrökkur eigi fyrir, sem skiptanna hafði krafizt. Þó getur skuldheimtumaður sá, er krafizt hefur gjaldþrotaskipta og er í vafa um ástand búsins, komizt hjá frekari ábyrgð, ef hann lýsir því yfir og lætur bóka það í skiptabókina, að hann álíti, að búið hrökkvi eigi fyrir kostnaði við framhald skiptanna og að hann vilji eigi greiða hann, og ef þá enginn annar skuldheimtumaður býðst til þess á skiptafundi, er kalla skal saman í þessu skyni, að greiða kostnað þann, er framhald skiptanna hefur í för með sjer, getur hann krafizt þess, að skiptunum skuli þegar lokið.

35. gr. Að liðnum innköllunarfresti til skulheimtumannanna má, hvenær sem vill, meðan á skiptunum stendur, selja skuldunaut búin í hendur til frjálsra umráða, ef

hann sýnir skiptaráðanda skriflegt samþykki til þess frá öllum þeim skuldheimtumönnum, sem hafa gefið sig fram. Sönnun fyrir því, að skuld, sem sagt hefur verið til, sje greidd að fullu, er jafngild samþykki hlutaðeigandi skuldheimtumanns.

36. gr. Þegar öðruvísi er ástatt, er gjaldþrotaskiptunum lokið með úthlutunum skiptaráðanda.

Ed. **171. Frumvarp**

til laga um eptirlaun, (eins og það var samþykkt við 2. umr. í efri deild.).

1. gr. Hver sá, sem fengið hefur konungsveitingu fyrir embætti og fær laun úr landssjóði, á rjett á að fá eptirlaun eptir lögum þessum, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsulasleika, eða annara orsaka vegna, sem honum eru ósjálfráðar.

2. gr. Eptirlaunin skulu greiðast úr landssjóði. Upphæð eptirlaunanna skal þannig reikna, að sá, er fengið hefur lausn frá embætti, fái í eptirlaun $\frac{1}{4}$ þeirrar embættislaunaupphæðar, er hann hafði, þegar hann fjekk lausn frá embættinu, og auk þess 20 kr. fyrir hvert ár, sem hann hefur þjónað embættinu með eptirlaunarjetti. Sá, sem er fullra 70 ára, á rjett á að fá lausn með eptirlaunum samkvæmt lögum þessum. Sá embættismaður, sem slasast þannig, þegar hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að fá lausn frá embættinu, fær ávallt $\frac{2}{3}$ af embættistekjum sínum í eptirlaun. Ef eitthvert embætti er lagt niður, á sá embættismaður, er því gegnir, heimting á að njóta $\frac{2}{3}$ hluta af embættistekjum sínum í 5 ár í biðlaun, en er þá undir eins skyldur til að taka aptur við hæfilegu embætti með sömu tekjum að minnsta kosti, sem því embætti fylgdu, sem niður var lagt. Hafi hann ekki fengið embætti að 5 ára fresti, verða honum veitt eptirlaun. Þau ár, sem hann hefur notið biðlauna, skal álíta sem þjónustuár, þegar farið verður síðar að reikna eptirlaun hans; en eptirlaunin skal reikna eptir þeim embættistekjum, er hann hafði, áður en hann fjekk biðlaun. Ef hann tekur á móti embætti, sem minni tekjur fylgja, fær hann af þeim eptirlaunum, sem honum bera eptir hið meira embætti, er hann áður hafði, svo mikið sem tekjur hins nýja embættis vantar til að jafnast við tekjur hins fyrra embættis, er hann hafði, og ekki meira.

3. gr. Þær embættistekjur, sem teknar verða til greina, þegar reiknuð eru eptirlaun eða biðlaun samkvæmt 2. gr. eru: 1) viss árleg laun; 2) launaviðbót, sem veitt er manninum sjálfum; 3) aukatekjur og hlunnindi, svo sem, leigulaus bústaður, bújörð, eldiviður og ljós, sem með berum orðum eru veitt embættismanninum sem laun eða hluti af launum hans. Tekjurnar skulu taldar, eins og þær hafa verið að meðaltali 5 síðustu árin, áður en embættismaðurinn fjekk lausn frá embætti, eða öll þau ár, sem hann hefur embætti þjónað, hafi árin verið færri en 5.

4. gr. Sá, er fyrirgjörir embætti sínu, missir einnig rjett til eptirlauna.

5. gr. Þegar embættismanni er vikið frá fyrir einhverjar misfellur, sem ekki varða embættismissi, en veikja þó þá virðingu og traust, sem nauðsynlegt er fyrir stöðu hans, skal ákveða eptirlaun hans með sjerstökum lögum.

6. gr. Eptirlaun eða biðlaun missast: 1) gjörsamlega eða að tiltölu, þegar hlutaðeigandi fær aptur embætti og laun; 2) þegar hann án konungsleyfis gengur í þjónustu útlendra ríkja; 3) þegar hann tekur sjer bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 4) þegar hann hefur ekki tekið eptirlaun sín eða biðlaun í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 5) þegar hann verður dæmdur sekur í þesskonar athæfi, sem mundi hafa svipt hann embætti, ef hann hefði þá í því verið, eða ef upp á hann sannast, að hann hafi orðið sekur í slíkri hegðun, áður en hann fjekk lausn frá embættinu.

Nú hefur embættismaður fengið lausn frá embætti með eptirlaunum, og tekur við nýu embætti; hefur hann þá rjett til að fá eptirlaun þau, sem hann áður hafði, er hann sleppir þessu embætti.

7. gr. Hver kona, sem verður ekkja eptir embættismann, er hafði eptirlaunarjett eða eptirlaun, skal hafa rjett til að fá eptirlaun úr landssjóði með þeim undantekningum, sem til eru teknar í 8. gr. Eptirlaun ekkjunnar reiknast $\frac{1}{3}$ af launum mannsins, eins og þau eru talin eptir 2. og 3. gr. þessara laga, þegar þau eru lögð til grundvallar fyrir því, hvernig reikna skal eptirlaun hans; þó mega þau eptirlaun ekkjunnar, sem þannig reiknast, aldrei fara fram úr 1200 kr. nje vera meiri en eptirlaun þau, sem maðurinn hefði getað fengið eða hafði þegar hann dó. Þegar ástæður virðast til, getur konungur í viðbót við eptirlaunin veitt 20 til 100 kr. árlega fyrir hvert barna ekkjunnar, sem hún hefur fyrir að sjá, þangað til hvert barn er orðið 18 ára; þó skal eptirlaunaviðbót þessi því að eins haldast, að ástæður þær, sem hún er byggð á, sje framvegis hinar sömu, og skal sanna það á hverju ári fyrir landstjórninni.

8. gr. Þær embættismannaekkjur hafa engan eptirlaunarjett, sem hafa gipzt eldra manni en 60 ára eða á banasæng hans, eða eptir að hann fjekk lausn frá embætti með eptirlaunum, eða ef hjónabandinu var gjörsamlega slitið, áður en maðurinn dó.

9. gr. Eptirlaun ekkna missast: 1) þegar ekkjan giptist af nýju; 2) þegar hún tekur sjer bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 3) þegar hún hefur ekki hirt eptirlaunin í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 4) þegar hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almennings áliti er ósæmileg. — Þegar ekkja missir eptirlaun af því, að hún hefur gipzt af nýju, á hún rjett á að fá aptur hin sömu eptirlaun, ef hún verður ekkja í annað sinn.

10. gr. Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem áttu rjett til eptirlauna, getur konungur veitt hverju um sig 40 til 200 kr. árlega, að svo miklu leyti og svo lengi, sem þau þurfa við og eru þeirra verð, þó ekki lengur en þangað til þau eru 18 ára; þörf þeirra og verðleik skal árlega sanna fyrir landstjórninni.

11. gr. Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi, og hafa rjett til eptirlauna samkvæmt tilskipun 31. maí 1855, halda rjetti til eptirlauna samkvæmt þeirri tilskipun. Að öðru leyti er sú tilskipun úr lögum numinn með þessum lögum.

Nd. **172. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um þinglýsing afsalsbrjefa og annara heimildarskjala fyrir fasteignum, svo og um afnám gjalds af fasteignarsölu.

Hin heiðraða neðri deild alþingis hefur kosið oss undirskrifaða í nefnd til að athuga frumvarp þetta, og höfum vjer tekið það til rækilegrar íhugunar.

Nefndin hlýtur að kannast við, að sú rjettaróvissa, sem stafar af því, að menn almennt vanrækja að láta þinglýsa eignarheimildum sínum, geti haft skaðlegar afleiðingar, sem vert sje að fyrirbyggja, með því, að koma betra skipulagi á þetta mál. Í frumvarpinu er í þessu skyni farið fram á tvennt, að afnema gjald af fasteignarsölu og að lögleiða almenna þinglýsingarskyldu. Um fasteignarsölugjaldið er það að segja, að það á eflaust nokkurn þátt í því, að menn svo iðulega vanrækja að láta þinglýsa kaupbrjefum sínum og öðrum eignarheimildum, til að losast við að greiða gjaldið, sem þinglýsingunni er samfara. Auk þessa agnúa er á það að líta, að tekjur þær, er landssjóður hefur af gjaldi þessu, eru næsta litlar, og mundi sá tekjuhalli, sem landssjóður biði við afnám

þess, að nokkru leyti vinnast upp aptur í auknu þinglýsingargjaldi. Af þessum ástæðum er nefndin eindregið með því, að hið umrædda gjald verði afnumið.

Um hitt aðalákvæði frumvarpsins er nefndin í meiri vafa, og hefur hún sjerstaklega tekið það til íhugunar, hvort eigi sje ísjárvert, að lögleiða almenna þinglýsingarskyldu, sökum þess, að þar með sje gengið of nærri hinum eðlilega rjetti, sem hver fullveðja maður á, eptir grundvallarreglum laganna, að hafa til þess, að ráða sjálfur gjörðum sínum, að því leyti, sem þær koma eigi í bága við rjettindi annara eða almenningsheill. Í þessu tilliti má geta þess, að slík þvingun er eigi óþekkt í gildandi lögum, þar sem svo er fyrir skipað í 4. gr. landamerkjalaga 17. mars 1882, að landeigandi, sem fengið hefur samþykkta merkjalýsing fyrir jörð sinni, skuli fá hana sýslumanni í hendur til þinglesturs á næsta manntalsþingi. Og þó þinglestur merkjalýsinga sje nauðsynlegur, til að fyrirbyggja landaþrætur, verður nefndin að álíta þinglýsing afsalsbrjefa og annara heimildarskjala fyrir fasteignum engu síður áríðandi, eigi að eins til tryggingar því, að hinar lögskipuðu kaup- og veðmálabækur verði sem fullkomnastar og í sem beztri reglu, heldur einnig til fyrirgreiðslu við áætlanir um eignartekjur þeirra manna, sem skatt eiga að greiða í landssjóð eða önnur slík gjöld til almenningsþarfa. Þegar á allt er litið, fær nefndin eigi sjeð neitt verulegt á *móti* því, að aðhyllast ákvæði frumvarpsins einnig að þessu leyti, og ræður því hinni háttvirtu deild til að samþykkja það með þessum breytingum:

1. Við 1. gr. Í stað »2 ár eru liðin« komi: 1 ár er liðið
2. — 2. gr. Í stað »1 %« komi: ½ %
3. — — — Aptan við aðra grein bætist: Sýslumaður innheimtir gjald þetta.
4. 3. grein falli burt.

Alþingi, 20 júlí 1893.

Ólafur Briem, form. og framsögum. Jón Þórarinsson, skrifari. Guðl. Guðmundsson.

Jón Jakobsson. Kl. Jónsson.

Nd. **173. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um bann gegn því, að utanríkismenn megi eiga jarðeignir á Íslandi. Frá B. Kristjánssyni.

Við 1. gr., a, Á eptir „nje“ bætist inn í: „heldur“.

b, Í staðinn fyrir orðin „þær næst — — innanríkis“, komi: „eigandaskipti verða á þeim“.

Ed. **174. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um úrskurðarvald sáttanefnda, rjettarfar og aðför í minni skuldamálum.

Vjer, sem hin heiðraða efri deild hefur kosið í nefnd, til að íhuga frumv. þetta, höfum athugað það nákvæmlega og komizt að þeirri niðurstöðu, að það geti orðið góð rjettarbót í löggjöf vorri, með því að lögsókn til innheimtu smáskulda er opt og einatt svo fyrirhafnarsöm og kostnaðarsöm í hlutfalli við skuldarupphæðina, að það svarar opt eigi kostnaði að reyna, að ná inn skuldinni með lögsókn, og er því skuldareigandi, þegar svo á stendur, neyddur til að láta skuldina falla, ef skuldunautur *tregðast* við að borga hana. Það er óneitanlega þörf að ráða bót á þessu, og að vorri ætlun mundi fást eigi

alllítil bót á því, yrði það lögleitt, er frv. fer fram á, með því að það gerði lögsókn til innheimtu smáskulda greiðari og kostnarminni en nú gjörist.

Samt sem áður hafa oss fundizt sum ákvæði frumvarpsins varhugaverð, og höfum því komið fram með allmargar breytingartillögur. Sjerstaklega virðist oss ísjárvert, að láta frv. ná til jafnhárra skulda og farið er fram á í því, og höfum því lagt til að færa 200 kr. niður í 100 kr., því að lög um þetta efni eru algjört nýmæli hjer á landi, og teljum vjer því hyggilegra, að hafa þessa upphæð ekki mjög háa, að minnsta kosti fyrst í stað, meðan sáttanefndir og hreppstjórar eru að venjast þeim.

Aðrar breytingartillögur, sem vjer höfum komið fram með, miða ýmist til að nema burt einstaka ákvæði, er oss virtist ekki beinlínis þörf á í frv., eða til að gjöra frv. einfaldara og óbrotnara, eða þá, að þær eru að eins orðabreytingar.

Með breytingum þessum, sem hjer fara á eptir, ráðum vjer hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið.

Alþingi 20. júlí 1893.

Kristján Jónsson	Þorleifur Jónsson	Einar Ásmundsson.
formaður.	skrifari og framsögumaður.	

Breytingartillögur

við frumvarp til laga um úrskurðarvald sáttanefnda, rjettarfar og aðför í minni skuldamálum. Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. Fyrir „200 kr.“ í þessari grein og annarsstaðar í frumvarpinu komi: 100 kr.
2. — — — —— „bókar“ komi: ritar
3. — — — — - „Ákvæði þessi gilda þó eigi . . . 3. þegar“ komi: Þetta á þó eigi við, þegar
4. — 2. gr. Greinin falli burt, og greinatalan breytist eptir því.
5. — 3. gr. —— „ef sætt kemst eigi á . . . . í málinu“ komi: gjöra um málið.
6. — — — —— „Þvílíkan úrskurð . . . umboð sitt“ komi: Gjörð þessa ber að skoða sem fullnaðardóm, er fullnægja má á sama hátt sem undirrjettardómi. Fullnægingarfrestur gjörðar er mánuður frá því hún var birt hlutaðeigendum.
7. — 4. gr. —— „hvort sem málið . . . annað“ komi: fyrir ómakið
8. — 5. gr. —— „4. gr.“ komi: 3. gr., og fyrir „3. gr“. komi: 2. gr.
9. — — — —— „Sje það ætlun sáttanefndar . . . saman um annað“ komi með nýrri línu:
   Álíti sáttanefndin, að eigi sje heimilt að kveða upp úrskurð, vísar hún málinu til dómstólanna, ef þess er krafizt af kæranda.
10. — — — —— „annar hver sáttanefndamanna“ komi: annar hvor sáttanefndarmanna
11. — — — — - „en kveða skal upp úrskurð“ komi: en kveða skal upp úrskurð eða gjörð
12. — 6. gr. — - „Nú er svo ákveðið . . . og skal“ komi: Nú kemst sáttanefnd að þeirri niðurstöðu, að skuldakrafa kæranda sje á rökum byggð, og skal hún

13. — — — — „4. gr.“ komi: 3. gr.
14. — 7. gr. — „5. gr.“ komi: 4. gr.
15. — 8. gr. — „Úrskurðir . . . sem sættir“ komi: Úrskurðum sáttanefnda má fullnægja á sama hátt, sem undirrjettardómum
16. — — — — „sbr. 11. gr“ komi: 10. gr.
17. — — — Orðin „nema málsaðilar hafi komið sjer saman um annnað“ falli burt.
18. — 9. gr. — „Þó ber enga borgun . . . skiptist“ komi: fyrir að segja upp gjörð eptir 2. gr. skal greiða 4 krónur. Gjöld þessi skiptast
19. — 10. gr. Greinin orðist þannig:
9. gr. Þegar eptirrit er fengið af úrskurði, til þess að áfrýja honum, skal innfæra í það öll skjöl' sem komið hafa fram í sáttanefndinni, svo og allt það sem bókað hefur verið í sáttabókina um málið.
20. — 11. gr. Orðin „að sjálfsögðu“ falli burt.
21. — — — — „Nýjar sannanir . . . sáttatilraun“ falli burt.
22. — — — — „hann þá hafa“ komi: hann hafa
23. — — — — „eins mánaðar“ á 2 stöðum í greininni komi: þriggja mánaða
24. — — — — „úrskurðinum er áfrýjað“ komi: úrskurði er áfrýjað
25. — — — — „dæmd með úrskurðinum“ komi: ákveðin með úrskurðinum á sama hátt og með sömu skilyrðum, sem dómhafar
26. — — — — „gildir um þá áfrýjun . . . aðfarargjörðarinnar“ komi: skal það gjört innan þess tíma, sem áður er sagt um áfrýjun aðfarargjörðar
27. — — — — „hafa fram farið“ komi: hefur fram farið
28. — — — — „Eigi skal stefna“ komi: Eigi þarf að stefna
29. — 12. gr. Greinin falli burt og greinatalan breytist eptir því.
30. — 13. gr. Greinin falli burt og greinatalan breytist eptir því.
31. — 14. gr. — „Í málum þeim . . . b. Málfærslan“ komi: Þegar málum þeim, er ræðir um í lögum þessum, er stefnt fyrir rjett, skal málfærslan
32. — — — — „viku“ komi: hálfs mánaðar
33. — — — — „c. Stefndi getur . . . vitnaleiðslu“ komi: Hafi stefndi gagnkröfu á hendur stefnanda, getur hann komið fram með hana án kæru til sáttanefndar eða gagnstefnu, ef hún fer eigi fram úr 100 kr.; þó getur hann eigi fengið dóm fyrir meiru, en til að jafna skuldaskiptin.
34. — 15. gr. — „framkvæmir . . . hreppstjóri“ komi: má hreppstjóri utan kaupstaða framkvæma í umboði fógeta.
35. — — — — „samkvæmt . . . aukatekjureglugjörðinni“ komi: samkvæmt 5. og 6. gr laga 13. jan 1882 um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk.

Nd. **175. Nefndarálit**

í málinu: »Frumvarp til laga um kirkjur«.

Hin háttvirta neðri deild alþingis hefur kosið oss undirskrifaða í nefnd til að athuga ofangreint frumvarp.

Vjer höfum nú íhugað og rætt málið á allmörgum nefndarfundum svo rækilega sem kostur var á, og skulum vjer í fám orðum skýra hinni háttvirtu deild frá þeirri niðurstöðu, er vjer höfum komizt að.

Á aðalstefnu frumvarpsins höfum vjer fallizt og hyggjum ákvæði þess miða til hvorttveggja, að gjöra gjaldskylduna til kirkna óbrotnari og eðlilegri, og að hinu leytinu tryggja betri meðferð á kirknafjenu. En slíkt leiðir aptur til þess, að kirkjur landsins geta orðið traustari og sómasamlegri guðshús.

Til þess að ná þessum tilgangi, gjörir frumvarpið ráð fyrir tveim höfuðbreytingum frá því, sem nú er, eða hefur verið til skamms tíma. Hin fyrri breytingin er sú, að nema burtu hin fornu gjöld til kirkju, eins og þau hafa hingað til verið á lögð, en steypa þeim saman í eitt gjald, er lagt sje á hvern fermdan mann í sóknuðunum. Um þessa breytingu á gjöldunum til kirkna hefur nefndin að mestu orðið samdóma, en vill að eins ganga lengra og afnema legkaup, sem sjerstakt gjald, svo og skylduvinnu við kirkjur og kirkjugarða. Nefndinni yfir höfuð þykir eðlilegast í þessu efni, að færa allt, sem nú er talið, í eitt gjald, og miða það við tölu fermdra, fremur en nokkuð annað. En er til þess kom hjá nefndinni að ákveða upphæð þessa gjalds, virtist henni, samkvæmt skýrslum þeim, sem fyrir hendi voru, sem 1 krónu gjald á hvern fermdan mann mundi verða óþarflega hátt, enda þótt um leið væri haft fyrir augum, að ýms gjöld, er eigi hafa hingað til hvílt á kirknasjóðunum, eiga nú, samkvæmt frumvarpinu, að lenda á þeim. Til athugunar í þessu efni skal þess getið, að nærri mun láta að tekjur kirkna hafi að undanförnu verið að meðaltali hjer um bil 30,000 kr., en mundu nema rúmum 48,000 krónum eptir meðaltölu fermdra 1886—1891 með 1 krónu gjaldi fyrir nef hvert. Nefndin hefur því fært gjaldið niður um $\frac{1}{4}$ eða ofan í 75 aura.

Hin síðari aðalbreyting, er frumvarpið fer fram á, frá því, sem nú er, er sú, að fje kirkna, jafnt bændakirkna, sem annara, verði greitt í almennan kirkjusjóð, þó þannig, að hver kirkja hafi þar sinn reikning yfir sjerstaka eign sína. Nefndin hefur fallizt á þessa ákvörðun með þeirri breytingu, að sjóðurinn verði sameiginleg eign allra þeirra kirkna, er í hann greiða tekjur sínar. En bændakirkjur hefur nefndin undanskilið þessu ákvæði, nema eigendur þeirra samþykki.

Auk þessa hefur nefndin gjört ýmsar smærri breytingar við frumvarpið, sem minna er í varið, en þykja þó vera til bóta.

Að öllu þessu athuguðu ræður nefndin þá hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið með eptirfarandi breytingum:

1. Við 1. gr. Á eptir »ljóstollur« komi: »legkaup«.
2. — — — Aptan við greinina bætist »; svo og skylduvinna við kirkjur og kirkjugarða«.
3. — 2. gr. Í staðinn fyrir »1 kr.« komi: »75 aur.«. Aptan við greinina bætist þriðja málsgrein svohljóðandi: »Eindagi á hinu almenna kirkjugjaldi skal vera 31. okt. ár hvert«.
4. — 3. — Orðið »Hver« í upphafi 2. málsgreinar falli burt, en málsgreinin byrji þannig: »Gjaldskyldan hvílir á hverjum fermdum manni, en hver«
5. — — — Í staðinn fyrir: »Þiggi — sveitarsjóði« komi: »Nú þiggur hinn gjaldskyldi af sveit, og skal þá greiða gjaldið úr sveitarsjóði«.
6. 4. — óbreytt.

7.		5. —	falli burt.
8.		6. —	falli burt.
9.	—	7. —	sem verður 6. gr. Í staðinn fyrir: »10 af hundraði« komi: »6 af hundraði«.
10.	—	8. —	verður 7. grein.
11.	—	9. —	sem verður 8. gr. Á eptir orðinu »Kirkjur« í fyrstu línu komi: »að undanteknum bændakirkjum,«
12.	—	— —	Á eptir orðinu »höfuðstólinn« í enda fyrstu málsgreinar bætist ný málsgrein: »Sjóður þessi er sameiginlegur fyrir allar kirkjur aðrar en bændakirkjur«.
13.	—	— —	Aptan við greinina bætist þessi málsgrein: »Að því er bændakirkjur snertir, gilda ákvæði þessarar greinar því að eins, að eigendur þeirra samþykki«.
14.	—	10. —	10. grein verður 9. gr. o. s. frv. Fyrsta málsgrein falli burt.
15.	—	— —	Aptan við »útgjöld« í annari málsgrein bætist: »kirkna«
16.	—	— —	»og« á eptir »orgelspil« í sömu málsgrein falli burt.
17.	—	— —	Aptan við »söng,« í sömu málsgrein bætist: »bygging og«
18.	—	— —	»Þegar — kirkjunni« í sömu málsgrein falli burt.
19.	—	— —	3. málsgrein falli burt.
20.	—	— —	4. málsgrein orðist þannig: Stiptsyfirvöldin hafa yfirumsjón kirkjusjóðsins, ávaxta fje hans og ávísa fje því, er borgast á úr sjóðnum.
21.	—	— —	5. málsgrein falli burt.
22.	—	11. —	Í fyrstu málsgr.: »og hvernig—er« falli burt.
23.	—	— —	Í sömu málsgrein. Í staðinn fyrir »lán« komi: »fje«
24.	—	— —	Í staðinn fyrir »hæf—fram« komi: »hæfileg til guðsþjónustu«.
25.	—	— —	2. málsgrein öll: »Eigi—deilist.« falli burt.
26.	—	12. —	Í staðinn fyrir: »Kirkju—nýju« komi: Kirkja þarf aðalviðgerðar eða byggja skal kirkju að nýju,«
27.	—	— —	Í staðinn fyrir: »byggingarinnar« komi: »verksins,«
28.	—	— —	»og — aðalviðgerð,» falli burt.
29.	—	— —	Síðasta málsgrein. Í staðinn fyrir: »framkvæmdir — viðgerðina« komi: »annast um framkvæmd verksins«. Tvær síðari málsgreinir falli saman í eina málsgrein.
30.	—	13. —	Á eptir »annast« komi: »bygging og«
31.	—	— —	Í staðinn fyrir: »upphitun á kirkjum« komi: »hitun kirkna,«
32.	—	— —	Í staðinn fyrir: »organista« komi: »organleikara«.
33.	—	— —	Í staðinn fyrir: »sem — neinu« komi: »að guðsþjónustan fari vel fram«.
34.	—	14. —	óbreytt.
35.	—	15. —	Í staðinn fyrir: »kirkna« komi: »kirkjusjóðs«.
36.	—	— —	Í staðinn fyrir: »þær« komi: »kirkjur«.
37.	—	16. —	Í staðinn fyrir: »fyrir — kirkjusjóði« komi: »úr kirkjusjóði fyrir hverja þá kirkju í prófastsdæmi hans, er þangað greiðir gjöld sín«.
38.	—	17. —	Í staðinn fyrir: »heimting — fá« í upphafi greinar, komi: »Rjett er að söfnuður fái«.
39.	—	18. —	»Hver — stiptsyfirvaldanna.« falli burt.
40.	—	— —	»og álag« falli burt.
41.	—	— —	Í staðinn fyrir; »1. okt.« komi: »31. okt.«

42. — — — Í staðinn fyrir »af — stiptsyfirvaldanna« í 2. málsgrein komi: »úr kirkjusjóði á 10 árum, $\frac{1}{10}$ hlut á ári«.
43. — 19. — Í staðinn fyrir: »sjóð — fyrir« komi: »hinn almenna kirkjusjóð«.
44. — — — Í staðinn fyrir: »Nú — samþykki« komi: »Nú skal bænda kirkju niðurleggja og þarf þá til þess samþykki.«
45. — — — »heldur — semji« falli burt.
46. — 20. — Í staðinn fyrir: »og ljóstolla« komi: »ljóstolla og legkaup.«
47. — — — Í staðinn fyrir: »13. gr.« komi: »13. og 15. gr.«
48. Aptan við frumvarpið bætist ný grein svohljóðandi: »Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1894«.

Alþingi 21. júlí 1893.

Þórarinn Böðvarsson form. og framsögum. | Sigurður Gunnarsson skrifari. | Björn Bjarnarson. | Jón Jakobsson.

H. Kr. Friðriksson með eptirfarandi athugasemd.

Enda þótt jeg eigi hafi gjört neitt ágreinings atkvæði við uppástungur hinna heiðruðu meðnefndarmanna minna í 2. gr., verð jeg þó að vekja athygli þingdeildarinnar að því, að skýrslurnar um tekjur kirkna eru mjög ófullkomnar, svo að eigi verður af þeim ráðið með vissu, hversu miklar tekjurnar eru, og hversu mikið gjald þarf að leggja á landsbúa til þess að kirkjurnar fái nægar tekjur.

Reykjavík 21. júlí 1893.

H. Kr. Friðriksson.

Ed.

176. Breytingartillögur

við frv. til laga um kosningar til alþingis. Frá Sigurði Jenssyni.

Við 26. gr. Í stað orðanna „frá 6. til 30. júní“, komi: „í septembermánuði“.
— 27. — - — —— „frá 6. júní“, komi: „frá 1. september“.
— 33. — - — —— „og skal oddviti kjörstjórnarinnar“ o. s. frv. til enda greinarinnar, komi: „og skulu oddvitar kjörstjórnanna sjá um, að það verði komið til oddvita yfirkjörstjórnarinnar, áður en vika er liðin frá kjörþingunum“.

Ed.

177. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um eptirlaun. Frá nefndinni.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna: „hefur þjónað embættinu“, komi: „hefur þjónað embætti“.
2. — 3. — Fyrir: „Tekjurnar skulu taldar“, komi: „aukatekjurnar skulu taldar“.
3. — 7. — Á eptir orðunum: „er hafði eptirlaunarjett eða eptirlaun“, bætist inn í: „eptir lögum þessum“.

Ed.

178. Frumvarp

til laga um breytingu á lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða, (eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild).

1. gr.

Þegar auglýst hefur verið, að prestsembætti sje laust, og hinn ákveðni umsóknartími er útrunninn, skal biskup, þegar fleiri en 3 hafa sótt um embættið, er allir fullnægja hinum almennu skilyrðum fyrir því, að geta haft embætti á hendi í þjóðkirkjunni, velja 3 af umsækjendum til kosningar, er honum virðast hafa beztu hæfilegleika til þess, að geta komið til álita við veiting embættisins. Nú sækja að eins 3 um embættið og skal þá söfnuðinum gefinn kostur á að kjósa um þá alla; þó má biskup fella einn þeirra frá kosningu, ef hann álítur hann óhæfan til að takast á hendur prestsembætti, og kýs þá söfnuðurinn að eins um hina tvo. Umsóknarbrjef þau, er biskup hefur þannig valið úr og bæði umsóknarbrjefin, hafi að eins 2 sótt um embættið, sendir hann með athugasemdum þeim er honum virðist ástæða til að gjöra, til hlutaðeigandi prófasts, en prófastur skal sjá um, að þau verði lögð fram og liggi til sýnis í 2 vikur á einhverjum hentugum stað í prestakallinu.

Ef sóknarnefndin eða sóknarnefndirnar í prestakallinu láta eigi prófast vita, áður en frestur þessi er liðinn, að söfnuðirnir ætli eigi að nota kjörrjett sinn, skal prófastur stofna til fundar fyrir allt prestakallið, áður en aðrar 2 vikur sjeu liðnar, og skal auglýsa fund þenna, svo sem þörf gjörist. Á þessum fundi skal öllum meðlimum þjóðkirkjunnar, sem búsettir eru í prestakallinu, og óspillt mannorð hafa, gefinn kostur á, að greiða atkvæði um þá, sem í kjöri eru, ef þeir eru komnir til lögaldurs, þegar kosningin fer fram, og hafa atkvæðisrjett á safnaðarfundum, samkvæmt lögum nr. 5 frá 27. febr. 1880, sbr. lög nr. 10 frá 12. maí 1882.

2. gr.

Ef að minnsta kosti helmingur safnaðarmeðlima þeirra í prestakallinu, er kosningarrjett hafa, hafa tekið þátt í kosningunni, og einhver af umsækjendum hefur hlotið að minnsta kosti $^2/_3$ atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, verður honum gefið veitingarbrjef af hlutaðeigandi stjórnarvaldi, hafi kosningin farið eptir 1. gr. laga þessara og 8. gr. laga 8. jan. 1866 um hluttöku safnaða í veitingu brauða, eða sjeu eigi þeir gallar á, sem eptir atvikum geti haft veruleg áhrif á úrslit hennar; ella skal við veiting embættisins taka það tillit til þeirra óska, er hafa komið fram af hálfu safnaðarins, er álitið verður að rjett sje.

3. gr.

Með lögum þessum er úr lögum numin 3. og 9. gr. í lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða.

Nd. **179. Nefndarálit**

í málinu »frumvarp til laga um breyting á 2. gr. í tilskipun um lausamenn og húsmenn á Islandi 26. maí 1863«.

Vjer, sem hin háttvirta neðri deild alþingis hefur kosið í nefnd, til að athuga frumvarp til laga um breyting á 2. gr. í tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863, höfum vandlega íhugað þetta frumvarp, en eigi getað orðið sammála um það, hversu með það skyldi fara. Hefur þannig myndazt meiri hluti og minni hluti í nefndinni, og látum vjer hjer uppi álit og tillögur hvorstveggja hlutans.

A. Álit meiri hlutans.

Af ástæðum stjórnarinnar fyrir frumvarpi því, er hjer ræðir um, má sjá, að hún óskar helzt, að vistarskyldan verði af numin með öllu, en álítur að eins, að naumast tjái að afnema hana allt í einu og án allrar takmörkunar. Stjórnin lætur skýrt í ljósi, að með því að halda vistarskyldunni, sjeu skertar svo grundvallarreglurnar fyrir atvinnufrelsi manna, að það verði eigi rjettlætt með öðru en því, að hægt sje að benda á alveg sjerstaklegt ástand hjer á landi, er gjöri vistarskylduna nauðsynlega.

Vjer ætlum nú, að þetta sjerstaklega ástand eigi sjer einmitt stað hjer, og sje ekki örðugt að benda á það. Búnaðarháttum vorum og staðháttum er þannig varið, að nauðsynlegt er í mestum hluta landsins að halda vistarskyldunni. Landbúnaðurinn er, sem kunnugt er, helzti og tryggasti atvinnuvegur landsins, og meðan hann er í líku horfi og hann er nú, sem líklegt er, að verði enn mjög lengi, getur bóndinn eigi hjá því komizt, að hafa ársfasta menn til allrar hinnar helztu vinnu; og mundi honum verða það til mikils hnekkis, ef hann ætti að sækja mikið af þeirri vinnu, er hann þarfnast, í hendur daglaunamönnum. Sökum hinnar miklu strjálbyggðar, sem í þessu tilliti verður að taka sjerstaklega tillit til, mundi það kosta bóndann mikinn tíma og vera honum mjög óþægilegt, ef hann þyrfti, má ské opt á ári, að leita sjer uppi fólk til vinnu. Vjer viljum ennfremur geta þess, að um allan norður- og austurhluta landsins stendur svo á, að sjávarafli er venjulega mestur og beztur á sama tíma, sem slátturinn stendur yfir í landsveitunum. Þetta væri að vísu ekki svo mjög athugavert, ef nóg væri af vinnufólki í landinu, en nú er tilfinnanlegur skortur á því, eins og kunnugt er, og afleiðingin af því, að leysa vistarbandið í þessum hlutum landsins sýnist auðveldlega geta orðið sú, að á aflasumrum streymdi vinnufólkið til sjávarsveitanna, en landbændurnir stæðu eptir með langt of lítinn vinnukrapt, einmitt um heyskapartímann. Aptur á móti viðurkennum vjer það, að í kaupstöðum og í þjettbýlum sjávarsveitum mundi vera hentugt, að vistarskyldan væri leyst, því að þar er vinnan miklu sundurslitnari og á hinn bóginn auðveldara að ná í menn daglega, eptir því sem þörfin krefur. Þar hefðum vjer því helzt kosið, að vistarskyldan væri leyst, en aptur haldið í landsveitunum, þar sem það mun, að öllu aðgættu, hentugast, eigi að eins bændunum, heldur og hjúunum sjálfum, að hafa fastar ársvistir; en þessu mun eigi verða auðvelt að koma fyrir, svo að vel fari, ef ekki ómögulegt, og getum vjer því eigi ráðið til þess. Viljum vjer því láta taka það tillit til hvorstveggja, bæði landbúnaðarins og sjávarútvegsins, sem unnt er í þessu efni; álítum vjer að frumvarp stjórnarinnar fari þar alveg í rjetta átt, en gjöri að eins of greiðan veginn að lausamennskunni, bæði að því er snertir aldurstakmarkið og leyfisbrjefagjaldið. Aldurstakmarkið virðist rjettast að miða við það, er maðurinn verður fullveðja; en gjaldið virðist oss verða að vera svo hátt, að það sje nokkur hindrun fyrir lausamennskunni, en þó eigi tilfinnanleg, og teljum það hæfilegt 20 kr. fyrir karlmenn og 10 kr. fyrir kvennmenn.

Þó að skilyrðin fyrir lausamennskunni sjeu þannig sett, og vistarskyldunni haldið sem meginreglu, þar sem svo stendur sjerstaklega á, eins og vjer höfum nú bent til, fáum vjer eigi sjeð, að grundvallarreglur atvinnufrelsisins sjeu meira skertar, en nauðsyn þykir að gjöra í ýmsu öðru tilliti. Það hefur þótt og þykir enn nauðsynlegt, að setja á ýmsan hátt, með lögum, takmörk fyrir algjörðu sjálfræði manna um samninga, til tryggingar fyrir semjendur, eða einhverja iðn, svo sem eru t. d. námssamningar, lögskráning o. fl., og fáum vjer eigi sjeð, að það sje minni skerðing á frelsi, en þó að menn sjeu al-

mennt skyldaðir til að gjöra vistarsamninga fyrir heilt ár, eptir því sem á stendur hjer á landi.

Það viljum vjer enn minna á, að búnaðarháttum hagar svo hjer á landi, að nauðsynlegt er, að hjú kunni sem flest algeng verk, einkum í landsveitunum, en það munu þau læra til muna betur í föstum vistum en í lausamennsku. Stjórnin álítur nægan tíma til þessa náms fram að tvítugs aldri, en það mun þó mjög títt, að tvítugt vinnufólk er eigi fullnuma í mörgum þörfum störfum, einkum þeim, er lúta að landbúnaði. Stjórnin virðist gjöra mjög lítið úr þeirri iðjusemi, reglu og hlýðni, er vinnufólk venjist hjer á í hjúastöðunni gagnvart húsbændum sínum. Vjer könnumst við, að þessu er víða meira og minna ábótavant, en álítum þó, að stjórnin leggi of mikla áherzlu á það, og það viljum vjer fullyrða, að lausamennskan sje alls eigi betur fallin, til að venja menn á reglubundna iðjusemi á öllum árstímum, nje heldur á reglusemi, heldur en hjúastaðan; og að þótt hjúastöðunni sje ábótavant, þá muni hún þó, þegar allt er athugað, miklu hollari óráðnum eða litt ráðnum ungmennum, fram eptir aldrinum, heldur en það reik frá einum til annars, sem daglaunavinnunni er samfara og sem mjög er hætt við, að yrði á hinum annaminni tímum að flakki, ekki sízt fyrir þeim, sem lítt eru hneigðir til vinnu.

Um þessi atriði, er nú hafa verið talin, er meiri hlutinn sammála, en þegar ræða skal um heimilisfang og trygging fyrir lögboðnum gjöldum lausamanna, álítur einn af meiri hlutanum (Guðlaugur Guðmundsson), að þau ákvæði, sem eru í hinum gildandi lögum, sjeu nægileg, en tveir (Björn Sigfússon og Einar Jónsson) álíta þar á móti, að þau sjeu ófullkomin og ónóg, og þurfi glöggvari ákvæði um hvorttveggja, þar eð annars mundi sveitfesti lausamenna tíðum verða vafasöm og opt vafningasamt, að ná inn opinberum gjöldum þeirra; þar eð það fylgir að sjálfsögðu lausamennskunni, að hinir lausu menn mega leita atvinnu sinnar, hvar á landinu er vera skal, án tillits til þess, hvar þeir telja heimili sitt. Þessir 2 menn úr meiri hlutanum álíta einnig heppilegast, að leyfisbrjefagjaldið renni í styrktarsjóð handa alþýðufólki. Þeir koma því fram með viðaukatillögur í þessa átt við hið sameiginlega álit meiri hlutans.

Að svo mæltu leggur meiri hlutinn til, að gjörðar sjeu þessar breytingar á frumvarpinu:

Við 1. gr. fyrri lið. Í stað »fullra 20 ára« komi: fullveðja.

— — — síðari — fyrir »10 kr« — »5 kr.« komi: 20 kr. — 10 kr. Orðin: »þó fellur — sveitfesti« falli burt.

— 2. — fyrir orðin: »það taka — vist«, komi: taka það í síðasta lagi 1. dag maímánaðar það ár, er hann gengur úr fastri vist.

— 3. — fyrir »14. maí« komi: 1. apríl.

Alþingi, 21. júlí 1893.

Einar Jónsson, skrifari og framsögum. Björn Sigfússon. Guðl. Guðmundsson.

Viðaukatillögur B. Sigfússonar og Einars Jónssonar.

1. Viðauki við breytingartillögu meiri hlutans við 1. gr., síðari lið: Aptan við breytingartillöguna bætist: Í stað þeirra orða (orðanna »þó fellur — sveitfesti«) komi: rennur það fje í styrktarsjóð handa alþýðufólki í þeim hrepp, er hann var síðast vistfastur í.
2. Á eptir 2. gr. komi 3 nýjar greinar, er verði 3., 4. og 5. gr., svo hljóðandi:

3. gr. Skylt er hverjum manni, er þannig verður laus, að hafa fast ársheimili, og skal hann tilkynna það viðkomandi hreppstjóra á vori hverju, eigi síðar en á hreppaskilaþingi.

4. gr. Rjett er, að lausamaður greiði þar lögboðin gjöld, sem ársheimili hans er. Nú greiðir hann eigi gjöld þessi á rjettum gjalddaga, og er þá húsráðandi sá, er lausamaður á heimili hjá, skyldur að greiða gjöldin fyrir hann.

5. gr. Með lögum þessum er numin úr gildi 2. gr. í tilsk. um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 og 15. gr. í sömu lögum, að því er snertir leyfisbrjefagjaldið.

Um brot gegn lögum þessum gilda sömu ákvarðanir, sem um brot gegn nefndri tilskipun.

3. 3. gr. í hinu upphaflega frumvarpi með breytingu meiri hlutans verði 6. gr.

4. Við fyrirsögnina bætist: og viðauka við þau.

Alþingi, 21. júlí 1893.

Einar Jónsson. Björn Sigfússon.

B. Álit minni hlutans.

Við, sem orðið höfum í minni hluta í nefndinni, erum að vísu þeirrar skoðunar, að rjettast væri, að nema vistarskyldu þá, er nú hvílir á miklum hluta þjóðarinnar, algjörlega úr lögum, með því að hún er ósamrýmanleg hugmyndum nútímans um jafn- og full-rjetti manna til atvinnu; og naumast verður heldur sýnt fram á það með rökum, að almenning heill krefji þess, eins og nú stendur, að megin partur þjóðarinnar sje knúður til að leita sjer atvinnu í ársvistum, enda er það og því ísjárverðara, að halda slíku fyrirkomulagi, sem þetta hapt á atvinnufrelsinu eigi þekkist hjá nágrannaþjóðunum, nje í því landi sem fjöldi Íslendinga hefur flutt búferlum til á seinni árum.

En þó að við, samkvæmt ofansögðu, sjeum þeirrar skoðunar, að rjettast væri, að leysa vistarbandið til fulls, höfum við þó ekki sjeð tiltækilgt, að koma fram með frumvarp í þá átt, með því að skoðanir manna um þetta efni eru enn svo sundurleitar í ýmsum hjeruðum landsins, og eigi líkur til, að slíkt frumvarp myndi ná fram að ganga á þinginu.

Af þessari ástæðu viljum við ekki halda algjörðri leysing vistarbandsins til streitu, heldur ráða h. h. neðri deild til, að aðhyllast þann meðalveg, sem stjórnarfrumvarpið fer, og það því fremur, sem ákvæðið í niðurlagi 1. gr., um vald sveitarstjórnarinnar til að gefa hið áskylda lausamennsku gjald eptir, gerir frumv. að mun aðgengilegra í vorum augum.

Í 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir, að frv. öðlist laga gildi 14. maí, en með því að hjúaskildagi er í ýmsum hjeruðum landsins haldinn fyr, þykir okkur rjett að leggja það til, að í stað »14. maí 1894« komi: 1. apríl 1894.

Við ráðum því deildinni til að samþykkja stjórnarfrumvarpið óbreytt að öðru en því, að

í stað orðanna í 3. gr. »14. maí 1894« komi: 1. apríl 1894.

Alþingi, 21. júlí 1893.

Skúli Thóroddsen, framsögumaður minni hlutans.

Kl. Jónsson, formaður.

Nd. **180. Frumvarp**

til laga um sameining amtmannaembættanna. (Flutningsmaður: Jens Pálsson).

1. gr. Ísland skal vera eitt amtmannsumdæmi.

2. gr. Amtmaður Íslands skal sitja þar, er yfirstjórn landsins ákveður.

3. gr. Amtmanni skal veita í árslaun 5000 kr. og til endurgjalds skrifstofukostnaði 2000 kr. á ári.

4. gr. Verði embættismaður sá, er nú er amtmaður í norður- og austuramtinu skipaður amtmaður Íslands, skal hann einkis í missa af árslaunum þeim, er hann nú hefur, meðan hann gegnir hinu nýja embætti.

5. gr. Amtmaður er forseti amtsráðanna; en falið getur hann hverjum sýslumanni í hlutaðeigandi landsfjórðungi sem vera skal, að skipa forsæti á fundum amtsráðanna, og gegna öðrum forsetastörfum í fjarvist sinni.

6. gr. Með lögum þessum er úr gildi numin 2. gr. laga 9. desember 1889 um breyting á lögum 15. okt. 1775 um laun íslenzkra embættismanna, svo og þau ákvæði í lögum 11. júlí 1890 um breytingar nokkrar á tilskipun 4. maí 1872 um sveitastjórn á Íslandi o. fl., og öll önnur lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi.

7. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1894.

Nd. **181. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar. Frá Jóni Jónsyni (2. þm. N-Múlas.).

Aptan við 1. gr. bætist svohljóðandi málsgrein:

Þau verk, sem talin eru í síðara hluta þessarar greinar, á húsbóndi heimting á að hjú hans vinni, jafnt á helgum dögum, sem virkum dögum.

Nd. **182. Frumvarp**

til laga um að leggja jarðirnar Laugarnes og Klepp í Seltjarnarnesshreppi undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur, (eins og það var samþykkt við 2. umr. í neðri deild.).

1. gr. Jarðirnar Laugarnes og Kleppur í Seltjarnarnesshreppi skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkurkaupstaðar frá fardögum 1894.

2. gr. Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sjer svo mikinn hluta af skuldum og ómagaframfærslu Seltjarnarnesshrepps, sem svarar lausafjártíundum og aukaútsvörum frá þessum jörðum eptir meðaltali áranna 1889—1894 að rjettri tiltölu við meðaltal lausafjártíunda og aukaútsvara hreppsins á sama tímabili.

Ed. **183. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um viðauka við lög, 9. jan. 1880, um breytingu á tilskipun, um sveitarstjórn á Islandi 4. maí 1872. Frá Þorkeli Bjarnasyni.

Á eptir 1. gr. komi 2. gr. svo hljóðandi:

Skylt skal sýslunefndum að semja leiðarvísir fyrir hreppsnefndir sýslunnar til leiðbeiningar fyrir þær við niðurjöfnun aukaútsvara.

2. gr. frumvarpsins verði 3. gr.

Ed. **184. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um kjörgengi kvenna. Frá Þorkeli Bjarnasyni.

Aptan við meginmál frumvarpsins komi þessi málsgrein: Þó er þeim heimilt að skorast undan kosningu.

Ed. **185. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um eptirlaun (171) frá Hallgrími Sveinssyni, Kristjáni Jónssyni, L. Sveinbjörnsson.

1. Á eptir orðunum í 2. gr. »með eptirlaunarjetti« bætist inn: hafi embættislaunin, talin eptir 3. gr., verið 2500 kr. eða minni; en hafi þau meiri verið, þá $\frac{1}{37}$ af þeim fyrir hvert þjónustu ár með eptirlaunarjetti; þó koma eigi til greina fleiri þjónustu ár en 38.
2. Fyrir »numinn« í 11. gr. síðustu línu, komi: numin.

Ed. **186. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1892 og 1893. (Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í n. d.)

1. gr. Sem viðbót við gjöldin í fjárlögunum fyrir árin 1892 og 1893, veitast 8,064 kr. til gjalda þeirra, sem talin eru í 2.—4. gr. hjer á eptir.

2. gr. Sem viðbót við gjöldin í 10. gr. B. 3. (til hegningarhússins og fangelsanna) veitast 1,560 kr. til þess að hlaða steingarð um svæði það við hegningarhúsið í Reykjavík, sem ætlað er föngunum.

3. gr. Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. B. c. (til fjallvega) veitast 6,000 kr.

4. gr. Sem viðbót við gjöldin í þarfir andlegu stjettarinnar í 13. gr. veitast:

a) undir lið B. IV. b. til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum, önnur útgjöld: til að gjöra við húsgrunninn . . . . . 504 kr.

b) undir lið C. 7. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni:

Borga skal útgefanda safnsins upphæð þá, allt að 600 kr., er veitt var fyrir árið 1893, þegar handritið er tilbúið undir prentun.

Nd. **187. Frumvarp**

til laga um afnám kongsbænadagsins sem helgidags. (Samþykkt við 2. umræðu í n. d.).

Kongsbænadagur er úr lögum numinn, sem helgidagur.

Nd. **188. Frumvarp**

til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar. Eins og það var samþykkt við 2. umr. í neðri deild.

1. gr. Á helgidögum þjóðkirkjunnar er til miðaptans bönnuð öll sú vinna, hvort heldur er inni eða úti, er hefur þann skarkala í för með sjer, eða fer fram á þeim stað, eða með þeim hætti, að hún hlýtur að raska friði helgidagsins.

Þrátt fyrir þessi fyrirmæli skal þó heimilt vera, að ferma og afferma skip og bæta,

ef þau hafa leitað hafnar í neyð, eða liggja um akkeri fyrir opnu hafi, svo og að öðru leyti að vinna þau verk, er eigi má fresta og sem miða til þess, að bjarga og hjálpa öðrum, sem eru í hættu staddir, eða hafa hana yfir höfði sjer.

Þau verk, sem talin eru í síðara hluta þessarar greinar, á húsbóndi heimting á, að hjú hans vinni, jafnt á helgum dögum, sem virkum dögum.

2. gr. Kaup og sala má eigi fram fara á helgidögum þjóðkirkjunnar hvorki úti nje inni í sölubúðum kaupmanna nje annara sölumanna og skulu búðir þeirra vera lokaðar. Þó skulu lyfsalabúðir vera undanþegnar þessu banni, svo og þeir staðir, er menn selja mjólk, brauð og annan tilbúinn mat.

Bann þetta nær einnig til kaupfjelaga og annara fjelaga, er hafa sölubúðir fyrir fjelagsmenn. Gestgjafar eða aðrir veitingamenn mega ekki á helgidögum þjóðkirkjunnar veita mönnum áfenga drykki, svo er og veitingamönnum heldur ekki á þessum dögum leyft að selja út úr húsum sínum annað en tilbúinn mat.

3. gr. Eigi má markaði halda á helgidögum þjóðkirkjunnar.

4. gr. Á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. gr., má ekki á neinum almennum veitingastað halda veizlur, samdrykkjur eða aðra hávaðasama fundi.

5. gr. Á þeim tíma, sem til er tekinn í 1. gr. má hvorki halda neinar almennar skemtanir nje heldur mega nokkrar þær athafnir, sem hávaði er að, eiga sjer stað.

6. gr. Á helgidögum þjóðkirkjunnar má eigi, nema brýn nauðsyn beri til, halda sveita- eða bæjarstjórnarfundi, þing, gegna fógetastörfum eða skjalaskrifarastörfum, halda skiptafundi, uppboðsþing eða gegna öðrum dómsstörfum. Ekki skal heldur stefna eða boða neinn fyrir dóm eða yfirvald á helgidögum, nema brýn nauðsyn beri til, og þess sje þá beinlínis krafizt af valdsmanni þeim, er stefna lætur, og skal þó eigi stefna lesin meðan á messu stendur.

7. gr. Almenna fundi má eigi halda um veraldleg efni á helgidögum þjóðkirkjunnnar, fyrr en guðsþjónustugjörð er lokið á þeim stað. Þá er guðsþjónustan fer fram eptir kl. 4 e. h., er þó heimilt að halda almenna fundi um leið, sje þess gætt, að fundurinn sje eigi haldinn svo nálægt kirkju eða bænahúsi, að guðsþjónustan verði truflud af því.

8. gr. Bönn þau, er talin eru í undanfarandi greinum, ná yfir allan daginn skírdag, föstudaginn langa og hinn fyrra helgidag þeirra þriggja stórhátíða.

9. gr. Kveldið fyrir helgidag mega engar almennar skemmtanir standa lengur en til miðnættis.

Kveldið fyrir stórhátíðisdaga þá, sem nefndir eru í undanfarandi grein, eru allar almennar skemmtanir bannaðar.

10. gr. Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum frá 1—200 kr.; auk þess má með dómi svipta mann rjetti til að hafa veitingahús eða annan almennan veitingastað, hafi hann opt brotið lög þessi. Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara sem almenn lögreglumál.

11. gr. Nú virðist lögreglustjóra, að brot á móti lögum þessum sje sprottið af afsakanlegum misskilningi, og skal hann þá að eins gefa þeim áminning, er brotið hefur, og ef þörf er á, gefa út almenna auglýsingu mönnum til leiðbeiningar og viðvörunar.

12. gr. Tilsk. 28. marz 1855 og opið br. 26. sept. 1860 svo og öll önnur lagaákvæði um sunnu- og helgidagahald eru felld úr gildi.

Ed. **189. Frumvarp**

til laga um kosningar til alþingis, (eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild).

Kosningarrjettur og kjörgengi.

1. gr. Með þeim takmörkunum, sem nákvæmar eru teknar fram hjer á eptir (1.—5. gr.) hafa kosningarrjett til alþingis: — *a*, allir bændur, sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til allra stjetta; þó skulu þeir, sem með sjerstaklegri ákvörðun kynnu að vera undanskildir einhverju þegnskyldu gjaldi, ekki missa fyrir það kosningarrjett sinn. — *b*, kaupstaðarborgarar, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 8 kr. á ári; — *c*, þurrabúðarmenn, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 12 kr. á ári; — *d*. embættismenn, hvort heldur þeir hafa konunglegt veitingarbjef, eða þeir eru skipaðir af því yfirvaldi, sem konungur hefur veitt heimild til þessa; — *e*, þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann eða embættispróf við prestaskólann í Reykjavík, eða eitthvert annað þesshátttar opinbert próf, sem nú er eða kann að verða sett, þó ekki sjeu þeir í embættum, ef þeir eru ekki öðrum háðir. Þar að auki getur enginn átt kosningarrjett, nema hann sje orðinn fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram.

2. gr. Enginn getur átt kosningarrjett, nema hann hafi óflekkað mannorð, en sá verður eigi talinn að hafa óflekkað mannorð, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, nema því að eins að hann hafi fengið uppreisn æru sinnar, samkvæmt tilskipun 12. Marz 1870.

3. gr. Enginn getur átt kosningarrjett, sem eigi er fjár síns ráðandi, eða sem orðinn er gjaldþrota.

4. gr. Enginn getur átt kosningarrjett, sem þiggur af sveit eða hefur fengið sveitarstyrk, nema hann sje annaðhvort endurgoldinn, eða honum hafi verið gefinn hann upp.

5. gr. Enginn getur átt kosningarrjett, nema hann, þá er kosningin fer fram, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár. Sá, sem hefur fast aðsetur á fleiri stöðum, segi sjálfur til, á hverjum staðnum hann vilji neyta kosningarrjettar síns.

6. gr. Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem hefur kosningarrjett samkvæmt greinunum að framan, ef hann: 1, ekki er þegn annars ríkis eða í þjónustu þess; 2, hefur að minnsta kosti í síðustu 5 ár verið í löndum þeim í Norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi, og 3, er orðinn fullra 30 ára að aldri, þegar kosningin fer fram. Kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefur verið þar skemur en eitt ár.

Kjörskrár.

7. gr. Hlutaðeigandi hreppsnefnd, eða bæjarstjórn, skal semja og halda kjörskrár yfir þá menn í hverjum hreppi eða bæ, sem kosningarrjett hafa.

8. gr. Á kjörskrárnar skal setja í sjerstaka dálka fullt nafn kjósenda, aldur þeirra, stjett og heimili, og skal á skránum vera rúm, þar sem rituð verður atkvæðagreiðsla kjósanda. Á hverri kjörskrá skal raða niður nöfnum kjósenda eptir stafaröð.

9. gr. Kjörskrárnar skulu samdar einu sinni á ári hverju; skulu þær kjörskrár lagðar til grundvallar, sem þá eru í gildi, en þeir kjósendur úr felldir, sem síðan eru dánir eða hafa flutzt burtu eða misst kosningarrjett sinn, og þeim bætt við, sem síðan hafa öðlast kosningarrjett fyrir 6. júnímánaðar og fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru um aldur og heimili. Ennfremur skulu þeir, sem að vísu enn þá eigi hafa fullnægt þeim skilyrðum, er síðast var getið, en vænta má að muni fullnægja þeim einhverntíma á því ári, er kjörskrárnar skulu gilda fyrir, teknir uppá skrá sjer, og

skal um leið tilgreina þann dag í árinu, er þeir annaðhvort verða fullra 25 ára að aldri, eða hafa verið heimilisfastir í kjördæminu eitt ár.

10. gr. Kjörskrár skulu leiðrjettar í febrúarmánuði ár hvert. Efasemdum þeim, sem þá kunna að koma fram, skal hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn skera úr, þá er búið er að fá skýringar um málið.

11. gr. Frá 1. til 20. marz, að báðum þessum dögum meðtöldum, skulu kjörskrár liggja öllum til sýnis á þeim stað, sem hentugur er fyrir hreppsbúa eða bæjarbúa eða eptir atvikum á fleiri slíkum stöðum. Staðfest eptirrit af skránum má hafa til þess að leggja fram. Hvenær og hvar skrárnar verða lagðar fram, skal birta að minnsta kosti með 14 daga fyrirvara við kirkjufund eða á annan hátt, sem vant er að birta almennar auglýsingar þar á staðnum.

12. gr. Áður en 8 dagar eru liðnir frá þeim tíma, er kjörskrárnar hafa legið til sýnis, skal hver sá, er ætlar, að sjer sje ranglega sleppt á skránni eða, að einhver sje þar, sem eigi hafi rjett til þess að standa þar, bera upp fyrir oddvita hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar tilmæli sín um að verða tekinn upp á skrárnar eða kröfu sína um, að nafn hins verði dregið út, og skulu tilfærðar ástæður þær, sem krafan er byggð á.

13. gr. Aðfinningum þeim við kjörskrárnar, sem þannig eru komnar fram, skal hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem skal haldinn, áður en 3 næstu vikur eru liðnar. Til þess fundar skulu með 8 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinningar, og þeir, sem mælt er á móti, og skal hinum síðarnefndu um leið skýrt frá, hver mótmæli sje komin fram gegn þeim, samkvæmt þeim skjölum, sem málspartarnir leggja fram og framburði þeirra vitna, sem þeir leiða; skal leggja úrskurð á ágreining þann, sem fram er kominn, og hann ritaður með fám orðum í hina venjulegu gjörðabók hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar. Þegar búið er að leiðrjetta kjörskrárnar samkvæmt þessu, skal oddviti hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar, rita nafn sitt undir þær. Eptir þetta verður á því ári engin breyting gjörð á kjörskránum, nema dómur sje á undan genginn. (16. gr.).

14. gr. Þá er búið er að leiðrjetta kjörskrárnar, skulu þær alstaðar nema í Reykjavík, samdar í tvennu lagi, og skal oddviti hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar tafarlaust senda aðra skrána oddvita þeirrar sýslunefndar, sem í hlut á. Hann skal fyrir 1. dag maímánaðar skýra hlutaðeigandi amtmanni frá, hvort hann hafi tekið við öllum kjörskránum; en ef svo er ekki, hverjar vanti. Amtmaður skal þá sjá um, að þær skrár, sem vantar, verði útvegaðar tafarlaust, og beiti hæfilegum þvingunarsektum, ef á þarf að halda. Í Reykjavík skal oddviti bæjarstjórnarinnar, fyrir þann tíma, sem getið var, skýra amtmanninum yfir suðuramtinu frá, hvort búið er að leiðrjetta kjörskrárnar.

15. gr. Verði það uppvíst, að kjörskrárnar sje eigi leiðrjettar á lögskipaðan hátt, skal skýra landshöfðingja frá því, og skal þá þegar ákveðið, hvort höfða skuli lögsókn, og skal amtmaður þar að auki skipa hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn að gjöra tafarlaust þær ráðstafanir, sem fyrirskipaðar eru í lögunum, og leggja við hæfilega þvingunarsekt, ef á þarf að halda. Amtmaður skal, þegar svo á stendur, hafa vald til að stytta hvern þann frest, sem ákveðinn er í lögum.

16. gr. Sá, sem er óánægður með úrskurð þann, er synjar honum kosningarrjettar, má heimta, að sjer verði fengið eptirrit af úrskurðinum kauplaust, og getur hann látið málið ganga til dóms og laga. Mál út af þessu skal farið með, sem gestarjettarmál. Málspartar eru fyrir undirrjetti undanþegnir því að greiða rjettargjöld, og skal hið opinbera skipa mann fyrir hönd sveitar- eða bæjarstjórnarinnar, sem stefnt er. Verði það dæmt, að sá, sem í hlut á, eigi kosningarrjett, skal taka hann upp á kjörskrána, jafnskjótt og hann leggur fram eptirrit af dóminum.

17. gr. Kjörskrárnar gilda frá 6. júní til 5. júní árið eptir. Samkvæmt þessum skrám skulu allar kosningar til alþingis fram fara á því ári, þó þannig, að þess verði gætt, að þeir menn, sem á aukaskránni eru (9. gr.) að eins hafi rjett til þess að greiða atkvæði, ef þeir fyrir kosningardaginn hafa fullnægt þeim skilyrðum, sem sett eru um aldur og heimili. Ef kosning kemur fyrir fleirum sinnum á árinu, skal eptirrit af skránum, sem staðfest sje af hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn, vera til taks til afnota við hina nýju kosningu.

Kjördæmi og kjörstjórnir.

18. gr. Sjerhver sýsla á landinu skal vera eitt kjördæmi, að undan teknum Skaptafells- og Þingeyjarsýslum, sem hvorri um sig skal skipt í tvö sjerstök kjördæmi með þeim takmörkum, sem hingað til hafa verið. Kaupstaðurinn Reykjavík með því nágrenni, sem heyrir undir lögsagnar umdæmi bæjarins, skal vera kjördæmi fyrir sig. Tölu hinna þjóðkjörnu alþingismanna, sem ákveðin er í stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874, 14. gr., skal skipt niður á þann hátt, að 2 alþingismenn sjeu kosnir í sjerhverju af kjördæmum þeim, sem hjer skulu talin: Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnessýslu, Rangárvallasýslu, Ísafjarðarsýslu ásamt Ísafjarðarkaupstað, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu ásamt Akureyrarkaupstað, Norður-Múlasýslu og Suður-Múlasýslu. En í hverju hinna kjördæmanna, sem eru hin tvö kjördæmi í Skaptafells- og Þingeyjarsýslum, hvorri um sig, Vestmannaeyjasýsla, Reykjavíkurkaupstaður, Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Snæfellsness- og Hnappadalssýsla, Dalasýsla, Barðastrandarsýsla og Strandasýsla skal kjósa einn alþingismann.

19. gr. Í hverjum hreppi skal setja undirkjörstjórn. Hreppstjórinn skal vera oddviti hennar; með honum skulu vera í kjörstjórninni 2 menn, annar sá, er hreppsnefndin kveður til þess úr sínum flokki, og hinn kjósi hreppsbúar, sem atkvæði hafa í sveitarmálum, á hreppaskilum til 6 ára. Þó er rjett, að amtmaður leyfi, ef um það koma fram tilmæli frá tveimur eða fleiri hreppum, og sýslunefndin styður þau tilmæli með tillögum sínum, að hreppar þessir kjósi í fjelagi saman, og skipar þá amtmaður oddvita kjörstjórnarinnar, og fyrirskipar, kvernig hina 2 skuli kjósa í hana. Í Reykjavík, á Akureyri og á Ísafirði skal oddviti bæjarstjórnarinnar vera oddviti kjörstjórnar; með honum skulu vera í henni 2 menn; annar sá, er bæjarstjórnin kveður til þess úr sínum flokki, og hinn kjósi bæjarbúar, sem atkvæði hafa í bæjarmálum, til 6 ára. Á Vestmannaeyjum skal sýslumaður vera oddviti kjörstjórnarinnar; með honum skulu vera í henni 2 menn, annar sá, er sýslunefndin kveður til þess úr sínum flokki, og hinn kjósi eyjarbúar, sem atkvæði hafa í sveitarmálum, til 6 ára.

20. gr. Oddviti undirkjörstjórnarinnar stendur fyrir öllum undirbúningi undir sjálfa kosninguna, og sjer um, að kjörskráin sje við á kjörþinginu.

21. gr. Undirkjörstjórnin heldur kjörbók, þar sem bókað skal, að kjörskráin hafi verið fram lögð, og þau brjef, sem til hennar eru komin. Í kjörbókina skal rita það helzta, sem fram fer á kjörþinginu, en þar með skal þó eigi telja ræður þær, sem haldnar verða. Kjörstjórnin skal rita nöfn sín undir kjörbókina og atkvæðaskrárnar, og skal oddviti kjörstjórnarinnar geyma hana.

Deginum eptir kosninguna skal oddviti kjörstjórnarinnar senda oddvita yfirkjörstjórnarinnar staðfest eptirrit af því, sem ritað er í kjörbókina um kosningu þá, sem fram hefur farið, ásamt kjörskránum, og sje hvorttveggja innsiglað.

22. gr. Fyrir hvert kjördæmi, nema Reykjavík og Vestmannaeyjar, skal setja yfirkjörstjórn. Skal sýslumaður vera oddviti yfirkjörstjórnarinnar, og eru í henni að auki 1 af sýslunefndarmönnum og 1 af kjósendum, sem sýslunefndin kýs.

Yfirkjörstjórnin heldur bók, þar sem bókað skal það, sem gjörist á fundum hennar.

Með næstu póstferð eptir kosninguna skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar og sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum senda landshöfðingja staðfest eptirrit af fundarbók kjörstjórnarinnar, ásamt með atkvæðaskránum og afskriptum af kjörfundarbókum hreppanna.

Oddviti bæjarstjórnarinnar í Reykjavík skal senda landshöfðingja í síðasta lagi 10 dögum eptir kosninguna eptirrit af því, sem ritað hefur verið í kjörbókina um kosningu þá, sem fram hefur farið, ásamt atkvæðaskránum.

Landshöfðingi fær síðan alþingi eptirrit þessi, ásamt þeim skýrslum, er honum hefur þótt ástæða til að útvega.

Þingmannaefni.

23. gr. Enginn getur orðið fyrir kosningu, þegar kjósa á alþingismenn, nema hann hafi skriflega boðið sig fram til kosningar, og hafi auk þess fengið skrifleg meðmæli að minnsta kosti tveggja kjósenda úr meiri hluta hreppa þeirra og bæjarfjelaga, sem í kjördæminu eru. Framboðið og meðmælingarnar skal hann senda til oddvita yfirkjörstjórnarinnar 3 vikum áður en kosning á fram að fara. Þessu framboði skal og fylgja yfirlýsing þess, að hann hafi eigi boðið sig fram til kosninga í nokkru öðru kjördæmi, sem eigi hafi þá þegar hafnað framboði hans. Framboðið, yfirlýsingin og meðmælin skulu vera í eins mörgu lagi og kjörstaðir eru í kjördæminu.

24. gr. Það er eigi nauðsynlegt, að kjörgengi þingmannaefna sje sannað fyrir kjörstjórninni. Komi fram við kosninguna mótmæli gegn kjörgengi þeirra, má kjörstjórnin eigi banna umræður um það, nje heldur fyrir þá sök skorast undan að taka á móti atkvæðum til kosningar þeirra. Alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru.

25. gr. Verði það uppvíst, að eitthvert þingmannsefni hafi gefið kost á sjer í fleiru en einu kjördæmi, er sú kosning eða þær kosningar ógildar, sem hann kann að verða fyrir, nema því að eins, að skilyrði því, sem sett er í 23. gr., sje fullnægt.

Kosningar.

26. gr. Hinar almennu kosningar á þjóðkjörnum alþingismönnum eiga vanalega fram að fara 6. hvert ár.

Þegar slíkar kosningar eiga fram að fara, annaðhvort fyrir þá sök, að kjörtíminn er á enda eða vegna þess að alþingi er rofið, verður gefið út um það opið brjef, þar sem konungur skipar fyrir, að kosningar skuli fram fara.

Kosningarnar skulu venjulega haldnar frá 6. til 30. júní árið áður en alþingi skal koma saman.

27. gr. Kjörtíminn fyrir allar kosningar skal talinn frá 6. júní, ef ákveðið er samkvæmt greininni á undan, að kosningar skuli fram fara í þeim mánuði; en ef það kynni að verða ákveðið, að kosningar skulu fram fara á öðrum tíma árs, skal nákvæmar sagt fyrir um það í fyrnefndu opnu brjefi, frá hvaða degi kjörtíminn skuli talinn.

28. gr. Ef kjósa þarf einstakan þjóðkjörinn alþingismann, gildir hin nýja kosning fyrir svo langan tíma, sem sá átti eptir, er frá fór. Þegar einstakar kosningar skulu fram fara, gjörir landshöfðingi fyrirskipun um það.

29. gr. Kosningar fara fram á þingstað hvers hrepps, nema amtmaður hafi öðru vísi ákveðið, eða bæjarfjelags í kjördæmi hverju, og má hver koma þar, er vill.

30. gr. Eigi síðar en 4 vikum áður en kosning á að fara fram, skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar senda hverjum kjörstjórnaroddvita í kjördæminu tilkynning um það, hvern dag kjörþing skuli haldið á hverjum kjörstað, og skal hann auglýsa það á vanalegan

hátt. Kjörþing skulu haldin sama dag í öllum kjörstöðum kjördæmisins, og skulu þau standa frá hádegi og eigi lengur en til miðaptans.

Framboð og meðmælingar þingmannaefna skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar senda hverjum kjörstjórnaroddvita í kjördæminu eigi síðar en viku á undan kjörþingisdeginum.

31. gr. Kjörstjórnaroddvitinn skal setja kjörþingið á hádegi. Er hann hefur lesið upp hið konunglega opna brjef, eða þann úrskurð landshöfðingja, er fyrirskipar kosninguna, leiðir hann athygli kjósendanna að því, hver tilgangurinn sje með kosninguna, og hve mikilsvarðandi hún sje. Síðan les hann upp nöfn og framboð þingmannaefna þeirra, er hafa boðið sig fram, svo og meðmælingar þeirra.

Kjósendur kjördæmisins hafa rjett til, að mæla með og móti þingmannaefnunum. Oddviti skal stýra þeim umræðum, sem um þetta efni verða. Hann skal og sjá um, að kjörþingið og öll kosningin fari fram í góðri reglu. Enginn kjörstjóranna má tala með eða móti kosningu nokkurs þingmannsefnis.

Oddviti skal slíta umræðunum eigi síðar en 2 stundum fyrir miðaptan, ef þeim er þá ekki lokið; síðan skal skora á kjósendur, að ganga til kosningar með því að gefa atkvæði sitt einum, eða í þeim kjördæmum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, tveimur af þeim þingmannaefnum, sem boðnir hafa verið fram til kosningar. Þótt eigi sjeu fleiri þingmannaefni en kjósa skal í kjördæminu, skal atkvæðagreiðsla samt fram fara.

32. gr. Oddviti kjörstjórnarinnar á eigi þátt í því, að taka við atkvæðum. Annar hinna, sem í kjörstjórninni eru, ritar, eptir að hann hefur kannazt við kjósendurna, nafn þess, eða í þeim kjördæmum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, nöfn þeirra tveggja þingmannaefna, sem kjósandi greiðir atkvæði sitt, við hliðina á hans eigin nafni í sjálfri kjörskránni. Annar úr kjörstjórninni ritar á sjerstaka atkvæðaskrá nafn kjósanda við hliðina á nafni þess eða þeirra þingmannaefna, sem hann hefur gefið atkvæði sitt. Áður en kjósandinn gengur frá, skal lesa upp fyrir honum bæði hans eigið nafn og þess eða þeirra nöfn, sem hann hefur kosið, til tryggingar því, að rjett sje ritað á báðar skrárnar, og að því beri hverju saman við annað.

Á miðaptni skal kjörstjórnin hætta að taka á móti atkvæðum til kosningarinnar, og þá skulu kjörstjórar færa inn atkvæði sjálfra sín (ef þeir hafa atkvæðisrjett) og er þá atkvæðagreiðslu lokið.

33. gr. Í kjörbókina skal rita það, sem fram hefur farið á kjörfundinum, og skal kjörstjórnin skrifa nöfn sín undir hana, svo og undir atkvæðaskrárnar. Síðan tekur kjörstjórnin afskript af því, sem bókað hefur verið í kjörbókinni, og staðfestir það með undirskript sinni. Þá innsiglar kjörstjórnin afskriptina, atkvæðaskrárnar og framboð þingmannaefna og meðmæli í einu lagi; og skulu oddvitar kjörstjórnanna sjá um, að það verði komið til oddvita yfirkjörstjórnarinnar áður en vika er liðin frá kjörþingunum.

34. gr. Eigi síðar en 8 dögum eptir hinar almennu kosningar skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar kalla á fund með sjer báða hina yfirkjörstjórnarmennina; skal hann í viðurvist þeirra brjóta innsigli atkvæðaskráa þeirra, er sendar hafa verið frá hreppunum og bæjarfjelögunum. Skulu þá yfirkjörstjórarnir í sameiningu telja saman atkvæðin á atkvæðaskránum. Það þingmannsefni eða þau þingmannaefni, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, er flest atkvæði hafa fengið, eru þá rjett kjörnir alþingismenn fyrir kjördæmið. Nú hafa 2 eða fleiri þingmannaefni jöfn atkvæði, og skal sá þá rjettkjörinn alþingismaður fyrir kjördæmið, sem eldri eða elztur er; sjeu þeir alveg jafnir að aldri, skal hlutkesti ráða.

Heimilt er þingmannaefnum eða umboðsmönnum þeirra, ef þeir hafa skriflegt umboð, að vera við upptalningu atkvæðanna.

35. gr. Yfirkjörstjórnin fær hverjum þjóðkjörnum alþingismanni kjörbrjef; skal

það samið samkvæmt fyrirmynd, sem stjórnarráðið fyrir Ísland segir fyrir um. Skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar senda þingmanninum það brjef, svo fljótt sem kostur er á.

Almennar ákvarðanir.

36. gr. Yfirkjörstjórar mega reikna sjer fæðispeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað samkvæmt tilskipun um sveitastjórn á Íslandi 4. maí 1872, 33. gr., þannig, að útgjöldin greiðist úr sýslusjóðum. Annar kostnaður við kosningarnar, svo sem fyrir kjörbókum, sendiferðum milli yfirkjörstjórnarinnar og undirkjörstjórnanna, auglýsingum o. fl., skal greiddur úr sýslusjóði. Í Reykjavík skal greiða gjöld þau, sem síðast voru nefnd, úr sjóði bæjarins.

37. gr. Vanræki nokkur störf þau, sem honum eru á hendur falin með lögum þessum, skal hann sæta 10—200 kr. sektum, ef þyngri hegning eigi liggur við samkvæmt lögum.

38. gr. Með lögum þessum eru úr gildi felld lög um kosningar til alþingis 14 sept. 1877.

Ed. **190. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breyting á lögum 8 jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða. Frá Sigurði Stefánssyni, Sigurði Jenssyni og Guðjóni Guðlaugssyni.

1. Við 1. gr. Í stað „Á þessum fundi ... sem í kjöri eru“ komi: Um umsækendur þá, sem í kjöri eru, skal á þessum fundi öllum þeim meðlimum þjóðkirkjunnar, sem búsettir eru í prestakallinu og óspillt mannorð hafa, gefinn kostur á að greiða atkvæði.
2. — 2. gr. — orðanna „og 8. gr. laga 8. jan. 1866“ komi: og 4.—8. gr. laga 8. jan. 1886.

Nd **191. Frumvarp**

til laga um stofnun brunabótafjelags. Flutningsmenn Olafur Briem, Jens Pálsson, Sk. Thóroddsen og Kl. Jónsson.

I. Kafli.

Stofnun fjelagsins.

1. gr. Brunabótafjelag skal stofna hjer á landi, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr. Í kaupstöðunum Reykjavík, Ísafirði og Akureyri og verzlunarstöðunum Vestmannaeyjum, Eyrarbakka, Keflavík, Hafnarfirði, Akranesi, Stykkishólmi, Sauðárkrók, Vopnafirði, Seyðisfirði og Eskifirði, skal öllum húseignum — íbúðarhúsum, samkomuhúsum, geymsluhúsum, bæjum o. s. frv. — hvort sem þau eru eign hins opinbera eða einstakra manna, haldið í brunabótaábyrgð samkvæmt lögum þessum.

3. Eigendur húseigna og bæja á öðrum stöðum en þeim, sem nefndir eru í 2. gr., geta fengið brunabótaábyrgð á þeim, ef stjórn fjelagsins samþykkir það.

4. gr. Áður en fjelagið kemst á fót, skal fara fram virðingargjörð á öllum húseignum á þeim stöðum, sem nefndir eru í 2. gr., eptir reglum, sem landshöfðingi setur. Í Reykjavík fer þó að eins fram skoðunargjörð, nema ef um ný hús er að ræða, eða þau hús, sem að áliti virðingarmanna ekki ná síðasta virðingarverði.

5. gr. Virðingargjörðir þær, sem nefndar eru í 4. gr., skulu framkvæmdar af 3 mönnum, er sýslumaður eða bæjarfógeti útnefnir fyrir rjetti til 6 ára, nema þar sem skipaður er slökkviliðsstjóri, þá er hann sjálfkjörinn þriðji virðingarmaður.

Fyrir virðingargjörðir þessar skal greiða hverjum virðingarmanni 4 kr. á dag, og slökkviliðsstjóra 2 kr. að auki. Borgun þessa greiða húseigendur allir á hverjum stað, samkvæmt niðurjöfnun sýslumanns eða bæjarfógeta, eptir virðingarverði húseignanna.

6. gr. Virðingargjörð á húseignum, sem teknar eru í brunabótaábyrgð utan þeirra staða, sem nefndir eru í 2. gr., skulu sömuleiðis framkvæmdar af 3 mönnum, sem sýslumaður útnefnir í hvert skipti, og fá þeir sömu borgun fyrir starf sitt, eins og segir í 5. gr., og greiðir gjörðarbeiðandi hana.

7. gr. Bæjarstjórnir og hreppsnefndir skulu hafa eptirlit með virðingargjörðum þeim, sem haldnar verða til þess að taka hús í ábyrgð og láta uppi álit sitt um verð það, sem sett er á hverja einstaka eign; verður engin húseign tekin í ábyrgð fyrir meiru en þær álíta hæfilegt.

8. gr. Stjórn fjelagsins skal hafa heimild til að láta virðingarmenn halda almenna skoðunargjörð 6 hvert ár, á kostnað eigendanna, á öllum þeim húseignum, sem eru í ábyrgð fjelagsins, og skulu þeir þá virða upp aptur þau hús, sem þeir álíta að lækkað hafi í verði. Enn fremur hefur stjórn fjelagsins heimild til að láta virða að nýju einstakar húseignir. Kostnaðinn við þá virðingargjörð greiðir húseigandi, ef húsið lækkar í virðingu, ella greiðist hann af fjelagssjóði. Sömuleiðis getur hver, sem tryggir húseign í fjelaginu, heimtað virðingu á sinn kostnað, ef hann hefur byggt við hana eða endur bætt hana, og fengið brunabótaábyrgðina hækkaða því samkvæmt.

9. gr. Á þeim stöðum, sem nefndir eru í 2 gr., hvílir brunabótagjaldið á húseign þeirri, sem vátrygð er, og gengur í 2 ár fyrir öllum öðrum skuldum, sem á húseigninni kunna að hvíla nema sköttum til landssjóðs. Brunabótagjaldið, sem og borgun fyrir virðingu, má taka lögtaki eptir þeim reglum, er gilda um lögtak á sköttum til landsjóðs.

10. gr. Þegar húseignir á þeim stöðum, sem nefndir eru í 2. gr., eru byggðar að nýju, skal á þær leggja eldtraust þak.

11, gr. Það er skylda kaupstaða þeirra og verzlunarstaða, sem nefndir eru í 2. gr., að hafa slökkvitól þau, sem fjelagsstjórnin ákveður, og halda þeim vel við. Allir bæjarbúar eða íbúar verzlunarstaðar, sem til þess verða álitnir hæfir, skulu vera skyldir að mæta tvisvar á ári til slökkviliðsæfinga.

Þegar eldsvoði kemur upp, skulu allir verkfærir karlmenn í bænum eða verzlunarstaðnum vera skyldir að koma til brunans og gjöra allt, sem þeim verður skipað af slökkviliðsstjóra eða aðstoðarmanni hans.

II. Kafli.

Fulltrúar, stjórn fjelagsins, reglugjörð o. fl.

12. gr. Landshöfðingi sjer um, að fulltrúar fjelagsins sjeu kosnir í fyrsta sinni þannig, að

Reykjavík	kýs 5 fulltrúa,
Vestmannaeyjar, Eyrarbakki og Keflavík	— 1 —
Hafnarfjörður, Akranes og Stykkishólmur	— 1 —
Ísafjarðarkaupstaður	— 1 —

Sauðárkrókur, Akureyri og Vopnafjörður — 1 —
Seyðisfjörður og Eskifjörður — 1 —

Í kaupstöðunum velja bæjarstjórnirnar fulltrúana, í verzlunarstöðunum hreppsnefndirnar; kýs hver bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður eins marga fulltrúa eins og bæjar- eða sveitarfjelag hans á hlut í að kjósa. Skýrslu um kosninguna skal senda landshöfðingja, telur hann saman atkvæðin og leggur úrskurð á kosninguna; þeir eru rjett kosnir fulltrúar er flest fá atkvæðin. Fái tveir eða fleiri jöfn atkvæði, ræður hlutkesti. Kosningin gildir fyrir 6 ár í senn.

Landshöfðingi boðar fulltrúana í fyrsta sinni á fund í Reykjavík og greiðist þeim úr landsjóði ferðakostnaður eptir sanngjörnum reikningi og 4 kr. á dag í fæðispeninga. Landshöfðingi leggur úrskurð á reikninga þeirra og ávísar þeim.

13. gr. Fulltrúafundurinn ákveður, hve marga fulltrúa skuli velja framvegis, og hverjir kaupstaðir eða verzlunarstaðir velji einir sjer, eða í sameiningu, og fyrir hve langan tíma þeir eru valdir, svo og hve nær fulltrúar skuli koma saman næst; þó má ekki líða skemmri tími en 5 ár milli fulltrúafunda, nema brýn nauðsyn beri til, og landshöfðingi veiti samþykki sitt til þess. Fulltrúarnir geta einnig falið stjórn fjelagsins, að ákveða næsta fulltrúafund.

14. gr. Fulltrúarnir semja reglugjörð fyrir brunabótafjelagið og skal þar ákveðið um stjórn fjelagsins og reikningsfærslu þess; hvar fjelagið skuli lögheimili hafa; hverskonar húseignir fjelagið eigi vill tryggja og hverja muni, sem húsum fylgir, fjelagið tryggir; hvernig hinar tryggðu húseignir skuli vera byggðar, og þeim haldið við til að tryggja þær fyrir eldsvoða, og hve opt skuli virða tryggðar húseignir upp aptur; hvernig skaða af eldsvoða skuli meta og hvernig hann skuli vera endurgoldinn af sjóði fjelagsins; hverja borgun fjelagið má taka fyrir útgáfu tryggingarskýrteina, vottorða o. s. frv.; hvort og hvernig fjelagið tryggir aptur hjá öðrum fjelögum nokkrar húseignir, hvernig sjóði fjelagsins skuli varið og hve miklu fje má verja til framkvæmdarstjórnar fjelagsins; hvernig skera skuli úr ágreiningi milli einstakra húseigenda, verzlunarstaða eða kaupstaða og fjelagsstjórnarinnar, svo að komizt verði hjá málaferlum; hvernig stjórn fjelagsins skuli skipuð og hvert starfsvið hennar er o. s. frv. Ennfremur skal ákveða hve mikið brunabótagjald skuli greiða af hverskonar húseign á hverjum stað, en eigi má það minna vera en $2^0/_{00}$ í Reykjavík, $3^0/_{00}$ á hinum öðrum stöðum, sem nefndir eru í 2. gr., og $4^0/_{00}$ annarstaðar á landinu.

Reglugjörð þessi skal lögð undir samþykki landshöfðingja og verður henni ekki breytt nema með samþykki fulltrúafundar og landshöfðingja.

15. gr. Landshöfðingi getur vikið hverjum af stjórnendum brunabótafjelagsins frá um stundarsakir, þegar honum þykir ástæða til, og skipað annan mann í staðinn. Hann skal þó með næstu póstferð tilkynna öllum fulltrúum brunabótafjelagsins frávikninguna, og tilefnið til hennar, og sömuleiðis skýra þeim frá, hvern hann hefur skipað í stað þess, sem vikið er frá. Hafi fulltrúarnir kosið varamann til að ganga í stjórnina, má ekki ganga ástæðulaust fram hjá honum.

16. gr. Stjórn fjelagsins er ávallt skyld að gefa landshöfðingja allar þær upplýsingar um fjelagið og hag þess, sem honum kann að þykja ástæða til að heimta. Landshöfðingi getur og, hvenær sem auðið er, látið rannsaka allan hag fjelagsins.

17. gr. Landshöfðingi skipar endurskoðara, er rannsakar reikning fjelagsins í hverju einstöku atriði og ber hann saman við bækur fjelagsins og heimafjeð. Endurskoð-

arinn skal að minnsta kosti tvisvar á ári sannreyna, hvort heimafje fjelagsins og verðskjöl sjeu fyrir hendi. Hann skal sjá um, að munir fjelagsins sjeu skrifaðir upp árlega, og heimta áreiðanlegt vottorð fyrir því, að þeir munir sjeu til, sem annarstaðar kunna að vera, en á heimili fjelagsins. Laun endurskoðarans skulu ákveðin í reglugjörð fjelagsins, og borgar fjelagið þau úr sínum sjóði. Landshöfðingi úrskurðar og kvittar hinn endurskoðaða reikning fjelagsins.

18. gr. Hinn úrskurðaða reikning skal birta í því blaði, sem stjórnarauglýsingar eru birtar í. Þar að auki skal fjelagsstjórnin gefa landshöfðingja stutt yfirlit yfir hag fjelagsins eptir hvern ársfjórðung, sem birtist á sama hátt. Reikningsár fjelagsins er almanaksárið.

III. Kafli.

Skyldur fjelagsins.

19. gr. Engin húseign á þeim stöðum, sem nefndir eru í 2. gr., fellur úr ábyrgð fyrir það, þó brunabótagjaldið hafi eigi verið borgað.

20. gr. Allar húseignir, sem eru í brunabótaábyrgð fjelagsins, skulu fá allan þann skaða að fullu bættan af sjóði þess, sem þær verða fyrir af eldsvoða, eða af eldingum, eða fyrir það, að hús, skíðgarðar eða annað, sem ásamt húseigninni er virt til brunabóta, er rifið niður eða skemmt til að slökkva eld; farist slíkt hús alveg, skal fjelagið borga út það, sem þau hafa verið virt til brunabóta; en farist þau að eins að einhverju leyti, skal meta skaðann.

Fjelagið ábyrgist ekki skaða af hernaðar völdum, eða skaða, sem kemur af því, að eigandinn er sjálfur valdur að brunanum, annað hvort með vilja eða fyrir vítavert aðgæzluleysi. Sje eigandinn viljandi eða fyrir vítavert aðgæzluleysi valdur að brunanum, geta þeir, sem þinglýst veð áttu í húseigninni, fengið brunabætur, svo framarlega sem aðrar eigur húseiganda hrökkva ekki til að gjöra þá skaðlausa.

21. gr. Brunabæturnar skulu ganga til þess, að koma húsinu eða bænum upp aptur, eða til aðgjörðar á þeim. Þó má fjelagsstjórnin gjöra undantekningar frá því með samþykki þeirra, sem þinglýst veð eiga í húsinu eða bænum.

22. gr Fjelagsstjórninni er skylt, hvenær sem þess er krafizt, að gefa hlutaðeigandi lögreglustjóra borgunarlaust skýrslu um, hver hús eða bæir sjeu tryggð til brunabóta í hans umdæmi, og ef brennur, að gefa upplýsingar um, hve hátt byggingin eða bærinn, sem brann, er tryggð.

23. gr. Reynist það, þegar hagur fjelagsins er gjörður upp á hverjum 10 ára fresti, að sjóður þess hafi aukizt meira en fulltrúum fjelagsins virðist nauðsynlegt til nægilegrar tryggingar fyrir fjelagið, þá skal landstjórnin leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um uppbót (bonus) til húseigenda.

IV. Kafli.

Ábyrgð landssjóðs.

24. gr. Landssjóður ábyrgist, að brunabótafjelagið geti staðið í skilum með 300,000 krónum, á þann hátt, sem ákveðinn er í næstu greinum hjer á eptir.

25. gr. Ábyrgð landssjóðs fer minnkandi þannig, að fyrstu 50,000 kr. af henni falla burt 31. desbr. 1910, hinar næstu 50,000 kr. 31. desbr. 1920 o. s. frv., svo að öll ábyrgðin sje fallin burtu 31. desbr. 1960; þó fellur öll ábyrgð landssjóðs burtu, hvenær sem sjóður fjelagsins er orðinn $^1/_2$ milljón króna.

Ef fjelagið bíður svo mikinn skaða af eldsvoða, að það getur ekki bætt hann af sjóði sínum, þá greiðir landssjóður það, sem á vantar; þó greiðir hann aldrei meira, en sem þeirri upphæð svarar, sem þá er eptir af ábyrgðinni óburtfallin. Fje þetta endurborgar fjelagið landssjóði sem rentulaust lán með því, sem það hefur afgangs útgjöldum sínum árlega.

26. gr. Þegar fjelagið er komið á fót, er úr lögum numið tilsk. 14. febr. 1874.

27. gr. Landstjórnin sjer um, að lög þessi komi til framkvæmdar og fjelagið verði komið á fót eigi síðar en 6 mánuðum eptir að reglugjörð þess er staðfest.

28. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. marz 1894.

Ed. **192. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um kosningar til alþingis. Frá nefndinni.

38. gr. orðist þannig: Með lögum þessum er úr gildi felld 1. til 36. gr. og 38. til 40. gr. í lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877.

Nd. **193. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um varnarþing í skuldamálum og um ýms viðskiptaskilyrði. Frá Birni Bjarnarsyni.

1. Við 2. grein: Orðið »ótvíræð« falli burt.

2. 3. grein falli burt, og breytist greinatalan samkvæmt því.

Nd. **194. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningunum fyrir 1890 og 1891.

Eins og tekið er fram í álitsskjali nefndarinnar um athugasemdir og tillögur yfirskoðunarmanna alþingis við landsreikningana fyrir árin 1890 og 1891 eru:

a, samkvæmt athugasemd 2. 3, við tekjubálk reikningsins 1890 óvissar tekjur (13. tekjuliður) oftaldar um kr. 3,52, og ýmisleg útgjöld við umboðsstjórnina m. fl. (gjaldliður 3. C.) einnig oftalin um sömu upphæð (brunabótagjald fyrir þann hluta fangahússins á Akureyri, sem amtsbókasafnið er eigandi að).

b, samkvæmt athugasemd 6. 2, við tekjubálk reikningsins 1891 óvissar tekjur (13. tekjuliður) oftaldar um kr. 4,85, og útgjöld til kennslumálefna (gjaldliður 6. B.) einnig oftalin um sömu upphæð (til verðlaunabóka við lærða skólann).

En með því hvorugt þetta hefur nein áhrif á tekjuafganginn í landsreikningunum, sem að öllu leyti er saminn eptir reikningum þeim, er yfirskoðunarmenn hafa haft til rannsóknar, viljum vjer ráða hinni háttvirtu þingdeild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 22. júlí 1893.

Ólafur Briem,	Einar Jónsson,	Guðl. Guðmundsson.
form. og framsögum.	skrifari.	

Nd. **195. Nefndarálit**

um athugasemdir og tillögur yfirskoðunarmanna alþingis við landsreikningana fyrir árin 1890 og 1891.

I. Reikningurinn 1890.

Tekjubálkurinn.

1. Skattar, tollar o. fl.

Yfirskoðunarmenn hafa fundið að því, að það komi allopt fyrir, að gjaldheimtumenn, þegar þeir greiða tekjur landssjóðs, skýri eigi rjett frá, upp í hverja tekjugrein hver einstök innborgun eigi að ganga, og að þeir borgi stundum meira, en þeir eigi að greiða eptir reikningum sínum. Landshöfðingi hefur í svari sínu skýrt frá, hvað einkum valdi þessum misfellum, enda muni erfitt að girða fyrir, að slíkt geti átt sjer stað. Til að sporna við þessu hafa yfirskoðunarmenn lagt það til, að fyrirmæli reglugjörðar 13. febrúar 1873 verði að þessu leyti enn að nýju brýnd fyrir gjaldheimtumönnum. Nefndin álítur, að slík almenn áminning hafi bæði í sjálfu sjer lítinn árangur og komi auk þess ómaklega niður á þeim gjaldheimtumönnum, sem reglufastir eru í þessum greinum. Aptur á móti sýnist full þörf á að beita sektum, ef áminningar duga eigi til að venja innheimtumenn landssjóðs af óreglu þeirri, er hjer ræðir um.

2. Óvissar tekjur.

2. Yfirskoðunarmenn hafa vakið athygli á því, að landssjóður hafi engar tekjur haft af sölu alþingistíðindanna síðan 1886, en aptur sjeu með kostnaði við alþingi taldar greiddar á árinu kr. 120,00 fyrir útsending tíðindanna. Þareð forsetar alþingis, samkvæmt 5. gr. laga um þingsköp handa alþingi 7. apríl 1876, standa fyrir útgáfu þingtíðindanna og ráða útsölumann þeirra, hefur nefndin í brjefi dags. 15. þ. m., farið þess á leit, að þeir hlutuðust til um, að fullnægjandi skilagrein fyrir útsölunni verði lögð fyrir þingið.

3. Í þessum tekjulið er talið endurgjald frá amtsbókasafninu á Akureyri á brunabótagjaldi fyrir þann hluta fangahússins á Akureyri, sem safnið er eigandi að, kr. 3,52. Að vísu er upphæð þessi eigi rjett talin með tekjum landssjóðs, eins og yfirskoðunarmenn hafa bent á og landshöfðingi kannast við. En með því þetta hefur engin áhrif á tekjuafganginn í landsreikningnum fyrir 1890 og 1891, þar sem sama upphæðin er einnig færð til útgjalda undir 3. tölulið C., með brunabótagjaldi fyrir ýmsar opinberar byggingar, álítur nefndin nægja, að bending yfirskoðunarmannanna verði tekin til greina eptirleiðis, án þess hinum fyrirliggjandi reikningi sje raskað.

3. Afgjöld af jarðeignum.

Yfirskoðunarmenn hafa leitt athygli að því, að af jarðarafgjöldum hafi staðið eptir við árslok 1890:

a, í Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklaustursumboði ..... kr. 858,67

b, af Strandasýslu jörðum ..... — 393,93

og jafnframt bent á, að í þessum umboðum hafi við hver árslok síðan 1886 staðið óborguð meiri eða minni upphæð, er eigi hafi greiðst fyr en á miðju næsta ári eða eptir þann tíma. Virðist þeim því nauðsynlegt að fyrirbyggja, að umboðsmenn eða leiguliðar fái þannig að borga eptirstöðvar frá fyrra ári með næsta árs jarðarafgjöldum. Landshöfðingi hefur í svari sínu tekið fram, að þó reikningsskilin fyrir umboðstekjum þeim, er hjer ræðir um, sjeu ekki í því lagi, sem þau ættu að vera, þá verði hins vegar að líta á, hversu erfið innheimtan sje í þessum umboðum vegna fátæktar leiguliðanna, óáranar og peningaskorts. Nefndin verður að álíta, að þar sem umræddar eptirstöðvar eru borgaðar að fullu, sje eigi að svo stöddu brýn nauðsyn fyrir þingið að láta þetta mál til sín taka.

4. Tekjur af kirkjum.

1. Til aðgjörðar á Langholtskirkju hefur hlutaðeigandi umboðsmaður eptir skýrslu landshöfðingja varið kr. 113,80, án þess að leita til þess samþykkis yfirboðara sinna, og ætlast til að fá þennan kostnað endurgoldinn af tekjuafgangi kirkjunnar eptirfarandi ár. Jafnvel þó eigi sje heimild til að verja þannig fje kirkjunnar fyrir sig fram að fornspurðu fjárveitingarvaldinu, leggja yfirskoðunarmenn það til, að við svo búið megi standa í þetta sinn. Nefndinni virðist því fremur ástæða til að samþykkja þetta, sem eigi verður efast um, að aðgjörðin hafi verið nauðsynleg til þess að verja kirkjuna skemmdum.

2. Samkvæmt bendingu yfirskoðunarmanna ætti það fylgiskjal landsreikningsins, er snertir tekjur af kirkjum, eptirleiðis að innihalda fullnægjandi upplýsingar um fjárhag Reykjavíkur dómkirkju.

5. Tekjur er snerta viðlagasjóðinn.

Af áskildum afborgunum af hallærislánum hefur, auk vaxta, staðið ógreitt við árslok 1890:

a, í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu ..... kr. 2448,63
b, í Dalasýslu ..... — 1633,14
c, í Strandasýslu ..... — 2066,19

Nefndin er yfirskoðunarmönnum samdóma um, að landstjórnin ætti að ganga ríkt eptir, að hlutaðeigandi sýslufjelög sýndu meiri skilsemi eptirleiðis.

6. Greiðslur frá prestaköllum.

Af árgjaldinu af Sauðanessprestakalli standa ógreiddar kr. 750,00, er presturinn hefur látið safnast fyrir í skuld. Nefndin fellst á álit yfirskoðunarmanna, að prestar verði að skoðast sem innheimtumenn landssjóðsins, að því er snertir árgjald af brauðum þeirra, og að vanskil á því sjeu embættisbrot, sem þeir eigi að sæta ábyrgð fyrir. Hún hlýtur því að fallast á þá tillögu, að hefja beri málssókn gegn prestum þeim, er gjörast sekir í slíkum vanskilum. Enn fremur er það álit nefndarinnar, að við veitingu prestakalla, er árgjöld hvíla á í landssjóð, sje rjett að heimta veð til tryggingar skilvísri greiðslu árgjaldanna, eins og á sjer stað með aðra gjaldheimtumenn landssjóðsins.

7. Endurgjald á öðrum fyrirframgreiðslum.

Yfirskoðunarmenn hafa látið í ljós efa um, hvort það sje rjett, að landssjóður sje látinn bera kostnað af rekstri íslenzkra gjafsóknarmála og sakamála í hæstarjetti, og einkum hefur þeim virzt þetta vafasamt, að því er snertir kostnað í gjafsóknarmálum, þar sem dómsmálastjórnin danska veiti gjafsókn og skipi málaflutningsmenn fyrir hæstarjetti einnig í íslenzkum málum. Landshöfðingi hefur í svari sínu leitt rök að því, að kostnaður í sakamálum, opinberum lögreglumálum og gjafsóknarmálum eigi að greiðast úr landssjóði samkvæmt lögum 2. nóvbr. 1877 um breyting á gjöldum þeim, er hvíla á jafnaðarsjóðunum og lögum 12. júlí 1878 um gjafsóknir, hvort sem kostnaðurinn hefur orsakast fyrir dómstólunum innan lands eða fyrir hæstarjetti. Þennan skilning laganna hafa yfirskoðunarmenn aðhyllst, þó með þeim fyrirvara, að því er gjafsóknarmál snertir, að gjafsóknin sje veitt að tilhlutun íslenzkra stjórnarvalda. Til að varna því, að á landssjóð leggist óþörf útgjöld við ókeypis málfærslu fyrir hæstarjetti, álítur nefndin haganlegt, að meðmæli landshöfðingja verði, að því er kemur til íslenzkra mála, sett sem skilyrði fyrir því, að gjafsóknin sje veitt, að samfara skipun málfærslumanns til að flytja málið fyrir hæstarjetti.

Gjaldabálkurinn.

11. Ýmisleg útgjöld.

4. Upphæð sú, sem greidd er umfram fjárveitingu til viðhalds á húsum og áhöldum vitans á Reykjanesi, kr. 664,50, er tekin í frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1890 og 1891.

5. Kostnaður við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landssjóði, hefur verið útborgaður með kr. 1558,55, en í fjárlögum fyrir 1890 og 1891 voru í þessu skyni veittar kr. 1000,00. Fyrir umframgreiðslunni kr. 558,55 álíta yfirskoðunarmenn að leita þurfi aukafjárveitingar, og hafa þeir sjerstaklega leitt athygli að því, að í kostnaði við visítazíuferðir biskups um Dalasýslu og Múlasýslur sumarið 1890, samtals kr. 1109,55, sje auk eiginlegs ferðakostnaðar, kr. 702,15, fólgin önnur útgjöld til ferðarinnar (fæðispeningar o. fl.), kr. 407,40, en af hinni síðastnefndu upphæð sje að eins heimild til að borga kr. 200,00 samkvæmt konungsúrskurði 16. maí 1829 eða analogíu hans, er hin æðstu stjórnarvöld hafi álitið vera hina einustu heimild til að endurgjalda biskupi önnur útgjöld en hinn eiginlega ferðakostnað. Landshöfðingi hefur í svari sínu mótmælt því, að ákvæði konungsúrskurðar 16. maí 1829, er eingöngu snerti ferðakostnað amtmanna, verði heimfærð upp á ferðir þeirra embættismanna, sem þurfi að fara embættisferðir um allt land, enda hafi það verið viðurkennt af löggjafarvaldinu, að því er snertir eptirlitsferðir landshöfðingja og landlæknis, og sama hljóti að verða niðurstaðan um visitazíuferðir biskups. Nefndin álítur, að í 3. gr. laga 2. nóvbr. 1877 sje fólgin næg heimild til að greiða úr landssjóði kostnað þann, er leiðir af umræddum embættiskoðunarferðum, og því sje óþarft að leita aukafjárveitingar fyrir umframgreiðslunni á þessum gjaldlið.

6. Til aðgjörðar á Prestsbakkakirkju hefur samkvæmt reikningi hlutaðeigandi umboðsmanns verið varið kr. 1083,28, en í fjárlögum fyrir árin 1890 og 1891 voru að eins veittar kr. 750,00 til að leggja járnþak á kirkjuna, og hafa yfirskoðunarmenn bent á, að leita þurfi aukafjárveitingar á umframgreiðslunni kr. 333,28. Nefndin finnur eigi ástæðu til að koma fram með þar að lútandi viðaukatillögu við frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1890 og 1891, með því kostnaðurinn er í landsreikningnum fyrir tjeð ár eigi færður til útgjalds með hærri upphæð en veitt er í fjárlögunum.

13. Útgjöld við póststjórnina.

Upphæðir þær, sem greiddar eru umfram fjárveitingu:

a, til póstflutnings	kr.	3780,95
b, dagpeningar og ferðakostnaður	—	122,70
c, fyrir prentun á ýmsu	—	124,49
d, til áhalda	—	276,16

eru teknar í frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1890 og 1891.

14. Í þarfir andlegu stjettarinnar.

Nefndin er yfirskoðunarmönnum samdóma um, að uppbót úr landssjóði til Þönglabakkaprestakalls sje rjett talin kr. 114,17.

17. Eptirlaun og styrktarfje.

Húsfrú Þórunn Stefánsdóttir, er fyrst varð ekkja árið 1857 eptir Benedikt Þórarinsson, prest að Heydölum, giptist aptur bónda einum, og varð ekkja í annað sinn árið 1883. Samkvæmt brjefi ráðgjafans dags. 22. marz 1890 hafa henni verið greidd eptirlaun úr landssjóði frá þeim degi, er lög 3. oktbr. 1884 um eptirlaun prestsekkna öðluðust gildi, og er upphæð eptirlaunanna til ársloka 1890 kr. 702,86. Eins og yfirskoðunarmenn hafa tekið fram, þykir hæpið, að nefnd prestsekkja hafi átt heimting á eptirlaun-

um úr landssjóði, enda hafði landshöfðingi árið 1886 synjað henni um greiðslu eptirlaunanna, af þeirri ástæðu, að lög 3. oktbr. 1884 næðu eigi til hennar, þar sem hún varð ekkja í annað sinn, áður en tjeð lög komu út. Á hinn bóginn er það upplýst, að í embættistíð fyrverandi landshöfðingja Bergs sál. Thorbergs hafi það tvisvar sinnum komið fyrir, að ekkjum hafi verið veitt eptirlaun úr landssjóði, þar sem alveg eins var ástatt. Og með því nokkur sanngirni virðist mæla með því, að ekkja sú, sem hjer á hlut að máli, verði sömu ívilnunar aðnjótandi, þykir nefndinni eptir atvikum ástæða til að láta við svo búið standa.

18. Óviss útgjöld.

1. Til aðalaðgjörðar á bústað landshöfðingja utanverðum hefur verið varið kr. 349,38. Yfirskoðunarmenn segjast eigi þekkja heimild fyrir því, að landssjóður eigi að bera þennan kostnað. Landshöfðingi hefur í svari sínu tekið fram, að embættismenn þeir, sem veittur er ókeypis bústaður, eigi að eins að kosta venjulegt viðhald á honum, en með því hjer hafi verið um aðalaðgjörð hússins að ræða, hafi ráðgjafinn úrskurðað, að kostnaðurinn skyldi greiðast úr landssjóði. Nefndin verður að álíta, að það sje komið undir samþykki fjárveitingarvaldsins í hverju einstöku tilfelli, hvort verja megi fje úr landssjóði til slíkra aðgjörða, og leggur því til, að upphæðin verði tekin í frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1890 og 1891.

2. Fyrir peningaskáp úr járni handa Kjósar- og Gullbringusýslu hafa verið greiddar kr. 110,00. Að vísu hefur það áður átt sjer stað, að samskonar útgjöld hafa verið greidd úr landssjóði, að fornspurðu fjárveitingarvaldinu, en með því það virðist eiga betur við, að slíkar útborganir komi í hvert skipti undir atkvæði alþingis, leggur nefndin það til, að upphæðin verði tekin í frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1890 og 1891.

II. Reikningurinn 1891.

Inngangur.

Til þess að haft verði eptirlit með því, hvort skuld jarðabókarsjóðs við ríkissjóð sje rjett reiknuð, álíta yfirskoðunarmenn nauðsynlegt, að landsreikningnum fylgi skýrsla um allar óloknar versúrur frá fyrri árum. Í svari sínu hefur landshöfðingi getið þess, að þar sem hinar svonefndu versúrur stafi eingöngu af peningaviðskiptum milli jarðabókarsjóðs og ríkissjóðs, en snerti alls ekki tekjur eða gjöld landssjóðs, sjeu þær landsreikningnum óviðkomandi, og þess vegna hafi engin skýrsla um þessi viðskipti verið látin fylgja landsreikningnum síðan 1881, enda heyri það undir hina umboðslegu endurskoðun að hafa gætur á því, að peningaviðskipti jarðabókarsjóðsins og aðalfjehirzlunnar sje rjett tilfærð. Eigi að síður álítur nefndin að yfirskoðunarmönnum beri einnig að hafa eptirlit með þessum sem öðrum útborgunum úr sjóði landsins, en þar af leiðir, að þeir hljóta að fá í hendur þau skilríki, er slíkt eptirlit verður að styðjast við.

Tekjubálkurinn.

6. Óvissar tekjur:

2. Í þessum tekjulið eru taldar kr. 4,85, sem hafa verið endurborgaðar af fje greiddu til kaupa á verðlaunabókum handa lærða skólanum. Rjettara hefði verið að draga upphæðina frá ýmislegum gjöldum skólans, en með því hvortveggja kemur í sama stað niður, sýnist mega við svo búið standa.

3. Að því leyti sem eigi verður hjá komist, að gjaldheimtumenn borgi stundum meira enn þeir eiga að greiða eptir reikningum sínum, er nefndin yfirskoðunarmönnum samdóma um, að skýrsla um slíkar ofborganir frá fyrri árum ætti eptirleiðis að fylgja landsreikningnum.

9. Tekjur er snerta viðlagasjóðinn.

2. Af áskildum afborgunum af hallærislánum hefur auk vaxta staðið ógreitt við árslok 1891:

a. í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu ..... kr. 3661,13
b. í Strandasýslu ..... — 3316,19
c. í Húnavatnssýslu ..... — 890,50

Nefndin fellst að öllu leyti á álit yfirskoðunarmanna, að það sje mjög hættulegt að draga innheimtuna á lánum þessum, og álítur nauðsynlegt, að haldi slíkum vanskilum áfram, verði lánunum sagt upp og ráðstafanir gjörðar til að innheimta allan höfuðstólinn án frekari umlíðunar, eins og landshöfðingi hefur tekið fram í brjefum til beggja amtmanna dags. 22. marz 1893.

Gjaldabálkurinn.

14. Ýmisleg gjöld:

2. Til vegabóta á aðalpóstleiðum eru í fjárlögunum 1890 og 1891 veittar kr. 16000,00 hvort árið samtals ..... kr. 32000,00
en greiddar 1890 ..... kr. 14386,38
— —— 1891 ..... — 17934,34 — 32320,72
Umframgreiðslan ..... kr. 320,72

leggur nefndin til að tekin sje í frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1890 og 1891, ásamt kr. 5309.79, er greiddar hafa verið umfram fjárveitingu til vegagjörðar, er sameinar Ölfusárbrúna við aðalpóstveginn.

15. Utgjöld við póststjórnina.

Upphæðir þær, sem greiddar eru umfram fjárveitingu:

a. til póstflutnings ..... kr. 4936,12
b. fyrir prentun á ýmsu ..... — 1133,33

eru teknar í frumvarp til fjáraukelaga fyrir 1890 og 1891.

17. Skyndilán og lögboðnar fyrirframgreiðslur.

Samkvæmt áliti yfirskoðunarmannanna er það eigi alls kostar rjett, að fyrirfram greiddur kostnaður til heyrnar- og málleysingja sje talinn með gjöldum landssjóðs á landsreikningnum, með því sá kostnaður er engin lögboðin fyrirframgreiðsla úr landssjóði, en á samkvæmt lögum að greiðast úr jafnaðarsjóðum amtanna. Nefndin fellst á álit yfirskoðunarmannanna, en leggur enga áherzlu á, að breytt sje þeirri reikningsfærslu, sem hingað til hefur átt sjer stað í þessu efni.

19. Til óvissra útgjalda.

Af tjeðri fjárveitingu er meðal annars greitt fyrir prentun á þessum ritum:

a. bæklingi um sullaveiki ..... kr. 86,50
b. ritlingi um leiðir og lendingar ..... — 200,00

Yfirskoðunarmenn hafa látið í ljós þá skoðun, að gjaldliðurinn sje að eins til þess að greiða af honum lögboðin eða á annan hátt sjálfsögð útgjöld, sem eigi verður ætlast á um fyrirfram. Landshöfðingi hefur í svari sínu haldið því fram, að hann sje einnig ætlaður til að styrkja bókmenntaleg og önnur fyrirtæki. Nefndin álítur, að þegar hin almenna fjárveiting til vísindalegra og verklegra fyrirtækja var felld burt úr fjárlögunum á alþingi 1887, hafi sú verið tilætlunin, að slíkar styrkveitingar væru í hvert skipti bornar undir atkvæði þingsins, og fyrir því leggur hún það til, að áður nefndar upphæðir verði teknar í frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1890 og 1891.

Samkvæmt framanrituðu leyfum vjer oss að bera upp eptirfylgjandi

Tillögur
yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1890 og 1891.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að hlutast til um:

1. Að áskildir vextir og afborganir af hallærislánum sjeu innheimtir undandráttarlaust, og verði megn vanskil á greiðslunni, sje lánunum sagt upp og ráðstafanir gjörðar til að innheimta allan höfuðstólinn.

2. Að málssókn sje hafin gegn prestum þeim, er eigi standa landssjóði skil á árgjöldum af brauðum sínum, og að við veitingu prestakalla, er slík gjöld hvíla á, sje heimtað veð til tryggingar skilvísri greiðslu árgjaldanna.

3. Að skýrsla um allar óloknar versúrur frá fyrri árum, hvort sem þær hafa komið fyrst fram í jarðabókarsjóðsreikningnum eða reikningsbók ráðgjafans, fylgi landsreikningnum eptirleiðis.

4. Að ef gjaldheimtumenn landssjóðs borga meira en þeir eiga að greiða eptir reikningum sínum, sje skýrsla um slíkar ofborganir frá fyrri árum látin fylgja landsreikningnum framvegis.

Alþingi 22. júlí 1893.

Ólafur Briem, formaður og framsögumaður. Einar Jónsson, skrifari. Guðl. Guðmundsson.

Nd. **196. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1890 og 1891.

Um 2. gr.

Nefndin hefur ekkert að athuga við hinn aukna kostnað til viðhalds húsum og áhöldum vitans á Reykjanesi, er stafar af því, að vitahúsið sjálft var endurbætt og keyptar nýjar rúður í ljóskerið og net úr járnvír utan um það.

Um 3. gr.

Jafnvel þótt deildar skoðanir hafi komið fram um það, hve haganlega vegur sá, er sameinar Ölfusárbrúna við aðalpóstveginn, hafi verið lagður, hlýtur nefndin að mæla með því, að veitt verði fje það, sem nauðsynlegt reyndist til að fullgjöra veginn, enda má telja víst, að hversu vel sem vegarlagningunni hefði verið hagað, mundi kostnaðurinn hafa farið langt fram úr hinni upphaflegu fjárveitingu, sem að eins var byggð á lauslegri áætlun.

Um 4. gr.

Til póstflutninga og annara útgjalda við póststjórnina hefur verið greitt umfram fjárveitingu 1890 kr. 4299,30 og 1891 kr. 6069,45, og er ekkert þar við að athuga.

Með skírskotun til álitsskjals nefndarinnar um athugasemdir og tillögur yfirskoðunarmanna alþingis við landsreikningana fyrir 1890 og 1891 (I. 18. 1. og 2. og II. 14. 2. og 19.), viljum vjer ráða hinni háttvirtu þingdeild til að samþykkja frumvarpið með þessum viðaukum:

1. Við 3. gr. Á eptir orðunum »fyrir árið 1891« bætist inn í: 5630 kr. 51 e., þar af

2. Aptan við frumvarpið bætist 5. gr.

Sem viðbót við hina áætluðu upphæð til óvissra útgjalda í 16. gr. veitast:

fyrir árið 1890

a. til aðalaðgjörðar á bústað landshöfðingja utanverðum kr. 349,38
b. fyrir peningaskáp úr járni handa Kjósar- og Gullbringusýslu . . . . . — 110,00

fyrir árið 1891

c. til prentunar á bæklingi um sullaveiki . . . . . — 86,50
d. fyrir prentun á ritlingi um leiðir og lendingar . . . — 200,00

Samtals kr. 745,88

3. Upphæðin og greinatalan í 1. gr. breytist eptir tillögum þeim, er samþykktar verða.

Alþingi, 22. júlí 1893.

Ólafur Briem, form. og framsögum. Einar Jónsson, skrifari. Guðl. Guðmundsson.

Ed. **197. Frumvarp**

til laga um dagpeninga og þingfararkaup alþingismanna. Flutningsmenn: G. Vigfússon og J. A. Hjaltalín.

1. gr. Alþingismenn fá í endurgjald 6 krónur fyrir hvern dag, sem þeir þurfa til ferðarinnar til alþingis og frá því, og fyrir þann tíma, sem þeir eru á alþingi; sömuleiðis fá þeir, eptir því hvar heimili þeirra er, þingfararkaup, sem hjer greinir:

Í Norður-Þingeyjarsýslu	300 kr.
— Norður-Múlasýslu	370 —
— Suður-Múlasýslu	370 —
— Austur-Skaptafellssýslu	330 —
— Vestur-Skaptafellssýslu	180 —
— Rangárvallasýslu	120 —
— Vestmannaeyjasýslu	140 —
— Árnessýslu	80 —
— Gullbringu- og Kjósarsýslu	20 —
— Borgarfjarðarsýslu	60 —
— Mýrasýslu	80 —
— Snæfellsnessýslu	120 —
— Dalasýslu	120 —
— Barðastrandarsýslu	160 —
— Ísafjarðarsýslu	200 —
— Strandasýslu	150 —
— Húnavatnssýslu	160 —
— Skagafjarðarsýslu	180 —
— Eyjafjarðarsýslu	210 —
— Suður-Þingeyjarsýslu	250 —
— Danmörku	200 —

2. gr. Hjer með er úr lögum numin 37. gr. í lögum 14. sept. 1877 um kosningar til alþingis.

Nd. **198. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um varnarþing í skuldamálum og um ýms viðskiptaskilyrði. Frá Einari Jónssyni

Við 1. gr. Í stað orðanna: »hjerlends lánardrottins er«, komi: lánardrottins er, enda sje hann hjerlendur.

Nd. **199. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um bann gegn því, að utanríkismenn megi eiga jarðeignir á Íslandi. Frá Einari Jónssyni.

3. gr. orðist þannig:

Enginn má leigja utanríkismönnum jörð nje jarðarafnot lengur en 50 ár í senn.

Nd. **200. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar. Frá nefndinni.

Við 1. gr. Í staðinn fyrir orðið »skarkala« komi: hávaða.

— 1. — annan lið; í staðinn fyrir orðið »og« í næstsíðustu línu, komi orðið: eða.

— 4. — Orðið »samdrykkjur« falli burt.

— 10. — Í staðinn fyrir orðið »opt« komi: þrisvar sinnum.

Nd. **201. Viðaukaatkvæði**

við tillögur nefndarinnar um frumvarp til laga um, að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir. Frá H. Kr. Friðrikssyni og Sighvati Árnasyni.

18. Lóðarspilda á útnorðurjaðri Arnarhólstúns við Reykjavík 250 kr.

Nd. **202. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um bann gegn því, að utanríkismenn megi eiga jarðeignir á Islandi. Frá Jóni Jakobssyni, Ólafi Briem, Jóni Jónssyni 2. þm. N.-Múlas., Birni Bjarnarsyni, Þórarinn Böðvarssyni og Skúla Thoroddsen:

Við 3. gr. Á eptir »nje«, bætist inn í: »heldur«.

Nd. **203. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um, að nema dómsvald hæztarjettar í Kaupmannahöfn, sem æðsta dóms í íslenzkum málum, úr lögum. Frá Birni Bjarnarsyni.

1. Frumvarpið verði ein grein, og orðist þannig:

Landsyfirrjetturinn í Reykjavík skal hafa æðsta dómsvald í íslenzkum málum, en dómsvald hæztarjettar í Kaupmannahöfn, sem æðsta dóms í íslenzkum málum, er úr lögum numið. Þó nær þetta ákvæði eigi til þeirra mála, er ræðir um í 2. grein í ákvæðum um stundarsakir í stjórnarskránni 5. jan. 1874.

2. Fyrirsögn frv. orðist þannig:

Frumvarp til laga um breyting á skipun hins æðsta dómsvalds í íslenzkum málum.

Nd. **204. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða, (eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild).

1. gr.

Þegar auglýst hefur verið, að prestsembætti sje laust, og hinn ákveðni umsóknartími er útrunninn, skal biskup, þegar fleiri en 3 hafa sótt um embættið, er allir fullnægja hinum almennu skilyrðum fyrir því, að geta haft embætti á hendi í þjóðkirkjunni, velja 3 af umsækjendum til kosningar, er honum virðast hafa beztu hæfilegleika til þess, að geta komið til álita við veiting embættisins. Nú sækja að eins 3 um embættið, og skal þá söfnuðinum gefinn kostur á að kjósa um þá alla; þó má biskup fella einn þeirra frá kosningu, ef hann álítur hann óhæfan til að takast á hendur prestsembætti, og kýs þá söfnuðurinn að eins um hina tvo. Umsóknarbrjef þau, er biskup hefur þannig valið úr, og bæði umsóknarbrjefin, hafi að eins 2 sótt um embættið, sendir hann með athugasemdum þeim, er honum virðist ástæða til að gjöra, til hlutaðeigandi prófasts, en prófastur skal sjá um, að þau verði lögð fram og liggi til sýnis í 2 vikur á einhverjum hentugum stað í prestakallinu.

Ef sóknarnefndin eða sóknarnefndirnar í prestakallinu láta eigi prófast vita, áður en frestur þessi er liðinn, að söfnuðirnir ætli eigi að nota kjörrjett sinn, skal prófastur stofna til fundar fyrir allt prestakallið, áður en aðrar 2 vikur sjeu liðnar, og skal auglýsa fund þenna, svo sem þörf gjörist. Um umsækjendur þá, sem í kjöri eru, skal á þessum fundi öllum þeim meðlimum þjóðkirkjunnar, sem búsettir eru í prestakallinu og óspillt mannorð hafa, gefinn kostur á að greiða atkvæði, ef þeir eru komnir til lögaldurs, þegar kosningin fer fram, og hafa atkvæðisrjett á safnaðarfundum, samkvæmt lögum nr. 5 frá 27. febr. 1880, sbr. lög nr. 10 frá 12. maí 1882.

2. gr.

Ef að minnsta kosti helmingur safnaðarmeðlima þeirra í prestakallinu, er kosningarrjett hafa, hafa tekið þátt í kosningunni, og einhver af umsækjendum hefur hlotið að minnsta kosti $^2/_3$ atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, verður honum gefið veitingarbrjef af hlutaðeigandi stjórnarvaldi, hafi kosningin farið eptir 1. gr. laga þessara og 4.—8. gr. laga 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða, eða sjeu eigi þeir gallar á, sem eptir atvikum geti haft veruleg áhrif á úrslit hennar; ella skal við veiting embættisins taka það tillit til þeirra óska, er hafa komið fram af hálfu safnaðarins, er álitið verður að rjett sje.

3. gr.

Með lögum þessum er úr lögum numin 2., 3. og 9. gr. í lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða.

Nd. **205. Frumvarp**

til laga um eptirlaun, (eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild.).

1. gr. Hver sá, sem fengið hefur konungsveitingu fyrir embætti og fær laun úr landssjóði, á rjett á að fá eptirlaun eptir lögum þessum, þegar honum er veitt lausn frá

embætti fyrir aldurs sakir eða heilsulasleika, eða annara orsaka vegna, sem honum eru ósjálfráðar.

2. gr. Eptirlaunin skulu greiðast úr landssjóði. Upphæð eptirlaunanna skal þannig reikna, að sá, er fengið hefur lausn frá embætti, fái í eptirlaun ¼ þeirrar embættislaunaupphæðar, er hann hafði, þegar hann fjekk lausn frá embættinu, og auk þess 20 kr. fyrir hvert ár, sem hann hefur þjónað embætti með eptirlaunarjetti. Sá, sem er fullra 70 ára, á rjett á að fá lausn með eptirlaunum samkvæmt lögum þessum. Sá embættismaður, sem slasast þannig, þegar hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að fá lausn frá embættinu, fær ávallt ⅔ af embættistekjum sínum í eptirlaun. Ef eitthvert embætti er lagt niður, á sá embættismaður, er því gegnir, heimting á að njóta ⅔ hluta af embættistekjum sínum í 5 ár í biðlaun, en er þá undir eins skyldur til að taka aptur við hæfilegu embætti með sömu tekjum að minnsta kosti, sem því embætti fylgdu, sem niður var lagt. Hafi hann ekki fengið embætti að 5 ára frestí, verða honum veitt eptirlaun. Þau ár, sem hann hefur notið biðlauna, skal álíta sem þjónustuár, þegar farið verður síðar að reikna eptirlaun hans; en eptirlaunin skal reikna eptir þeim embættistekjum, er hann hafði, áður en hann fjekk biðlaun. Ef hann tekur á móti embætti, sem minni tekjur fylgja, fær hann af þeim eptirlaunum, sem honum bera eptir hið meira embætti, er hann áður hafði, svo mikið sem tekjur hins nýja embættis vantar til að jafnast við tekjur hins fyrra embættis, er hann hafði, og ekki meira.

3. gr. Þær embættistekjur, sem teknar verða til greina, þegar reiknuð eru eptirlaun eða biðlaun samkvæmt 2. gr. eru: 1) viss árleg laun; 2) launaviðbót, sem veitt er manninum sjálfum; 3) aukatekjur og hlunnindi, svo sem, leigulaus bústaður, bújörð, eldiviður og ljós, sem með berum orðum eru veitt embættismanninum sem laun eða hluti af launum hans. Aukatekjurnar skulu taldar, eins og þær hafa verið að meðaltali 5 síðustu árin, áður en embættismaðurinn fjekk lausn frá embætti, eða öll þau ár, sem hann hefur embætti þjónað, hafi árin verið færri en 5.

4. gr. Sá, er fyrirgjörir embætti sínu, missir einnig rjett til eptirlauna.

5. gr. Þegar embættismanni er vikið frá fyrir einhverjar misfellur, sem ekki varða embættismissi, en veikja þó þá virðingu og traust, sem nauðsynlegt er fyrir stöðu hans, skal ákveða eptirlaun hans með sjerstökum lögum.

6. gr. Eptirlaun eða biðlaun missast: 1) gjörsamlega eða að tiltölu, þegar hlutaðeigandi fær aptur embætti og laun; 2) þegar hann án konungsleyfis gengur í þjónustu útlendra ríkja; 3) þegar hann tekur sjer bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 4) þegar hann hefur ekki tekið eptirlaun sín eða biðlaun í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 5) þegar hann verður dæmdur sekur í þesskonar athæfi, sem mundi hafa svipt hann embætti, ef hann hefði þá í því verið, eða ef upp á hann sannast, að hann hafi orðið sekur í slíkri hegðun, áður en hann fjekk lausn frá embættinu. Nú hefur embættismaður fengið lausn frá embætti með eptirlaunum, og tekur við nýu embætti; hefur hann þá rjett til að fá eptirlaun þau, sem hann áður hafði, er hann sleppir þessu embætti.

7. gr. Hver kona, sem verður ekkja eptir embættismann, er hafði eptirlaunarjett eða eptirlaun eptir lögum þessum skal hafa rjett til að fá eptirlaun úr landssjóði með þeim undantekningum, sem til eru teknar í 8. gr. Eptirlaun ekkjunnar reiknast ⅛ af launum mannsins, eins og þau eru talin eptir 2. og 3. gr. þessara laga, þegar þau eru lögð til grundvallar fyrir því, hvernig reikna skal eptirlaun hans; þó mega þau eptirlaun ekkjunnar, sem þannig reiknast, aldrei fara fram úr 1200 kr. nje vera meiri en eptirlaun þau, sem maðurinn hefði getað fengið eða hafði þegar hann dó. Þegar ástæður virðast til, getur konungur í viðbót við eptirlaunin veitt 20 til 100 kr. árlega fyrir hvert barna ekkjunnar, sem hún

hefur fyrir að sjá, þangað til hvert barn er orðið 18 ára; þó skal eptirlaunaviðbót þessi því að eins haldast, að ástæður þær, sem hún er byggð á, sje framvegis hinar sömu, og skal sanna það á hverju ári fyrir landstjórninni.

8. gr. Þær embættismannaekkjur hafa engan eptirlaunarjett, sem hafa gipzt eldra manni en 60 ára eða á banasæng hans, eða eptir að hann fjekk lausn frá embætti með eptirlaunum, eða ef hjónabandinu var gjörsamlega slitið, áður en maðurinn dó.

9. gr. Eptirlaun ekkna missast: 1) þegar ekkjan giptist af nýju; 2) þegar hún tekur sjer bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 3) þegar hún hefur ekki hirt eptirlaunin í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 4) þegar hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almennings áliti er ósæmileg. — Þegar ekkja missir eptirlaun af því, að hún hefur gipzt af nýju, á hún rjett á að fá aptur hin sömu eptirlaun, ef hún verður ekkja í annað sinn.

10. gr. Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem áttu rjett til eptirlauna, getur konungur veitt hverju um sig 40 til 200 kr. árlega, að svo miklu leyti og svo lengi, sem þau þurfa við og eru þeirra verð, þó ekki lengur en þangað til þau eru 18 ára; þörf þeirra og verðleik skal árlega sanna fyrir landstjórninni.

11. gr. Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi, og hafa rjett til eptirlauna samkvæmt tilskipun 31. maí 1855, halda rjetti til eptirlauna samkvæmt þeirri tilskipun. Að öðru leyti er sú tilskipun úr lögum numin með þessum lögum.

Nd. **206. Nefndarálit,**

um frumvarp til laga um vegi.

Hin háttvirta neðri deild hefur kosið oss í nefnd til að íhuga frumvarp þetta, og höfum vjer rætt það á nokkrum fundum.

Nefndin hefur aðhyllzt aðalstefnu frumvarpsins, sem einkum er í því fólgin, að meiri áherzla verði lögð á það hjer eptir enn hingað til, að bæta sem bezt og sjerstaklega að gjöra akfæra þá vegi, þar sem mest er vöruflutningamagn um hjerað landsins. Í sambandi við þessa frumstefnu stendur það ákvæði, að landssjóður kosti vegabætur á tjeðum flutningabrautum, jafnvel þó eigi sjeu aðalpóstvegir. Þessi breyting á hinu núverandi fyrirkomulagi er byggð á því, að hið lögákveðna sýsluvegagjald sje allsendis ófullnægjandi til að bæta slíka vegi, svo sem þörf er á, og á hinn bóginn naumast gjörlegt, að hækka svo mjög sýsluvegagjaldið, að það nægi til nauðsynlegra vegagjörða á þeim stöðvum.

Af þessu leiðir, að breytingar þær, sem vjer leggjum til að gjörðar verði á frumvarpinu, raska ekki stefnu þess eða ákvæðum í neinu verulegu. Að eins má geta þess, að nefndin hefur ekki aðhyllzt það ákvæði í 9. gr. frumvarpsins, að í sýsluvegasjóð greiði hver verkfær maður 2 kr. ár hvert á manntalsþingi, en ræður til að halda ákvæðum þeim, sem nú gilda í þessu efni, með þeirri einni breytingu, að gjaldið sje fastákveðið $1^1/_2$ kr. í staðinn fyrir $^1/_2$ dagsverk eptir verðlagsskrá. Að því er snertir hreppsvegavinnu, hefur nefndinni virzt ástæða til að breyta hinum gildandi ákvæðum, sökum þess, að skylduvinna sú, er nú tíðkast, komi eigi að tilætluðum notum, enda megi búast við meiri árangri, ef vegabætur eru unnar af mönnum, sem til þess eru ráðnir fyrir umsamið kaup. Til að kippa þessu í lag, sjer nefndin ekki annað ráð vænna en að kostnaður

við hreppsvegi verði greiddur úr sveitarsjóði, og upphæð sú, sem til þess er ætluð, sje jöfn sýslunefndargjaldinu.

Samkvæmt því, sem nú er tekið fram, leyfum vjer oss að ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum:

1. Við I. kafla 1. gr. Í staðinn fyrir: »aðalflutningabrautir – aðalpóstvegir«, komi: »landsvegir, flutningabrautir».
2. — — — 2. — Í staðinn fyrir: »Aðalflutningabrautir — liggja um«, komi: »Landsvegir eru þeir vegir, sem aðalpóstleiðir liggja um. Flutningabrautir eru þeir vegir, sem aðalvörumagn hjeraða er flutt um«.
3. — — — — — Í staðinn fyrir: »aðalflutningabrautir — aðalpóstvegir« komi: »landsvegir, flutningabrautir«.
4. — — — — — Í staðinn fyrir (síðar á greininni): »aðalflutningabrautir — aðalpóstvegir« komi: »landsvegir — flutningabrautir«.
5. — — — 3. — Í staðinn fyrir: »Aðalflutningabrautir» komi: Flutningabrautir«.
6. — — — — — Í stafl. 6. 7. og 8. Í staðinn fyrir: »fram« komi: »inn» Þessi grein verður 4. grein.
7. — — — 4. — Á eptir: »tillögum« bætist inn í: »sýslunefnda«.
8. — — — — — Í staðinn fyrir: »aðalflutningabrautirnar« komi: »flutningabrautirnar«.
   Þessi grein verður 5. gr.
9. — — — 5. — Í staðinn fyrir: »Aðalpóstvegir« komi: »Landsvegir«.
10. — — — — — Í staðinn fyrir: (í annari málsgrein) »aðalpóstvegir« komi: »landsvegir«.
    Þessi grein verður 3. grein.
11. — — — 6. — Á eptir: »í Dölum« bætist inn í: »Rauðamelshe ði«.
12. — — — — — Aptan við greinina bætist: »Víðidalsvegur, milli Þórólfsdals í Lóni og Þorgerðarstaða í Fljótsdal«.

13. Við II. kafla Fyrirsögnin breytist þannig: »Um landsvegi, flutningabrautir og fjallvegi«.
14. — — — 7. gr. Í staðinn fyrir: »Aðalflutningabrautir — aðalpóstvegir« komi: »Landsvegir, flutningabrautir«. (Fyrsta málsgrein).
15. — — — — — »aðalpóstvegur« breytist í: »landsvegur».
16. — — — — — »póstvegarins« breytist í: »landsvegarins«.
17. — — — — — Í staðinn fyrir: »aðalflutningabrautum» í þriðju málsgrein komi: »flutningabrautum«. Þriðja málsgrein verður fjórða málsgrein og fjórða málsgrein verður þriðja málsgrein.
18. — — — — — Í staðinn fyrir: »aðalpóstvegum« í upphafi 4. málsgreinar, komi: »landsvegum«.
19. — — — — — Orðin: »og fjallvegum« falli burt.
20. — — — — — Á eptir: «skal« í fyrstu línu málsgreinarinnar bætist inn í: »svo«.
21. — — — — — Orðið: »svo« í annari línu málsgreinarinnar falli burt.
22. — — — — — Í staðinn fyrir: »verði« komi: »sjeu«.

23. — — — - — Í staðinn fyrir »vegum« síðast í málsgreininni komi: »landsvegarköflunum».

24. — — — - — Á eptir fjórðu málsgrein bætist inn í ný málsgrein svo hljóðandi: »Rjett er, að fjallvegir sjeu reiðfærir gjörðir og varðaðir svo sem nauðsyn ber til«.

25. — — — - — Í staðinn fyrir: »aðalpóstvegum« komi: »landsvegum« (í fimmtu málsgrein, sem verði sjötta málsgrein).

26. Við III. kafla 8. gr. óbreytt.

27. — — — 9. — Í staðinn fyrir: »Í sýsluvegasjóð — hjú sín« komi: Í sýsluvegasjóð greiðir hvert hreppsfjelag $1^1/_2$ kr. fyrir hvern verkfæran mann í hreppnum 20—60 ára, í hverri stöðu sem er«.

28. — — — - — Á eptir »verkfæra menn« í annari málsgrein bætist inn í: »20—60 ára.«

29. — — — - — Í staðinn fyrir: »innheimta — manntalspingum« komi: »ákveður sýslumaður sýsluvegagjald hvers hrepps. Gjaldið skal greitt úr sveitarsjóði«.

30. — — — - — Í staðinn fyrir; »aðalflutningabrautum« komi: »flutningabrautum«.

31. — — — - — Í staðinn fyrir: »vera að minnsta kosti — móti 10» komi: »hlöðnum vögnum«.

32. — — — - — Í staðinn fyrir: »aðalpóstvegum» komi: »landsvegum«.

33. Við IV. kafla 14. — Í staðinn fyrir: »ákveður« í fyrri málsgrein komi: »semur tillögur um«.

34. — — — — — Í staðinn fyrir: »hreppavegi« komi: »hreppsvegi«.

35. — — — — — Í staðinn fyrir: »ákvæði sitt« komi: «tillögur sínar«.

36. — — — — — Í staðinn fyrir aðra málsgreinina alla: »Skyldur er — verkfæran mann« komi svo hljóðandi málsgrein: »Kostnaður við hreppsvegi skal greiðast úr hreppssjóði, sem svarar $1^1/_2$ kr. fyrir hvern verkfæran mann í hreppnum 20—60 ára«.

37. — — — 15. — Í staðinn fyrir: »sýslusjóð til sýsluvega» komi: »sýsluvegasjóð«.

38. — — — — — »hreppavegum« breytist í: »hreppsvegum«.

39. — — — — — »hreppavegavinna« breytist í: »hreppsvegavinna«.

40. — — — — — Í staðinn fyrir: »engar — aðalpóstvegir« komi: »engir landsvegir, flutningabrautir«.

41. — — — — — »hreppavegagjald« breytist í: »hreppsvegagjald«.

42. — — — 16. — »hreppavegur« breytist í: »hreppsvegur«.

43. — — — — — Á eptir orðunum: »sjá um vinnuna« komi: »svo og ráða smið, er brýr skal gjöra«.

44. — — — 17. — Þessi grein falli burt.

45. — — — 18. — Þessi grein falli burt.

46. — — — 19. — (sem verður 17. grein). Í staðinn fyrir: »gefa skýrslu« komi: »senda sýslunefnd reikning«.

47. Við V. kafla 20. gr. Þessi grein fellur burt.
48. — — — 21. — (sem verður 18. gr.). Í staðinn fyrir: »aðalflutningabraut — aðalpóstvegur« komi: »landsvegur eða flutningabraut«.
49. — — — 22. — Þessi grein verður 19. gr.
50. — — — 23. — Í staðinn fyrir: »skal leggja — fjallvegi», komi: »er rjett að reisa sæluhús af vegabótafje«.
(Þessi grein verður 20. gr.).
51. — — — 24. — Þessi grein verður 21. gr.
52. — — — 25. — Þessi grein verður 22. gr.
53. — — — 26. — Þessi grein verður 23. gr.
54. — — — 27. — Þessi grein verður 24. gr.

Alþingi 24. júlí 1893.

Jens Pálsson, formaður. Jón Jónsson, þ.m. A.-S. Ólafur Briem, framsögumaður.
Sigurður Gunnarsson, skrifari. Sighv. Árnason.

Nd. **207. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir. Frá Sigurði Gunnarssyni, Jóni Jónssyni 2. þm. N.-Múlas. og Einari Jónssyni.

1. Við 1. gr. tölul. 15. Í staðinn fyrir: „4500 kr.“ komi: 3800 kr.
2. — 1. — — 16. Í staðinn fyrir: „6000 kr.“ komi: 5500 kr.

Nd. **208. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um að nema dómsvald hæztarjettar í Kaupmannahön sem æðsta dóms í íslenzkum málum, úr lögum. Frá Ólafi Briem og Birni Sigfússyni.

Við 2. gr. Orðin: „og skal tala dómenda“ til enda greinarinnar falli burt.

Ed. **209. Tillaga**

til þingsályktunar um meðferð á líkum. (Samþykkt við eina umr. í neðri deild).

Alþingi ályktar, að skora á landsstjórnina, að láta á kostnað landssjóðs semja, prenta og senda öllum hreppsnefndum og bæjarstjórnum landsins til útbýtingar á hvert heimili reglur, er sje við alþýðuhæfi, fyrir því, hvernig fara skuli með lík, og innihaldi þær jafnframt leiðbeining um það, hver eru hin helztu dauðamerki og hvernig þeir menn geta þekkt þau, er eigi eru lækningafróðir.

Nd. **210. Frumvarp**

til laga um varnarþing í skuldamálum og um ýms viðskiptaskilyrði. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Nd.).

1. gr. Ef skuld er stofnuð þar, sem heimilisfang lánardrottins er, enda sje hann hjerlendur, á skuldheimtumaður rjett á, ef hann vill, aðsækja mál til greiðslu skuldarinn-

ar á hendur skuldunaut í þinghá þeirri, er skuldin er stofnuð í, eins og væri þar varnarþing hans. Sje skuldin stofnuð við fasta verzlun, eða aðra heimilisfasta atvinnustofnun, þá ræður varnarþing þess, sem henni stýrir, þótt eigandi sje þar eigi búsettur. Eigi raskar þetta þó gildandi ákvæðum um varnarþing, er bundið er við fasteign.

Lög þessi ná til þeirra einna skuldaskipta, er skuldheimtumaður er kaupmaður, eður hefur á annan hátt atvinnu sína af viðskiptum, svo sem lyfsalar, bóksalar, veitingamenn, iðnaðarmenn, kostnaðarmenn blaða og rita og aðrir, sem líkt stendur á með.

Því að eins gilda fyrirmæli þessarar greinar, að fyrirtökudagur málsins falli í sumarkauptíð (15. júní til 31. júlí að báðum þeim dögum meðtöldum) eða í haustkauptíð (15. sept. til 31. okt. að báðum þeim dögum meðtöldum).

2. gr. Nú hefur maður fengið reikning yfir viðskipti sín, og skal hann þá innan 6 mánaða frá því hann meðtók hann, hafa komið fram með ótvíræð mótmæli gegn hverju því í honum, er hann kannast eigi við, ella skal svo álíta sem hann viðurkenni reikninginn skilyrðislaust.

3. gr. Sje verzlunarbók sú, er skuldaskiptin eru fyrst í skráð, löggilt og aðalbók slíkt hið sama, skulu þær bækur sönnun vera fyrir því, að reikningur sem þeim er samhljóða, sje rjettur, nema annað sannist að lögum, eða sá, er í hlut á, synji með eiði fyrir, að hafa tekið út það, er í bókunum er skráð.

4. gr. Mál þau, er um er rætt í þessum lögum, skulu rekin fyrir gestarjetti. Nú er skuldunautur staddur í dómþinghá þeirri, er málið eptir þessum lögum má sækja í, og má þá birta honum stefnu þar, sem hann er staddur, til að mæta með nætur fresti, og sama er, ef skuldunautur á heimili í þinghánni. Annars skal birta stefnuna á lögheimili hans með þriggja vikna fresti, ef það er innan sama lögsagnarumdæmis sem fyrirtökustaðurinn, með 6 vikna fresti, ef það er utan lögsagnarumdæmis, en þó í sama amti, en með níu vikna fresti, ef það er í öðru amti.

Nd. **211. Frumvarp**

til laga um bann gegn því, að utanríkismenn megi eiga jarðeignir á Íslandi. Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Nd.

1. gr. Enginn sá, er á heimili utanríkis, hvorki einstakur maður nje fjelag, má eiga jarðeign hjer á landi, nema það sje leyft með sjerstökum lögum. Jarðeignir þær, sem utanríkismenn nú eiga, eru undanþegnar þessu ákvæði, þangað til eigandaskipti verða á þeim.

2. gr. Nú flytzt maður, sem á jarðeign hjer á landi, til annara ríkja, eða utanríkismaður eignast hjer jarðeign að gjöf eða erfðum, og skulu þeir þá innan þriggja ára hafa selt jarðeign sína, en gjöri þeir það ekki, skal selja jarðeignina við opinbert uppboð, og greiðist andvirði hennar, að frádregnum kostnaði, til fyrverandi eiganda.

3. gr. Enginn má selja utanríkismönnum jarðeign hjer á landi, nje heldur leigja þeim jarðir eða nein jarðarafnot lengur en 50 ár.

4. gr. Brot móti lögum þessum varða sektum til landssjóðs, frá 1000 kr. til 10,000 kr., og skal með þau fara sem opinber lögreglumál.

Ed

212. Frumvarp

til laga um brúargjörð á Þjórsá, (eins og það var samþykkt við 3. umr. í n. d.

Landsstjórninni veitist heimild til að láta gjöra járnbrú á Þjórsá á kostnað landssjóðs í nánd við bæinn Þjótanda, og að verja til þess allt að 75,000 kr.

Ed.

213. Frumvarp

til laga um að leggja jarðirnar Laugarnes og Klepp í Seltjarnarnesshreppi undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkur, (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild.).

1. gr. Jarðirnar Laugarnes og Kleppur í Seltjarnarnesshreppi skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Reykjavíkurkaupstaðar frá fardögum 1894.

2. gr. Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sjer svo mikinn hluta af skuldum og ómagaframfærslu Seltjarnarnesshrepps, sem svarar lausafjártíundum og aukaútsvörum frá þessum jörðum eptir meðaltali áranna 1889—1894 að rjettri tiltölu við meðaltal lausafjártíunda og aukaútsvara hreppsins á sama tímabili.

Ed.

214. Breytingartillaga

við lög um kosningar til alþingis. Frá nefndinni.

Á eptir 35. gr. kemur ný grein, sem verður 36. gr., þannig hljóðandi:

Alþingismenn fá í endurgjald 6 kr. um hvern dag, bæði fyrir þann tíma, sem þeir þurfa til ferðarinnar til alþingis og frá því, og fyrir þann tíma, sem þeir eru á alþingi. Sömuleiðis fá þeir endurgoldinn ferðakostnað eptir reikningi.

Allur kostnaður við alþingi greiðist úr landssjóði, og ávísa forsetar þingdeildanna honum, hvor fyrir sína deild, en forseti hins sameiginlega þings sameiginlegum kostnaði.

Ed.

215. Frumvarp

til viðaukalaga við lög 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald á fiski og lýsi o. fl. Frá Sigurði Stefánssyni og Sigurði Jenssyni.

1. gr. Af eptirfylgjandi vörum skal útflutningsgjald greitt, svo sem hjer segir:

1.	Af hverjum	100 pd.	af kola, sem flytzt út, nýr eða saltaður . . .	10 aurar.
2.	—	—	100 — — heilagafiski	30 —
3.	—	—	100 — — hvalskíðum	100 —

2. gr. Um gjald þetta og greiðslu þess fer eptir fyrirmælum laga 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald á fiski og lýsi o. fl.

Ed, **216. Frumvarp**
til viðaukalaga við lög 12. júlí 1878 um lausafjártíund. Frá Sigurði Stefánssyni og Sigurði Jenssyni.

Gufuskip, sem ganga til fiskiveiða eða hvalveiða, skal leggja í tíund, sem hjer segir:

1. Gufuskip, sem er 50 smálestir að stærð, eða minna . . . 12 hndr.
2. Gufuskip, sem er meira en 50 smálestir að stærð . . . 24 —

Nd. **217. Nefndarálit**
um frumvarp til laga um toll á brúm yfir Ölvesá og Þjórsá.

A. Álit meiri hlutans.

Nefnd sú, er h. neðri deild alþingis setti til að íhuga þetta mál, hefur ekki getað orðið á eitt sátt um málið. Meiri hlutinn, Sighv. Árnason, Þórður Guðmundsson og Þorlákur Guðmundsson, getur ekki fallizt á frumvarpið eins og það er nú úr garði gjört, en minni hlutinn, Guðlaugur Guðmundsson og Jón Þórarinsson, vill halda grundvelli frumvarpsins með nokkkrum breytingum.

Skoðun vor er sú, að eigi sje ráðlegt að tolla brýrnar sökum þess, að of lítið mundi verða í aðra hönd fram yfir það, sem tollgæzlan mundi kosta, þar sem gæzlumannn yrði að hafa við hvora brú með mann sjer við hlið, ásamt öðrum kostnaði, húsi o. fl. Með því líka, að undir eins og brýrnar væru tollaðar, mundu menn ekki ávallt gjöra sjer krók á þær í góðu veðri á vordag. Og því síður getum vjer fallizt á það, sem frumvarpið bendir á í 2. og 4. gr., að ef tollurinn reynist ónógur, þá beri landshöfðingja að hækka hann svo, að lagt verði í sjóð, sem ekki einasta eigi að standast gæzlukostnaðinn, heldur líka »viðhald brúnna, aðalviðgjörðir og endurbygging þeirra«. Með þessum ákvæðum álítum vjer brotið niður með annari hendinni, sem byggt er með hinni, því ef landshöfðingi þrifi til þessa óyndis úrræðis, sem 2. gr. frumvarpsins veitir honum vald til, nefnilega að hækka svo og svo mikið tollinn, svo hann geti staðizt allan þenna kostnað, þá yrði afleiðingin sú, að enginn maður brúkaði brýrnar nema í lífs nauðsyn; menn færu á sínum gömlu ferjum og afræktu brýrnar, og þá mundi lítið safnast í hinn fyrirhugaða tollsjóð minni hlutans.

Til þess nú að reyna að koma í veg fyrir, að slíkt frumvarp verði að lögum, viljum vjer leggja það til, að sýslufjelögum Árness- og Rangárvallasýslu verði gjört að skyldu, að kosta árlega gæzlu við brýrnar, á líkan hátt og nú er við Ölvesárbrúna. Vjer erum á móti því, að fara nú að setja lög um þetta viðvíkjandi hinni fyrirhuguðu Þjórsárbrú, sem ekki mun geta komizt á fót fyr en 1895.

Að síðustu viljum vjer geta þess, að vjer búumst við, að gæzlukostnaður við báðar brýrnar verði meiri byrði á sýslufjelögunum, en sem svarar vöxtum og afborgun af landssjóðsláni sýslufjelaganna til Ölvesárbrúarinnar með tilliti til þess, að sá kostnaður verður óumflýjanlega meiri við Þjórsárbrúna, eptir því sem þar hagar til.

Að þessu yfirveguðu, leyfum vjer oss að leggja það til við hina h. neðri deild alþingis, að fella frumvarp það, sem nefndinni var fengið í hendur, og að hún vildi samþykkja frumvarp það, sem fylgir með þessu áliti voru.

Alþingi, 24. júlí 1893.

Sighv. Árnason, (form. og framsögum).	Þórður Guðmundsson, (skrifari).	Þorlákur Guðmundsson.

Frumvarp.

til laga um gæzlu Ölvesárbrúarinnar og um breyting á lögum 3. maí 1889. Frá meiri hluta nefndarinnar í brúartollsmálinu.

1. gr. Landshöfðingi kveður á um, eptir tillögum sýslunefnda Árness- og Rangárvallasýslu, hvernig gæzlu Ölvesárbrúarinnar skuli haga.

2. gr. Borgun fyrir gæzlu brúarinnar skal greiða úr sýslusjóðum Árness- og Rangárvallasýslu. Borgun þessa greiða sýslufjelögin sín í milli á sama hátt og lög frá 3. maí 1889 mæla fyrir um borgun á landssjóðsláni sýslufjelaganna til Ölvesárbrúarinnar.

3. gr. Helmingnum af landssjóðsláni því, sem hvílir á sýslufjelögum Árness- og Rangárvallasýslu, samkvæmt lögum 3. maí 1889, skulu tjeð sýslufjelög vera undanþegin að greiða.

4. gr. Kostnað þann, sem viðhald Ölvesárbrúarinnar útheimtir, skal greiða úr landssjóði.

B. Álit minni hlutans.

Eptir nákvæma og ítarlega íhugun þessa mals, höfum vjer komizt til þeirrar niðurstöðu, að eigi sje ástæða til að raska grundvelli frumvarpsins, en við umræður um málið hafa komið fram ýmsar bendingar um nokkurar breytingar á því, og hafa þær bendingar gefið okkur tilefni til að ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið með eptirfarandi breytingum.

1. Við 2. gr. Greinin falli burt, en í hennar stað komi svolátandi 2., 3., og 4. grein:

2. gr. Landshöfðingi hefur yfirumsjón með brúm þessum og viðhaldi þeirra; hann semur reglugjörð um afnot og meðferð brúnna, og leggur sektir allt að 100 kr. við brotum, skipar brúarverði, einn við hvora brú, og gefur þeim erindisbrjef. Hann getur og vikið þeim frá sýslan.

3. gr. Brúarverðir skulu hafa að launum 500 kr. á ári, hvor þeirra, auk ókeypis bústaðar.

4. gr. Upphæð tollsins skal vera sem hjer segir:

fyrir lausríðandi mann 15 au.

fyrir klyfjahest, gangandi mann, lausan hest og nautgrip 10 aurar, og

fyrir sauðkind hverja 3 aurar.

Gefa má landshöfðingi þeim, er búa næstir brúnum, kost á að kaupa rjett til afnota af þeim fyrir 5 króna árgjald.

Póstar eru undan þegnir þessu gjaldi.

2. — 3. gr. Greinin verði 5. grein.

3. — 4. gr. Greinin verði 6. grein.

4. — — — Orðin »svo og . . . þeirra« í enda greinarinnar falli burt.

5. — 5. gr. Greinin verði 7. gr. og orðist þannig:

Hjer með eru úr lögum numin þau ákvæði laga 3. maí 1889, sem skipa fyrir um, að endurgjalda skuli 20,000 kr. úr sýslusjóðum Árnes- og Rangárvallasýslna og úr jafnaðarsjóði suðuramtsins til byggingar Ölfusárbrúarinnar.

Alþingi, 24. júlí 1893.

Guðl. Guðmundsson. Jón Þórarinsson,
framsögum. minni hlutans.

Nd. **218. Frumvarp**

til laga um breytingu á 3. og 5. gr. yfirsetukvennalaga 17. des. 1875. Flutningsmenn: Jón Þórarinsson og Kl. Jónsson.

1. gr. Í öllum kaupstöðum landsins skulu yfirsetukonur hafa 100 kr. í laun á ári hver um sig; en í sveitum 60 kr. Eptir 10 ára góða þjonustu í sveit má sýslunefndin þar að auki veita allt að 20 kr. viðbót á ári, og skal þessi ákvörðun einnig ná til þeirra yfirsetukvenna, sem nú eru.

Líti sýslunefndin, að eigi sje næg ástæða til að veita launaviðbót eptir aldri, skal bera málið upp fyrir amtsráðinu, og leggur það þá málið undir úrskurð landshöfðingja.

Sýslunefndin má, ef henni þykir ástæða vera til þess, veita hæfileg eptirlaun þeirri yfirsetukonu, sem fengið hefir lausn frá starfa sínum fyrir sakir elli, eða sjúkleika.

2. gr. Engin getur orðið yfirsetukona, nema hún hafi tekið próf annaðhvort á hinni konunglegu fæðingarstofnun í Kaupmannahöfn eða hjá þeim kennara læknaskólans, sem kennir yfirsetukonum í Reykjavík, og skal hún hafa fengið skýrteini um, að hún hafi tekið prófið.

3. gr. Með lögum þessum er úr lögum numin 3. og 5. gr. yfirsetukvennalaga 17. des. 1875.

Nd. **219. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 4. nóvember 1887 um aðför. Frá verzlunarmálanefndinni. Framsögumaður Jens Pálsson.

1. gr. Eigi má fjárnámi taka af skuldunaut rúm og sængurföt, er nauðsynleg eru honum, konu hans og börnum, er hjá honum eru, nje heldur lín og íveruföt, er þau meiga eigi án vera.

Skuldunautur getur og undanskilið frá fjárnámi aðrar eigur, ef eigi nema meiru að virðingarverði en 40 kr., eða 240 kr., eigi hann heimili fyrir að sjá. Þó nær þetta eigi til skulda, sem eru til komnar áður en lög þessi öðlast gildi. Þessa fjármuni er honum heimilt frá að taka eptir geðþótta; sje hann eigi viðstaddur aðförina, skal þeim, er fyrir eru á heimilinu, gefinn kostur á að gjöra það. Þennan rjett til að undanskilja muni fyrir tiltekið verð, eiga menn þó eigi, þá er skattar eða önnur opinber gjöld eru tekin fjárnámi, og heldur ekki verða munir undanskildir, sem veðsettir eru fyrir skuld þeirri, er fjárnámi skal heimt.

2. gr. Með lögum þessum er úr lögum numin 27. gr. í lögum 4. nóvember 1887 um aðför.

Nd. **220. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar (188). Frá Guðl. Guðmundssyni, Jens Pálssyni, Ólafi Briem, Jóni Jakobssyni, Þórði Guðmundssyni og Birni Sigfússyni.

1. Við 2. gr.: Á eptir orðunum í 1. málslið: „undanþegnar þessu banni“, bætist inn: „að því er snertir lyfjasölu“.

2. — — — Á eptir orðunum í 2. málslið: „á helgidögum þjóðkirkjunnar“, bætist inn: „selja nje“.

3. — — — Orðin: „svo er og veitingamönnum — — tilbúinn mat“, falli burt.

Ed. **221. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um fjárforræði ómyndugra og lögaldur.

Nefnd sú, sem efri deild alþingis kaus til að íhuga frumvarp þetta, hefur klofnað í tvennt. Álit meiri hlutans er á þessa leið:

Án þess að við þorum að fullyrða, að tilskip. 18. febr. 1847 um fjárforráð ómyndugra kunni ekki að geta tekið einhverjum umbótum, álítum við þó, að hún í heild sinni sje gott og tæmandi lagaboð, og að hún hafi reynst þeim, sem hafa átt að fara eptir henni og beita henni, fullnægjandi, svo og, að frumvarp það, sem hjer um ræðir, í engu verulegu sje til nokkurra bóta, eins og líka, að ákvæði þess um afnám d. l. 3. bók. 17. kap. sjeu mjög varúðarverð. Getum við því ekki annað en ráðið hinni háttvirtu þingdeild til þess að fella þetta frumvarp, og það því fremur, sem eðlilegast er og affarabest, að frumvarp um slíkt efni og þetta komi frá stjórninni, ef hin núgildandi lög um það efni þurfa umbóta. En með því verið getur, eins og áður sagt, að tilskipun 18. febr. 1847 geti tekið einhverjum umbótum, þá viljum við ráða hinni háttvirtu þingdeild til að samþykkja svofellda:

Tillögu til þingsályktunar.

»Alþingi skorar á landsstjórnina að leita álits yfirvalda þeirra, sem hlut eiga að máli, um, hvort og að hve miklu leyti þörf sje á að breyta löggjöf vorri um fjárforráð ómyndugra, og ef svo reynist, að semja frumvarp þar að lútandi og leggja það fyrir alþingi«.

Alþingi 22. júlí 1893.

L. E. Sveinbjörnsson form. og framsögum. meiri hlutans. — Kristján Jónsson.

Álit minni hlutans.

Jeg hef ekki getað orðið hinum háttvirtu meðnefndarmönnum mínum samdóma um frumvarp þetta, eða um að rjett sje, að láta það ekki ganga gegnum þingið, því jeg er enn fullkomlega sannfærður um, að brýna nauðsyn beri til, að breyta gildandi lögum um fjárforræði ómyndugra, og jafnframt sannfærður um, að það sje hin helgasta skylda löggjafarvaldsins, að gjöra allt og án tafar, sem í þess valdi stendur, til að vernda rjett lítilmagnans, rjett munaðarlausra barna og annara, sem engin tök hafa á að forsvara sig í neinu tilliti.

Jeg ræð því hinni háttvirtu efri deild til, að samþykkja frumvarp þetta með eptirfylgjandi viðauka og breytingartillögum.

1. Við 1. gr. bætist: Eða eigi geta það, af öðrum ástæðum er yfirvaldið telur gildar vera.
2. — 2. — bætist: Nánustu frændur hins ómynduga hafa þó rjett til fjárhaldsins gagnvart fjárskyldum mönnum jafn hæfum.

   Sá maður, sem hefur þrjú yfirgripsmikil fjárhöld áður, eða mikla innheimtu á öðrum opinberum gjöldum, hefur hvorki rjett nje skyldu til að taka við fjárhaldi ómyndugra, fyr en hinum fyrri fjárráðum eða innheimtu er lokið, að nokkru eða öllu.
3. — 4. — Innan sviga komi: »19. gr.« í stað 20. gr.
4. — 7. — bætist: Þó skal ekki selja lausafjeð, þegar það er lagt í arf við skipti

milli þess hjónanna, sem lengur lifir, og ómyndugra barna beggja þeirra eður barnabarna, nema það eptirlifandi óski þess, eða yfirfjárráðandi sjái, að það muni vera hinum ómyndugu skaðlegt, að hafa það þannig. En ef að eigur hins ómynduga eru ekki seldar úr búinu, þá setji það hjóna, sem lengur lifir, fullkomið veð fyrir í búsins föstu og lausu munum, og sje þeim veðrjetti þinglýst.

5. — 18. — »og veðrjett í búi« til enda greinarinnar falli burt, en komi í þess stað: »sbr. tilskipun 19. des. 1821«.

6. 21. — Falli burtu.

7. 22. — verði 21. gr. og orðist þannig:

Með lögum þessum eru úr lögum numin 1.—13. gr. d. l. 3. b. 17. kap. og tilskipan 18. febrúar 1847.

8. Aptan af fyrirsögn frumvarpsins falli »og um lögaldur«.

Alþingi 25. júlí 1893.

Guðjón Guðlaugsson

skrifari.

Nd.

222. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir. Frá Sigurði Gunnarssyni, Jóni Þorkelssyni, Einari Jónssyni, Jóni Jónssyni þm. A.-Sk., Jóni Jónssyni 2. þm. N.-Múlas., Birni Sigfússyni.

Við 1. gr. tölul. 15. Í staðinn fyrir: „4500 kr.“ komi: 4000 kr

---

Nd.

223. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingu á opnu brjefi 29. maí 1839 um byggingarnefnd í Reykjavík.

Hin heiðraða neðri deild hefur kosið oss í nefnd til að íhuga frumvarp þetta, og skulum vjer nú í stuttu máli láta uppi álit vort um það.

Ákvæði það, sem sett er í opnu brjefi 29. maí 1839, um 10 álna autt svæði milli nágranna-húsa, til varnar gegn brunahættu, ef eldsvoða ber að höndum, er auðsjáanlega miðað við timburhús, eins og þau hafa tíðkazt, þegar brjefið kom út. En jafnframt liggur það í augum uppi, að eigi er nauðsynlegt að láta jafnstraungar varúðarreglur gilda um steinhús eða þau timburhús, sem greind eru hvort frá öðru með steinvegg. Að því er snertir þau hús, hefur bæjarstjórnin og brunabótafjelag það, sem nú ber eldsvoðaábyrgð bæjarins að tveim þriðju hlutum, álitið fulltryggjandi þau ákvæði, sem sett eru í 1. gr. frumvarpsins. Og með því sú breyting, sem þar er farið fram á, verður að skoðast sem veruleg rjettarbót, að því leyti, sem þar við vinnst talsvert svæði til húsabygginga, finnum vjer oss skylt að mæla með því, að ákvæði frumvarpsins að þessu leyti verði samþykkt. Við 2. gr. og 4. gr. höfum vjer ekkert að athuga og álítum þau ákvæði hafa við góð rök að styðjast. Aptur á móti fáum vjer eigi dulizt þess, að með 3. gr. frumvarpsins er byggingarnefndinni fengið í hendur vald, sem gæti komið hart niður á einstökum mönnum, en það er hvorttveggja, að eigi virðist ástæða til að óttast, að byggingarnefndin misbeiti valdi sínu í þessu efni, enda er rjettur hlutaðeiganda tryggður með því, að hann getur skotið ákvæðum nefndarinnar undir æðri úrskurð.

Af þessum ástæðum leyfum vjer oss einhuga að ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 25. júlí 1893.

H. Kr. Friðriksson, (form. og framsögum.). Jens Pálsson. Olafur Briem, (skrifari).

Nd. **224. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um varnarþing í skuldamálum frá Guðl. Guðmundssyni, Jóni Þorkelssyni, Sk. Thoroddsen, Þórði Guðmundssyni, Kl. Jónssyni og Jóni Þórarinssyni.

1. Aptan við 1. gr. bætist við nýr málsliður, svo hljóðandi:
   »Þessi ákvæði ná aðeins til þeirra skulda, er stofnaðar eru, eptir að lög þessi öðlast gildi».
2. Í 1. gr. 2. málslið falli burt orðið »veitingamenn» og orðin »og aðrir, sem líkt stendur á með».
   Á eptir »iðnaðarmenn» bætist inn »og»
3. »Nú er skuldunautur — — — — og sama er« falli burtu.
   Á eptir «í þinghánni« bætist inn: »má birta honum stefnu til að mæta á næturfresti«.

Nd. **225. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar. Frá Birni Bjarnarsyni, Sigurði Gunnarssyni, Guðl. Guðmundssyni, Þórði Guðmundssyni, Birni Sigfússyni og Jens Pálssyni.

1. Við 1. gr. þriðju málsgrein
   Fyrir: «síðari hluta«
   komi: annari málsgrein
2. Við 2. gr. fyrri málsgr.
   Fyrir: »er menn — tilbúinn mat«
   komi: þar sem mjólk, brauð og annar tilbúinn matur er seldur.
3. Við 2. gr. síðari málsgr.
   Fyrir: »heldur ekki»
   komi: ekki heldur.

Nd. **226. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um að landsstjórnin láti verkfróðan mann rannsaka brúarstæði á ám hjer á landi. Frá Guðl. Guðmundssyni, Kl. Jónssyni, Jóni Jakobssyni, Ólafi Briem.

Aptan við tillöguna bætist: Enn fremur ályktar alþingi að skora á landsstjórnina, að hún láti verkfróðan mann skoða hafnarstæði í kauptúnum hjer á landi og láta uppi álit um, hvort hægt sje að gjöra umbætur á þeim, og láti hann upp áætlun um kostnað við slíkar umbætur.

Í fyrirsögninni bætist inn á eptir orðunum „á ám“: og hafnarstæði.

Nd. **227. Frumvarp**

til laga um ýmisleg atriði, er snerta gjaldþrotaskipti (eins og það var samþykkt við 3. umræðu í e. d.).

1. kapituli.

Um byrjun gjaldþrotaskipta.

1. gr. Hver sá, er hyggst eigi geta staðið í skilum við skuldheimtumenn sína, getur krafizt þess, að bú hans sje tekið til gjaldþrotaskipta (lög 12. apríl 1878, 90. gr.).

2. gr. Nú strýkur einhver af landi burt eða felur sig, að því er ætla verður eingöngu sakir skulda, og skal þá skiptaráðandi þegar taka bú hans til gjaldþrotaskipta, er einhver skuldheimtumanna fer þess á leit við hann, ef hætt er við, að dráttur á því verði skuldheimtumönnum til tjóns.

3. gr. Nú á maður skuld hjá öðrum, og er hún komin í gjalddaga og eigi tryggð með nægilegu veði, og fær hana eigi borgaða til fulls, og getur hann þá krafizt þess, að bú skuldunauts verði tekið til gjaldþrotaskipta, ef sannað verður með skýrslum, sem fram sjeu komnar við fjárnáms- eða kyrsetningargjörðir, sem gjörðar hafa verið hjá skuldunaut, eða með játning sjálfs hans eða á annan hátt, að búið nægir eigi fyrir skuldum hans.

4. gr. Nú hefur kaupmaður — en svo ber að telja hvern þann, sem rekur verzlun, þótt aðeins sje jafnhliða annari atvinnu — verið krafinn svarkröfu um að borga skuld, sem eigi er tryggð með nægilegu veði, og hann neitar eigi að komin sje í gjalddaga, eða sönnur eru færðar á, að svo sje og lætur þó farast fyrir að borga, lengur en 30 daga eptir kröfuna, og getur þá skuldareigandi sá, er svarkröfu ljet fram fara, krafizt þess, að bú hans sje tekið til gjaldþrotaskipta; en nota verður hann þennan rjett sinn, áður en 14 dagar sjeu liðnir frá því, að frestur sá er á enda, sem áður er getið.

5. gr. Sá er samkvæmt 1. gr. laga þessara krefst þess, að bú hans sje tekið til gjaldþrotaskipta, skal senda skiptaráðanda um það skriflega áskorun; henni skal fylgja nákvæm skrá, undirskrifuð af honum sjálfum, yfir eignir hans og skuldir, og skulu þar sjerstaklega nefndir þeir, sem til skuldar eiga að telja hjá honum, og bækur þær, er hann kann að hafa haldið við atvinnu sína. Geti skuldunautur eigi látið skrá þessa fylgja áskoruninni, skal hann geta þess í henni, af hverjum ástæðum það sje, og láta hana síðan í tje svo fljótt, sem auðið er. Þesskonar skrá skal og skuldunautur láta skiptaráðanda í tje, ef krafizt verður, þegar bú hans hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta eptir beiðni einhvers skuldheimtumanna hans.

6. gr. Ef skuldheimtumaður krefst þess samkvæmt 3. og 4. gr. laga þessara, að bú skuldunauts sje tekið til gjaldþrotaskipta, skal hann fá skiptaráðanda um það skriflega áskorun, og skulu í henni tekin fram atvik þau, er hann byggir á kröfu sína.

Skiptaráðandi skal þá ákveða fund svo fljótt, sem auðið er; kallar hann á fund þenna skuldunaut og skuldheimtumanninn með þeim fyrirvara, er hann sjálfur til tekur. Á fundinum, eða svo fljótt, sem auðið verður, skal gjörð ákvörðun um það, hvort taka skuli til greina kröfu skuldheimtumanns, og hvort hann skuli setja tryggingu eða eigi.

Skiptaráðandi getur krafizt skýrslna þeirra af skuldunaut, sem þörf er á,

til þessa. Neiti hann að svara spurningum skiptaráðanda eða komi hann eigi á fundinn, og er þó ekki löglegum forföllum um að kenna, má líta svo á, sem hann treystist eigi að mótmæla skýrslum skuldheimtumanns.

7. gr. Þegar skiptaráðandi hefur úrskurðað, að bú skuli tekið til gjaldþrotaskipta, frestar áfrýjun úrskurðarins eigi því, að svo verði gjört.

Sje úrskurði áfrýjað, skal þó eigi án samþykkis skuldunauts selja muni búsins, áður en fullnaðardómur er genginn í málinu, nema því að eins, að þeim sje þannig varið, að svo verði að vera.

8. gr. Þegar gjaldþrotaskipti skulu fram fara eptir beiðni skuldunauts, ber að telja skiptin byrjuð þá, er beiðnin um það kom í hendur skiptaráðanda. Sje það eptir áskorun frá skuldheimtumönnum, ber að telja gjaldþrotaskiptin byrjuð, þegar skiptaráðandi hefur úrskurðað að taka búið til gjaldþrotaskipta.

Þegar skipti eru byrjuð, er það eigi á valdi þess eða þeirra, er krafizt hafa, að láta þau falla niður. En þegar skuldunautur einn hefur krafizt gjaldþrotaskipta, getur skiptaráðandi hinsvegar breytt úrskurði sínum um, að bú hans skuli tekið til gjaldþrotaskipta, ef skuldunautur gjörir það sennilegt, áður en innköllun til skuldheimtumanna er gefin út, að hann geti staðið í skilum við þá, og skuldheimtumenn þeir, er hafa gefið sig fram, mótmæla því eigi.

9. gr. Skiptaráðandi skal tafarlaust sjá um, að auglýsing um gjaldþrotaskiptin sje birt í blöðum þeim, er almennt skal birta í skiptaauglýsingar. Falli gjaldþrotaskiptin síðar niður (8. gr.), skal það tafarlaust birt á sama hátt.

2. kapítuli,

Um það, hvað til ráðs megi taka um skuldunaut sjálfan.

10. gr. Skiptaráðandi getur úrskurðað, að skuldunautur skuli settur í varðhald, ef hann gerir sig líklegan til að firra búið einhverjum af munum þess eða rjettindum, svo og þegar breytni hans, áður en gjaldþrotaskiptin byrja, þykir gefa tilefni til þess, að höfðuð sje sakamálsrannsókn gegn honum.

Þegar skuldunautur er settur í varðhald, skal skiptaráðandi tafarlaust sjá um, að rannsókninni gegn honum verði framfylgt.

11. gr. Skiptaráðandi getur úrskurðað, að skuldunautur skuli settur í einfalt fangelsi, ef hann kemur ekki fram með skrá þá, er skipað er í 5. gr., eins og hún á að vera, og hefur eigi gildar ástæður fyrir sig að bera, eða ef hann þrjózkast við að láta í tje skýrslur við uppskript á búinu, er hann er skyldur að vera við, ef skiptaráðandi krefst þess, eða aðrar skýrslur um ástæður og hag búsins, er hann er fær um að gefa; svo og ef hann fer eða reynir til að fara úr lögsagnarumdæminu án leyfis skiptaráðanda.

Skuldunautur skal vera í fangelsi svo lengi, sem skiptaráðanda þykir það nauðsynlegt til þess, að tilganginum með því verði náð, þó aldrei lengur en 6 mánuði.

Kostnað þann, er af fangavistinni leiðir, skal greiða sem annan sakamálskostnað.

12. gr. Veita má skuldunaut styrk af búinu, svo sem, að honum sjeu fengin búsgögn, húsavist, jörð og búsmali, fjárstyrkur til uppeldis eða því um líkt, enda hafi skuldheimtumenn áður átt kost á að ræða það mál á skiptafundi, og engin mótmæli komið fram gegn því, eða meiri hluti fundarmanna verið því

samþykkur, og þyki skiptaráðanda eigi ástæða til þess, að synja samþykkis síns. En gæta verður hann þess einkum, að eigi bíði veðhafar eða skuldheimtumenn, sem forgöngurjett hafa, neitt sjerstakt tjón af styrkveitingunni, hafi þeir eigi samþykkt hana. Styrk má heldur eigi veita um lengri tíma en eitt ár, og eigi eptir að skiptunum er lokið, nema allir skuldheimtumenn verði á það sáttir. Skiptaráðandi getur leyft skuldunaut og heimamönnum hans að hafa til afnota fyrst um sinn uppskrifaða búsmuni, þótt aðrir sje en þeir, er gjaldþrotaskiptin ná eigi til samkvæmt 13. gr. laga þessara, smbr. 27. gr. í lögum um aðför 4. nóvember 1887, svo og húsnæði, þangað til skuldheimtumönnum hefur gefinn verið kostur á að kveða upp álit sitt um það, eins og að framan er greint.

3. kapítuli.

Um það, hvað til gjaldþrotaskipta skuli koma.

13. gr. Með takmörkunum þeim, er getur um í eptirfarandi greinum, skal skuldunautur sviptur umráðum yfir öllu því, er talið verður til eigna hans í því bili, er gjaldþrotaskiptin byrjuðu (8. gr.), svo og því, er hann eignast, meðan á þeim stendur — hvortveggja þó að þeim munum fráskildum, er undanþegnir eru fjárnámi samkvæmt ákvæði einstakra manna, lagaákvæði eða annari sjerstakri heimild — og skal eignum hans varið til þess við gjaldþrotaskiptin að fullnægja kröfum þeim, er voru á hendur skuldunaut, þegar þau byrjuðu.

14. gr. Upp frá því að gjaldþrotaskiptin byrja, getur enginn öðlazt nein rjettindi á hendur búinu með samningum við skuldunaut, eða losazt við skyldur, er á honum hvíla gagnvart búinu. Þetta á þó eigi við um þann, er semur við skuldunaut, áður en gjaldþrotaskiptin eru birt með opinberri auglýsingu í blöðunum, og er ókunnugt um þau.

15. gr. Nú fær skuldunautur arf, meðan á gjaldþrotaskiptunum stendur, og má búið þá við þeim arfi taka; þó skal þess gætt, að erfðabúinu sje skipt af skiptaráðanda, þannig að komizt verði hjá ábyrgð skulda. Búið á og dánargjafir og aðrar gjafir allar, er skuldunautur fær, meðan á skiptunum stendur. Ákvæði þessi eiga þó því að eins við, að lögmætar ákvarðanir arfleifanda eða gefanda sjeu því eigi til fyrirstöðu.

16. gr. Nú berast búinu, eptir að gjaldþrotaskiptin eru byrjuð, peningar, vörur, farmskrár, víxlar eða annað þess háttar, er sent hefur verið skuldunaut, og átti hann að svara andvirði fyrir, og getur búið þá orðið eigandi að slíkum munum, enda þótt þeir hafi eigi verið orðnir eign skuldunauts áður, ef það greiðir andvirðið, en greiða verður það auðvitað á rjettum tíma.

17. gr. Á því, sem skuldunautur vinnur sjer sjálfur inn, meðan á gjaldþrotaskiptunum stendur, á búið engan rjett. Þetta á þó eigi við um það, er honum áskotnast með talnaspili, í spilum, eða á annan slíkan hátt.

4. kapítuli.

Um áhrif þau, er gjaldþrotaskiptin hafa á ráðstafanir, er skuldunautur hefur gjört, áður en þau byrjuðu.

18. gr. Allar lögmætar kröfur á hendur skuldunaut, er fullnægja á með eigum þrotabúsins, getur búið krafizt, að metnar sjeu til peningaverðs eptir því, hve miklu það varðar skuldheimtumann, að þeim verði fullnægt.

19. gr. Það leiðir af gjaldþrotaskiptunum, að allar lögmætar kröfur á hendur skuldunaut, er fullnægja á með eigum búsins, ber að telja komnar í gjalddaga að því leyti, að rjett er, að búið greiði þær þegar í stað, og skuldheimtumaður sje skyldur að taka við borgun þegar, án tillits til gjalddaga þess, er ákveðinn hefur verið.

20. gr. Hver sá, er skuldar þrotabúinu, getur dregið frá það, er hann á hjá því, án tillits til þess, hversu skuld og gagnkröfu er varið, en þó því að eins, að skuldheimtumaður sjálfur eða sá, er hann hefur erft skuldakröfuna eptir, hafi fengið hana, áður en skiptin byrjuðu, og var, svo að skuldareigandi vissi, eigi þá svo ástatt fyrir skuldunaut, sem segir í 26. gr., eða skuldakrafan stafar af skuldbindingu, er skuldunautur hefur undirgengizt fyrir þennan tíma, og þegar eins stóð á. Nú leikur vafi á, hvenær krafan er fengin, og er eigi hægt að færa sönnur á það á annan hátt, og má skuldheimtumaður þá vinna eið að framburði sínum um það, og getur skiptaráðandi tekið hann í eið á skiptafundi.

Eigi má framselja skuldabrjef búsins, áður liðinn sje innköllunarfrestur skuldheimtumanna, nje heldur síðar, ef mótkröfum er lýst, á þann hátt, að fyrirgjört sje með því gagnkröfurjetti skuldunauts.

21. gr. Nú hefur skuldunautur tekið fasteign á leigu, og kemur búið þá í stað hans, frá því að gjaldþrotaskiptin byrjuðu, nema öðruvísi sje ákveðið í samningnum. En bæði getur búið og sá, er á leigu seldi, sagt leigumálanum upp með vanalegum fresti til fardaga eða venjulegs flutningstíma, enda þótt samið hafi verið um lengri ákveðinn tíma eða lengri uppsagnarfrestur áskilinn; en bæta verður uppsegjandi þá hinum málsaðila þann halla, er hann bíður af því, að leigumálanum var eigi haldið áfram.

22. gr. Nú hefur skuldunautur á hinum síðustu 8 vikum, áður en gjaldþrotaskiptin byrjuðu, borgað skuld, hvort sem hún er fallin í gjalddaga eða eigi, með því að selja af hendi við skuldheimtumann fasteign, skip eða aðra þá muni, sem telja verður óvanalegan gjaldeyri eptir stöðu þeirra og ástæðum, eða hann hefur borgað skuld, sem eigi er fallin í gjalddaga, enda þótt borgað sje með vanalegum gjaldeyri, og getur búið þá riptað borguninni og krafizt þess, að skuldheimtumaðurinn skili aptur því, er hann hefur fengið, eða verði þess.

23. gr. Veðskuldbindingar þær, er skuldunautur hefur gengizt undir á tímabili því, er ræðir um í 22. gr., til tryggingar kröfum á hendur honum, sem ekki eru til orðnar á sama tíma, eru ógildar að því, er búið snertir.

Fyrirmæli 8. gr. laga 4. nóv. 1887 um veð eru framvegis í gildi.

24. gr. Ákvæðin í 22 gr. og fyrra hluta 23. gr. eiga þó eigi við, ef það reynist, að skuldunautur átti enn fyrir skuldum, þegar veðsetningin eða borgunin fór fram; sama er og, ef sá, er skiptir við skuldunaut, hrindir grun þeim, sem álíta má, að á honum hvíli um það, að honum hafi kunnugt verið um þrot skuldunauts, þegar svo á stendur, er segir í áðurnefndum lagagreinum.

25. gr. Nú hefur fjárnám til sölu við uppboð eða löggeymsla farið fram eptir sætt um borgun skuldar er skuldunautur hefur gengið að á tímabili því, sem um er að ræða í 22.gr., eða eptir dómi í máli, er höfðað hefur verið á þessu tímabili, og falla þá burtu sjerrjettindi þau í búinu, er af fjárnáminu og löggeymslunni leiða, nema því að eins, að sannað verði, að skuldunautur hafi enn átt fyrir skuldum, þegar sættin var gjörð, eða málið tekið fyrir, eða álita verð-

ur eptir atvikum öllum, að skuldheimtumanni hafi verið ókunnugt um gjaldþrot skuldunauts.

26. gr. Nú hefur skuldunautur strokið sökum skulda, eða einhver skuldheimtumanna hefur beiðst þess, að bú hans sje tekið til gjaldþrotaskipta, eða skuldnautur hlaut að sjá, að gjaldþrot hans mundi brátt bera að höndum, og hann hefur eptir það með einhverjum ráðstöfunum—og sje þar með talin borgun skulda, sem fallnar eru í gjalddaga, — ívilnað sumum skuldheimtumönnum sínum hinum til tjóns, þannig að saknæmt sje eptir 263. gr. hinna almennu hegningarlaga, og getur búið þá, svo framarlega sem það verður tekið til gjaldþrotaskipta, krafizt þess, að riptað sje borguninni eða ráðstöfuninni, og að skuldheimtumaður skili aptur því, er hann þannig hefur fengið, eða verði þess, hafi honum verið kunnugt um ástæður þær, sem að framan er getið, þegar borgunin eða ráðstöfunin fór fram.

27.gr. Þegar einhverjum samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í 22.—26.gr. hjer að framan, ber að skila búinu því, er hann hefur tekið við, eða verði þess, á hann rjett á, að honum sje skilað aptur því, er hann hefur látið af hendi við skuldunaut umfram það, er hann fjekk borgun fyrir; og þegar borgun er skilað aptur, er staða hans gagnvart búinu að þessu leyti hin sama og ef engin borgun hefði fram farið.

Nú er víxill, sem kominn er í gjalddaga, borgaður með vanalegum gjaldeyri, og verður þess þá eigi krafizt, að sá skili aptur borguninni, sem hefði haft rjett til þess að krefjast borgunar á víxlinum hjá öðrum, ef bú skuldunauts yrði tekið til gjaldþrotaskipta, en hefur misst þennan rjett við greiðsluna; hinsvegar má krefjast upphæðar þeirrar, er víxillinn var borgaður með, af þeim, er að lokum hefði haft hag af borguninni, og hefði orðið að borga víxilinn, ef hann hefði eigi áður verið borgaður, enda hafi honum, þegar hann gaf út eða framseldi víxilinn, verið kunnugt um, að svo var ástatt fyrir skuldunaut, sem segir í 16. gr.

28. gr. Sá sem á hinu síðasta ári áður en gjaldþrotaskiptin byrjuðu, og þegar svo stóð á, að skuldunautur átti eigi lengur fyrir skuldum, hefur þegið gjöf af honum, er skyldur að skila gjöfinni aptur eða standa skil á verði hennar, ef ætla má, að honum, er hann þáði gjöfina, hafi verið kunnugt um nokkurt það atvik, er hann mátti ráða af, að skuldunautur átti eigi fyrir skuldum. Hafi það bakað þiggjanda nokkur fjárútlát, að hann þáði gjöfina, ber búinu að endurgjalda honum þau.

Hið sama er og, þótt ráðstöfunin líti út og komi fram sem sala, makaskipti, leigumáli eða þesskonar afsal, ef ráða má af mismuninum á verði þess, er af hendi var látið, og þess er fyrir kom, eða af öðrum atvikum, að ráðstöfunin sje í raun og veru gjöf; þó skal búið svara til þess, sem af hinum málsaðila er af hendi innt.

29. gr. Nú hefur skuldunantur á hinu síðasta ári, áður en gjaldþrotaskiptin byrjuðu, varið meiru fje en svo, að samsvari efnum hans, til þess að kaupa lífeyri, forlagseyri, lífsábyrgð eða þess konar tekjur handa sjer, konu sinni eða lögerfingjum, eða til að gefa öðrum, og getur búið þá hagnýtt sjer þann rjett, sem skuldunautur hafði sjálfur, til að slíta samningnum og krefjast reikningsuppgjörða, ef búinu bætast tekjur við það.

Sje um gjöf að ræða öðrum til handa, verður þó að vera eins ástatt, og fyrir er mælt í 28. gr.

30. gr. Það skal enn standa, er segir í N. L. 5—13—44, 2. málsgrein, að engar afhendingar, hvort sem eru gjafir, kaup eða önnur afsöl milli hjóna, foreldra og barna, arfleiðanda og erfingja, skulu verða skuldheimtumönnum í þrotabúum til tjóns, ef þær hafa fram farið, eptir að svo var ástatt orðið fyrir skuldunaut, og hann svo skuldugur orðinn, að hann gat eigi borgað skuldir sínar.

31. gr. Nú hefur sá, sem haft hefur viðskipti þau við skuldunaut, er ræðir um í 22.—30. gr., afhent öðrum hluti þá eða rjettindi, er hann hefur fengið, og hefur búið þá einnig gagnvart þeim rjett á að heimta munuum eða rjettindunum skilað aptur eða verð þeirra bætt búinu, ef ætla má, að þeir hafi verið þess vitandi, að tilgangurinn með framsalinu var sá að hindra búið í að njóta rjettar síns.

32. gr. Mál þau, sem höfðuð eru til þess að ripta ráðstöfunum, samkvæmt 22. —31. gr., skal sá með fara fyrir hönd skuldheimtumannanna, er til þess verður kjörinn á skiptafundi. Með mál þessi skal fara sem með gestarjettarmál, og skal höfða þau innan 4 vikna eptir skiptafund þann, er kröfurnar hafa verið rannsakaðar á (lög 12. apríl 1878 37. gr.) ef þau skulu flutt í lögsagnarumdæminu, en ef mál skal höfða í öðru lögsagnarumdæmi, þá skulu hinar nauðsynlegu ráðstafanir til þess gjörðar innan 12 vikna frá sama tíma.

5. kapituli.

Um önnur gjaldþrotaskipti.

33. gr. Í dánarbúum, sem eigi hrökkva fyrir skuldum, sbr. 81. gr. í lögum 12 apríl 1878 um skipti á dánarbúum, fjelagsbúum o. fl., getur hver skuldheimtumanna heimtað gjaldþrotaskipti, og að farið verði jafnframt eptir ákvæðunum í lögum þessum. Þegar skiptaráðandi skiptir búi milli hjóna, sem bæði eru á lífi, eða búi milli þess hjóna, er eptir lifir og ábyrgist skuldir búsins, og erfingja hins látna, getur eins hver skuldheimtumanna krafizt gjaldþrotaskipta á búinu, ef svo er ástatt fyrir því hjóna, er í hlut á, að krefja má gjaldþrotaskipta á búi þess eptir lögum þessum. Í búum þeim, er ræðir um í þessari grein, skal reikna fresti þá, er getur um í 22., 23., 25., 28. og 29. gr., frá þeim tíma, er búið var tekið til skiptameðferðar,

6. kapituli.

Um lok gjaldþrotaskipta.

34. gr. Nú verður það bert, meðan á gjaldþrotaskiptunum stendur, að búið hrökkur eigi fyrir kostnaðinum við skiptin, og skal þá þegar ljúka skiptunum, og skal sá greiða þann hlut af áföllnum kostnaði, er búið hrökkur eigi fyrir, sem skiptanna hafði krafizt. Þó getur skuldheimtumaður sá, er krafizt hefur gjaldþrotaskipta og er í vafa um ástand búsins, komizt hjá frekari ábyrgð, ef hann lýsir því yfir og lætur bóka það í skiptabókina, að hann álíti, að búið hrökkvi eigi fyrir kostnaði við framhald skiptanna og að hann vilji eigi greiða hann, og ef þá enginn annar skuldheimtumaður býðst til þess á skiptafundi, er kalla skal saman í þessu skyni, að greiða kostnað þann, er framhald skiptanna hefur í för með sjer, getur hann krafizt þess, að skiptunum skuli þegar lokið.

35. gr. Að liðnum innköllunarfresti til skuldheimtumannanna má, hvenær sem vill, meðan á skiptunum stendur, selja skuldunaut búið í hendur til frjálsra umráða, ef hann sýnir skiptaráðanda skriflegt samþykki til þess frá öllum þeim skuldheimtumönn-

um, sem hafa gefið sig fram. Sönnun fyrir því, að skuld, sem sagt hefur verið til, sje greidd að fullu, er jafngild samþykki hlutaðeigandi skuldheimtumanns.

36. gr. Þegar öðruvísi er ástatt, er gjaldþrotaskiptunum lokið með úthlutunum skiptaráðanda.

Ed.

228. Frumvarp

til laga um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna, bæjarfógeta og fl. Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í E.-d.

1. gr. Fyrir að skoða skjöl útlendra fiskiskipa skal greiða lögreglustjóra eða hreppstjóra 10 aura af hverjum tonn, er skipið rúmar, ef skipið hefur eigi fyrri komið á íslenzka höfn og sýnt skjöl sín í þeirri fiskiferð að landinu, ella 5 aura af tonn.

Þegar hreppstjóri skoðar skipaskjölin fyrir hönd lögreglustjórans, skal gjaldinu skipt jafnt milli þeirra.

2. gr Fyrir störf þau, er sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin sem skráningarstjórum samkvæmt 17. gr. farmannalaga 22. marz 1890, skal greiða þeim eða löggiltum umboðsmönnum þeirra gjöld þau, sem þeim eru ákveðin í greindum lögum.

3. gr. Fyrir eptirrit, er einstakir menn biðja um úr embættisbókunum, hvort sem þau eru í gjörðarformi eða ekki, svo og fyrir eptirrit af skjölum í skjalasöfnum embættanna, skal greiða hlutaðeigandi embættismanni 50 aura fyrir hverja örk, en fyrir hálfa örk og þaðan af minna greiðist ekki nema hálft gjald. Í dómsmálum, er nema eigi meiru en 50 kr., skal þó aðeins greiða helming gjalds þessa. Fyrir pappír og önnur ritföng skal eigi greiða sjerstaka borgun, en þurfi að binda eitthvað inn, skal það sjerstaklega borgað.

Í opinberum málum, gjafsóknarmálum og í lögreglumálum um meðgjöf með óskilgetnum börnum, og hjúamálum, svo og þegar málsaðilar eru eptir lögunum undanþegnir því að greiða rjettargjöld í hjeraði, skal engi ritlaun gjalda; en í gjafsóknarmálum skulu ritlaun þau, er gjafsóknarhafandi hefði átt að greiða, goldin af hinum málsaðila, þegar hann með dómi er skyldaður til að greiða málskostnaðinn.

Rita skal þannig allar rjettargjörðir og eptirrit, að á hverri blaðsíðu sjeu 28 línur en 32 bókstafir í hverri línu; þegar útreikningar og virðingar koma fyrir í afskriptunum, svo að hafa verður eina eða tvær spássíur á blaðsíðunni, skal í hverri línu vera 24 bókstafir, ef spássían er ein, en 16, ef tvær eru.

Ritlaunin við landsyfirdóminn ber að greiða eptir framangreindum reglum, og fær dómsmálaritarinn þau.

4. gr. Í sakamálum og öðrum opinberum málum, svo og í öðrum dómsmálum, fógeta-, skipta-, uppboðs-, nótaríal-, skoðunar-, rannsóknar-, skiptingar- og öðrum þesskonar gjörðum, ber að endurgjalda embættismanninum ferðakostnað þann, er hann hefur haft, eptir sundurliðuðum reikningi. Amtmaður úrskurðar reikninginn í opinberum málum og gjafsóknarmálum og einnig í einkamálum, ef ágreiningur verður. Þegar ferðin er farin eptir beiðni einstakra manna, á gjörðarbeiðandi kost á að sjá embættismanninum fyrir ókeypis flutningi fram og aptur frá stað þeim, sem gjörðin á að fara fram á, í stað þess að greiða honum borgun fyrir ferðakostnað.

5. gr. Nú eru fleiri gjörðir en ein haldnar á sömu ferðinni, og skal þá jafna niður dagpeningum og borgun fyrir ferðakostnað í rjettu hlutfalli. Fyrir gjörðir þær, er haldnar eru á þingaferðum, má embættismaðurinn að eins reikna sjer dagpeninga og borgun fyrir ferðakostnað fyrir þá daga, sem ferð hans tefst við gjörðirnar.

6. gr. Á skipstrandsferðum ber lögreglustjóra eða umboðsmanni hans 6 kr. í dagpeninga hvern þann dag, sem hann strandsins vegna þarf að vera fjarverandi frá heimili sínu, og skulu uppboðsdagarnir taldir þar með. Borgun þessi skal vera þriðjungi hærri (9 kr.) þá daga, sem hann verður að vera viðstaddur á fjörunni til þess að skipa fyrir um björgun lengur en 8 stundir; en þar með má þó eigi telja þann tíma, er hann ver til undirbúnings strandbókarinnar, o. s. frv. Þar að auki skal greiða lögreglustjóra eða umboðsmanni hans ferðakostnað eptir reglum þeim, sem settar eru hjer að framan.

7. gr. Fyrir tilsjón með útflutningum skal greiða lögreglustjóra 6 kr. hvern þann dag, sem hann vegna þess verður að vera fjarverandi frá heimili sínu, og enn fremur ferðakostnað eptir reglum þeim, sem settar eru hjer að framan. Gjöld þessi ber hlutaðeigandi útflutningastjóra að greiða.

8. gr. Fyrir að mæla skip skal greiða lögreglustjóra 4 kr. í dagpeninga fyrir dag hvern, sem hann vegna þess verður að vera fjarverandi frá heimili sínu, og borgun fyrir ferðakostnað eptir reglum þeim, sem settar eru hjer að framan.

9. gr. Greiða skal lögreglustjóra sömu dagpeninga og borgun fyrir ferðakostnað, sem segir í 10. gr., þegar hann verður að takast ferð á hendur í tilefni af rannsóknum þeim og vottorðum, sem getið er um í 2. og 3. gr. laga nr. 10, 11. febrúar 1876.

10. gr. Á allar rjettargjörðir og skjöl, sem embættismönnum og sýslunarmönnum þeim, sem ræðir um í lögum þessum, er borgað fyrir að gefa út eða rita á, eða sem snerta embættisgjörðir, sem þeim ber borgun fyrir, skal bæði rita borgunina með tölustöfum og bókstöfum, og eins er um borgun fyrir ferðakostnað og dagpeninga, er þeir hafa fengið.

Sje brotið gegn þessu, varðar það sektum, allt að 100 kr. til landssjóðs.

11. gr. Lög þessi snerta eigi innheimtulaun þau, er lögreglustjórar fá eptir gildandi lögum fyrir að heimta inn aðflutningsgjald af vínföngum, tóbaki, kaffi og sykri, og útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl. Svo er og um dagpeninga þá og borgun fyrir ferðakostnað, sem greiða skal sýslumönnunum sem formönnum sýslunefndanna samkvæmt 33. gr. í tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi.

12. gr. Aukatekjureglugjörð fyrir rjettarins þjóna á Íslandi 10. september 1830 er úr lögum numin að því er snertir gjöld þau, er sýslumönnum og bæjarfógetum ber samkvæmt henni.

13. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1894.

Ed. **229. Frumvarp**

til laga um aukatekjur þær, er renna í landssjóð. Eins og það var samþykkt við 2. umr. í efri deild.

I. kapítuli.

Um dómsmálagjöld.

1. gr. Fyrir stefnu skal gjalda 50 aura, þegar málsaðili í stað þess að gefa út fyrirkallsseðil beiðist þess, að stefnan verði gefin út með nafni dómarans og innsigli.

Sama gjald skal greiða fyrir fyrirkall það, er greinir um í 9. og 14. gr. tilskipunar 15. ágúst 1832.

2. gr. Fyrir að taka fyrir mál, þar með talin ritun í dómsmálabókina, skal gjalda 1. kr. Sama gjald skal greiða í tilfellum þeim, er getur um í 7., 9. og 14. gr. tilskipunar 15. ágúst 1832.

3. gr. Fyrir að leggja dóm á mál skal gjalda 1 kr., um leið og málið er tekið til dóms. Fyrir hina skriflegu frávísun, sem greinir um í 6. gr. tilskipunar 15. ágúst 1832, skal greiða sama gjald.

4. gr. Nú eru teknar út fleiri en ein stefna í sama máli, og skal þá greiða gjöld þau, er getur um í 1. og 2 gr., fyrir hverja þeirra um sig. Gjald það, sem ræðir um í 3. gr., á sækjandi málsins að greiða, en komi gagnsókn fyrir, skal gagnsækjandi einnig greiða gjald þetta.

5. gr. Fyrir að yfirheyra vitni skal gjalda 30 aura fyrir hvert þeirra.

Fyrir gagnspurningar skal ekki greiða sjerstaklega.

6. gr. Fyrir að kveðja menn í rjetti til skoðunargjörða eða annara slíkra gjörða skal gjalda 30 aura fyrir hvern hinna dómkvöddu, auk gjalds þess, er getið er um í 2. gr. Sama gjald skal greiða fyrir eiðfesting gjörðarinnar, svo og fyrir sjerhverja eiðfestingu, nema um vitni sje að ræða.

7. gr. Fyrir að staðfesta og innsigla rjettargjörðir eða önnur eptirrit, sem út eru gefin í gjörðarformi, skal gjalda 50 aura fyrir hvert.

8. gr. Þegar mál það, er ræðir um, varðar eigi meiru en 50 krónum, skal að eins greiða helming gjalda þeirra, er um getur í 1.—6. gr.

9. gr. Í hjúamálum skal eigi gjalda nema 50 aura alls, en í lögreglumálum um meðgjöf með óskilgetnum börnum skal engin gjöld greiða í hjerað.

Í öðrum lögreglumálum skal greiða hin venjulegu gjöld, sem talin eru hjer að framan.

10 gr. Fyrir bókun á yfirlýsing um eitt eður annað, sem ekki snertir neitt mál, sem áður hefur verið tekið fyrir og er til meðferðar fyrir rjettinum, skal sá, er þessa beiðist, greiða 50 aura auk gjalds þess, er getur um í 2. gr.

11. gr. Við landsyfirdóminn skal ávallt greiða tvöfalt gjald á við það, er borga hefði átt í hjerað.

12. gr. Í opinberum málum og gjafsóknarmálum skal engin rjettargjöld greiða, en í gjafsóknarmálum skulu rjettargjöld þau, er gjafsóknarhafandi hefði átt að greiða, goldin af hinum málsaðila, þegar hann með dómi er skyldaður til að greiða málskostnaðinn.

Í málum þeim, sem ræðir um í 16. gr. laga um kosningar til alþingis 14. september 1877, skal engin rjettargjöld greiða í hjeraði.

13. gr. Þingvitnaleiðslur, er fram fara til þess að færa sönnur á slys eða til þess að heimila verðlaun fyrir björgun drukknaðra, skal álíta sem opinber mál, en venjulega skulu þær fram fara á hinum reglulegu þingtímum, til þess að kostnaður rísi eigi af fyrir hið opinbera.

2. kapituli.
Um gjöld fyrir fógetagjörðir.

14. gr. Fyrir kyrrsetningargjörð eða lögbann, svo og fyrir fjárnáms-, lögtaks eða löggeymslugjörð, sem fram fer í fjármunum — en til fjármuna teljast eigi að eins lausafje og fasteignir, heldur og skuldakröfur á hendur öðrum og önnur þau fjárrjettindi, sem greinir um í 3. kapítula laga 4. nóvember 1887 um aðför — skal gjalda í hlutfalli við fjárupphæð þá, sem gjörðarinnar er beiðzt fyrir, eins og hjer segir:

þegar upphæðin er			25 kr eða minni				„	kr.	75	a.
—	—	— frá	25	kr. til	50	kr.	1	—	50	-
—	—	— —	50	— —	100	—	2	—	25	-
—	—	— —	100	— —	200	—	3	—	„	-
—	—	— —	200	— —	300	—	3	—	50	-
—	—	— —	300	— —	400	—	4	—	„	-
—	—	— —	400	— —	1000	—	5	—	„	-
—	—	— —	1000	—			6	—	„	-

15. gr. Fyrir kyrrsetning á manni skal gjalda 6 kr,; sjeu fjármunir jafnframt kyrrsettir, skal gjalda fyrir það eptir 14. gr,

16 gr. Nú er aðfarar beiðzt hjá einum og sama manni eptir fleiri dómum en einum, sættum eða þinglesnum veðskuldabrjefum (og eru þau skilyrði fyrir hendi, sem sett eru í 15. og 16. gr. laga nr. 29, 16. desember 1885), og skal gjaldið þá greitt fyrir hverja þeirra um sig.

Þegar fjárnáms er beiðzt eptir sama dóminum, sættinni eða veðskuldabrjefinu hjá fleirum en einum, skal gjörð halda hjá hverjum þeirra og greiða gjald fyrir hverja gjörðina. Þetta gildir þó eigi, ef hlutaðeigendur eiga muni í sameign, er fjárnám er gjört í. Eigi skal heimta hærra gjald, þótt munir þeir, sem fjárnámi eru teknir, sjeu eigi allir á sama stað.

17. gr. Fyrir lausnargjörð skal gjalda eptir 14. gr., þegar fje með henni er laust látið, en eptir 15. gr, sje kyrrsetning á manni með henni niður felld.

18. gr, Fyrir rannsókn, sem haldin er eptir beiðni einstakra manna, skal gjalda 1 kr.

19. gr. Fyrir útburð manns af jörðu eða húsi og fyrir innsetning á jörð eða í hús til umráða skal gjalda 2 kr. Sama gjald skal greiða fyrir aðrar fógetagjörðir, er fara fram á eitthvað það, er eigi verður metið til peningaverðs.

20. gr. Fyrir skoðun á líkams-áverka eptir beiðni einstakra manna skal gjalda 2 kr. Fyrir skoðun á fundnum líkum skal ekkert gjald greiða.

21. gr. Þegar hreppstjóri heldur fógetagjörðir, skal fara eptir lögum nr. 3, 13. janúar 1882, 5. gr., og lögum nr. 29, 16. desember 1885, 14. gr.

22. gr. Ef hægt er að ákveða gjaldið fyrir fram, skal greiða fógeta það áður en hann byrjar gjörðina þá er hann krefst þess, og er gjaldið eigi apturkræft, þótt gjörðarbeiðnin sje kölluð aptur, eða fógeti neiti að fremja gjörðina, nema svo sje, að hærra gjald hafi verið borgað fyrir fram fyrir gjörðina, en greiða hefði átt, er hún var leidd til lykta.

23. gr. Í gjafsóknarmálum og skipuðum málum, svo og þegar sá beiðist fjárnáms, er dæmdar hafa verið bætur í opinberu máli, og þegar tekin er fjárnámi eða lögtaki framtærslueyrir, er manni ber að greiða með barni sínu skilgetnu eða óskilgetnu, með stjúpbarni, foreldri sínu eða konu, er hann hefur slitið samvistum við, eða skilið við að borði og sæng eða að fullu og öllu, eða tekið er lögtaki eða fjárnámi kaup hjúa eða matarverð, er þau eiga hjá húsbændum sínum, skal því að eins greiða rjettargjald, að það náist hjá þeim, er fyrir fjárnámi eða lögtaki verður, enda sje kröfu gjörðarbeiðanda áður fullnægt.

Fyrir að fullnægja dómum í sakamálum eptir ráðstöfun hins opinbera, skal engin gjöld greiða.

3. kapituli.

Um gjöld fyrir þinglýsingar o. fl.

24. gr. Fyrir að þinglesa afsalsbrjef, veðskuldabrjef, fjárnámsgjörð, skiptabrjef eða önnur skjöl, sem þinglesin eru sem eignarheimild fyrir fasteign eða til þess að leggja hapt á fasteignir og fyrir að rita á skjöl þessi og rita þau inn í bækurnar, svo og fyrir að þinglesa, rita á og bóka skjöl, sem leggja hapt á lausafje, skal gjalda í hlutfalli við fjárupphæð þá, er skjalið hljóðar um, eins og hjer segir:

Þegar upphæðin er			100	kr.	eða minni.	.	.	„	kr.	75 a.
—	—	— frá	100	kr.	til	200	kr,	1	—	„ -
—	—	— —	200	—	—	500	—	1	—	50 -
—	—	— —	500	—	—	1000	—	2	—	„ -
—	—	— —	1000	—	—	2000	—	3	—	-
—	—	— —	2000	—	—	3500	—	4	—	„
—	—	— —	3500	—	—	5000	—	5	—	„

og sje upphæðin meiri, skal gjalda 6 kr. hversu há sem hún er.

Gjald það, er síðast er nefnt, skal og greiða, sje upphæð sú óákveðin, sem skjalið greinir um, t. a. m. þegar veð er sett fyrir skuldir, er síðar verða stofnaðar.

Nú er upphæðin ákveðin í öðrum aurum en peningum, og skal þá meta þá til peningaverðs eptir almennum reglum.

Nú er árlegt afgjald áskilið um óákveðinn tíma og skal þá gjalda sem fyrir 25 sinnum stærri fjárupphæð; en sje afgjaldið áskilið fyrir lífstíð, skal gjaldið að eins talið af 5-faldri upphæðinni; sje áratal tiltekið, skal afgjaldið talið saman fyrir öll árin, en þó skal aldrei af meiru gjalda en af upphæð afgjaldsins 25-faldri.

Nú er eign seld af hendi, án þess að fyrir hana sje greitt andvirði, eða henni makaskipt gegn annari eign, og verður þá að tiltaka verð hennar í skjalinu eða rita það á það, svo ákveða megi eptir því þinglýsingargjaldið.

25. gr. Fyrir að þinglesa og bóka skjöl, er hljóða um efni, sem eigi verður metið til ákveðins verðs, eða skjöl, sem ekki eru um afsal eða hapt á fasteignum eða lausafje, skal gjalda 1 kr. Sjeu þess konar skjöl þinglesin við landsyfirdóminn skal gjalda 2 kr.

26. gr. Þegar þinglesa skal heimildarskjal eða brjef um hapt á eignum, skal hlutaðeigandi embættismaður líta eptir því, hvort útgefandi þess hefur sjálfur eignarheimild fyrir eign þeirri eða munum, sem hann ráðstafar, eða hvort nokkuð það hafi þinglesið verið áður, er ónýtt geti eða rýrt gildi skjalsins, og rita að eins á skjalið, að það hafi verið þinglesið, ef enginn brestur eða tálmun finnst; ella skal rita athugasemd á skjalið um heimildar-brest hans eða um hið áður lesna heptingar-brjef, og skal greiða fyrir það helming gjalds þess, er ræðir um í 24. gr., en þó aldrei minna en 50 aura og aldrei meira en 1 kr. 50 aura. Þegar fengnar eru betri skýrslur eða frekari heimild, og áritunin því næst verður afmáð, skal greiða fyrir það sama gjald og fyrir að gjöra hana.

27. gr. Fyrir að aflýsa skjali og afmá það úr veðbrjefabókinni, svo og fyrir að aflýsa afborgun á veðskuld og gjöra áritun um það á veðskuldabrjefið skal greiða helming gjalds þess, er greinir um í 24. gr., þó eigi minna en 50 aura; á afborgun skal miða gjaldið við stærð hennar.

28. gr. Nú krefst einhver vottorðs úr afsals- og veðbrjefabókunum um eignarheimild á fasteign og um höpt þau, er á henni hvíla, og skal hann gjalda fyrir það 1 kr.

Vottorð þau, er stjórn landsbankans krefst úr greindum bókum um fasteignir þær, sem menn ætla að veðsetja gegn láni úr bankanum, skulu gefin ókeypis, ef þau eru ætluð bankanum einum til afnota.

29. gr. Nú er sama skjalið þinglesið í fleiri þinghám en einni, og skal þá greiða gjöld þau, sem að framan getur um, fyrir hverja þinglýsing.

30. gr. Fyrir þinglýsingar og aflýsingar á veði því, sem sett er landssjóði fyrir innheimtu á tekjum hans, skal ekkert gjald greiða. Svo er og um þinglestur og aflýsingar á uppskriptargjörðum þeim á eignum þurfalinga og yfirvaldsúrskurðum um sviptingu á fjárforráði þeirra, sem greinir um í 3. og 4. gr. laga nr. 20, 4. nóvember 1887.

4. kapituli.
Um skiptagjöld.

31. gr. Í öllum þeim búum, sem skiptaráðandi eða skiptaforstjóri án dómsvalds fer með og lýkur skiptum í, skal greiða í skiptagjöld 1 % af öllum eignum búsins án tillits til skulda, er á því hvíla.

Þó skal ekkert gjald greiða í þeim búum, þar sem eigurnar nema ekki 200 kr., að frádregnum útfararkostnaði í dánarbúum.

32. gr. Fyrir að gefa út innköllun til skuldheimtumanna skal greiða:

þegar eignir búsins umfram skuldir þess eru eigi meiri en 200 kr. . .	1 kr.
Sjeu þær meiri en 200 kr. en ekki meiri en 1000 kr.	2 —
— — — — 1000 kr.	4 —

Í gjaldþrotabúum og búum, sem ekkert eiga um fram skuldir, skal ekkert gjald greiða fyrir innköllun þessa.

33. gr. Nú tekur skiptaráðandi bú til skiptameðferðar en framselur það síðar hlutaðeigandi erfingjum eða öðrum, er hlut eiga að máli, og skal þá greiða fjórðung gjalds þess, er ræðir um í 31. gr., ef framsalið fer fram á fyrsta skiptafundi, helming ef það fer fram seinna en þó ekki síðar en á fyrsta skiptafundi eptir að innköllunarfresturinn er útrunninn, en 3 fjórðunga gjaldsins, ef framsalið fer síðar fram, en nú var sagt, en þó áður en búið er tekið til skiptaloka.

34. gr. Þá er skiptaráðendur eða skiptaforstjórar ljúka skiptum í búum, kemur gjaldið í gjalddaga við skiptalok, og bera þeir, hvor um sig, ábyrgð á greiðslu gjaldsins og á því, að það sje rjett talið.

Þegar bú er framselt til erfingjaskipta, kemur gjaldið í gjalddaga 6 mánuðum eptir framsalið, og bera erfingjar, einn sem allir og allir sem einn, ábyrgð á því. En ef erfingjar skýra frá því, þegar frestur þessi er á enda, að þeir hafi enn þá eigi getað ákveðið gjaldið, getur skiptaráðandi veitt þeim frekari frest á greiðslu þess. Þegar gjaldið er komið í gjalddaga, eiga erfingjar, sjeu þeir eigi samkvæmt 77. gr. skiptalaganna skyldir til að láta skiptaráðanda í tje skýrslu þá, er þar er getið, að senda honum skrá, samda upp á æru og samvizku, yfir eigur búsins og skuldir; og má dagsektum beita, komi þeir eigi fram með hana. Hið sama er, þegar bú hefur verið tekið til opinberrar skiptameðferðar en er framselt því hjóna, er eptir lifir, til þess að sitja í óskiptu búi. Nú hefur einhver, þegar svo er ástatt, sem að framan er sagt, samið ranga skýrslu á móti betri vitund landssjóði í óhag, og skal þá greiða tvöfalt gjald af því, sem dregið hefur verið undan, og hlutaðeigandi sætir auk þess þeirri hegningu, sem við er lögð í almennum hegningarlögum.

5. kapituli.
Um gjöld fyrir uppboðsgjörðir.

35. gr. Hin almennu uppboðslaun, er ávallt skal greiða, nema þar sem eptirfarandi greinir veita heimild til annars, eru 4 af hundraði.

36. gr. Þegar seld eru við opinbert uppboð hús, jarðir og aðrar fasteignir, svo og þilskip — sjeu þau eigi ósjófær — hlutabrjef, skuldabrjef og aðrar skuldakröfur, leigumálarjettur og önnur þess konar rjettindi, skal gjalda í uppboðslaun:

af hinum fyrstu 2,000 kr.	2 %.
af upphæð yfir 2,000 kr. til fullra 6,000 kr. . .	1½ —
- — — 6,000 — — — 60,000 — . . .	1 —
- — sem er meiri en 60,000 kr.	½ —

Þegar leigumálarjettur er seldur við uppboð, skal að eins reikna uppboðslaun af hinu árlega afgjaldi.

37. gr. Nú eru verzlunarvörur seldar við uppboð og svo mikið í einu, að hvert hamarshögg nemur minnst 30 kr., og skulu þá uppboðslaun af upphæð þeirri, sem uppboðið nemur meiru en 600 kr., en af hinum fyrstu 600 kr. skal ætíð greiða fullt gjald eptir 36. gr., ákveðin eins og hjer segir:

af upphæð frá 600 kr. til fullra 2,000 kr. . . 2 %.
- — meiri en 2,000 — — — 4,000 — . . 1½ —
- — — — 4,000 — — — 8,000 — . . 1 —
- — — — 8,000 — — — 16,000 — . . ½ —
og af upphæð, sem nemur meiru en 16,000 kr. . ⅜ —

38. gr. Þegar þess er krafizt, skal uppboðshaldari sjá um, að uppboðið verði birt á undan með auglýsingu í blöðunum eða á annan hátt, eptir því sem við verður komið á hverjum stað, og skal það gjört, ef unnt er, 8 dögum áður en uppboðið er haldið.

Það er venjulega undir hlutaðeigendum sjálfum komið, hvort uppboðið skuli birt nema í kaupstað þeim eða hrepp, er það á að haldast, eða hvort þar að auki skuli birta það í einum eða fleirum næstu hreppunum; svo er það og á valdi þeirra, hvernig uppboðsauglýsingunum skuli útbýtt, — sjá þó 18. gr. laga 14. janúar 1876 um skipströnd. En sje eigi hægt að fá vitneskju um ósk hlutaðeigenda í þessum atriðum, eða sjeu þeir á skiptum skoðunum um þau, skal kjósa þá aðferð, sem mest geti orðið þeim til nota, er með eiga, og haft tillit til þess, hve uppboðsmunirnir eru mikilvægir, svo og til annara ástæðna.

Fyrir að semja uppboðsauglýsing og gefa út af henni svo mörg eintök, sem þörf er á, skal gjalda 1 kr.

39. gr. Þegar uppboð er haldið á fasteign eða á öðru því, er getur um í 37. gr., en sala fer þó eigi fram við uppboðið, svo og þegar hamarshögg er gefið upp á væntanlegt samþykki, en það bregzt, skal gjalda 4 kr. fyrir árangurslaust uppboð.

Þegar einhver lætur bjóða upp fleiri en einn sjerstakan hlut í einu, eða eign er boðin upp í pörtum, skal þó eigi gjalda meira en 10 kr. alls fyrir árangurslaust uppboð.

40. gr. Við lausafjáruppboð skal gjalda 10 aura fyrir hvert númer, sem boðið er upp en þó eigi selt, og við uppboð á verzlunarvörum í svo stórum skömmtum, sem segir í 37. gr., skal gjalda 20 aura fyrir hvert númer, sem boðið er upp, án þess að verða selt.

41. gr. Fyrir uppboð á eptirlátnum munum þurfalinga skal ekkert gjald greiða, og eigi heldur þegar landsbankinn lætur eigin þjóna sína selja við uppboð verðbrjef þau og annað, er hann hefur fengið að handveði.

42. gr. Þegar hreppstjórar halda lítilfjörleg uppboð í forföllum sýslumanns og í umboði hans, skal fara eptir ákvæðum 6. greinar í lögum nr. 3, 13. janúar 1882.

43. gr. Fyrir að gefa út uppboðsafsalsbrjef á fasteign, er seld hefur verið við uppboð, skal gjalda 2 kr., ef kaupverðið er eigi meira en 2,000 kr., 4 kr. ef það er meira en 2,000 kr. og fer þó eigi fram úr 6,000 kr., en 6 kr. ef það fer fram úr þeirri upphæð.

44. gr. Nú hefur uppboðs beiðzt verið hjá uppboðshaldara og sjeð hefur verið um birtingu á því, en beiðnin svo kölluð aptur, og skal þá að eins greiða gjald fyrir birtinguna samkvæmt 39. gr.; en sje beiðnin eigi kölluð aptur, fyr en búið er að setja uppboðsþingið, skal gjalda 4 kr. eins og fyrir árangurslaust uppboð.

45. gr. Fyrir undirboðsþing skal greiða 4 kr. Þó skal ekkert gjald greiða fyrir undirboðsþing þau, sem getur um í tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, 27. gr., tilsk. 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi, 24. gr., lögum 8. október 1883 um bæjarstjórn á Akureyri, 26. gr., og lögum s. d. um bæjarstjórn í Ísafjarðar-kaupstað, 27. gr.

46. gr. Þar eð það er uppboðsbeiðandi, sem á að greiða uppboðskostnaðinn, skal þess gætt, ef svo kemur fyrir, að kaupanda verður gjört að skyldu að greiða hann, að hann sje þá skoðaður sem viðbót við boð þau, sem gjörð hafa verið, og ber því að reikna uppboðslaunin af uppboðssöluverðinu að viðbættum þessum kostnaði.

6. kapituli.
Um nótarialgjöld.

47. gr. Fyrir afsögn á víxli, er nótarius gjörir fyrir skort á samþykki eða greiðslufall, skal gjalda eins og hjer segir:

Þegar víxillinn nemur 1,000 kr. eða minni upphæð . . . . . 2 kr.
— — — meiru en 1,000 kr. og allt að fullum 4,000 kr. 4 —
— — — — - 4,000 — — — — — — 10,000 kr. 5 —
— -10,000 — . . . . . 6 —

Gjald þetta skal greiða, efgjörðin hefur verið byrjuð, enda þótt gjörðarbeiðandi láti eigi leiða hana til lykta; fyrir eptirrit af afsagnargjörðinni skal ekkert gjald greiða.

48. gr. Fyrir aðrar afsagnargjörðir, svarkröfur, stefnubirting, er nótarius framkvæmir, svo og aðrar þess konar gjörðir skal gjalda 2 kr.

Nú skal framkvæma einhverja af gjörðum þeim, er getur um í grein þessari eða í 48. gr., á fleiri stöðum en einum, og skal þá greiða fullt gjald á hinum fyrsta stað, en að eins 1 kr. fyrir hvern hinna staðanna, sem gjörðin fer fram á eptir kröfu gjörðarbeiðanda.

49. gr. Fyrir að bera eptirrit saman við frumritið og staðfesta það skal gjalda 25 aura fyrir hverja örk, sem eptirritið nemur, þegar það er ritað eins og að lögum á að vera, en fyrir það, sem minna er en ½ örk, skal þó að eins gjalda 12 aura.

50. gr. Þegar gjörður er samningur, arfleiðsluskrá, umboðsskjal eða aðrir þesskonar gjörningar fyrir nótarius, eða gengið er við áður sömdu skjali í viðurvist hans, og hann gefur út um það nótarial-vottorð í lögmætu formi, skal gjalda fyrir það 1 kr.

51. gr. Fyrir að taka á móti og gefa út skipstjóramótmæli, er ákveða skal ábyrgðargjald eða skipskaðabætur, skal gjalda 8 kr.

7. kapituli.
Um gjöld fyrir ýms önnur embættisverk bæjarfógeta og sýslumanna.

52 gr. Fyrir að gefa út vegabrjef skal gjalda 30 aura fyrir hvern þann, er vegabrjefið hljóðar um, en 50 aura, sje ferðinni heitið til útlanda. Þó

skal að eins greiða helming gjalds þessa fyrir vegabrjef handa húsmönnum, þurrabúðarmönnum, daglaunamönnum, vinnuhjúum og öðrum, er setja má jafnhliða þessum mönnum.

53. gr. Fyrir sjerhvert mál eða kvarða, sem bæjarfógeti eða sýslumaður löggildir og brennimerkir, skal gjalda 15 aura.

54. gr. Fyrir borgarabrjef sem skipstjóri skal gjalda 4 kr. og fyrir borgarabrjef sem handiðnamaður 2 kr.

55. gr. Fyrir að löggilda og setja innsigli á verzlunarbók skal gjalda 2 kr., en fyrir að löggilda viðskiptabók 15 aura, hvort sem hún er stór eða lítil.

56. gr. Fyrir að rita á skjöl verzlunarskipa og mannflutningaskipa og fyrir að láta af hendi heilbrigðisvottorð og önnur þau skilríki, er skipin eiga að fá á Íslandi, skal greiða 25 aura af hverri smálest af rúmfangi skipsins, þannig að ½ lest eða þar yfir ber að skoða sem heila lest, en sleppa því, sem minna er en ½ lest; skal greiða gjald þetta á hinni fyrstu höfn á Íslandi, er skipið kemur á til þess að taka á móti vörum eða fólki eða til þess að skipa upp vörum eða skjóta fólki á land. Nú kemur skipið á aðrar hafnir í sömu ferðinni, og skal þá eigi gjald greiða á þeim höfnum fyrir að rannsaka og rita á skjöl þess eða fyrir nýjar farmskrár, þar með talin löggilding vöruskoðunarvottorða.

Af skipum frá konungsríkinu, sem eingöngu eru ætluð til fiskiveiða, og sem koma að landinu en fara frá því aptur, skal gjalda 10 aura af hverri smálest á fyrstu höfn, er þau koma á.

Aukaþóknun sú fyrir að rannsaka og rita á skipsskjöl, sem getur um í opnu brjefi 28. desember 1836, 9. gr., er úr gildi numin.

57. gr. Fyrir að mæla skip samkvæmt tilskipun 25. júní 1869 skal gjalda:

a) þegar mælingin fer fram eptir fullkomnari aðferðinni, og hefur þó eigi verið við hendina eldra mælingarbrjef, er út hefur verið gefið samkvæmt tilskipun þessari eða eldri ákvæðum . . . . . 20 aura

b) ætíð endrarnær . . . . . 10 —

fyrir hverja smálest skipsins eptir hinu nýja mælingarbrjefi.

Fyrir útdrátt þann úr skrásetningarbókinni, er getur um í 20. gr. tilsk. um skrásetningu skipa 25. júní 1869, skal gjalda 2 kr. fyrir hvert það skip, sem leitað er upplýsinga um.

58. gr. Fyrir eptirlit lögreglustjóra með útflutningum samkvæmt lögum nr. 3, 14. janúar 1876, skal gjalda 20 kr. fyrir hvert útflutningaskip, er hann skoðar.

59. gr. Fyrir að löggilda leiðarbók skal gjalda 4 kr., ef rúmfang hlutaðeigandi skips er meira en 100 smálestir, ella 2 kr.

Helming gjalds þessa skal greiða fyrir vottorð þau, sem rituð eru samkvæmt 4. gr. farmannalaga 22. marz 1890 í leiðarbækur, er skilað hefur verið sökum tjóns, er skipið hefur beðið.

Fyrir vottorð þau, sem rituð eru samkvæmt 5 gr. sömu laga í leiðarbækur, sem skilað hefur verið að afstaðinni ferð, skal gjalda fyrir skip, sem

stærra er en 100 smálestir, 3 kr., ef ferðin hefur eigi staðið missiri lengur, 4 kr., ef hún hefir staðið missiri lengur en ekki ári lengur; en 5 kr, ef hún hefur staðið ári lengur. Nú er skip minna en áður er sagt, og skal þá jafnan hálft gjald greiða við það, sem áður er tiltekið.

60. gr. Fyrir sjóferðapróf það, er ræðir um í 21. gr. laga um skipströnd 14. janúar 1876, svo og fyrir önnur sjóferðapróf, skal gjalda 8 kr.

61. gr. Fyrir rannsókn þá og vottorð um styrkleik aðflutts brennivíns eða vínanda, sem ræðir um í 2. gr. laga nr. 10, 11. febrúar 1876, skal gjalda 2 krónur.

Sama gjald skal greiða fyrir vottorð það, sem ræðir um í 3. gr. sömu laga, um að vöruskrá eða tollskrá skips telji meiri áfenga drykki, en í land eru fluttir.

62. gr. Fyrir að kveðja menn utanrjettar til skoðunar- eða annara slíkra gjörða, skal gjalda 30 aura fyrir hvern þann, sem kvaddur er.

63. gr. Fyrir að gefa út leyfisbrjef til lausamennsku eptir tilskipun 26. maí 1863 skal gjalda 2 kr.

8. kapítuli.
Almenn ákvæði.

64. gr. Á öll þau skjöl, sem borgað er fyrir að gefa út eða rita á, eða sem snerta embættisgjörðir, sem borgun hefur verið greidd fyrir eptir reglum þeim, er að framan eru skráðar, skal hlutaðeigandi embættismaður rita hið greidda gjald bæði með tölustöfum og bókstöfum.

Sje brotið gegn þessu, varðar það sektum til landssjóðs, allt að 100 kr.

65. gr. Allir embættismenn, sem heimta inn aukjatekjur fyrir landssjóð, skulu halda reglulega aukatekjudagbók, er lögguð sje eins og fyrirmyndin í reglugjörð 25. maí 1878, 2. gr. Skal dagbók þessi vera löggilt af hlutaðeigandi amtmanni, og skal hann á eptirlitsferðum sínum rannsaka hana og rita um það vottorð í bókina og gefa þess nákvæmargætur, hvorthún sje rjett rituð, og hvort aukatekjur hafi verið rangt taldar í henni.

66. gr. Aukatekjureglugjörð fyrir rjettarins þjóna á Íslandi 10. septbr. 1830 er úr lögum numin að því er snertir aukatekjur þær, er renna skulu í landssjóð samkvæmt lögum um laun sýslumanna og bæjarfógeta 14. desember 1877, 1. og 2. gr.

67. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1894.

Ed. **230. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um aukatekjur þær, er renna í landssjóð, eins og það var samþykkt við 2. umr. í efri deild. Frá nefndinni.

Við 6. gr. bætist ný málsgrein svo hljóðandi: Þetta ákvæði á einnig við, þegar kveðja skal menn til að virða fasteign til veðsetningar fyrir láni af fje ómyndugra og þegar eiðfesta skal menn þessa.

Ed. **231. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna, bæjarfógeta o. fl. (eins og það var samþ. við 2. umr í efri deild). Frá nefndinni.

Við 3. gr. 2. málslið. Upphaf málsgreinarinnar orðist þannig: Í opinberum málum, gjafsóknamálum, hjúamálum og í lögreglumálum um með gjöf með óskilgetnum börnum, svo og þegar etc.

Nd. **232. Nefndarálit**

um búnaðarmálefni.

Vjer, sem hin háttvirta neðri deild alþingis hefur kosið í nefnd til að íhuga búnaðarmálefni landsins, einkum með tilliti til fjárframlags úr landssjóði til slíkra mála, höfum nú um hríð unnið að þessu starfi. Vjer sáum þegar, að vjer mundum eigi geta tekið búnaðarmálefni landsins yfir höfuð að tala til neinnar rækilegrar íhugunar sökum hins litla tíma er önnur þingstörf leyfa oss, og höfum því að eins tekið til íhugunar búnaðarskólamálið og hvernig veita skyldi styrkinn til búnaðarfjelaganna, og viljum nú láta hjer uppi álit vort um búnaðarskólana. Það er kunnugt, að á þinginu 1891 kom sú skoðun skýrt fram hjá sumum þingmönnum, að rjettast mundi að fækka þeim búnaðarskólum, sem nú standa, og hafa að eins 2 búnaðarskóla á landinu, en gjöra þá síðan sem bezt úr garði. Út af þessu hefur verið leitað álits allra sýslunefnda og amtsráða á landinu um þetta atriði, og hefur það álit fallið svo, að 6 sýslunefndir hafa álitið rjettast, að hafa að eins 1 búnaðarskóla fyrir land allt, og tala síðan sum af þeim um fyrirmyndarbú í sambandi við þennan skóla; 8 sýslunefndir álíta rjettast að hafa að eins 2 búnaðarskóla, annan á suðurlandi en hinn á norðurlandi, og 6 sýslunefndir telja heppilegast að hafa þá 4, eins og nú er, sinn í hverjum landsfjórðungi. Amtsráðin hafa aptur á móti öll hallazt að þeirri skoðun, að hafa skólana 4.

Atkvæði sýslunefndanna hafa þannig fallið mjög ólíkt, og virðist eigi gott að taka neina fasta ákvörðun eptir þeim. Það eitt verður sjeð glöggt, að hverjum fjórðungi er yfir höfuð sárt um sinn skóla; þess vegna verða flest atkvæðin fyrir 4 skólum úr Austfirðinga og Vestfirðinga fjórðungum, af því að þeir fjórðungar álíta líklegt, að þeir missi sína skóla ef skólarnir verði að eins 2. Aptur á móti eru öll atkvæðin fyrir 2 skólum, að einu fráskildu, úr Sunnlendinga og Norðlendinga fjórðungum, og gæti hugsast, að þar hefði það ráðið nokkru, að menn teldu sjer víst, að skólarnir yrðu í þeim fjórðungum, þó fækkað væri. Þær sýslur landsins, sem tala helzt um 1 skóla, eru þær sýslur, sem eru fjarlægastar hinum núverandi skólum.

Vjer verðum nú að álíta, að engan veginn megi gjöra lítið úr því, að sýslufjelög þau, sem hafa haft mikið ómak fyrir því, að koma skólunum á fót, og lagt til þess mikið fje úr eigin sjóði, eru búin að taka tryggð við þessar stofnanir og vilja ekki leggja þær niður, en óska miklu fremur að fá þær bættar, og álítum þegar af þeirri ástæðu óráðlegt að leggja það til, að skólunum sje fækkað; en svo teljum vjer þær ástæður einnig mæla með, að hafa skólana 4, að nokkuð hagar ólíkt til í búnaðarlegu tilliti í landsfjórðungunum á ýmsan hátt, að erfiðleikar við að sækja þá skóla ættu að vera sem minnstir, þar eð sem flestir ættu að nota þá af bændaefnum, en sjer í lagi það, að með því að skólar þessir eiga eigi að eins að vera kennslustofnun heldur engu síður verkleg framfarastofnun, þá hljóta þær framkvæmdir þeirra, er til framfara horfa, að koma fyrir fleiri manna augu, ef skólarnir eru 4, sinn í hverjum landsfjórðungi, heldur en ef þeir eru færri; en það er ómótmælanlegt að við það að sjá það sem betur fer, við það að sjá hagsmunina af framkvæmdum skólanna og helzt að sjá það opt, við það vakna menn betur til framfaravænna framkvæmda í sínum eigin verkahring, heldur en við að heyra eða lesa um það. — Vjer teljum enn eitt mjög þýðingarmikla ástæðu í þessu tilliti. Skólar þessir eru komnir á fót fyrir vaknandi framfarahug einstakra manna, er síðan hafa vakið aðra og leitt þá með sjer, svo að nokkuð almennur áhugi hefur getað vaknað á því, að koma þessum stofnunum á sem fastastan fót og í sem heillavænlegast horf, og þessi áhugi vex eptir því sem menn sjá að meira verður ágengt í þá átt. Vjer verð-

um nú að ætla, að það sje einmitt mjög hollt fyrir framfarir landsfjórðunganna að þeir hafi slíkt áhugaefni að berjast fyrir hver fyrir sig, og það muni vekja menn til farsæls áhuga á sínum sjerstaklegu málum.

Þessvegna viljum vjer leggja það til, að þeim 4 skólum, sem nú standa, sje haldið eptirleiðis og þeir styrktir með fje úr landssjóði, eins og verið hefur.

En þegar ákveða skal hversu mikið fje leggja beri til hvers skóla, þá kemur sjer í lagi til íhugunar, hvort halda skal hinu sama fyrirkomulagi á skólunum, sem nú hefur verið, eða breyta því, og ætlum vjer að rjett sje að breyta því, enda þótt það kosti nokkurt fje. Vjer viljum þegar geta þess, að reglugjörðir skólanna eru í ýmsum atriðum ólíkar, en það virðist heppilegast, að þær væru sem líkastar að unnt er, sjer í lagi að því er snertir inntökuskilyrði, kennslugreinir og burtfararpróf, og leggjum því til að ráðstafanir verði gjörðar til, að koma því fram. Þar næst viljum vjer láta þá ætlun vora í ljósi, að námssveinar skólanna fái, eins og nú stendur, oftlitla æfingu í þeim verklegu greinum, er þeir nema, sökum þess að nú verður að nota þá svo mikið til hinna algengu heimilisstarfa á skólabúunum og þar á meðal láta þá ganga stöðugt að heyskap um sumartímann, þann tíma sem hentugastur er til jarðabótastarfa. En vjer viljum leggja mikla áherzlu á það, að þeir fái sem mesta verklega æfingu, og óskum því, að þeir verði losaðir meira við hin vanalegu heimilisstörf en nú gjörist t. a. m. um heyskapartímann þannig, að allt að helmingur námssveinanna sje við jarðabótastörf, en hinir við heyvinnuna, og skiptist á um þessi störf; en til heimilisstarfanna þarf þá aðra menn og veldur það talsverðum kostnaði; ætlum vjer að sá kostnaðarauki, sem af þessari breytingu mundi leiða, hljóti að verða svo mikill, að eigi veiti af, að auka styrkinn úr landssjóði allt að því um þriðjung í þeim tilgangi, og leggjum því til að það verði gjört.

Þegar vjer þannig leggjum áherzlu á hina verklegu æfingu, verðum vjer að álíta það heppilegt, að hinn bóklegi námstími gæti verið styttri en hann nú er, sjer í lagi, að hann endaði fyr á vorin, svo að sem fyrst mætti taka til vorstarfa þegar tíð leyfir. En meðan allar þær kennslugreinar eru kenndar, er nú tíðkast á skólunum, verður tíminn eigi styttur; hann reynist miklu fremur of lítill, svo að ýmsir tala um, að eigi mundi veita af, að auka skólaveruna um 1 ár. Þegar þetta er athugað, kemur til álita, hvort eigi megi sleppa að einhverju leyti gagnfræðakennslu þeirri, sem nú á sjer stað á skólunum, og höfum vjer því tekið það atriði til íhugunar.

Að því er þetta atriði snertir, viljum vjer geta þess, að vjer álítum ekki rjett, að námssveinar hafi minni þekkingu í gagnfræðum, þá er þeir fara burtu af skólunum, en þeir hafa nú, og óskum jafnvel að þeir hefðu hana meiri. Ef því væri að tala um að minnka kennsluna í gagnfræðum í skólunum, þá yrði að setja þeim mun erfiðari inntöku skilyrði. Nú mun þykja hart, að setja gagnfræðaþekkingu þá, sem búnaðarskólasveinar hafa við burtfararpróf, sem inntökuskilyrði að mestu leyti. Þó ætlum vjer að rjett væri, að verja 2 vetrum eingöngu til náms í hinum eiginlegu búnaðarfræðum. En sje það gert, og gagnfræðakunnáttan, sem nú er veitt, þó ekki sett sem inntökuskilyrði, þá er eigi annar vegur til, en að lengja skólatímann um 1 ár. Þetta líst oss einnig rjettast að gjöra, en gjöra það á þann hátt, að stofna sjerstaka námsdeild við skólana, er vera skyldi 1. deild (1. bekkur) og skyldi þar kennd eingöngu gagnfræði um einn vetur, en í hinum deildunum skyldi eingöngu kennd búnaðarfræði. Þessari gagnfræðadeild skyldi svo fyrir komið, að þar gætu fleiri notið kennslu en þeir einir, sem ætla sjer að verða búfræðingar, og skyldu þeir eiga frjálst að fara burt aptur að afloknu vorprófi, ef

þeir vildu. Hver nemandi í þeirri deild skyldi borga fæði og þjónustu í skólanum. Kæmi þá þessi deild meðfram í stað alþýðuskóla. Síðan skyldi það vera inntökuskilyrði á hinn eiginlega búnaðarskóla, að nemandi hefði staðizt vorpróf gagnfræðadeildarinnar, hvort sem hann hefði tekið þátt í kennslunni þar eða ekki.

Vjer vitum að vísu, að búnaðarskólar þeir, er nú standa, eru þrír stofnanir einstakra sýslufjelaga, og einn þeirra stofnun einstaks manns, svo að vafasamt kann að þykja, að alþingi geti skipað fyrir um fyrirkomulag þeirra. En þegar þess er gætt, að mikill hluti hins opinbera styrks, er þessar stofnanir njóta, er veittur úr landssjóði, virðist rjett, að alþingi hafi rjett til, að taka verulegan þátt í því, að ráða fyrirkomulagi þeirra í þá átt, er hjer er farið fram á að framan. Þessvegna leyfum vjer oss, að bera fram þær tillögur, er hjer koma á eptir.

Tillaga

til þingsályktunar um búnaðarskólana. (Frá búnaðarmálanefndinni).

Alþingi ályktar að skora á landshöfðingja, að gjöra ráðstafanir til:

1. að reglugjörðir hinna 4 núverandi búnaðarskóla verði endurskoðaðar og gjörðar svo samhljóða sem unnt er, einkum að því er snertir inntökuskilyrði, kennslugreinir og burtfararpróf.
2. að hjer eptir verði hafðar meiri æfingar í verklegu búnaðarnámi, en tíðkazt hefur, þannig að námssveinar sje eigi að eins hafðir við þær haust og vor, heldur einnig mikinn hluta hins eiginlega sumartíma; þó sje það fyrst um sinn aðalregla, að helmingur námssveina gangi að heyvinnu um heyskapartímann og skiptist á um það.
3. að stofnuð verði sjerstök deild við búnaðarskólana, sem 1. deild þeirra, og sje þar eingöngu kennd gagnfræði; námssveinar í þeirri deild skulu borga fæði og þjónustu. Ef þeir óska, skal þeim frjálst að fara burtu af skólanum, þá er vorprófi er lokið. Vorpróf í þeirri deild skal haft sem inntökuskilyrði í hinn eiginlega búnaðarskóla, að því er þekkingu snertir.

Alþingi 25. júlí 1893.

Þorlákur Guðmundsson	Einar Jónsson	Björn Bjarnarson
formaður.	framsögumaður.	skrifari.
Ólafur Briem.	Björn Sigfússon.	

Nd. **233. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um kirkjur. Frá Sighv. Árnasyni, Jóni Þorkelssyni, Þórði Guðmundssyni.

Við 4. gr. orðin, í niðurlagi greinarinnar, „enda sje — gjalddaga“ falli burt.

Nd. **234. Nefndarálit**

(frá búnaðarmálanefndinni), um tillögu til þingsályktunar um styrkveitingu til búnaðarfjelaga.

Nefnd sú, er hin h. neðri deild alþingis hefur kosið til að íhuga búnaðarmálefni landsins, leyfir sjer hjer með að láta uppi álit sitt viðvíkjandi styrkveitingum til búnaðarfjelaga á þessa leið.

Það er samhuga álit vort, að fje því, sem að undanförnu hefur veitt verið búnaðarfjelögum landsins til að efla framfarir í jarðyrkju og öðrum greinum landbúnaðarins, hafi yfir höfuð verið vel varið, og þess vegna hikum vjer ekki við, að leggja það til, ekki einungis að styrkur þessi verði veittur framvegis, heldur einnig að hann verði aukinn nokkuð, eða úr 12,000 kr. í 15,000 kr.

Skilyrði fyrir slíkum styrkveitingum til búnaðarfjelaga og reglur fyrir útbýtingu styrksins, leyfum vjer oss að leggja fyrir alþingi í þingsályktunarformi. Enn fremur höfum vjer búið til sýnishorn af formum fyrir skýrslur þær, sem fjelögin eiga að gefa, og sem samkvæmt reglunum er ætlazt til, að byggt verði á, er styrknum verður útbýtt.

Viðvíkjandi úthlutun styrksins leggjum vjer það til, að meiri hluti hans, eða $^4/_5$ hlutir, verði miðaðir við framkvæmdir fjelaganna í jarðabótum, á sama hátt og nú er, og höfum vjer að eins lagt það til, að breytt verði reglunum og skýrsluforminu nokkuð. En auk þess leyfum vjer oss að koma fram með þá tillögu, að fjelög þau, sem leggja stund á umbætur á meðferð fjenaðarfóðurs, bætur á peningshúsum og rækt og meðferð búpenings, — sem vjer teljum æskilegt að öll búnaðarfjelög geri —, skuli njóta $^1/_5$ hluta styrksins, er skipt sje milli þeirra eptir fjelagsmanna tölu, ef þau senda skýrslur um skoðunargjörðir sínar í því formi, er landshöfðingi fyrirskipar; en af meðfylgjandi sýnishorni Nr. 2 sjezt, hvernig vjer höfum hugsað oss það form. Reynslan hefur þegar sýnt það, að þar sem slíkar skoðanir hafa um nokkur ár farið fram með reglu, að þær hafa hin beztu áhrif, og vjer erum þess fullöruggir, að þær muni með tímanum glæða sómatilfinning og metnað hjá bændum, og bæta mjög meðferð á búpeningi.

Samkvæmt þessu leyfum vjer oss að koma fram með þannig lagaða tillögu.

Tillaga

til þingsályktunar um styrkveitingu til búnaðarfjelaga.

Alþingi ályktar að skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til búnaðarfjelaga, og reglur fyrir úthlutun styrksins skuli vera á þessa leið:

I. Skilyrði:

1. Fjelag getur því að eins orðið aðnjótandi styrks, að í því sje að minnsta kosti 10 fjelagsmenn, er jarðarnot hafa og taka þátt í jarðyrkjustörfum fjelagsins, og að unnin sje minnst 12 dagsverk að jarðabótum þeim, er taldar eru hjer á eptir, að meðaltali fyrir hvern fjelagsmann.

2. Bónarbrjef um styrkinn skulu send landshöfðingja fyrir 1. júlí það ár, sem styrknum er úthlutað. Skal þeim fylgja endurskoðaður reikningur yfir tekjur og gjöld fjelagsins næsta ár á undan og skýrsla um jarðabótastörf fjelagsmanna hið sama ár, gjörð, eptir formi er landshöfðingi býr til, af skoðunarmanni er sýslunefnd eða bæjarstjórn hefur til þess kjörið. Í slíkri skýrslu má eigi telja viðgerð á eldri jarðabótum.

Enn fremur skulu bónarbrjefunum fylgja skýrsla um meðferð á heyjum, ástand fjenaðarhúsa og um rækt og meðferð búfjenaðar hjá fjelagsmönnum í fjelögum þeim, er leggja stund á framfarir í þessum greinum landbúnaðarins. Skýrslur þessar skulu samdar eptir formi, er landshöfðingi býr til, og byggðar á skoðunargjörðum, er framkvæmdar sje að minnsta kosti tvisvar á vetri af tveim skoðunarmönnum í samvinnu, er fjelagið kýs til þess.

3. Styrknum skal úthluta þannig, að $^4/_5$ hlutum hans sje skipt milli fjelaganna eptir tölu dagsverka þeirra, er fjelagsmenn hafa unnið að jarðabótum (2. gr., fyrri málsgrein), en $^1/_5$ hluta sje skipt eptir tölu fjelagsmanna milli fjelaga þeirra, er fullnægjandi skoðunarskýrslur gefa (2. gr., síðari málsgr.).

II. Reglur:

1. Í skýrslu skal þessar jarðabætur telja:
   a. Þúfnasljettur.
   b. Matjurtareiti nýyrkta, flatarmálið.
   d. Varnir um slægjulönd og matjurtareiti.
   e. Flóðgarða og stíflur.
   f. Vatnsveitingarskurði.
   g. Lokræsi.
2. Í dagsverk skulu jarðabætur lagðar þannig:

a.	Þúfnasljettur	10	□ faðm.
b.	Matjurtareitir nýyrktir, girtir, jarðvegur byltur og blandaður (flatarmálið)	15	— —
d.	Varnir um slægjulönd og matjurtareiti:		
	1. Grjótgarðar einhlaðnir $3^1/_2$ fet á hæð	2	—
	2. Grjótgarðar tvíhlaðnir, $3^1/_2$ fet á hæð	$1^1/_2$	—
	3. Garðar úr torfi og grjóti, 4 fet á hæð	$3^1/_2$	—
	4. Garðar úr torfi, $4^1/_2$ fet á hæð	4	—
	5. Garðar úr torfi, 3—4 fet á hæð, með 5—6 feta breiðum varnarskurði að utanverðu, þrístungnum	5	—
e.	Flóðgarðar og stíflur:		
	1. 1—2 feta háir	300	ten. fet.
	2. yfir 2 — —	200	— —
f.	Vatnsveitingaskurðir:		
	1. Allt að 5 feta breiðir, tvístungnir	350	— —
	2. Yfir 5 feta breiðir, þrístungnir eða meira	250	— —
g.	Lokræsi:		
	1. Með grjóti (mölræsi)	3	faðm.
	2. — hnaus (holræsi)	8	—

Alþingi 25. júlí 1893.

Þorlákur Guðmundsson, formaður. Björn Bjarnarson, skrifari, framsögumaður.

Björn Sigfússon. Einar Jónsson. Ólafur Briem.

(Sýnishorn Nr. 1.)

Skýrsla

um jarðabætur fjelagsmanna í búnaðarfjelagi Vallnahrepps, árið 1894.

Nöfn og heimili fjelagsmanna.	Þúfnasljettur, □ faðmar.	Maturtareitir nýyrktir, girtir, jarðvegur byltur og blandaður, □ faðm.	Varnir um slægjulönd og matjurtareiti, faðmar.					Flóðgarðar og stíflur, teningsfet.		Vatnsveitingaskurðir, teningsfet.		Lokræsi, faðmar.		Dagsverk, samtals.	Athugasemdir.
			Grjótgarðar einhlaðnir, $3^1/_2$ fet á hæð.	Grjótgarðar tvíhlaðnir, $3^1/_2$ fet á hæð.	Garðar úr torfi og grjóti, 4 fet á hæð.	Torfgarðar, $4^1/_2$ fet á hæð.	Torfgarðar 3—4 fet á hæð, með varnarskurði 5—6 feta breiðum.	1—2 feta háir.	Yfir 2 feta háir.	Allt að 5 feta breiðir, tvístungnir.	Yfir 5 feta breiðir, þrístungnir eða meira.	Með grjóti (mölræsi).	Með hnaus (holræsi),		
Í dagsverk skal leggja:	10	15	2	$1^1/_2$	$3^1/_2$	4	5	300	200	850	250	8	8	„	
1. Árni Jónsson, Ósi	86	28	15	„	„	„	18	„	„	1890	„	„	„	27.0	Í garðinum er höggvið grjót.
2. Jón Gíslason, Hlíð	„	„	„	„	12	10	„	2560	„	„	3214	„	„	24.3	Hlaðið fyrir læk, og veitt í annan farveg.
3. Einar Loftsson, Eyri	270	„	„	10	„	„	„	„	750	„	„	10	27	43.7	Mölræsið gjört í maturtareit.
4.	. .	. . .	. . .	. . .	. .	. . .	. . .	. . .	. . .	. . .	. . .	. . .	. . .	. .	
(26) Samtals	356	28	15	10	12	10	18	2560	750	1890	3214	10	27	95.0	

Að jeg hafi sjálfur skoðað og mælt jarðabætur þær. sem taldar eru í skýrslu þessari, og að þær sjeu allar fullgerðar og vel af hendi leystar, votta jeg undirskrifaður skoðunarmaður, sem til þess er kjörinn af sýslunefnd Múlasýslu (bæjarstjórn . . . kaupstaðar).

Felli, 2. júní 1895

Ólafur Einarsson,
(jarðyrkjumaður).

(Sýnishorn Nr. 2.).

Skýrsla

um skoðun heyja, peningshúsa og búpenings fjelagsmanna í búnaðarfjelagi Áshrepps, veturinn 1893—94.

Nöfn og heimili fjelagsmanna.	1. skoðun, dagana 26. nóv. til 4. des. 1893.								2. skoðun, dagana 20. til 25. apríl 1894.										Athugasemdir.
	Heybyrgðir.		Ástand peningshúsa, einkunnir.			Meðalþyngd sauðfjen., pund.			Meðferð á heyjum, einkunn.	Hirðing búpenings, einkunn.	Hold á stórgripum, einkunn.		Meðalþyngd sauðfjen., pund.			Eydd hey, áætlaðs hestatal.	Áætlun um:		
	Geymt í hlöðum, hestatal.	Geymt í töftum, hestatal.	Fjárhús.	Fjós.	Hesthús.	Lömb.	Ær.	Sauðir.			Nautgripir.	Hross.	Lömb.	Ær.	Sauðir.		fyrningar, hestatal.	föðurvöntun, hestatal.	
1. Ólafur Jónsson, Dalsseli	200	370	vel	lakl.	lakl.	68	84	106	dáv.	vel	vel	lakl.	70	82	101	480	40	„	Fullorðnu fje beitt mikið.
2. Egill Sveinsson, Mýri	„	260	lakl.	illa	illa	64	79	„	vel	lakl.	vel	illa	64	78	„	250	„	12	Rýr beit, heyfall illt.
3. Sigurður Þórðarson, Giljá	1200	200	ág.	dáv.	vel	66	81	116	dáv.	dáv.	ág.	dáv.	72	85	112	960	320	„	Beit lítil, heyfengur mikill og góður.
4. Guðm. Teitsson, Gilhaga	„	190	vel	vel	vel	65	82	„	dáv.	dáv	ág.	vel	70	83	„	170	„	„	Öll umgengni lagleg.
5.	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	
6.	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	
(18) Meðaltal . . .	580		„	„	„	64	81½	111	„	„	„	„	68½	82	106½	„	87	„	Föðurvöntun er dregin frá ‚fyrningum‘.

Að við höfum sjálfir skoðað öll hey og hús og allan búpening hvers fjelagsmanns, og samkvæmt því gjört skýrslu þessa eptir beztu samvizku, vottum við undirskrifaðir hjer með.

Þórisstöðum og Ási, 16 maí 1894.

Jóhann Sigurðsson, (hreppstjóri). Þórður Bergsson, (bóndi).

Ed. **235. Frumvarp**

til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir. Eins og það var samþykkt við 2. umr. í neðri deild.

1. gr. Ráðgjafanum fyrir Island veitist heimild til að selja ábúendunum eptirfylgjandi þjóðjarðir fyrir að minnsta kosti jafnhátt verð, og tilfært er við hverja þeirra:

1.	Skarðsá í Skagafjarðarsýslu fyrir	2200 kr.
2.	Keldudal í sömu sýslu fyrir	1900 —
3.	Reyki í sömu sýslu fyrir	3000 —
4.	Neðri Rauðalæk í Eyjafjarðarsýslu fyrir	1400 —
5.	Akur í Húnavatnssýslu fyrir	2000 —
6.	Jörfa í sömu sýslu fyrir	850 —
7.	Eyjar í Strandasýslu fyrir	1500 —
8.	Reykjavík í sömu sýslu fyrir	500 —
9.	Liltu Ávík í sömu sýslu fyrir	500 —
10.	Grísból í Snæfellsnessýlu fyrir	1300 —
11.	Þverá í Hnappadalssýslu fyrir	1400 —
12.	Þykkvabæ í Skaptafellssýslu fyrir	3400 —
13.	Mörtungu í sömu sýslu fyrir	2500 —
14.	Hátún í sömu sýslu fyrir	850 —
15.	Hrafnkelsstaði í Norður-Múlasýslu fyrir	4500 —
16.	Skriðuklaustur með eyðijörðinni Brattagerði í sömu sýslu fyrir	6000 —
17.	Klaustursel, með hjáleigunni Fossgerði, í sömu sýslu fyrir	2500 —

2. gr. Landshöfðingi gjörir þær ráðstafanir, sem með þarf, um sölu á ofangreindum jörðum.

3. gr. Fjórðungur kaupverðsins greiðist um leið og kaupbrjef er gefið út fyrir jörðinni. Hinir þrír fjórðungar kaupverðsins greiðast á 28 árum með 6% í vexti og afborgun. Hin selda jörð skal standa sem veð fyrir því, sem ólokið er af andvirðinu, með fyrsta veðrjetti, þangað til jarðverðið er greitt að öllu. Gefur kaupandi út skuldabrjef fyrir þeim hluta jarðverðsins, sem ekki er greiddur um leið og kaupin eru gjörð, og skal það samið eins og skuldabrjef, er gefin eru út fyrir ómyndugra fje.

4. gr. Heimild sú, er til sölu þessarar er veitt, gildir að eins til 31. desember 1898.

Ed. **236. Frumvarp**

til laga um afnám kongsbænadagsins sem helgidags. (Samþykkt við 3. umræðu í n. d.).

Kongsbænadagur er úr lögum numinn, sem helgidagur.

Nd. **237. Tillaga**

til þingsályktunar. Frá verzlunarnefndinni. Framsögumaður Bogi Th. Melsteð.

Alþingi ályktar að skora á ráðgjafa Íslands, að hlutast til um, að það verði borið fram við erlend ríki, hvort og að hve miklu leyti þau kynnu að vilja styðja að því, sjerstaklega veðurfræðinnar vegna, að lagður verði frjettaþráður (telegraf) til Íslands.

Nd. **238. Frumvarp**

til laga um breyting á 1. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun prestakalla, (eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild).

Frá fardögum 1893 greiðist ekkert árgjald frá Stað á Reykjansæ í Barðastrandarprófastsdæmi.

Nd. **239. Tillaga**

til þingsályktunar. Eins og hún var samþykkt við eina umr. í efri deild.

Alþingi skorar á landsstjórnina að leita álits sveitarstjórnarvalda landsins um breytingar á sveitarstjórnar- og fátækralöggjöfinni, og þá hún hefur fengið tillögur þeirra, að semja frumvarp til nýrra sveitarstjórnar- og fátækralaga og leggja það fyrir þingið.

Nd. **240. Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um viðauka við tilskipun 15. apr. 1776 um nýbýli.

Vjer, sem hin h. neðri deild hefur kosið til að íhuga frumvarp til laga um viðauka við tilskipun 15. apríl 1776 »um fríheit fyrir þá, er vilja upptaka eyðijarðir eða óbyggð pláz á Íslandi«, höfum við íhugun málsins komizt að þeirri niðurstöðu, að rjettast væri, að nema nefnda tilskipun alveg úr gildi og semja ný lög um þetta efni samsvarandi því ástandi, sem nú er. Viljum vjer því ráða hinni h. deild til að hafna hinu upphaflega frumvarpi (þ.sk. 32), en samþykkja eptirfylgjandi frumvarp:

Frumvarp

til laga um nýbýli.

1. gr. Hver sá, er nýbýli vill upp taka í því landi, sem er eign einhvers sveitarfjelags, eða í almenningi, eða í landi, sem enginn getur löglega eignað sjer, skal auglýsa fyrirætlun sína um upptöku nýbýlisins með 6 mánaða fyrirvara í blaði því, er stjórnarvalda-auglýsingar ber að birta í, og senda síðan bónarbrjef sitt um nýbýlisleyfi til amtmanns, ásamt meðmælum hlutaðeigandi sveitarstjórnarvalda (hreppsnefndar- og sýslunefndar).

2. gr. Nú telur einhver landið eign sína, og vill banna upptöku nýbýlisins, skal hann þá senda sýslumanni eignarkröfu sína, áður en 6 mánaða frestur sá er liðinn, sem um er rætt í 1. gr.

3. gr. Nú hefur nýbýlisbeiðandi fullnægt ákvæðum 1. greinar, skal amtmaður þá gjöra ráðstafanir þær, sem nauðsyn ber til, að útmæling og mat á nýbýlislandinu fari fram. Gjörð þá skal sýslumaður framkvæma ásamt 4 dómkvöddum óvilhöllum mönnum, en til skal stefna þeim mönnum, er land eiga að nýbýlislandinu.

Eigi má ávísa til nýbýlis land, er minna sje en 5 hndr. (jarðarhundruð).

4. gr. Ef landið er eign einhvers sveitarfjelags, kveða gjörðarmenn á um hæfilegt eptirgjald af nýbýlinu, og um aðra þá skildaga, er nauðsyn þykir til bera um ræktun landsins, nauðsynleg jarðarhús og þvílíkt.

5. gr. Nú hefur enginn sannað eignarrjett til lands þess, sem til nýbýlis er úthlutað, og getur sýslumaður þá með hinum dómkvöddu gjörðarmönnum úrskurðað, að landið skuli verða eign nýbýlingsins og erfingja hans. Amtmaður leggur síðan úrskurð á málið; en rjett hefur sá, er eignarkröfu hefur gjört til landsins, að skjóta málinu til dómstólanna.

6. gr. Kostnað þann, er af útmæling og mati nýbýlisins leiðir, greiði nýbýlisbeiðandinn: ferðakostnað sýslumanns eptir úrskurði amtmanns, og hinum dómkvöddu mönnum 3 kr. hverjum fyrir dag hvern, sem þeir eru að gjörðinni, nema öðruvísi semjist milli hans og hlutaðeigandi sveitarstjórnarvalda.

7. gr. Þá er útmæling og mat hefur fram farið samkvæmt 3. og 4. gr., og nýbýlisbeiðanda er ávísað landið, gefur amtmaður út byggingarbrjef handa nýbýlingnum. Skulu þar tekin fram þau skilyrði fyrir nýbýlisrjettinum, sem nýbýlingur skal gæta. Fullnægi nýbýlingur eigi skilyrðunum, missir hann ábúðarrrjettinn.

8. gr. Nú á einstakur maður landið, og leyfi hann að nýbýli sje þar upp tekið, skal útmæling og mat á landinu fram fara samkvæmt 3. og 4. gr. Að öðru leyti fer um skilyrðin fyrir nýbýlisrjettinum og aðra byggingarskilmála eptir samkomulagi milli hlutaðeiganda.

9. gr. Hvort sem land það, sem nýbýli er reist á, er eign einstaks manns eða sveitarfjelags, eða það er almenningur, er nýbýlingur í 10 ár laus við öll gjöld til allra stjetta, þau er á jörðu hvíla; en skyldur er hann að gjalda önnur gjöld til allra stjetta þau er nú eru í lögum eða lögboðin kunna að verða.

10. gr. Sýslumaður skal gæta þess, að nýbýlingur fullnægji skilyrðum þeim, sem honum eru sett í byggingarbrjefinu. Nú gerir nýbýlingur sig sekan í vanrækslu, eða brýtur byggingarskilmála, og getur sýslumaður þá lagt það til, að hann verði sviptur nýbýlisrjettinum. Amtmaður hefur fullnaðarúrskurð um það mál.

Þegar nýbýlingur hefur með amtsúrskurði verið sviptur nýbýlisrjetti, skal eptir tillögu hlutaðeigandi stjórnarvalda byggja nýbýlið öðrum manni, er þá nýtur sama rjettar, sem nýbýlingurinn annars hefði notið.

11. gr. Með lögum þessum er úr gildi numin tilsk. 15. apríl 1776.

Alþingi 26. dag júlímánaðar 1893.

Þorlákur Guðmundsson,	Björn Bjarnarson,	H. Kr. Friðriksson.
formaður.	skrifari, framsögumaður.	

Ed. **241. Viðaukatillaga.**

við frumvarp til laga um aukatekjur þær, er renna í landssjóð, (eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild). Frá landshöfðingja.

Á eptir 63. gr. komi ný grein svo látandi:

64. gr. Fyrir að gefa hjón saman í borgaralegt hjónaband samkvæmt lögum um utanþjóðkirkjumenn 19. febr. 1886 og fyrir eptirrit af gjörningnum skal greiða 4 kr.

Greinatalan breytist samkvæmt því.

Ed. **242. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna, bæjarfógeta o. fl., (eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild). Frá landshöfðingja.

Á eptir 9. gr. komi ný grein svo látandi:

10. gr. Þegar valdsmaður þarf að takast ferð á hendur til að gefa hjón saman í borgaralegt hjónaband samkvæmt lögum um utanþjóðkirkjumenn 19. febr. 1886 ber honum 3 kr. hvern þann dag, sem hann vegna þess verður að vera fjarverandi frá heimili sínu og enn fremur borgun fyrir ferðakostnað eptir þeim reglum, sem settar eru hjer að framan.

Greinatalan breytist samkvæmt því.

Nd. **243. Nefndarálit**

um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895.

Vjer undirritaðir, sem hin háttvirta neðri deild alþingis hefur kosið í nefnd, til að íhuga og gjöra tillögur um fjárlaga frumvarp stjórnarinnar fyrir árin 1894 og 1895, höfum nákvæmlega íhugað mál þetta á nefndarfundum, og leyfum oss hjer með að skýra frá áliti voru og tillögum á þessa leið:

I. Tekjukaflinn.

Við tekjukaflann höfum vjer eigi annað að athuga, en það, að oss virðist skattur af lausafje mega teljast 25000 kr. hvort árið, með því að skattur þessi hefur árið 1892 numið alls kr. 29321,30; virðist oss eigi ástæða til að ætla, að hann muni lækka að mun, að minnsta kosti ekki hið fyrra ár fjárhagstímabilsins.

Einnig viljum vjer leggja það til, að úflutningsgjald sje áætlað 30000 kr. hvort árið; gjald þetta hefur árið 1892 numið kr. 30844,66, og þótt gjald þetta hljóti auðvitað að vera mjög mismunandi eptir aflabrögðum, þá ætlum vjer óhætt að áætla gjaldið svo hátt, sem að ofan segir, sjerstaklega þegar þess er gætt, að þilskipaútvegur fer árlega vaxandi.

II. Gjaldakaflinn.

Við 8. og 9. gr. höfum vjer ekkert að athuga.

— 10. gr. A. 1. Athugasemd sú, sem í frumv. stendur við þennan lið, leggjum vjer til að falli burtu, með því vjer höfum fengið að vita, að af þingmanna hálfu er komið fram frumvarp um að gjöra allt landið að einu amtmannsumdæmi, og er í frumv. því ákvæði, sem gjöra stjórninni það mögulegt, að fá því framgengt, sem aths. miðar til.

— — — — 2—3 og

— — — B. höfum vjer ekkert að athuga.

— — — C. 1. a. höfum vjer ekkert að athuga.

— — — — b. Með því að vjer álítum mjög æskilegt, að hagskýrslur þær, sem prentaðar eru í C deild stjórnartíðindanna geti orðið fjölbreyttari og komið sem tíðast út, leggjum vjer það til, að veitt verði nægilegt fje til að gefa út allt að 25 arkir á ári, og viljum því ráða til að hækka þennan gjaldalið upp í 2000 kr.

— — — — c. Þennan lið ráðum vjer til að hækka upp í 300 kr., og er það afleiðing af næsta lið á undan.

— — — — d. Af sömu ástæðu leggjum vjer það til, að þessi liður sje talinn 900 kr.

Jafnframt þykir oss rjett að leggja það til, að þóknun fyrir að semja landshagsskýrslurnar sje ekki einskorðuð við 40 kr. fyrir hverja örk, heldur talin allt að 40 kr. fyrir örkina, með því það er mjög misjafnt, hve mikill tími gengur til að semja hinar ýmsu skýrslur, og sumar þeirra eru svo fljótsamdar, að 40 kr. fyrir örk hverja er óþarflega mikil borgun.

— — — — 2—3. höfum vjer ekkert að athuga.

— — — — 4. a. Að því er snertir búnaðarskólana, viljum vjer geta þess, að frá nefnd þeirri, sem neðri deild alþingis hefur skipað, til að íhuga búnaðarmálefni landsins, höfum vjer fengið tilkynningu um það, að hún hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að rjett sje að verja allt að 15000 kr. árlega af landssjóði til búnaðarskólanna. En þar sem oss hafa borizt skýrslur að eins frá skólunum á Hólum og Eiðum, þá höfum vjer eigi að svo stöddu getað komið fram með tillögur um hækkun eða breyting á upphæð styrksins að því er snertir skólana í Ólafsdal og á Hvanneyri. Frá Hólaskóla höfum vjer haft með höndum greinilegar skýrslur og ásetlanir um kostnað við skólahaldið; og með því að skóli þessi er í mjög góðu áliti, og með hliðsjón af því, hve margir nemendur ganga á hann, leggjum vjer til, að styrkurinn til hans sje látinn vera 6000 kr. á ári, eins og stjórn skólans hefur sýnt fram á, að hann nauðsynlega þurfi.

Að því er loks snertir búnaðarskólann á Eiðum, hefur einn af stjórnendum skólans, 1. þm. N.-Múlas., munnlega skýrt nefndinni frá því, að skóli þessi þurfi að fá 4000 kr. á ári yfir næsta fjárhagstímabil, til þess að gjöra við skólahúsið og til þess að nemendur geti mestmegnis fengið að stunda verklega búfræði, svo sem ýms jarðabótastörf, að sumrinu til, en þurfi eigi að gegna heyverkum, eða öðrum slíkum bústörfum. En þar eð skóli þessi hefir góðan stuðning af vöxtum jarðeldasjóðsins, og þeir, er á hann ganga, eru fremur fáir, finnum vjer eigi ástæðu til að honum sje veitt svo mikil upphæð, en leggjum til, að hann fái 3000 kr. á ári.

Samkvæmt því, er að framan segir, er öll sú upphæð, er vjer leggjum til að búnaðarskólunum sje veitt 14000 kr.; og er það því 1000 kr. minna en búnaðarmálanefndin leggur til, að veitt sje til þeirra. En vjer skulum taka það fram, að oss þykir eigi ólíklegt, að þær upplýsingar eða skýrslur kunni fram að koma, er gjöri það að verkum, að rjett þyki að hækka styrkinn til Ólafsdals og Hvanneyrarskólans, annarshvors eða hvorstveggja.

Við 10. gr. C. 4. b.—e. höfum vjer ekkert að athuga.

Frá síra Jóni Guttormssyni í Hjarðarholti í Dalasýslu hefur oss borizt bænarskrá um 200 kr. árl. styrk til framhalds laxaklaki. Bænarskrá þessari fylgdu skýrslur um laxaklakið; og með því að oss sýnist rjett, að tilraunum þessum verði haldið áfram næsta fjárhagstímabil, og beiðandinn hefur sýnt lofsverðan áhuga og þolgæði við þessar tilraunir, leggjum vjer til, að þessi umbeðna upphæð verði veitt.

— — — — 5.—7. höfum vjer eigi neitt að athuga.

— 11. gr. 1. og 2. a.—h. og j. höfum vjer ekkert að athuga.

— — — 2. i. Þessi liður, sem er styrkur til aukalæknis í Eyjahreppi og Múla- og Gufu-

dalshreppum í Barðastrandarsýslu, ráðum vjer til að falli burtu. Nefndinni hafa borizt bænarskrár um stofnun 10 nýrra aukalæknishjeraða, en þótt vjer verðum að játa, að margar af þessum bænarskrám hafi við mikil rök að styðjast, virðist oss þó varla tiltækilegt að fjölga aukalæknum nema um 4 á næsta fjárhagstímabili; en læknisþörfin er að voru áliti miklu meiri og tilfinnanlegri á ýmsum öðrum stöðum, en í Eyjahreppi, því að þótt það auðvitað geti komið fyrir, þegar illt er í sjóinn, að örðugt sje fyrir Eyhreppinga að nálgast lækni, þá er þó vegalengdin til lækna þeirra, er þar sitja umhverfis, eigi mikil; svo er og þess að gæta, að gjört er ráð fyrir, að læknir í Eyjahreppi skuli jafnframt vera læknir fyrir nokkurt svæði á landi, og er þá auðsætt, að eigi verður óerfiðara fyrir þá, sem þar búa, að nálgast lækni út í eyjar, en fyrir eyjaskeggja að ná til læknis, sem búsettur er á landi.

Aptur á móti virðist oss rjett, að veita fje til aukalæknis í Grímsnes-, Biskupstungna-, Hrunamanna-, Gnúpverja-, Skeiða- og Þingvallahreppum í Árnessýslu, með því að hjer er um mjög fjölmennt hjerað að ræða.

Enn fremur virðist nefndinni læknisþörfin brýn í hinum afskekktu hreppum Ísafjarðarsýslu, Grunnavíkur- og Sljettuhreppum. Af framanskrifuðum ástæðum leggur nefndin til, að veittur sje styrkur til aukalækna í Árness- og Ísafjarðarsýslu, sem að ofan segir, 1000 kr. árl. til hvors um sig.

Við 11. gr. 3. Við það höfum vjer eigi neitt að athuga.

— 12. gr. A. Vjer leggjum eigi til að neinar breytingar sjeu gjörðar við upphæðina á þessum lið. Að vísu hafa útgjaldaliðirnir 3. d. e. og g. orðið töluvert hærri 1892 en áætlað er; en af því að þetta ár stóð sjerstaklega á, þar sem verið var að koma á mikilli breytingu á póstferðunum, sýnist ekki vera ástæða til að hækka þessa útgjaldaliði.

Frá póstmeistaranum o. fl. hafa nefndinni borizt tillögur um auknar póstferðir og breytingar á póstgöngum. En með því að álit póststjórnarinnar um hinar einstöku tillögur vantaði, teljum vjer rjett, að málefni þetta bíði að þessu sinni, svo að póststjórninni gefist kostur á, að íhuga það og gjöra tillögur um það. Þó skal þess getið, að frá þingmanni Vestmanneyinga hefur nefndinni borizt bænarskrá um 100 kr. fjárstyrk, til þess að eyjarskeggjar haust og vetur geti sótt póstinn að Ljótarstöðum í Landeyjum, með því að samgöngur milli lands og eyja sjeu mjög stopular um þann tíma árs. Nefndinni virðist beiðni þessi hafa við gild rök að styðjast, og vill því mæla með, að póstafgreiðslumaðurinn á Vestmannaeyjum hafi 100 kr. á ári til umráða í þessu skyni. Sömuleiðis vill nefndin leggja til, að veittar sjeu allt að 70 kr. árl. til að senda frá Víðimýri til Sauðárkróks með póst eptir komu norðanpóstsins að Víðimýri. Enn fremur vill nefndin mæla með því, að póstur verði látinn ganga frá Bíldudal að Selárdal í Barðastrandarsýslu.

Þrátt fyrir þetta álítum vjer eigi nauðsynlegt, að hækka útgjöldin til póstflutninga, með því að hin áætlaða upphæð hefur reynst full ríflег árið 1892.

— — — B. Vjer höfum ekkert að athuga að því er upphæðirnar snertir, en þar sem

í athugasemdum frumvarpsins er talað um vegagjörð um norðurhluta Suðurmúlasýslu, frá Reyðarfirði upp að Lagarfljóti, þá viljum vjer benda á, að þar er ekki aðalpóstleið, og þykir því rjettara, að fjenu verði varið til vegagjörðar á aðalpóstleiðinni frá Jökulsárbrú að Lagarfljóti, enda er þar mest flutningsþörfin.

Auk aðalpóstleiða þeirra, sem nefndar eru í athugas. við frumv., finnur og nefndin sjerstaka ástæðu til að minna á það, að brýn nauðsyn er til, að aðalpóstleiðin um Geiradal í Barðastrandarsýslu sje gjörð greiðfær, með því að nú má heita, að þar sje ófært ávallt, þegar þýð er jörð.

I athugas. við frumv. er gjört ráð fyrir, að verja talsverðu fje á fjárhagstímabilinu, til að gjöra veg beggjamegin Hvítár í Borgarfirði að brú þeirri er nú er verið að byggja þar. Nefndinni virðist einsætt, að gjöra þann veg sem fyrst, með því að brúin geti eigi komið að verulegu gagni án þess. En þess viljum vjer láta getið, að vjer álítum, að vegur sá verði aldrei eiginlega flutningavegur og virðist því rjettast, að eigi sje kostað til, að gjöra þar reglulegan akveg, heldur að eins góðan reiðveg.

Frá sýslunefndinni í Skagafjarðarsýslu hefur nefndinni borizt bænarskrá, þar sem farið er fram á, að landssjóður veiti styrk til brúargjörðar yfir Austur-Hjeraðsvötnin, með því að dragferja sú, sem þar hefur verið sett, getur eigi komið að fullu haldi yfir ósinn. Er gjört ráð fyrir, að brú yfir Austur-Hjeraðsvötnin muni kosta 8500 kr., og fer nú sýslunefndin fram á, að veittar sjeu í þessu skyni 5000 kr., gegn því, að sýslan leggi til það, sem á vantar, til að byggja brúna, og því, að sýslunefndin sjái um, að dragferjan verði, landssjóði að kostnaðarlausu, sett á Hjeraðsvötnin á aðalpóstleið. Nefndinni virðist rjett að sinna þessari beiðni, þar sem umferð er mjög mikil yfir Hjeraðsvötnin úti við sjóinn og hjeraðsbúar hafa annars vegar sýnt lofsverðan dugnað í því, að brúa margar ár af eigin ramleik og telja enn ekki eptir sjer, að verja allmiklu fje til þessa. Auk þess sýnist það vera mjög hagfellt, að fá dragferjur yfir vötnin á aðalpóstleiðinni, sem að sjálfsögðu er skylda landssjóðsins að styðja. Svo er og þess að gæta, að með þessu fyrirkomulagi yrði landssjóði væntanlega hlíft við því, að kosta stórfje til brúargjörðar yfir Hjeraðsvötnin innar í hjeraðinu.

Við 12. gr. C. a. Að því er snertir þennan staflið, ætlar nefndin að láta uppi sjerstakt álit, áður en frumv. kemur til 2. umræðu, með því að hún hefur eigi íhugað það efni til fullnustu.

— — — — b.—f. Upphæðir þessar ráðum vjer til að standi óbreyttar, og enn fremur leggjum vjer það til, að ætlaðar verði til gufubátsferða á Húnaflóa og Skagafirði 3000 kr. hvort árið, og til gufubátsferða fyrir Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslu jafnmikil upphæð, þar eð æskilegt virðist, að gufubátaferðir geti komizt á með norðurströnd landsins, og nokkur áhugi er vaknaður þar fyrir því máli, þótt annars vegar sje óvíst, hvort þetta fje verður notað á fjárhagstímabilinu. Enn fremur þykir rjett, að í fjárlögunum sje gefin heimild til þess, að Breiðfirðingar og Vestfirðingar geti notað styrk þann, sem þeim er veittur til eins gufubáts, ef það skyldi þykja hentara, og að Norðlendingar eigi kost hins sama, og sömuleiðis Sunnlendingar og Austfirðingar.

Athugas. um skilyrðið fyrir styrkveitingunni ráðum vjer til að sje haldið.

Frá þingmönnum Norður-Múlasýlu og 1. þingm. Suður-Múlasýslu hefur nefndinni borizt bænarskrá um 5000 kr. styrk í eitt skipti til að kaupa gufubát, er notaður sje til flutninga inn um Lagarfljótsós, og leggjum vjer til, að hin umbeðna upphæð sje veitt hlutaðeigandi sýslunefndum, með því að vjer teljum það mjög mikilsvert fyrir hinar fjölbyggðu sveitir, er að Lagarfljóti liggja, að greitt verði fyrir flutningum inn um ósinn Þó viljum vjer, að það skilyrði sje sett, að hjeraðsbúar kosti sjálfir það, er til vantar, að koma fyrirtækinu fram.

Frá Húnvetningum hefur komið beiðni um styrk til bryggjugjörðar á Blönduósi og viljum vjer ráða til, að 5000 kr. sje veittar í þessu skyni, þó með því skilyrði, að verkfræðingur álíti, að verkið sje framkvæmanlegt og komi að notum, og sýslunefndin útvegi fje það, er á vantar, að verkið verði fullgjört. Að vísu álítum vjer, að áætlun sú, sem vjer höfum átt kost á að kynna oss, sje eigi svo ýtarleg sem skyldi, en þrátt fyrir það þykir oss rjett, að þessi upphæð sje veitt. Húnvetningar hafa sýnt mikinn áhuga á þessu máli og þegar skotið saman talsverðu fje til þess, og er litið er til þess, að Húnavatnssýsla er, sökum illra hafna, nærfellt útilokuð frá þeim gagnsmunum, sem strandferðirnar veita, en aptur á móti myndi meiga ætla, að á Blönduós gæti orðið áreiðanlegur viðkomustaður strandferðaskipa, þá er þessi bryggja væri byggð, þá erum vjer ekki í neinum vafa um það, að rjett sje að styrkja þetta fyrirtæki, er virðist miða mjög til samgöngubóta.

— 13. gr. A. a. og b. 1.—3. Þessa gjaldaliði höfum vjer ekkert að athuga við.

Við 13. gr. A. b. 4. Með því að nefndin lítur svo á, sem upphæð sú, er veitt var til Kvíabekkjar prestakalls með fjárlögum 1892 og 1893 hafi ekki verið veitt í því skyni, að veita brauðinu fast árgjald úr landssjóði, heldur að eins til að hressa við staðinn, þá þykir oss rjett, að leggja það til, að nefndu prestakalli sje veittar að eins 300 kr. fyrra árið og að uppbót þessari sje þar með lokið.

— — — — — 5.—6. Við það höfum vjer ekkert að athuga.

— — — B. I. a. og b. 1. og 3.—7. höfum vjer heldur ekkert að athuga við.

— — — — — b. 2. Ölmusur við prestaskólann ráðum vjer til að færðar sje niður í 200 kr. hvort árið, með því að aðsókn að skólanum er nú svo lítil, að ætla má, að þetta verði nægilegt.

— — — — II. Ekkert að athuga.

— — — — III. a. Ekkert að athuga.

— — — — — b. Með því að þingið hefir samþykkt lög um sjerstök eptirlaun handa sögukennara Páli Melsted, fellur þessi liður að sjálfsögðu burtu. Að öðru leyti höfum vjer ekkert að athuga við þennan staflið.

— — — — — c. Við þennan gjaldlið höfum vjer ekkert að athuga annað en það, að vjer leggjum til að 4. liðurinn verði hækkaður um 500 kr., sem vjer gerum ráð fyrir, að verði varið til tímakennslu í sögu. Sömuleiðis leggjum vjer það til, að 5. liðurinn, ölmusur við lærða skólann, verði hækkaður um 500 kr. fyrra árið og 1000 kr. hið síðara árið, með því að ætla má, að fje þetta nægi, eptir tölu þeirra, sem nú eru á skólanum. Enn fremur leggjum vjer til, að 11. liður, utanfararstyrkur til fimleikakenn

arans, falli burtu, með því að vjer efumst um gagnsemi þá, er slík fjárveiting hefði í för með sjer; auk þess vantar bæði hús og áhöld, ef um verulega endurbót á fimleikakennslunni ætti að vera að ræða.

Við 13. gr. B. IV. a. og b. 1.—3. Ekkert að athuga.

— — — — — — — — b. 4. Að því er snertir þenna gjaldlið finnur nefndin eigi fulla ástæðu til að áætla hann hærri en hann er á fjárlögum þeim, er nú gilda, með því að sú upphæð er í raun og veru all rífleg; leggjum vjer því til, að upphæðin sje sett 400 kr. hvort árið.

— — — — — — b. 5. Jafnvel þótt margt mæli með því, að fátækum piltum sje veittur styrkur, til að gera þeim ljettara að ganga á skólann, þá sýnist oss tiltækilegt, að leggja það til, að upphæð styrksins sje sett niður um 100 kr. og sje því að eins 400 kr. hvort árið. Nú er árferði gott til lands og sjávar, og af því leiðir aptur, að atvinna fyrir daglaunamenn er góð; en flestir þeirra, er á Möðruvallaskóla ganga, hafa ofan af fyrir sjer með daglaunavinnu á sumrum. Þess skal og getið, að vera nemenda á Möðruvöllum mun vera tiltölulega mjög kostnaðarlítil, með því hagfellda fyrirkomulagi á fæðiskostnaði, er þar hefur tíðkast síðari árin.

— — — — V. a. Kennari stýrimannaskólans, Markús F. Bjarnason, hefir sent oss bænarskrá, þar sem hann óskar, að laun sín sje hækkuð um kr. 1500,00 svo að þau verði kr. 3000,00 á ári. Vjer getum eigi lagt það til, að þessi beiðni sje veitt, því að þótt vjer játum, að staða kennarans til að hafa góða atvinnu sem skipstjóri, þann tíma ársins, sem hann eigi er bundinn við skólann, sje eigi góð, eins og hann tekur fram í bænarskránni, verðum vjer annarsvegar að ætla, að hann muni geta haft nokkurn stuðning af því, er hann vinnur sjer inn á þeim tíma; viljum vjer því leggja það til, að laun hans sje hækkuð um 300 kr., svo að hann fái 1800 kr. hvort árið.

— — — — — b. 1.—3. Við þær upphæðir höfum vjer ekkert að athuga.

— — — — VI. a. 1.—4. Vjer ráðum til, að upphæðir og aths. þessara liða sje látnar standa óbreyttar. Þess skal getið, að nefndinni hefur borizt beiðni frá forstöðukonu kvennaskólans í Reykjavík, þar sem hún fer fram á, að fjárframlag úr landssjóði til skólans verði hækkað um 700 kr. frá því, sem verið hefur, til þess að koma á fót 4. bekk í skólanum og að ölmusufje handa námsstúlkum við skólann verði hækkað um 200 kr., en nefndinni hefur eigi þótt ástæða til, að leggja með þessari beiðni. Vjer viljum leiða athygli að því, að frá kvennaskólunum hafa engar beiðnir komið um nokkurn fjárstyrk, nema þessi, sem vjer þegar höfum nefnt, frá forstöðukonu kvennaskólans í Rvík. Skýrslur um kennslu og próf hafa oss borizt að eins frá kvennaskólanum á Laugalandi; en reikninga og fjárhagsskýrslur höfum vjer eigi átt kost á að sjá frá neinum kvennaskólanna. Um leið og vjer bendum á þetta, viljum vjer lýsa yfir þeirri skoðun vorri, að eigi væri það ofætlun fyrir stjórnendur þeirra stofnana, er fjárstyrk fá árlega úr landssjóði, að gefa alþingi skýrslur um ástand stofnananna.

— — — — — b. 1. Ekkert við þann lið að athuga.

— — — — — — — 2. Vjer leggjum til að liður þessi sje hækkaður um 800 kr. hvort árið og sömuleiðis að í stað: »allt að 50 kr. til hvers« komi: »allt að 60 kr. til hvers«. Nefndin er á þeirri skoðun, að það fje, sem um er að

ræða í þessum gjaldlið, geri verulegt gagn til eflingar alþýðufræðslu og álítur því rjett, að liðurinn sje hækkaður, og sömuleiðis hámark þess styrks, er hverjum einstökum kennara getur hlotnast. Oss sýnist einnig ráðlegt, að setja það skilyrði, að kennarinn, til þess að fá landssjóðsstyrk, fái að minnsta kosti ½ á móts við hann annarsstaðar frá. Viljum vjer með því benda sveitarstjórnum og öðrum þeim, er kennara ráða, á það, að eigi sje meiningin með landsjóðsstyrknum sú, að ljetta launakostnaði til barnakennara til fulls af herðum hlutaðeigenda. Leggjum vjer því til að skilyrðunum sje breytt, samkvæmt þessu.

Við 13. gr. B. VI. c. Nefndin álítur, að rjett sje að láta þennan tölulið halda sjer eins og að undanförnu. Hinsvegar þykir nefndinni mikil nauðsyn bera til þess, að barnakennarar, sem fara sífjölgandi, verði sem bezt búnir undir starfa sinn og að þeir geti notið tilsagnar í kennslufræði og kennsluaðferð, og leggur hún því til að liðurinn d. sje hækkaður upp í 1600 kr., og sömuleiðis leggur nefndin til, að liðurinn g. sje látinn halda sjer.

Nefndin vill láta þess getið, að hún telur sjálfsagt, að kennslukraptarnir í Flensborgarskólanum verði auknir, annaðhvort á þann hátt, að bætt sje við þriðja kennara eða keypt tímakennsla eptir því, hvort hentara þykir.

— — — — — f. Vjer leggjum til, að þessi liður sje felldur burtu, með því að oss hefur eigi borizt nein beiðni nje skýrsla frá stofnun þeirri, er um er að ræða, enda höfum vjer fyrir satt, að áhugi muni eigi vera mikill í því efni.

— — — — — h. Vjer leggjum til, að þessi liður sje hækkaður um 200 kr. hvort árið, og að kennari Geir Zoëga fái 400 kr. hvort árið af því fje, sem veitt er á þessum lið, til að ljúka við ensk-íslenzka orðabók samkvæmt því, sem hann hefur beðið um.

— — — — VII. Við a. og c. höfum vjer ekkert að athuga. Þar á móti leggjum vjer til að stafliður b. falli burtu, og að skilyrðið við staflið b. og c. breytist eptir því. — Vjer getum eigi betur sjeð, en allvel sje lagt til sundkennslu í Reykjavík í samanburði við aðra hluta landsins, þar sem ½ af öllu því fje, sem er varið til sundkennslunnar, er veittur Reykjavík, og það án þess, að annað skilyrði sje sett, en að lærisveinar latínuskólans njóti ókeypis kennslu. Vjer verðum og að ætla, að íbúar Reykjavíkur muni telja sjer svo mikla hagsmuni að því, að hafa í nánd við bæinn góðan sundstað, að þeim verði ljúft að fullkomna aðgerðina á sundlauginni að dæmi manna í ýmsum sveitum víðsvegar um land, sem hafa komið upp hjá sjer allgóðum sundkennslustöðum af eigin ramleik.

— — — C. 1. a.—f. Við það höfum vjer ekkert að athuga.

— — — — 2. og 3. Ekkert að athuga.

Vjer viljum leggja til að deild hins íslenzka bókmenntafjelags í Kaupmannahöfn sje veittar 500 kr. árlega, með því skilyrði, að út komi að minnsta kosti 24 prentaðar arkir af fornbrjefasafninu á ári. Oss er kunnugt um, að útgefandi safnsins hefur þegar allmikið af því búið til prentunar, en fjelagið hins vegar treystist eigi til að prenta nema 12—14 arkir árlega. Nefndin verður að vera á þeirri skoðun, að heppilegast sje, að þetta mikilsverða safn geti komizt út sem fyrst, og ræður

því til að fjelaginu sje veitt þessi upphæð, til að flýta fyrir prentun þess.

Við 13. gr. C. 4. Frá forseta Þjóðvinafjelagsins hefur oss borizt bænarskrá um 1500 kr. styrk til fjelagsins á fjárhagstímabilinu. Þótt vjer eigi getum lagt með því, að fjelaginu sje veitt svo mikil upphæð, viljum vjer með tilliti til kringumstæðnanna, þar sem fjelagið mun vera í allmikilli skuld og með tilliti til gagns þess er það vinnur með útgáfu góðra bóka o. fl., leggja til að styrkurinn til þess sje hækkaður um 100 kr. hvort árið.

— — — — 5. c. Í frv. er farið fram á 800 kr. fjárveiting á ári til þess að ráða forngripum, setja á þá tölur og semja skrá yfir, en þar sem ætla má að verk þetta sje eigi meira en svo, að það verði framkvæmt á einu ári, og vjer jafnframt álítum að æskilegt sje, að verk þetta verði unnið sem fyrst, þá ráðum vjer til að þessu sje breytt þannig, að veittar sje 1200 kr. fyrra ár fjárhagstímabilsins og ætlum að sú upphæð muni nægja, enda var borgunin fyrir umsjón safnsins hækkuð á síðasta alþingi um helming, til þess að umsjónarmaðurinn tölusetti gripi safnsins (sbr. Alþ. tíð. 1891 C. 246) og sú upphæð er nú óbreytt.

— — — — 6. Við það höfum vjer ekkert að athuga.

— — — — 7. Með því að vjer hjer að ofan höfum lagt það til, að deild hins íslenzka bókmenntafjelags í Kaupmannahöfn sje veittur styrkur til prentunar fornbrjefasafnsins, með því skilyrði að gefnar verði út að minnsta kosti 24 arkir á ári, þá ráðum vjer til að aths. við þennan lið verði orðuð eins og á núgildandi fjárlögum

— — — — 8. og 9. Vjer höfum ekkert að athuga við þá liði.

— — — — 10. Frá formanni náttúrufræðisfjelagsins hefur komið beiðni um það, að styrkur til fjelagsins sje settur 600 kr. hvort árið. Vjer höfum skoðað safnið og fullvissað oss um, að það meðal annars skortir bæði húsrúm og hirzlur, og viljum vjer eptir atvikum leggja til að beiðnin sje veitt.

— — — — 11. og 12. Vjer höfum ekkert við þá liði að athuga.

— — — — 13. Vjer ráðum til að fjárveitingin til sjera Matth. Jochumssonar sje hækkuð um 400 kr. á ári, og að upphæðin sje nefnd skáldlaun.

Frá stórstúku Íslands hefur oss borizt bænarskrá um 3000 kr. árlega fjárveitingu til útbreiðslu bindindis og bindindisrita. Nefndin viðurkennir fyllilega hinn lofsverða áhuga Good-Templarreglunnar á útbreiðslu bindindis hjer á landi og vill því að stórstúkunni sje veittar 300 kr. á ári til að stofna nýjar stúkur.

Frá Birni Ólafssyni aukalækni á Akranesi hefur komið bænarskrá um 2000 kr. árlega þóknun til að setjast að sem augnalæknir í Reykjavík. Nefndin sjer sjer ekki fært að mæla með þessari beiðni; en hins vegar viljumvjer leggja það til, að honum verði veittar 500 kr. á ári í viðbót við aukalæknislaun hans, eins og á fjárlögum þeim, er nú gilda.

Frá cand. theol. Hannesi Þorsteinssyni hefur komið beiðni um jafnmikinn styrk og á núgildandi fjárlögum til að halda áfram að koma skipulagi á landsskjalasafnið. Ráðum vjer til að honum sje veittar í þessu skyni 1000 kr. fyrra ár fjárhagstímabilsins; ætlumst vjer til að starfi þessi verði leystur svo af hendi, að samin sje skrá yfir pakka þá, sem í safninu eru, og jafnframt endurskoðuð niðurröðun skjalanna í þeim.

Ennfremur leggjum vjer til að veittar sje allt að 200 kr. til umbúða um pakkana og til að prenta skrá yfir þá og sömuleiðis til að flytja safnið úr dómkirkjunni í þinghúsið, ef til þess kemur.

Frá Skúla Skúlasyni á Akureyri hefir komið beiðni um 1000 kr. styrk til utanfarar til að læra myndasmíði, og með því oss er kunnugt um hinn brennandi áhuga beiðandans, sem er ungur og efnalaus, þá viljum vjer leggja til, að honum sje veittar 500 kr. fyrra árið og 200kr. síðara árið.

Við 14. gr. Vjer höfum ekkert að athuga við hana.

— 15. — Frá Ólínu Vigfússon, ekkju Sigurðar heitins fornfræðings hefur borizt bænarskrá um 260 kr. ellistyrk á ári, og með því að ekkja þessi er mjög fátæk, en maður hennar vann lengi og vel fyrir landið gegn lítilli þóknun, viljum vjer leggja til að henni sje veittar 100 kr. árlega.

— 16. gr. Ekkert að athuga.

— 17. — Breytist eptir því, hvernig atkvæðagreiðslan fellur.

— 18. og 19. gr. Ekkert að athuga.

Úr Árnessýslu hefur komið bænarskrá um 20,000 kr. lán úr landssjóði til þess að koma á fót tóvinnuvjelum; var beðið um að lán þetta væri veitt leigulaust 10 fyrstu árin, en síðan skyldi það endurgoldið á 28 árum með 6% í afborgun og leigu. Enn fremur var þar farið fram á, að alþingi veitti »nægilegt fje úr landssjóði til þess að kosta erlendis nám eins eða fleiri efnilegra manna í öllu því, er lítur að stjórn ullarvinnuvjela og notkun þeirra til ullarvinnu«. Að því er þetta síðasta atriði snertir, ætlar nefndin eigi fulla þörf á því, að veita fje til þess, því að hjer á landi má fá talsverða þekkingu á tóvinnuvjelum, þar sem þær eru þegar komnar á fót.

Úr Skagafjarðarsýslu hefur og komið sú ósk, að sýslufjelaginu þar væri veitt lán úr landssjóði til þess að koma tóvinnuvjelum á fót.

Nefndinni virðist eigi rjett að ráða til þess, að leigulaust lán verði veitt úr viðlagasjóði til þess að koma á fót tóvinnuvjelum. En nefndin vill samt leggja það til, að úr viðlagasjóði megi veita allt að 40,000 kr. lán til sýslufjelaga í þessu skyni, en þó ekki yfir 20,000 til hvers, og ávaxtist lán þetta og endurborgist með 6% á 28 árum. Við þessa lánveitingu ætlast nefndin til, að sýslur þær, sem þegar hafa beðið um lán þetta, verði látnar ganga fyrir öðrum sýslum.

Ennfremur vill nefndin leggja það til, að veita megi lán úr viðlagasjóði allt að 40,000 kr. einstökum mönnum, er þess kynnu að óska, til þess að kaupa þilskip fyrir. Lán þetta endurborgist með 6% í afborgun og leigu á 28 árum og veitist að eins gegn fulltryggu veði og eigi meira en 4,000 til hvers skips.

Alþingi 26. júlí 1893.

Þórarinn Böðvarsson.	Skúli Thoroddsen.	Jón Jónsson 2. þm. Eyf.
formaður.	skrifari.	framsögumaður.
Jón Jakobsson.	Bogi Th. Melsteð.	Jón Jónsson 2. þm. N-Múl.
	Jón Jónsson þm. A. S.	

Ed. **244. Breytingartillögur.**

við frumvarp til laga um fuglaveiðasamþykkt í Vestmannaeyjum (144). Frá Hallgrími Sveinssyni, L. E. Sveinbjörnssyni, Kristjáni Jónssyni, Guttormi Vigfússyni, Guðjóni Guðlaugssyni, Þorkeli Bjarnasyni.

1. Við 3. gr. Á undan orðinu: »sem« í 1. línu bætist inn: »svo«.
2. — - — Orðin: »þar til« í næstsíðustu línu greinarinnar falli burt.
3. — 4. gr. Fyrir orðin: »samþykkt, sem samþykkt hefir verið«, í síðari málsgrein, komi: »staðfesta samþykkt«.

Nd. **245. Breytingartillaga.**

við frumvarp um sölu þjóðjarða, eins og það var samþykkt við 2. umræðu. Frá Þorláki Guðmundssyni, Þórði Guðmundssyni, Boga Th. Melsteð, Sigfúsi Árnasyni, Jens Pálssyni, Guðl. Guðmundssyni.

Við 1. gr. tölulið 5. fyrir: »2,600« komi: »2,800«.

Ed. **246. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um dagpeninga og þingfararkaup alþingismanna, Frá G. Vigfússyni og Jóni A. Hjaltalín.

1. Fyrsti liður 1. greinar orðist þannig: Alþingismenn fá endurgoldinn ferðakostnað til alþingis og frá því, eptir því, hvar heimili þeirra er, svo sem hjer segir.
2. 2. gr. falli burt.
3. Í fyrirsögn frumvarpsins í stað „dagpeninga og þingfararkaup“, komi: „ferðakostnað“.

Ed. **247. Frumvarp**

til laga um varnarþing í skuldamálum og um ýms viðskiptaskilyrði. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.).

1. gr. Ef skuld er stofnuð þar, sem heimilisfang lánardrottins er, enda sje hann hjerlendur, á skuldheimtumaður rjett á, ef hann vill, að sækja mál til greiðslu skuldarinnar á hendur skuldunaut í þinghá þeirri, er skuldin er stofnuð í, eins og væri þar varnarþing hans. Sje skuldin stofnuð við fasta verzlun, eða aðra heimilisfasta atvinnustofnun, þá ræður varnarþing þess, sem henni stýrir, þótt eigandi sje þar eigi búsettur. Eigi raskar þetta þó gildandi ákvæðum um varnarþing, er bundið er við fasteign.

Þessi ákvæði ná að eins til þeirra skulda, er stofnaðar eru, eptir að lög þessi öðlast gildi.

Lög þessi ná til þeirra einna skuldaskipta, er skuldheimtumaður er kaupmaður, eður hefur á annan hátt atvinnu sína af viðskiptum, svo sem lyfsalar, bóksalar, iðnaðarmenn og kostnaðarmenn blaða og rita.

Því að eins gilda fyrirmæli þessarar greinar, að fyrirtökudagur málsins falli í sumarkauptíð (15. júní til 31. júlí að báðum þeim dögum meðtöldum) eða í haustkauptíð (15. sept. til 31. okt. að báðum þeim dögum meðtöldum).

2. gr. Nú hefur maður fengið reikning yfir viðskipti sín, og skal hann þá innan 6 mánaða frá því hann meðtók hann, hafa komið fram með ótvíræð mótmæli gegn hverju því í honum, er hann kannast eigi við, ella skal svo álíta sem hann viðurkenni reikninginn skilyrðislaust.

3. gr. Sje verzlunarbók sú, er skuldaskiptin eru fyrst í skráð, löggilt og aðalbók slíkt hið sama, skulu þær bækur sönnun vera fyrir því, að reikningur, sem þeim er samhljóða, sje rjettur, nema annað sannist að lögum, eða sá, er í hlut á, synji með eiði fyrir, að hafa tekið út það, er í bókunum er skráð.

4. gr. Mál þau, er um er rætt í þessum lögum, skulu rekin fyrir gestarjetti. Ef skuldunautur á heimili í þinghánni, má birta honum stefnu, til að mæta á næturfresti. Annars skal birta stefnuna á lögheimili hans með þriggja vikna fresti, ef það er innan sama lögsagnarumdæmis sem fyrirtökustaðurinn, með 6 vikna fresti, ef það er utan lögsagnarumdæmis, en þó í sama amti, en með 9 vikna fresti, ef það er í öðru amti.

Ed.

248. Frumvarp

til laga um bann gegn því, að utanríkismenn megi eiga jarðeignir á Íslandi. Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.

1. gr. Enginn sá, er á heimili utanríkis, hvorki einstakur maður nje fjelag, má eiga jarðeign hjer á landi, nema það sje leyft með sjerstökum lögum. Jarðeignir þær, sem utanríkismenn nú eiga, eru undanþegnar þessu ákvæði, þangað til eigandaskipti verða á þeim.

2. gr. Nú flytzt maður, sem á jarðeign hjer á landi, til annara ríkja, eða utanríkismaður eignast hjer jarðeign að gjöf eða erfðum, og skulu þeir þá innan þriggja ára hafa selt jarðeign sína, en gjöri þeir það ekki, skal selja jarðeignina við opinbert uppboð, og greiðist andvirði hennar, að frádregnum kostnaði, til fyrverandi eiganda.

3. gr. Enginn má selja utanríkismönnum jarðeign hjer á landi, nje heldur leigja þeim jarðir eða nein jarðarafnot lengur en 50 ár.

4. gr. Brot móti lögum þessum varða sektum til landssjóðs, frá 1000 kr. til 10,000 kr., og skal með þau fara sem opinber lögreglumál.

Ed.

249. Frumvarp

til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar. Eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild.

1. gr. Á helgidögum þjóðkirkjunnar er til miðaptans bönnuð öll sú vinna, hvort heldur er inni eða úti, er hefur þann hávaða í för með sjer, eða fer fram á þeim stað, eða með þeim hætti, að hún hlýtur að raska friði helgidagsins.

Þrátt fyrir þessi fyrirmæli skal þó heimilt vera, að ferma og afferma skip og bæta, ef þau hafa leitað hafnar í neyð, eða liggja um akkeri fyrir opnu hafi, svo og að öðru leyti að vinna þau verk, er eigi má fresta eða sem miða til þess, að bjarga og hjálpa öðrum, sem eru í hættu staddir, eða hafa hana yfir höfði sjer.

Þau verk, sem talin eru í annari málsgrein þessarar greinar, á húsbóndi heimting á, að hjú hans vinni, jafnt á helgum dögum, sem virkum dögum.

2. gr. Kaup og sala má eigi fram fara á helgidögum þjóðkirkjunnar hvorki úti nje inni í sölubúðum kaupmanna nje annara sölumanna og skulu búðir þeirra vera lokaðar. Þó skulu lyfsalabúðir vera undanþegnar þessu banni, að því er snertir lyfjasölu, svo og þeir staðir, þar sem mjólk, brauð og annar tilbúinn matur er seldur.

Bann þetta nær einnig til kaupfjelaga og annara fjelaga, er hafa sölubúðir fyrir fjelagsmenn. Gestgjafar eða aðrir veitingamenn mega ekki á helgidögum þjóðkirkjunnar selja nje veita mönnum áfenga drykki.

3. gr. Eigi má markaði halda á helgidögum þjóðkirkjunnar.

4. gr. Á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. gr., má ekki á neinum almennum veitingastað halda veizlur eða aðra hávaðasama fundi.

5. gr. Á þeim tíma, sem til er tekinn í 1. gr., má hvorki halda neinar almennar skemtanir nje heldur mega nokkrar þær athafnir, sem hávaði er að, eiga sjer stað.

6. gr. Á helgidögum þjóðkirkjunnar má eigi, nema brýn nauðsyn beri til, halda sveita- eða bæjarstjórnarfundi, þing, gegna fógetastörfum eða skjalaskrifarastörfum, halda skiptafundi, uppboðsþing eða gegna öðrum dómsstörfum. Ekki skal heldur stefna eða boða neinn fyrir dóm eða yfirvald á helgidögum, nema brýn nauðsyn beri til, og þess sje þá beinlínis krafizt af valdsmanni þeim, er stefna lætur, og skal þó eigi stefna lesin meðan á messu stendur.

7. gr. Almenna fundi má eigi halda um veraldleg efni á helgidögum þjóðkirkjunnar, fyrr en guðsþjónustugjörð er lokið á þeim stað. Þá er guðsþjónustan fer fram eptir kl. 4 e. h., er þó heimilt að halda almenna fundi um leið, sje þess gætt, að fundurinn sje eigi haldinn svo nálægt kirkju eða bænahúsi, að guðsþjónustan verði truflud af því.

8. gr. Bönn þau, er talin eru í undanfarandi greinum, ná yfir allan daginn skírdag, föstudaginn langa og hinn fyrra helgidag þeirra þriggja stórhátíða.

9. gr. Kveldið fyrir helgidag mega engar almennar skemmtanir standa lengur en til miðnættis.

Kveldið fyrir stórhátíðisdaga þá, sem nefndir eru í undanfarandi grein, eru allar almennar skemmtanir bannaðar.

10. gr. Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum frá 1—200 kr.; auk þess má með dómi svipta mann rjetti til að hafa veitingahús eða annan almennan veitingastað, hafi hann þrisvar sinnum brotið lög þessi. Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara sem almenn lögreglumál.

11. gr. Nú virðist lögreglustjóra, að brot á móti lögum þessum sje sprottið af afsakanlegum misskilningi, og skal hann þá að eins gefa þeim áminning, er brotið hefur, og ef þörf er á, gefa út almenna auglýsingu mönnum til leiðbeiningar og viðvörunar.

12. gr. Tilsk. 28. marz 1855 og opið br. 26. sept. 1860 svo og öll önnur lagaákvæði um sunnu- og helgidagahald eru felld úr gildi.

Ed

250. Breytingartillaga

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1892 og 1893. Frá Þorleifi Jónssyni, Sigurði Stefánssyni og Guttormi Vigfússyni.

Við 4. gr. b. Fyrir „Borga skal . . . . undir prentun“, komi: Borga má upphæð þá allt að 600 kr., er veitt var fyrir árið 1893, þegar skilað hefur verið handriti albúnu undir prentun, en ætla má að nemi að minnsta kosti 24 prentuðum örkum, og það, þótt við megi búast, að svo mikið verði eigi prentað á árinu.

Nd. **251. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um undirbúning verðlagsskrár.

Vjer undirritaðir, sem hin heiðraða neðri deild hefur kosið til þess að segja álit vort um frumvarp þetta, höfum rætt það og íhugað nákvæmlega, og orðið sammála um, að fyrirkomulag það, sem nú er á undirbúningi verðlagsskránna, hafi töluverða galla, en sem þó megi ráða bót á með umsvifalitlum breytingum.

Vjer ráðum því hinni háttvirtu deild að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum:

1. Við 1. gr. Í staðinn fyrir: »skattanefndarinnar . . . kýs þar til« komi: skattanefndar og þriðji maður kosinn af hreppsnefnd
2. — — — Á eptir »innanhreppsc til enda greinarinnar komi: Skulu þeir grennslast eptir því á hausthreppaskilum, en verðlag á kaupstaðarvörum skal miðað við peningaverð á þeim í næsta verzlunarstað.

   Skýrsla þessi skal lögð fram til sýnis á hentugum stað í hreppnum í 2 vikur, og skal að því búnu senda hana til prófasts fyrir lok nóvembermánaðar.
3. — 2. gr. 2. grein falli burt, en í hennar stað komi svohljóðandi grein:

   Þegar prófastur hefur fengið þessar skýrslur úr öllum hreppum í prófastsdæmi sínu, skal hann semja eptir þeim eina aðalskýrslu fyrir allt prófastsdæmið, er hann sendir síðan sýslumanni með tilheyrandi fylgiskjölum, en sýslumaður endurskoðar skýrsluna og staðfestir hana, ásamt hlutaðeigandi prófasti, og annast hlutaðeigandi sýslumaður prentunina.

Alþingi, 26. júlí 1893.

Þórður Guðmundsson, form. og framsögum. — Björn Sigfússon, skrifari. — Þórarinn Böðvarsson.

Nd. **252. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um skipulag og stjórn andlegra mála hinnar íslenzku þjóðkirkju.

Hin heiðraða neðri deild alþingis fjekk oss, sem kosnir vorum í nefnd til að íhuga „frumvarp til laga um kirkjur“, einnig til íhugunar „frumvarp til laga um skipulag og stjórn andlegra mála hinnar íslenzku þjóðkirkju“.

Hversu mismunandi, sem skoðanir vorar nefndarmanna kunna að vera um hagkvæmt fyrirkomulag á stjórn þessara mála, þá er meiri hlutinn einhuga á því, að ákvæði þessa frumvarps, eins og það er lagað, bæti eigi úr því, sem ábótavant er við skipulag andlegra mála kirkjunnar. Oss þykir frumvarpið ganga, að einu leytinu of langt, en að hinu leytinu of stutt; of langt, úr því jafnframt er þó bæði gjört ráð fyrir, að veiting prestsembættanna haldi áfram að vera í höndu-

um hins verzlega valds að miklum hluta, og að ríkið beri, eptir sem áður, talsvert af útgjöldum kirkjunnar.

Aptur fer frumvarpið of stutt, ef það væri haft fyrir augum, að aðskilja ríki og kirkju, sem meiri hluta vor nefndarmanna þætti þó í raun rjettri æskilegast. En að snúast við svo umfangsmikilli breytingu, þykir oss eigi tiltækilegt að sinni.

Auk þessa eru ýms ákvæði í frumvarpi þessu, annaðhvort með öllu óframkvæmandi, eða lítt framkvæmanleg, ef þau eiga nokkra þýðingu að hafa, t. a. m. biskupskosningin (4. gr.), prestastefnan (7. gr.), þar sem, þá er til reyndarinnar kæmi, að eins fáeinir menn, sem næstir byggju Reykjavík, mundu alveg ráða úrslitunum.

Meiri hlutinn verður því að ráða hinni heiðruðu þingdeild til að hafna þessu frumvarpi.

Sigurður Gunnarsson
skrifari.

H. Kr. Friðriksson
framsögum.

Jón Jakobsson.

Björn Bjarnarson.

Álit

Flutningsmanns á málinu: Frumvarp til laga um skipulag og stjórn andlegra mála hinnar íslenzku þjóðkirkju.

Jeg hefi eigi borið giptu til þess, að hinir heiðruðu meðnefndarmenn mínir í þessu máli yrðu mjer samferða. Hafa þeir samið nefndarálit, að því er virðist fyrir alla nefndina og verið svo góðir að lofa mjer að sjá það.

Þótt þeir játi, að skoðanir sínar um hagkvæmt fyrirkomulag þessara mála sjeu mismunandi, þá hefir þeim komið saman um það, að frumvarpið fari að einu leytinu of langt, að hinu leytinu of stutt, án þess að birta þann leyndardóm, hvernig það hefði átt að vera, til þess, að þeim hefði þótt það fara nægilega langt og þó ekki of langt. Lýsa þeir í því tilliti að eins yfir því, að meiri hluta þeirra þyki í „raun rjettri“ æskilegast, að aðskilja ríki og kirkju, en þyki eigi tiltækilegt að sinni „að snúast við svo umfangsmikilli breytingu“.

Jeg er því alveg mótfallinn að aðskilja með öllu ríki og kirkju, þó mjer þætti tiltækilegt að „snúast við því“, og álít að frumvarpið fari í því svo langt, sem fara á, að minnsta kosti að svo stöddu, að kirkjan ráði sínum eigin málum, hinum andlegu málum.

Ræð jeg því hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið með þeim breytingum, sem henni kann að þóknast að gjöra á því.

Alþingi 26. júlí 1893.

Þórarinn Böðvarsson
flutningsm. frumvarpsins
og formaður nefndarinnar.

Ed. **253. Breytingartillaga**

við frv. til laga um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumannna, bæjarfógeta o. fl., eins og það var samþykkt við 2. umr. í Ed. Frá meiri hluta nefndarinnar.

Við 12. gr. Greinin orðist þannig:

Með lögum þessum er úr gildi numið opið brjef 21. marz 1800 um dagpeninga í sakamálum og aukatekjureglugjörð fyrir rjettarins þjóna á Íslandi 10. sept. 1830, að því er snertir gjöld þau, er sýslumönnum og bæjarfógetum ber samkvæmt henni.

Nd. **254. Frumvarp**

til laga um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl. Eins og það var samþykkt við 2. umr. í neðri deild.

1. gr. Nú hefur sakborinn maður verið hafður í gæzluvarðhaldi, eður á annan hátt verið sviptur frelsi, og er þvínæst látinn laus, án þess að mál sje höfðað, eða hann er sýknaður, og á hann þá rjett á að fá bætur, er ákveðnar sjeu af dómaranum, fyrir þá skapraun, fjártjón og smán, er hann hefur beðið af því, að hann var sviptur frelsi sínu, ef álíta má eptir málavöxtum, að hann sje saklaus af glæp þeim, er tilefni gaf til þess, að hann var sviptur frelsi.

Rjett til skaðabóta hefur og sá maður, sem haldið hefur verið í gæzluvarðhaldi, eða á annan hátt verið sviptur frelsi, sökum þess að hann hefur verið grunaður um brot, sem á undir hegningarákvæði, er eigi heimilar þyngri refsingu en sekt eða einfalt fangelsi.

2. gr. Rjettur til skaðabóta fellur niður, ef maður hefur sjálfur með framferði sínu verið þess valdandi, að hann var sviptur frelsi. Þó getur dómarinn dæmt honum bætur, er sje tiltölulega minni, en gjört er ráð fyrir í 1. gr., ef ætla má, að hið ranga framferði hans sje sprottið af hræðslu, fáti eða afsakanlegum misskilningi.

3. gr. Nú fellur niður sakamálshöfðun gegn manni, og á hann þá kost á að krefjast úrskurðar um skaðabótakröfu sína, og skal sá úrskurður þá felldur, þegar málinu, að því er hann snertir, er lokið. Þó skal amtmanni skýrt frá þessu, svo hann megi gæta hags landssjóðs.

Þegar öðruvísi stendur á, skal koma fram skaðabótakröfu samkvæmt undanfarandi greinum með sjerstakri lögsókn gegn hinu opinbera, að tilstefndum amtmanni og hlutaðeigandi rannsóknardómara, og er sækjanda frjálst að höfða málið, hvort heldur hann vill í hjeraði þar, er hann var sviptur frelsi, eða við landsyfirrjettinn. Málið er gjafsóknarmál fyrir hvorntveggja málsaðila, og ber málaflutningsmanni þeim, sem skipaður er fyrir hið opinbera, jafnframt að gæta hagsmuna rannsóknardómarans.

Sje sakamáli eða varðhaldsúrskurði sjerstaklega áfrýjað til æðra rjettar, má einnig koma þar fram með skaðabótakröfuna og fá gjört út um hana, og ber þá hinum skipaða sækjanda að gæta hagsmuna rannsóknardómarans og landssjóðs.

Úrskurði óæðra dóms um skaðabótakröfu eptir þessum lögum, getur bæði hlutaðeigandi og hið opinbera áfrýjað, þótt eigi nemi áfrýjunarupphæð.

4. gr. Mál um skaðabætur eptir undanfarandi greinum skal höfða, áður ár er liðið frá því, að hlutaðeigandi hefur fengið vitneskju um þau atriði, er hann byggir kröfu sína á. Nú reynist krafa hans eigi að vera á neinum rökum byggð, og ber þá með dóminum að skylda hann til þess að greiða málskostnaðinn.

5. gr. Nú hefur maður úttekið hegningu eptir dómi að öllu eða nokkru leyti, og prófast það síðan með fullum rökum, að hann hefur eigi átt hegninguna skilið, og á hann þá heimtingu á skaðabótum úr landssjóði fyrir þá skapraun, smán og fjártjón, er hann hefur beðið.

Skaðabótakröfunni má koma fram í hjeraði, þar sem sakamálið hefur verið höfðað, að tilstefndum amtmanni og dómara þeim, er refsidóminn hefur upp kveðið, eða og við landsyfirrjettinn, og eiga að öðru leyti ákvæði þau, sem í 3. gr. eru sett, einnig við þau mál, er hjer ræðir um.

6. gr. Eptir lát þess, er hlut á að, á það hjóna, er eptir lifir, sókn á því máli, svo og niðjar hins látna.

7. gr. Skaðabætur eptir lögum þessum skal greiða úr landssjóði, og á hann aptur aðgang að dómaranum, svo framarlega sem hann hefur misbeitt embættisvaldi sínu, gjört sig sekan í hirðuleysi eða öðru ólögmætu framferði.

8. gr. Ef sakborinn maður er sýknaður, eða málið gegn honum er leitt til lykta, án þess hann sje dómfelldur, þá skal greiða málskostnað af almannafje, ef um sakamál er að ræða, nema kostnaðurinn að öllu eða nokkru leyti sje sprottinn af vísvitandi ólögmætum tilverknaði eða hegðun af hálfu sakbornings.

9. gr. Lög þessi ná eigi til þeirra sakamála, sem að fullu er lokið áður en þau öðlast gildi.

Nd. **255. Frumvarp**

til laga um kosningar til alþingis, (eins og það var samþykkt við 3. umræðu í efri deild).

Kosningarrjettur og kjörgengi.

1. gr. Með þeim takmörkunum, sem nákvæmar eru teknar fram hjer á eptir (1.—5. gr.) hafa kosningarrjett til alþingis: — *a*, allir bændur, sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til allra stjetta; þó skulu þeir, sem með sjerstaklegri ákvörðun kynnu að vera undanskildir einhverju þegnskyldu gjaldi, ekki missa fyrir það kosningarrjett sinn. — *b*, kaupstaðarborgarar, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 8 kr. á ári; — *c*, þurrabúðarmenn, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 12 kr. á ári; — *d*. embættismenn, hvort heldur þeir hafa konunglegt veitingarbjef, eða þeir eru skipaðir af því yfirvaldi, sem konungur hefur veitt heimild til þessa; — *e*, þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann eða embættispróf við prestaskólann í Reykjavík, eða eitthvert annað þesshátttar opinbert próf, sem nú er eða kann að verða sett, þó ekki sjeu þeir í embættum, ef þeir eru ekki öðrum háðir. Þar að auki getur enginn átt kosningarrjett, nema hann sje orðinn fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram.

2. gr. Enginn getur átt kosningarrjett, nema hann hafi óflekkað mannorð, en sá verður eigi talinn að hafa óflekkað mannorð, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, nema því að eins að hann hafi fengið uppreisn æru sinnar, samkvæmt tilskipun 12. marz 1870.

3. gr. Enginn getur átt kosningarrjett, sem eigi er fjár síns ráðandi, eða sem orðinn er gjaldþrota.

4. gr. Enginn getur átt kosningarrjett, sem þiggur af sveit eða hefur fengið sveitarstyrk, nema hann sje annaðhvort endurgoldinn, eða honum hafi verið gefinn hann upp.

5. gr. Enginn getur átt kosningarrjett, nema hann, þá er kosningin fer fram, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár. Sá, sem hefur fast aðsetur á fleiri stöðum, segi sjálfur til, á hverjum staðnum hann vilji neyta kosningarrjettar síns.

6. gr. Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem hefur kosningarrjett samkvæmt greinunum að framan, ef hann: 1, ekki er þegn annars ríkis eða í þjónustu þess; 2, hefur að minnsta kosti í síðustu 5 ár verið í löndum þeim í Norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi, og 3, er orðinn fullra 30 ára að aldri, þegar kosningin fer fram. Kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefur verið þar skemur en eitt ár.

Kjörskrár.

7. gr. Hlutaðeigandi hreppsnefnd, eða bæjarstjórn, skal semja og halda kjörskrár yfir þá menn í hverjum hreppi eða bæ, sem kosningarrjett hafa.

8. gr. Á kjörskrárnar skal setja í sjerstaka dálka fullt nafn kjósenda, aldur þeirra, stjett og heimili, og skal á skránum vera rúm, þar sem rituð verður atkvæðagreiðsla kjósanda. Á hverri kjörskrá skal raða niður nöfnum kjósenda eptir stafaröð.

9. gr. Kjörskrárnar skulu samdar einu sinni á ári hverju; skulu þær kjörskrár lagðar til grundvallar, sem þá eru í gildi, en þeir kjósendur úr felldir, sem síðan eru dánir eða hafa flutzt burtu eða misst kosningarrjett sinn, og þeim bætt við, sem síðan hafa öðlazt kosningarrjett fyrir 6. júnímánaðar og fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru um aldur og heimili. Ennfremur skulu þeir, sem að vísu enn þá eigi hafa fullnægt þeim skilyrðum, er síðast var getið, en vænta má að muni fullnægja þeim einhverntíma á því ári, er kjörskrárnar skulu gilda fyrir, teknir uppá skrá sjer, og skal um leið tilgreina þann dag í árinu, er þeir annaðhvort verða fullra 25 ára að aldri, eða hafa verið heimilisfastir í kjördæminu eitt ár.

10. gr. Kjörskrár skulu leiðrjettar í febrúarmánuði ár hvert. Efasemdum þeim, sem þá kunna að koma fram, skal hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn skera úr, þá er búið er að fá skýringar um málið.

11. gr. Frá 1. til 20. marz, að báðum þessum dögum meðtöldum, skulu kjörskrár liggja öllum til sýnis á þeim stað, sem hentugur er fyrir hreppsbúa eða bæjarbúa eða eptir atvikum á fleiri slíkum stöðum. Staðfest eptirrit af skránum má hafa til þess að leggja fram. Hvenær og hvar skrárnar verða lagðar fram, skal birta að minnsta kosti með 14 daga fyrirvara við kirkjufund eða á annan hátt, sem vant er að birta almennar auglýsingar þar á staðnum.

12. gr. Áður en 8 dagar eru liðnir frá þeim tíma, er kjörskrárnar hafa legið til sýnis, skal hver sá, er ætlar, að sjer sje ranglega sleppt á skránni, eða að einhver sje þar, sem eigi hafi rjett til þess að standa þar, bera upp fyrir oddvita hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar tilmæli sín um að verða tekinn upp á skrárnar eða kröfu sína um, að nafn hins verði dregið út, og skulu tilfærðar ástæður þær, sem krafan er byggð á.

13. gr. Aðfinningum þeim við kjörskrárnar, sem þannig eru komnar fram, skal hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem skal haldinn, áður en 3 næstu vikur eru liðnar. Til þess fundar skulu með 8 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinningar, og þeir, sem mælt er á móti, og skal hinum síðarnefndu um leið skýrt frá, hver mótmæli sje komin fram gegn þeim, samkvæmt þeim skjölum, sem málspartarnir leggja fram og framburði þeirra vitna, sem þeir leiða; skal leggja úrskurð á ágreining þann, sem fram er kominn, og hann ritaður með fám orðum í hina venjulegu gjörðabók hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar. Þegar búið er að leiðrjetta kjörskrárnar samkvæmt þessu, skal oddviti hlutaðeigandi sveitar- eða

bæjarstjórnar, rita nafn sitt undir þær. Eptir þetta verður á því ári engin breyting gjörð á kjörskránum, nema dómur sje á undan genginn. (16. gr.).

14. gr. Þá er búið er að leiðrjetta kjörskrárnar, skulu þær alstaðar nema í Reykjavík, samdar í tvennu lagi, og skal oddviti hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar tafarlaust senda aðra skrána oddvita þeirrar sýslunefndar, sem í hlut á. Hann skal fyrir 1. dag maímánaðar skýra hlutaðeigandi amtmanni frá, hvort hann hafi tekið við öllum kjörskránum; en ef svo er ekki, hverjar vanti. Amtmaður skal þá sjá um, að þær skrár, sem vantar, verði útvegaðar tafarlaust, og beiti hæfilegum þvingunarsektum, ef á þarf að halda. Í Reykjavík skal oddviti bæjarstjórnarinnar, fyrir þann tíma, sem getið var, skýra amtmanninum yfir suðuramtinu frá, hvort búið er að leiðrjetta kjörskrárnar.

15. gr. Verði það uppvíst, að kjörskrárnar sje eigi leiðrjettar á lögskipaðan hátt, skal skýra landshöfðingja frá því, og skal þá þegar ákveðið, hvort höfða skuli lögsókn, og skal amtmaður þar að auki skipa hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn að gjöra tafarlaust þær ráðstafanir, sem fyrirskipaðar eru í lögunum, og leggja við hæfilega þvingunarsekt, ef á þarf að halda. Amtmaður skal, þegar svo á stendur, hafa vald til að stytta hvern þann frest, sem ákveðinn er í lögum.

16. gr. Sá, sem er óánægður með úrskurð þann, er synjar honum kosningarrjettar, má heimta, að sjer verði fengið eptirrit af úrskurðinum kauplaust, og getur hann látið málið ganga til dóms og laga. Mál út af þessu skal farið með sem gestarjettarmál. Málspartar eru fyrir undirrjetti undanþegnir því að greiða rjettargjöld, og skal hið opinbera skipa mann fyrir hönd sveitar- eða bæjarstjórnarinnar, sem stefnt er. Verði það dæmt, að sá, sem í hlut á, eigi kosningarrjett, skal taka hann upp á kjörskrána, jafnskjótt og hann leggur fram eptirrit af dóminum.

17. gr. Kjörskrárnar gilda frá 6. júní til 5. júní árið eptir. Samkvæmt þessum skrám skulu allar kosningar til alþingis fram fara á því ári, þó þannig, að þess verði gætt, að þeir menn, sem á aukaskránni eru (9. gr.) að eins hafi rjett til þess að greiða atkvæði, ef þeir fyrir kosningardaginn hafa fullnægt þeim skilyrðum, sem sett eru um aldur og heimili. Ef kosning kemur fyrir fleirum sinnum á árinu, skal eptirrit af skránum, sem staðfest sje af hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn, vera til taks til afnota við hina nýju kosningu.

Kjördæmi og kjörstjórnir.

18. gr. Sjerhver sýsla á landinu skal vera eitt kjördæmi, að undan teknum Skaptafells- og Þingeyjarsýslum, sem hvorri um sig skal skipt í tvö sjerstök kjördæmi með þeim takmörkum, sem hingað til hafa verið. Kaupstaðurinn Reykjavík með því nágrenni, sem heyrir undir lögsagnarumdæmi bæjarins, skal vera kjördæmi fyrir sig. Tölu hinna þjóðkjörnu alþingismanna, sem ákveðin er í stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874, 14. gr., skal skipt niður á þann hátt, að 2 alþingismenn sjeu kosnir í sjerhverju af kjördæmum þeim, sem hjer skulu talin: Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnessýslu, Rangárvallasýslu, Ísafjarðarsýslu ásamt Ísafjarðarkaupstað, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu ásamt Akureyrarkaupstað, Norður-Múlasýslu og Suður-Múlasýslu. En í hverju hinna kjördæmanna, sem eru hin tvö kjördæmi í Skaptafells- og Þingeyjarsýslum, hvorri um sig, Vestmannaeyjasýsla, Reykjavíkurkaupstaður, Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Snæfellsness- og Hnappadalssýsla, Dalasýsla, Barðastrandarsýsla og Strandasýsla skal kjósa einn alþingismann.

19. gr. Í hverjum hreppi skal setja undirkjörstjórn. Hreppstjórinn skal vera oddviti hennar; með honum skulu vera í kjörstjórninni 2 menn, annar sá, er hreppsnefndin kveður til þess úr sínum flokki, og hinn kjósi hreppsbúar, sem atkvæði hafa í sveitarmálum, á hreppaskilum til 6 ára. Þó er rjett, að amtmaður leyfi, ef um það koma fram tilmæli

frá tveimur eða fleiri hreppum, og sýslunefndin styður þau tilmæli með tillögum sínum, að hreppar þessir kjósi í fjelagi saman, og skipar þá amtmaður oddvita kjörstjórnarinnar, og fyrirskipar, hvernig hina 2 skuli kjósa í hana. Í Reykjavík, á Akureyri og á Ísafirði skal oddviti bæjarstjórnarinnar vera oddviti kjörstjórnar; með honum skulu vera í henni 2 menn; annar sá, er bæjarstjórnin kveður til þess úr sínum flokki, og hinn kjósi bæjarbúar, sem atkvæði hafa í bæjarmálum, til 6 ára. Á Vestmannaeyjum skal sýslumaður vera oddviti kjörstjórnarinnar; með honum skulu vera í henni 2 menn, annar sá, er sýslunefndin kveður til þess úr sínum flokki, og hinn kjósi eyjarbúar, sem atkvæði hafa í sveitarmálum, til 6 ára.

20. gr. Oddviti undirkjörstjórnarinnar stendur fyrir öllum undirbúningi undir sjálfa kosninguna, og sjer um, að kjörskráin sje við á kjörþinginu.

21. gr. Undirkjörstjórnin heldur kjörbók, þar sem bókað skal, að kjörskráin hafi verið fram lögð, og þau brjef, sem til hennar eru komin. Í kjörbókina skal rita það helzta, sem fram fer á kjörþinginu, en þar með skal þó eigi telja ræður þær, sem haldnar verða. Kjörstjórnin skal rita nöfn sín undir kjörbókina og atkvæðaskrárnar, og skal oddviti kjörstjórnarinnar geyma hana.

Deginum eptir kosninguna skal oddviti kjörstjórnarinnar senda oddvita yfirkjörstjórnarinnar staðfest eptirrit af því, sem ritað er í kjörbókina um kosningu þá, sem fram hefur farið, ásamt kjörskránum, og sje hvorttveggja innsiglað.

22. gr. Fyrir hvert kjördæmi, nema Reykjavík og Vestmannaeyjar, skal setja yfirkjörstjórn. Skal sýslumaður vera oddviti yfirkjörstjórnarinnar, og eru í henni að auki 1 af sýslunefndarmönnum og 1 af kjósendum, sem sýslunefndin kýs.

Yfirkjörstjórnin heldur bók, þar sem bókað skal það, sem gjörist á fundum hennar.

Með næstu póstferð eptir kosninguna skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar og sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum senda landshöfðingja staðfest eptirrit af fundarbók kjörstjórnarinnar, ásamt með atkvæðaskránum og afskriptum af kjörfundarbókum hreppanna.

Oddviti bæjarstjórnarinnar í Reykjavík skal senda landshöfðingja í síðasta lagi 10 dögum eptir kosninguna eptirrit af því, sem ritað hefur verið í kjörbókina um kosningu þá, sem fram hefur farið, ásamt atkvæðaskránum.

Landshöfðingi fær síðan alþingi eptirrit þessi, ásamt þeim skýrslum, er honum hefur þótt ástæða til að útvega.

Þingmannaefni.

23. gr. Enginn getur orðið fyrir kosningu, þegar kjósa á alþingismenn, nema hann hafi skriflega boðið sig fram til kosningar, og hafi auk þess fengið skrifleg meðmæli að minnsta kosti tveggja kjósenda úr meiri hluta hreppa þeirra og bæjarfjelaga, sem í kjördæminu eru. Framboðið og meðmælingarnar skal hann senda til oddvita yfirkjörstjórnarinnar 3 vikum áður en kosning á fram að fara. Þessu framboði skal og fylgja yfirlýsing þess, að hann hafi eigi boðið sig fram til kosninga í nokkru öðru kjördæmi, sem eigi hafi þá þegar hafnað framboði hans. Framboðið, yfirlýsingin og meðmælin skulu vera í eins mörgu lagi og kjörstaðir eru í kjördæminu.

24. gr. Það er eigi nauðsynlegt, að kjörgengi þingmannaefna sje sannað fyrir kjörstjórninni. Komi fram við kosninguna mótmæli gegn kjörgengi þeirra, má kjörstjórnin eigi banna umræður um það, nje heldur fyrir þá sök skorast undan að taka á móti atkvæðum til kosningar þeirra. Alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru.

25. gr. Verði það uppvíst, að eitthvert þingmannsefni hafi gefið kost á sjer í

fleiru en einu kjördæmi, er sú kosning eða þær kosningar ógildar, sem hann kann að verða fyrir, nema því að eins, að skilyrði því, sem sett er í 23. gr., sje fullnægt.

Kosningar.

26. gr. Hinar almennu kosningar á þjóðkjörnum alþingismönnum eiga vanalega fram að fara 6. hvert ár.

Þegar slíkar kosningar eiga fram að fara, annaðhvort fyrir þá sök, að kjörtíminn er á enda eða vegna þess að alþingi er rofið, verður gefið út um það opið brjef, þar sem konungur skipar fyrir, að kosningar skuli fram fara.

Kosningarnar skulu venjulega haldnar frá 6. til 30. júní árið áður en alþingi skal koma saman.

27. gr. Kjörtíminn fyrir allar kosningar skal talinn frá 6. júní, ef ákveðið er samkvæmt greininni á undan, að kosningar skuli fram fara í þeim mánuði; en ef það kynni að verða ákveðið, að kosningar skulu fram fara á öðrum tíma árs, skal nákvæmar sagt fyrir um það í fyrnefndu opnu brjefi, frá hvaða degi kjörtíminn skuli talinn.

28. gr. Ef kjósa þarf einstakan þjóðkjörinn alþingismann, gildir hin nýja kosning fyrir svo langan tíma, sem sá átti eptir, er frá fór. Þegar einstakar kosningar skulu fram fara, gjörir landshöfðingi fyrirskipun um það.

29. gr. Kosningar fara fram á þingstað hvers hrepps, nema amtmaður hafi öðru vísi ákveðið, eða bæjarfjelags í kjördæmi hverju, og má hver koma þar, er vill.

30. gr. Eigi síðar en 4 vikum áður en kosning á að fara fram, skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar senda hverjum kjörstjórnaroddvita í kjördæminu tilkynning um það, hvern dag kjörþing skuli haldið á hverjum kjörstað, og skal hann auglýsa það á vanalegan hátt. Kjörþing skulu haldin sama dag í öllum kjörstöðum kjördæmisins, og skulu þau standa frá hádegi og eigi lengur en til miðaptans.

Framboð og meðmælingar þingmannaefna skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar senda hverjum kjörstjórnaroddvita í kjördæminu eigi síðar en viku á undan kjörþingisdeginum.

31. gr. Kjörstjórnaroddvitinn skal setja kjörþingið á hádegi. Er hann hefur lesið upp hið konunglega opna brjef, eða þann úrskurð landshöfðingja, er fyrirskipar kosninguna, leiðir hann athygli kjósendanna að því, hver tilgangurinn sje með kosninguna, og hve mikilsvarðandi hún sje. Síðan les hann upp nöfn og framboð þingmannaefna þeirra, er hafa boðið sig fram, svo og meðmælingar þeirra.

Kjósendur kjördæmisins hafa rjett til, að mæla með og móti þingmannaefnunum. Oddviti skal stýra þeim umræðum, sem um þetta efni verða. Hann skal og sjá um, að kjörþingið og öll kosningin fari fram í góðri reglu. Enginn kjörstjóranna má tala með eða móti kosningu nokkurs þingmannsefnis.

Oddviti skal slíta umræðunum eigi síðar en 2 stundum fyrir miðaptan, ef þeim er þá ekki lokið; síðan skal skora á kjósendur, að ganga til kosningar með því að gefa atkvæði sitt einum, eða í þeim kjördæmum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, tveimur af þeim þingmannaefnum, sem boðnir hafa verið fram til kosningar. Þótt eigi sjeu fleiri þingmannaefni en kjósa skal í kjördæminu, skal atkvæðagreiðsla samt fram fara.

32. gr. Oddviti kjörstjórnarinnar á eigi þátt í því, að taka við atkvæðum. Annar hinna, sem í kjörstjórninni eru, ritar, eptir að hann hefur kannazt við kjósendurna, nafn þess, eða í þeim kjördæmum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, nöfn þeirra tveggja þingmannaefna, sem kjósandi greiðir atkvæði sitt, við hliðina á hans eigin nafni í sjálfri kjörskránni. Annar úr kjörstjórninni ritar á sjerstaka atkvæðaskrá nafn kjósanda við hliðina á nafni þess eða þeirra þingmannaefna, sem hann hefur gefið atkvæði sitt. Áður en kjósandinn gengur frá, skal lesa upp fyrir honum bæði hans eigið nafn og þess eða

þeirra nöfn, sem hann hefur kosið, til tryggingar því, að rjett sje ritað á báðar skrárnar, og að því beri hverju saman við annað.

Á miðaptni skal kjörstjórnin hætta að taka á móti atkvæðum til kosningarinnar, og þá skulu kjörstjórar færa inn atkvæði sjálfra sín (ef þeir hafa atkvæðisrjett) og er þá atkvæðagreiðslu lokið.

33. gr. Í kjörbókina skal rita það, sem fram hefur farið á kjörfundinum, og skal kjörstjórnin skrifa nöfn sín undir hana, svo og undir atkvæðaskrárnar. Síðan tekur kjörstjórnin afskript af því, sem bókað hefur verið í kjörbókinni, og staðfestir það með undirskript sinni. Þá innsiglar kjörstjórnin afskriptina, atkvæðaskrárnar og framboð þingmannaefna og meðmæli í einu lagi; og skulu oddvitar kjörstjórnanna sjá um, að það verði komið til oddvita yfirkjörstjórnarinnar áður en vika er liðin frá kjörþingunum.

34. gr. Eigi síðar en 8 dögum eptir hinar almennu kosningar skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar kalla á fund með sjer báða hina yfirkjörstjórnarmennina; skal hann í viðurvist þeirra brjóta innsigli atkvæðaskráa þeirra, er sendar hafa verið frá hreppunum og bæjarfjelögunum. Skulu þá yfirkjörstjórarnir í sameiningu telja saman atkvæðin á atkvæðaskránum. Það þingmannsefni eða þau þingmannaefni, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, er flest atkvæði hafa fengið, eru þá rjett kjörnir alþingismenn fyrir kjördæmið. Nú hafa 2 eða fleiri þingmannaefni jöfn atkvæði, og skal sá þá rjettkjörinn alþingismaður fyrir kjördæmið, sem eldri eða elztur er; sjeu þeir alveg jafnir að aldri, skal hlutkesti ráða.

Heimilt er þingmannaefnum eða umboðsmönnum þeirra, ef þeir hafa skriflegt umboð, að vera við upptalningu atkvæðanna.

35. gr. Yfirkjörstjórnin fær hverjum þjóðkjörnum alþingismanni kjörbrjef; skal það samið samkvæmt fyrirmynd, sem stjórnarráðið fyrir Ísland segir fyrir um. Skal oddviti yfirkjörstjórnarinnar senda þingmanninum það brjef, svo fljótt sem kostur er á.

Almennar ákvarðanir.

36. gr. Alþingismenn fá í endurgjald 6 kr. um hvern dag, bæði fyrir þann tíma, sem þeir þurfa til ferðarinnar til alþingis og frá því, og fyrir þann tíma, sem þeir eru á alþingi. Sömuleiðis fá þeir endurgoldinn ferðakostnað eptir reikningi.

Allur kostnaður við alþingi greiðist úr landssjóði, og ávísa forsetar þingdeildanna honum, hvor fyrir sína deild, en forseti hins sameiginlega þings sameiginlegum kostnaði.

37. gr. Yfirkjörstjórar mega reikna sjer fæðispeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað samkvæmt tilskipun um sveitastjórn á Íslandi 4. maí 1872, 33. gr., þannig, að útgjöldin greiðist úr sýslusjóðum. Annar kostnaður við kosningarnar, svo sem fyrir kjörbókum, sendiferðum milli yfirkjörstjórnarinnar og undirkjörstjórnanna, auglýsingum o. fl., skal greiddur úr sýslusjóði. Í Reykjavík skal greiða gjöld þau, sem síðast voru nefnd, úr sjóði bæjarins.

38. gr. Vanræki nokkur störf þau, sem honum eru á hendur falin með lögum þessum, skal hann sæta 10—200 kr. sektum, ef þyngri hegning eigi liggur við samkvæmt lögum.

39. gr. Með lögum þessum eru úr gildi felld lög um kosningar til alþingis 14. sept. 1877.

Nd. **256. Frumvarp**

til laga um að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn, sem æðsta dóms í íslenzkum málum, úr lögum, (eins og það var samþykkt við 2. umr. í neðri deild).

1. gr. Dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn, sem æðsta dóms í íslenzkum málum, skal úr lögum numið. Þó nær þetta ákvæði ekki til þeirra mála, sem ræðir um í 2. gr. í ákvörðunum um stundarsakir í stjórnarskránni 5. janúar 1874.

2. gr. Landsyfirdómurinn í Reykjavík skal hafa æðsta dómsvald í íslenzkum málum.

3. gr. Samkvæmt 3. gr. í lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. janúar 1871, skal leitað samþykkis hins almenna löggjafarvalds ríkisins um fyrirmæli þau, sem gjörð eru í 1. gr. þessara laga.

Ed. **257. Frumvarp**

til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir. Eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild.

1. gr. Ráðgjafanum fyrir Island veitist heimild til að selja ábúendunum eptirfylgjandi þjóðjarðir fyrir að minnsta kosti jafnhátt verð, og tilfært er við hverja þeirra:

1.	Skarðsá í Skagafjarðarsýslu fyrir	2200 kr.
2.	Keldudal í sömu sýslu fyrir	1900 —
3.	Reyki í sömu sýslu fyrir	3000 —
4.	Neðri Rauðalæk í Eyjafjarðarsýslu fyrir	1400 —
5.	Akur í Húnavatnssýslu fyrir	2800 —
6.	Jörfa í sömu sýslu fyrir	850 —
7.	Eyjar í Strandasýslu fyrir	1500 —
8.	Reykjavík í sömu sýslu fyrir	500 —
9.	Liltu Ávík í sömu sýslu fyrir	500 —
10.	Gríshól í Snæfellsnessýlu fyrir	1300 —
11.	Þverá í Hnappadalssýslu fyrir	1400 —
12.	Þykkvabæ í Skaptafellssýslu fyrir	3400 —
13.	Mörtungu í sömu sýslu fyrir	2500 —
14.	Hátún í sömu sýslu fyrir	850 —
15.	Hrafnkelsstaði í Norður-Múlasýslu fyrir	4000 —
16.	Skriðuklaustur með eyðijörðinni Brattagerði í sömu sýslu fyrir	6000 —
17.	Klaustursel, með hjáleigunni Fossgerði, í sömu sýslu fyrir	2500 —

2. gr. Landshöfðingi gjörir þær ráðstafanir, sem með þarf, um sölu á ofangreindum jörðum.

3. gr. Fjórðungur kaupverðsins greiðist um leið og kaupbrjef er gefið út fyrir jörðinni. Hinir þrír fjórðungar kaupverðsins greiðast á 28 árum með 6% í vexti og afborgun. Hin selda jörð skal standa sem veð fyrir því, sem ólokið er af andvirðinu, með fyrsta veðrjetti, þangað til jarðverðið er greitt að öllu. Gefur kaupandi út skuldabrjef fyrir þeim hluta jarðverðsins, sem ekki er greiddur um leið og kaupin eru gjörð, og skal það samið eins og skuldabrjef, er gefin eru út fyrir ómyndugra fje.

4. gr. Heimild sú, er til sölu þessarar er veitt, gildir að eins til 31. desember 1898.

Ed.

258. Frumvarp

til laga um löggildíng verzlunarstaðar við Vogavík. (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild.)

Við Vogavík í Gullbringusýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd.

259. Frumvarp

til laga um fuglaveiðasamþykkt í Vestmannaeyjum. (eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild).

1. gr. Sýslunefndinni í Vestmannaeyjum veitist vald til að gjöra fuglaveiðasamþykkt þar á eyjunum, á þann hátt og með þeim takmörkunum og skilyrðum, sem segir í lögum þessum.

2. gr. Þegar sýslunefndinni virðist nauðsyn til bera, að gjöra fuglaveiðasamþykkt fyrir sýsluna, skal hún kveðja til almenns fundar, sem auglýstur sje með nægum fyrirvara. Atkvæðisrjett á fundinum eiga allir þeir sýslubúar, er jarðir hafa, sem og þeir, er kosningarrjett hafa til alþingis, og skal sýslunefndin hafa kjörskrána við hendina.

Sýslunefndin ákveður fundarstað og fundardag, og skal sýslumaður vera fundarstjóri eða þá einhver sýslunefndarmanna, er nefndin kýs til þess.

3. gr. Sýslunefndin ber undir álit og atkvæði fundarmanna, svo sem til er tekið í 2. gr., samþykkt þá, er hún vill koma á.

Nú hafa fundarmenn fallizt á samþykkt nefndarinnar með eða án breytinga með $^3/_4$ atkvæða þeirra, sem greidd hafa verið, og skal hún þá hafa gildi sem lög, þegar er staðfesting amtmanns er fengin. Amtmaður hlutast til um, að samþykktin sje prentuð í Stjórnartíðindunum, deildinni B.

4. gr. Nú þykja amtmanni nokkur ákvæði samþykktarinnar ganga of nærri rjetti manna, eða að hún komi á einhvern hátt í bága við lög og grundvallarreglur laganna, og synjar hann þá um staðfesting sína, en skýra skal hann sýslunefndinni frá ástæðum fyrir neituninni.

Ef breyta skal eða fella úr gildi staðfesta samþykkt, verður að gjöra það eptir sömu reglum og settar eru í þriðju grein þessara laga.

5. gr. Í samþykkt skal ávallt skýrt ákveða um eptirlit það, er þarf til þess að hennar sje gætt, og hvernig kostnað við það skal greiða.

6. gr. Fyrir brot móti löggiltri samþykkt má ákveða sektir frá 5—100 króna, er renni helmingur í sveitarsjóð og helmingur til þess, sem kemur brotinu upp.

7. gr. Með brot gegn samþykktum skal fara sem almenn lögreglumál.

Ed.

260. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árin 1892 og 1893. (Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í e. d.)

1. gr. Sem viðbót við gjöldin í fjárlögunum fyrir árin 1892 og 1893, veitast 8,064 kr. til gjalda þeirra, sem talin eru í 2.—4. gr. hjer á eptir.

2. gr. Sem viðbót við gjöldin í 10. gr. B. 3. (til hegningarhússins og fang-

elsanna) veitast 1,560 kr. til þess að hlaða steingarð um svæði það við hegningarhúsið í Reykjavík, sem ætlað er föngunum.

3. gr. Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. B. c. (til fjallvega) veitast 6,000 kr.

4. gr. Sem viðbót við gjöldin í þarfir andlegu stjettarinnar í 13. gr. veitast:

a) undir lið B. IV. b. til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum, önnur útgjöld: til að gjöra við húsgrunninn . . . . . 504 kr.

b) undir lið C. 7. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni:

Borga má upphæð þá, allt að 600 kr., er veitt var fyrir árið 1893, þegar skilað hefur verið handriti albúnu undir prentun, er ætla má að nemi að minnsta kosti 24 prentuðum örkum, og það, þótt við megi búast, að svo mikið verði eigi prentað á árinu.

Nd. **261. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895. Frá fjárlaganefndinni.

I. Tekjur:

1. Við 2. gr. 1. b. Fyrir 23000 — 23000 — 46000
komi 25000 — 25000 — 50000

2. — — — 9. Fyrir 28000 — 28000 — 56000
komi 30000 — 30000 — 60000

II. Útgjöld.

3. Við 10. gr. A, 1. Athugasemdin falli burt.

4. — — — C, 1. b. Fyrir 1591 kr. innan stryks komi 2000 kr.

5. — — — — 1. c. Fyrir 250 kr. innan stryks komi 300 kr.

6. — — — — 1. d. Fyrir 600 kr. innan stryks komi 900 kr.
Athugasemdin þar breytist svo, að fyrir »40 kr.«, komi: allt að 40 kr.

7. — — — — 4. a 2 Fyrir 3500 komi 6000.

8. — — = — — a 3 Fyrir 2000 komi 3000.

9. — — — — — Á eptir e komi nýr liður: f, styrkur til verklegs laxaklaks í Dalasýslu 200 — 200.

10. — 11. — 2. i. Stafliðurinn falli burt.

11. — — — 2. Á eptir staflið j, sem verður i, komi nýjir stafliðir svo hljóðandi:
j. til læknis í Grímsness-, Biskupstungna-, Hrunamanna-, Gnúpverja-, Skeiða-, og Þingvallahreppum í Árnessýslu

12. — — — — k. til læknis í Grunnavíkur- og Sljettuhreppum í Ísafjarðarsýslu, til hvors þeirra 1000 kr. hvort árið.

13. — 12. — B. Á eptir c komi nýr stafliður d, til brúargjörðar á Hjeraðsvötnin veitast 5000 kr.

Fje þetta veitist með því skilyrði, að sýslunefnd Skagafjarðar leggi til það fje, sem á vantar til að fullgjöra brúna, og setji landssjóði að kostnaðarlausu svifferju á aðalpóstleiðinni yfir hjeraðsvötnin.

14. — — — C. Á eptir staflið f, bætist inn tveir töluliðir:
g. til gufubátsferða á Húnaflóa og Skagafirði 3000 kr.
h. til gufubátsferða á Eyjafirði og þingeyjarsýslu 3000 kr.
Styrknum undir staflið b og c má verja til eins gufubáts, ef hentara þykir, sömuleiðis styrknum undir tölulið e og f og einnig undir tölulið g og h.

15. — — — — Á eptir staflið h. komi:
a. Til bryggjugjörðar á Blönduós 5000 kr.

16. b. Til gufubátsferða um Lagarfljótsós 5000 kr.
Upphæðir þessar veitast með því skilyrði, að hlutaðeigandi hjeraðsbúar kosti sjálfir það, er til vantar, til þess að koma fyrirtækjum þessum fram.

17. — 13. — A, b. 4. Fyrir 200 — 200
komi 300 fyrra árið.

18. — — — B, I, b. 2. Fyrir 600 — 600
komi 200 — 200.

19. — — — — III, b. Fyrsti liðurinn handa Páli Melsteð falli burt.

20. — — — — III, c. 4. Fyrir 1100 — 1100
komi 1600 — 1600.

21. — — — — III, c. 5. Fyrir 6000 — 6000.
komi 5500 — 5000.

22. — — — = III, c. 11. Þessi töluliður falli burt.

23. — — — — IV, b. 4. Fyrir 500 — 500
komi 400 — 400

24. — — — — — b. 5. Fyrir 500 — 500
komi 400 — 400.

25. — — — — V. a. Fyrir 1500 — 1500
komi 1800 — 1800.

26. — — — — VI, b. 2. Fyrir allt að 50 kr. innan stryks
komi allt að 60 kr. — —
og fyrir 4000 — 4000 utan —
komi 4800 — 4800 — —

27. — — — — — d. Fyrir 500 — 500
komi 1600 — 1600.

28. — — — — — f. Þessi töluliður falli burt, og stafliður g verði stafliður e, og stafliður e verði stafliður f.

29. — — — — — h., sem verður stafliður g, fyrir 600 — 600
komi 800 — 800, og aptan við orðin: »gefa út kennslubækur« bætist: Þar af til kennara Geirs Zoëga 400 kr. hvort árið til þess að ljúka við ensk-íslenzka orðabók.

30. — — — — VII, b. Þessi liður falli burt.

31. — — — C, 3. orðist þannig:

a. til deildar hins íslenzka bómenntafjelags í Reykjavík 1000 — 1000.

b. til deildar hins íslenzka bókmenntafjelags í Kaupmannahöfn 500 — 500. Styrkur sá, er síðar er nefndur, veitist með því skilyrði, að bókmenntafjelagið í Kaupmannahöfn gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbrjefasafni.

32. — — — — 4. Fyrir 400 — 400
komi 500 — 500

33. — — — — 5. c. Fyrir 800
komi 1200 kr. fyrra árið.

34. — — — — 7. Á eptir orðinu »fornbrjefasafn« komi: 25 kr. fyrir örkina, allt að 600 kr. hvort árið, með því skilyrði, að sams konar registur, sem við 1. bindið, komi út með hverju bindi, um leið og það er út komið.

35. — — — — 10. Fyrir 400 — 400
komi 600 — 600.

36. — — — — 13. tölulíður orðist þannig: Skáldlaun til sjera Matthíasar Jochumssonar 1000 — 1000.

37. — — — — Á eptir tölulið 13 komi þessir tölulíðir:

14. til Stórstúku Íslands til að stofna nýjar stúkur 300 — 300.

15. Til Björns Ólafssonar aukalæknis á Skipaskaga til að halda hjer áfram augnalækningum 500 — 500.

16. Til cand. theol. Hannesar Þorsteinssonar til þess að semja skrá yfir pakkana í landsskjalasafninu og endurskoða niðurröðun þeirra 1000 kr. fyrra árið.

17. Til umbúða um pakkana í landsskjalasafninu og til prentunar á skrá yfir þá m. m. 200 kr. fyrra árið.

18. Til Skúla Skúlasonar á Akureyri til þess að læra myndasmíði 500 kr. fyrra árið, 200 kr. síðara árið.

38. Við 15. gr. bætist til Ólínu Vigfússon, ekkju Sigurðar Vigfússonar 100 kr. hvort árið.

39. 17. gr. breytist eptir því, hvernig atkvæðagreiðslan fellur.

40. Aptan við frumvarpið bætast athugasemdir, er hljóða svo:

Úr viðlagasjóði má veita allt að 40,000 kr. lán til sýslufjelaga, er koma vilja á fót tóvinnuvjelum, þó ekki yfir 20,000 kr. til hvers, og ávaxtist lán þetta og endurborgist með 6 % á 28 árum.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 40,000 kr. lán til þilskipakaupa, einstökum mönnum, er þess kynnu að óska. Lán þetta ávaxtist og endurborgist með 6% á 28 árum, og veitist að eins gegn fulltryggu veði og eigi meira en 4000 kr. til hvers skips.

Samlagning talnanna í frumvarpinu, tala á liðum og greinum breytist eptir breytingartillögum þeim, er samþykktar verða.

Nd. **262. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn. Flutningsmaður Skúli Thoroddsen.

1. gr. Allir þeir menn, sem eru í einhverju kirkjufjelagi utan þjóðkirkjunnar, því er prest hefur eða forstöðumann, er fengið hefur kgl. staðfestingu samkvæmt 13. laga 19. febr. 1886, skulu lausir við gjöld fyrir aukaverk, svo og offur, lambseldi, dagsverk, ljóstoll og lausafjártíund til kirkna og presta þjóðkirkjunnar.

2. gr. Þeir utanþjóðkirkjumenn, sem eigi eru í neinu slíku kirkjufjelagi, er 1. gr. ræðir um, skulu greiða gjöld þau, sem þar eru nefnd, til barnakennslu í þeim hreppi, er þeir eru búsettir í.

3. gr. Hlutaðeigandi sóknarprestur skal fyrir hver árslok senda sýslumanni skýrslu um alla þá utanþjóðkirkjumenn, sem í hans prestakalli búa, og gjald eiga að greiða til barnakennslu eptir 2. gr., og innheimtir síðan sýslumaður gjaldið á næsta manntalsþingi, og afhendir það hlutaðeigandi hreppsnefndaroddvita.

4. gr. Þeir prestar, sem fengið hafa embættisveitingu, áður en lög þessi öðlast gildi, skulu fá tekjuhalla þann endurgoldinn úr landssjóði, er leiðir af ákvæðum 2. gr.

5. gr. 16. gr. í lögum 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn er úr lögum numin.

Ed. **263. Breytingar- og viðaukatillögur**

við frumvarp til laga um dagpeninga og þingfararkaup alþingismanna. Frá Guðjóni Guðlaugssyni.

1. Við 1. gr. Í stað: »þingfararkaup, sem hjer greinir« komi: borgun fyrir ferðakostnað, sem hjer greinir:

2. — 1. — Seinni hluti greinarinnar orðist þannig.

	Landveg.	Sjóveg.
Úr Norður-Þingeyjarsýslu	300 kr.	120 kr.
» Norður-Múlasýslu	370 »	140 »
» Suður-Múlasýslu	370 »	140 »
» Austur-Skaptafellssýslu	330 »	180 »
» Vestur-Skaptafellssýslu	180 »	
» Rangárvallarsýslu	110 »	
» Vestmannaeyjum	140 »	40 »
» Árnessýslu	80 »	
» Gullbringu- og Kjósarsýslu , . .	20 »	
» Borgarfjarðarsýslu	60 »	20 »
» Mýrasýslu , ... ,	80 »	25 »
» Snæfellsnessýslu	120 »	40 »
» Dalasýslu.	120 »	70 »
» Barðastrandarsýslu . , ...	180 »	60 »

» Ísafjarðarsýslu	250 »	80 »
» Strandasýslu	150 »	100 »
» Húnavatnssýslu	160 »	90 »
» Skagafjarðarsýslu	180 »	100 »
» Eyjafjarðarsýslu	210 »	110 »
» Suður-Þingeyjarsýslu	250 »	115 »
» Danmörku		200 »

3. — 1. — Aptan við 1. gr. bætist:

Nú ferðast þingmaður nokkuð af leiðinni á þing eður af því á sjó, en nokkuð á landi, skal hann þá fá ferðakostnaðinn borgaðann fyrir sjóferðina eins og hann hefði verið búsettur í þeirri sýslu, sem sjóferðin byrjaði, en fyrir landferðina jafna upphæð, því sem landferðakostnaðurinn er meiri eptir lögum þessum, úr sýslu þeirri sem þingmaðurinn er búsettur í, en þeirri, sem sjóferðin byrjaði í. Fari þingmaður aðra leiðina á sjó en hina á landi, skal ferðakostnaðurinn talinn fyrir hverja leið, eptir því hvernig hún er farin.

4. Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:

Frumvarp

til laga um dagpeninga og borgun fyrir ferðakostnað alþingismanna.

Nd. **264. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn sem æðsta dóms í íslenzkum málum, úr lögum. Frá Skúla Thoroddsen, Birni Bjarnarsyni, Þórarni Böðvarssyni, Guðl. Guðmundssyni, Jóni Jónssyni þm. A.-S., Jóni Jónssyni 2. þm. Eyf.

3. gr. frumvarpsins orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 6. mánuðum eptir að ákvæðin í 1. gr. hafa öðlazt samþykki hins almenna löggjafarvalds ríkisins.

Nd. **265. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um stofnun lagaskóla.

Nefnd sú, er hin háttv. neðri deild alþingis hefur falið að athuga frumvarp til laga um stofnun lagaskóla, leyfir sjer að láta uppi eptirfarandi skýrslu og tillögur.

Nefndin ræddi mál þetta vandlega á nokkrum fundum og rjeð það þvínæst af, að gjöra menn á fund hins hæstv. landshöfðingja, til þess að leita þess við hann, hvort þess mundi enginn kostur, að stjórnin vildi sinna þessu máli að neinu. Samkvæmt svari hins hæstv. landshöfðinga og þeim bendingum, er nefndinni voru af hans hendi látnar í tje, samdi nefndin frumvarp til laga um kennslu í lögfræði, er hjer fylgir með, og bar það undir álit landshöfðingjans. Eptir að nefndin svo hafði fengið þá yfirlýsing af hálfu hins hæstv. landshöfðingja, að hann vildi styðja að því, að þetta frumv. yrði staðfest sem lög, ef það næði samþykki beggja þingdeilda, hefir nefndin tekið það til mjög ítarlegrar og alvarlegrar íhugunar, hvernig hún ætti að haga tillögum sínum í þessu efni.

Þar sem allt útlit er fyrir að lög um stofnun lagaskóla mundu eigi að svo stöddu ná staðfesting, þá telur nefndin það mikinn ábyrgðarhluta að hafna þessu frumvarpi um kennslu í lögfræði, sem telja má mjög líklegt að mundi geta orðið að lögum þegar.

Það er að vísu eindregið álit nefndarinnar, að innlend stofnun, er kenni allar greinar íslenzkrar lögfræði vísindalega, og búi menn að öllu leyti undir slík embætti hjer á landi, sje eitt af því, er þjóðin mjög nauðsynlega þarfnast, en hinsvegar dylst meiri hluta nefndarinnar það eigi, að með eptirfarandi frumv. er nokkur bót ráðin á hinum brýnustu þörfum, að því er snertir verklega kunnáttu embættismannaefnanna, og jafnframt þau ákvæði í lög leidd, er viðurkenna hina óhjákvæmilegu nauðsyn, sem á því er, að embættismannaefni, er tekið hafa próf í lögfræði við háskólann í Kaupmannahöfn, stundi sjerstaklega þar að auki rjerttarsögu vora og rjettarfar. Með þessu mundi því vera lagður hinn fyrsti grundvöllur til vísindalegrar kennslu í íslenzkri lögfræði, auk þess sem kennsla þessi og hinar verklegu æfingar, er standa eiga í sambandi við hana, mundi gjöra embættismannaefnin að miklum mun hæfari til að gegna þessum embættum hjer á landi.

Að öllum málavöxtum vel íhuguðum, eins og þeir liggja nú fyrir, vill því meiri hluti nefndarinnar, í fullu trausti þess, að eptirfarandi frumvarp fái staðfesting konungsins, ef það nær samþykki þingdeildanna, ráða hinni háttvirtu deild til þess að hverfa að þessu sinni frá frumv. um stofnun lagaskóla, en aðhyllast eptirfarandi frumv. til laga um kennslu í lögræði.

Alþingi 27. júlí 1893.

Skúli Thoroddsen	Kl. Jónsson.	Guðl. Guðmundsson	Jens Pálsson.
formaður.	skrifari.	framsögumaður.	

Frumvarp
til laga um kennslu í lögfræði.

1. gr. Í Reykjavík skal setja á stofn kennslu í lögfræði, er sjerstaklega skal miða að því, að kenna embættismannaefnum, sem tekið hafa embættispróf í lögfræði, íslenzka rjettarsögu og rjettarfar og veita þeim verklega æfing.

Ráðherra Íslands semur reglugjörð um kennslu þessa.

2. gr. Kennari, er konungur skipar, hefur á hendi kennslu þá, er nefnd er í 1. gr. og hefur hann að launum 3500 krónur á ári úr landssjóði.

3. gr. Eptir að kennsla þessi er sett á stofn, má eigi skipa neinn í þau embætti hjer á landi, er lögfræðispróf þarf til, nema hann sanni með vottorði frá kennara þeim, sem nefndur er í 2. gr., að hann hafi notið þessarar kennslu að minnsta kosti í 9 mánuði.

4. gr. Lög þessi öðlast gildi þann 1. október 1894.

B. Álit minni hlutans.

Jeg get ekki orðið samferða virðulegum meðnefndarmönnum mínum í því að ráða háttvirtri neðri deild alþingis til þess að fallast á frumvarp það til laga um kennslu í lögum í Reykjavík, er þeir leggja fram sem meiri hluti nefndarinnar, meðal annars af því, að mjer finnst málið horfa öfugt við, eins og því nú er komið, og fyrirkomulag kennslunnar öndvert því, sem Íslendingar þurfa og hafa viljað fá nú nálega í hálfa öld.

Auk þess getur kennsla þessi, sem er í sjálfu sjer ónóg, þótt hún kynni að komast á, orðið til þess, að Íslendingar fái seint eða aldrei viðunanlega lagaskólastofnun í landinu sjálfu. Jeg verð þess vegna að ráða hinni háttvirtu deild fastlega til þess, að fella tillögu meiri hlutans, og úr því að meiri hlutinn hefur horfið frá reglulegri lagaskólastofnun, finn jeg ekki ástæðu til þess, að ráða til, að halda þessu máli nú fram í því formi, en leyfi mjer hinsvegar að ráða hinni háttvirtu deild til þess, að taka upp og samþykkja frumvarp það til laga um stofnun háskóla á Íslandi, er samþykkt var í neðri deild alþingis 1891.

Alþingi, 27. Júlí 1893.

Jón Þorkelsson.

Frumvarp

til laga um stofnun háskóla á Íslandi.

1. gr. Í Reykjavík skal stofna háskóla fyrir íslenzk embættismannaefni

2. gr. Í skóla þessum skulu vera þrjár deildir. Skal í einni kennd guðfræði, annari lögfræði og í hinni þriðju læknisfræði. Auk þess skal þar einnig kennd heimspeki og önnur vísindi eptir því, sem síðar verður ákveðið með lögum.

3. gr. Tilhögun á kennslunni og kennsluskipanin í guðfræði, læknisfræði og heimspeki skal vera hin sama, sem nú er á prestaskólanum og læknaskólanum, þangað til öðruvísi verður ákveðið, og takast kennendur þeir, sem nú eru á mentastofnunum þessum, á hendur kennsluna, hver í sinni vísindagrein, en kennsluna í lögfræði skulu hafa á hendi tveir kennarar, og skal annar vera formaður deildar þeirrar.

4. gr. Þeir, sem vilja stunda nám við skóla þennan, skulu hafa tekið burtfararpróf við hinn lærða skóla í Reykjavík, eða einhvern lærðan skóla í Danmörku; próf í forspjallsvísindum skulu þeir hafa tekið áður en þeir meiga ganga undir burtfararpróf við háskólann; en það veitir aðgang að embættum á Íslandi.

5. gr. Laun kennendanna í guðfræði, læknisfræði og heimspeki skulu vera hin sömu, sem ákveðin eru í lögum kennendum prestaskólans og læknaskólans, en laun formanns lögfræðisdeildarinnar 3600 kr. og hins kennarans 2400 krónur.

6. gr. Ráðgjafinn fyrir Ísland semur reglugjörð fyrir skólann.

7. gr. Þegar skólinn tekur til starfa eptir lögum þessum, þá eru prestaskólinn og læknaskólinn af numdir sem sjerstakar kennslustofnanir.

Ed. **266. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga 1892 og 1893, (eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild). Frá Þorkeli Bjarnasyni, Jóni A. Hjaltalín og Sigurði Stefánssyni.

Við 4. gr. b. Málsgreinin orðist þannig: Borga skal útgefanda safnsins upphæð þá, allt að 600 kr. er veitt var fyrir árið 1893, þegar handritið, er ætla má að nemi 24 prentuðum örkum, er albúið undir prentun, en skylt skal honum að láta handritið af hendi jafnskjótt er þess þarf til prentunar.

Ed. **267. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna, bæjarfógeta o. fl. (Frá nefndinni).

1. Við 4. gr. Upphaf greinarinnar orðist þannig:
„Í sakamálum og öðrum dómsmálum, hvort sem eru opinber mál eða einkamál, svo og í fógeta —“, og svo frv. eins og í frv.
2. — 5. — Orðin í fyrri málsgrein: „dagpeningum og“ falli burtu.
3. — — — Orðin „dagpeninga og“ í síðari málsgrein sömu greinar falli burtu.
4. — 9. — Fyrir „10. gr.“ komi 8. gr.

Ed. **268. Frumvarp**

til laga um breyting á tilskipun 26. febrúar 1872 um kennslu heyrnar- og málleysingja (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

Kostnað þann við kennslu heyrnar- og málleysingja, útbúnað þeirra og ferð til kennslustofnunarinnar, er greiða ber úr jafnaðarsjóðum amtanna samkvæmt 2. gr. tilskipunar 26. febrúar 1872, skal eptirleiðis greiða úr landssjóði.

Nd. **269. Framhaldsálit**

í málinu um toll á brúm yfir Ölfusá og Þjórsá.—Frá meiri hluta nefndarinnar.

Við nákvæma íhugun málsins og afstöðu þess í h. deild, hefur meiri hluti nefndarinnar komizt að þeirri niðurstöðu að láta tillögur sínar grípa yfir báðar brýrnar bæði brúna á Ölfusá og hina fyrirhuguðu brú á Þjórsá, þegar hún er komin á og afhent til afnota.

Meiri hlutinn hefur einnig orðið sammála um það, að tengja breytingartillögur sínar við frumvarpið sjálft en taka aptur frumvarp það, sem hann áður var kominn fram með, í þeirri von, að tilboð það, sem meiri hlutinn lætur nú í ljósi með eptirfylgjandi breytingartillögum sínum, að hann vilji ganga inná, fyrir hönd sýslufjelaga Árness- og Rangárvallasýslu, að gæzlukostnaður við brýrnar verði látinn hvíla á tjeðum sýslufjelögum, muni leiða til þess, að meiri og minni hluti nefndarinnar verði á endanum sáttir og sammála um þetta mál.

Breytingartillögur þær, sem meirihluti nefndarinnar vill nú ráða h. neðri deild til að fallast á, eru þessar:

Í staðinn fyrir 1. gr. frumv. komi 2. gr. frumv. þannig orðuð:
Landshöfðingi hefur yfirumsjón með brúnni á Ölfusá hjá Selfossi og brúnni á Þjórsá hjá Þjótanda, kveður á um meðferð þeirra og gæzlu og leggur sektir allt að 100 kr. við brotum.

Ný gr. sem verði 2. gr. þannig orðuð:
Kostnað við gæzlu brúnna skal greiða úr sýslusjóðum Árness- og Rangárvallasýslu, er skiptist á nefnd sýslufjelög eptir hlutfallinu milli samanlagðrar tölu lausafjárhundraða og jarðarhundraða í þeim ár hvert.

3. gr. frumv. falli burt.
4. — —— — —
5. — —— — —

Ný gr. sem verði 3. gr. þannig orðuð:

Allann kostnað, sem viðhald brúnna útheimtir, skal greiða úr landssjóði.

Fyrirsögn frumv. orðist þannig:

Frumvarp til laga um gæzlu og viðhald á brúm yfir Ölfusá og Þjórsá.

Alþingi 29. júlí 1893.

Sighvatur Árnason form. og framsögum.	Þorlákur Guðmundsson.	Þórður Guðmundsson skrifari.

Nd. **270. Frumvarp**

til laga um breyting á 3. gr. í lögum 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda. Flutningsmaður Björn Sigfússon.

1. gr. Kostnað við eyðing refa í heimalöndum og á almenningum skal greiða úr sveitarsjóði.

2. gr. Hjer með er úr lögum numin 3. gr. í lögum 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda.

Nd. **271. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl. (Þingsk. 154) Frá nefndinni.

Við 1. gr. Í stað orðanna í upphafi greinarinnar: „Nú hefur sakborinn maður“, komi: „þegar sakborinn maður hefur“. Í stað orðanna: „og á hann þá“, komi: „þá á hann“.

Ed. **272. Breytingartillögur**

við frumvarp til viðaukalaga við lög 12. júlí 1878 um lausafjártíund. Frá Sigurði Stefánssyni og Sigurði Jenssyni.

1. Við tölul. 1. Í stað: »12 hndr.» komi: 15 hndr.
2 — — 2. Í stað: »24 hndr.« komi: 30 hndr.

Ed. **273. Breytingar- og viðaukatillögur**

við frumvarp til viðaukalaga við lög 4. nóv. 1891 um útflutningsgjald af fiski og lýsi, o. fl. Frá Sigurði Stefánssyni og Sigurði Jenssyni.

1. Aptan við 1. gr. bætist nýr töluliður:

4. af síldartunnu (120 pottar) í hverjum umbúðum, sem hún flytzt . 25 aur.

2. Eptir 2. gr. komi ný grein, sem verður 3. gr. svo hljóðandi:

Með lögum þessum er úr gildi numin 5. tölul. 2. greinar laga um útflutningsgjald á fiski og lýsi, o. fl. 4. nóv. 1881.

3. Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:

Frumvarp

til laga um viðauka og breyting á lögum 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald á fiski og lýsi o. fl.

Ed. **274. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1892 og 1893. (Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í e. d.)

1. gr. Sem viðbót við gjöldin í fjárlögunum fyrir árin 1892 og 1893, veitast 8,064 kr. til gjalda þeirra, sem talin eru í 2.—4. gr. hjer á eptir.

2. gr. Sem viðbót við gjöldin í 10. gr. B. 3. (til hegningarhússins og fangelsanna) veitast 1,560 kr. til þess að hlaða steingarð um svæði það við hegningarhúsið í Reykjavík, sem ætlað er föngunum.

3. gr. Sem viðbót við gjöldin í 12. gr. B. c. (til fjallvega) veitast 6,000 kr.

4. gr. Sem viðbót við gjöldin í þarfir andlegu stjettarinnar í 13. gr. veitast:

a) undir lið B. IV. b. til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum, önnur útgjöld: til að gjöra við húsgrunninn . . . . . 504 kr.

b) undir lið C. 7. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni:

Borga skal útgefanda safnsins upphæð þá, allt að 600 kr. er veitt var fyrir árið 1893, þegar handritið, er ætla má að nemi 24 prentuðum örkum, er albúið undir prentun, en skylt skal honum að láta handritið af hendi jafnskjótt er þess þarf til prentunar.

Ed. **275 Frumvarp**

til laga um ferðakostnað alþingismanna, (eins og það var samþykkt við 2. umr. í efri deild).

1. gr. Alþingismenn fá endurgoldinn ferðakostnað til alþingis og frá því, eptir því hvar heimili þeirra er, svo sem hjer segir:

Í Norður-Þingeyjarsýslu	300 kr.
— Norður-Múlasýslu	370 —
— Suður-Múlasýslu	370 —
— Austur-Skaptafellssýslu	330 —
— Vestur-Skaptafellssýslu	180 —
— Rangárvallasýslu	120 —
— Vestmannaeyjasýslu	140 —
— Árnessýslu	80 —
— Gullbringu- og Kjósarsýslu	20 —
— Borgarfjarðarsýslu	60 —
— Mýrasýslu	80 —
— Snæfellsnessýslu	120 —
— Dalasýslu	120 —
— Barðastrandarsýslu	160 —
— Ísafjarðarsýslu	200 —
— Strandasýslu	150 —
— Húnavatnssýslu	160 —
— Skagafjarðarsýslu	180 —
— Eyjafjarðarsýslu	210 —
— Suður-Þingeyjarsýslu	250 —
— Danmörku	200 —

Nd. **276. Frumvarp**

til laga um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna, bæjarfógeta og fl. Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í E.-d.

1. gr. Fyrir að skoða skjöl útlendra fiskiskipa skal greiða lögreglustjóra eða hreppstjóra 10 aura af hverjum tonn, er skipið rúmar, ef skipið hefur eigi fyrri komið á íslenzka höfn og sýnt skjöl sín í þeirri fiskiferð að landinu, ella 5 aura af tonn.

Þegar hreppstjóri skoðar skipaskjölin fyrir hönd lögreglustjórans, skal gjaldinu skipt jafnt milli þeirra.

2. gr Fyrir störf þau, er sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin sem skráningarstjórum samkvæmt 17. gr. farmannalaga 22. marz 1890, skal greiða þeim eða löggiltum umboðsmönnum þeirra gjöld þau, sem þeim eru ákveðin í greindum lögum.

3. gr. Fyrir eptirrit, er einstakir menn biðja um úr embættisbókunum, hvort sem þau eru í gjörðarformi eða ekki, svo og fyrir eptirrit af skjölum í skjalasöfnum embættanna, skal greiða hlutaðeigandi embættismanni 50 aura fyrir hverja örk, en fyrir hálfa örk og þaðan af minna greiðist ekki nema hálft gjald. Í dómsmálum, er nema eigi meiru en 50 kr., skal þó aðeins greiða helming gjalds þessa. Fyrir pappír og önnur ritföng skal eigi greiða sjerstaka borgun, en þurfi að binda eitthvað inn, skal það sjerstaklega borgað.

Í opinberum málum, gjafsóknarmálum, hjúamálum og í lögreglumálum um meðgjöf með óskilgetnum börnum, svo og þegar málsaðilar eru eptir lögunum undanþegnir því að greiða rjettargjöld í hjeraði, skal engin ritlaun gjalda; en í gjafsóknarmálum skulu ritlaun þau, er gjafsóknarhafandi hefði átt að greiða, goldin af hinum málsaðila, þegar hann með dómi er skyldaður til að greiða málskostnaðinn.

Rita skal þannig allar rjettargjörðir og eptirrit, að á hverri blaðsíðu sjeu 28 línur en 32 bókstafir í hverri línu; þegar útreikningar og virðingar koma fyrir í afskriptunum, svo að hafa verður eina eða tvær spássíur á blaðsíðunni, skal í hverri línu vera 24 bókstafir, ef spássían er ein, en 16, ef tvær eru.

Ritlaunin við landsyfirdóminn ber að greiða eptir framangreindum reglum, og fær dómsmálaritarinn þau.

4. gr. Í sakamálum og öðrum dómsmálum, hvort sem eru opinber mál eða einkamál svo og í fógeta-, skipta-, uppboðs-, nótarial-, skoðunar-, rannsóknar-, skiptingar- og öðrum þesskonar gjörðum, ber að endurgjalda embættismanninum ferðakostnað þann, er hann hefur haft, eptir sundurliðuðum reikningi. Amtmaður úrskurðar reikninginn í opinberum málum og gjafsóknarmálum og einnig í einkamálum, ef ágreiningur verður. Þegar ferðin er farin eptir beiðni einstakra manna, á gjörðarbeiðandi kost á að sjá embættismanninum fyrir ókeypis flutningi fram og aptur frá stað þeim, sem gjörðin á að fara fram á, í stað þess að greiða honum borgun fyrir ferðakostnað.

5. gr. Nú eru fleiri gjörðir en ein haldnar á sömu ferðinni, og skal þá jafna niður borgun fyrir ferðakostnað í rjettu hlutfalli. Fyrir gjörðir þær, er haldnar eru á þingaferðum, má embættismaðurinn að eins reikna sjer borgun fyrir ferðakostnað fyrir þá daga, sem ferð hans tefst við gjörðirnar.

6. gr. Á skipstrandsferðum ber lögreglustjóra eða umboðsmanni hans 6 kr. í dagpeninga hvern þann dag, sem hann strandsins vegna þarf að vera fjarverandi frá heimili sínu, og skulu uppboðsdagarnir taldir þar með. Borgun þessi skal vera þriðjungi hærri (9 kr.) þá daga, sem hann verður að vera viðstaddur á fjörunni til þess að skipa fyrir um björgun lengur en 8 stundir; en þar með má þó eigi telja þann tíma, er hann ver til undirbúnings strandbókarinnar, o. s. frv. Þar að auki skal greiða lögreglustjóra eða umboðsmanni hans ferðakostnað eptir reglum þeim, sem settar eru hjer að framan.

7. gr. Fyrir tilsjón með útflutningum skal greiða lögreglustjóra 6 kr. hvern þann dag, sem hann vegna þess verður að vera fjarverandi frá heimili sínu, og enn fremur ferðakostnað eptir reglum þeim, sem settar eru hjer að framan. Gjöld þessi ber hlutaðeigandi útflutningastjóra að greiða.

8. gr. Fyrir að mæla skip skal greiða lögreglustjóra 4 kr. í dagpeninga fyrir dag hvern, sem hann vegna þess verður að vera fjarverandi frá heimili sínu, og borgun fyrir ferðakostnað eptir reglum þeim, sem settar eru hjer að framan.

9. gr. Greiða skal lögreglustjóra sömu dagpeninga og borgun fyrir ferðakostnað, sem segir í 8. gr., þegar hann verður að takast ferð á hendur í tilefni af rannsóknum þeim og vottorðum, sem getið er um í 2. og 3. gr. laga nr. 10, 11. febrúar 1876.

10. gr. Þegar valdsmaður þarf að takast ferð á hendur til að gefa hjón saman í borgaralegt hjónaband samkvæmt lögum um utanþjóðkirkjumeun 19. febr. 1886 ber honum 3 kr. hvern þann dag, sem hann vegna þess verður að vera fjarverandi frá heimili sínu og enn fremur borgun fyrir ferðakostnað eptir þeim reglum, sem settar eru hjer að framan.

11. gr. Á allar rjettargjörðir og skjöl, sem embættismönnum og sýslunarmönnum þeim, sem ræðir um í lögum þessum, er borgað fyrir að gefa út eða rita á, eða sem snerta embættisgjörðir, sem þeim ber borgun fyrir, skal bæði rita borgunina með tölustöfum og bókstöfum, og eins er um borgun fyrir ferðakostnað og dagpeninga, er þeir hafa fengið.

Sje brotið gegn þessu, varðar það sektum, allt að 100 kr. til landssjóðs.

12. gr. Lög þessi snerta eigi innheimtulaun þau, er lögreglustjórar fá eptir gildandi lögum fyrir að heimta inn aðflutningsgjald af vínföngum, tóbaki, kaffi og sykri, og útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl. Svo er og um dagpeninga þá og borgun fyrir ferðakostnað, sem greiða skal sýslumönnunum sem formönnum sýslunefndanna samkvæmt 33. gr. í tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi.

13. gr. Með lögum þessum er úr gildi numið opið brjef 21. marz 1800 um dagpeninga í sakamálum og aukatekjureglugjörð fyrir rjettarins þjóna á Íslandi 10. september 1830 að því er snertir gjöld þau, er sýslumönnum og bæjarfógetum ber samkvæmt henni.

14. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1894.

Nd. **277. Frumvarp**

til laga um breyting á 2. gr. í tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 og viðauka við hana. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í n. d.).

1. gr. Hverjum þeim manni, sem er fullveðja að aldri, er heimilt að leysa sig undan vistarskyldunni með því að taka leyfisbrjef hjá lögreglustjóra.

Fyrir leyfisbrjef skal karlmaður gjalda 10 kr. en kvennmaður 5 kr. Rennur það fje í styrktarsjóð handa alþýðufólki í þeim hrepp, er hann var síðast vistfastur í.

2. gr. Sá, er vill fá leyfisbrjefið, skal taka það í síðasta lagi 1. dag maímánaðar það ár, er hann gengur úr fastri vist.

3. gr. Skylt er hverjum manni, er þannig verður laus, að hafa fast ársheimili, og skal hann tilkynna það viðkomandi hreppstjóra á vori hverju, eigi síðar en á hreppaskilaþingi.

4. gr. Rjett er, að lausamaður greiði þar lögboðin gjöld, sem ársheimili hans er. Nú greiðir hann eigi gjöld þessi á rjettum gjalddaga, og er þá húsráðandi sá, er lausamaður á heimili hjá, skyldur að greiða gjöldin fyrir hann.

5. gr. Með lögum þessum er numin úr gildi 2. gr. í tilsk. um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 og 15. gr. í sömu lögum, að því er snertir leyfisbrjefagjaldið.

Um brot gegn lögum þessum gilda sömu ákvarðanir, sem um brot gegn nefndri tilskipun.

6. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1894.

Nd. **278. Frumvarp**

til laga um sölu þjóðjarða. Flutningsmaður Sighvatur Árnason.

1. gr. Þá er leiguliði á þjóðeign óskar að fá keypta ábúðarjörð sína, sendir hann brjeflega beiðni um það til landshöfðingja ásamt skýrslu umboðsmanns um kosti og lesti jarðarinnar og um leigumála hennar. Landshöfðingi annast um að þrjú opinber uppboð verði haldin á jörðinni, sem sjeu auglýst á sama hátt og stjórnarvalda auglýsingar með missiris fyrirvara. Hið síðasta uppboð ber að halda á eigninni sjálfri.

2. gr. Við uppboðið skal þess gætt, að leiguliða sje geymdur rjettur til að ganga að hæðsta boði innan 6 vikna frá síðasta uppboðsdegi. Þegar sá frestur er liðinn, sendir sýslumaður landshöfðingja uppboðsgjörðina í staðfestu eptirriti af uppboðsbók sýslunnar, svo og skýlausa yfirlýsingu leiguliða um það, hvort hann vilji ganga að kaupinu eða ekki.

Að þessu fengnu leggur landshöfðingi málið í heild sinni fyrir næsta alþing á eptir. Hina sömu aðferð skal viðhafa þegar eyðijörð er fáluð til kaups.

3. gr. Þjóðjörð, sem eigi er 20 hndr. að dýrleik eða þar yfir, má að eins selja í heilu lagi.

4. gr. Nú samþykkir alþing söluna með lagaboði; ber þá kaupanda að borga $^1/_4$ hluta andvirðisins um leið og kaupin eru fullgjörð, en eptirstöðvarnar þannig, að hann gefi út skuldabrjef fyrir þeim með fyrsta veðrjetti í jörðinni, og skal hann borga árlega í vexti og afborgun lánsins 6% af hinni upprunalegu upphæð þess, þannig, að allri skuldinni sje lokið á 28 árum.

5. gr. Landshöfðingi gefur út afsalsbrjef fyrir jörðinni.

6. gr. Andvirði hinnar seldu jarðar renni í sjerstakan sjóð, sem eigi má skerða. Vextir af sjóði þessum renni í viðlagasjóðinn.

Nd. **279. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um hafnsögugjald í Reykjavík. Frá Sk. Thoroddsen, Jóni Jakobssyni, Jóni Jónssyni 2. þm. N.-Múlas., Einari Jónssyni, Jóni Jónssyni þm. A.-S., Þorláki Guðmundssyni.

1. Í stað orðanna í 1. gr. »Í staðinn fyrir . . . . Reykjavíkurhöfn« komi: Af öllum verzlunar- og mannflutningaskipum, og af útlendum fiskiskipum, er leggjast við akkeri á Reykjavíkur- eða Ísafjarðar-höfn skal greiða.
2. Í stað orðanna í sömu grein: »á Reykjavíkurhöfn« komi: »á Reykjavíkur- eða Ísafjarðar-höfn«.
3. Í stað orðanna í 2. gr.: »fyrir Reykjavíkurkaupstað« komi: »fyrir Reykjavíkur- eða Ísafjarðar-kaupstað«.

4. Fyrirsögn frumv. orðist þannig:
Frumvarp til laga um hafnsögugjald í Reykjavík og á Ísafirði.

Nd. **280. Breytingartillaga**
við frumvarp til laga um hafnsögugjald í Reykjavík. Frá Jóni Jakobssyni, Sk. Thóroddsen, Þórði Guðmundssyni, Jóni Jónssyni þm. A.S., Þorláki Guðmundssyni, Jóni Jónssyni 2. þm. N.-Múlas.

Við 1. gr. Í stað orðanna: »10 aura« komi: »5 aura« og í stað orðanna: »5 aura« komi: »3 aura«.

Ed. **281. Frumvarp**
til laga um viðauka og breyting á lögum 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald á fiski og lýsi o. fl., (eins og það var samþykkt við 2. umr. í efri deild).

1. gr. Af eptirfylgjandi vörum skal útflutningsgjald greitt, svo sem hjer segir:

1. Af hverjum 100 pd. af kola, sem flytzt út, nýr eða saltaður . . . 10 aurar.
2. — — 100 — — heilagafiski . . . . . 30 —
3. — — 100 — — hvalskíðum . . . . . 100 —
4. — síldartunnu (120 pottar) í hverjum umbúðum sem hún flytst . 25 —

2. gr. Um gjald þetta og greiðslu þess fer eptir fyrirmælum laga 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald á fiski og lýsi o. fl.

3. gr. Með lögum þessum er úr gildi numinn 5. tölul. 2. greinar laga um útflutningsgjald á fiski og lýsi o. fl. 4. nóv. 1881.

Ed, **282. Frumvarp**
til viðaukalaga við lög 12. júlí 1878 um lausafjártíund, (eins og það var samþykkt við 2. umr. í efri deild).

Gufuskip, sem ganga til fiskiveiða eða hvalveiða, skal leggja í tíund, sem hjer segir:

1. Gufuskip, sem er 50 smálestir að stærð, eða minna . . . 15 hndr.
2. Gufuskip, sem er meira en 50 smálestir að stærð . . . 30 —

Ed. **283. Frumvarp**
til laga um úrskurðarvald sáttanefnda, rjettarfar og aðför í minni skuldamálum. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Ed.).

1. gr. Í skuldamálum, þar sem skuldarupphæðin nemur eigi meiru en 100 kr. skal sáttanefndin, ef skuldheimtumaður krefst þess, kveða upp úrskurð,

a) þegar kæröi, þrátt fyrir löglega birting fyrirkallsins, mætir ekki og sáttanefndin hefur ekki ástæðu til að ætla, að hann hafi lögleg forföll, er hindri hann að mæta eða láta mæta fyrir sig,

b) þegar sáttanefndin hefur eptir árangurslausa sáttatilraun skorað á skuldunaut að gefa skýlaus svör um skuld þá, sem hann er krafinn um, og hann viðurkennir

afdráttarlaust, að hann sje skyldur að borga hana, en vill þó eigi sættast, eða eigi er auðið að koma á sætt milli málsaðila um ýms aukaatriði, svo sem borgunarfrestinn, vexti og þóknun til skuldheimtumanns fyrir ómök og kostnað við málið.

Sáttanefndin ritar í sáttabókina og les upp fyrir málsaðilum kröfur skuldheimtumanns, viðurkenningar skuldunauts og mótmæli hans, svo og sáttaboð þeirra beggja.

Þetta á þó eigi við þegar kærði hefur gagnkröfu á hendur kæranda og kærandi kannast ekki við hana eða hún nemur meiru en 100 kr., og kærði vill nota hana ekki að eins til að borga með hina umstefndu skuld, heldur þykist hafa tilkall til meira hjá kæranda.

2. gr. Þegar málsaðilar eru ásáttir um, að leggja skuldamál í gjörð sáttanefnda, enda sje skuldin eigi stærri en 100 kr., skal sáttanefndin gjöra um málið, svo framarlega sem það er auðið af skjölum þeim, er þeir leggja fram, eða því, er þeir láta bóka um skuldina í sáttabókina. Þó geta málsaðilar eigi krafizt, að gerðir sjeu upp langir eða flóknir reikningar á milli þeirra á þennan hátt, nema sáttanefndarmennirnir sjeu fúsir til þess. Gjörð þessa ber að skoða sem fullnaðardóm, er fullnægja má á sama hátt sem undirrjettardómi. Fullnægingarfrestur gjörðar er mánuður frá því hún var birt hlutaðeigendum.

3. gr. Nú mætir kærandi eigi á sáttafundi og sáttanefndin hefur eigi ástæðu til að ætla, að hann hafi lögleg forföll er hindri hann að mæta eða láta mæta fyrir sig, en kærði mætir og krefst þóknunar fyrir ómak sitt við að mæta, og skal sáttanefndin með úrskurði ákveða honum hæfilega þóknun fyrir ómakið.

4. gr. Urskurði þá, sem nefndir eru í 1. og 3. gr., ber sáttanefnd að upp kveða þegar á staðnum, ef henni er það mögulegt, ella í síðasta lagi innan viku. Gjörðum eptir 2. gr. ber sáttanefnd að lúka upp innan hálfsmánaðar, nema málsaðilar sjeu á eitt sáttir um að það megi dragast lengur.

Ef sáttanefnd upp kveður úrskurð í viðurvist málsaðilanna, skal það tekið fram í úrskurðinum.

Álíti sáttanefndin, að eigi sje heimilt að kveða upp úrskurð, vísar hún málinu til dómstólanna, ef þess er krafizt af kæranda.

Við hverja sáttanefnd skal skipa varasáttanefndarmann; skal hann eiga sæti í nefndinni, ef annarhvor sáttanefndamanna er viðriðinn málið, eður hefur forföll, svo og þegar sáttanefndarmennina greinir á, er kveða skal upp úrskurð, eða gjörð, og ræður þá afl atkvæða.

5. gr. Nú kemst sáttanefnd að þeirri niðurstöðu, að skuldakrafa kæranda sje á rökum byggð, og skal hún í úrskurðinum til taka aðalupphæðina, sem borga ber, með vöxtum, ef þá ber einnig að borga, svo og þóknun til skuldheimtumanns fyrir ómök sín og kostnað við kæru málsins fyrir sáttanefndinni og fyrir að mæta þar. Skal í því efni meðal annars hafa hliðsjón af því, hvort skuldheimtumaður hefur samtímis mætt í fleirum en einu máli fyrir sáttanefndinni. Þegar sáttanefnd ákveður þóknun til kærða samkvæmt 3. gr., ber henni sömuleiðis að miða þóknunina við það, hvort kærði mætir þá í fleiri málum en þessu eina fyrir sáttanefndinni.

6. gr. Urskurðir sáttanefnda og vísun mála til aðgjörða dómstólanna eptir 4. gr., innfærist í sáttabókina.

7. gr. Urskurðum sáttanefnda má fullnægja á sama hátt sem undirrjettardómum, sje þeim eigi áfrýjað (sbr. 10. gr.). Fullnægingarfrestur úrskurðanna er einn mánuður. Frest þennan ber að reikna frá uppsögn úrskurðarins, hafi hún fram farið í viðurvist málsaðila; ella frá birtingu úrskurðarins.

8. gr. Fyrir uppsögn og bókun úrskurðar borgist 1 kr.; fyrir að segja upp gjörð

eptir 2. gr., skal greiða 4 krónur. Gjöld þessi skiptast jafnt milli sáttanefndarmannanna. Fyrir útskript úr sáttabókinni borgist 25 a. fyrir hverja hálförk eða minna.

9. gr. Þegar eptirrit er fengið af úrskurði, til þess að áfrýja honum, skal innfæra í það öll skjöl, sem komið hafa fram í sáttanefndinni, svo og allt það, sem bókað hefur verið í sáttabókina um málið.

10. gr. Urskurðum sáttanefnda og aðför, sem gjörð er eptir þeim, má áfrýja til undirrjettar þess, sem mál það, er úrskurðurinn hljóðar um, heyrir undir, og þarf þá ekki að kæra málið að nýju til sáttanefndar á undan áfrýjuninni. Nú áfrýjar skuldunautur úrskurði, og skal hann hafa gjört það innan þriggja mánaða frá uppsögn úrskurðarins, hafi hann verið upp kveðinn í viðurvist málsaðilanna, ella frá birtingu hans. Sje aðfarargjörð eptir úrskurði sáttanefndar áfrýjað, verður það að gjörast innan þriggja mánaða eptir að hún fór fram. Þegar úrskurði er áfrýjað, getur úrskurðar-hafi fengið löggeymslu fyrir upphæð þeirri, sem honum er ákveðin með úrskurðinum á sama hátt og með sömu skilyrðum sem dómhafar. Nú vill skuldunautur áfrýja löggeymslugjörðinni, og skal það gjört innan þess tíma, sem áður er sagt um áfrýjun aðfarargjörðar.

Sje það úrskurðar-hafi, sem áfrýjar, verður hann að gjöra það innan árs frá uppsögn úrskurðarins, sje úrskurði áfrýjað, eða frá því, er aðfarar- eða löggeymslugjörð hefir fram farið, sje þeim áfrýjað. Eigi þarf að stefna sáttanefndarmönnum, er úrskurðum þeirra er áfrýjað.

11. gr. Þegar málum þeim, er ræðir um í lögum þessum, er stefnt fyrir rjett, skal málfærslan vera svo stutt og einföld sem auðið er og að öllum jafnaði munnleg; skal að eins bóka kröfur málsaðila, mótmæli þeirra og viðurkenningar; þó er hverjum málsaðila fyrirmunað að leggja fram í rjettinum skrifleg sóknar- eða varnarskjöl. Frest má eigi veita málsaðilum, nema til þess að útvega þær upplýsingar, sem eigi var hægt með sanngirni að ætlast til að þeir hefðu þegar útvegað sjer, eða til að svara sóknar- eða varnarskjali, sem þeir treysta sjer ekki til að svara þegar fyrir rjettinum, og má eigi verja til málsins meiru en tveim rjettarhöldum, nema knýjandi nauðsyn sje til þess. Dóm ber að uppkveða þegar á staðnum eða í síðasta lagi innan hálfsmánaðar eptir að málið hefur verið tekið undir dóm.

Hafi stefndi gagnkröfu á hendur stefnanda, getur hann komið fram með hana án kæru til sáttanefndar eða gagnstefnu, ef hún fer eigi fram úr 100 kr.; þó getur hann eigi fengið dóm fyrir meiru en til að jafna skuldaskiptin.

12. gr. Löggeymslugjörð, aðför og nauðungar-uppboð í skuldamálum, þar sem skuldar-upphæðin fer eigi fram úr 100 kr., má hreppstjóri utan kaupstaða framkvæma í umboði fógeta, eptir reglum þeim, sem um það gilda. Borgun fyrir það fá þeir samkvæmt 5. og 6. gr. laga 13. jan. 1882 um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk.

Ed. **284. Frumvarp**

til laga um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl. Eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild.

1. gr. Þegar sakborinn maður hefur verið hafður í gæzluvarðhaldi, eður á annan hátt verið sviptur frelsi, og er þvínæst látinn laus, án þess að mál sje höfðað, eða hann er

sýknaður, þá á hann rjett á að fá bætur, er ákveðnar sjeu af dómaranum, fyrir þá skapraun, fjártjón og smán, er hann hefur beðið af því, að hann var sviptur frelsi sínu, ef álíta má eptir málavöxtum, að hann sje saklaus af glæp þeim, er tilefni gaf til þess, að hann var sviptur frelsi.

Rjett til skaðabóta hefur og sá maður, sem haldið hefur verið í gæzluvarðhaldi, eða á annan hátt verið sviptur frelsi, sökum þess að hann hefur verið grunaður um brot, sem á undir hegningarákvæði, er eigi heimilar þyngri refsingu en sekt eða einfalt fangelsi.

2. gr. Rjettur til skaðabóta fellur niður, ef maður hefur sjálfur með framferði sínu verið þess valdandi, að hann var sviptur frelsi. Þó getur dómarinn dæmt honum bætur, er sje tiltölulega minni, en gjört er ráð fyrir í 1. gr., ef ætla má, að hið ranga framferði hans sje sprottið af hræðslu, fáti eða afsakanlegum misskilningi.

3. gr. Nú fellur niður sakamálshöfðun gegn manni, og á hann þá kost á að krefjast úrskurðar um skaðabótakröfu sína, og skal sá úrskurður þá felldur, þegar málinu, að því er hann snertir, er lokið. Þó skal amtmanni skýrt frá þessu, svo hann megi gæta hags landssjóðs.

Þegar öðruvísi stendur á, skal koma fram skaðabótakröfu samkvæmt undanfarandi greinum með sjerstakri lögsókn gegn hinu opinbera, að tilstefndum amtmanni og hlutaðeigandi rannsóknardómara, og er sækjanda frjálst að höfða málið, hvort heldur hann vill í hjeraði þar, er hann var sviptur frelsi, eða við landsyfirrjettinn. Málið er gjafsóknarmál fyrir hvorntveggja málsaðila, og ber málaflutningsmanni þeim, sem skipaður er fyrir hið opinbera, jafnframt að gæta hagsmuna rannsóknardómarans.

Sje sakamáli eða varðhaldsúrskurði sjerstaklega áfrýjað til æðra rjettar, má einnig koma þar fram með skaðabótakröfuna og fá gjört út um hana, og ber þá hinum skipaða sækjanda að gæta hagsmuna rannsóknardómarans og landssjóðs.

Úrskurði óæðra dóms um skaðabótakröfu eptir þessum lögum, getur bæði hlutaðeigandi og hið opinbera áfrýjað, þótt eigi nemi áfrýjunarupphæð.

4. gr. Mál um skaðabætur eptir undanfarandi greinum skal höfða, áður ár er liðið frá því, að hlutaðeigandi hefur fengið vitneskju um þau atriði, er hann byggir kröfu sína á. Nú reynist krafa hans eigi að vera á neinum rökum byggð, og ber þá með dóminum að skylda hann til þess að greiða málskostnaðinn.

5. gr. Nú hefur maður úttekið hegningu eptir dómi að öllu eða nokkru leyti, og prófast það síðan með fullum rökum, að hann hefur eigi átt hegninguna skilið, og á hann þá heimtingu á skaðabótum úr landssjóði fyrir þá skapraun, smán og fjártjón, er hann hefur beðið.

Skaðabótakröfunni má koma fram í hjeraði, þar sem sakamálið hefur verið höfðað, að tilstefndum amtmanni og dómara þeim, er refsidóminn hefur upp kveðið, eða og við landsyfirrjettinn, og eiga að öðru leyti ákvæði þau, sem í 3. gr. eru sett, einnig við þau mál, er hjer ræðir um.

6. gr. Eptir lát þess, er hlut á að, á það hjóna, er eptir lifir, sókn á því máli, svo og niðjar hins látna.

7. gr. Skaðabætur eptir lögum þessum skal greiða úr landssjóði, og á hann aptur aðgang að dómaranum, svo framarlega sem hann hefur misbeitt embættisvaldi sínu, gjört sig sekan í hirðuleysi eða öðru ólögmætu framferði.

8. gr. Ef sakborinn maður er sýknaður, eða málið gegn honum er leitt til lykta, án þess hann sje dómfelldur, þá skal greiða málskostnað af almannafje, ef um saka-

mál er að ræða, nema kostnaðurinn að öllu eða nokkru leyti sje sprottinn af vísvitandi ólögmætum tilverknaði eða hegðun af hálfu sakbornings.

9. gr. Lög þessi ná eigi til þeirra sakamála, sem að fullu er lokið áður en þau öðlast gildi.

Ed. **85. Frumvarp**

til laga um hafnsögugjald í Reykjavík eins og það var samþykkt við 3. umræðu í neðri deild).

1. gr. Í staðinn fyrir borgun þá fyrir hafnsögu, er ákveðin er í taxtanum frá 1. desbr. 1841, skal greiða af öllum verzlunar- og mannflutningaskipum og af útlendum fiskiskipum, er leggjast við akkeri á Reykjavíkurhöfn, 5 aura í hafnsögugjald af hverri smálest hinna fyrgreindu skipa og 5 aura af hverri smálest hinna síðartöldu. Gjald þetta skal greiða fyrsta sinnið, að skipið kemur á Reykjavíkurhöfn á árinu, hvort sem það notar hafnsögu eða eigi, en komi það optar á sama ári, skal gjaldið eigi optar greiða, nema þegar það notar hafnsögumann.

2. gr. Bæjarfógeti innheimtir gjald það, er ákveðið er í 1. gr., um leið og hann skoðar skjöl skipsins, og skal því varið til launa handa manni þeim eða mönnum, er skipaðir eru til hafnsögu fyrir Reykjavíkurkaupstað.

Skyldur er hafnsögumaður að skýra bæjarfógeta í hvert skipti frá því, er skip, er þegar hefir greitt gjaldið, notar hafnsögu á inn- eða útleið á öðrum ferðum á sama ári.

3. gr. Að því er snertir herskip, skemmtiskip og innlend fiskiskip, þá skulu þau fyrirmæli enn standa um notkun hafnsögu og borgun fyrir hana, er nú eru í gildi.

4. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1894.

Ed. **286. Frumvarp**

til laga um að nema dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn, sem æðsta dóms í íslenzkum málum, úr lögum, (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

1. gr. Dómsvald hæstarjettar í Kaupmannahöfn, sem æðsta dóms í íslenzkum málum, skal úr lögum numið. Þó nær þetta ákvæði ekki til þeirra mála, sem ræðir um í 2. gr. í ákvörðunum um stundarsakir í stjórnarskránni 5. janúar 1874.

2. gr. Landsyfirdómurinn í Reykjavík skal hafa æðsta dómsvald í íslenzkum málum.

3. gr. Lög þessi öðlast gildi 6 mánuðum eptir að ákvæðin í 1. gr. hafa öðlast samþykki hins almenna löggjafarvalds ríkisins.

Ed. **287. Frumvarp**

til laga um breytingu á opnu brjefi 29. maí 1839, um byggingarnefnd í Reykjavík, (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

1. gr. Ákvæði það í opnu brjefi 29. dag maím. 1839 um byggingarnefnd í

Reykjavík, að ávallt skuli vera 10 álna svæði autt milli nágranna-húsa, skal úr lögum numið, að því er steinhús snertir; þó mega eigi vera gluggar, dyr nje önnur op á veggjum þeim er vita að annars manns lóð, nema því að eins að veggurinn sje að minnsta kosti 5 álnir frá lóðarmörkum. Að því er timburhús snertir skal nefnt ákvæði enn fremur rýmka þannig, að þau má reisa áföst hvert við annað 60 álnir í samfellu, ef hvert einstakt hús er greint frá næsta húsi með eldvarnargafli, og byggingarnefndinni þykir að öðru leyti eigi slíkt viðsjárvert.

Eldvarnargafl er hjer talinn veggur úr (tígul)-steini, einhlaðinn að minnsta kosti og oplaus, og taki 6 þumlunga að minnsta kosti upp yfir þakið.

2. gr. Það skal hjer eptir bannað, að gjöra hús eða bæi af torfi, nema í úthverfum kaupstaðarins, og þó því að eins að byggingarnefndin veiti til þess samþykki.

3. gr. Heimilt skal byggingarnefndinni, ef $\frac{2}{3}$ hlutar allra nefndarmanna samþykkja það, að banna þvílíkan ytri frágang á húsum og girðingum, er að byggingarnefndarinnar áliti lýtir eða óprýðir útlit bæjarins, og leggja fyrir þann, er á móti brýtur, að lagfæra það sem ábótavant þykir. Slíkum ákvæðum nefndarinnar getur hlutaðeigandi skotið undir amtmann og leggur hann fullnaðarúrskurð á málið.

4. gr. Nú reisir einhver nýtt hús eða gjörir verulegar breytingar á eldra húsi, og er hann þá skyldur til, þegar byggingarnefndin krefst þess, og áður en byrjað er á hússmíðinni eða breytingunni, að láta nefndinni í tje uppdrátt af húsinu, er ljóslega megi sjá af fyrirkomulag þess.

Nd. **288. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breytingu á lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða. Frá Einari Jónssyni, Sk. Thóroddsen, Jóni Jakobssyni, Jóni Jónssyni 2. þm. Eyf. Jóni Jónssyni 2. þm. N.-Múlas.

Við 1. gr. Orðin: »þegar fleiri en 3 . . . . . sjá um að þau« falli burt. Í þeirra stað komi:

senda til hlutaðeigandi prófasts umsóknarbrjef allra þeirra, er um embættið hafa sótt, enda fullnægi þeir hinum almennu skilyrðum fyrir því að geta haft embætti á hendi í þjóðkirkjunni. Þó skal biskup halda eptir umsóknarbrjefum þeirra, er hann álítur óhæfa, til að takast prestsembætti á hendur. Um leið og biskup sendir prófasti umsóknarbrjefin, skal hann senda meðmæli sín með þeim umsækjanda, sem hann telur hæfastan og verðugastan, til að fá embættið. Prófastur skal sjá um, að umsóknarbrjefin og meðmælingarbrjef biskups . . . .

Nd. **289. Frumvarp**
til laga um aukatekjur þær, er renna í landssjóð. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild).

I. kapítuli.
Um dómsmálagjöld.

1. gr. Fyrir stefnu skal gjalda 50 aura, þegar málsaðili í stað þess að gefa út fyrirkallsseðil beiðist þess, að stefnan verði gefin út með nafni dómarans og innsigli.

Sama gjald skal greiða fyrir fyrirkall það, er greinir um í 9. og 14. gr. tilskipunar 15. ágúst 1832.

2. gr. Fyrir að taka fyrir mál, þar með talin ritun í dómsmálabókina, skal gjalda 1. kr. Sama gjald skal greiða í tilfellum þeim, er getur um í 7., 9. og 14. gr. tilskipunar 15. ágúst 1832.

3. gr. Fyrir að leggja dóm á mál skal gjalda 1 kr., um leið og málið er tekið til dóms. Fyrir hina skriflegu frávísun, sem greinir um í 6. gr. tilskipunar 15. ágúst 1832, skal greiða sama gjald.

4. gr. Nú eru teknar út fleiri en ein stefna í sama máli, og skal þá greiða gjöld þau, er getur um í 1. og 2 gr., fyrir hverja þeirra um sig. Gjald það, sem ræðir um í 3. gr., á sækjandi málsins að greiða, en komi gagnsókn fyrir, skal gagnsækjandi einnig greiða gjald þetta.

5. gr. Fyrir að yfirheyra vitni skal gjalda 30 aura fyrir hvert þeirra.

Fyrir gagnspurningar skal ekki greiða sjerstaklega.

6. gr. Fyrir að kveðja menn í rjetti til skoðunargjörða eða annara slíkra gjörða skal gjalda 30 aura fyrir hvern hinna dómkvöddu, auk gjalds þess, er getið er um í 2. gr. Sama gjald skal greiða fyrir eiðfesting gjörðarinnar, svo og fyrir sjerhverja eiðfestingu, nema um vitni sje að ræða.

Þetta ákvæði á einnig við, þegar kveðja skal menn til að virða fasteign til veðsetningar fyrir láni af fje ómyndugra og þegar eiðfesta skal menn þessa.

7. gr. Fyrir að staðfesta og innsigla rjettargjörðir eða önnur eptirrit, sem út eru gefin í gjörðarformi, skal gjalda 50 aura fyrir hvert.

8. gr. Þegar mál það, er ræðir um, varðar eigi meiru en 50 krónum, skal að eins greiða helming gjalda þeirra, er um getur í 1.—6. gr.

9. gr. Í hjúamálum skal eigi gjalda nema 50 aura alls, en í lögreglumálum um meðgjöf með óskilgetnum börnum skal engin gjöld greiða í hjeraði.

Í öðrum lögreglumálum skal greiða hin venjulegu gjöld, sem talin eru hjer að framan.

10 gr. Fyrir bókun á yfirlýsing um eitt eður annað, sem ekki snertir neitt mál, sem áður hefur verið tekið fyrir og er til meðferðar fyrir rjettinum, skal sá, er þessa beiðist, greiða 50 aura auk gjalds þess, er getur um í 2. gr.

11. gr. Við landsyfirdóminn skal ávallt greiða tvöfalt gjald á við það, er borga hefði átt í hjeraði.

12. gr. Í opinberum málum og gjafsóknarmálum skal engin rjettargjöld greiða, en í gjafsóknarmálum skulu rjettargjöld þau, er gjafsóknarhafandi hefði átt að greiða, goldin af hinum málsaðila, þegar hann með dómi er skyldaður til að greiða málskostnaðinn.

Í málum þeim, sem ræðir um í 16. gr. laga um kosningar til alþingis 14. september 1877, skal engin rjettargjöld greiða í hjeraði.

13. gr. Þingvitnaleiðslur, er fram fara til þess að færa sönnur á slys eða til þess að heimila verðlaun fyrir björgun drukknaðra, skal álíta sem opinber mál, en venjulega skulu þær fara á hinum reglulegu þingtímum, til þess að kostnaður rísi eigi af fyrir hið opinbera.

2. kapítuli.
Um gjöld fyrir fógetagjörðir.

14. gr. Fyrir kyrrsetningargjörð eða lögbann, svo og fyrir fjárnáms-, lögtaks eða löggeymslugjörð, sem fram fer í fjármunum — en til fjármuna teljast eigi að eins lausafje og fasteignir, heldur og skuldakröfur á hendur öðrum og önnur þau fjárrjettindi, sem greinir um í 3. kapítula laga 4. nóvember 1887 um aðför — skal gjalda í hlutfalli við fjárupphæð þá, sem gjörðarinnar er beiðzt fyrir, eins og hjer segir:

Þegar upphæðin er			25 kr eða minni			„	kr.	75 a.
—	—	— frá	25 kr.	til	50 kr.	1	—	50 -
—	—	— —	50	— —	100	— 2	—	25 -
—	—	— —	100	— —	200	— 3	—	„ -
—	—	— —	200	— —	300	— 3	—	50 -
—	—	— —	300	— —	400	— 4	—	„ -
—	—	— —	400	— —	1000	— 5	—	„ -
—	—	— —	1000	—		6	—	„ -

15. gr. Fyrir kyrrsetning á manni skal gjalda 6 kr.; sjeu fjármunir jafnframt kyrrsettir, skal gjalda fyrir það eptir 14. gr.

16. gr. Nú er aðfarar beiðzt hjá einum og sama manni eptir fleiri dómum en einum, sættum eða þinglesnum veðskuldabrjefum (og eru þau skilyrði fyrir hendi, sem sett eru í 15. og 16. gr. laga nr. 29, 16. desember 1885), og skal gjaldið þá greitt fyrir hverja þeirra um sig.

Þegar fjárnáms er beiðzt eptir sama dóminum, sættinni eða veðskuldabrjefinu hjá fleirum en einum, skal gjörð halda hjá hverjum þeirra og greiða gjald fyrir hverja gjörðina. Þetta gildir þó eigi, ef hlutaðeigendur eiga muni í sameign, er fjárnám er gjört í. Eigi skal heimta hærra gjald, þótt munir þeir, sem fjárnámi eru teknir, sjeu eigi allir á sama stað.

17. gr. Fyrir lausnargjörð skal gjalda eptir 14. gr., þegar fje með henni er laust látið, en eptir 15. gr., sje kyrrsetning á manni með henni niður felld.

18. gr, Fyrir rannsókn, sem haldin er eptir beiðni einstakra manna, skal gjalda 1 kr.

19. gr. Fyrir útburð manns af jörðu eða húsi og fyrir innsetning á jörð eða í hús til umráða skal gjalda 2 kr. Sama gjald skal greiða fyrir aðrar fógetagjörðir, er fara fram á eitthvað það, er eigi verður metið til peningaverðs.

20. gr. Fyrir skoðun á líkams-áverka eptir beiðni einstakra manna skal gjalda 2 kr. Fyrir skoðun á fundnum líkum skal ekkert gjald greiða.

21. gr. Þegar hreppstjóri heldur fógetagjörðir, skal fara eptir lögum nr. 3, 13. janúar 1882, 5. gr., og lögum nr. 29, 16. desember 1885, 14. gr.

22. gr. Ef hægt er að ákveða gjaldið fyrir fram, skal greiða fógeta það áður en hann byrjar gjörðina þá er hann krefst þess, og er gjaldið eigi apturkræft, þótt gjörðarbeiðnin sje kölluð aptur, eða fógeti neiti að fremja gjörðina, nema svo sje, að hærra gjald hafi verið borgað fyrir fram fyrir gjörðina, en greiða hefði átt, er hún var leidd til lykta.

23. gr. Í gjafsóknarmálum og skipuðum málum, svo og þegar sá beiðist fjárnáms, er dæmdar hafa verið bætur í opinberu máli, og þegar tekin er fjárnámi eða lögtaki framtærslueyrir, er manni ber að greiða með barni sínu skilgetnu eða óskilgetnu, með stjúpbarni, foreldri sínu eða konu, er hann hefur slitið samvistum við, eða skilið við að borði og sæng eða að fullu og öllu, eða tekið er lögtaki eða fjárnámi kaup hjúa eða matarverð, er þau eiga hjá húsbændum sínum, skal því að eins greiða rjettargjald, að það náist hjá þeim, er fyrir fjárnámi eða lögtaki verður, enda sje kröfu gjörðarbeiðanda áður fullnægt.

Fyrir að fullnægja dómum í sakamálum eptir ráðstöfun hins opinbera, skal engin gjöld greiða.

3. kapituli.

Um gjöld fyrir þinglýsingar o. fl.

24. gr. Fyrir að þinglesa afsalsbrjef, veðskuldabrjef, fjárnámsgjörð, skiptabrjef eða önnur skjöl, sem þinglesin eru sem eignarheimild fyrir fasteign eða til þess að leggja hapt á fasteignir og fyrir að rita á skjöl þessi og rita þau inn í bækurnar, svo og fyrir að þinglesa, rita á og bóka skjöl, sem leggja hapt á lausafje, skal gjalda í hlutfalli við fjárupphæð þá, er skjalið hljóðar um, eins og hjer segir:

Þegar upphæðin er			100	kr.	eða	minni.	.	.	„ kr.	75 a.
—	—	— frá	100	kr.	til	200	kr,	1	— „	-
—	—	— —	200	—	—	500	—	1	— 50	-
—	—	— —	500	—	—	1000	—	2	— ..	-
—	—	— —	1000	—	—	2000	—	3	— -	-
—	—	— —	2000	—	—	3500	—	4	—	
—	—	— —	3500	—	—	5000	—	5	— „	

og sje upphæðin meiri, skal gjalda 6 kr., hversu há sem hún er.

Gjald það, er síðast er nefnt, skal og greiða, sje upphæð sú óákveðin, sem skjalið greinir um, t. a. m. þegar veð er sett fyrir skuldir, er síðar verða stofnaðar.

Nú er upphæðin ákveðin í öðrum aurum en peningum, og skal þá meta þá til peningaverðs eptir almennum reglum.

Nú er árlegt afgjald áskilið um óákveðinn tíma og skal þá gjalda sem fyrir 25 sinnum stærri fjárupphæð; en sje afgjaldið áskilið fyrir lífstíð, skal gjaldið að eins talið af 5-faldri upphæðinni; sje áratal tiltekið, skal afgjaldið talið saman fyrir öll árin, en þó skal aldrei af meiru gjalda en af upphæð afgjaldsins 25-faldri.

Nú er eign seld af hendi, án þess að fyrir hana sje greitt andvirði, eða henni makaskipt gegn annari eign, og verður þá að tiltaka verð hennar í skjalinu eða rita það á það, svo ákveða megi eptir því þinglýsingargjaldið.

25. gr. Fyrir að þinglesa og bóka skjöl, er hljóða um efni, sem eigi verður metið til ákveðins verðs, eða skjöl, sem ekki eru um afsal eða hapt á fasteignum eða lausafje, skal gjalda 1 kr. Sjeu þess konar skjöl þinglesin við landsyfirdóminn skal gjalda 2 kr.

26. gr. Þegar þinglesa skal heimildarskjal eða brjef um hapt á eignum, skal hlutaðeigandi embættismaður líta eptir því, hvort útgefandi þess hefur sjálfur eignarheimild fyrir eign þeirri eða munum, sem hann ráðstafar, eða hvort nokkuð það hafi þinglesið verið áður, er ónýtt geti eða rýrt gildi skjalsins, og rita að eins á skjalið, að það hafi verið þinglesið, ef enginn brestur eða tálmun finnst; ella skal rita athugasemd á skjalið um heimildar-brest hans eða um hið áður lesna heptingar-brjef, og skal greiða fyrir það helming gjalds þess, er ræðir um í 24. gr., en þó aldrei minna en 50 aura og aldrei meira en 1 kr. 50 aura. Þegar fengnar eru betri skýrslur eða frekari heimild, og áritunin því næst verður afmáð, skal greiða fyrir það sama gjald og fyrir að gjöra hana.

27. gr. Fyrir að aflýsa skjali og afmá það úr veðbrjefabókinni, svo og fyrir að aflýsa afborgun á veðskuld og gjöra áritun um það á veðskuldabrjefið skal greiða helming gjalds þess, er greinir um í 24. gr., þó eigi minna en 50 aura; á afborgun skal miða gjaldið við stærð hennar.

28. gr. Nú krefst einhver vottorðs úr afsals- og veðbrjefabókunum um eignarheimild á fasteign og um höpt þau, er á henni hvíla, og skal hann gjalda fyrir það 1 kr.

Vottorð þau, er stjórn landsbankans krefst úr greindum bókum um fasteignir þær, sem menn ætla að veðsetja gegn láni úr bankanum, skulu gefin ókeypis, ef þau eru ætluð bankanum einum til afnota.

29. gr. Nú er sama skjalið þinglesið í fleiri þinghám en einni, og skal þá greiða gjöld þau, sem að framan getur um, fyrir hverja þinglýsing.

30. gr. Fyrir þinglýsingar og aflýsingar á veði því, sem sett er landssjóði fyrir innheimtu á tekjum hans, skal ekkert gjald greiða. Svo er og um þinglestur og aflýsingar á uppskriptargjörðum þeim á eignum þurfalinga og yfirvaldsúrskurðum um sviptingu á fjárforráði þeirra, sem greinir um í 3. og 4. gr. laga nr. 20, 4. nóvember 1887.

4. kapítuli.
Um skiptagjöld.

31. gr. Í öllum þeim búum, sem skiptaráðandi eða skiptaforstjóri án dómsvalds fer með og lýkur skiptum í, skal greiða í skiptagjöld 1 % af öllum eignum búsins án tillits til skulda, er á því hvíla.

Þó skal ekkert gjald greiða í þeim búum, þar sem eigurnar nema ekki 200 kr., að frádregnum útfararkostnaði í dánarbúum.

32. gr. Fyrir að gefa út innköllun til skuldheimtumanna skal greiða: þegar eignir búsins umfram skuldir þess eru eigi meiri en 200 kr. . . 1 kr.
Sjeu þær meiri en 200 kr. en ekki meiri en 1000 kr. . . . . 2 —
— — — — 1000 kr. . . . . 4 —

Í gjaldþrotabúum og búum, sem ekkert eiga um fram skuldir, skal ekkert gjald greiða fyrir innköllun þessa.

33. gr. Nú tekur skiptaráðandi bú til skiptameðferðar en framselur það síðar hlutaðeigandi erfingjum eða öðrum, er hlut eiga að máli, og skal þá greiða fjórðung gjalds þess, er ræðir um í 31. gr., ef framsalið fer fram á fyrsta skiptafundi, helming ef það fer fram seinna en þó ekki síðar en á fyrsta skiptafundi eptir að innköllunarfresturinn er útrunninn, en 3 fjórðunga gjaldsins, ef framsalið fer síðar fram, en nú var sagt, en þó áður en búið er tekið til skiptaloka.

34. gr. Þá er skiptaráðendur eða skiptaforstjórar ljúka skiptum í búum, kemur gjaldið í gjalddaga við skiptalok, og bera þeir, hvor um sig, ábyrgð á greiðslu gjaldsins og á því, að það sje rjett talið.

Þegar bú er framselt til erfingjaskipta, kemur gjaldið í gjalddaga 6 mánuðum eptir framsalið, og bera erfingjar, einn sem allir og allir sem einn, ábyrgð á því. En ef erfingjar skýra frá því, þegar frestur þessi er á enda, að þeir hafi enn þá eigi getað ákveðið gjaldið, getur skiptaráðandi veitt þeim frekari frest á greiðslu þess. Þegar gjaldið er komið í gjalddaga, eiga erfingjar, sjeu þeir eigi samkvæmt 77. gr. skiptalaganna skyldir til að láta skiptaráðanda í tje skýrslu þá, er þar er getið, að senda honum skrá, samda upp á æru og samvizku, yfir eigur búsins og skuldir; og má dagsektum beita, komi þeir eigi fram með hana. Hið sama er, þegar bú hefur verið tekið til opinberrar skiptameðferðar en er framselt því hjóna, er eptir lifir, til þess að sitja í óskiptu búi. Nú hefur einhver, þegar svo er ástatt, sem að framan er sagt, samið ranga skýrslu á móti betri vitund landssjóði í óhag, og skal þá greiða tvöfalt gjald af því, sem dregið hefur verið undan, og hlutaðeigandi sætir auk þess þeirri hegningu, sem við er lögð í almennum hegningarlögum.

5. kapituli.
Um gjöld fyrir uppboðsgjörðir.

35. gr. Hin almennu uppboðslaun, er ávallt skal greiða, nema þar sem eptirfarandi greinir veita heimild til annars, eru 4 af hundraði.

36. gr. Þegar seld eru við opinbert uppboð hús, jarðir og aðrar fasteignir, svo og þilskip — sjeu þau eigi ósjófær — hlutabrjef, skuldabrjef og aðrar skuldakröfur, leigumálarjettur og önnur þess konar rjettindi, skal gjalda í uppboðslaun:

af hinum fyrstu 2,000 kr. . . . . 2 %.
af upphæð yfir 2,000 kr. til fullra 6,000 kr. . . $1^1/_2$ —
- — — 6,000 — — — 60,000 — . . 1 —
- — sem er meiri en 60,000 kr. . . . . $^1/_2$ —

Þegar leigumálarjettur er seldur við uppboð, skal að eins reikna uppboðslaun af hinu árlega afgjaldi.

37. gr. Nú eru verzlunarvörur seldar við uppboð og svo mikið í einu, að hvert hamarshögg nemur minnst 30 kr., og skulu þá uppboðslaun af upphæð þeirri, sem uppboðið nemur meiru en 600 kr., en af hinum fyrstu 600 kr. skal ætíð greiða fullt gjald eptir 36. gr., ákveðin eins og hjer segir:

af upphæð frá 600 kr. til fullra 2,000 kr. . . 2 %.
- — meiri en 2,000 — — — 4,000 — . . 1½ —
- — — — 4,000 — — — 8,000 — . . 1 —
- — — — 8,000 — — — 16,000 — . . ½ —
og af upphæð, sem nemur meiru en 16,000 kr. . ⅜ —

38. gr. Þegar þess er krafizt, skal uppboðshaldari sjá um, að uppboðið verði birt á undan með auglýsingu í blöðunum eða á annan hátt, eptir því sem við verður komið á hverjum stað, og skal það gjört, ef unnt er, 8 dögum áður en uppboðið er haldið.

Það er venjulega undir hlutaðeigendum sjálfum komið, hvort uppboðið skuli birt nema í kaupstað þeim eða hrepp, er það á að haldast, eða hvort þar að auki skuli birta það í einum eða fleirum næstu hreppunum; svo er það og á valdi þeirra, hvernig uppboðsauglýsingunum skuli útbýtt, — sjá þó 18. gr. laga 14. janúar 1876 um skipströnd. En sje eigi hægt að fá vitneskju um ósk hlutaðeigenda í þessum atriðum, eða sjeu þeir á skiptum skoðunum um þau, skal kjósa þá aðferð, sem mest geti orðið þeim til nota, er með eiga, og haft tillit til þess, hve uppboðsmunirnir eru mikilvægir, svo og til annara ástæðna.

Fyrir að semja uppboðsauglýsing og gefa út af henni svo mörg eintök, sem þörf er á, skal gjalda 1 kr.

39. gr. Þegar uppboð er haldið á fasteign eða á öðru því, er getur um í 37. gr., en sala fer þó eigi fram við uppboðið, svo og þegar hamarshögg er gefið upp á væntanlegt samþykki, en það bregzt, skal gjalda 4 kr. fyrir árangurslaust uppboð.

Þegar einhver lætur bjóða upp fleiri en einn sjerstakan hlut í einu, eða eign er boðin upp í pörtum, skal þó eigi gjalda meira en 10 kr. alls fyrir árangurslaust uppboð.

40. gr. Við lausafjáruppboð skal gjalda 10 aura fyrir hvert númer, sem boðið er upp en þó eigi selt, og við uppboð á verzlunarvörum í svo stórum skömmtum, sem segir í 37. gr., skal gjalda 20 aura fyrir hvert númer, sem boðið er upp, án þess að verða selt.

41. gr. Fyrir uppboð á eptirlátnum munum þurfalinga skal ekkert gjald greiða, og eigi heldur þegar landsbankinn lætur eigin þjóna sína selja við uppboð verðbrjef þau og annað, er hann hefur fengið að handveði.

42. gr. Þegar hreppstjórar halda lítilfjörleg uppboð í forföllum sýslumanns og í umboði hans, skal fara eptir ákvæðum 6. greinar í lögum nr. 3, 13. janúar 1882.

43. gr. Fyrir að gefa út uppboðsafsalsbrjef á fasteign, er seld hefur verið við uppboð, skal gjalda 2 kr., ef kaupverðið er eigi meira en 2,000 kr., 4 kr. ef það er meira en 2,000 kr. og fer þó eigi fram úr 6,000 kr., en 6 kr. ef það fer fram úr þeirri upphæð.

44. gr. Nú hefur uppboðs beiðzt verið hjá uppboðshaldara og sjeð hefur verið um birtingu á því, en beiðnin svo kölluð aptur, og skal þá að eins greiða gjald fyrir birtinguna samkvæmt 39. gr.; en sje beiðnin eigi kölluð aptur, fyr en búið er að setja uppboðsþingið, skal gjalda 4 kr. eins og fyrir árangurslaust uppboð.

45. gr. Fyrir undirboðsþing skal greiða 4 kr. Þó skal ekkert gjald greiða fyrir undirboðsþing þau, sem getur um í tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, 27. gr., tilsk. 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi, 24 gr., lögum 8. október 1883 um bæjarstjórn á Akureyri. 26. gr., og lögum s. d. um bæjarstjórn í Ísafjarðar-kaupstað, 27. gr.

46. gr. Þar eð það er uppboðsbeiðandi, sem á að greiða uppboðskostnaðinn, skal þess gætt, ef svo kemur fyrir, að kaupanda verður gjört að skyldu að greiða hann, að hann sje þá skoðaður sem viðbót við boð þau. sem gjörð hafa verið, og ber því að reikna uppboðslaunin af uppboðssöluverðinu að viðbættum þessum kostnaði.

6. kapituli.

Um nótarialgjöld.

47. gr. Fyrir afsögn á víxli, er nótarius gjörir fyrir skort á samþykki eða greiðslufall, skal gjalda eins og hjer segir:

Þegar víxillinn nemur 1,000 kr. eða minni upphæð . . . . 2 kr.
— — — meiru en 1,000 kr. og allt að fullum 4,000 kr. 4 —
— — — — - 4,000 — — — — — 10,000 kr. 5 —
— -10,000 — . . . . . 6 —

Gjald þetta skal greiða, ef gjörðin hefur verið byrjuð, enda þótt gjörðarbeiðandi láti eigi leiða hana til lykta; fyrir eptirrit af afsagnargjörðinni skal ekkert gjald greiða.

48. gr. Fyrir aðrar afsagnargjörðir, svarkröfur, stefnubirting, er nótarius framkvæmir, svo og aðrar þess konar gjörðir skal gjalda 2 kr.

Nú skal framkvæma einhverja af gjörðum þeim, er getur um í grein þessari eða í 48. gr., á fleiri stöðum en einum, og skal þá greiða fullt gjald á hinum fyrsta stað, en að eins 1 kr. fyrir hvern hinna staðanna, sem gjörðin fer fram á eptir kröfu gjörðarbeiðanda.

49. gr. Fyrir að bera eptirrit saman við frumritið og staðfesta það skal gjalda 25 aura fyrir hverja örk, sem eptirritið nemur, þegar það er ritað eins og að lögum á að vera, en fyrir það, sem minna er en ½ örk, skal þó að eins gjalda 12 aura.

50. gr. Þegar gjörður er samningur, arfleiðsluskrá, umboðsskjal eða aðrir þesskonar gjörningar fyrir nótarius, eða gengið er við áður sömdu skjali í viðurvist hans, og hann gefur út um það nótarial-vottorð í lögmætu formi, skal gjalda fyrir það 1 kr.

51. gr. Fyrir að taka á móti og gefa út skipstjóramótmæli, er ákveða skal ábyrgðargjald eða skipskaðabætur, skal gjalda 8 kr.

7. kapituli.

Um gjöld fyrir ýms önnur embættisverk bæjarfógeta og sýslumanna.

52 gr. Fyrir að gefa út vegabrjef skal gjalda 30 aura fyrir hvern þann, er vegabrjefið hljóðar um, en 50 aura, sje ferðinni heitið til útlanda. Þó

skal að eins greiða helming gjalds þessa fyrir vegabrjef handa húsmönnum, þurrabúðarmönnum, daglaunamönnum, vinnuhjúum og öðrum, er setja má jafnhliða þessum mönnum.

53. gr. Fyrir sjerhvert mál eða kvarða, sem bæjarfógeti eða sýslumaður löggildir og brennimerkir, skal gjalda 15 aura.

54. gr. Fyrir borgarabrjef sem skipstjóri skal gjalda 4 kr. og fyrir borgarabrjef sem handiðnamaður 2 kr.

55. gr. Fyrir að löggilda og setja innsigli á verzlunarbók skal gjalda 2 kr., en fyrir að löggilda viðskiptabók 15 aura, hvort sem hún er stór eða lítil.

56. gr. Fyrir að rita á skjöl verzlunarskipa og mannflutningaskipa og fyrir að láta af hendi heilbrigðisvottorð og önnur þau skilríki, er skipin eiga að fá á Íslandi, skal greiða 25 aura af hverri smálest af rúmfangi skipsins, þannig að $^1/_2$ lest eða þar yfir ber að skoða sem heila lest, en sleppa því, sem minna er en $^1/_2$ lest, skal greiða gjald þetta á hinni fyrstu höfn á Íslandi, er skipið kemur á til þess að taka á móti vörum eða fólki eða til þess að skipa upp vörum eða skjóta fólki á land. Nú kemur skipið á aðrar hafnir í sömu ferðinni, og skal þá eigi gjald greiða á þeim höfnum fyrir að rannsaka og rita á skjöl þess eða fyrir nýjar farmskrár, þar með talin löggilding vöruskoðunarvottorða.

Af skipum frá konungsríkinu, sem eingöngu eru ætluð til fiskiveiða, og sem koma að landinu en fara frá því aptur, skal gjalda 10 aura af hverri smálest á fyrstu höfn, er þau koma á.

Aukapóknun sú fyrir að rannsaka og rita á skipsskjöl, sem getur um í opnu brjefi 28. desember 1836, 9. gr., er úr gildi numin.

57. gr. Fyrir að mæla skip samkvæmt tilskipun 25. júní 1869 skal gjalda:

a) þegar mælingin fer fram eptir fullkomnari aðferðinni, og hefur þó eigi verið við hendina eldra mælingarbrjef, er út hefur verið gefið samkvæmt tilskipun þessari eða eldri ákvæðum . . . . . 20 aura

b) ætíð endra nær . . . . . 10 —

fyrir hverja smálest skipsins eptir hinu nýja mælingarbrjefi.

Fyrir útdrátt þann úr skrásetningarbókinni, er getur um í 20 gr. tilsk. um skrásetningu skipa 25. júní 1869, skal gjaldið 2 kr. fyrir hvert það skip, sem leitað er upplýsinga um.

58. gr. Fyrir eptirlit lögreglustjóra með útflutningum samkvæmt lögum nr. 3, 14. janúar 1876, skal gjalda 20 kr. fyrir hvert útflutningaskip, er hann skoðar.

59. gr. Fyrir að löggilda leiðarbók skal gjalda 4 kr., ef rúmfang hlutaðeigandi skips er meira en 100 smálestir, ella 2 kr.

Helming gjalds þessa skal greiða fyrir vottorð þau, sem rituð eru samkvæmt 4. gr. farmannalaga 22. marz 1890 í leiðarbækur, er skilað hefur verið sökum tjóns, er skipið hefur beðið.

Fyrir vottorð þau, sem rituð eru samkvæmt 5. gr. sömu laga í leiðarbækur, sem skilað hefur verið að afstaðinni ferð, skal gjalda fyrir skip, sem stærra er enn 100 smálestir, 3 kr., ef ferðin hefur eigi staðið missiri lengur, 4 kr., ef hún hefur staðið missiri lengur en ekki ári lengur, en 5 kr., ef hún hefur staðið ári lengur. Nú er skip minna en áður er sagt, og skal þá jafnan hálft gjald greiða við það sem áður er tiltekið.

60. gr. Fyrir sjóferðapróf það, er ræðir um í 21. gr. laga um skipströnd 14. janúar 1876, svo og fyrir önnur sjóferðapróf, skal gjalda 8 kr.

61. gr. Fyrir rannsókn þá og vottorð um styrkleik aðflutts brennivíns eða vínanda, sem ræðir um í 2. gr. laga nr. 10, 11. febrúar 1876, skal gjalda 2 krónur.

Sama gjald skal greiða fyrir vottorð það, sem ræðir um í 3. gr. sömu laga, um að vöruskrá eða tollskrá skips telji meiri áfenga drykki, en í land eru fluttir.

62. gr. Fyrir að kveðja menn utanrjettar til skoðunar- eða annara slíkra gjörða, skal gjalda 30 aura fyrir hvern þann, sem kvaddur er.

63. gr. Fyrir að gefa út leyfisbrjef til lausamennsku eptir tilskipun 26. maí 1863 skal gjalda 2 kr.

64. gr. Fyrir að gefa hjón saman í borgaralegt hjónaband, samkvæmt lögum um utanþjóðkirkjumenn 19. febr. 1886, og fyrir eptirrit af gjörningnum skal greiða 4 kr.

8. kapítuli.
Almenn ákvæði.

65. gr. Á öll þau skjöl, sem borgað er fyrir að gefa út eða rita á, eða sem snerta embættisgjörðir, sem borgun hefur verið greidd fyrir eptir reglum þeim, er að framan eru skráðar, skal hlutaðeigandi embættismaður rita hið greidda gjald bæði með tölustöfum og bókstöfum.

Sje brotið gegn þessu, varðar það sektum til landssjóðs, allt að 100 kr.

66. gr. Allir embættismenn, sem heimta inn aukatekjur fyrir landssjóð, skulu halda reglulega aukatekjudagbók, er löguð sje eins og fyrirmyndin í reglugjörð 25. maí 1878, 2. gr. Skal dagbók þessi vera löggilt af hlutaðeigandi amtmanni, og skal hann á eptirlitsferðum sínum rannsaka hana og rita um það vottorð í bókina og gefa þess nákvæmar gætur, hvort hún sje rjett rituð, og hvort aukatekjur hafi verið rangt taldar í henni.

67. gr. Aukatekjureglugjörð fyrir rjettarins þjóna á Íslandi 10. septbr. 1830 er úr lögum numin að því er snertir aukatekjur þær, er renna skulu í landssjóð samkvæmt lögum um laun sýslumannna og bæjarfógeta 14. desembðr 1877, 1. og 2. gr.

68. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1894.

Nd. **290. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um bæjarstjórn á Seyðisfirði. Frá Einari Jónssyni.

Við 19. gr. Í stað orðanna: »frá 10—20 aura . . . . lóð kaupstaðarins« komi: frá 1 til 2 aura á hverja ferhyrningsalin í grunnum undir íbúðarhúsum og geymsluhúsum og $^1/_{10}$—$^1/_5$ eyris á hverja ferhyrningsalin í óbyggðri útmældri lóð kaupstaðarins. Þó greiðist þetta gjald eigi af fjárhúsum.

Nd. **291. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um kirkjur. Frá Einari Jónssyni, Sigurði Gunnarssyni.

Aptan við 9. gr. bætist ný málsgrein þannig:

Nú hefur prestur öðlast rjett til þess, áður en lög nr. 20, 22. maí 1890 öðluðust gildi, að njóta vaxta af sjóði ljenskirkju sinnar, og heldur hann þá þeim rjetti, meðan hann er prestur í kallinu, þannig, að honum bera eigi að eins vextir af þeim hluta sjóðsins, er hann hefur eigi greitt af hendi, heldur skal og greiða honum 3% vexti

árlega af þeim hluta sjóðsins, er hann greiðir í hinn árlega kirkjusjóð, samkvæmt fyrri málslið þessarar greinar.

Nd. **292. Viðaukatillaga**

við tillögu til þingsályktunar um að landsstjórnin láti verkfróðan mann rannsaka brúarstæði á ám hjer á landi. Frá Einari Jónssyni og Jóni Jónssyni 2. þm. NM.

Aptan við orðin „á vatnsföllum þessum“ bætist: skal skoðunargjörð þessi hafin í Múlasýlum á næsta vori.

Nd. **293. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895. Frá Benidikt Kristjánssyni.

Við 13. gr. B, V. a: Fyrir 1 500 — 1.500 komi: 2,200 — 2,200.

Nd. **294. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895. Frá landshöfðingja.

Við 11. gr.

Á eptir 2. tölulið komi nýr töluliður:

3. Styrkur til aukalæknis Bjarnar Ólafssonar til að setjast að sem augnalæknir í Reykjavík, með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnalækningum . . . . . 2000 — 2000 — 4000

3. töluliður verði 4. töluliður, og samlagningarnar breytist samkvæmt því.

Ed. **295. Frumvarp**

til laga um að selja salt eptir vigt. Flutningsmaður Guttormur Vigfússon.

1. gr. Allir kaupmenn og kaupfjelög, er reka verzlun hjer á landi, skulu, hvort sem verzlun þeirra fram fer á sjó eða landi, selja salt eptir vigt, nema kaupandi æski mælis.

2. gr. Brot gegn 1. gr. varða 5—50 kr. sektum, er renna í landssjóð.

3. gr. Með mál út af lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

Nd. **296. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breyting á 2. gr. í tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26 maí 1863 og viðauka við hana. Frá Skúla Thoroddsen, Jóni Jakobssyni, Boga Th. Melsteð, Þorláki Guðmundssyni, Sigfúsi Árnasyni og Þórarinn Böðvarssyni.

1. Við 1. gr. frv. Aptan við 1. gr. bætist ný málsgrein svo hljóðandi: „Sá, sem er fullra 30 ára að aldri, fær leyfisbrjefið ókeypis“.
2. Við 5. gr. Í staðinn fyrir: „2. gr.“, komi: „2. og 4. gr.“.
3. Fyrirsögn frv. orðist svo: Frumvarp til laga um breyting á 2., 4. og 15. gr. í tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 og viðauka við hana.

Nd. **297. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895. Frá Birni Bjarnarsyni.

1. Við 10. gr. C. 4. a. 1. Fyrir: „2,500„ komi: 3,500
— 2. — „3,500“ — 5,000
— 3. — „2,000“ — 3,000
— 4. — „2,500“ — 3,500
— 10,500 — 15,000
2. — — — — — b. — 12,000 — 15,000
3. — 13. gr. B. I. b. 1. Fyrir: „12 lærisveinum, 80 kr. handa hvorum“ . . . . . 960 — 960
komi: 6 lærisveinum 50 kr. handa hvorum . . . . . 300 — 300
4. — — — — II. b. 1. Fyrir: 200 kr. hvor . . 400 — 400
komi: 100 — — . . 200 — 200
5. — — — — II. b. 5. Fyrir: „6 lærisveinum . . . . . 480 — 480“
Komi: 2 lærisveinum, 50 kr. handa hvorum . . . . . 100 — 100
6. — — — — III b. Fyrir handa söngkennaranum 600
komi: — —— 400
Fyrir: — fimleikakennaranum 700
komi: — —— 500
7. — — — — — c. 5. Fyrir: 6000 — 6000
komi: 3500 — 3000
Eptir 5. lið bætist inn í nýr liður, er verði 6. liður:
Verðlaun 2000 kr. — 2000 kr.
8. — — — C. 6. Fyrir: „og til að semja þjóðmenningarsögu norður landa 600. 800 — 800“
Komi: 200. 400 — 400
úr athugasemdinni falli burt orðin: „og undirbúningsverkið“.
9. — — — 13. Fyrir: „600 — 600“
komi: 1500 — 1500
sem skáldlaun, er útborgist því að eins, að hann hætti að hafa á hendi prestsembætti.

Ed. **298. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um viðauka og breyting á lögum 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald á fiski og lýsi o. fl. Frá Guttormi Vigfússyni, Þorleifi Jónssyni og Einari Ásmundssyni.

Við 1. gr. 4. Í stað — „25 —“ komi: 20 —.

Ed. **299. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um bann gegn því, að utanríkismenn megi eiga fasteignir á Íslandi. Frá Guttormi Vigfússyni.

Við 2. gr. Í stað „þriggja ára“ komi: sex ára.

Nd. **300. Viðaukatillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895. Frá Ólafi Briem.

Við 10. gr. C. Á eptir 7. tölulið komi:

8. til varnar gegn skemmdum á byggingarlóðinni á Sauðárkrók 500 kr. fyrra árið.

— 11. — Á eptir 2. tölulið komi:

3. til Björns Ólafssonar, er setjist að sem augnalæknir í Reykjavík, 2000 — 2000.

Nd. **301. Breytingaratkvæði**

við breytingartillögur nefndarinnar við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895. Frá Ólafi Briem.

Við 40. tölulið, fyrri athugasemdina. Í staðinn fyrir: „og ávaxtist lán þetta", komi: „Lán þetta veitist leigulaust 10 fyrstu árin, en síðan ávaxtist það.

Nd. **302. Frumvarp**

til laga um afnám gjalds af fasteignasölu. Eins og það var samþykkt við 2. umr. í neðri deild.

Gjald af fasteignasölu, sem ákveðið er í 1. gr. tilskipunar 8. febrúar 1810, skal úr lögum numið.

Ed. **303. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða, (eins og það var samþykkt við eina umræðu í neðri deild).

1. gr.

Þegar auglýst hefur verið, að prestsembætti sje laust, og hinn ákveðni umsóknartími er útrunninn, skal biskup senda til hlutaðeigandi prófasts umsóknarbrjef allra þeirra, er um embættið hafa sótt, enda fullnægi þeir hinum almennu skilyrðum fyrir því að geta haft embætti á hendi í þjóðkirkjunni. Þó skal biskup halda eptir umsóknarbrjefum þeirra, er hann álítur óhæfa, til að takast prests embætti á hendur. Um leið og biskup sendir prófasti umsóknarbrjefin, skal hann senda meðmæli sín með þeim umsækjanda, sem hann telur hæfastan og verðugastan, til að fá embættið. Prófastur skal sjá um, að umsóknarbrjefin og meðmælingarbrjef biskups verði lögð fram og liggi til sýnis í 2 vikur á einhverjum hentugum stað í prestakallinu.

Ef sóknarnefndin eða sóknarnefndirnar í prestakallinu láta eigi prófast vita, áður en frestur þessi er liðinn, að söfnuðurnir ætli eigi að nota kjörrjett sinn, skal prófastur stofna til fundar fyrir allt prestakallið, áður en aðrar 2 vikur sjeu liðnar, og skal auglýsa fund þenna, svo sem þörf gjörist. Um umsækjendur þá, sem í kjöri eru, skal á þessum fundi öllum þeim meðlimum þjóðkirkjunnar, sem búsettir eru í prestakallinu og óspillt mannorð hafa, gefinn kostur á að greiða atkvæði, ef þeir eru komnir til lögaldurs, þegar kosningin fer fram, og hafa atkvæðisrjett á safnaðarfundum, samkvæmt lögum nr. 5 frá 27. febr. 1880, sbr. lög nr. 10 frá 12. maí 1882.

2. gr.

Ef að minnsta kosti helmingur safnaðarmeðlima þeirra í prestakallinu, er kosningarrjett hafa, hafa tekið þátt í kosningunni, og einhver af umsækjend-

um hefur hlotið að minnsta kosti $^2/_3$ atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, verður honum gefið veitingarbrjef af hlutaðeigandi stjórnarvaldi, hafi kosningin farið eptir 1. gr. laga þessara og 4.—8, gr. laga 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða, eða sjeu eigi þeir gallar á, sem eptir atvikum geti haft veruleg áhrif á úrslit hennar; ella skal við veiting embættisins taka það tillit til þeirra óska, er hafa komið fram af hálfu safnaðarins, er álitið verður að rjett sje.

3. gr.

Með lögum þessum er úr lögnm numin 2., 3. og 9. gr. í lögum 8. jan. 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða.

Nd. **304. Frumvarp**

til laga um bæjarstjórn á Seyðisfirði. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Nd.).

1. gr. Seyðisfjarðarkaupstaður með Búðareyri og Vestdalseyri, og jarðirnar Vestdalur og Fjörður með Fjarðarseli og Odda skal vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig, með kaupstaðarrjettindum.

2. gr. Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn; í henni eru kosnir bæjarfulltrúar og bæjarfógeti; er bæjarfógeti oddviti stjórnarinnar og hefur atkvæðisrjett á fundum.

3. gr. Framkvæmd ákvarðana þeirra, er bæjarstjórn gjörir, og bæjarmálefni yfir höfuð eru á hendi oddvitans. Ef bæjarstjórninni þykir þess við þurfa, eða henni virðist það hagfellt í einstöku tilfellum, má hún fela einum eða fleirum úr sínum flokki á hendur, að framkvæma sjerstök bæjarstörf, eptir þeim reglum, sem hún sjálf kemur sjer saman um.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sjer þau sjerstöku bæjarstörf, sem þeim eru falin á hendur.

4. gr. Fulltrúar kaupstaðarins skulu vera 6, þó má landshöfðingi breyta tölu fulltrúanna, ef þörf gjörist, eptir tillögu bæjarstjórnarinnar; skulu þeir kosnir af þeim bæjarbúum, sem kosningarrjett hafa eptir lögum þessum.

5 gr. Kosningarrjett hafa allir karlmenn í kaupstaðnum, sem eru orðnir fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, eru eigi öðrum háðir, hafa verið heimilis fastir í kaupstaðnum 1 ár, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, og er eigi lagt af sveit, eða, hafi þeir fengið sveitarstyrk, þá endurgoldið hann eða verið gefinn hann upp; en greitt skulu þeir hafa að minnsta kosti 4 krónur í bein bæjargjöld síðasta árið. Kosningarrjett hafa og ekkjur og aðrar ógiptar konur, ef þær fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í lögum 12. maí 1882 um kosningarrjett kvenna og í grein þessari.

Kjörgengur er hver sá karlmaður, er kosningarrjett hefur.

6. gr. Bæjarfulltrúar skulu kosnir til þriggja ára. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta skipti, fara 2 frá að ári liðnu, og svo tveir ár hvert Skal það, hverjir frá fara fyrstu 2 árin, verða komið undir samkomulagi, en verði því eigi á komið, skal hlutkesti ráða. Ef einhver fulltrúi fer frá, hverjar helzt sakir sem til þess eru, áður 3 ár eru liðin frá kosningu hans, skal þegar kjósa annan í hans stað, og hefur sá fulltrúasýslu á hendi að eins um þann tíma, er vantaði upp á, að hinn hefði verið 3 ár, er frá fór.

7. gr. Fulltrúakosningar skulu fram fara einhvern hinn fyrsta virkan dag eptir, nýjár, nema þegar svo stendur á, að kjósa þarf aukreitis. Svo skal kosning undirbúa

að skrá sje samin um þá, sem kosningarrjett hafa; þá skrá skal kjörstjórnin semja, en þessir eru kjörstjórar: bæjarfógetinn og tveir fulltrúauna, er bæjarstjórnin til þess kýs. Kjörskráin skal liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis á hentugum stað um hálfan mánuð á undan kjördegi. Mótbárur gegn kjörskránni, sem lúta að því, að nokkur sje of eða vantalinn, á að bera upp fyrir kjörstjórninni að minnsta kosti 3 dögum á undan kjördegi, svo að hún geti þann dag lagt úrskurð sinn á málið; en að öðrum kosti verða þær eigi teknar til greina.

8. gr. Formaður kjörstjórnarinnar skal boða stað og stund, er kosningar skulu fram fara, að minnsta kosti viku á undan, og á þann hátt, sem þing almennt eru boðuð í kaupstaðnum. Kjörfundinn skal halda fyrir opnum dyrum; skulu þá allir kjósendur, er neyta vilja kosningarrjettar síns, koma sjálfir á kjörfund og lýsa yfir því, annaðhvort munnlega fyrir kjörstjórninni, eða á ólokuðum seðli, hvern þeir vilja kjósa. Atkvæði skulu greidd í einu um svo marga, sem kjósa skal. Þegar þeir hafa greitt atkvæði, sem við eru staddir, og allir kjósendur kallaðir fram, skal kjörstjórnin bíða hálfa stund, áður en hún slítur kosningarfundinum, til þess að þeir, sem þá eru eigi komnir, fái með þessu móti tækifæri til að neyta kosningarrjettar síns. Þegar öll atkvæði eru bókuð, les formaður kjörstjórnarinnar þau upp, en hinir tveir kjörstjórarnir rita þau upp og telja saman; þar eptir skal hann nefna kosna sem fulltrúa þá, er flest hafa fengið atkvæði. Nú hafa 2 eða fleiri jafnmörg atkvæði, og skal þá hlutkesti ráða.

9. gr. Hver sá, sem er kjörgengur, er skyldur að taka á móti kosningu, nema hann sje sextugur að aldri, eða hann vegna heilsubrests, anna, eða annars því um líks hafi sennilega ástæðu til að skorast undan kosningu; kjörstjórnin skal skera úr þessu, og láti hann sjer ekki lynda úrskurð hennar, skal skjóta málinu til bæjarstjórnarinnar. Sá, sem gegnt hefur fulltrúastörfum í 3 ár eða lengur, er eigi skyldur að takast þá sýslu á hendur aptur, fyr en eptir jafnlangan tíma og hann hafði áður verið fulltrúi.

10. gr. Sá, sem hefur eitthvað að kæra yfir kosningargjörð þeirri, sem fram er farin, eða yfir úrskurðum kjörstjórnarinnar, verður að bera mál sitt skriflega undir bæjarstjórnina viku eptir að kosning hefur framfarið, eigi umkvörtun hans að verða tekin til greina. Innan hálfs mánaðar frá því, að kæruskjalið var fengið bæjarstjórninni, leggur hún úrskurð sinn á málið, og skal áður leitað um það álits kjörstjórnarinnar. Kæra má skriflega úrskurð bæjarstjórnarinnar fyrir landshöfðingja; skal kæran send innan hálfs mánaðar frá því, er úrskurðurinn var upp kveðinn. Þegar almennar kosningar á ári hverju hafa fram farið, fara bæjarfulltrúar þeir, er áður voru, þá fyrst úr bæjarstjórninni, er fullnaðarúrskurður er lagður á kærur þær, er kunna að hafa komið fram um hinar nýju kosningar.

11. gr. Nú vill bæjarfulltrúi ganga úr bæjarstjórn, áður en sá tími er liðinn, er hann er kosinn fyrir, og skal þá bæjarstjórnin ákveða, hvort taka skuli beiðni hans til greina. Bæjarstjórnin ákveður enn fremur, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá, eða honum skuli vikið úr bæjarstjórninni um stund sökum atvika, er svipta hann kjörgengi. Hið sama skal og gilda, ef bæjarfulltrúi vanrækir eða færist undan að gjöra það, er hann er skyldur til sem bæjarfulltrúi, þannig, að nauðsyn ber til, að hann fari frá. Þó má sá, sem vikið er úr bæjarstjórn gegn vilja hans, bera kæru sína undir landshöfðingja, á þann hátt, sem sagt er fyrir í næstu grein hjer á undan.

12. gr. Oddviti bæjarstjórnarinnar stjórnar umræðum á fundum og sjer um, að það, sem ályktað er, sje rjett ritað í gjörðabókina.

Til þess að lögmæt ákvörðun sje gjörð, verður, auk oddvita, minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðafjöldi skal ávallt ráða. Sjeu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, því að þá ræður hlutkesti. Fundir bæjarstjórnarinnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ályktar það.

Það skal kunngjört bæjarbúum, hvenær og hvar bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar oddvita þykir nauðsyn til bera, eða minnst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess.

Oddviti skal á undan fundum, að svo miklu leyti sem unnt er, skýra bæjarfulltrúum frá því, hver málefni komi fyrir. Allir þeir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gjörðabókina við fundarlok, og á sjerhver í bæjarstjórninni rjett á, að fá ágreiningsatkvæði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórnin setur sjálf þingsköp sín, en landshöfðingi samþykkir þau.

13. gr. Virðist bæjarfógeta, að einhver ákvörðun bæjarstjórnarinnar gangi út fyrir vald hennar, eða að ákvörðun sje gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða hún miði til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni, með því að rita álit sitt í gjörðabókina. Um þetta skal hann svo fljótt sem verða má, senda landshöfðingja skýrslu, og leggur hann úrskurð sinn á málið. Eptirrit af skýrslu bæjarfógeta skal jafnframt senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gjört athugasemdir sínar við hana, áður en skýrslan fer til landshöfðingja.

14. gr. Í öllum þeim málum, er snerta uppeldi og uppfræðing barna, hefur hlutaðeigandi prestur sæti og atkvæði á fundum bæjarstjórnarinnar.

15. gr. Bæjarstjórnin kýs þá 4 menn, er samkvæmt opnu brjefi 6. jan. 1857 eiga sæti í byggingarnefnd Seyðisfjarðarkaupstaðar með bæjarfógeta. Skulu 2 þessara manna kosnir úr flokki bæjarfulltrúa.

16. gr. Bæjarstjórnin velur 2 menn í hafnarnefnd; skal annar þeirra ávallt kos inn úr flokki bæjarfulltrúa.

17. gr. Bæjarstjórnin kýs bæjargjaldkera, og má veita honum árlega þóknun Skal hann skyldur að hafa starf sitt á hendi að minnsta kosti um 3 ár, nema að beri einhver þau atvik, er aptri honum frá því, og sem bæjarstjórnin tekur gild.

18. gr. Bæjarstjórnin setur embættismenn eða sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögreglupjóna, næturverði og fangaverði setur bæjarstjórnin eptir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarfulltrúanna.

19. gr. Reikningsár kaupstaðarins er frá nýári til nýárs. Innan 1. dags. októbermán. ár hvert skal bæjarstjórnin semja áætlun yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins hið næsta ár. Í áætluninni skal tilgreina tekjur þær, sem til eru til þess að borga með gjöldin, án þess að skattur sje lagður á bæjarbúa. Síðan skal til eiginlegra bæjarþarfa jafna frá 1 til 2 aura á hverja ferhyrningsalin í grunnum undir íbúðarhúsum og geymsluhúsum og $^1/_{10}$—$^1/_5$ eyris á hverja ferhyrningsalin í óbyggðri útmældri lóð kaupstaðarins Þó greiðist þetta gjald eigi af fjárhúsum. Því, sem ávantar til að standa straum af bæjarþörfum, skal jafna niður á bæjarbúa eptir efnum og ástæðum.

Áætlun þá, sem þannig er samin, skal ræða í bæjarstjórninni á 2 fundum með viku millibili. Við aðra umræðu skal bæjarstjórnin íhuga áætlunina grein fyrir grein og greiða atkvæði um hverja grein fyrir sig. Skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin samþykkir hana, vera regla fyrir hæð bæjargjalda og fjárstjórn allri á næsta ári. Á-

ætlun þessa skal leggja fram innan 1. dags nóvembermán., og skal hún vera öllum til sýnis í hálfan mánuð.

Án samþykkis landshöfðingja má eigi nokkurt ár leggja hærri bæjargjöld samtals á bæjarbúa, en sem svari meðaltali allra bæjargjalda þrjú hin síðustu árin, að fimmtungi viðbættum.

20. gr. Niðurjöfnun eptir efnum og ástæðum nær til allra, sem hafa fast aðsetur í bænum; þeir skulu greiða þar fullt gjald eptir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft aðsetur annarstaðar; sje svo, má ekki leggja hærra gjald á þá, en samsvari þeim tíma, er þeir hafa haft fast aðsetur í kaupstaðnum. Fast aðsetur í bænum skemmri tíma en fjóra mánuði kemur ekki til greina.

Sömuleiðis má leggja gjald á fastar verzlanir og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki í kaupstaðnum, er sjeu rekin að minnsta kosti um 4 mánuði af gjaldárinu, þó eigendur þeirra eigi hafi þar fast aðsetur. Á þessa stofna skal leggja gjald, er samsvari útsvarinu eptir efnum og ástandi, eptir því er hæfa þykir eptir árlegri veltu og arði, án þess tillit sje haft til annara tekja eða eigna þess, sem í hlut á.

21. gr. Fimm manna nefnd skal jafna niður gjöldum eptir efnum og ástæðum. Um kosningarrjett og kjörgengi til þessarar niðurjöfnunarnefndar gildir hið sama, sem á er kveðið um kosningarrjett og kjörgengi til bæjarstjórnar. Nefndarmenn skulu kosnir til 6 ára, og skal kosning fram fara í septembermánuði. Af þeim, sem kosnir voru í fyrsta skipti, fara 2 frá að 3 árum liðnum. Skal það, hverjir frá fara, vera komið undir samkomulagi, en verði því eigi á komið, skal hlutkesti ráða. Síðan fara frá á hverjum 3 ára fresti til skiptis 3 og 2 nefndarmenn. Um kosningaraðferðina í nefnd þessa gildir hið sama, sem fyr segir um kosning í bæjarstjórn, að svo miklu leyti sem við getur átt.

Enginn, sem skyldur er að taka móti kosning í bæjarstjórnina, getur skorazt undan að taka móti kosning í niðurjöfnunarnefndina, nema bæjarfulltrúarnir. Hver sá, er verið hefur 6 ár eða lengur samfleytt í nefndinni er og undanþeginn starfa þessum afnlengi og hann hefur í henni verið. Enginn má á sama tíma sitja í niðurjöfnunarnefnd og bæjarstjórn.

Niðurjöfnunarnefndin kýs sjer sjálf oddvita úr sínum flokki, og gildir hið sama um ályktanir hennar og atkvæðagreiðslu sem um bæjarstjórnina (11. gr.).

22. gr. Niðurjöfnunarnefndin jafnar niður hinum árlegu gjöldum í nóvembermán. samkvæmt áætluninni. Niðurjöfnunarskráin og skrá um önnur gjöld bæjarins skal liggja öllum til sýnis um hálfan mánuð fyrir árslok, annaðhvort á bæjarþingsstofunni eða á öðrum hentugum stað, eptir að búið er að birta það opinberlega. Bæjarstjórnin má ákveða, að aukaniðurjöfnun skuli fram fara í síðari hluta júnímánaðar ár hvert, og skulu skattar þá lagðir á þá, sem flutt hafa sig til kaupstaðarins, eptir að aðalniðurjöfnunin fór fram og skyldir eru að greiða skatt samkv. 18. gr. Þessi aukaniðurjöfnun skal liggja öllum til sýnis í hálfan mánuð, eins og sagt er að framan.

Kærur gegn hinni framlögðu niðurjöfnun skulu sendar niðurjöfnunarnefndinni skriflega innan hálfs mánaðar frá því, að niðurjöfnunarskráin hefur verið til sýnis. Innan hálfs mánaðar þar á eptir skal nefnd þessi skriflega tilkynna kærandanum, hvort, eða að hve miklu leyti krafa hans hafi verið tekin til greina. Ályktun þá, sem niðurjöfnunarnefndin hefur gjört, má svo innan hálfs mánaðar þar á eptir bera upp fyrir bæjarstjórninni, sem leggur úrskurð sinn á málið innan hálfs mánaðar. Kærur, sem koma fram eptir hinn ákveðna tíma, verða eigi teknar til greina.

Hverjum, sem settur er í bæjargjald, er heimilt að kvarta yfir skattgjaldi því, sem lagt hefir verið, ekki að eins á sjálfan hann, heldur og á aðra, sem á niðurjöfnunarskránni standa, sem og líka yfir því, ef einhverjum er sleppt úr henni. Ef kvartað er yfir gjaldi annars manns, eða yfir því, að einhverjum sje sleppt, skal þeim manni gefinn kostur á að segja álit sitt um það efni, áður en úr þessu er skorið af niðurjöfnunarnefndinni eða bæjarstjórninni.

Ekkert bæjargjald má bæjarstjórnin lækka eða hækka, nema svo reynist, að það hafi verið sett að minnsta kosti 10% annaðhvort of hátt eða of lágt. Eigi má bæjarstjórnin heldur jafna gjaldi á neinn mann, sem sleppt hefur verið úrniðurjöfnunarskránni, nema gjald hans geti numið í hið minnsta því lægsta gjaldi, sem þegar hefur verið lagt á einhvern annan á niðurjöfnunarskránni.

Enginn getur, með því að bera sig upp við bæjarstjórnina um skattgjald sitt, komizt hjá því, að greiða þann hluta skattsins, sem kominn er í gjalddaga; en verði gjaldinu breytt, skal greiða aptur úr bæjarsjóði það, sem ofgoldið er.

23. gr. Ef ágreiningur verður milli Seyðisfjarðar og annars íslenzks sveitarfjelags um, hvernig skipta eigi milli þeirra skattgjaldi einhvers manns, skal landshöfðingi skera úr því. Verði þessi ágreiningur milli Seyðisfjarðar og sveitarfjelags í Danmörku, skal ráðgjafinn fyrir Ísland leggja úrskurð sinn á málið. Ef nokkur þykist ekki vera skattskyldur í bænum, má hann leita um það dóms og laga.

24. gr. Öll bæjargjöld skulu goldin fyrir 1. apríl og 1. okt. ár hvert, og ber bæjargjaldkera að innheimta þau, eins og aðrar tekjur kaupstaðarins. Sjeu þau eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga, ber að taka þau lögtaki.

Flytji skattskyldur maður sig úr bænum fyrir nýár, fellur allt það gjald burt, sem lagt er á hann sjálfan fyrir ár það, sem í hönd fer. Sá, sem flytur sig úr kaupstaðnum einhverntíma á árinu, er að eins skyldur að greiða skatt til loka þess ársfjórðungs, er hann flytur sig. Sá, sem settur er á aukaniðurjöfnunarskrána, er að eins skyldur að greiða skatt frá 1. júlí.

25. gr. Bæjarstjórnin og sjerstaklega bæjarfógeti skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn kaupstaðarins, og því sjá um, að skattar og aðrar tekjur sjeu rjett heimtar og í tækan tíma, og teknar lögtaki, ef þess þarf við; ennfremur gæta þess, að geymt sje og eptir atvikum ávaxtað fje bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að borga útgjöld hans.

Bæjarstjórnin skal hafa ábyrgð á innstæðum og öðrum eigum kaupstaðarins.

26. gr. Gjaldkeri skal, að minnsta kosti eitt sinn á hverjum 3 mánuðum, gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðskýrslu, er sýni, bæði hvað goldizt hafi í bæjarsjóð, og hvað úr honum hafi verið borgað. Eigi má bæjargjaldkeri greiða neitt úr bæjarsjóði nema eptir ávísun frá bæjarstjórninni. Allar ávísanir skulu vera undirskrifaðar af oddvita bæjarstjórnarinnar og að minnsta kosti 3 bæjarfulltrúum.

27. gr. Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda á vegavinnu, aðgjörðum á skólum og fátækrahúsum, á því, að útvega verknað og varning í þarfir bæjarins, og öðru þess konar, skal ekki goldið neitt.

28. gr. Bæjarstjórnin er skyld að útvega og láta landstjórninni í tje skýrslur þær, er hún kann æskja, svo sem um fólkstal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand kaupstaðarins.

29. gr. Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis landshöfðingja takast á hendur neina skuldbinding til langframa, sem ekki beinlínis hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufje kaupstaðarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans, nje kaupa neina nýja fasteign, ekki taka stærri lán nje lán upp á lengri tíma, en að þau verði borguð aptur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje heldur endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum.

30. gr. Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna árið og senda bæjærfógetanum fyrir lok janúarmánaðar; lætur bæjarfógetinn reikning þennan liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis, og skal um þetta og um, hvernig slíkt sje birt, farið að á sama hátt og fyrir er mælt að framan í 21. gr. um niðurjöfnunina. Reikningurinn sje því næst vandlega yfirfarinn af yfirskoðunarmanni, er kosinn sje af kaupstaðarbúum þeim, er samkvæmt 4. gr. hafa kosningarrjett; skal hann kjörinn á sama hátt og fulltrúarnir og hafa það starf á hendi um 3 ár. Skoðunarmaður skal hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því hann fjekk hann. Þegar gjaldkeri er búinn að svara athugasemdum hans, en það skal hann hafa gjört innan hálfs mánaðar, skal leggja reikninginn ásamt athugasemdum skoðunarmanns og svari gjaldkera fyrir bæjarstjórnina, er leggur úrskurð sinn á athugasemdir yfirskoðunarmanns og veitir bæjargjaldkera kvittun; þó má enginn taka þátt í úrskurði á athugasemd, sem snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sjerstaklega falin á hendur (2. gr.). Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnarinnar sje rjettur, enda leggi úrskurðurinn honum peningaábyrgð á hendur, og má hann halda málinu til dóms og laga. Þegar búið er að endurskoða og leggja úrskurð á reikning gjaldkera, á að birta á prenti ágrip af honum, er bæjarfógetinn semji; á ágrip það að vera svo fullkomið, að til sjeu greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

31. gr. Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda landshöfðingja reikning fyrir hið umliðna reikningsár með athugasemdum yfirskoðunarmanns og úrskurðum bæjarstjórnarinnar á þeim. Komist landhöfðingi að því, þá er hann yfirfer reikninginn eða á annan hátt, að bæjarstjórnin hafi viðhaft ólögmæt gjöld, neitað að greiða þau gjöld, sem löglega hvíla á kaupstaðnum, eða á annan hátt beitt ranglega valdi sínu, skal hann gjöra þær ráðstafanir, er við þarf, og, ef nauðsyn ber til, getur hann með lögsókn komið ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, er hafa átt þátt í þessum ályktunum.

32. gr. Landshöfðingi gjörir ráðstöfun til, að lög þessi geti öðlazt fullt gildi 1. dag janúarmánaðar 1895.

Nd. **305. Skýrsla**

um bænarskrár og aðrar málaleitanir, sem afhentar hafa verið fjárlaganefndinni í neðri deild alþingis 1893.

1. Bænarskrá frá stjórnarnefnd búnaðarskólans á Hólum um 6000 kr. styrk á ári til skólans (ásamt skýrslum um tjeðan skóla).
2. — — stjórnarnefnd búnaðarskólans á Eiðum, um 4000 kr. styrk á ári til skólans (ásamt skýrslum um tjeðan skóla).
3. — — Stefáni kennara Stefánssyni á Möðruvöllum um skipti á timburhúsi, sem er eign hans, og bæ þeim, er jörðunni fylgir.

4. — — forstöðumanni sjómannaskólans í Reykjavík um 1500 króna launahækkun á ári.
5. — — forstöðukonu kvennaskólans í Reykjavík um 700 kr. árlegan styrk til að stofna nýjan bekk í skólanum og 200 kr. árlega viðbót við ölmusur.
6. Erindi — kennarafjelaginu um stofnun sjerstaks »Slöjd«-skóla m. m.
7. Bænarskrá — sjera Ólafi Helgasyni á Stórahrauni um 400 kr. árlegan styrk til húsaleigu og í þóknun fyrir kennslu heyrnar og málleysingja.
8. — — stúd. mag. Bjarna Jónssyni um 1000 kr. styrk til að stunda uppeldis- og sálarfræði erlendis.
9. — — Pjetri Guðmundssyni kennara í Keflavík um 400 — 500 kr. styrk til þess að afla sjer kennaramenntunar erlendis.
10. — — Páli barnakennara Jónssyni á Akureyri um 600 kr. til að fullkomna sig í kennslufræði erlendis.
11. — — Brynjólfi Þorlákssyni í Reykjavík um 1000 kr. ferðastyrk til Danmerkur til fullkomnunar í »orgelspili« og söngfræði.
12. — — Magnúsi Blöndal í Hafnarfirði um 1000 kr. ferðastyrk til Noregs til að fullkomna sig í stórskipasmíði.
13. — — Sigurði Einarssyni á Sævarenda um 2000 kr. til að kaupa í Ameríku rakstrar- og sláttuvjel.
14. — — sjera Stefáni Sigfússyni um styrk til að fara utan og kynna sjer lækninga á bráðafári.
15. — — Birni Þorlákssyni í Munaðarnesi um 800—1000 krónu styrk til að kynna sjer erlendis vinnuvjelar, sem hreyfðar eru með vatnsafli.
16. — — sjera Jóni Guttormssyni í Hjarðarholti um 200 krónur árlega til laxaklaks.
17. — — Árnesingum um styrk handa einum eða fleiri mönnum til að læra notkun tóvinnuvjela.
18. — — Sæmundi búfræðingi Eyjólfssyni um 1000 kr. á ári til að stunda búnaðarvísindi.
19. — — J. Schou steinhöggvara um 2000 kr. styrk til að gjöra tilraun til að útvega markað fyrir unnið grjot í útlöndum.
20. — — Sigurði búfræðingi Sigurðssyni um 700 — 800 kr. styrk til þess að ganga á landbúnaðarháskóla.
21. — — Stefáni Jónassyni í Kaupmannahöfn um 800 — 1000 kr. til að fullgjöra púfnasljettunarvjel.
22. — — Birni gullsmið Árnasyni á Ísafirði um 2000 kr. til að læra erlendis »Xylographi« og »Lithographi«.
23. — — húseigendum á Sauðárkrók um 500-800 krónu styrk til að varna vatnsrennsli á Sauðárkrók.
24. Áskorun frá Schierbeck landlækni um 50 þúsund króna fjárframlag til að stofna holdsveikra spítala.
25. Bænarskrá frá Schierbeck landlækni um 5600 kr. uppbót á launum.
26. — — Ólöfu Hjálmarsdóttur í Stykkishólmi um 600 kr. þóknun fyrir ljósmóðurstörf.

27. — — Tómasi lækni Helgasyni um 150 kr. styrk til að gefa út rit um eyrnalækningar og 100 kr. til að kaupa eyrnalækninga-verkfæri.
28. — — G. Scheving aukalækni 1000—1200 kr. styrk til utanfarar til að rifja upp og æfa sig í læknisfræði.
29. — — sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu um 200—300 kr. árl. styrk handa »praktíserandi« lækni Sveini Magnússyni á Lambabvatni.
30. — — nokkrum mönnum á Geirseyri um aukalækni í Patreksfirði eða Tálknafirði.
31. — um aukalæknishjerað í 3 syðstu hreppum Suður-Múlasýslu.
32. — — stofnun aukalæknishjeraðs í norðurhluta Strandasýslu.
33. — — aukalæknishjeraðs í Álptaneshreppi o. fl. sveitum.
34. — — 1000 kr. styrk til aukalæknis í Húnavatnssýslu norðanverðri.
35. — — aukalæknishjerað í Suður-Þingeyjarsýslu.
36. — — aukulæknishjerað í Árnessýslu ofanverðri.
37. — — aukalæknishjerað í Eyjahreppi í Barðastrandarsýslu.
38. — frá Guðm. lækni Guðmundssyni um 1200 kr, styrk til að kynna sjer lækningar erlendis.
39. — — Birni lækni Ólafssyni um 2000 kr. á ári fyrir að setjast að sem augnalæknir í Reykjavík.
40. — — tannlækni O. Nickolin um 500 kr. árlegan styrk til tannlækninga.
41. — — sjera Árna Þorsteinssyni á Kálfatjörn um að leysast við að borga eptirlaun til prestsekkju.
42. — — sjera Jóni Halldórssyni á Skeggjastöðum um uppbót á Skeggjastaðaprestakalli.
43. — — sjera Þorsteini Benediktssyni á Bjarnanesi um 150 kr. árlega uppbót á Bjarnaness-prestakalli.
44. Bænarskrá frá sjera Jóni Jónssyni á Stað um að afnema 400 kr. árgjald af Staðarprestakalli á Reykjanesi.
45. — — prófasti Zófoníasi Halldórssyni um 400 kr. álag á Viðvíkurkirkju.
46. — — sjera Árna Þórarinssyni um 200 kr. árgjaldslinun á Miklaholtsprestakalli.
47. — — sóknarnefnd Munkaþverársóknar um 500 kr. til orgelkaupa handa kirkjunni.
48. — — Ólafi Rósenkranz um 3000 kr. styrk á fjárhagstímabilinu handa Stórstúku Íslands til útbreiðslu bindindis.
49. — — frá Good-Templarstúkunni »Vorblómið« um 2000 kr. styrk til eflingar bindindis, og til bindindisrita.
50. — — Tryggva Gunnarssyni um 1500 kr. styrk á fjárhagstímabilinu handa Þjóðvinafjelaginu.
51. — — varaformanni Fornleifafjelagsins um 600 kr. á ári handa fjelaginu.
52. — — formanni hins íslenzka náttúrufræðisfjelags um 600 kr. árlegan styrk handa fjelaginu.
53. — — Hannesi Þorsteinssyni um 500 kr. árlegan styrk til að koma reglu á landsskjalasafninu.

54. — — Skúla Skúlasyni á Akureyri um 1000 kr. til að fara utan og nema myndasmíði.
55. — — Benedikt Gröndal um styrk til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og safna til þjóðmenningarsögu Norðurlanda.
56. — — Ólafi Davíðssyni um 600 á ári til að semja íslenzka bókmenntasögu.
57. — — Torfhildi Hólm um 500 kr. styrk á ári til ritstarfa.
58. — — síra Jónasi Jónassyni á Hrafnagili um 1200 kr. styrk til að gefa út dansk-íslenzka orðabók.
59. — — skólakennara G. T. Zoega um 400 kr. á ári til að gefa út ensk-íslenzka orðabók.
60. Beiðni frá dr. Jóni Þorkelssyni alþm. um 1200 kr. styrk á ári til útgáfu fornbrjefasafnsins, og sje styrkurinn útborgaður án annara skilyrða en þess, að bókmenntafjelagið fái handrit, sem það þarf til prentunar.
61. Bænarskrá frá sjera Þórhalli Bjarnarsyni um 1200 kr. ársstyrk til Einars Hjörleifssonar, til að búsetja sig hjer á landi, og fást við skáldsögusmíðar.
62. — — forstöðumaður bókasafns Austur-amtsins um 400 kr. árlegan styrk handa safninu.
63. — — Pálma Pálssyni um 200 kr. handa Forngripasafninu til áhaldakaupa.
64. — — alþm. Sigfúsi Árnasyni um 100 kr. á ári til að sækja póst í land úr Vestmannaeyjum hanst og vetur.
65. — — Dalamönnum um aukapóst frá Stykkishólmi inn í Dali.
66. — — Barðstrendingum um aukapóst frá Bíldudal að Selárdal.
67. — — Skagfirðingum um aukapóst frá Víðimýri til Sauðárkróks.
68. — — Snæfellingum um póstferð kring um Jökul.
69. — — Árnesingum um c. 6000 kr. til brúargerðar á Soginu.
70. — — Grími bónda Gíslasyni á Óseyrarnesi um 5000 kr. til að gera við Stokkseyrarhöfn.
71. — — sýslunefnd Skagfirðinga um 5000 kr. til brúargjörðar á Austur-Hjeraðsvötnin.
72. — — Jökuldælingum um fje til að brúa 3 ár á Jökuldal.
73. — — alþm. Múlasýslna um allt að 5000 kr. styrk til að koma á fót gufubátsferðum á Lagarfljótsós.
74. — — Austur-Skaptfellingum um fjárveitingu til strandferða milli Reykjavíkur og Seyðisfjarðar.
75. — — Húnvetningum um 5000 kr, til bryggjugjörðar við Blönduós.
76. — — sjera Þorkeli Bjarnasyni um 150 kr. árlegan ellistyrk handa Jóni bónda Halldórssyni frá Búrfelli.
77. — — Ólínu Vigfússun um 260 kr. árlegan ellistyrk.
78. — — forstöðukonu kvennaskólans á Ytriey um aukinn styrk handa tjeðum skóla.
79. — — Magnúsi organista Einarssyni á Akureyri um 300 kr. árl. styrk til að kenna organspil og bæta kirkjusöng á Norðurlandi.

80. — — Stefáni Pálssyni stýrimanni um styrk (250 kr.) til að fara utan og læra að sníða og sauma þilskipasegl.
81. — — nokkrum Ölvesingum um 300 kr. til viðhalds sæluhúsinu á Kolviðarhól.
82. — — Jóni Jónssyni á Kolviðarhól um 100 kr. styrk sem sæluhúsvörður.
83. — — D. Thomsen kaupmanni um ferðastyrk til að efla sölu á íslenzkum saltfiski.
84. — — sjera Oddi V. Gíslasyni um 1500 kr. styrk til Chicagofarar.
85. — — Jóni Jónssyni cand. med. um styrk til að ljúka tannlækninganámi.

Nd. **306. Tillaga**

til þingsályktunar um að setja nefnd til að rannsaka kærur út af embættisfærslu Lárusar K. Bjarnarsonar, setts sýslumanns og bæjarfógeta á Ísafirði o. fl. Frá Sigurði Gunnarssyni, Jens Pálssyni, Jóni Jakobssyni, Jóni Jónssyni, 2. þm. N.-Múlas. og Birni Bjarnarsyni.

Neðri deild alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til að rannsaka kærur þær, er landstjórninni hafa borizt úr Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað út af embættisfærslu setts sýslumanns og bæjarfógeta Lárusar K. Bjarnarsonar, og til þess að rannsaka, hvað landsstjórnin hefur gjört kærum þessum viðvíkjandi. Nefnd þessi hefur rjett til að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum samkvæmt 22. gr. stjórnarskrárinnar.

Ed. **307. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um viðauka við lög 9. jan. 1880 um breytingu á tilskipun um sveitastjórn á Íslandi 4. maí 1872.

Nefnd sú, sem efri deild alþingis kaus til að athuga frumvarp þetta, hefir ekki getað orðið á einu máli.

Meiri hluta nefndarinnar þykir full nauðsyn á að ákveða skýrara, en gjört er með lögum 9. ágúst 1889, gjaldskyldu þeirra manna, sem hafa útibú eða afnot jarða í öðru sveitar- eða bæjarfjelagi en þar, sem þeir eru heimilisfastir, þar eð menn hefur greint mjög á um, hvernig skilja ætti ákvæði þessara laga, og dómstólarnir hafa skorið svo úr, að tilgangi löggjafarvaldsins með lögum þessum hefur ekki orðið náð. Með frumvarpi því, er hjer liggur fyrir, er nú reynt að bæta úr þessu. En þótt meiri hluta nefdarinnar virðist orðtæki frumvarpsins miða til þess, þótti ástæða til að taka það fram með nokkuð öðrum orðum.

Fyrir því vill meiri hluti nefndarinnar ráða hinni heiðruðu deild til að samþykkja frumvarp þetta með þeim breytingum, sem koma hjer á eptir.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna: „sömuleiðis má leggja gjald . . . sem í hlut á“ komi: sömuleiðis má leggja gjald á fastar verzlanir og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki í hreppnum, er sje rekin að minnsta kosti 4 mánuði af gjaldárinu, þótt eigendur þeirra hafi þar ekki fast aðsetur. Nú hefur maður umráð yfir og afnot af heilli jörð eða ákveðnu hundraðatali úr jörðu í öðru sveitarfjelagi eða bæjarfjelagi en þar, sem hann á heimili, og

skal hann greiða aukaútsvar af þessum afnotum til þess sveitarfjelags, þar sem jörðin eða jarðarparturinn er.

Á þessa stofna skal leggja gjald eptir því, er hæfa þykir, að tiltölu við árlega veltu og arð þeirra, án þess tillit sje haft til annara tekna eða eigna þess, sem í hlut á.

2. — 2. gr. Í stað orðanna: „um viðauka . . . 9. ágúst 1889“ komi: 9. ágúst 1889 um viðauka við lög 9 jan. 1880 um breytingu á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872.

Alþingi, 1. ágúst 1893.

Jón A. Hjaltalín, skrifari og framsögum. meiri hlutans.

Þorleifur Jónsson.

* * *

Jeg hef ekki getað orðið samdóma mínum háttvirtu meðnefndarmönnum um frumvarp þetta. Jeg get eigi sjeð, að þörf sje á skýringu á orðtakinu „ábúð“ í hinum tilvitnuðu lögum 9. ágúst 1888, og kannast ekki við, að úrskurðir dómstólanna um skilning á þessum lögum hafi fallið í þá átt, að tilgangi löggjafarvaldsins með þeim hafi eigi orðið náð. Þar næst efa jeg það fullkomlega, að orðin „umráð og afnot“ verði skýrari og ótvíræðari fyrir dómsvaldið en „ábúð“. — Auk þessa hefur mjer eigi þótt breyting sú á hinni eldri löggjöf, sem gjörð er með lögunum 9. ágúst 1889, heppileg að því er snertir jarðar-ábúð og afnot, og get ekki verið því meðmæltur, að gjöra nefnd lög rýmri og víðtækari. Að vísu er breytingartillaga hins heiðraða meiri hluta, sem tekin er upp í nefndarálitið, til verulegra bóta, að því leyti frumvarpið nú eigi kemur fram sem skýring á hinum eldri lögum, heldur sem breyting á þeim, en allt að einu legg jeg það til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 1. ágúst 1893.

Kristján Jónsson.

Ed. **308. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um úrskurðarvald sáttanefnda, rjettarfar og aðför í minni skuldamálum (eins og það var samþykkt við 2. umr. í efri deild.) Frá nefndinni.

Við 12. gr. Fyrir »fá þeir« komi: fær hann.

Nd. **309. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895. Frá Sighvati Arnasyni.

Við 15. gr. Á eptir „bókavarðar Jóns Árnasonar 300 kr.“ bætist inn: og til ekkjufrúar Thorfhildar Holm 200 kr. Orðið „og“ á undan „til Katrínar Þorvaldsdóttur“ falli burt.

Nd. **310. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895. Frá Sighvati Árnasyni.

Við 12. gr. C, f. Á eptir „Vestmannaeyja“ bætist inn í: allt að.

Nd. **311. Viðaukatillaga**

við breytingartillögur fjármálanefndarinnar við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895. Frá Sighvati Árnasyni.

Við stafl. 38. Á eptir „hvort árið“ komi: og til Jóns Halldórssonar frá Búrfelli 100 kr. hvort árið.

Nd. **312. Frumvarp**

til laga um ferðakostnað alþingismanna, (eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild).

Alþingismenn fá endurgoldinn ferðakostnað til alþingis og frá því, eptir því hvar heimili þeirra er, svo sem hjer segir:

Í Norður-Þingeyjarsýslu	300 kr.
— Norður-Múlasýslu	370 —
— Suður-Múlasýslu	370 —
— Austur-Skaptafellssýslu	330 —
— Vestur-Skaptafellssýslu	180 —
— Rangárvallasýslu	120 —
— Vestmannaeyjasýslu	140 —
— Árnessýslu	80 —
— Gullbringu- og Kjósarsýslu	20 —
— Borgarfjarðarsýslu	60 —
— Mýrasýslu	80 —
— Snæfellsnessýslu	120 —
— Dalasýslu	120 —
— Barðastrandarsýslu	160 —
— Ísafjarðarsýslu	200 —
— Strandasýslu	150 —
— Húnavatnssýslu	160 —
— Skagafjarðarsýslu	180 —
— Eyjafjarðarsýslu	210 —
— Suður-Þingeyjarsýslu	250 —
— Danmörku	200 —

Nd. **313. Nefndarálit**

um frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1892 og 1893.

Þar sem vjer höfum lagt það til að deild hins íslenzka bókmenntafjelags verði veittar á fjárlögum fyrir 1894 og 1895 500 kr. hvort árið, til útgáfu fornbrjefasafnsins, getum vjer fallist á þá breyting, er frumv. þetta hefur fengið í efri deild, og ráðum því hinni háttvirtu deild til að samþykkja það óbreytt.

Neðri deild alþingis 2. ágúst 1893.

Þórarinn Böðvarsson, formaður. Skúli Thoroddsen, skrifari. Jón Jónsson 2. þm. Eyf.

Bogi Th. Melsteð. Jón Jakobsson.

Jón Jónsson 2. þm. N.-Múlas. Jón Jónsson þm. A.-S.

Ed. **314. Frumvarp**

til laga um fjárforræði ómyndugra, (eins og það var samþykkt við 2. umr. í efri deild).

1. gr. Fjárhaldsmann skulu þeir hafa, er vanta aldur, skynsemi eða ráðdeild til þess, að geta haft fjárráð sín sjálfir, eða eigi geta það af öðrum ástæðum, sem yfirvaldið telur gildar vera.

2. gr. Sýslumenn og bæjarfógetar skipa fjárhaldsmenn ómyndugra, og skal til þess velja vandaða og áreiðanlega menn, er ekki sjeu öðrum háðir sem hjú, sjeu eigi yngri en 25 ára og hafa fastan bústað í sama lögsagnarumdæmi og sá ómyndugi.

Nánustu frændur hins ómynduga hafa þó rjett til fjárhaldsins gagnvart fjarskyldum mönnum jafn hæfum.

Sá maður, sem hefur þrjú yfirgripsmikil fjárhöld áður. eða mikla innheimtu á öðrum opinberum gjöldum, hefur hvorki rjett nje skyldu til að taka við fjárhaldi ómyndugra, fyr en hinum fyrri fjárráðum eða innheimtu er lokið, að nokkru eða öllu.

3. gr. Undir eins og einhverjum ómyndugum hlotnast arfur, skal skiptaráðandi skipa honum fjárhaldsmann. Bæjarfógetinn skal vera yfirfjárráðandi í Reykjavík, en sýslumenn annarsstaðar, og skal hver fjárhaldsmaður vera undir þeirra umsjón í öllu, sem að fjárhaldinu lýtur.

4. gr. Nú skiptist ómyndugum arfur, og er hann í öðru lögsagnarumdæmi; skal þá skiptaráðandi leita til yfirfjárráðamanns í því lögsagnarumdæmi, er hinn ómyndugi er í, og skal sá yfirfjárráðandi skipa hinum ómynduga fjárhaldsmann, er taki arfinn undir sína umsjón, og skal fjárhaldsmaður þessi skyldur að kvitta skiptaráðanda fyrir fjenu. Þegar arfur hefur þannig verið fluttur úr einu fjárráðaumdæmi í annað, þá skal skiptaráðandi skýra frá því í yfirliti sínu yfir fjárráðin (sjá 19. gr.). Hið sama skal yfirfjárráðandi gjöra, þar sem hinn ómyndugi á heimili.

5. gr. Hver fjárhaldsmaður skal skyldur að senda yfirfjárráðanda nákvæman reikning yfir fjárhaldið ár hvert, og skýra um leið frá ástandi hins ómynduga svo sem, hvar og hvernig verustaður hans sje og með hvaða kjörum, hvernig heilsu hans sje varið og fleira, er yfirfjárráðandi kynni að þurfa að vita um. Reikningsárið fyrir ómyndugrafje skal vera frá 11. júní til sama tíma árið eptir, og skal skilagrein þessi send yfirfjárráðanda í síðasta lagi í lok næsta nóvembermánaðar á eptir reikningsárinu.

6. gr. Sjái yfirfjárráðandi af skilagrein þeirri, sem ræðir um í 5. gr., að önnur ráðstöfun mundi vera hagfelldari fyrir hinn ómynduga, en sú, er fjárhaldsmaður hefur þegar gjört, skal yfirfjárráðandi tafarlaust gjöra fjárhaldsmanni aðvart um það. Vilji fjárhaldsmaður samt ekki breyta ákvörðun sinni í þessu efni, skal yfirfjárráðanda heimilt, að taka af honum fjárhaldið og fá það öðrum í hendur, er gangast vill inn á hagfelldari ráðstöfun fyrir hinn ómynduga.

7. gr. Skyldir skulu yfirfjárráðandi og fjárhaldsmaður að koma öllu lausafje hins ómynduga í peninga, svo fljótt sem þörf er á, og á þann hátt, sem haganlegast er fyrir hinn ómynduga.

Þó skal ekki selja lausafjeð, þegar það er lagt í arf við skipti milli þess hjónanna, sem lengur lifir, og ómyndugra barna beggja þeirra eður barnabarna,

nema það eptirlifandi óski þess, eða yfirfjárráðandi sjái, að það muni vera hinum ómyndugu skaðlegt, að hafa það þannig. En ef að eigur hins ómynduga eru ekki seldar úr búinu, þá setji það hjóna, sem lengur lifir, fullkomið veð fyrir í búsins föstu og lausu munum, og sje þeim veðrjetti þinglýst.

8. gr. Nú er hinn ómyndugi kominn svo nærri því aldurs- eða menningar stigi, sem gjörir hann að nokkru eða öllu fjár síns ráðandi, og að vænta má að hinn ómyndugi komist bráðlega í þá stöðu, er honum mundi hagfelldara fyrir, að hafa lausafje sitt óselt, en að því væri þegar varið í peninga, þá má yfirfjárráðandi gefa leyfi til þess, að lausafjeð sje geymt óselt, þar til hinn ómyndugi getur sjálfur tekið við því. Þó skal þessi undanþága því að eins veitt, að hinn ómyndugi óski þess sjálfur, og að yfirfjárráðandi sjái honum það hagfelldara.

9. gr. Fasteign ómyndugra má eigi selja, hvort heldur eru heilar jarðir eða jarðarpartar, nema því að eins, að hinum ómynduga sje verulegur hagur í sölunni, eða brýna nauðsyn beri til, að selja eitthvað honum til framfæris, þó skal jafnan leita álits háyfirvaldsins um þetta.

10. gr. Þeim afgjöldum fasteigna, sem vegna fastra byggingarskilmála ekki verða greidd í peningum, skal fjárhaldsmaður koma árlega í peninga, geti þau ekki gengið í sömu aurum hinum ómynduga til framfæris, og skal eitt ár frá gjalddaga afgjaldsins áliðast nægur tími til þessa.

11. gr. Allt ómyndugrafje, þá er það er komið í peninga, skal setjast á vöxtu svo fljótt sem verður, í einhvern af þessum sjóðum: Landsbankann eða sparisjóðina á Ísafirði, Akureyri eða Seyðisfirði, og skulu stjórnendur sjóða þessara skyldir að gefa landsstjórninni árlegt yfirlit yfir, hve mikið ómyndrugrafje sjóðirnir hafa í vörzlum sínum og hvaðan það er. Yfirlit þetta skal vera yfir sama tímabil sem skilagrein fjárhaldsmanna (sjá 5. gr.).

Ákvörðunin í þessari grein, um það, hvar ómyndugrafje skal ávaxtast, nær þó ekki til þess ómyndugrafjár, sem þegar er komið á vöxtu, þá lög þessi öðlast gildi.

12. gr. Sem þóknun fyrir ómök sín fái fjárhaldsmenn $^1/_{10}$ af jarðarafgjöldum þeim, sem þeir verða að koma í peninga, en 4 % þeirra, ef þau eru borguð í peningum af ábúendum jarðanna, eða þau verða greidd aptur í sömu aurum, hinum ómynduga til framfæris. Haldi fjárhaldsmaður hjá sjer fje hins ómynduga lengur en til er tekið í 10. gr. og sje það meiri upphæð en nemur 50 kr., skal hann borga af því sömu vexti og af því hefði fengizt í sjóðum þeim, er ómyndugrafje er ávaxtað í, án þess að ómakslaun sjeu þar frá dregin.

13. gr. Ábyrgðar- og burðargjald undir peninga hinna ómyndugu, sömuleiðis bók fyrir fjárhaldsmann til að rita í hina árlegu fjárhaldsreikninga, skal borgast af fje hinna ómyndugu sjerstaklega, enda skal fjárhaldsmaður skila bókinni til hins ómynduga þá er hann er orðinn myndugur.

14. gr. Fjárhaldsmaður geymi öll skjöl og skilríki hins ómynduga og skal hann skyldur að sýna yfirfjárráðanda þau á hverju manntalsþingi í þinghá þeirri er hann er búsettur í.

15. gr. Þegar hinn ómyndugi verður ráðandi fjár síns, eða fjeð er orðið eytt honum til framfæris, eða annað það kemur fyrir, sem gjörir enda á fjárráðum fjárhaldsmanns, þá skal hann þegar í stað gjöra skilagrein fyrir fjárhaldinu og senda hana til yfirfjárráðanda, og fellir yfirfjárráðandi úrskurð á, hvort hún er

rjett; síðan skal fjárhaldsmaður láta af hendi allt það, er honum ber að gjöra grein fyrir eptir síðasta reikningi, þegar úrskurður er á hann fallinn, og selja það í hendur þeim manni, er hlut á að máli, hvort heldur það er hinn ómyndugi sjálfur, sem þá er orðinn myndugur, eða annar sem kemur í hans stað, sem löglegur eigandi fjárins.

Sje viðtakandi hálfmyndugur, skal tilsjónarmaður hans vera viðstaddur, þá er fjárhaldinu er skilað, og gæta rjettar viðtakanda með honum. Sje viðtakandi ómyndugur, tekur fjárhaldsmaður hans við fjárhaldinu.

Nú verður fjárhaldsmaður ómyndugs manns tilsjónarmaður hans, þá er hann er orðinn hálfmyndugur, skal þá yfirfjárráðandi útnefna áreiðanlegan mann, til þess að vera viðstaddan meðan fjárhaldsmaður skilar af sjer fjárhaldinu. Skyldur skal viðtakandi ásamt tilsjónarmanni, ef hann er nokkur, að gefa fjárhaldsmanni kvittun fyrir fjárhaldinu, og má fjárhaldsmaður láta þinglesa hana á kostnað þess, er hann hafði fjárhaldið fyrir; samskonar kvittun fái yfirfjárráðandi, er hann láti fylgja aðalyfirliti sínu yfir fjárráðin, því til sönnunar, að þessir fjármunir sjeu komnir undan yfirfjárráðum. Deyi fjárhaldsmaður, gjörir dánarbú hans sömu skil fyrir fjárhaldinu og eptir sömu reglum, sem hjer að framan eru tilgreindar.

16. gr. Nú flytur fjárhaldsmaður sig og hinn ómyndugi úr fjárráðaumdæmi því, er þeir hafa áður verið í, þá skal yfirfjárráðandi á þeim stað, er þeir flytja sig til, taka að sjer yfirfjárráð fjárhaldsins; sömuleiðis skal yfirfjárráðandi í því fjárráðaumdæmi, er hinn fyrri bústaður hins ómynduga var í, senda yfirfjárráðanda, þar sem ómyndugi er nú búsettur, eptirrit hins síðasta reiknings fjárhaldsmanns, og skal sá reikningur úrskurðaður af hinum fyrri yfirfjárráðanda.

17. gr. Flytji fjárhaldsmaður sig burtu úr fjárráðaumdæminu, en hinn ómyndugi verði eptir, eða hinn ómyndugi fer burt, en fjárhaldsmaður verður eptir, þá skal yfirfjárráðandi leggja undir úrskurð háyfirvaldsins, hvort kveðja skal til nýjan fjárhaldsmannn eða flytja fjárstofninn.

18. gr. Ómyndugra fje á forgangsrjett í búi fjárhaldsmanns, sem segir í lögum frá 12. apríl 1878, 83. gr., sbr. tilskipun 19. des. 1821.

19. gr. Yfirfjárráðandi skal ár hvert fella úrskurð á fjárhaldsreikninga þá, sem honum eru sendir; skal hann svo senda háyfirvaldinu fyrir lok febrúarmánaðar glöggt yfirlit yfir öll fjárráðin í lögsagnarumdæminu.

Í yfirliti þessu skal þess getið sjerstaklega, hvort nokkuð ómyndugrafje hefur til fallið á árinu, hvort nokkuð af því, sem áður var, hefur farið undan fjárráðum eða hvort arfur hefur verið fluttur (Sjá 4. og 16. gr.).

20. gr. Landsstjórnin skal sjá um, að eitt yfirlit yfir allt ómyndugrafje á landinu verði prentað árlega í B-deild Stjórnartíðindanna, og skal það borið saman við skýrslu þá, er sjóðir þeir gefa, er ómyndugrafje er ávaxtað í.

22. gr. Með lögum þessum er úr lögum numin 1.—13. gr. d. l. 2. b. 17. kap. og tilskipun 18. febrúar 1847.

Nd. **315. Frumvarp**

til laga um viðauka og breyting á lögum 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald á fiski og lýsi o. fl., (eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild).

1. gr. Af eptirfylgjandi vörum skal útflutningsgjald greitt, svo sem hjer segir:

1. Af hverjum 100 pd. af kola, sem flytzt út, nýr eða saltaður . . . 10 aurar.
2. — — 100 — — heilagafiski . . . . . 30 —
3. — — 100 — — hvalskíðum . . . . . 100 —
4. — síldartunnu (120 pottar) í hverjum umbúðum sem hún flytzt . 20 —

2. gr. Um gjald þetta og greiðslu þess fer eptir fyrirmælum laga 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald á fiski og lýsi o. fl.

3. gr. Með lögum þessum er úr gildi numinn 5. tölul. 2. greinar laga um útflutningsgjald á fiski og lýsi o. fl. 4. nóv. 1881.

Nd. **316. Breytingartillögur**

Við breytingartillögur nefndarinnar við frumvarp til laga um vegi. Frá Þórði Guðmundssyni og Þorláki Guðmundssyni.

Við III. kafla 9. gr. í staðinn fyrir $1^1/_2$ kr. komi: $^1/_2$ dagsverk.

Við IV. kafla 14. gr. „skyldur er“: til enda greinarinnar falli burtu.

Nd. **317. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um vegi. Frá Jóni Jónssyni, þm. A.-S.

Fyrir „aðalpóstvegir“, „aðalpóstvegur“, „aðalpóstvegr“, í 1. gr., 2. gr., 5. gr., fyrirsögn II. kafla, 7. gr., 15. gr., 21. gr. komi alstaðar: „Þjóðvegir“, „þjóðvegum“, „þjóðvegr“.

Nd. **318. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895. Frá fjárlaganefndinni.

12. gr. C. orðist þannig:

a. Til strandferða
   1. til hins sameinaða gufuskipafjelags..... ..... 18,000 kr
   2. til kapt. Jónas J. Randulff til að halda uppi gufuskipsferðum umhverfis landið .... 25,000 —

   Upphæð þessi veitist með því skilyrði að fylgt sje ferðaáætlun þeirri er þingið samur og að útgerðarmaður skipsins setji tryggingu frá Stafangurdeild Noregsbanka fyri því, að annað gufuskip fáist til að halda áfram hinum ákveðnu ferðum, ef strandferðaskipinu kynni að hlekkjast á, jafnskjótt og fregnin um slysið berst til Stafangurs.

b. Til gufubátsferða á Faxaflóa ..... 3,000 kr.

   Styrkur þessi útborgist að eins eptir meðmælum hlutaðeigandi sýslunefndar og og bæjarstjórna.

   Styrkurinn sje enn fremur bundinn því skilyrði að hlutaðeigandi sýslu- og bæjarfjelag leggi til gufubátsferðanna $\frac{1}{4}$ móti $\frac{3}{4}$ úr landssjóði.

   Tölurnar í dálkunum breytist samkvæmt þessu.

Nd. **319. Frumvarp**

til viðaukalaga við lög 12. júlí 1878 um lausafjártíund, (eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild).

Gufuskip, sem ganga til fiskiveiða eða hvalveiða, skal leggja í tíund, sem hjer segir:

1. Gufuskip, sem er 50 smálestir að stærð, eða minna . . . 15 hndr.
2. Gufuskip, sem er meira en 50 smálestir að stærð . . . 30 —

Nd. **320. Breytingartillögur.**

við frumv. til laga um vegi. Frá nefndinni.

1. Við 1. 2. 3. 4. 7. 11. og 15. gr. og fyrirsögn II. kafla. Fyrir »aðalflutningabrautir» komi: flutningabrautir.
2. — 1. 2. 14. 15. og 16. gr. og fyrirsögn IV. kafla. Fyrir «hreppavegir» komi: hreppsvegir.
3. — 2. gr. Fyrir »sem taldir eru í 6. gr.» komi: sem eigi teljast til neins annars vegaflokks.
4. — 3. — 6. 7. og 8. stafl. Fyrir »fram« komi: inn.
5. — 4. — Á eptir «tillögum» bætist inn í: sýslunefnda.
6. — 5. — Síðari málsgrein falli burt.
7. — 6. — Greinin falli burt.
8. — 7. — Orðin í fyrstu málsgrein «umsjón amtsráðanna og« falli burt.
9. — — — Þriðja málsgrein og fjórða málsgrein verði sjerstakar greinar.
10. — — — Fyrir orðin í fjórðu málsgrein «og fjallvegum — yfirreiðar» komi: skal svo bæta torfærur með vegaruðning og brúargjörð, að þeir sjeu greiðir yfirreiðar.
11. — — — Tvær síðustu málsgreinarnar falli burt.
12. Aptan við II. kafla bætist ný grein: Rjett er, að fjallvegir sjeu reiðfærir gjörðir og varðaðir, svo sem nauðsyn ber til.
13. Við 9. gr. Önnur málsgrein falli saman við fyrstu málsgrein og orðist þannig: Í sýsluvegasjóð greiðir hvert hreppsfjelag 1½ kr. fyrir hvern verkfæran mann í hreppnum 20—60 ára, í hverri stöðu sem er.
14. — — — Fyrir orðin í þriðju málsgrein »verkfæra menn — manntalsþingum« komi: verkfæra menn 20—60 ára, sem heimili hafa í hreppnum. Eptir skrám þessum ákveður sýslunefnd sýsluvegagjald hvers hrepps. Gjaldið skal borgað úr sveitarsjóði og greiðist sýslumanni á manntalsþingi.
15. Við 11. gr. Fyrir orðin »skulu — móti 10« komi: skulu gjörast akfærir, þar sem því verður við komið.
16. — 12. — Greinin orðist þannig: Oddviti sýslunefndar skal ár hvert senda amtsráði reikning yfir tekjur og gjöld sýsluvegasjóðsins.
17. — 14. — Fyrir «ákveður» komi: »semur tillögur um«, og fyrir «ákvæði sitt« komi: tillögur sínar.
18. — — — Í staðinn fyrir síðari málsgrein komi ný grein: Til kostnaðar við hreppsvegi greiðist úr sveitarsjóði árlegt tillag, er nemi 1½ kr. fyrir hvern verkfæran mann í hreppnum 20—60 ára. Ef gjald þetta er eigi unnið upp ár-

lega, leggst afgangurinn í vegasjóð, er hreppsnefndin geymir og hefir á-byrgð á.

19. — 15. — Fyrir »sýslusjóð til sýsluvega« komi: sýsluvegasjóð.
20. — 16. — Á eptir »sjá um vinnuna» komi: svo og ráða smið, er brýr skal gjöra.
21. — — — Fyrir «dagpeninga» komi: daglaun.
22. — 17. — Greinin falli burt.
23. — 18. — Greinin falli burt.
24. — 19. — Greinin orðist þannig: Oddviti hreppsnefndar skal á ári hverju senda sýslunefnd yfir tekjur og gjöld hreppsvegasjóðsins.
26. — 20. — Fyrir »kringumstæður» komi: ástæður.
26. — — — Aptan við greinina bætist: Rjett er og að reisa sæluhús af vegabótafje, þar sem mikil er umferð á vetrum.
27. — 21. — Fyrir orðin: »Þyki nauðsyn — til skaða« komi: Sje vegur lagður um tún, engi, yrkt land eða umgirt land, svo og ef vegarefni er tekið landeiganda til skaða, skulu fullar bætur fyrir koma eptir mati dómkvaddra manna. Skaðabætur greiðist úr landssjóði, sje vegurinn flutningabraut eða aðalpóstvegur, úr sýsluvegasjóði, ef vegurinn er sýsluvegur, og úr hreppsvegasjóði, sje hann hreppsvegur.
28. — 22. —Greinin falli burt.
29. — 23. —Greinin falli burt.
30. — 26. —Greinin orðist þannig: Með lögum þessum eru lög nr. 25, 10. nóv. 1887 og lög nr. 11, 7. febr. 1890 úr gildi numin.

Nd. **321. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á 2. gr. í tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 og viðauka við hana.. (Frá Einari Jónssyni og Birni Sigfússyni).

1. Við 3. gr. Fyrir orðin: »það viðkomandi — — — hreppaskilaþingi« komi: viðkomandi hreppstjóra eða bæjarfógeta á vori hverju, eigi síðar en 20. júní, hjá hverjum húsráðanda heimili hans er og sanna það með skýrteini frá húsráðandanum, ef hreppstjóri eða bæjarfógeti krefst þess, verði ella sekur um 4—20 kr. og renni þær sektir hálfar í fátækrasjóð, en hálfar til hreppstjóra eða til fátækrastjóra, ef í kaupstað er.
2. Við 4. gr. Aptan við greinina bætist: nema hann geti vísað á eignir, er lausamaður á og teknar verða lögtaki til lúkningar gjöldunum.
3. Við 5. gr. síðari lið. Á undan: »lögum» bætist inn í »1. gr. í« á undan «nefndri tilsk.» bætist inn í: »2. gr. í»

Nd. **322 Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1890 og 1891. Frá fjálaganefndinni.

Aptan við frumvarpið bætist 5. gr.

Sem viðbót við gjöldin til kirkju og kennslumála 13. gr. C. veitast til Fornleifafjelagsins 1890 og 1891 300 kr. hvort árið, alls 600 kr.

Ed. **323. Tillaga**

til þingsályktunar um milliþinganefnd til að íhuga hina kirkjulegu löggjöf landsins. Frá Þorleifi Jónssyni.

Alþingi ályktar að skora á landshöfðingja að hlutast til um, að sett verði 5 manna nefnd milli þinga, til að íhuga hina kirkjulegu löggjöf landsins, sjerstaklega lögin um tekjur presta og kirkna, og semja lagafrumvörp til breytinga á málum þessum, er leggist fyrir næsta alþingi eptir að nefndin hefur lokið störfum sínum. Allur kostnaður við nefndina greiðist úr landssjóði.

Nd. **324. Breytingartillaga**

við breytingartillögur nefndarinnar við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895. Frá Jens Pálssyni.

Við 38. tölulið: Fyrir »100« komi: 200

Nd. **325. Viðaukatillaga**

við breytingartillögur nefndarinnar við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895. Frá Jens Pálssyni.

Við 16. tölulið bætist á eptir athugasemdinni nýr stafliður svohljóðandi:

c. til uppmælingar á skipaleið inn á Hvammsfjörð og rannsóknar á skipalagi við Búðardal, Vestliðaeyri og Skarfstaðanes ... ... 10,000 kr.

Nd. **326. Breytingartillögur**

við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar við frumv. til fjárlaga 1894 og 1895. Frá Guðl. Guðmundssyni, Jóni Þorkelssyni, Þorláki Guðmundssyni.

1. Við brtill. 31. stafl. 6.
   Í stað: »Styrkur sá, er síðar er nefndur« komi: »Styrkur þessi«.
   Í stað »24 arkir« komi: »25 arkir«.
2. Við brtill. 38: Í stað »100 kr. hvort árið« komi: 160 kr. hvort árið«.
3. Við brtill. 40. annan málslið:
   Í stað orðanna síðast í málsliðnum »til hvers skips« komi: »til hvers einstaks manns«.

Nd. **327. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir 1894 og 1895. Frá Guðl. Guðmundssyni, Þórði Guðmundssyni, Þorláki Guðmundssyni.

Við 12. gr. C.

Á eptir orðunum »móti ¾ úr landssjóði« bætist inn:

Styrknum undir stafl. f. má skipta í tvo hluti, ef með því fást hagfelldari gufubátsferðir um hið nefnda svæði, eða einstaka hluta af því. — Sameina má og styrkinn undir stafl. f., eða hluta af honum við styrkinn undir staflið d.

Nd. **328. Breytingartillögur**

við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar við frumv. til fjárlaga 1894 og 1895. Frá Guðl. Guðmundssyni.

1. Við brtill. 13. — Í stað: »Fje þetta — yfir hjeraðsvötnin« komi: »Upphæðin greiðist þegar sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefur, landssjóði að kostnaðarlausu, látið gjöra svifferju yfir Hjeraðsvötnin á aðalpóstleiðinni og sannað með vottorði verkfræðings, að verkið sje vel af hendi leyst. Ennfremur er fjárveitingin því skilyrði bundin, að sýslunefndin leggi fram það fje, er þarf til að fullgjöra brúna, um fram landssjóðsstyrkinn, og sanni með vottorði verkfræðings, að verkið sje traust og vandað, og brúin lestheld.
2. Við brtill. 15 og 16.
   1. Á eptir orðunum: »á Blönduós 5000 kr.« bætist inn:
      Upphæðin greiðist þegar verkinu er lokið og sannað er með vottorði verkfræðings, að bryggjan sje nægilega traust
   2. Á eptir orðunum: »um Lagarfljótsós 5000 kr.« bætist inn:
      Styrkveitingin er því skilyrði bundin, að hlutaðeigandi hjerað leggi fram að minnsta kosti ½ til móts við landssjóðsstyrkinn
   3. Orðin: »Upphæðir þessar — — þessum fram« falli burt.

Nd **329. Breytingartillögur**

við frumv. til fjárlaga fyrir 1894 og 1895. Frá Jóni Þórarinssyni, Guðl. Guðmundssyni og Sighv. Árnasyni.

1. Við 13. gr. B. II. b. 2. Fyrir »3 ölmusur ... ... 600—600«
   komi: Ölmusustyrkur ... ... 300—300
2. — — — — V. a. Fyrir ... ... »1500—1500«
   komi: ... . 2000—2000
3. — — — — VI. Á eptir staflið d. bætist inn nýr stafl. þannig:
   e., Námsstyrkur til kennaraefna, 50 kr. til hvers, allt að ... ... 400—400
   Stafliðatalan breytist þessu samkvæmt.
4. — — — — C. 7. Stafliðurinn orðist þannig:
   7. Til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni ... ... 1000—1000
   Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að með hverju bindi komi út registur yfir það, eins og er við 1. bindi. — Styrkinn, er eigi má fara fram úr 40 kr. fyrir hverja örk prentaða, eða það sem því nemur í handriti, má borga út þegar handritið er al-búið undir prentun, og er útgefanda skylt að afhenda handritið, þegar þess þarf til prentunar, allt að 25 örkum á ári.
5. — — — — — Á eptir tölulið 13. komi nýjir töluliðir:
   14. Til stórstúku Good-Templara á Islandi til eflingar bindindis og útbreiðslu bindindisrita ... ... 500—500
   15. Til kaupa á húsi Stefáns kennara Stefánssonar á Möðruvöllum, allt að ... ... 4000—

Nd. **330. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895. Frá Jóni Þorkelssyni.

11. gr. 2, g—h. Liðirnir orðist svo:

g. til læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnessýslu, sunnanfjalls til Straumfjarðarár.

h. til læknis milli Straumfjarðarár í Hnappadalssýslu og Langár á Mýrum.

Nd. **331. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895. Frá Guðl. Guðmundssyni og Jóni Þórarinssyni.

Við 13. C. 12. Töluliðurinn orðist þannig:

Styrkur til cand. mag. Boga Melsteds til að rita sögu Íslands 600—600. Styrkurinn er bundinn því skilyrði að ritið sje á Íslenzku, og að út sjeu gefnar af því að minnsta kosti 24 arkir á fjárhagstímabilinu.

Nd. **332. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895. Frá Klemens Jónssyni, Jóni Þórarinssyni.

1. Við 13. gr. B. VI. h. Í stað »600 — 600« komi: 1000 — 1000. Þar af til kennara Geirs Zoëga 300 kr. hvort árið til að gefa út ensk-íslenzka orðabók, og til sjera Jónasar Jónassonar á Hrafnagili 300 kr. hvort árið til að gefa út dansk-íslenzka orðabók.

2. Við 13. gr. C 13. Eptir tölulið 13. komi nýr töluliður svo hljóðandi:

14. Til tannlæknis O. Nickolins 600 — 600.

Nd. **333. Breytingar-atkvæði**

við fjárlagafrumvarp 1894 og 1895. Frá H. Kr. Friðrikssyni.

1. Við 10. gr. C 4, b: «í Skaptafellssýslu« falli burt.

2. — 13. gr. B, V. a: Fyrir »1500—1500« komi: »2000—2000«.

Nd. **334. Breytingartillaga**

við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar við frumv. til fjárlaga 1894 og 1895 (þingskj. 318). Frá Guðl. Guðmundssyni.

1. Á eptir staflið b. bætist nýr liður:

c. Til gufubátsferða með fram suðurströnd landsins austur að Vík í Mýrdal og til Vestmannaeyja, allt að — 3000«.

2. Á eptir orðunum »móti ¾ úr landssjóði« bætist inn:

Styrknum undir staðflið c. má skipta í tvo hluta, ef með því fást hagfeldari gufubátsferðir um hið tilgreinda svæði, eða nokkurn hluta þess. Svo má og sameina styrkinn undir staflið c., eða hluta af honum, við styrkinn undir staflið b.

3. Orðin í hinum fyrri málsliðum: »sýslunefndar« í fyrsta málslið og »sýslu- og bæjarfjelag« í öðrum málslið, breytist þessu samkvæmt í »sýslunefnda« og í »sýslufjelög og bæjarfjelag«.

Nd. **335. Framhaldsálit**

minna hlutans í nefndinni um frumvarp til laga um stofnun lagaskóla.

Jeg vil leyfa mjer að orða tillögur mínar á þingskjali 265 á þenna hátt:

Fyrirsögn verði svo:

Frumvarp til laga um stofnun háskóla.

Fyrir 1. gr. komi svolátandi grein, sem verði 1. gr.:

Í Reykjavík skal stofna háskóla fyrir íslenzk embættismannaefni.

2.—5. grein falli niður, en í stað þeirra komi svo látandi greinar:

2. gr. Í skóla þessum skulu vera þrjár deildir. Skal í einni kennd guðfræði, annari lögfræði og í hinni þriðju læknisfræði. Auk þess skal þar einnig kennd heimspeki og önnur vísindi eptir því, sem síðar verður ákveðið með lögum.

3. gr. Tilhögun á kennslunni og kennsluskipanin í guðfræði, læknisfræði og heimspeki skal vera hin sama, sem nú er á prestaskólanum og læknaskólanum, þangað til öðruvísi verður ákveðið, og takast kennendur þeir, sem nú eru á menntastofnunum þessum, á hendur kennsluna, hver í sinni vísindagrein, en kennsluna í lögfræði skulu hafa á hendi tveir kennarar, og skal annar vera formaður deildar þeirrar.

4. gr. Þeir, sem vilja stunda nám við skóla þennan, skulu hafa tekið burtfararpróf við hinn lærða skóla í Reykjavík, eða einhvern lærðan skóla í Danmörku; próf í forspjallsvísindum skulu þeir hafa tekið áður en þeir mega ganga undir burtfararpróf við háskólann; en það veitir aðgang að embættum á Íslandi.

5. gr. Laun kennendanna í guðfræði, læknisfræði og heimspeki skulu vera hin sömu, sem ákveðin eru í lögum kennendum prestaskólans og læknaskólans, en laun formanns lögfræðisdeildarinnar 3600 kr. og hins kennarans 2400 krónur.

6. gr. Ráðgjafinn fyrir Ísland semur reglugjörð fyrir skólann.

7. gr. Þegar skólinn tekur til starfa eptir lögum þessum, þá eru prestaskólinn og læknaskólinn af numdir sem sjerstakar kennslustofnanir.

Alþingi 3. ágúst 1893.

Jón Þorkelsson.

Nd. **336. Frumvarp**

til laga um úrskurðarvald sáttanefnda, rjettarfar og aðför í minni skuldamálum. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed.).

1. gr. Í skuldamálum, þar sem skuldarupphæðin nemur eigi meiru en 100 kr. skal sáttanefndin, ef skuldheimtumaður krefst þess, kveða upp úrskurð,

a) þegar kærði, þrátt fyrir löglega birting fyrirkallsins, mætir ekki og sáttanefndin hefur ekki ástæðu til að ætla, að hann hafi lögleg forföll, er hindri hann að mæta eða láta mæta fyrir sig,

b) þegar sáttanefndin hefur eptir árangurslausa sáttatilraun skorað á skuldunaut að gefa skýlaus svör um skuld þá, sem hann er krafinn um, og hann viðurkennir afdráttarlaust, að hann sje skyldur að borga hana, en vill þó eigi sættast, eða eigi er auðið að koma á sætt milli málsaðila um ýms aukaatriði, svo sem borgunarfrestinn, vexti og þóknun til skuldheimtumanns fyrir ómök og kostnað við málið.

Sáttanefndin ritar í sáttabókina og les upp fyrir málsaðilum kröfur skuldheimtumanns, viðurkenningar skuldunauts og mótmæli hans, svo og sáttaboð þeirra beggja.

Þetta á þó eigi við, þegar kærði hefur gagnkröfu á hendur kæranda og kærandi kannast ekki við hana eða hún nemur meiru en 100 kr. og kærði vill nota hana ekki að eins til að borga með hina umstefndu skuld, heldur þykist hafa tilkall til meira hjá kæranda.

2. gr. Þegar málsaðilar eru ásáttir um að leggja skuldamál í gjörð sáttanefndar, enda sje skuldin eigi stærri en 100 kr., skal sáttanefndin gjöra um málið, svo framarlega sem það er auðið eptir skjölum þeim, er þeir leggja fram, eða því, er þeir láta bóka um skuldina í sáttabókina. Þó geta málsaðilar eigi krafizt, að gerðir sjeu upp langir eða flóknir reikningar á milli þeirra á þennan hátt, nema sáttanefndarmennirnir sjeu fúsir til þess. Gjörð þessa ber að skoða sem fullnaðardóm, er fullnægja má á sama hátt sem undirrjettardómi. Fullnægingarfrestur gjörðar er mánuður frá því hún var birt hlutaðeigendum.

3. gr. Nú mætir kærandi eigi á sáttafundi og sáttanefndin hefur eigi ástæðu til að ætla, að hann hafi lögleg forföll, er hindri hann að mæta eða láta mæta fyrir sig, en kærði mætir og krefst þóknunar fyrir ómak sitt við að mæta, og skal sáttanefndin með úrskurði ákveða honum hæfilega þóknun fyrir ómakið.

4. gr. Urskurði þá, sem nefndir eru í 1. og 3. gr., ber sáttanefnd að upp kveða þegar á staðnum, ef henni er það mögulegt, ella í síðasta lagi innan viku. Gjörðum eptir 2. gr. ber sáttanefnd að lúka upp innan hálfsmánaðar, nema málsaðilar sjeu á eitt sáttir um, að það megi dragast lengur.

Ef sáttanefnd upp kveður úrskurð í viðurvist málsaðilanna, skal það tekið fram í úrskurðinum.

Álíti sáttanefndin, að eigi sje heimilt að kveða upp úrskurð, vísar hún málinu til dómstólanna, ef þess er krafizt af kæranda.

Við hverja sáttanefnd skal skipa varasáttanefndarmann; skal hann eiga sæti í nefndinni, ef annarhvor sáttanefndarmanna er viðriðinn málið, eða hefur forföll, svo og þegar sáttanefndarmennina greinir á, er kveða skal upp úrskurð, eða gjörð, og ræður þá afl atkvæða.

5. gr. Nú kemst sáttanefnd að þeirri niðurstöðu, að skuldakrafa kæranda sje á rökum byggð, og skal hún í úrskurðinum til taka aðalupphæðina, sem borga ber, með vöxtum, ef þá ber einnig að borga, svo og þóknun til skuldheimtumanns fyrir ómak sín og kostnað við kæru málsins fyrir sáttanefndinni og fyrir að mæta þar. Skal í því efni meðal annars hafa hliðsjón af því, hvort skuldheimtumaður hefur samtímis mætt í fleirum en einu máli fyrir sáttanefndinni. Þegar sáttanefnd ákveður þóknun til kærða samkvæmt 3. gr., ber henni sömuleiðis að miða þóknunina við það, hvort kærði mætir þá í fleiri málum en þessu eina fyrir sáttanefndinni.

6. gr. Urskurðir sáttanefnda og vísun mála til aðgjörða dómstólanna eptir 4. gr., innfærist í sáttabókina.

7. gr. Urskurðum sáttanefnda má fullnægja á sama hátt sem undirrjettardómum, sje þeim eigi áfrýjað (sbr. 10. gr.). Fullnægingarfrestur úrskurðanna er einn mánuður. Frest þennan ber að reikna frá uppsögn úrskurðarins, hafi hún fram farið í viðurvist málsaðila; ella frá birtingu úrskurðarins.

8. gr. Fyrir uppsögn og bókun úrskurðar borgist 1 kr.; fyrir að segja upp gjörð eptir 2. gr., skal greiða 4 krónur. Gjöld þessi skiptast jafnt milli sáttanefndarmannanna. Fyrir útskript úr sáttabókinni borgist 25 a. fyrir hverja hálförk eða minna.

9. gr. Þegar eptirrit er fengið af úrskurði, til þess að áfrýja honum, skal innfæra í það öll skjöl, sem komið hafa fram í sáttanefndinni, svo og allt það, sem bókað hefur verið í sáttabókina um málið.

10. gr. Urskurðum sáttanefnda og aðför, sem gjörð er eptir þeim, má áfrýja til undirrjettar þess, sem mál það, er úrskurðurinn hljóðar um, heyrir undir, og þarf þá ekki að kæra málið að nýju til sáttanefndar á undan áfrýjuninni. Nú áfrýjar skuldunautur úrskurði, og skal hann hafa gjört það innan þriggja mánaða frá uppsögn

úrskurðarins, hafi hann verið upp kveðinn í viðurvist málsaðilanna, ella frá birtingu hans. Sje aðfarargjörð eptir úrskurði sáttanefndar áfrýjað, verður það að gjörast innan þriggja mánaða eptir að hún fór fram. Þegar úrskurði er áfrýjað, getur úrskurðar-hafi fengið löggeymslu fyrir upphæð þeirri, sem honum er ákveðin með úrskurðinum á sama hátt og með sömu skilyrðum sem dómhafar. Nú vill skuldunautur áfrýja löggeymslugjörðinni, og skal það gjört innan þess tíma, sem áður er sagt um áfrýjun aðfarargjörðar.

Sje það úrskurðar-hafi, sem áfrýjar, verður hann að gjöra það innan árs frá uppsögn úrskurðarins, sje úrskurði áfrýjað, eða frá því, er aðfarar- eða löggeymslugjörð hefir fram farið, sje þeim áfrýjað. Eigi þarf að stefna sáttanefndarmönnum, er úrskurðum þeirra er áfrýjað.

11. gr. Þegar málum þeim, er ræðir um í lögum þessum, er stefnt fyrir rjett, skal málfærslan vera svo stutt og einföld sem auðið er og að öllum jafnaði munnleg; skal að eins bóka kröfur málsaðila, mótmæli þeirra og viðurkenningar; þó er hverjum málsaðila fyrirmunað að leggja fram í rjettinum skrifleg sóknar- eða varnarskjöl. Frest má eigi veita málsaðilum, nema til þess að útvega þær upplýsingar, sem eigi var hægt með sanngirni að ætlast til að þeir hefðu þegar útvegað sjer, eða til að svara sóknar- eða varnarskjali, sem þeir treysta sjer ekki til að svara þegar fyrir rjettinum, og má eigi verja til málsins meiru en tveim rjettarhöldum, nema knýjandi nauðsyn sje til þess. Dóm ber að uppkveða þegar á staðnum eða í síðasta lagi innan hálfsmánaðar eptir að málið hefur verið tekið undir dóm.

Hafi stefndi gagnkröfu á hendur stefnanda, getur hann komið fram með hana án kæru til sáttanefndar eða gagnstefnu, ef hún fer eigi fram úr 100 kr.; þó getur hann eigi fengið dóm fyrir meiru en til að jafna skuldaskiptin.

12. gr. Löggeymslugjörð, aðför og nauðungar-uppboð í skuldamálum, þar sem skuldar-upphæðin fer eigi fram úr 100 kr., má hreppstjóri utan kaupstaða framkvæma í umboði fógeta, eptir reglum þeim, sem um það gilda. Borgun fyrir það fær hann samkvæmt 5. og 6. gr. laga 13. jan. 1882 um borgun til hreppstjóra og annara, sem gjöra rjettarverk.

Ed

337. Nefndarálit

í málinu: Frumv. til laga um hafnsögugjald í Reykjavík.

Á nefndu frumvarpi hefur hin heiðr. neðri deild gjört þá breytingu frá því, sem samþykkt var í þessari deild, að hún hefur fært hafnsögugjaldið fyrir verzlunar- og mannflutningaskip niður úr 10 a. fyrir hverja smálest í 5 aura, þannig, að eptir því frumvarpi, sem neðri deild hefur samþykkt, verður gjaldið jafnt fyrir öll skip, er það skulu greiða.

Þótt vjer nú getum fallizt á að ráða þessari h. deild til að gjöra það til samkomulags við systurdeild vora, að láta gjaldið vera hið sama fyrir öll skip, sem það skulu greiða, þá fær oss eigi dulizt, að sú nál. 500 kr. lækkun á hinu áætlaða hafnsögugjaldi, sem leiðir af umræddri breytingu, hljóti að gjöra það að verkum, að frumvarpið í þessari mynd geti eigi fullnægt tilgangi sínum: þeim, að útvega það fje, sem nauðsynlegt er til að eiga kost á hæfum mönnum til hafnsögu í Reykjavík, svo að hún komist í viðunanlegt horf. Til þessa nægir að vorri ætlun eigi lægra gjald en 8 aurar af smálest hverri af skipum þeim, sem gjaldið nær til, og það meðal annars með tilliti til þess, að tala fiskiskipa frá útlöndum, er koma til Reykjavíkur, getur verið mjög mismunandi á ýmsum árum, og mætti vel ætla, að hún færi minnkandi, er gjaldið yrði á lagt.

Samkvæmt þessu viljum vjer ráða hinni heiðruðu deild til að fallast á frumv. með þessum breytingum:

1. Fyrir »5 aura í hafnsögugjald . . . hinna síðartöldu« í 1. gr. komi: 8 aura í hafnsögugjald af hverri smálest.
2. — orðin »að skipið kemur« í næstu línu greinarinnar, komi: er skipið kemur.

Alþingi, 2. ágúst 1893.

Kristján Jónsson, formaður og framsögum. Hallgrímur Sveinsson, skrifari. Þorleifur Jónsson.

Nd.

338. Nefndarálit

um frumv. til laga um fjárráð giptra kvenna o. fl. frá meiri hluta nefndarinnar.

Nefnd sú, er hin virðul. neðri deild alþingis fól að íhuga frumv. það sem hjer ræðir um, hefur rætt það vandlega á mörgum fundum; niðurstaðan hefur loks orðið sú, að nefndarmenn hafa eigi getað orðið á eitt mál sáttir.

Vjer þrír nefndarmenn viljum ráða hinni háttv. deild að samþykkja frumv. með því að vjer teljum það góða og nauðsynlega rjettarbót. Það er að eins á tveim greinum, sem vjer viljum ráða til að breytingar sje gjörðar. Við fyrri hluta fyrstu umræðu var bent á, að eptir ákvæðum 7. gr. væri eigi rjettur bóndans nægilega tryggður gegn konunni, þá er hún hefur umráð fjelagsbúsins. Oss virðist nú jafnrjetti beggja hjóna að því er snertir meðferð fasteigna fjelagsbús, vera best tryggt með því, að ávallt, þá er um það er að ræða að selja, leigja eða veðbinda fasteignir, sem eru sameign hjóna, þá verði að koma til samþykki beggja þeirra, ef gjörningur á lögmætur að vera, og ráðum vjer til að 7. gr. sje breytt á þá leið.

Ákvæði 11. gr. um það, að hvort hjóna fyrir sig geti heimtað fjárskipti, sýnist oss rjett að binda því skilyrði, að sannað verði með áliti dómkvaddra manna að annaðhvort hjónanna fari mjög ráðlauslega með efni búsins. Aðaltilgangur ákvæðisins er sá, að draga úr tjóni því og eymd, sem ósjaldan stafar af því, að óráðs- og óreglumenn geta hindrunarlaust sóað og eyðilagt sameiginlega eign sína og konu sinnar, og með því að breyta greininni, eins og hjer er gjört ráð fyrir, virðist oss, að þessi tilgangur muni nást, án þess þó að ákvæðin á hinn bóginn heimili fjárskipti milli hjóna, að öðru þeirra nauðugu, nema full nauðsyn sje til.

Vjer viljum því ráða hinni virðul. deild til að samþykkja frumv. með þessum breytingum:

Við fyrri hluta 7. gr. Í staðinn fyrir: »Eigi má hann þó ..... hennar koma til« komi: Hvorugt hjóna má þó selja, veðbinda nje leigja fasteignir búsins, nema samþykki hins komi til.

Við síðari hluta 7. gr. Í staðinn fyrir: »bóndi« komi: annaðhvort hjóna.
— — — »Konunni fornspurðri« komi: hinu fornspurðu
— — — »henni« komi: því
— — — »hún« komi: það

Við 11. gr. Á eptir orðunum: »fjárskipti með þeim« bætist inn í: ef það sannast með áliti dómkvaddra manna að annaðhvort þeirra hafi farið ráðlauslega með eigur fjelagsbúsins.

— — — Í staðinn fyrir »skal gjörningur sá« komi: skulu fjárskiptin síðan.

Neðri deild alþingis 3. ágúst 1893.

Jón Jónsson 2. þm. Eyf. formaður. Skúli Thoroddsen framsögumaður. Þorlákur Guðmundsson.

Nd. **339. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1890 og 1891, (eins og það var samþ. við 2. umr. í n. d.

1. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1890 og 1891, veitast 18009 kr. 64 a. til gjalda þeirra, sem talin eru í 2.—6. gr. hjer á eptir.

2. gr. Sem viðbót við gjöldin til vitans á Reykjanesi í 10. gr. C. veitast: undir lið f. til viðurhalds á húsum og áhöldum 1890 . . . . . 664 kr. 50 a.

3. gr. Sem viðbót við upphæð þá, sem veitt er með 10. gr. C. 5. b. og með fjáraukalögum 2. október 1891 fyrir árin 1890 og 1891 til þess að bæta vegi á aðalpóstleiðum, veitast fyrir árið 1891 5,630 kr. 51 e., þar af 5,309 kr. 79 a. til vegagjörðar, sem sameinar Ölfusárbrúna við aðalpóstveginn.

4. gr Sem viðbót við gjöldin til póststjórnarinnar í 12. gr. veitast:

undir 2. lið: póstflutningur:

1890	3,780 kr.	95 a.
1891	4,936 —	12 —
undir 3. lið; önnur útgjöld:		
c. dagpeningar og ferðakostnaður 1890	122 —	70 —
d. fyrir prentun á ýmsu 1890	124 —	49 —
1891	1,133 —	33 —
e. til áhalda 1890	271 —	16 —
Samtals	10,368 kr.	75 a.

5. gr. Sem viðbót við gjöldin til kirkju og kennslumála í 13. gr. C. veitast til Fornleifafjelagsins 1890 og 1891 300 kr. hvort árið, alls 600 kr.

6. gr. Sem viðbót við hina áætluðu upphæð til óvissra útgjalda í 16. gr. veitast:

fyrir árið 1890:

a. til aðalaðgjörðar á bústað landshöfðingja utanverðum . .	349 kr.	38 a.
b. fyrir peningaskáp úr járni handa Kjósar- og Gullbringusýslu	110 —	00 —

fyrir árið 1891:

c. til prentunar á bæklingi um sullaveiki	86 —	50 —
d. til prentunar á ritlingi um leiðir og lendingar	200 —	00 —
Samtals	745 kr.	88 a.

Ed. **340. Frumvarp**

til laga um afnám gjalds af fasteignasölu. Eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild.

Gjald af fasteignasölu, sem ákveðið er í 1. gr. tilskipunar 8. febrúar 1810, skal úr lögum numið.

Ed. **341. Frumvarp**

til laga um breyting á 2., 4. og 15. gr. í tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 og viðauka við hana. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í n. d.).

1. gr. Hverjum þeim manni, sem er fullveðja að aldri, er heimilt að leysa sig undan vistarskyldunni með því að taka leyfisbrjef hjá lögreglustjóra.

Fyrir leyfisbrjef skal karlmaður gjalda 10 kr. en kvennmaður 5 kr. Rennur það fje í styrktarsjóð handa alþýðufólki í þeim hrepp, er hann var síðast vistfastur í.

Sá, sem er fullra 30 ára að aldri, fær leyfisbrjefið ókeypis.

2. gr. Sá, er vill fá leyfisbrjefið, skal taka það í síðasta lagi 1. dag maímánaðar það ár, er hann gengur úr fastri vist.

3. gr. Skylt er hverjum manni, er þannig verður laus, að hafa fast ársheimili, og skal hann tilkynna viðkomandi hreppstjóra eða bæjarfógeta á vori hverju, eigi síðar en 20. júní, hjá hverjum húsráðanda heimili hans er og sanna það með skýrteini frá húsráðandanum ef hreppstjóri eða bæjarfógeti krefst þess, verði ella sekur um 4—20 kr. og renni þær sektir hálfar í fátækrasjóð, en hálfar til hreppstjóra, eða til fátækrastjóra, ef í kaupstað er.

4. gr. Rjett er, að lausamaður greiði þar lögboðin gjöld, sem ársheimili hans er. Nú greiðir hann eigi gjöld þessi á rjettum gjalddaga, og er þá húsráðandi sá, er lausamaður á heimili hjá, skyldur að greiða gjöldin fyrir hann, nema hann geti vísað á eignir, er lausamaður á og teknar verða lögtaki til lúkningar gjöldunum.

5. gr. Með lögum þessum er numin úr gildi 2. og 4.gr. í tilsk. um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 og 15. gr. í sömu lögum, að því er snertir leyfisbrjefagjaldið.

Um brot gegn 1. gr. í lögum þessum gilda sömu ákvarðanir, sem um brot gegn 2. gr. í nefndri tilskipun.

6. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1894.

Nd. **342. Frumvarp**

til laga um gæzlu og viðhald á brúm yfir Ölfusá og Þjórsá, (eins og það var samþykkt við 2. umr. í neðri deild).

1. gr. Landshöfðingi hefur yfirumsjón með brúnni á Ölfusá hjá Selfossi og brúnni á Þjórsá hjá Þjótanda, kveður á um meðferð þeirra og gæzlu og leggur sektir allt að 100 kr. við brotum.

2. gr. Kostnað við gæzlu brúnna skal greiða úr sýslusjóðum Árness- og Rangárvallasýslu, er skiptist á nefnd sýslufjelög eptir hlutfallinu milli samanlagðrar tölu lausafjárhundraða og jarðarhundraða í þeim ár hvert.

3. gr. Allan kostnað, sem viðhald brúnna útheimtir, skal greiða úr landssjóði.

Nd. **343. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga árið 1894 og 1895. Frá Kl. Jónssyni.

Við 13. gr. B. Aptan við liðinn h. bætist við nýjir liðir svo hljóðandi:

i. 1.	Til síra Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kennslu heyrnar- og málleysingja	150—
2.	Til sama húsaleigustyrkur	50—
		200—200

j. Til Magnúsar Einarssonar á Akureyri til þess að kenna organslátt og söng norðanlands ... ... 300—300

Nd. **344. Breytingartillögur**
við frv. til fjárlaga 1894—1895. Frá Einari Jónssyni.
1. Við 10. gr. C. 4. a. 3. Fyrir »2000« komi: 3500
2. — — — — — — 4. — »2500« — 3000
3. — 13. gr. — 2. — »Norðuramtsins . . . til hvers þeirra« komi: og norðuramtsins 200 kr. til hvors þeirra og til bókasafns Austuramtsins 300 kr. á ári.

Nd. **345. Breytingartillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895. Frá Birni Bjarnarsyni.
Við 13. gr. B. I. b. 2. Fyrir: »3 ölmusur.....600 kr. 600 kr.«
komi: 3 ölmusur, 100 kr. hver.....300 — 300 —

Nd. **346. Breytingartillögur**
við fjárlagafrumvarpið fyrir árin 1894 og 1895. Frá H. Kr. Friðrikssyni.
1. Við 13. gr. C. 4.: Fyrir »400 — 400« komi: »1000 — 1000«.
2. — — — eptir 13. tölulið komi: »Til Brynjólfs Þorlákssonar til að fullkomna sig í organspili og söngfræði 1000 kr.« fyrra árið.
3. Viðaukatillaga við 10. gr. C. milli a. og b. komi inn: »Til Sæmundar Eyjólfssonar til að leiðbeina í búnaði, 1000 kr. hvort árið.

Nd. **347. Viðaukatillaga**
við fjárlögin fyrir árin 1894 og 1895. Frá H. Kr. Friðrikssyni.
Við 13. gr. C. bætist nýr töluliður:
»Til Tryggva Gunnarssonar fyrir það, sem hann hefur unnið framyfir umsamið verk við Ölfusárbrúna, og skaða þann, sem hann hefur beðið af brúargjörðinni, 5000 kr.« fyrra árið.

Nd. **348. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895. Frá Sigurði Gunnarssyni.
Við 13. gr. C. Á eptir 11. tölulið komi nýr töluliður:
12. Styrkur til síra Stefáns Sigfússonar til að fara utan og kynna sjer lækningar á bráðafári í sauðfje.....800 —
12. töluliður verði 13. tölul. o. s. frv.
Samlagningarnar breytast samkvæmt þessu.

Nd. **349. Nefndarálit**

um frumv. til laga um ýms atriði, er snerta gjaldþrotaskipti.

Nefnd sú, er hin háttvirta neðri deild hefir skipað, til að íhuga frumv. til laga um ýms atriði, er snerta gjaldþrotaskipti, hefur tekið málefni þetta til meðferðar á nefndarfundum, og kynnt sjer það ýtarlega. Ákvæði frumvarpsins, sem í öllum verulegum atriðum eru í samræmi við löggjöf þá, er í þessu efni gildir í nágrannalöndum vorum, eru að áliti nefndarinnar nægilega glögg og nákvæm, og telur nefndin þess mikla þörf, að þau geti orðið að gildandi lögum. Löggjöf sú, er nú höfum vjer, er í mörgum atriðum óglögg og ónóg, þegar um gjaldþrotaskipti er að ræða, en nú á tímum eru þau orðin nokkuð tíð, og ráð má gjöra fyrir því, að þau verði enn tíðari þegar lengra líður fram, og viðskiptalíf þjóðarinnar verður fjölbreyttara og örara. Lagasetning um þau atriði, er snerta gjaldþrotasskipti, eru því mjög nauðsynleg, og telur nefndin það því mikils um varðandi, að frumv. það, er hjer liggur fyrir, nái samþykki hinnar háttv. deildar.

Nefndin finnur eigi ástæðu til, að koma fram með tillögur til breytinga, er snerti ákvæði frumvarpsins að efni til, og þó að nefndinni að vísu virðist málfærið á frv. eigi sem heppilegast og á nokkrum stöðum flóknara, og þar af leiðandi óljósara, en nauðsyn ber til, þá hefur nefndin þó eigi viljað fara fram á breytingar í þessu efni, því að nefndin álítur, að orðfærið muni hvergi geta valdið misskilningi, og hefur því eigi viljað tefja fyrir málinu með breytingartillögum um þessi atriði.

Nefndin leyfir sjer því samkvæmt þessu að ráða hinni háttv. deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 4. ágúst 1893.

H. Kr. Friðriksson, formaður. Guðl. Guðmundsson, skrifari og framsögum. Kl. Jónsson.

Ólafur Briem. B. Kristjánsson.

Ed. **350. Frumvarp**

til laga um búsetu fastakaupmanna á Íslandi. Flutningsmaður Sigurður Stefánsson.

1. gr. Enginn má framvegis stofna nje reka fasta verzlun hjer á landi, nema hann sje hjer búsettur, haldi hjer dúk og disk. Svo er og lausakaupmönnum þeim, er eigi reka hjer fasta verzlun, bönnuð smáverzlun öll en smáverzlun skal það talin, ef selt er fyrir minna af nokkurri vörutegund í einú en 200 kr.

2. gr. Kaupmenn þeir, sem nú eiga fastar verzlanir hjer á landi en eru búsettir erlendis, skulu þó, meðan þeir eiga þær, mega reka slíkar verzlanir á þann hátt, sem lög hingað til hafa leyft.

3. gr. Sá, sem gjörir sig sekan í broti eða yfirhylmingu gegn lögum þessum, skal sæta 100—5000 króna sektum, er renna í landssjóð.

4. gr. Með mál út af brotum gegn lögum þessum, skal farið, sem opinber lögreglumál.

5. gr. Ákvarðanir þær í opnu brjefi 1. júní 1792 og öðrum lagaboðum, sem koma í bága við lög þessi, eru úr gildi felldar.

Nd. **351. Framhaldsálit**

í málinu: Frumvarp til laga um kirkjur.

Eins og framsögumaður gjörði ráð fyrir við fyrri hluta annarar umræðu þessa máls, höfum vjer nefndarmenn íhugað það að nýju samkvæmt bendingum þeim, er þá

komu fram, sjerstaklega frá hæstvirtum landshöfðingja. Stingum vjer nú upp á nokkrum breytingum í viðbót við hinar fyrri breytingar vorar, og miða þær flestar að eins til að gjöra ákvæði frumvarpsins ljósari og koma meira samræmi á milli hinna einstöku greina. En til ljettis háttvirtum deildarmönnum við atkvæðagreiðsluna, steypum vjer öllum hinum fyrri breytingartillögum vorum, er vjer höldum enn fast við, saman við þær, er vjer nú höfum gjört; með öðrum orðum, vjer tökum aptur fyrri breytingartillögur vorar, en ráðum nú hinni háttvirtu deild til að fallast á frumvarpið með breytingum þeim, er nú skal greina:

1. Við 1. gr. Á eptir »ljóstollur« komi: legkaup
2. — — — Orðin: »skal — afnumið« falli burt.
3. — — — Á eptir »sætisfiskur« komi: svo og skylduvinna við kirkjur og kirkjugarða skal vera úr lögum numið.
4. — 2. gr. Í stað fyrri málsgreinar (»Gjald — gjalddaga«) komi svolátandi málsgrein: Hver fermdur maður skal greiða 75 aura gjald til kirkju í þeirri sókn, sem hann hefur lögheimili í á gjalddaga; en gjalddagi er 31. okt. ár hvert. (Önnur málsgrein óbreytt).
5. — 3. gr. Þriðja grein orðist þannig: Kirkjugjald skal hver húsráðandi inna af hendi til gjaldheimtumanns fyrir sig, skyldulið sitt og annað heimilisfólk. Nú þiggur hinn gjaldskyldi af sveit, og skal þá greiða gjaldið úr sveitarsjóði.
6. — 4. gr. óbreytt.
7. — 5. gr. Þessi grein falli burt.
8. — 6. gr. — — falli burt.
9. — 7. gr. (verður 5. gr.) í stað »10 af hundraði« komi: 6 af hundraði.
10. — 8. gr. Þessi grein verður 6. grein óbreytt.
11. — 9. gr. sem verður 7. gr. orðist þannig: Allt það fje, sem kirkjur eiga afgangs útgjöldum ár hvert, skal láta á vöxtu í sameiginlegan kirkjusjóð. Heimilt er þó reikningshaldara að halda eptir vaxtalaust allt að 100 krónum af tekjum kirkju. Af sjóðum þeim, er kirkjur eiga, þá er lög þessi öðlast gildi, skal sá, er sjóðinn hefur undir hendi, greiða árlega $^1/_{15}$ í hinn sameiginlega kirkjusjóð, uns sjóðurinn er allur greiddur af hendi, enda þurfi hans eigi þá þegar kirkjunni til aðgjörðar eða endurbyggingar. Greiða skal fje þetta prófasti fyrir 31. október ár hvert; en hann sendir það síðan til stiptsyfirvaldanna.

    Að því er bændakirkjur snertir, gilda ákvæði þessarar greinar því að eins, að eigendur þeirra og stjórnendur kirkjusjóðsins sampykki.
12. — 10. gr. (sem verður 8. gr.). Þessi grein orðist þannig: »Hin árlegu útgjöld kirkna, svo sem lýsing, brauð og vín, þvottur og hirðing á kirkju og skrúða, útgjöld til graftóla, innheimtulaun, borgun fyrir endurskoðun kirkjureiknings, bygging og viðhald kirkjugarðs, og gjald til prófasts (samkv. 12. gr.) greiðist af kirkjusjóði; enn fremur borgun fyrir organleik, söngstjórn, og hitun kirkju, þegar efni sjóðsins leyfa.

    Stiptsyfirvöldin hafa yfirumsjón kirkjusjóðsins, ávaxta hann og ávísa fje því, er borgast skal úr sjóðnum.

Auglýsa skal reikninga kirkjusjóðsins árlega í Stjórnartíðindunum, deildinni B.

13. — 11. og 12. gr. Þessar greinar falli saman í eina grein (sem verður 9. gr.) og orðist þannig: »Þá er kirkja þarf aðalviðgörðar eða byggja skal kirkju að nýju, mælir biskup með ráði prófasts og byggingarfróðs manns fyrir um stærð og gjörð hennar, og hve miklu fje til verksins skuli verja. Skal þá ávallt hafa tillit til þess, hve miklar tekjur kirkjunnar eru. Þó ber að veita fje til þess, að sjer hver kirkja, sem að áliti hlutaðeigandi hjeraðsfundar og biskups er nauðsynleg, geti verið í sómasamlegu standi og hæfileg til guðsþjónustu; en gætt skal þess, að skuldlaus innstæða sjóðsins verði aldrei minni en 100,000 kr.»

Bygging kirkju og aðalviðgjörð skal fara fram undir eptirliti eins eða fleiri manna, sem prófastur kveður til þess; en framkvæmd verksins annast sá, sem hefur umsjón og fjárhald kirkjunnar.

14. — 13. gr. (sem verður 10. gr.). Þessi grein orðist þannig: »Söknarnefndir annast bygging og viðhald kirkjugarða; svo annast þær og hitun kirkna, ráða organleikara og forsöngvara, þá er efni kirkjusjóðsins leyfa útgjöld til slíks (samkv. 8. gr.).

15. — 14. og 15. gr. Þessar greinar falla burtu.

16. — 16. gr. (sem verður 11. gr.). Þessi grein orðist þannig: »Í stað kirkjuskoðunarlauna þeirra, sem verið hafa, skal greiða hjeraðsprófasti 10 króna árlega þóknun úr kirkjusjóði fyrir hverja þá kirkju í prófastsdæmi hans, er þangað greiðir gjöld sín.

17. — 17. gr. Þessi grein falli burt.

16. — 18. gr. (sem verður 12. gr.). Þessi grein orðist þannig: »Nú hefur lán verið tekið handa kirkju með samþykki kirkjustjórnar, greiðist þá það, sem ógreitt er af láninu, úr hinum sameiginlega kirkjusjóði. Það fje, sem fjárhaldsmaður hefur lánað kirkju, endurgreiðist honum vaxtalaust á 15 árum, $^1/_{15}$ á ári af skuldinni eins og hún er, þá er lögin öðlast gildi.

19. — 19. gr. (sem verður 13. gr.). Fyrri málsgrein orðist þannig: »Þegar kirkja, sem greiðir tekjur sínar í hinn sameiginlega kirkjusjóð, er lögð niður, rennur andvirði hennar í sjóðinn,

20. — 19. gr. Orðin: »samkvæmt -- ljenskirkju« í niðurlagi 19. gr. falli burt.

21. — 20. gr. (sem verður 14. gr.). Þessi grein orðist þannig: »Með lögum þessum eru öll lagaákvæði um tíund til kirkju, ljóstolla og legkaup, 4.--6. gr. tilskip. 27. jan. 1847, 13. og 15. gr. reglugjörðar 17. júlí 1782, lög nr. 20, 22. maí 1890, og öll ákvæði í lögum, sem koma í bága við lög þessi, úr gildi felld«.

22. Aptan við frumvarpið komi ný grein, sem verður 15. gr. svo látandi: »Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1894«.

Alþingi, 3. ágúst 1893.

Þórarinn Böðvarsson, formaður og framsögum.
Sigurður Gunnarsson, skrifari.
Jón Jakobsson.
H. Kr. Friðriksson.
Björn Bjarnarson.

Frá	Reykjavík	16.*marz	...	31. marz	...	20. apríl
—	Keflavík	...	...	31. —	14. apríl	20. —
—	Þorlákshöfn	...	...	1. apríl	14. —	20. —
—	Eyrarbakka eða Stokkseyri	...	...	1. —	14. —	20. —
—	Vestmannaeyjum	...	...	1. —	14. —	21. —
—	Vík (Portland)	...	...	...	...	22. —
—	Hornafirði	...	...	2. apríl	13. apríl	23. —
—	Papós	...	...	...	. .	23. —
—	Berufirði	...	...	3. apríl	13. apríl	24. —
—	Stöðvarfirði	...	...	...	...	24. —
—	Fáskrúðsfirði	...	...	4. apríl	12. apríl	25. —
—	Reyðarfirði	...	...	4. —	12. —	26. —
—	Eskifirði	...	...	4. —	12. —	26. —
—	Norðfirði	...	...	. .	...	27. —
—	Mjóafirði	...	...	...	...	27. —
—	Seyðisfirði	...	...	5. apríl	11. apríl	29.* —
—	Borgarfirði	...	...	...	...	29. —
—	Vopnafirði	...	...	5. apríl	10. apríl	30. —
—	Finnafirði	...	. .	...	...	30. —
—	Þórshöfn	...	...	...	...	1. maí
—	Raufarhöfn	...	...	...	...	1. —
—	Kópaskeri	...	...	...	...	1. —
—	Húsavík	...	...	6. apríl	9. apríl	2. —
—	Grímsey	...	...	...	...	2. —
—	Akureyri	...	...	7. apríl	8. apríl	3. —
—	Siglufirði	...	...	...	...	3. —
—	Hofsós	...	...	...	...	3. —
—	Sauðárkrók	...	...	...	...	4. —
—	Skagaströnd	...	...	...	...	5. —
—	Blönduós	...	...	...	...	5. —
—	Borðeyri	...	...	...	...	...
—	Bitrufirði	...	...	...	...	5. maí
—	Reykjarfirði	...	...	...	...	5. —
—	Ísafirði	...	22. marz	...	...	7.* —
—	Ögri	21. marz	...	...	...	7. —
—	Arngerðareyri	21. —	...	...	...	7. —
—	Ísafirði	20. —	...	...	...	7. —
—	Önundarfirði	...	...	...	...	...
—	Dýrafirði	19. marz	23. marz	...	...	8. maí
—	Arnarfirði	...	...	...	...	8. —
—	Patreksfirði	18. marz	23. marz	...	...	...
—	Flatey	...	...	...	...	9. maí
—	Stykkishólmi	17. marz	24. marz	...	...	...
—	Ólafsvík	16.marz†	24. —	...	...	...
í	Reykjavík	...	26. —	..	15.*apríl	10.*maí

Banni stormur, þoka, brim eða aðrar torfærur af náttúrunnar völdum viðkomu á einhvern þessara staða, hefur útgerðarmaður rjett til, þegar burtfarartíminn er kominn, að halda áfram ferðinni. Liggi hafís við land og aptri ferð skipsins, verður snúið við umhverfis land alla leið að ísnum og ferðinni haldið áfram þaðan og áætluninni fylgt svo sem unnt verður.

áætlun

árin 1894 og 1895.

17. maí	8.*júní	1.*júlí	26.*júlí	27.*ág.	...	3. okt.	7. nóv.	...
...	8. —	1. —	16. ág.	27. —	27. sept.	3. —	3. des.	...
...	9. —	2. —	15. —	28. —	...	4. —	...	...
...	9. —	2. —	15. —	28. —	...	4. —	...	...
4. júní	9. —	2. —	15. —	28. —	26. sept.	5. —	2. des.	...
...	...	3. —	14. —	29. —	...	5. —	...	...
...	...	4. —	13. —	...	...	...	...	...
...	...	..	13. —	30. ág.	...	6. okt.	...	...
3. júní	...	...	12. —	31. —	..	7. —	30. nóv.	...
...	...	...	12. —	31. —	...	8. —	...	...
..	11. júní	...	12. —	31. —	...	8. —	29. nóv.	...
3. júní	11. —	...	11. —	1. sept.	25. sept.	9. —	29. —	...
3. —	11. —	...	11. —	1. —	25. —	10. —	28. —	...
2. —	12. —	...	10. —	2. —	24. —	10. —	28. —	...
2. —	12. —	...	10. —	2. —	24. —	11. —	27. —	...
2. —	13. —	...	10. —	3. —	23. —	12.* —	27. —	...
1. —	13. —	...	9. —	...	...	12. —	...	...
1. —	14. —	...	9. —	4. sept.	22. sept.	13. —	25. nóv.	...
31. maí	14. —	...	8. —	...	...	13. —	...	...
31. —	15. —	..	7. —	5. sept.	...	14. —	...	...
31. —	15. —	6. júlí	7. —	5. —	...	14. —	23. nóv.	...
30. —	15. —	...	7. —	...	...	14. —	...	...
30. —	16. —	6. júlí	6. —	6. sept.	...	15. —	22. nóv.	...
...	17. —	...	5. —	...	...	...	...	...
29.*maí	20.* —	7. júlí	4. —	7.*sept.	20. sept.	17. okt.	21. nóv.	...
26. —	...	...	3. —	8. —	...	18. —	19. —	...
25. —	...	...	2. —	...	...	19. —	...	...
25. —	21. júní	8.*júlí	2. —	9. sept.	19. sept.	20. —	18. nóv.	...
24. —	...	9. —	1. —	10. —	...	21. —	...	...
24. —	22. júní	9. —	1. —	11. —	18.† sept.	21. —	17. nóv.	...
23. —	...	10. —	...	12. —	...	...	..	...
22. —	22. júní	10. —	31. júlí	...	...	22. okt.	...	...
22. —	22. —	11. —	31. —	13. sept.	..	23. —	16. nóv.	...
21. —	23. —	12. —	30. —	14. —	...	24. —	14. —	...
...	24. —	13. —	...	15. —	...	25. —	13. —	...
...	24. —	13. —	...	15. —	...	25. —	18. —	...
...	24. —	13. —	...	16. —	...	26. —	13. —	...
20. maí	...	14. —	29. júlí	...	...	26. —	12. —	...
19. —	...	14. —	29. —	...	...	27. —	11. —	...
...	...	15. —	28. —	...	...	27. —	10. —	...
19. maí	..	15. —	28. —	..	...	28. —	9. —	...
18. —	...	16. —	27. —	...	...	28. —	...	...
18. —	...	16. —	27. —	...	...	29. —	8.†nóv.	...
17.† —	...	16. —	26.† —	...	...	29. —	...	...
5. júní	26.*júní	17.*júlí	17.*ág.	...	28. sept.	1. nóv.	...	5. des.

Enginn farþegi er skyldur að kaupa viðurværi á skipinu, en fæði verður þar jafnan til sölu þeim, er þess óska.

Stjarnan (*) merkir, að »Ernst« mætir póstskipinu.

Kross (†) merkir, að lesa skuli dálkinn upp eptir.

Nd. **353. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breytingu á 3. og 5. gr. yfirsetukvennalaga 17. des. 1875. Frá Sighv. Árnasyni, Þorláki Guðmundssyni og Þórði Guðmundssyni.

Við 1. gr. Orðin »en í sveitum 60 kr.« falli burt.
— — — — »þar að auki« falli burt.
— — — Í staðinn fyrir orðið »viðbót« komi: launaviðbót.

Nd. **354. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um breytingu á 3. og 5. gr. yfirsetukvennalaga 17. des. 1875. Frá flutningsmönnum.

Við 3. gr. Greinin orðist þannig:

Með lögum þessum er úr lögum numin 3. gr. og fyrri málsgrein 5. gr. yfirsetukvennalaga 17. des. 1875.

Nd. **355. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um eptirlaun.

Vjer undirritaðir, sem kosnir höfum verið í nefnd til að íhuga og gjöra tillögur um frumvarp til laga um eptirlaun, viljum hjer með skýra frá áliti voru á þessa leið:

Eins og það er víst, að verður er verkamaðurinn launanna, þegar hann leysir verk sitt vel af hendi, svo virðist það á hinn bóginn óeðlilegt, að veita mönnum borgun fyrir ákveðið starf lengur en meðan þeir gegna því, enda á slíkt sjer engan stað í almennum viðskiptum. Vjer fáum því eigi betur sjeð, en að embættismaður, sem hefur verið sæmilega launaður þann tíma, er hann hefur þjónað embætti, hafi að rjettu lagi öll sín laun út tekið, þegar hann sleppir embættinu, og að eptirlaun embættismanna styðjist því eigi við rjetta grundvallarreglu. Samt sem áður getur oss eigi dulizt, að eins og nú stendur mundi það verða örðugt, að fá eptirlaunin afnumin til fulls, og auk þess gæti það, ef til vill, valdið ýmsum vandkvæðum í framkvæmdinni. Vjer erum því samdóma um, að naumast sje gjörlegt að svo stöddu, að fara fram á algjört afnám eptirlauna, en að líklegra sje til framgangs og að sumu leyti affarasælla, að láta sjer nægja í bráð, að lækka þau að miklum mun. Að því leyti sem frumvarp það, er hjer liggur fyrir, fer í þessa átt, erum vjer því fyllilega samþykkir, en álítum það einungis fara allt of skammt í þessa stefnu.

Við fumvarpið höfum vjer að öðru leyti ekkert verulegt að athuga, og ráðum hinni háttvirtu deild til að samþykkja það með þessum breytingum:

1. Við 2. gr. Fyrir „1/4“ komi: 1/5
2. — — — — „2/3“ — helming
3. — — — — „2/3 hluta“ — helmings
4. — 7. gr. — „1/8“ — 1/10

Alþingi. 4. ágúst 1893.

Jón Jónsson, formaður. Ólafur Briem, skrifari og framsögum. Sighv. Árnason.

Þorlákur Guðmundsson. Björn Sigfússon.

Ed. **356. Frumvarp**

til laga um bæjarstjórn á Seyðisfirði. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.).

1. gr. Seyðisfjarðarkaupstaður með Búðareyri og Vestdalseyri, og jarðirnar Vestdalur og Fjörður með Fjarðarseli og Odda skal vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig, með kaupstaðarrjettindum.

2. gr. Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn; í henni eru kosnir bæjarfulltrúar og bæjarfógeti; er bæjarfógeti oddviti stjórnarinnar og hefur atkvæðisrjett á fundum.

3. gr. Framkvæmd ákvarðana þeirra, er bæjarstjórn gjörir, og bæjarmálefni yfir höfuð eru á hendi oddvitans. Ef bæjarstjórninni þykir þess við þurfa, eða henni virðist það hagfellt í einstöku tilfellum, má hún fela einum eða fleirum úr sínum flokki á hendur, að framkvæma sjerstök bæjarstörf, eptir þeim reglum, sem hún sjálf kemur sjer saman um.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sjer þau sjerstöku bæjarstörf, sem þeim eru falin á hendur.

4. gr. Fulltrúar kaupstaðarins skulu vera 6, þó má landshöfðingi breyta tölu fulltrúanna, ef þörf gjörist, eptir tillögu bæjarstjórnarinnar; skulu þeir kosnir af þeim bæjarbúum, sem kosningarrjett hafa eptir lögum þessum.

5. gr. Kosningarrjett hafa allir karlmenn í kaupstaðnum, sem eru orðnir fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, eru eigi öðrum háðir, hafa verið heimilis fastir í kaupstaðnum 1 ár, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, og er eigi lagt af sveit, eða, hafi þeir fengið sveitarstyrk, þá endurgoldið hann eða verið gefinn hann upp; en greitt skulu þeir hafa að minnsta kosti 4 krónur í bein bæjargjöld síðasta árið. Kosningarrjett hafa og ekkjur og aðrar ógiptar konur, ef þær fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í lögum 12. maí 1882 um kosningarrjett kvenna og í grein þessari.

Kjörgengur er hver sá karlmaður, er kosningarrjett hefur.

6. gr. Bæjarfulltrúar skulu kosnir til þriggja ára. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta skipti, fara 2 frá að ári liðnu, og svo tveir ár hvert. Skal það, hverjir frá fara fyrstu 2 árin, verða komið undir samkomulagi, en verði því eigi á komið, skal hlutkesti ráða. Ef einhver fulltrúi fer frá, hverjar helzt sakir sem til þess eru, áður 3 ár eru liðin frá kosningu hans, skal þegar kjósa annan í hans stað, og hefur sá fulltrúasýslu á hendi að eins um þann tíma, er vantaði upp á, að hinn hefði verið 3 ár, er frá fór.

7. gr. Fulltrúakosningar skulu fram fara einhvern hinn fyrsta virkan dag eptir, nýjár, nema þegar svo stendur á, að kjósa þarf aukreitis. Svo skal kosning undirbúa að skrá sje samin um þá, sem kosningarrjett hafa; þá skrá skal kjörstjórnin semja, en þessir eru kjörstjórar: bæjarfógetinn og tveir fulltrúanna, er bæjarstjórnin til þess kýs. Kjörskráin skal liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis á hentugum stað um hálfan mánuð á undan kjördegi. Mótbárur gegn kjörskránni, sem lúta að því, að nokkur sje of eða vantalinn, á að bera upp fyrir kjörstjórninni að minnsta kosti 3 dögum á undan kjördegi, svo að hún geti þann dag lagt úrskurð sinn á málið; en að öðrum kosti verða þær eigi teknar til greina.

8. gr. Formaður kjörstjórnarinnar skal boða stað og stund, er kosningar skulu fram fara, að minnsta kosti viku á undan, og á þann hátt, sem þing almennt eru boðuð í kaupstaðnum. Kjörfundinn skal halda fyrir opnum dyrum; skulu þá allir kjósend-

ur, er neyta vilja kosningarrjettar síns, koma sjálfir á kjörfund og lýsa yfir því, annaðhvort munnlega fyrir kjörstjórninni, eða á ólokuðum seðli, hvern þeir vilja kjósa. Atkvæði skulu greidd í einu um svo marga, sem kjósa skal. Þegar þeir hafa greitt atkvæði, sem við eru staddir, og allir kjósendur kallaðir fram, skal kjörstjórnin bíða hálfa stund, áður en hún slítur kosningarfundinum, til þess að þeir, sem þá eru eigi komnir, fái með þessu móti tækifæri til að neyta kosningarrjettar síns. Þegar öll atkvæði eru bókuð, les formaður kjörstjórnarinnar þau upp, en hinir tveir kjörstjórarnir rita þau upp og telja saman; þar eptir skal hann nefna kosna sem fulltrúa þá, er flest hafa fengið atkvæði. Nú hafa 2 eða fleiri jafnmörg atkvæði, og skal þá hlutkesti ráða.

9. gr. Hver sá, sem er kjörgengur, er skyldur að taka á móti kosningu, nema hann sje sextugur að aldri, eða hann vegna heilsubrests, anna, eða annars því um líks hafi sennilega ástæðu til að skorast undan kosningu; kjörstjórnin skal skera úr þessu, og láti hann sjer ekki lynda úrskurð hennar, skal skjóta málinu til bæjarstjórnarinnar. Sá, sem gegnt hefur fulltrúastörfum í 3 ár eða lengur, er eigi skyldur að takast þá sýslu á hendur aptur, fyr en eptir jafnlangan tíma og hann hafði áður verið fulltrúi.

10. gr. Sá, sem hefur eitthvað að kæra yfir kosningargjörð þeirri, sem fram er farin, eða yfir úrskurðum kjörstjórnarinnar, verður að bera mál sitt skriflega undir bæjarstjórnina viku eptir að kosning hefur framfarið, eigi umkvörtun hans að verða tekin til greina. Innan hálfs mánaðar frá því, að kæruskjalið var fengið bæjarstjórninni, leggur hún úrskurð sinn á málið, og skal áður leitað um það álits kjörstjórnarinnar. Kæra má skriflega úrskurð bæjarstjórnarinnar fyrir landshöfðingja; skal kæran send innan hálfs mánaðar frá því, er úrskurðurinn var upp kveðinn. Þegar almennar kosningar á ári hverju hafa fram farið, fara bæjarfulltrúar þeir, er áður voru, þá fyrst úr bæjarstjórninni, er fullnaðarúrskurður er lagður á kærur þær, er kunna að hafa komið fram um hinar nýju kosningar.

11. gr. Nú vill bæjarfulltrúi ganga úr bæjarstjórn, áður en sá tími er liðinn, er hann er kosinn fyrir, og skal þá bæjarstjórnin ákveða, hvort taka skuli beiðni hans til greina. Bæjarstjórnin ákveður enn fremur, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá, eða honum skuli vikið úr bæjarstjórninni um stund sökum atvika, er svipta hann kjörgengi. Hið sama skal og gilda, ef bæjarfulltrúi vanrækir eða færist undan að gjöra það, er hann er skyldur til sem bæjarfulltrúi, þannig, að nauðsyn ber til, að hann fari frá. Þó má sá, sem vikið er úr bæjarstjórn gegn vilja hans, bera kæru sína undir landshöfðingja, á þann hátt, sem sagt er fyrir í næstu grein hjer á undan.

12. gr. Oddviti bæjarstjórnarinnar stjórnar umræðum á fundum og sjer um, að það, sem ályktað er, sje rjett ritað í gjörðabókina.

Til þess að lögmæt ákvörðun sje gjörð, verður, auk oddvita, minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðafjöldi skal ávallt ráða. Sjeu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, því að þá ræður hlutkesti. Fundir bæjarstjórnarinnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ályktar það.

Það skal kunngjört bæjarbúum, hvenær og hvar bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar oddvita þykir nauðsyn til bera, eða minnst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess.

Oddviti skal á undan fundum, að svo miklu leyti sem unnt er, skýra bæjarfulltrúum frá því, hver málefni komi fyrir. Allir þeir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi,

skulu rita nöfn sín undir gjörðabókina við fundarlok, og á sjerhver í bæjarstjórninni rjett á, að fá ágreiningsatkvæði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórnin setur sjálf þingsköp sín, en landshöfðingi samþykkir þau.

13. gr. Virðist bæjarfógeta, að einhver ákvörðun bæjarstjórnarinnar gangi út fyrir vald hennar, eða að ákvörðun sje gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða hún miði til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni, með því að rita álit sitt í gjörðabókina. Um þetta skal hann svo fljótt sem verða má, senda landshöfðingja skýrslu, og leggur hann úrskurð sinn á málið. Eptirrit af skýrslu bæjarfógeta skal jafnframt senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gjört athugasemdir sínar við hana, áður en skýrslan fer til landshöfðingja.

14. gr. Í öllum þeim málum, er snerta uppeldi og uppfræðing barna, hefur hlutaðeigandi prestur sæti og atkvæði á fundum bæjarstjórnarinnar.

15. gr. Bæjarstjórnin kýs þá 4 menn, er samkvæmt opnu brjefi 6. jan. 1857 eiga sæti í byggingarnefnd Seyðisfjarðarkaupstaðar með bæjarfógeta. Skulu 2 þessara manna kosnir úr flokki bæjarfulltrúa.

16. gr. Bæjarstjórnin velur 2 menn í hafnarnefnd; skal annar þeirra ávallt kosinn úr flokki bæjarfulltrúa.

17. gr. Bæjarstjórnin kýs bæjargjaldkera, og má veita honum árlega þóknun. Skal hann skyldur að hafa starf sitt á hendi að minnsta kosti um 3 ár, nema að beri einhver þau atvik, er aptri honum frá því, og sem bæjarstjórnin tekur gild.

18. gr. Bæjarstjórnin setur embættismenn eða sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögregluþjóna, næturverði og fangaverði setur bæjarstjórnin eptir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarfulltrúanna.

19. gr. Reikningsár kaupstaðarins er frá nýári til nýárs. Innan 1. dags. októbermán. ár hvert skal bæjarstjórnin semja áætlun yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins hið næsta ár. Í áætluninni skal tilgreina tekjur þær, sem til eru til þess að borga með gjöldin, án þess að skattur sje lagður á bæjarbúa. Síðan skal til eiginlegra bæjarþarfa jafna frá 1 til 2 aura á hverja ferhyrningsalin í grunnum undir íbúðarhúsum og geymsluhúsum og $^1/_{10}$—$^1/_5$ eyris á hverja ferhyrningsalin í óbyggðri útmældri lóð kaupstaðarins. Þó greiðist þetta gjald eigi af fjárhúsum. Því, sem ávantar til að standa straum af bæjarþörfum, skal jafna niður á bæjarbúa eptir efnum og ástæðum.

Áætlun þá, sem þannig er samin, skal ræða í bæjarstjórninni á 2 fundum með viku millibili. Við aðra umræðu skal bæjarstjórnin íhuga áætlunina grein fyrir grein og greiða atkvæði um hverja grein fyrir sig. Skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin samþykkir hana, vera regla fyrir hæð bæjargjalda og fjárstjórn allri á næsta ári. Áætlun þessa skal leggja fram innan 1. dags nóvembermán., og skal hún vera öllum til sýnis í hálfan mánuð.

Án samþykkis landshöfðingja má eigi nokkurt ár leggja hærri bæjargjöld samtals á bæjarbúa, en sem svari meðaltali allra bæjargjalda þrjú hin síðustu árin, að fimmtungi viðbættum.

20. gr. Niðurjöfnun eptir efnum og ástæðum nær til allra, sem hafa fast aðsetur í bænum; þeir skulu greiða þar fullt gjald eptir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft aðsetur annarstaðar; sje svo, má ekki leggja hærra gjald á þá, en samsvari þeim tíma, er þeir hafa haft fast aðsetur í kaupstaðnum. Fast aðsetur í bænum skemmri tíma en fjóra mánuði kemur ekki til greina.

Sömuleiðis má leggja gjald á fastar verzlanir og aðrar arðsamar stofnanir og

fyrirtæki í kaupstaðnum, er sjeu rekin að minnsta kosti um 4 mánuði af gjaldárinu, þó eigendur þeirra eigi hafi þar fast aðsetur. Á þessa stofna skal leggja gjald, er samsvari útsvarinu eptir efnum og ástandi, eptir því er hæfa þykir eptir árlegri veltu og arði, án þess tillit sje haft til annara tekja eða eigna þess, sem í hlut á.

21. gr. Fimm manna nefnd skal jafna niður gjöldum eptir efnum og ástæðum. Um kosningarrjett og kjörgengi til þessarar niðurjöfnunarnefndar gildir hið sama, sem á er kveðið um kosningarrjett og kjörgengi til bæjarstjórnar. Nefndarmenn skulu kosnir til 6 ára, og skal kosning fram fara í septembermánuði. Af þeim, sem kosnir voru í fyrsta skipti, fara 2 frá að 3 árum liðnum. Skal það, hverjir frá fara, vera komið undir samkomulagi, en verði því eigi á komið, skal hlutkesti ráða. Síðan fara frá á hverjum 3 ára fresti til skiptis 3 og 2 nefndarmenn. Um kosningaraðferðina í nefnd þessa gildir hið sama, sem fyr segir um kosning í bæjarstjórn, að svo miklu leyti sem við getur átt.

Enginn, sem skyldur er að taka móti kosning í bæjarstjórnina, getur skorazt undan að taka móti kosning í niðurjöfnunarnefndina, nema bæjarfulltrúarnir. Hver sá, er verið hefur 6 ár eða lengur samfleytt í nefndinni er og undanþeginn starfa þessum jafnlengi og hann hefur í henni verið. Enginn má á sama tíma sitja í niðurjöfnunarnefnd og bæjarstjórn.

Niðurjöfnunarnefndin kýs sjer sjálf oddvita úr sínum flokki, og gildir hið sama um ályktanir hennar og atkvæðagreiðslu sem um bæjarstjórnina (11. gr.).

22. gr. Niðurjöfnunarnefndin jafnar niður hinum árlegu gjöldum í nóvembermán. samkvæmt áætluninni. Niðurjöfnunarskráin og skrá um önnur gjöld bæjarins skal liggja öllum til sýnis um hálfan mánuð fyrir árslok, annaðhvort á bæjarþingsstofunni eða á öðrum hentugum stað, eptir að búið er að birta það opinberlega. Bæjarstjórnin má ákveða, að aukaniðurjöfnun skuli fram fara í síðari hluta júnímánaðar ár hvert, og skulu skattar þá lagðir á þá, sem flutt hafa sig til kaupstaðarins, eptir að aðalniðurjöfnunin fór fram og skyldir eru að greiða skatt samkv. 18. gr. Þessi aukaniðurjöfnun skal liggja öllum til sýnis í hálfan mánuð, eins og sagt er að framan.

Kærur gegn hinni framlögðu niðurjöfnun skulu sendar niðurjöfnunarnefndinni skriflega innan hálfs mánaðar frá því, að niðurjöfnunarskráin hefur verið til sýnis. Innan hálfs mánaðar þar á eptir skal nefnd þessi skriflega tilkynna kærandanum, hvort, eða að hve miklu leyti krafa hans hafi verið tekin til greina. Ályktun þá, sem niðurjöfnunarnefndin hefur gjört, má svo innan hálfs mánaðar þar á eptir bera upp fyrir bæjarstjórninni, sem leggur úrskurð sinn á málið innan hálfs mánaðar. Kærur, sem koma fram eptir hinn ákveðna tíma, verða eigi teknar til greina.

Hverjum, sem settur er í bæjargjald, er heimilt að kvarta yfir skattgjaldi því, sem lagt hefir verið, ekki að eins á sjálfan hann, heldur og á aðra, sem á niðurjöfnunarskránni standa, sem og líka yfir því, ef einhverjum er sleppt úr henni. Ef kvartað er yfir gjaldi annars manns, eða yfir því, að einhverjum sje sleppt, skal þeim manni gefinn kostur á að segja álit sitt um það efni, áður en úr þessu er skorið af niðurjöfnunarnefndinni eða bæjarstjórninni.

Ekkert bæjargjald má bæjarstjórnin lækka eða hækka, nema svo reynist, að það hafi verið sett að minnsta kosti 10% annaðhvort of hátt eða of lágt. Eigi má bæjarstjórnin heldur jafna gjaldi á neinn mann, sem sleppt hefur verið úrniðurjöfnunarskránni, nema gjald hans geti numið í hið minnsta því lægsta gjaldi, sem þegar hefur verið lagt á einhvern annan á niðurjöfnunarskránni.

Enginn getur, með því að bera sig upp við bæjarstjórnina um skattgjald sitt, komizt hjá því, að greiða þann hluta skattsins, sem kominn er í gjalddaga; en verði gjaldinu breytt, skal greiða aptur úr bæjarsjóði það, sem ofgoldið er.

23. gr. Ef ágreiningur verður milli Seyðisfjarðar og annars íslenzks sveitarfjelags um, hvernig skipta eigi milli þeirra skattgjaldi einhvers manns, skal landshöfðingi skera úr því. Verði þessi ágreiningur milli Seyðisfjarðar og sveitarfjelags í Danmörku, skal ráðgjafinn fyrir Ísland leggja úrskurð sinn á málið. Ef nokkur þykist ekki vera skattskyldur í bænum, má hann leita um það dóms og laga.

24. gr. Öll bæjargjöld skulu goldin fyrir 1. apríl og 1. okt. ár hvert, og ber bæjargjaldkera að innheimta þau, eins og aðrar tekjur kaupstaðarins. Sjeu þau eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga, ber að taka þau lögtaki.

Flytji skattskyldur maður sig úr bænum fyrir nýár, fellur allt það gjald burt, sem lagt er á hann sjálfan fyrir ár það, sem í hönd fer. Sá, sem flytur sig úr kaupstaðnum einhverntíma á árinu, er að eins skyldur að greiða skatt til loka þess ársfjórðungs, er hann flytur sig. Sá, sem settur er á aukaniðurjöfnunarskrána, er að eins skyldur að greiða skatt frá 1. júlí.

25. gr. Bæjarstjórnin og sjerstaklega bæjarfógeti skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn kaupstaðarins, og því sjá um, að skattar og aðrar tekjur sjeu rjett heimtar og í tækan tíma, og teknar lögtaki, ef þess þarf við; ennfremur gæta þess, að geymt sje og eptir atvikum ávaxtað fje bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að borga útgjöld hans.

Bæjarstjórnin skal hafa ábyrgð á innstæðum og öðrum eigum kaupstaðarins.

26. gr. Gjaldkeri skal, að minnsta kosti eitt sinn á hverjum 3 mánuðum, gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðskýrslu, er sýni, bæði hvað goldizt hafi í bæjarsjóð, og hvað úr honum hafi verið borgað. Eigi má bæjargjaldkeri greiða neitt úr bæjarsjóði nema eptir ávísun frá bæjarstjórninni. Allar ávísanir skulu vera undirskrifaðar af oddvita bæjarstjórnarinnar og að minnsta kosti 3 bæjarfulltrúum.

27. gr. Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda á vegavinnu, aðgjörðum á skólum og fátækrahúsum, á því, að útvega verknað og varning í þarfir bæjarins, og öðru þess konar, skal ekki goldið neitt.

28. gr. Bæjarstjórnin er skyld að útvega og láta landstjórninni í tje skýrslur þær, er hún kann æskja, svo sem um fólkstal, skepnuhatvald, innuvegi og annað ástand kaupstaðarins.

29. gr. Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis landshöfðingja takast á hendur neina skuldbinding til langframa, sem ekki beinlínis hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufje kaupstaðarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans, nje kaupa neina nýja fasteign, ekki taka stærri lán nje lán upp á lengri tíma, en að þau verði borguð aptur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje heldur endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum.

30. gr. Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna árið og senda bæjarfógetanum fyrir lok janúarmánaðar; lætur bæjarfógetinn reikning þennan liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis, og skal um þetta og um, hvernig slíkt sje birt, farið að á sama hátt og fyrir er mælt að framan í 21. gr. um niðurjöfnunina. Reikningurinn sje því næst vandlega yfirfarinn af yfirskoðunarmanni, er kosinn sje af kaupstaðarbúum þeim, er samkvæmt 4. gr. hafa kosningarrjett; skal hann kjörinn á sama hátt og fulltrúarnir og hafa það starf á hendi um

3 ár. Skoðunarmaður skal hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því hann fjekk hann. Þegar gjaldkeri er búinn að svara athugasemdum hans, en það skal hann hafa gjört innan hálfs mánaðar, skal leggja reikninginn ásamt athugasemdum skoðunarmanns og svari gjaldkera fyrir bæjarstjórnina, er leggur úrskurð sinn á athugasemdir yfirskoðunarmanns og veitir bæjargjaldkera kvittun; þó má enginn taka þátt í úrskurði á athugasemd, sem snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sjerstaklega falin á hendur (2. gr.). Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnarinnar sje rjettur, enda leggi úrskurðurinn honum peningaábyrgð á hendur, og má hann halda málinu til dóms og laga. Þegar búið er að endurskoða og leggja úrskurð á reikning gjaldkera, á að birta á prenti ágrip af honum, er bæjarfógetinn semji; á ágrip það að vera svo fullkomið, að til sjeu greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

31. gr. Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda landshöfðingja reikning fyrir hið umliðna reikningsár með athugasemdum yfirskoðunarmanns og úrskurðum bæjarstjórnarinnar á þeim. Komist landhöfðingi að því, þá er hann yfirfer reikninginn eða á annan hátt, að bæjarstjórnin hafi viðhaft ólögmæt gjöld, neitað að greiða þau gjöld, sem löglega hvíla á kaupstaðnum, eða á annan hátt beitt ranglega valdi sínu, skal hann gjöra þær ráðstafanir, er við þarf, og, ef nauðsyn ber til, getur hann með lögsókn komið ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, er hafa átt þátt í þessum ályktunum.

32. gr. Landshöfðingi gjörir ráðstöfun til, að lög þessi geti öðlazt fullt gildi 1. dag janúarmánaðar 1895.

Ed. **357. Breytingartillögur**

við frv. til laga um fjárforræði ómyndugra (eins og það var samþ. við 2. umr. Frá Guðjóni Guðlaugssyni, Sigurði Jenssyni og Sigurði Stefánssyni).

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig: Fjárhaldsmann skal hver sá hafa, sem eigi getur haft fjárráð sín sjálfur sakir aldurs, ráðleysis eða af öðrum ástæðum, er yfirvaldið telur gildar vera.
2. — 2. — Fyrir orðin „hafa fastan bústað“ komi „sjeu búsettir“.
3. — — — Fyrir „fjarskyldum“ komi „vandalausum“.
4. — 3. — Orðin „og skal hver“ o. s. frv. til enda greinarinnar, falli burt.
5. — 6. — Orðin „er gangast vill“ o. s. frv. til enda greinarinnar, falli burt.
6. — 7. — Orðin „svo fljótt sem þörf er á og“, falli burt.
7. — — — Síðari málsgrein orðist þannig: „Nú er lausafje lagt í arf við skipti milli þess hjóna, er lengur lifir, og ómyndugra barna beggja þeirra eða barnabarna, og skal það þá eigi selt, ef ekkillinn eða ekkjan óskar þess og yfirfjárráðandi samþykkir. Sjeu eigur hins ómynduga ekki seldar úr búinu, þá setji ekkillinn eða ekkjan fullt veð fyrir þeim í öllum eigum búsins, og skal veðinu þinglýst“.
8. — — — Aptan við 7. gr. bætist ný málsgrein svo hljóðandi:
„Heimilt skal og að láta lausafje óselt, ef hinn ómyndugi er nær því orðinn myndugur og yfirfjárráðandi sjer honum það haganlegra“.
9. — 8. — Greinin falli burt, og greinatalan breytist eptir því.
10. — 10. — Greinin orðist þannig: „Afgjöldum af fasteignum ómyndugra skal fjárhaldsmaður hafa komið í peninga innan árs frá gjalddaga nema þau geti gengið í sömu aurum hinum ómynduga til framfæris“.

11. — 11. — Upphaf greinarinnar orðist þannig: „Peninga ómyndugra skal setja á vöxtu annaðhvort í landsbankann eða sparisjóðinn á Ísafirði, Akureyri eða Seyðisfirði“ o. s. frv. eins og í greininni.
12. — — — Orðin „Yfirlit þetta . . . fjárhaldsmanna“ (sjá 5. gr.) falli burt.
13. — — — Fyrir orðin í síðari málsgrein „sem þegar er komið á vöxtu þá lög“ komi: „sem komið er á vöxtu, þá er lög“.
14. — 12. — Greinin orðist þannig: „Fjárhaldsmenn fá í þóknun fyrir starfa sinn 10% af öllum jarðarafgjöldum hins ómyndaga, en 4% af peningaleigum“.
15. — 13. — Greinin falli burt og greinatalan breytist eptir því.
16. — 14. — Greinin orðist þannig: „Fjárhaldsmaður heldur bók um fjárhaldið og ritar í hana hina árlegu fjárhaldsreikninga. Bók þessa, ásamt öðrum skjölum, er fjárhaldið snertir, skal hann sýna yfirfjárráðanda á hverju manntalsþingi í þinghá þeirri, er hann er búsettur í“.
17. — 15. — Fyrir orðin „og fellir yfirfjárráðandi úrskurð . . . að þessir fjármunir sjeu komnir undan yfirfjárráðum“ komi: „og úrskurðar hann hvort hún er rjett; samkvæmt skilagrein þessari afhendir fjárhaldsmaður síðan yfirfjárráðanda fje það, er hann kann að hafa undir höndum ásamt öllum skjölum og skilríkjum, er að fjárhaldinu lúta“.
18. — 16. — Greinin orðist þannig: „Nú flytja fjárhaldsmaður og hinn ómyndugi úr fjárráðaumdæminu, og tekur þá yfirfjárráðandi í því umdæmi er þeir flytja í, við yfirfjárráðum; einnig skal yfirfjárráðandi þess umdæmis, er þeir fluttu úr, senda yfirfjárráðanda þess umdæmis, er þeir flytja í, eptirrit af síðasta reikningi fjárhaldsmannsins, og skal sá reikningur vera úrskurðaður“.
19. — 17. — Fyrir „verði“ komi: „verður“.
20. — 19. — Fyrir „(sjá 4. og 16. gr.)“ komi: „(sbr. 4. og 14. gr.)“
21. — 20. — Greinin falli burt.

Nd.

358. Atkvæðaskrá

við 2. umræðu í neðri deild um frv. til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895.

Þingskjölin eru:

Fjárlagafrumvarp stjórnarinnar.

Nefndarálit um frv. til fjárl. 1894 og 1895, þingskj. 243.

Skýrsla um bænarskrár og aðrar málaleitanir, sem afhentar hafa verið fjárlaganefndinni í neðri deild alþingis 1893, þingskj. 305.

Breytingar- og viðaukatillögur: þingskj.: 261, 293, 294, 297, 300, 301, 309, 310, 311, 318, 324, 325, 326, 327, 328, 329, 330, 331, 332, 333, 334, 343, 344, 345, 346, 347, 348.

1. kafli.

Tekjur.

1. 1. gr. frv. (með breytingum samkvæmt atkvæðagreiðslunni).

2. Við 2. gr. 1. b. Breyt.till. nefndarinnar (261):
Fyrir 23000 — 23000 — 46000
komi 25000 — 25000 — 50000.

3. — — — 9. Breyt.till. nefndarinnar (261):
Fyrir 28000 — 28000 — 56000
komi 30000 — 30000 — 60000.

4. 2. gr. frv. breytt eða óbreytt.

5. 3. — — óbreytt.

6. 4. — — óbreytt.

7. 5. — — óbreytt.

8. 6. — — óbreytt.

2. kafli.
Útgjöld.

9. 7. — — óbreytt.

10. 8. — — óbreytt.

11. 9. — — óbreytt.

12. Við 10. gr. A. 1. Breyt.till. nefndarinnar (261):
Athugasemdin falli burt.

13. — — — C. 1. b. Breyt.till. nefndarinnhr (261):
Fyrir 1591 kr. innan stryks komi 2000 kr.

14. — — — — — c. Breyt.till. nefndarinnar (261):
Fyrir 250 kr. innan stryks komi 300 kr.

15. — — — — — d. Breyt.till. nefndarinnar (261):
Fyrir 600 kr. innan stryks komi 900 kr.
Athugasemdin þar breytist svo, að fyrir »40 kr.« komi »allt að 40 kr «.

16. — — — — 4. a. 1. Breyt.till. frá Birni Bjarnarsyni (297):
Fyrir 2500 komi 3500.

17. — — — — — — 2. Breyt.till. nefndarinnar (261):
Fyrir 3500 komi 6000.

18. — — — — — — 2. Breyt.till. frá Birni Bjarnarsyni (297):
Fyrir 3500 komi 5000.

19. — — — — — — 3. Breyt.till. nefndarinnar (261):
Fyrir 2000 komi 3000.

20. — — — — — — 3. Breyt.till. frá Birni Bjarnarsyni (297):
Fyrir 2000 komi 3000.

21. — — — — — — 3. Breyt.till. frá Einari Jónssyni (344):
Fyrir 2000 komi 3500.

22. — — — — — — 4. Breyt.till. frá Birni Bjarnarsyni (297):
Fyrir 2500 komi 3500.

23. — — — — — — 4. Breyt.till. frá Einari Jónssyni (344):
Fyrir 2500 komi 3000.

24. Við 11. gr. C. 4. Viðaukatill. frá H. Kr. Friðrikssyni (346):
Á eptir a komi inn nýr stafliður (b):
Til Sæmundar Eyjólfssonar til að leiðbeina í búnaði, 1000 kr. hvort árið.

25. — — — — 4. b. Breyt.till. frá sama (333).
»í Skaptafellssýslu« falli burt.

26. — — — — 4. b. Breyt.till. frá Birni Bjarnarsyni (297):
Fyrir 12000 komi 15000.

27. — — — — 4. Breyt.till. nefndarinnar (261):
Á eptir e komi nýr liður f, styrkur til verklegs laxaklaks í Dalasýslu 200 — 200.

28. — — — — Viðaukatill. frá Ólafi Briem (300):
Á eptir 7. tölul. komi:
8. til varnar gegn skemmdum á byggingarlóðinni á Sauðárkrók, 500 kr. fyrra árið.

29. 10. gr. breytt eða óbreytt.

30. Við 11. gr. 2. g—h. Breyt.till. frá Jóni Þorkelssyni (330):
Liðirnir orðist svo:
g. til læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnesssýslu, sunnanfjalls til Straumfjarðarár.
h. til læknis milli Straumfjarðarár í Hnappadalssýslu og og Langár á Mýrum.

31. — — — 2. i. Breyt.till. nefndarinnar (261):
Stafliðurinn falli burt.

32. — — — — Breyt.till. nefndarinnar (261):
Á eptir staflið j, sem verður i, komi nýir stafliðir svo hljóðandi:
j, til læknis í Grímsnesi, Biskupstungna, Hrunamanna, Gnúpverja, Skeiða og Þingvalla hreppum í Árnessýslu.

33. — — — — k. til læknis í Grunnavíkur og Sljettuhreppum í Ísafjarðarsýslu, til hvors þeirra 1000 kr. hvort árið.

34. — — — — Breyt.till. frá landshöfðingja (294):
Á eptir 2. tölulið komi nýr töluliður:
3. Styrkur til aukalæknis Bjarnar Ólafssonar til að setjast að sem augnalæknir í Reykjavík, með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnalækningum . . . . . 2000—2000—4000
3. tölul. verði 4. tölul., og samlagningarnar breytist samkvæmt því.

35. — — — Viðaukatill. frá Ólafi Briem (300):
A eptir 2. tölulið komi:
3. Til Björns Ólafssonar, er setjist að sem augnalæknir í Reykjavík 2000—2000

36. 11. gr. frv. breytt eða óbreytt.

37. Við 12. gr. B. Breyt.till. við breyt.till. nefndarinnar á 261,13 frá Guðl. Guðmundssyni:
Í stað: »Fje þetta—yfir Hjeraðsvötnin«, komi:
Upphæðin greiðist, þegar sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefur, landssjóði að kostnaðarlausu, látið gjöra svifferju yfir Hjeraðsvötnin á aðalpóstleiðinni, og sannað með vottorði verkfræðings, að verkið sje vel af hendi leyst. Enn fremur er fjárveitingin því skilyrði bundin, að sýslunefndin leggi fram það fje, er þarf til að fullgjöra brúna, umfram landssjóðsstyrkinn, og sanni með vottorði verkfræðings, að verkið sje traust og vandað, og brúin lestheld.

38. Við 12. gr. B. Breyt.till. nefndurinnar (261,13).
Á eptir c komi nýr stafliður d:
Til brúargjörðar á Hjeraðsvötnin veitast 5000 kr. Fje þetta veitist með því skilyrði, að sýslunefnd Skagafjarðar leggi til það fje, sem á vantar til að fullgjöra brúna, og setji, landssjóði að kostnaðarlausu, svifferju á aðalpóstleiðinni yfir Hjeraðsvötnin.

39. Við 12. gr. C. Breyt.till. við breyt.till. nefndarinnar á 318 frá Guðl. Guðmundssyni (334):
Á eptir staflið b. bætist nýr liður:
c. Til gufubátsferða með fram suðurströnd landsins austur að Vík í Mýrdal og til Vestmannaeyja, allt að—3000.

40. — — - — Breyt.till. við breytt.ill. nefndarinnar á 318, b frá sama (334):
Á eptir orðunum »móti ¾ úr landssjóði« bætist inn:
Styrknum undir staflið c. má skipta í tvo hluta, ef með því fást hagfeldari gufubátsferðir um hið tilgreinda svæði, eða nokkurn hluta þess. Svo má og sameina styrkinn undir staflið c., eða hluta af honum, við styrkinn undir staflið b.

41. — — — — Breyt.till. við breyt.till. nefndarinnar á 318, b, frá sama (334):
Orðin i hinum fyrri málsliðum: »sýslunefndar« í fyrsta málslið og »sýslu- og bæjarfjelag« í öðrum málslið, breytist þessu samkvæmt í »sýslunefnda« og í »sýslufjelög og bæjarfjelag«.

42. — — — — Breyt. till. nefndarinnar (318):
12. gr. C. orðist þannig:
a. Til strandferða:
1. til hins sameinaða gufuskipafjelags . . . 18,000 kr.
2. til kapt. Jónas J. Randulff til að halda uppi gufuskipaferðum umhverfis landið . . . 25,000 —
Upphæð þessi veitist með því skilyrði, að fylgt sje ferðaáætlun þeirri, er þingið semur, og að útgerðarmaður skipsins setji tryggingu frá Stafangursdeild Noregsbanka fyrir því, að annað gufuskip fáist til að halda áfram hinum ákveðnu ferðum, ef strandferðaskipiuu kynni að hlekkjast á jafnskjótt og fregnin um slysið berst til Stafangurs.

b. Til gufubátsferða á Faxaflóa . . . . . 3000 kr.

Styrkur þessi útborgist að eins eptir meðmælum hlutaðeigandi sýslunefndar og bæjarstjórnar.

Styrkurinn sje ennfremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslu- og bæjarfjelag leggi til gufubátsferðanna $^1/_4$ móti $^3/_4$ úr landssjóði.

Tölurnar í dálkinum breytast samkvæmt þessu.

43. — — — — f. Breyt. till. frá Sighv. Árnasyni (310):
Á eptir »Vestmannaeyja« bætist inn í: »alltað«.
Breyt. till. nefndarinnar (261, 14):

44. — — — — Á eptir staflíðnum f. bætist inn tveir töluliðir:
g. til gufubátsferða á Húnaflóa og Skagafirði . . 3000 kr.
h. til gufubátsferða á Eyjafirði og Þingeyjarsýslu . . 3000 —
Styrknum undir staflið b. og c. má verja til eins gufubáts, ef hentara þykir, sömuleiðis styrknum undir tölulið e. og f. og einnig undir tölulið g. og h.

45. — — — — Á eptir staflið h. komi;
a. Til bryggjugjörðar á Blönduós 5000 kr.

46. — — — — Breyt. till. við breyt. till. nefndarinnar á 261, 15 frá Guðl. Guðmundssyni:
Á eptir orðunum »á Blönduós 5000 kr.« bætist inn:
Upphæðin greiðist þegar verkinu er lokið og sannað er með vottorði verkfræðings, að bryggjan sje nægilega traust.

47. — — — C. Breyt. till. nefndarinnar (261, 16):
b. Til gufubátsferða um Lagarfljótsós 5000 kr.

48. — — — — Viðaukatill. við breyt.till. nefndarinnar á 261, 16 frá Guðl. Guðmundssyni: Á eptir orðunum »um Lagarfljótsós 5000 kr.«, bætist inn:
Styrkveitingin er því skilyrði bundin, að hlutaðeigandi fjelag leggi fram að minnsta kosti $^1/_4$ til móts við landssjóðsstyrkinn.

49. — — — — Breyt.till. nefndarinnar (261, 16):
Upphæðir þessar (a. og b., þ. e. til bryggjugjörðar á Blönduós og og til gufubátsferða um Lagarfljótsós) veitast með því skilyrði, að hlutaðeigandi hjeraðsbúar kosti sjálfir það, er til vantar, til þess að koma fyrirtækjum þessum fram.

50. — — — — Viðaukatill. við breyt.till. nefndarinnar á 261, 16:
Við 16. tölulið bætist á eptir athugasemdinni nýr staflíður svo hljóðandi:
c. til uppmælingar á skipaleið inn á Hvammsfjörð og rannsóknar á skipalægi við Búðardal, Vestliðaeyri og Skarfstaðanes 10,000 kr.

51. — — — — Breyt.till. frá Guðl. Guðmundssyni o. fl. (327):
Á eptir orðunum: »móti $^3/_4$ úr landssjóði«, bætist inn:
Styrknum undir staflið f. má skipta í tvo hluti, ef með því fást hagfelldari gufubátsferðir um hið nefnda svæði, eða einstaka hluta

af því. Sameina má og styrkinn undir staflið f., eða hluta af honum við styrkinn undir staflið d.

52. 12. gr. breytt eða óbreytt.

53. Við 13. gr. A. b. 4. Breyt.till. nefndarinnar (261, 17):
Fyrir 200 — 200 komi: 300 fyrra árið.

54. — — — B. I. b. 1. Breyt.till. frá Birni Bjarnarsyni (297, 3):
Fyrir: »12 lærisveinum, 80 kr. handa hvorum 960 — 960«,
komi: 6 lærisveinum, 50 kr. handa hvorum 300 — 300

55. — — — — - - 2. Breyt.till. nefndarinnar (261, 18):
Fyrir »600 — 600«. komi: 200 — 200

56. — — — — - - — Breyt.till. frá Birni Bjarnarsyni (345):
Fyrir: »3 ölmusur 600 kr. — 600 kr.«, komi:
3 ölmusur, 100 kr. hver, 300 — 300.

57. — — — — II. b. 1. Breyt.till. frá Birni Bjarnarsyni (297, 4):
Fyrir: »200 kr. hvor« . . 400 — 400
komi: 100 kr. hvor . . . 200 — 200

58. — — — — II. b. 2. Breyt.till. frá Jóni Þórarinssyni o. fl. (329, 1):
Fyrir: »3 ölmusur . . . 600 — 600«,
komi: ölmusustyrkur . . 300 — 300.

59. — — — — II. b. 5. Breyt.till. frá Birni Bjarnarsyni (297, 5):
Fyrir: »6 lærisveinum« . . . . . 480 — 480
komi: 2 lærisveinum, 50 kr. handa hvorum . 100 — 100

60. — — — — III. b. Breyt.till. nefndarinnar (261, 19):
Fyrsti liðurinn handa Páli Melsteð falli burt.

61. — — — — III. b. Breyt.till. frá Birni Bjarnarsyni: (296, 6):
Fyrir: »handa söngkennaranum 600 kr.«,
komi: handa söngkennaranum 400 kr.
Fyrir: »handa fimleikakennaranum 700 kr.«,
komi: handa fimleikakennaranum 500 kr.

62. — — — — III. c. 4. Breyt.till. nefndarinnar (261, 20):
Fyrir . . . . 1100 — 1100
komi . . . . 1600 — 1600.

63. — — — — III. c. 5. Breyt.till. sömu (261, 21):
Fyrir . . . . 6000 — 6000
komi . . . . 5500 — 5000

64. Við 13. gr. B. III. c. 5. Breyt.till. Frá Birni Bjarnarsyni (297, 7).
Fyrir 6000—6000
komi 3500—3000
Eptir 5. lið bætist inn í nýr liður, er verði 6. liður:
Verðlaun 2000 kr.—2000 kr.

65. — — — — III. c. 11. Breyt.till. nefndarinnar (261, 22):
þessi töluliður falli burt.

66. — — — — IV. b. 4. Breyt. till. sömu (261,23):
Fyrir 500—500
komi 400—400

67. — — — — IV. b. 5. Breyt.till. sömu (261, 24):

Fyrir 500—500
komi 400—400.

68. — — — — V. a. Breyt.till. sömu (261, 25):
Fyrir 1500 — 1500
komi 1800 — 1800.

69. Við 13. gr. B. V. a. Breyt.till. frá H. Kr. Friðrikssyni o. fl. (329 og 333):
Fyrir 1500—1500
komi 2000—2000

70. — — — — — — Breyt.till. frá Benedikt Kristjánssyni (293):
Fyrir 1500—1500
komi 2200—2200

71. — — — — VI. b. 2. Breyt.till. nefndarinnar (261, 26):
Fyrir allt að 50 kr. innan stryks
komi — — 60 — — —
og fyrir 4000—4000 utan stryks
komi 4800—4800 — —

72. — — — — VI. d. Breyt.till. sömu (261, 27):
Fyrir 500—500
komi 1600—1600

73. Við 13. gr. B. VI. Breyt.till. frá Jóni Þórarinssyni o. fl. (329):
Á eptir staflið d. bætist inn nýr stafliður, þannig:
e. Námsstyrkur til kennaraefna, 50kr. til hvers, allt að 400—400
Stafliðatalan breytist þessu samkvæmt.

74. — — — — VI. f. Breyt.till. nefndarinnar (261, 28):
Þessi töluliður falli burt, og stafliður g verði stafliður e og stafliður e verði stafliður f.

75. — — — — VI. h. Breyt.till. sömu (261, 29):
Fyrir 600 — 600
komi 800 — 800, og aptan við orðin: »gefa út kennslubækur«, bætist: þar af til kennara Geirs Zoëga 400 kr. hvort árið til þess að ljúka við ensk-íslenzka orðabók.

76. — — — — VI. h. Breyt.till. frá Kl. Jónssyni o. fl. (332):
Í stað 600 — 600 komi 1000 — 1000. Þar af til kennara Geirs Zoëga 300 kr. hvort árið til að gefa út enskíslenzka orðabók, og til sjera Jónasar Jónassonar á Hrafnagili 300 kr. hvort árið til að gefa út dansk-íslenzka orðabók.

77. — — — — VI. Breyt.till. frá Kl. Jónssyni (343):
Aptan við liðinn h bætist nýjir liðir svo hljóðandi:
i. 1. Til sira Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kennslu heyrnar- og málleysingja 150 kr.
2. Til sama húsaleigustyrkur . . . . . 50 —
200 — 200
j. Til Magnúsar Einarssonar á Akureyri til þess að kenna organslátt og söng norðanlands . . . . . 300 — 300

78. — — — — VII. b. Breyt.till. nefndarinnar (261, 30):
Þessi liður falli burt.

79. — — — C. 2. Breyt.till. frá Einari Jónssyni (344):
Fyrir »Norðuramtsins . . . til hvers þeirra«, komi og Norðuramtsins 200 kr. til hvors þeirra og til bókasafns Austuramtsins 300 kr. á ári.

80. — — — — 3. Breyt till. við breyt.till. nefndarinnar (261, 31 b) frá Guðl. Guðmundssyni o. fl. (326):
Í stað »Styrkur sá, er síðar er nefndur« komi
Styrkur þessi.
Í stað »24 arkir« komi 25 arkir.

81. — — — — 3. Breyt.till. nefndarinnar (231, 61):
C 3 orðist þannig:
a. til deildar hins íslenzka bókmenntafjelags í Reykjavík 1000 — 1000.
b. til deildar hins íslenzka bókmenntafjelags í Kaupmannahöfn 500 — 500. Styrkur sá, er síðar er nefndur, veitist með því skilyrði, að bókmenntafjelagið í Kaupmannahöfn gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbrjefasafni.

82. — — — — 4. Breyt.till. frá H. Kr. Friðrikssyni (346):
Fyrir 400 — 400 komi 1000 — 1000.

83. — — — — 4. Breyt.till. nefndarinnar (261, 32):
Fyrir 400 — 400 komi 500 — 500.

84. — — — — 5. c. Breyt.till. sömu (261, 33):
Fyrir 800
komi 1200 fyrra árið.

85. Við 13. gr. C. 6. Breyt.till. frá Birni Bjarnarsyni (297, 8):
Fyrir »og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda
600 . . . 800 — 800
komi 200 . . . 400 — 400
Úr athugasemdinni falli burt orðin »og undirbúningsverkið«.

86. — — — — 7. Breyt.till. nefndarinnar (261, 34):
Á eptir orðinu »fornbrjefasafni« komi: 25 kr. fyrir örkina, allt 600 kr. hvort árið, með því skilyrði, að samskonar registur, sem við 1. bindið, komi út með hverju bindi, um leið og það er út komið.

87. — — — C. 7. Breyt.till. frá Jóni Þórarinssyni o. fl. (329):
Töluliðurinn orðist þannig:
Til að vinna að texta-útgáfu að íslenzku fornbrjefasafni 1000—1000
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að með hverju bindi komi út registur yfir það, eins og er við 1. bindi. Styrkurinn, er eigi má fara fara fram úr 40 kr. fyrir hverja örk prentaða, eða það sem því nemur í handriti, má borga út þegar handritið er albúið undir prentun, og er útgefanda skylt að afhenda handritið, þegar þess þarf til prentunar, allt að 25 örkum á ári.

88. — — — C. 10. Breyt.till. nefndarinnar (261, 35).
Fyrir 400—400
komi 600—600

89. — — — C. Breyt.till. frá Sigurði Gunnarssyni (348):
Á eptir 11. tölulið komi nýr töluliður:
12. Styrkur til sjera Stefáns Sigfússonar til að fara utan og kynna sjer lækningar á bráðafári í sauðfje . . . 800 kr.
12. töluliður verði 13. töluliður o. s. frv.
Samlagningarnar breytast samkvæmt þessu.

90. Við 13. gr. C. 12. Breyt.till. frá Guðl. Guðmundssyni o. fl. (331):
Tölulíðurinn orðist þannig:
Styrkur til cand. mag. Boga Th. Melsteð til að rita sögu Íslands 600—600.
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að ritið sje á íslenzku, og að út sjeu gefnar af því að minnsta kosti 24 arkir á fjárhagstímabilinu.

91. — — — C. 13. Breyt.till. nefndarinnar (261, 36):
Töluliðurinn orðist þannig:
Skáldlaun til sjera Matthíasar Jochumssonar 1000 — 1000.

92. — — — — 13. Breyt.till. frá Birni Bjarnarsyni (297, 9):
Fyrir 600 — 600
komi 1500 — 1500.
sem skáldlaun, er útborgist því að eins, að hann hætti að hafa á hendi prestsembætti.

93. — — — — Breyt.till. frá Jóni Þórarinssyni o. fl. (329, 5):
Á eptir tölulið 13 komi nýir töluliðir:
14. Til stórstúku Good-Templara á Íslandi til eflingar bindindis og útbreiðslu bindindisrita . . . 500 — 500
15. til kaupa á húsi Stefáns kennara Stefánssonar á Möðruvöllum, allt að 4000

94. — — — — Breyt.till. nefndarinnar (261, 37):
Á eptir 13. tölul. komi þessir töluliðir:
14. Til stórstúku Íslands til að stofna nýjar stúkur 300—300
15. Til Björns Ólafssonar aukalæknis á Skipaskaga til að halda hjer áfram augnalækningum . . 500 — 500
16. Til cand. theol. Hannesar Þorsteinssonar til þess að semja skrá yfir pakkana í landsskjalasafninu og endurskoða niðurröðun þeirra 1000 kr. fyrra árið.
17. Til umbúða um pakkana í landsskjalasafninu og til prentunar á skrá yfir þá m. m. . . . 200 kr. fyrra árið.
18. Til Skúla Skúlasonar á Akureyri til þess að læra myndasmíði, 500 kr. fyrra árið, 200 kr. síðara árið.

95. — — — C. Breyt.till. frá Klemens Jónssyni o. fl. (332):
Eptir tölul. 13. komi nýr töluliður svo hljóðandi:
14. Til tannlæknis O. Nickolin 600—600

96. — — — C. Breyt till. frá H. Kr. Friðrikssyni (346):
Eptir 13. tölulið komi:
Til Brynjólfs Þorlákssonar til að fullkomna sig í organspili og söngfræði 1000 kr. fyrra árið.

97. — — — C. Breyt.till. frá sama (347):
Við 13. gr. C. bætist nýr liður:
Til Tryggva Gunnarssonar fyrir það, sem hann hefir unnið fram yfir umsamið verk við Ölfusárbrúna, og skaða þann, sem hann hefur beðið af brúargjörðinni, 5000 kr. fyrra árið.

98. 13. gr. breytt eða óbreytt.

99. 14. — óbreytt.

100. Við 15. gr. Breyt.till. frá Sighvati Árnasyni (309):
Á eptir »bókavarðar Jóns Árnasonar 300 kr.« bætist inn: og til ekkjufrúar Torfhildar Holm 200 kr. Orðið »og« á undan »til Katrínar Þorvaldsdóttur« falli burt.

101. — — — Breyt.till. við breyt.till. nefndarinnar (261, 38) frá Jens Pálssyni (324):
Við 38. tölul.: Fyrir 100 komi 200.

102. — — — Breyt.till. við breyt.till. nefndarinnar (261, 38) frá Guðl. Guðmundssyni o. fl. (326);
Við breyt.till. 38: Í stað 100 kr. hvort árið
komi 160 kr. hvort árið.

103. — — — Breyt.till. við breyt.till. nefndarinnar (261, 38) frá Sighvati Arnasyni (311):
Við tölul. 38: Á eptir »hvort árið« komi: Og til Jóns Halldórssonar á Búrfelli 100 kr. hvort árið.

104. — — — Breyt.till. nefndarinnar (261, 38):
Við 15. gr. bætist til Ólínu Vigfússon, ekkju Sigurðar Vigfússonar, 100 kr. hvort árið.

105. 15. gr. breytt eða óbreytt.

106. 16. — óbreytt.

107. Við 17. gr. Breyt.till. nefndarinnar (261. 39):
greinin breytist eptir því, hvernig atkvæðagreiðslan fellur.

108. 18. gr. óbreytt.

109. 19. — óbreytt.

110. Breyt.till. við viðaukatill. nefndarinnar (261, 40) frá Ólafi Briem (301):
Við 40. tölul., fyrri athugasemdina. Í staðinn fyrir »og ávaxtist lán þetta« komi: Lán þetta veitist leigulaust 10 fyrstu árin, en síðan ávaxtast það.

111. Breyt.till. við viðaukatill. nefndarinnar (261, 40) frá Guðl. Guðmundssyni o. fl. (326): Við breyt.till. 40, annan málslið:
Í stað orðanna síðast í málsliðnum: »til hvers skips« komi: til hvers einstaks manns.

112. Viðaukatill. nefndarinnar (261, 40:)
Aptan við frumvarpið bætast athugasemdir, er hljóða svo:
Úr viðlagasjóði má veita allt að 40000 kr. lán til sýslufjelaga, er koma vilja á fót tóvinnuvjelum, þó ekki yfir 20000 kr. til hvers, og ávaxtast lán þetta og endurborgist með 6 % á 28 árum.
Úr viðlagasjóði má veita allt að 40000 kr. lán til þilskipakaupa, einstökum mönnum, er þess kynnu að óska. Lán þetta ávaxtist og endurborgist með

6 % á 28 árum, og veitist að eins gegn fulltryggu veði og eigi meira en 4000 kr. til hvers skips.

Samlagning talnanna í frumvarpinu, tala á liðum og greinum breytist eptir breytingartillögum þeim, er samþykktar verða.

Nd. **359. Breytingartillaga**

við tillögur yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1890 og 1891. Frá nefndinni. Við 2. tölul. Orðin: „og að við veiting prestakalla, er slík gjöld hvíla á, sje heimtað veð til tryggingar skilvísri greiðslu árgjaldanna“, falli burt.

Ed. **360. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar.

Vjer, sem hin háttvirta efri deild alþingis hefur kosið í nefnd til að hugleiða frumvarp þetta, höfum, eptir að hafa rætt það á nokkrum fundum, komizt til þeirrar niðurstöðu, að ekki beri neina nauðsyn til að breyta hinum gildandi helgidagalögum að svo komnu. Úr engu kjördæmi landsins hefur komið nein ósk til þingsins um breyting á lögum þessum, og allt virðist benda til þess, að öll alþýða manna uni þeim vel, eins og þau nú eru. Aptur eru allmiklar líkur til, að mörgum landsmönnum mundi vera það móti skapi, að lögunum yrði breytt, einkum í þá stefnu, að öll vinna, hverrar tegundar sem er, væri leyfð eptir miðjan aptan á hinum löghelgu dögum, eins og frumvarp þetta fer fram á.

Af þessum ástæðum leyfir nefndin sjer að ráða hinni háttvirtu þingdeild frá að samþykkja frumvarp þetta.

Alþingi 5. ágúst 1893.

Hallgr. Sveinsson, formaður og framsögum. — Einar Ásmundsson, skrifari. — Guðjón Guðlaugsson.

Nd. **361. Breytingartillaga**

við breytingartillögu landshöfðingja (þingskjal 294). Frá Jóni Jónssyni, 2. þm. Eyf.

Í staðinn fyrir: „2000 — 2000 — 4000“
komi: 1500 — 1500 — 3000“.

Nd. **362. Breytingartillaga**

við breytingartillögu fjárlaganefndarinnar (þingskjal 261, 16). Frá Jóni Jónssyni, 2. þm. N.M.

Í staðinn fyrir: „til gufubátsferða um Lagarfljótsós“, komi: styrkur til að kaupa gufubát til flutninga um Lagarfljótsós.

Nd. **363. Breytingartillaga**

við breytingartillögu frá Klemens Jónssyni o. fl. (þingskj. 332). Frá Guðl. Guðmundssyni.

Í staðinn fyrir: 600 — 600
komi: 500 — 500.

Nd. **364. Breytingartillaga**

við breytingartillögu þingmanns Reykvíkinga (þingskjal 346). Frá Jóni Þorkelssyni.

I stað: „1000 — 1000“
komi: 1000 — 500.

Nd. **365. Frumvarp**

til laga um hafnsögugjald í Reykjavík eins og það var samþykkt við eina umræðu í efri deild).

1. gr. Í staðinn fyrir borgun þá fyrir hafnsögu, er ákveðin er í taxtanum frá 1. desbr. 1841, skal greiða af öllum verzlunar- og mannflutningaskipum og af útlendum fiskiskipum, er leggjast við akkeri á Reykjavíkurhöfn, 8 aura í hafnsögugjald af hverri smálest. Gjald þetta skal greiða fyrsta sinnið, er skipið kemur á Reykjavíkurhöfn á árinu, hvort sem það notar hafnsögu eða eigi, en komi það optar á sama ári, skal gjaldið eigi optar greiða, nema þegar það notar hafnsögumann.

2. gr. Bæjarfógeti innheimtir gjald það, er ákveðið er í 1. gr., um leið og hann skoðar skjöl skipsins, og skal því varið til launa handa manni þeim eða mönnum, er skipaðir eru til hafnsögu fyrir Reykjavíkurkaupstað.

Skyldur er hafnsögumaður að skýra bæjarfógeta í hvert skipti frá því, er skip, er þegar hefir greitt gjaldið, notar hafnsögu á inn- eða útleið á öðrum ferðum á sama ári.

3. gr. Að því er snertir herskip, skemmtiskip og innlend fiskiskip, þá skulu þau fyrirmæli enn standa um notkun hafnsögu og borgun fyrir hana, er nú eru í gildi.

4. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1894.

Ed. **366. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um fjárforræði ómyndugra. Frá Guðjóni Guðlaugssyni, Sigurði Stefánssyni og Sigurði Jenssyni.

Á eptir 17. gr. frv. komi ný grein svo hljóðandi:

Glatist fje ómyndugra sökum hirðuleysis yfirfjárráðanda, ber hann alla ábyrgð af því.

Nd. **367. Breytingartillaga**

við breytingartillögu H. Kr. Friðrikssonar (þingskjal 347). Frá Jóni Jónssyni 2. þm. Eyf.

Orðin: „og skaða þann, sem hann hefir beðið af brúargjörðinni“ falli burtu.

Nd. **368. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um vegi. Frá Einari Jónssyni.

Við 5. gr. Aptan við greinina bætist:

Liggja skulu vegir þessir um aðalbyggðir landsins svo beint sem verða má milli endastöðvanna eptir staðháttum.

Ed. **369. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl. (Eins og það var samþykkt í Nd.)

Frumvarp það til laga um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl., sem af hálfu stjórnarinnar hefur verið lagt fyrir alþingi nú í sumar, er samhljóða frumvarpi því, sem alþingi 1891 hafði til meðferðar um sama efni, eins og það þá síðast var samþykkt af efri deild alþingis. Nefnd sú, sem Ed. nú hefur kosið til að athuga málið, álítur frumvarpið hafa inni að halda mikilsverða rjettarbót, og leggur það til, að það verði samþykkt af deildinni sem næst óbreytt, eins og það kom frá stjórninni. Að vísu hefur háttvirt Nd. gjört á því nokkrar breytingar og getur nefndin samþykkt sumar þeirra, en eigi allar. — Nefndinni þykir varhugaverð viðbótin í 2. gr.: „eður á annnan hátt verið sviptir frelsi“ og álítur rjett að ákvæðið sje bundið við „gæzluvarðhald“, eins og gjört var í stjórnarfrumvarpinu, en um gæzlu-varðhald getur verið að tala, þótt hlutaðeigandi ekki sje settur í eiginlegt fangahús, t. d. þegar hann eptir úrskurði er hafður í haldi hjá hlutaðeigandi hreppstjóra. — Þá álítur nefndin, að eigi hafi verið ástæða til þess, að setja orðið „skapraun“ fyrir „þjáning“ í 1. og 5. gr. frumvarpsins, því að hjer getur verið að ræða um líkamlega þjáning, eigi síður en sálarpínsl. — Í 5. gr. þykir nefndinni óglögglega orðað, og enda geta valdið misskilningi, að dómfelldi hafi „eigi átt hegninguna skilið“, því meiningin á að vera, að hann hafi verið dæmdur að ósekju, eða eigi átt hegningu skilið. — Samkvæmt þessu leyfir nefndin sjer að stinga upp á eptirnefndum breytingum.

Við 1. gr. „Eður á annan hátt verið sviptur frelsi“ falli burt bæði í 1. og 2. málsgrein.

— — — Fyrir: „skapraun, fjártjón og smán“ í 1. málsgrein komi: þjáningu, smán og fjártjón

— 5. gr. Fyrir: „eigi átt hegninguna skilið“ komi: verið dæmdur að ósekju

— — — — „skapraun“ komi: þjáningu

Samkvæmt þessu leyfir nefndin sjer virðingarfyllst að leggja það til, að háttvirt þingdeild samþykki frumvarpið með ofanrituðum breytingum.

Alþingi, 7. ágúst 1893.

L. E. Sveinbjörnsson, form. frmsm. — Kristján Jónsson, skrifari. — Einar Ásmundsson

---

Nd. **370. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895, (eins og það var samþykkt við 2. umr. í n. d.).

1. kafli.

Tekjur.

1. gr. Á árunum 1894 og 1895 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1,147,500 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr. Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 878,600 kr.

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a) á ábúð og afnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b) á lausafje	25,000	25,000	50,000
2. húsaskattur	4,000	4,000	8,000
3. tekjuskattur	13,000	13,000	26,000
4. aukatekjur	22,000	22,000	44,000
5. erfðafjárskattur	2.000	2,000	4,000
6. gjöld af fasteignasölu	1,300	1,300	2,600
7. vitagjald	6,000	6,000	12,000
8. gjöld fyrir leyfisbrjef	2,000	2,000	4,000
9. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frá dregnum 2% í innheimtulaun	30,000	30,000	60,000
10. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	120,000	120,000	240,000
11. aðflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	50,000	50,000	100,000
12. aðflutningsgjald af kaffi og sykri að frádregnum 2% í innheimtulaun	125,000	125,000	250,000
13. tekjur af póstferðum	20,000	20,000	40,000
14. óvissar tekjur	2,000	2,000	4,000
Samtals	439,300	439,300	878,600

3. gr. Tekjur af fasteignum landssjóðs og fl. eru taldar 50,700 kr.:

		1894.	1895.	alls.
		kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landssjóðs alls	34,000 kr.			
að frá dregnum umboðslaunum, prestsmötu og fl., alls	9,000 —	25,000	25,000	50,000
2. Tekjur af kirkjum		350	350	700
Samtals		25,350	25,350	50,700

4. gr. Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 66,000 kr.:

		1894.	1895.	alls.
		kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins , ...		28,000	28,000	56,000
Upp í lán verður borgað:				
á árinu 1894	23,923 kr. 22 a.			
- — 1895	21,556 — 58 -			
	45,479 kr. 80 a.			
2. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans . . .		5,000	5,000	10,000
Samtals		33,000	33,000	66,000

5. gr. Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem er greitt frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndilána til embættismanna . . .	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum . . .	2,000	2,000	4,000
Samtals	4,600	4,600	9,200

6. gr. Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 143,000 kr.:

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag	60,000	60,000	120,000
Aukatillag	12,500	10,500	23,000
Samtals	72,500	70,500	143,000

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr. Á árunum 1894 og 1895 veitast til útgjalda 1,162,921 kr. 80 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr. Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1894: 12,400 kr., og árið 1895: 14,400 kr., samtals: 26.800 kr.

9. gr. Til kostnaðar við alþingi veitast 32,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 33,600 kr.

10. gr. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 297,911 kr. 80 a.

			1894.	1895.	alls.
A.			kr. a.	kr. a.	kr. a.
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:					
1. laun embættismanna			18,100	18,116 66	36,216 66
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.			3,800	3,800	7,600
3. a. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun	2,500 kr.				
b. viðbót við hinn núverandi endurskoðanda	500 —		3,000	3,000	6,000
			24,900	24,916 66	49,816 66
B.					
Dómgæzla og lögreglustjórn:					
1. laun					
a. til dómara og sýslumanna			69,697 57	69,697 57	
b. til hreppstjóra			6,000	6,000	
2. ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík . . .			1,400	1,400	
3. til hegningarhússins og fangelsanna:					
	1894.	1895.			
a. laun umsjónarmannsins . . .	800 kr.	800 kr.			
viðbót við hinn núverandi umsjónarmann . . .	200 —	200 —			
flyt	1000 kr.	1000 kr.			
		flyt	77,097 57	77,097 57	49,816 66

			1894.	1895.	alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
		fluttar	77,097 57	77,097 57	49,816 66
flutt	1000 kr.	1000 kr.			
Þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 —	100 —			
Þóknun handa lækni ...	60 —	60 —			
b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag	1225 —	1225 —			
3. skammtar af miðdagsmat handa fangaverði á 21 e.	230 —	230 —			
þvottur	30 —	30 —			
til eldiviðar og ljósa... ...	520 —	520 —			
útgjöld við bygginguna sjálfa og áhöld	400 —	400 —			
til þess að útvega verkefni	500 —	500 —			
ýmisleg útgjöld	150 —	150 —			
	4215 kr.	4215 kr.			
arður af verkum talinn ...	615 —	615 —			
	3600 kr.	3600 kr.			
c. kostnaður við viðhald fangelsanna	100 —	100 —	3,700	3,700	
4. önnur útgjöld:					
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn ...		1600 kr.			
b. laun sendiboðans við yfirrjettinn ...		50 —			
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum		40 —			
d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl.		60 —			
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál		3000 —			
f. kostnaður við gjafsóknarmál		300 —			
g. til að gefa út dómasafn, allt að 15 kr. fyrir hverja örk		150 —	5,200	5,200	
			85,997 57	85,997 57	171,995 14
C.					
Ymisleg útgjöld.					
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:					
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.		300 kr.			
b. til pappírs og prentunar deildarinnar B., 22 arkir, og deildarinnar C., 15 arkir		2000 —			
c. til kostnaðar við sending með póstum		300 —			
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri, allt að 40 kr. fyrir örkina		900 —	3,500	3,500	
		flyt	3,500 »	3,500 »	221,811 80

		1894.	1895.	alls.
		kr.	kr.	kr. a.
fluttar		3,500	3,500	221,811 80
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef		1,200	1,200	
3. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar ...		1,600	1,600	
4. styrkur til eflingar búnaði:				
a. til búnaðarskóla: kr.				
1. til skólans í Ólafsdal .. 2,500				
2. — —— á Hólum ... 6,000				
3. — —— - Eyðum ... 3,000				
4. — —— - Hvanneyri ... 2,500	kr.			
	14,000			
b. til búnaðarfjelaga ... ... Þar af til búnaðarfjelags suðuramtsins 2,000 kr. hvort árið, með því skilyrði, að fjelagið verji að minnsta kosti 1,000 kr. til vatnsveitinga.	12,000			
c. styrkur til Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit, 20 kr. fyrir örkina	240			
d. styrkur til síra Odds Gíslasonar til þess að halda áfram að leiðbeina mönnum í ýmsu, sem lýtur að sjósóknum og fiskiveiðum	300			
e. styrkur til útgáfu þekennslubóka fyrir búnaðarskóla	300			
f. styrkur til verklegs laxaklaks í Dalasýslu	200	27,040	27,040	
5. til vitans á Reykjanesi:				
a. til launa vitamannsins	1,200			
b. til eptirlits með vitanum	60			
c. til að kaupa olíu	1,200			
d. — — — lampakveiki o. fl.	150			
e. — — — steinkol	120			
f. til viðurhalds á húsum og áhöldum ...	200			
g. eptirgjald eptir lóðina	30			
		2,960	2,960	
6. til vörðuvita		500	500	
7. til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landssjóði		1,000	1,000	
8. til varnar gegn skemmdum á byggingarlóðinni á Sauðárkrók, 500 kr. fyrra árið		500	»	
		38,300	37,800	76,100
samtals ...		.....	.....	297,911 80

11. gr. Til útgjalda við læknaskipunina veitast 114,844 kr.

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. laun	39,598	39,598	79,196
2. styrkur til 12 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu;			
b. til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði;			
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá;			
g. til læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnessýslu, sunnanfjalls til Straumfjarðarár;			
h. til læknis milli Straumfjarðarár í Hnappadalssýslu og Langár á Mýrum.			
i. til læknis í Eyjahrepp og Múla- og Gufudals-hreppum í Barðastrandarsýslu;			
j. til læknis í Breiðdals-, Beruness- og Geithellnahreppum í Suður-Múlasýslu;			
k. til læknis í Grímsnesi, Biskupstungna-, Hrunamanna-, Gnúpverja-, Skeiða- og Þingvalla-hreppum í Árnessýslu;			
l. til læknis í Grunnavíkur- og Sljettu-hreppum í Ísafjarðarsýslu; til hvers þeirra 1,000 kr. hvort árið	12,000	12,000	24,000
3. styrkur til aukalæknis Bjarnar Ólafssonar til að setjast að sem augnalæknir í Reykjavík, með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnalækningum	2,000	2,000	4,000
4. önnur útgjöld:			
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík 1,200 kr.			
b. — — —— á Akureyri 400 —			
c. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa ... ... 24 —			
d. til náms yfirsetukvenna ... ... 2,000 —			
e. til verkfæra handa yfirsetukonum ... 200 —			
	3,824	3,824	7,648
samtals ...	.....	.....	114,844

12. gr. Til samgöngumála veitast 342,500 kr.

			1894.	1895.	alls.
			kr.	kr.	kr.
A.					
Til útgjalda við póststjórnina:					
1. laun:					
a. handa póstmeistaranum		2,400 —			
b. — póstafgreiðslumönnum		4,700 —			
c. — brjefhirðingarmönnum		2,700 —	9,800	9,800	19,600
2. póstflutningur			34,000	34,000	68,000
3. önnur útgjöld:	1894.	1895.			
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað	kr.	kr.			
póstmeistarans	1,500	1,500			
b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningi					
1 °/₀₀, um	200	200			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður					
sama	200	200			
d. fyrir prentun á ýmsu	200	200			
e. til áhalda	600	600			
f. 1 brjefberi í Reykjavík	50	50			
g. óviss útgjöld	200	200	2,950	2,950	5,900
		samtals ...	46,750	46,750	93,500
B.	1894.	1895.			
Til vegabóta:	kr.	kr.			
a. til verkfræðings til að standa fyrir					
vegagjörðum	3,000	3,000			
b. til að bæta vegi á aðalpóstleiðum .	50,000	50,000			
c. til fjallvega...	15,000	15,000			
d. til brúargjörðar á Hjeraðsvötnin					
veitast	5,000	»			
Fje þetta veitist með því skilyrði, að sýslunefnd Skagafjarðar leggi til það fje, sem á vantar til að fullgjöra brúna, og setji, landssjóði að kostnaðarlausu, svifferju á aðalpóstleiðinni yfir Hjeraðsvötnin.			73,000	68,000	141,000
C.					
a. til strandferða:		kr.			
1. til hins sameinaða gufuskipafjelags ..		18,000			
2. til kapt. Jónas J. Randulff, til að halda uppi gufuskipaferðum umhverfis landið		25,000			
		Flyt 43,000			234,500

		1894.	1895.	alls.
		kr.	kr.	kr.
Flutt	43,000			234,500
Upphæð þessi veitist með því skilyrði, að fylgt sje ferðaáætlun þeirri, er þingið semur, og að útgerðarmaður skipsins setji tryggingu frá Stafangursdeild Noregsbanka fyrir því, að annað gufuskip fáist, til að halda áfram hinum ákveðnu ferðum, ef strandferðaskipinu kynni að hlekkjast á, jafnskjótt og fregnin um slysið berst til Stafangurs.				
b. til gufubátsferða á Faxaflóa	3,000			
c. til gufubátsferða meðfram suðurströnd landsins austur að Vík í Mýrdal og til Vestmannaeyja, allt að	3,000			
Styrkurinn undir stafliðunum b. og c. útborgist að eins eptir meðmælum hlutaðeigandi sýslunefnda og bæjarstjórnar.				
Styrkurinn sje enn fremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslufjelög og bæjarfjelag leggi til gufubátaferðanna ¼ móti ¾ úr landssjóði.				
Styrknum undir staflið c. má skipta í 2 hluta, ef með því fást hagfelldari gufubátsferðir um hið tilgreinda svæði, eða nokkurn hluta þess. Svo má og sameina styrkinn undir staflið c., eða hluta af honum, við styrkinn undir staflið b.				
		49,000	49,000	98,000
D.				
a. til bryggjugjörðar á Blönduós...	5,000 kr.			
b. til gufubátsferða um Lagarfljótsós... ...	5,000 —			
Styrkveiting þessi er því skilyrði bundin, að hlutaðeigandi hjerað leggi fram að minnsta kosti ¼ til móts við landssjóðsstyrkinn.				
Báðar upphæðirnar (undir staflið a. og b.) veitast með því skilyrði, að hlutaðeigandi hjeraðsbúar kosti sjálfir það, er til vantar, til þess að koma fyrirtækjum þessum fram.				
		10,000	»	10,000
	samtals ...	.....	.....	342,500

13. gr. Til kirkju- og kennslumála veitast 253,066 kr.:

	1894. kr.	1895. kr.	alls. kr.
A.			
Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a. laun til biskupsins	7,000	7,000	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	8,500	9,000	
2. til bráðabyrgðar-uppbótar fátækum brauðum, þar af til hins núverandi prests í Grímsey 400 kr. hvort árið	3,000	3,000	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti ...	600	600	
4. bráðabyrgðar-uppbót á Kvíabekkjar-prestakalli í Eyjafjarðar-prófastsdæmi	200	200	
5. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	3,000	3,000	
6. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1,000	1,000	
	23,300	23,800	47,100
B.			
Kennslumálefni:			
I. til prestaskólans:			
a. laun	9,800	9,800	
b. önnur útgjöld:			
	1894.	1895.	
1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum, 80 kr. handa hverjum	960 kr.	960 kr.	
2. 3 ölmusur	200 —	200 —	
3. til tímakennslu	100 —	100 —	
4. til bókakaupa	300 —	300 —	
5. til eldiviðar og ljósa ...	100 —	100 —	
6. til umsjónar	100 —	100 —	
7. ýmisleg útgjöld	200 —	200 —	
		1,960	1,960	
		11,760	11,760	23,520
II. til læknaskólans:			
a. laun		3,600	3,600	
þar af 400 kr. hvort árið launaviðbót til Tómasar Hallgrímssonar 1. kennara.				
	1894.	1895.	
b. önnur útgjöld:			
1. 2 ölmusur, 200 kr. hvor	400 kr.	400 kr.	
2. eldiviður, ljós og ræsting	170 —	120 —	
flyt	570 kr.	520 —	3,600	3,600	70,620

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
flutt	3,600	3,600	70,620

	1894.	1895.			
fluttar	570 kr.	520 kr.			
3. til bókakaupa og verkfæra	300 —	300 —			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum	300 —	300 —			
5. húsaleiga handa 6 lærisveinum	480 —	480 —			
6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði	100 —	100 —			
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, allt að	200 —	200 —			
8. ýmisleg útgjöld	100 —	100 —	2,050	2,000	
			5,650	5,600	11,250
III. til hins lærða skóla:					
a. laun			19,800	19,800	
b. aðstoðarfje:					
handa söngkennaranum		600 kr.			
handa fimleikakennaranum		700 —			
handa dyraverði		1,000 —			
til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans		300 —	2,600	2,600	
	1894.	1895.			
c. önnur útgjöld:					
1. til bókasafns skólans .	600 kr.	600 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa .	1,000 —	1,000 —			
3. til skólahússins utan og innan	1,000 —	1,000 —			
4. til tímakennslu . . .	1,600 —	1.600 —			
5. ölmusur	5,500 —	5,000 —			
6. þóknun handa lækni .	100 —	100 —			
7. ýmisleg útgjöld . . .	1,000 —	1,000 —			
8. fyrir prestsverk . . .	48 —	48 —			
9. til vísindalegra áhalda við kennslu:					
a. í náttúrusögu . . .	200 —	200 —			
b. í eðlisfræði	400 —	400 —			
10. til að gefa út vísindalega ritgjörð, er fylgi skólaskýrslunni	300 —	300 —	11,748	11,248	
			34,148	33,648	67,796
		flyt	. . . . .	. . . . .	149,666

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar			149,666
IV. til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:			
a. laun	6,600	6,600	
b. önnur útgjöld: 1894. 1895.			
1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna . . . 400 kr. 400 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa . 500 — 500 —			
3. til skólahússins utan og innan . . . . . 200 — 200 —			
4. ýmisleg útgjöld . . . 400 — 400 —			
5. til styrkveitingar námspiltum . . . . . 400 — 400 —	1,900	1,900	
	8,500	8,500	17,000
V. til stýrimannaskólans:			
a. laun	1,800	1,800	
b. önnur útgjöld:			
1. til húsnæðis, eldiviðar og ljósa . 500 kr.			
2. til tímakennslu . . . . . 600 —			
3. til áhaldakaupa o. fl. . . . . 200 —	1,300	1,300	
	3,100	3,100	6,200
VI. til annarar kennslu:			
a. til kvennaskóla:			
1. til kvennaskólans í Reykjavík . 1,800 kr. þar af ölmusur til sveitastúlkna 300 kr.			
2. til kvennaskólans á Ytri-Ey . . 1,200 —			
3. til kvennaskólans á Laugalandi . 1,200 —			
4. til kvennaskólanna á Ytri-Ey og Laugalandi . . . . . 2,000 — Öll upphæðin (2,000 kr.) skiptist milli skólanna eptir fjölda nemenda, sem eru allan kennslutímann, og lengd kennslutímans, —þaraf 500 kr. til námsmeyja.	6,200	6,200	
b. 1. til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum . . . . . Styrkur þessi veitist einkum eptir lengd kennslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annarar tillögu, er eigi sje minni en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.	4,000	4,000	
flyt	10,200	10,200	172,866

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
flutt	7,150	7,150	216,066
4. til þjóðvinafjelagsins	500	500	
5. til forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda . . 1,000 kr.			
b. til umsjónar . . . . . 400 —	1,400	1,400	
6. styrkur til kennara Benidikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda, 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi, 200 kr. hvort árið	800	800	
Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.			
7. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni, 25 kr. fyrir örkina, allt að 600 kr. hvort árið, með því skilyrði, að sams konar registur, sem við 1. bindið, komi út með hverju bindi, um leið og það er út komið.	600	600	
8. styrkur til kennara Þorv. Thoroddsens til kostnaðar við jarðfræðisrannsóknir og við safn til jarðfræðislýsingar Íslands, eptir reikningi, allt að 1,000 kr. hvort árið	1,000	1,000	
9. til Fornleifafjelagsins	300	300	
Útborgist því að eins, að árbók Fornleifafjelagsins komi út hvort árið.			
10. til Náttúrufræðisfjelagsins	400	400	
11. styrkur handa 2 mönnum til að búa sig undir að verða dýralæknar á Íslandi	1,200	1,200	
12. styrkur til cand. mag. Boga Melsteðs til að safna til sögu Íslands	600	600	
13. Til síra Matthíasar Jochumssonar	600	600	
14. Til stórstúku Good-Templara á Íslandi til eflingar bindindi og útbreiðslu bindindisrita . . .	500	500	
15. Til cand. theol. Hannesar Þorsteinssonar til þess að semja skrá yfir pakkana í landsskjalasafninu og endurskoða niðurröðun þeirra . . .	1,000	»	
16. Til umbúða um pakkana í landsskjalasafninu og til prentunar á skrá yfir þá m. m.	200	»	
17. Til Skúla Skúlasonar á Akureyri til þess að læra myndasmíði	500	200	
18. Til Tryggva Gunnarssonar fyrir það, sem hann hefur unnið framyfir umsamið verk við Ölfusárbrúna .	5,000	»	
	21,750	15,250	37,000
samtals	. . .	. . .	253,066

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
flutt	10,200	10,200	172,866
2. til sveitakennara, allt að 60 kr. til hvers . . Styrkur þessi veitist eptir tillögum sýslunefnda og stiptsyfirvaldanna.	4,800	4,800	
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	2,500	2,500	
d. til kennarafræðslu	1,600	1,600	
e. til skólaiðnaðarkennslu	500	500	
f. til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík . . .	1,000	1,000	
	20,600	20,600	41,200
VII. til sundkennslu:			
a. í Reykjavík . . . . . Lærisveinar latínuskólans njóta ókeypis kennslu.	200	200	
b. til sundkennslu annarsstaðar . . . . . Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sjeu lagðar til sundkennslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.	800	800	
	1,000	1,000	2,000
C.			
Til vísindalegra fyrirtækja og bókmennta:			
1. til landsbókasafnsins og fyrir umsjón með alþingishúsinu milli þinga:			
a. laun bókavarðar	1,000	1,000	
b. til að aðstoða bókavörð við útlán og niðurröðun bóka og við samningu á skrá yfir handrit og bækur	700	700	
c. fyrir að hafa umsjón með alþingishúsinu og áhöldum í því milli þinga	100	100	
d. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá	2,500	2,500	
e. til eldiviðar og áhalda m. m.	450	450	
f. brunabótagjald fyrir safnið	300	300	
	5,050	5,050	
2. til amtsbókasafna Vesturamtsins, Norðuramtsins og Austuramtsins, 200 kr. á ári til hvers þeirra	600	600	
3. a. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Reykjavík	1,000	1,000	
b. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Kaupmannahöfn . . . . . Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að Bókmenntafjelagið í Kaupmannahöfn gefi út 25 arkir á ári af íslenzku fornbrjefasafni.	500	500	
flyt	7,150	7,150	216,066

14. gr. Til skyndiláns handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr. Til eptirlauna og styrktarfjár og fl. veitast 86,000 kr.; þar af til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjohnsen 300 kr., til ekkjufrúar Valgerðar Ólafsdóttur frá Hofi 200 kr., til sjera J. Thórarensens 50 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli 105 kr. 40 a., til Katrínar Þorvaldsdóttur, ekkju fyrverandi bókavarðar Jóns Árnasonar 300 kr., til ekkjufrúar Torfhildar Holm 200 kr., til Jóns Halldórssonar frá Búrfelli 100 kr. og til Ólínu Vigfússon, ekkju Sigurðar Vigfússonar, 100 kr. — til allra þeirra hvort árið.

16. gr. Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

17. gr. Tekjuafganginn, sem fyrst um sinn er ætlað að verði 16,021 kr. 80 a., skal greiða í viðlagasjóð.

18. gr. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

19. gr. Ef frumvarp til laga um
öðlast gildi á fjárhagstímabilinu, breytast upphæðirnar gjaldamegin samkvæmt því.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 40,000 kr. lán til sýslufjelaga, er koma vilja á fót tóvinnuvjelum, þó ekki yfir 20,000 kr. til hvers, og ávaxtist lán þetta og endurborgist með 6% á 28 árum.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 40,000 kr. lán til þilskipakaupa einstökum mönnum, er þess kynnu að óska. Lán þetta ávaxtist og endurborgist með 6% á 28 árum, og veitist að eins gegn fulltryggu veði, og eigi meira en 4000 kr. til hvers einstaks manns.

Ed. **371. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um búsetu fastakaupmanna á Íslandi. Frá Sigurði Stefánssyni.

1. Við 1. gr. Orðið „framvegis“ falli burtu.
2. — — — Orðin „haldi hjer dúk og disk“ falli burtu.

Nd. **372. Nefndarálit**

í málunum: um árgjaldslækkun á Stað á Reykjanesi og breytingu á Vallanessprestakalli.

Hin háttvirta neðri deild alþingis hefur kosið oss, sem ritum hjer nöfn vor undir, til þess að íhuga og segja álit vort um tvö mál, er snerta árgjöld af prestaköllum, og svo hafa einstakir þingmenn afhent nefndinni tvö önnur skyld mál. Vjer höfum rætt þessi mál með oss eptir föngum, og leyfum oss að láta uppi tillögur vorar um þau á þessa leið:

Oss hefir ekki dulizt hvílíkum ókleyfum erfiðleikum það er bundið fyrir þingmenn, sem hafa mjög nauman tíma til að hugleiða rækilega þann mikla

málafjölda, sem fyrir þeim liggur, að taka prestakallamál landsins til svo fullkominnar meðferðar, sem þyrfti. Það er deginum ljósara, að prestakallalögin frá 27. febr. 1880 hafa alls ekki getað fullnægt óskum kirkjustjórnar, presta nje safnaða; allt af hafa verið að koma óskir um nýjar og nýjar breytingar, og mundu hafa komið miklu fleiri, ef þingið hefði verið gjarnara á að breyta til en það hefur verið. En þrátt fyrir það, þótt þingið hafi hvað eptir annað hafnað tillögum, er lotið hafa að breytingu á skipun prestakalla, hafa samt frá flestum þingum síðan 1880 komið einhver lög, sem breytt hafa lögum 27. febr. 1880 að meiru eða minna leyti, og flest hafa þau horft til aukinna útgjalda fyrir landssjóð. Nú er það skoðun vor, að rjett sje að stefna að fullum aðskilnaði ríkis og kirkju, en því meira, sem kirkjan þiggur af ríkinu, því háðari verður hún því og fastara bundin við það. Prestakallalögin frá 27. febr. 1880 voru upphaflega miðuð við það, að prestaköllin ætti nóg fje til að bera sig sjálf, væri því haganlega varið. Þess vegna var prestaköllum fækkað og lagt árgjald á sum hin betri brauð, en hin aptur bætt upp, sem rýrari voru. En eins og við mátti búast, hefur ekki tekizt, að skipa þessu svo hagkvæmlega, sem þurft hefði með þessum umfangsmiklu lögum; sumstaðar hefur árgjaldið þótt of þungt, sumstaðar embættin of erfið, en hvergi mun hafa verið kvartað um það, að uppbótin væri of mikil. Það hefur því farið svo, að næstum allar breytingar hafa orðið til byrðarauka fyrir landssjóðinn, sem nú hefur að fullu tapað um 1450 kr. af árgjöldum þeim, er honum voru upphaflega áskilin. Og þessar tillögur, sem oss hafa verið fengnar til íhugunar, lúta að því, að rýra tekjur landssjóðs um samtals 800 kr. árlega, auk þess sem ein fer fram á að leggja á hann 400 kr. árleg útgjöld til prestakalls.

Vjer getum nú ekki ráðið hinni háttvirtu deild til að samþykkja þetta, eins og það liggur fyrir, og þykir ísjárvert að fara að stofna ný prestaköll eða rjettara sagt endurreisa hin fornu með ærnum kostnaði fyrir landssjóð, enda hefur fjöldi landsmanna látið í ljósi, að þeim þætti nóg lagt til launa prestum, og vildu þar engu við bæta. Vjer getum ekki sjeð, að hinar einstöku sóknir, er vilja hafa prest út af fyrir sig, en vantar þó efni til að halda sjerstakan prest, og hafa því verið lagðar saman við aðrar sóknir, eigi fulla heimtingu á, að landssjóður fari að launa presti þeirra, ef skipun sú getur með nokkru móti staðizt, sem nú er þegar á komin. En það er auðvitað álitamál, hvar helzt muni þurfa að breyta til, og þyrfti því að taka fyrir alla prestakallaskipunina, ef sýna ætti öllum jafna sanngirni, en til þess kemst þingið ekki nú sem stendur.

Að því er Stað á Reykjanesi snertir, þá var í fyrstu ætlazt til, að prestakall þetta yrði lagt saman við Garpsdalsprestakall, en af því varð samt ekki, og þó varð það tilefni til þess, að svo hátt árgjald var lagt á Stað, sem nú er þar, og hefur slíkt alls ekki verið tilætlun þingsins, en um hitt verður ekki sagt með neinni vissu, hvort þingið hefði þó ekki lagt eitthvert árgjald á Staðarprestakall, eins og ýms önnur góð brauð, þótt aldrei hefði átt að sameina Garpsdal við það, en sjálfsagt hefði það orðið lægra, fráleitt meira en 200 kr. og leggjum vjer því til, að árgjaldið sje nú fært niður um helming.

Viðvíkjandi Vallanesi skal þess getið, að oss virðist stjórnin alls ekki hafa gjört það, sem henni ber að gjöra samkvæmt 2. gr. laga 27. febr. 1880, til að greiða fyrir tilgangi laganna, og það vera því að nokkru leyti henni að kenna,

ef landssjóður tapar við breytingu á því prestakalli. Þegar Þingmúla- og Hallormsstaðar-prestaköll, sem sameinuð, höfðu verið til bráðabirgða, losnuðu við frá fall síra Páls Pálssonar haustið 1890, áttu þau eptir prestakallalögunum að sameinast við Vallanes, en prestur sá, er þá var í Vallanesi, var algjörlega þrotinn að heilsu, og mun hafa skorazt undan að taka þessi prestaköll að sjer, enda vildu Þingmúlasóknarmenn (Skriðdælingar) ekki annað heyra, en að þar yrði skipaður sjerstakur prestur, og hafði það áður verið ráðgjört heima í hjeraði, að auka skyldi við hið forna Þingmúlaprestakall fáeinum bæjum í Skriðdal, er legið höfðu undir Hallormsstað og Vallanes, en leggja annars Hallormstaðasókn undir Vallanes. Nú var ekki hægt að gjöra þá skipun á prestaköllum þessum, sem kirkjustjórn og söfnuðir vildu fram hafa, nema með samþykki alþingis, sem átti að koma saman næsta sumar, og með því að öllum kom saman um, að leggja Hallormsstað undir Vallanes, virtist sjálfsagt, að Þingmúla- og Hallormsstaðar-prestaköll hefðu ekki átt að koma til veitingar á meðan, eða að minnsta kosti ekki nema hið forna Þingmúla-prestakall, svo að rjettindi hins nýja prests þar kæmi í engan bága við hina væntanlegu prestakallaskipun, hver sem hún yrði, og landssjóður þyrfti engu að tapa. En í stað þess er Þingmúla og Hallormsstað enn slengt saman og hvorttveggja veitt eptir að Vallanes var losnað, og þegar þingið neitar svo að skilja prestaköll þessi, þá er fyrst farið eptir fyrirmælum laganna, og vekur þetta svo megna óánægju hjá Vallanessóknarmönnum, sem fengu þannig engu að ráða um það, hver prestur þeim var settur, að meiri hluti þeirra segir sig úr þjóðkirkjunni. Eins og nú er komið, horfir því málið svo við, að prestur er í Vallanesi, sem skipaður er yfir þessi 3 fornu prestaköll og á að gjalda af brauðinu 1000 kr. — hvort nokkuð gjald hefur komið fyrir fyrsta árið er oss ekki nægilega kunnugt um, en sjálfsagt hefði það átt að vera, — en að eins nokkur hluti sóknarmanna vill kannast við hann sem prest sinn, og Skriðdælingar vilja fá sjerstakan prest, ella er hætt við, að sama óánægja komi upp hjá þeim. Þetta sýnist vandræða-ástand fyrir alla hlutaðeigendur, og full þörf á að gjöra hjer eitthvað til að sinna óskum safnaðanna, enda mælir fleira með því, að sóknir þessar sjeu tvö prestaköll, þar sem öll önnur prestaköll í Fljótsdalshjeraði eru nú orðin næsta erfið yfirsóknar. En eins og nú stendur á, mun aðskilnaðurinn eigi geta átt sjer stað, nema hlutaðeigandi prestur gjöri kost á því, og eigi mun verða komizt hjá, að færa árgjaldið af Vallanesi nokkuð niður, og finnst oss hæfilegt að setja það 650 kr., en til þess að landssjóði bætist með tímanum upp sá halli, sem hann verður fyrir við þetta, leggjum vjer það til, að 200 kr. tillag til Fjarðarprestakalls í Mjóafirði falli niður við næstu prestaskipti og sömuleiðis 150 kr. til Stöðvarprestakalls í Stöðvarfirði.

Að öðru leyti viljum vjer ekki gjöra neinar ákveðnar tillögur um mál þau, er einstakir þingmenn hafa viljað beina til vor um breyting á prestaköllum í kjördæmum sínum, með því að oss hefir skort tíma og tækifæri til að íhuga þær og ræða svo vandlega sem þurft hefði, en getum þess að eins, að ef ástæða þykir til að minka árgjaldið frá Miklaholti um 200 kr., mundi vera öllu heppilegra, að 100 kr. árgjald væri aptur á móti lagt á Staðastað og 100 kr. á Helgafell, heldur en að láta 200 kr. greiðast frá Helgafelli einu. Sömuleiðis skulum vjer geta þess, að þótt oss geti vel skilist, að margt mæli með því að skilja Kálfafellssókn í Fljóts-

hverfi frá Prestsbakka prestakalli, þá getum vjer samt ekki lagt til, að það verði gjört að svo komnu á þann hátt, sem fram á er farið, með því að víða mun eins mikil þörf á að laga brauðaskipunina, og því rjettast að taka prestakallamálið til endurskoðunar í heild sinni, áður en langir tíma líða.

Samkvæmt því sem hjer er sagt, ráðum vjer hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið á þingskjali 238 með þeirri breytingu, að fyrir:

„greiðist ekkert árgjald“ komi: „greiðast að eins 200 kr.“

og frumv. á þingskjali 157 með þeirri breytingu og viðauka, er hjer greinir:

1. Fyrir „600 kr.“ í 1. gr. komi: „650 kr.“
2. Aptan við frumv. bætist svo látandi:

5. gr. Við næstu prestaskipti í Fjarðarprestakalli í Mjóafirði, fellur niður það 200 kr. tillag, sem nú er greitt þangað úr landssjóði. Sömuleiðis færist tillagið til Stöðvarprestakalls í Stöðvarfirði niður um 150 kr. við næstu prestaskipti þar.

Alþingi 9. d. ágústm. 1893.

Sigurður Gunnarsson	Jón Jónsson þm. A.-S.	Björn Sigfússon
formaður.	skrifari.	framsögumaður.

Nd. **373. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um friðun á laxi.

Háttvirt neðri deild kaus oss, sem hjer ritum nöfn vor undir, til að íhuga frumv. til laga um friðun á laxi. Höfum vjer nú rætt málið á mörgum nefndarfundum, og þótt skoðanir vorar nefndarmanna fari eigi saman í öllum greinum, höfum vjer þó orðið sammála um flest höfuðatriðin og skulum vjer leyfa oss að skýra frá áliti voru á þessa leið.

Lög um það efni, sem hjer ræðir um, hljóta að hafa það fyrir aðalmark, að skipa veiðiaðferð og veiðireglum svo, að lax meigi ganga sem greiðast um ár og vötn, og eins hitt, að eðlilegri viðkomu hans sje sem bezt borgið að verða má. En jafnframt ber að gæta þess, að takmarka ekki veiðirjett hvers einstaks manns um skör fram, og haga veiðireglunum svo, að hinir einstöku laxveiðieigendur mættu njóta, hverjir gagnvart öðrum, sem mests jafnrjettis, að því er til veiðarinnar kemur.

Með frumvarpi því, sem hjer ræðir um, á að vera stefnt að þessu marki, og játum vjer að svo er í mörgum atriðum. Aptur eru önnur ákvæði í því, er oss þykja miður heppileg og vildum því breyta þeim eða fella úr, og sum atriði, er standa í hinum eldri lögum, þykir oss vanta. Vjer höfum t. a. m. álitið rjettara, að taka upp 36 stunda algjörða friðun fyrir laxinn í viku hverri Ákvæðin um veiði fyrir ármynnum í sjó höfum vjer reynt að gjöra ákveðnari, og hvað ádráttarveiði snertir í ám og vötnum, höfum vjer hallast að þeirri ákvörðun, að hún skuli leyfð aðra hvora viku. Teljum vjer það meiri og hagfelldari friðun, en hitt, að leyfa slíka veiði 4 stundir samfleytt á hverjum sólarhring, því að sú ákvörðun leiðir, að vorum dómi, beint til þess, að ádráttarveiði getur farið fram í sífellu dag eptir dag, allan veiðitímann. Til þess enn fremur að koma í veg fyrir að ákvörðun frumvarpsins um bann gegn veiði á smálax verði eigi jafnharðan brotin niður, höfum vjer ákveðið möskvamál netja 11 þuml. í stað 9 þuml.; því að reynslan sýnir, að jafnvel 3 punda laxar veiðast hrönnum saman í 9 þuml. möskva; en slíkt má ætla að spilli mjög viðkomu laxins.

En höfum vjer tekið upp ákvæði úr hinum eldri lögum um fjelagsveiði, sem vjer ætlum að geti komið laxveiðendum að góðu haldi, sparað þeim tíma, veiðarfæri og vinnukrapta.

Loks skal þess getið, að vjer höfum álitið rjettara að nema burtu 4. grein um skot á sel úr þessu frumvarpi.

Að svo mæltu ráðum vjer hinni háttvirtu deild til að fallast á frumvarp þetta með eptirfarandi breytingum:

1. Við 1. gr. Orðin síðast í greininni: »eptir að hafa — í hlut eiga« falli burt.
2. — — —. Aptan við greinina bætist: Á þessum veiðitíma skal þó lax friðaður 36 stundir í viku hverri, eða frá náttmálum á laugardögum til dagmála á mánudögum, og skulu þá öll laxanet tekin upp og allar veiðivjelar standa opnar, svo laxinn hafi frjálsa göngu. Net þau, er svo eru gjörð, að ekki getur lax fest sig í þeim, skulu teljast með föstum veiðivjelum.
3. — 2. gr. Í stað »100 faðma« komi: 60 faðma
4. — — — Orðin: »nema svo — árinnar« falli burt.
5. — 3. gr. Fyrsta málsgreinin orðist þannig: Ekki má leggja laxanet eða laxveiðivjel úti fyrir ármynnum í sjó, nær ósnum, en sjór fellur lengst út um stórstraumsfjöru. Sýslunefnd ákveður, hve nærri ósum stöðuvatna veiðivjelar meigi leggja. Ádráttarveiði má við hafa í ám og vötnum aðra hvora viku, sömuleiðis í árósum og fyrir utan þá á sama tíma, þó að eins með öðru hvoru útfalli sjáfar.
6. — — — Í annari málsgrein, næst síðustu línu: Á eptir »í ám« komi: og vötnum
7. — 4. gr. Þessi grein falli burt.
8. — 5. gr. Í stað »9 þumlungar« komi: 11 þumlungar
9. — — — Aptan við þessa málsgrein bætist: Net, hvort sem eru ádráttarnet eða lagnet, meiga eigi tvöföld vera.
10. — — — Í stað orðanna í annari málsgrein »ekki er meir en 9 þumlungar« komi: minni er en 11 þumlungar
11. — — — Í stað $1^1/_2$ þumlungur« komi: 2 þumlungar
12. Á eptir 5. gr. komi ný grein:

    6. gr. Nú vill meiri hluti veiðieigenda í á, sem lax gengur í, veiða í fjelagi, og skulu þá þeir, er fjelagsveiði vilja fram hafa, leggja málið fyrir hlutaðeigandi sýslunefnd. Álíti sýslunefndin rjetti einkis hallað, skal hún semja reglur fyrir veiðiaðferðinni og skipting á veiðinni og eru allir hlutaðeigendur skyldir því að hlýta.
13. — 6. gr. (verði 7. gr.) Í fyrri málsgrein breytist orðið »reglur« í: reglugjörðir
14. — 7., 8. og 9. gr. Þessar greinir eru óbreyttar, en verða 8., 9. og 10. gr.

Neðri deild alþingis, 7. ágúst 1893.

Þorlákur Guðmundsson, formaður (með athugasemd). Sigurður Gunnarsson, skrifari. Björn Sigfússon, framsögumaður.

Sighv. Árnason, með athugas. Þórður Guðmundsson.

Að því er snertir möskvamál laxanetja getum við ekki verið samdóma okkar háttvirtu meðnefndarmönnum.

Sighv. Árnason. Þorlákur Guðmundsson.

Nd. **374. Breytingartillögur**

við breytingartillögur nefndarinnar við frumvarp um vegi. Þingskjal 320. Frá Þórði Guðmundssyni og Þorláki Guðmundssyni.

Við 9. gr.: Greinin orðist þannig:

Kostnaður við sýsluvegi greiðist af sýslufjelaginu þannig, að hvert hreppsfjelag greiðir $^1/_2$ dagsverk fyrir hvern verkfæran mann í hreppnum 20—60 ára í hverri stöðu sem er.

Hreppstjórar skulu á ári hverju fyrir lok marzmánaðar senda sýslumanni nafnaskrá yfir alla verkfæra menn í hreppnum á þeim aldri, sem nú var sagt. Skal sýslumaður eptir skránum ákveða, hve mikið tillag hver hreppur eigi að greiða. Gjaldið skal tekið af sveitarsjóðnum og greitt sýslumanni á manntalsþingi.

Nd. **375. Tillaga**

til þingsályktunar. Flutningsmenn H. Kr. Friðriksson og Bogi Th. Melsteð.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina, að láta gjöra uppdrátt til steinhúss handa forngripasafninu, náttúrugripasafninu og litmyndasafninu, og áætlun um kostnaðinn við að reisa slíkt hús, og leggja málið síðan fyrir alþingi 1895.

Ed. **376. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1890 og 1891, (eins og það var samþ. við 3. umr. í n. d

1. gr. Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1890 og 1891, veitast 18009 kr. 64 a. til gjalda þeirra, sem talin eru í 2.—6. gr. hjer á eptir.

2. gr. Sem viðbót við gjöldin til vitans á Reykjanesi í 10. gr. C. 7. veitast: undir lið f. til viðurhalds á húsum og áhöldum 1890 . . . . . 664 kr. 50 a.

3. gr. Sem viðbót við upphæð þá, sem veitt er með 10. gr. C. 5. b. og með fjáraukalögum 2. október 1891 fyrir árin 1890 og 1891 til þess að bæta vegi á aðalpóstleiðum, veitast fyrir árið 1891 5,630 kr. 51 e., þar af 5,309 kr. 79 a. til vegagjörðar, sem sameinar Ölfusárbrúna við aðalpóstveginn.

4. gr. Sem viðbót við gjöldin til póststjórnarinnar í 12. gr. veitast:

undir 2. lið: póstflutningur:

1890	3,780 kr.	95 a
1891	4,936 —	12 —

undir 3. lið: önnur útgjöld:

c. dagpeningar og ferðakostnaður 1890	122 —	70 —
d. fyrir prentun á ýmsu 1890	124 —	49 —
1891	1,133 —	33 —
e. til áhalda 1890	271 —	16 —
Samtals	10,368 kr.	75 a.

5. gr. Sem viðbót við gjöldin til kirkju og kennslumála í 13. gr. C. veitast til Fornleifafjelagsins 1890 og 1891 300 kr. hvort árið, alls 600 kr.

6. gr. Sem viðbót við hina áætluðu upphæð til óvissra útgjalda í 16. gr. veitast: fyrir árið 1890:

a. til aðalaðgjörðar á bústað landshöfðingja utanverðum . . 349 kr. 38 a.
b. fyrir peningaskáp úr járni handa Kjósar- og Gullbringusýslu . . . . . 110 — 00 —

fyrir árið 1891:

c. til prentunar á bæklingi um sullaveiki . . . . . 86 — 50 —
d. til prentunar á ritlingi um leiðir og lendingar . . . . 200 — 00 —

Samtals 745 kr. 88 a.

Ed.

377. Frumvarp

til laga um afnám athugasemdar um lögdagslegging í stefnum, (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

Athugasemd um að lögdagur sje úr lögum numinn samkvæmt tilsk. 3. júní 1796, þarf eptirleiðis eigi að taka upp í stefnur.

Ed.

378. Frumvarp

til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1890 og 1891. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.).

	Tekjur.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
1.	Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje . . .	80,000	80,768 39
2.	Húsaskattur	8,000	8,019
3.	Tekjuskattur	20,000	28,129 75
4.	Aukatekjur	44,000	47,082 33
5.	Erfðafjárskattur	3,400	5,352 87
6.	Gjöld af fasteignasölum	2,600	2,857 61
7.	Vitagjald	10,000	12,239 47
8.	Gjöld fyrir leyfisbrjef	4,000	4,100 55
9.	Útflutningsgjald af fiski og lýsi, að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	50,000	62,247 76
10.	Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	180,000	247,150 44
11.	Aðflutningsgjald af tóbaki að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	34,000	100,546 08
12.	Tekjur af póstferðum	36,000	51,859 12
13.	Óvissar tekjur	6,000	5,921 78
14.	Tekjur af fasteignum landssjóðs að frá dregnum umboðskostnaði, prestsmötu, m. m.	56,000	61,329 91
15.	Tekjur af kirkjum	700	653 89
16.	Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs . . . . . Borgað upp í lán, veiting: 51,881 kr. 75 a., reikningur: 85,028 kr. 37 a.	62,000	66,233 63
17.	Innborganir frá brauðum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	4,000	4,922 35
18.	Endurborganir skyndilána til embættismanna . . .	1,200	2,685 40

19.	Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum . . .	4,000	4,116 21
20.	Tillag úr ríkissjóði	159,000	159,000 »
21.	Aðflutningsgjald af kaffi og sykri að frá dregnum 2 % í innheimtulaun	» »	251,967 97
22.	Tekjuhalli	150,238 84	
	Alls	915,138 84	1207,184 51
	Gjöld.		
1.	Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi	26,800	26,800 »
2.	Til alþingis og kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna	33,600	39,383 24
3.	Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzlu og lögreglustjórn m. fl.:		
	A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál . .	52,116 66	50,273 86
	B. Dómgæzla og lögreglustjórn	171,050 18	168,147 10
	C. Ýmisleg útgjöld	146,632	139,015 73
4.	Til útgjalda við læknaskipunina	98,844	97,022 06
5.	Til útgjalda við póststjórnina	65,300	75,427 87
6.	Til kirkju- og kennslumála:		
	A. Í þarfir andlegu stjettarinnar	50,300	47,273 13
	B. Til kennslumálefna	156,796	153,888 64
	C. Ýms útgjöld	20,300	19,600 »
7.	Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna bráðabirgða-lána	5,200	3,605 64
8.	Eptirlaun og styrktarfje	90,000	92,105,35
9.	Til óvissra útgjalda	3,000	2,043 29
10.	Útborganir samkvæmt nýjum lögum	» »	44,841 18
11.	Fjáraukaveitingar	12,574 54	14,568 12
12.	Tekjuafgangur	» »	233,189 30
	Alls	932,513 38	1207,184 51

Eignir viðlagasjóðs voru 31. desember 1891 . . . . . 822,967 kr. 62 a.
Tekjueptirstöðvar landssjóðs 31. desember 1891 . . . 30,562 — 87 -
Peningaforði landssjóðs 31. desember 1891 . . . . . 196,826 — 28 -

---

Ed. **379. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um varnarþing í skuldamálum og um ýms viðskiptaskilyrði.

Hin háttvirta efri deild alþingis hefur kosið oss undirskrifaða í nefnd til þess að láta uppi álit vort um frumvarp til laga um varnarþing í skuldamálum og um ýms viðskiptaskilyrði.

Eptir að vjer höfum rætt mál þetta á fundum, höfum vjer komist að þeirri niðurstöðu, sem nú skal greina.

Að vísu álítur nefndin, að aðalákvæði 1. gr. frumvarpsins væri til mikils ljettis fyrir þá menn, sem nefndir eru í 3. málslið 1. gr. og á stundum heldur spara en auka kostnað þann, sem skuldunautur yrði að bera ef hann væri lögsóttur; en á hinn bóginn fær nefndin ekki betur sjeð, en að þessi breyting að því snertir varnarþing, mundi heldur verða til þess að auka lán og skuldir, en skuldaverzlun álítur nefndin vera rótina til margs ills, já vera þess ollandi, að bændur almennt, hvort sem eru sveitabændur eða útvegsbændur, aldrei nái að rjetta við í efnalegu tilliti. Þá álítur nefndin og, að mjög lít-

ið mæli með, en mikið á móti því, að öðrum en kaupmönnum og lyfsölum sje veitt þau hlunnindi, sem frumvarpið fer fram á. Einnig virðist nefndinni, að ákvæðin í 2. og 3. gr. frumvarpsins sjeu mjög svo óheppileg eins og hagar til hjer á landi. Og loks skal það tekið fram, að skuldheimtumenn þeir, sem um getur í frumvarpinu geta með samningum við þá, sem þeir lána, áskilið sjer einmitt sama rjett og 1. gr. frumvarpsins vill veita þeim. En það virðist rjett, að slík undantekning, sem frumvarpið fer fram á og sem í raun rjetti fremur verður regla en undantekning, eins og viðskiptalífið er hjer á landi, sje ekki lögboðin, heldur sje komin undir samkomulagi lánveitenda og lántakenda.

Með því nefndin þannig hyggur, að frumvarp þetta, ef það yrði að lögum, mundi fremur verða landsmönnum almennt til tjóns og baga heldur en til hagsmuna, leggur hún það til, að hin háttvirta deild felli frumvarpið.

Alþingi 8. dag ágústm. 1893.

Kristján Jónsson	L. E. Sveinbjörnsson	Þorkell Bjarnason.
formaður.	skrifari og framsögumaður.	

Nd. **380. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895. Frá landshöfðingja.

Við 2. gr.

A eptir 8. tölulið: „gjöld fyrir leyfisbrjef“ komi athugasemd innanstryks svo látandi:

„Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála milli hjóna greiðist ekkert gjald“.

Ed. **381. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um að nema dómsvald hæstarjettar sem æðsta dómstóls í íslenzkum málum úr lögum. Frá Jóni Hjaltalín, Kristjáni Jónssyni og Lárusi Sveinbjörnsson.

Við 2. gr. frumvarpsins bætist: og skal tala dómenda í þeim rjetti aukin um tvo, er hafi 3500 kr. árslaun hvor.

Nd. **382. Frumvarp**

til laga um fjárforræði ómyndugra, (eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild).

1. gr. Fjárhaldsmann skal hver sá hafa, sem eigi getur haft fjárráð sín sjálfur sakir aldurs, ráðleysis eða af öðrum ástæðum, er yfirvaldið telur gildar vera.

2. gr. Sýslumenn og bæjarfógetar skipa fjárhaldsmenn ómyndugra, og skal til þess velja vandaða og áreiðanlega menn, er ekki sjeu öðrum háðir sem hjú, sjeu eigi yngri en 25 ára og sjeu búsettir í sama lögsagnarumdæmi og sá ómyndugi.

Nánustu frændur hins ómynduga hafa þó rjett til fjárhaldsins gagnvart vandalausum mönnum jafn hæfum.

Sá maður, sem hefur þrjú yfirgripsmikil fjárhöld áður. eða mikla innheimtu á öðrum opinberum gjöldum, hefur hvorki rjett nje skyldu til að taka við fjárhaldi

ómyndugra, fyr en hinum fyrri fjárráðum eða innheimtu er lokið, að nokkru eða öllu.

3. gr. Undir eins og einhverjum ómyndugum hlotnast arfur, skal skiptaráðandi skipa honum fjárhaldsmann. Bæjarfógetinn skal vera yfirfjárráðandi í Reykjavík, en sýslumenn annarsstaðar.

4. gr. Nú skiptist ómyndugum arfur, og er hann í öðru lögsagnarumdæmi; skal þá skiptaráðandi leita til yfirfjárráðamanns í því lögsagnarumdæmi, er hinn ómyndugi er í, og skal sá yfirfjárráðandi skipa hinum ómynduga fjárhaldsmann, er taki arfinn undir sína umsjón, og skal fjárhaldsmaður þessi skyldur að kvitta skiptaráðanda fyrir fjenu. Þegar arfur hefur þannig verið fluttur úr einu fjárráða-umdæmi í annað, þá skal skiptaráðandi skýra frá því í yfirliti sínu yfir fjárráðin (sjá 18. gr.). Hið sama skal yfirfjárráðandi gjöra, þar sem hinn ómyndugi á heimili.

5. gr. Hver fjárhaldsmaður skal skyldur að senda yfirfjárráðanda nákvæman reikning yfir fjárhaldið ár hvert, og skýra um leið frá ástandi hins ómynduga svo sem, hvar og hvernig verustaður hans sje og með hvaða kjörum, hvernig heilsu hans sje varið og fleira, er yfirfjárráðandi kynni að þurfa að vita um. Reikningsárið fyrir ómyndugrafje skal vera frá 11. júní til sama tíma árið eptir, og skal skilagrein þessi send yfirfjárráðanda í síðasta lagi í lok næsta nóvembermánaðar á eptir reikningsárinu.

6. gr. Sjái yfirfjárráðandi af skilagrein þeirri, sem ræðir um í 5. gr., að önnur ráðstöfun mundi vera hagfelldari fyrir hinn ómynduga, en sú, er fjárhaldsmaður hefur þegar gjört, skal yfirfjárráðandi tafarlaust gjöra fjárhaldsmanni aðvart um það. Vilji fjárhaldsmaður samt ekki breyta ákvörðun sinni í þessu efni, skal yfirfjárráðanda heimilt, að taka af honum fjárhaldið og fá það öðrum í hendur.

7. gr. Skyldir skulu yfirfjárráðandi og fjárhaldsmaður að koma öllu lausafje hins ómynduga í peninga, á þann hátt, sem haganlegast er fyrir hinn ómynduga.

Nú er lausafje lagt í arf við skipti milli þess hjóna, er lengur lifir, og ómyndugra barna beggja þeirra eða barnabarna, og skal það þá eigi selt, ef ekkill. inn eða ekkjan óskar þess og yfirfjárráðandi samþykkir. Sjeu eigur hins ómynduga ekki seldar úr búinu, þá setji ekkillinn eða ekkjan fullt veð fyrir þeim í öllum eigum búsins, og skal veðinu þinglýst.

Heimilt skal og að láta lausafje óselt, ef hinn ómyndugi er nær því orðinn myndugur og yfirfjárráðandi sjer honum það haganlegra.

8. gr. Fasteign ómyndugra má eigi selja, hvort heldur eru heilar jarðir eða jarðarpartar, nema því að eins, að hinum ómynduga sje verulegur hagur í sölunni, eða brýna nauðsyn beri til, að selja eitthvað honum til framfæris, þó skal jafnan leita álits háyfirvaldsins um þetta.

9. gr. Afgjöldum af fasteignum ómyndugra skal fjárhaldsmaður hafa komið í peninga innan árs frá gjalddaga nema þau geti gengið í sömu aurum hinum ómynduga til framfæris.

10. gr. Peninga ómyndugra skal setja á vöxtu annaðhvort í landsbankann eða sparisjóðinn á Ísafirði, Akureyri eða Seyðisfirði, og skulu stjórnendur sjóða

þessara skyldir að gefa landsstjórninni árlegt yfirlit yfir, hve mikið ómyndugrafje sjóðirnir hafa í vörzlum sínum og hvaðan það er.

Ákvörðunin í þessari grein um það, hvar ómyndugrafje skal ávaxtast, nær þó ekki til þess ómyndugrafjár, sem komið er á vöxtu, þá er lög þessi öðlast gildi.

11. gr. Fjárhaldsmenn fá í þóknun fyrir starfa sinn 10% af öllum jarðaratgjöldum hins ómynduga, en 4% af peningaleigum. Haldi fjárhaldsmaður hjá sjer fje hins ómynduga lengur en til er tekið í 10. gr. og sje það meiri upphæð en nemur 50 kr., skal hann borga af því sömu vexti og af því hefði fengizt í sjóðum þeim, er ómyndugrafje er ávaxtað í, án þess að ómakslaun sjeu þar frá dregin.

12. gr. Fjárhaldsmaður heldur bók um fjárhaldið og ritar í hana hina árlegu fjárhaldsreikninga. Bók þessa, ásamt öðrum skjölum, er fjárhaldið snertir, skal hann sýna yfirfjárráðanda á hverju manntalsþingi í þinghá þeirri, er hann er búsettur í.

13. gr. Þegar hinn ómyndugi verður ráðandi fjár síns, eða fjeð er orðið eytt honum til framfæris, eða annað það kemur fyrir, sem gjörir enda á fjárráðum fjárhaldsmanns, þá skal hann þegar í stað gjöra skilagrein fyrir fjárhaldinu og senda hana til yfirfjárráðanda, og úrskurðar hann, hvort hún er rjett; samkvæmt skilagrein þessari afhendir fjárhaldsmaður síðan yfirfjárráðanda fje það, er hann kann að hafa undir höndum ásamt öllum skjölum og skilríkjum, er að fjárhaldinu lúta. Deyi fjárhaldsmaður, gjörir dánarbú hans sömu skil fyrir fjárhaldinu og eptir sömu reglum, sem hjer að framan eru tilgreindar.

14. gr. Nú flytja fjárhaldsmaður og hinn ómyndugi úr fjárráðaumdæminu, og tekur þá yfirfjárráðandi í því umdæmi er þeir flytja í, við yfirfjárráðum; einnig skal yfirfjárráðandi þess umdæmis, er þeir fluttu úr, senda yfirfjárráðanda þess umdæmis, er þeir flytja í, eptirrit af síðasta reikningi fjárhaldsmannsins, og skal sá reikningur vera úrskurðaður.

15. gr. Flytji fjárhaldsmaður sig burtu úr fjárráðaumdæminu, en hinn ómyndugi verði eptir, eða hinn ómyndugi fer burt, en fjárhaldsmaður verði eptir, þá skal yfirfjárráðandi leggja undir úrskurð háyfirvaldsins, hvort kveðja skal til nýjan fjárhaldsmannn eða flytja fjárstofninn.

16. gr. Glatist fje ómyndugra sökum hirðuleysis yfirfjárráðanda, ber hann alla ábyrgð af því.

17. gr. Ómyndugra fje á forgangsrjett í búi fjárhaldsmanns, sem segir í lögum frá 12. apríl 1878, 83. gr., sbr. tilskipun 19. des. 1821.

18. gr. Yfirfjárráðandi skal ár hvert fella úrskurð á fjárhaldsreikninga þá, sem honum eru sendir; skal hann svo senda háyfirvaldinu fyrir lok febrúarmánaðar glöggt yfirlit yfir öll fjárráðin í lögsagnarumdæminu.

Í yfirliti þessu skal þess getið sjerstaklega, hvort nokkuð ómyndugrafje hefur til fallið á árinu, hvort nokkuð af því, sem áður var, hefur farið undan fjárráðum eða hvort arfur hefur verið fluttur (Sbr. 4. og 14. gr.).

19. gr. Með lögum þessum er úr lögum numin 1.—13. gr. d. l. 3. b. 17. kap. og tilskipun 18. febrúar 1847.

Ed. **383. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um búsetu fastakaupmanna á Islandi. Frá Einari Ásmundssyni, Þorleifi Jónssyni, Sigurði Jenssyni.

Við 2. gr. Orðin »Svo er og lausakaupmönnum ..... 200 kr.« falli burt.

Nd. **384. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um stofnun lagaskóla. Frá meiri hluta nefndarinnar.

1. 1. gr. orðist þannig:
   Í Reykjavík skal setja á stofn kennslu í lögfræði, er sjerstaklega skal miða að því, að kenna embættismannaefnum, sem tekið hafa embættispróf í lögfræði, íslenzka rjettarsögu og rjettarfar, og veita þeim verklega æfingu.
   Ráðherra Íslands semur reglugjörð um kennslu þessa.
2. 2. gr. falli burt.
3. 3. gr., sem verði 2. gr., orðist svo:
   Kennari, er konungur skipar, hefur á hendi kennslu þá, er nefnd er í 1. gr., og hefur hann að launum 3500 kr. á ári úr landssjóði.
4. 4. gr. falli burt.
5. Í stað 5. gr. komi svohljóðandi grein, er verði 3. gr.:
   Eptir að kennsla þessi er sett á stofn, má eigi skipa neinn í þau embætti hjer á landi, er lögfræðispróf þarf til, nema hann sanni með vottorði frá kennara þeim, sem nefndur er í 2. gr., að hann hafi notið þessarar kennslu að minnsta kosti í 9 mánuði.
6. Aptan við frumv. bætist:
   4. gr. Lög þessi öðlast gildi þann 1. okt. 1894.

Nd. **385. Nefndarálit**

meiri hlutans í málinu: Frumvarp til laga um eyðing á sel í laxveiðiám.

Háttvirta neðri deild alþingis fól oss, sem kosnir vorum í nefnd til að segja álit vort um frumvarp til laga um friðun á laxi, einnig til íhugunar þetta frumvarp, sem hjer ræðir um.

Vjer nefndarmenn höfum allir orðið að mestu á eitt sáttir í þessu máli, nema háttvirtur 1. þingmaður Rangæinga, sem mun gjöra sjerstaka grein fyrir áliti sínu. En skoðun vor meiri hlutans á málinu verður á þessa leið:

Selurinn er, eins og allir vita, hinn mesti spellvirki fyrir laxveiði og fiskiveiðar allar, og spillir því þessum mikilsverðu atvinnugreinum, meir en tölum verði talið. Þetta er skoðun allra þeirra manna er bezt skyn bera á þessi mál, eigi að eins hjer á landi, heldur og hvervetna þar er laxveiði er stunduð. Hafa því aðrar þjóðir, þar sem laxveiði er, sjeð sjer þann kostinn bestan, að eyða selnum með öllu mögulegu móti. Telja þær laxveiði svo margfalt arðsamari en selveiði, að þær hafa eigi horft í að lýsa sel rjettdræpan hvar sem er, og meira að segja lagt beinlínis fje til höfuðs honum, svo sem væri hann hreinn „vargur í vjeum“. Vjer Íslendingar einir síðaðra þjóða erum á eptir í þessu efni; vjer friðum selinn, friðum þá skepnu, er að öllum líkindum mestan geig vinnur hinum ágætu atvinnugreinum, laxveiðinni og fiskiveiðum yfir höfuð. Þetta má eigi lengur

svo standa; vjer hljótum að fylgja dæmi annara þjóða í þessu efni; vjer verðum að játa, að svo er mikill munur á almennum arði af laxveiði og fiskiveiðum að einu leytinu, og selveiði að hinu leytinu, að hin fyrnefnda veiðin má teljast almenningsgagn, þar sem hin síðarnefnda í hlutfalli þar við verður að eins einstakra manna gagn, sem virðist hljóta algjörlega að sitja á hakanum. Þessir yfirburðir laxveiðinnar og fiskiveiðanna munu koma æ skýrar í ljós, sem nær dregur algjörðri útrýmingu selsins. Laxveiðin mun, við eyðingu selsins, fyrst og fremst aukast í laxánum sjálfum, og munu selveiðieigendur þá eigi taka steina fyrir brauð, þar sem þeir fá lax fyrir sel. En ekki nóg með þessu. Nýjar laxár munu bætast v ð; enda þekkjum vjer ár, þar er lax hefur gengið í til forna, en eru nú snauðar af laxi og er ekkert líklegra, en þetta stafi mjög svo af því, að selurinn er búinn að flæma laxinn frá með öllu.

Þótt oss nú, samkvæmt áðursögðu, virðist lang rjettast að lýsa selinn rjettdræpan skaðabótalaust kringum land allt, þorum vjer eigi að fara lengra en svo, að vjer leggjum það til, að selur skuli rjettdræpur að eins í þeim ám er lax gengur í, og bæði í og úti fyrir ósum þeirra áa, þó þannig, að þinglesinni friðun eggvera sje eigi raskað.

Verður það því tillaga vor í þessu máli, að vjer ráðum hinni háttvirtu deild til að fallast á frumvarpið með eptirfarandi breytingum:

1. Við 1. grein. Aptan við greinina bætist: „Þó má eigi raska þinglesinni friðun eggvera, nema fullar bætur komi fyrir, slíkt er dómkvaddir menn meta".
2. — 2. 3. og 4. gr. Þessar greinir falli burt.

Neðri deild alþingis 9. ágúst 1893.

Þorlákur Guðmundsson	Sigurður Gunnarsson
formaður.	skrifari og framsögumaður.
Björn Sigfússon.	Sighvatur Árnason

með athugasemd viðvíkjandi Þjórsá, sem jeg mun gjöra grein fyrir við umræður málsins.

Ágreiningsatkvæði minni hlutans.

Jeg hef ekki getað orðið mínum háttvirtu samnefndarmönnum samdóma um það, að heimila laxveiðarmönnum, að útrýma sel úr þeim ám, sem lax gengur í, án þess að gjöra mönnum þeim, sem laxveiði stunda, að skyldu, að borga skaðabætur fyrir tjón það, sem selveiðendur bíða sökum ákvæða í 1. gr. frumvarpsins. — Því jeg verð að álíta, að með því að gjöra selinn rjettdræpann, og þar með eyðileggja stór hlunnindi og tekjugrein margra manna, sje rjetti þeirra misboðið, og komi algjörlega í bága við 50. gr. stjórnarskrárinnar. Jeg get heldur ekki verið mínum háttvirtu samnefndarmönnum sammála um það, að selveiðendur mundu fá lax fyrir sel, þar jeg hefi margra ára reynslu fyrir mjer í því, að lax veiðist ekki í lagnet á lausa sandbotni, þar sem selurinn einmitt veiðist. Mundu selveiðendur því verða sviptir þeim rjetti, sem selveiðajörðum hefur verið talið til gildis, bæði hvað snertir verðmæti þeirra og leigumála.

Ennfremur stendur svo á, að í einni á hjer á landi, nfl. Þjórsá, hafa 15 arðir selveiði en að eins 1 eða 2 jarðir laxveiði.

Jeg verð því að halda mjer eindregið að frumvarpinu á þingskjali 117. að öðru leyti en því, að í 2. grein ákvæðin um að laxveiðendur borgi að eins í 5 ár, falli í burtu.

Þórður Guðmundsson.

Nd. **386. Breytirngatillaga**

við frumvarp til laga um hafnsögugjald í Reykjavík. Frá H. Kr. Friðrikssyni.

Fyrir aptan orðin í 1. gr.: „hverri smálest“ bætist inn í: „verzlunar- og mannflutninga-skipa, en 5 aura af hverri smálest útlendra fiskiskipa.

Nd. **387. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um kosningar til alþingis (þingskjal 255), um frumvarp til laga um breytingar á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1887 (frá stjórninni) og um frumvarp til laga um breytingu á sömu lögum á þingskjali 49.

Hin háttvirta deild hefur kosið oss undirritaða í nefnd til þess að íhuga frumvarp það til laga um kosningar til alþingis, sem komið hefur úr efri deild, og frumvörp þau, er fram hafa komið, um breytingu á lögum um kosningar til alþingis frá 14. sept. 1877, og skulum vjer því leyfa oss að skýra frá skoðun vorri á þessu máli.

Það er þá fyrst að nefndin sjer sjer ekki fært að ráða hinni háttvirtu deild til þess að samþykkja það frumvarp til laga um kosningar til alþingis, er samþykkt hefur verið í efri deild þingsins eins og það liggur fyrir, af því að vjer ætlum það fyrirkomulag á kosningum, sem þar er farið fram á, ekki heppilegt. En vjer höfum leyft oss að gera við það nokkurar breytingar, sem vjer vildum hafa ráðið hinni virðulegu deild til að aðhyllast.

Upp í þessar breytingartillögur vorar höfum vjer tekið sem 9., 10., 11. og 17. gr. óbreyttar 1.–4. gr. úr frumvarpi stjórnarinnar til breytingar á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877 og verðum vjer því að ráða til þess að það frumvarp falli niður að öðru leyti.

Hið sama er að segja um frumvarpið á þingskjali 49, að það er að mestu tekið upp í breytingartillögur vorar sem 19., 20., og 34. gr. og þar með hafa flutningsmenn þess, meðundirritaðir 1. þingmaður Ísfirðinga og 2. þingmaður Norður-Múlasýslu, látið frumvarpið að öðru leyti falla niður.

Neðri deild alþingis 10. ág. 1893.

Sigurður Gunnarsson, formaður. — Klemens Jónsson, framsögumaður.

Skúli Thoroddsen. — Jón Jónsson 2. þm. N.-Múlas.

Jón Þorkelsson, skrifari.

Tillögur
til breytingar við frumvarp
til laga um kosningar til alþingis.

Fyrir 1.—19. gr. komi svo látandi greinar:

Kosningarrjettur og kjörgengi.

1. gr. Með þeim takmörkunum, sem nákvæmar eru teknar fram hjer á eptir (1.—5. gr.), hafa kosningarrjett til alþingis:

a, allir bændur, sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til allra stjetta; þó skulu þeir, sem með sjerstaklegri ákvörðun kynnu að vera undanskildir einhverju þegnskyldu gjaldi, ekki fyrir það missa kosningarrjett sinn;

b, kaupstaðarborgarar, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 8 kr. á ári;

c, þurrabúðarmenn, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 12 kr. á ári;

d, embættismenn, hvort heldur þeir hafa konunglegt veitingabrjef, eða þeir eru skipaðir af því yfirvaldi, sem konungur hefur veitt heimild til þess;

e, þeir sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, eða embættispróf við prestaskólann í Reykjavík eða eitthvert annað þess háttar opinbert próf, sem nú er eða kann að verða sett, þótt ekki sje þeir í embættum, ef þeir eru ekki öðrum háðir.

Þar að auki getur enginn átt kosningarrjett, nema hann sje orðinn fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram.

2. gr. Enginn getur átt kosningarrjett, nema hann hafi óflekkað mannorð; en sá verður eigi talinn að hafa óflekkað mannorð, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, nema því að eins, að hann hafi fengið uppreisn æru sinnar, samkvæmt tilskipun 12. marz 1870.

3. gr. Enginn getur átt kosningarrjett, sem eigi er fjár síns ráðandi eða sem orðinn er gjaldþrota.

4. gr. Enginn getur átt kosningarrjett, sem þiggur af sveit eða hefur þegið sveitarstyrk, nema hann sje annað hvort endurgoldinn, eða honum hafi verið gefinn hann upp.

5. gr. Enginn getur átt kosningarrjett, nema hann hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár, þá er kosningin fer fram. Sá, sem hefur fast aðsetur í fleiri stöðum, segi sjálfur til, á hverjum staðnum hann vilji neyta kosningarrjettar síns.

6. gr. Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem hefur kosningarrjett samkvæmt greinunum að framan, ef hann

1, ekki er þegn annars ríkis, eða í þjónustu þess;

2, hefur að minnsta kosti í síðustu fimm ár verið í löndum þeim í norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi, og

3, er orðinn fullra 30 ára að aldri, þegar kosningin fer fram.

Kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefur verið þar skemur en eitt ár.

Kjörskrár.

7. gr. Hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn skal semja og halda kjörskrár yfir þá menn í hverjum hreppi eða bæ, sem kosningarrjett hafa.

8. gr. Á kjörskránar skal setja sjerstaka dálka fyrir fullt nafn kjósenda, aldur

þeirra, stjett og heimili, og skal á skránum vera rúm þar sem rituð verður atkvæðagreiðsla kjósenda. Á hverri kjörskrá skal raða niður nöfnum kjósenda eptir stafaröð.

9. gr. Kjörskrárnar skulu samdar einu sinni á ári hverju; skulu þær kjörskrár lagðar til grundvallar, sem þá eru í gildi, en þeir kjósendur úr feldir, sem síðan eru dánir eða hafa flutzt burtu eða misst kosningarrjett sinn (sbr. 2., 4. og 5. gr.) og þeim bætt við, sem síðan hafa öðlazt kosningarrjett eða fyrir 6. júnímánaðar fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru um aldur og heimili. Enn fremur skulu þeir, sem að vísu enn þá eigi hafa fullnægt þeim skilyrðum, er síðast var getið, en vænta má að muni fullnægja þeim einhvern tíma á því ári, er kjörskrárnar skulu gilda fyrir, teknir upp á skrá sjer, og skal um leið tilgreina þann dag á árinu, er þeir annað hvort verða fullra 25 ára að aldri, eða hafa verið heimilisfastir í kjördæminu.

10. gr. Kjörskrárnar skulu leiðrjettar í febrúarmánuði ár hvert. Efasemdum þeim, sem þá kunna að koma fram, skal hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn skera úr, þá er búið er að fá skýringar um málið.

11. gr. Frá 1. til 21. marz, að báðum þessum dögum meðtöldum, skulu kjörskrárnar liggja öllum til sýnis á þeim stað, sem er hentugur fyrir hrepps- eða bæjarbúa eða eptir atvikum á fleiri slíkum stöðum. Staðfest eptirrit af skránum má hafa til þess að leggja fram. Hvenær og hvar skrárnar verða lagðar fram, skal birta að minnsta kosti með 14 daga fyrirvara við kirkjufund eða á annan þann hátt, sem vant er að birta almennar auglýsingar þar á staðnum.

12. gr. Áður en 8 dagar eru liðnir frá þeim tíma, er kjörskrárnar hafa legið til sýnis, skal hver sá, er ætlar að sjer sje ranglega sleppt af skránni, eða að einhver sje þar, sem eigi hafi rjett til þess að standa þar, bera upp fyrir oddvita hlutaðeigandi sveitar eða bæjarstjórnar tilmæli sín um að verða tekinn upp á skrárnar, eða kröfu sína um að nafn hins verði dregið út, og skulu tilfærðar ástæður þær, sem krafan er byggð á.

13. gr. Aðfinningum þeim við kjörskrárnar, sem þannig eru komnar fram, skal hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem skal haldinn áður en 3 næstu vikur eru liðnar. Til þess fundar skulu með 8 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinningar, og þeir, sem mælt er á móti, og skal hinum síðarnefndu um leið skýrt frá, hver mótmæli sjeu komin fram gegn þeim. Samkvæmt þeim skjölum, sem málspartarnir leggja fram, og framburði þeirra vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreining þann, sem fram er kominn og hann ritaður með fám orðum í hina venjulega gjörðabók hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar. Þegar búið er að leiðrjetta kjörskrárnar samkvæmt þessu, skal oddviti hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar rita nafn sitt undir þær. Eptir þetta verður á því ári engin breyting gerð á kjörskránum, nema dómur sje á undan genginn (16. gr.).

14. gr. Þá er búið er að leiðrjetta kjörskrárnar, skulu þær alstaðar nema í Reykjavík samdar í tvennu lagi, og skal oddviti hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar tafarlaust senda aðra skrána oddvita þeirrar sýslunefndar, sem í hlut á. Hann skal fyrir 1. dag júlímánaðar skýra hlutaðeigandi amtmanni frá, hvort hann hafi tekið við öllum kjörskránum. en ef svo er ekki, hverjar vanti. Amtmaður skal þá sjá um, að þær skrár, sem vantar, verði útvegaðar tafarlaust, og beita hæfilegum þvingunarsektum, ef á þarf að halda.

Í Reykjavík skal oddviti bæjarstjórnarinnar fyrir þann tíma, sem getið var, skýra amtmanninum yfir suðuramtinu frá, hvort búið er að leiðrjetta kjörskrána.

15. gr. Verði það uppvíst að kjörskrárnar sjeu eigi leiðrjettar á lögskipaðan hátt, skal skýra landshöfðingja frá því, og skal þá þegar ákveðið, hvort höfða skuli lögsókn, og skal amtmaður þar að auki skipa hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn, að gera tafarlaust þær ráðstafanir, sem fyrirskipaðar eru í lögunum, og leggja við hæfilega þvingunarsekt, ef á þarf að halda. Amtmaður skal, þegar svo á stendur, hafa vald til að stytta hvern þann frest, sem ákveðinn er í lögunum.

16. gr. Sá, sem er óánægður með úrskurð þann er synjar honum kosningarrjettar, má heimta að sjer sje fengið eptirrit af úrskurðinum kauplaust, og getur hann látið málið ganga til dóms og laga. Mál út af þessu skal farið með sem gestarjettarmál. Málspartarnir eru fyrir undirrjetti undanþegnir því að greiða rjettargjöld, og skal hið opinbera skipa mann fyrir hönd sveitar- eða bæjarstjórnarinnar, sem nefnt er. Verði það dæmt, að sá sem í hlut á, eigi kosningarrjett, skal taka hann upp á kjörskrána jafnskjótt og hann leggur fram eptirrit af dóminum.

17. gr. Kjörskrárnar gilda frá 6. júní til 5. júní árið eptir. Samkvæmt þessum skrám skulu allar kosningar til alþingis fram fara á því ári, þó þannig, að þess verði gætt, að þeir menn, sem á aukaskránni eru (1. gr.), að eins hafi rjett til þess að greiða atkvæði, ef þeir fyrir kosningardaginn hafa fullnægt þeim skilyrðum, sem sett eru um aldur og heimili. Ef kosning kemur fyrir fleirum sinnum á árinu, skal eptirrit af skránum, sem staðfest sje af hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn, vera til reiðu og til afnota við hina nýju kosningu.

Kjördæmi og kjörstjórnir.

18. gr. Sjer hver sýsla á landinu skal vera eitt kjördæmi, að undanteknum Skaptafells- og Þingeyjarsýslum, sem hvorri um sig skal skipta í 2 sjerstök kjördæmi með þeim takmörkum, sem hingað til hafa verið. Kaupstaðurinn Reykjavík með því nágrenni, sem heyrir undir lögsagnarumdæmi bæjarins, skal vera kjördæmi fyrir sig.

Tölu hinna þjóðkjörnu alþingismanna, sem ákveðin er í stjórnarskrá um hin sjertsaklegu málefni Íslands, 5. jan. 1874, 14. gr., skal skipt niður á þann hátt, að 2 alþingismenn sjeu kosnir í sjerhverju af kjördæmum þeim, sem hjer skulu talin: Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnessýslu, Rangárvallarsýslu, Ísafjarðarsýslu ásamt Ísafjarðarkaupstað, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu ásamt Akureyrarkaupstað, Norður-Múlasýslu og Suður-Múlasýslu, en í hverjum hinna kjördæmanna, sem eru hin 2 kjördæmi í Skaptafells- og Þingeyjarsýslum, hvorri um sig, Vestmannaeyjasýsla, Reykjavíkurkaupstaður, Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Snæfellsness- og Hnappadalssýsla, Dalasýsla, Barðastrandarsýsla og Strandasýsla, skal kjósa einn alþingismann.

19. gr. Fyrir hvert kjördæmi skal setja kjörstjórn. Skal í Reykjavík oddviti bæjarstjórnarinnar vera oddviti kjörstjórnarinnar, og skulu að auki vera í henni tveir menn, sem bæjarstjórnin kveður til, einn úr sínum flokki, og einn úr flokki kjósenda í kaupstaðnum, en í hinum kjördæmunum er sýslumaður oddviti kjörstjórnarinnar, og er í henni að auki einn af sýslunefndarmönnum og einn úr flokki kjósenda í kjördæminu, er sýslunefndin kýs.

Í staðinn fyrir 20.—22. gr. komi svo látandi greinar:

20. gr. Heimilt skal amtsráðum að fjölga kjörstöðum í sýslu hverri eptir óskum og tillögum sýslunefnda. Þó skulu kjörstaðir aldrei vera fleiri en þrír í sýslu. Á kjörstöðum þessum skal kjörstjóri sýslunnar mæta.

21. gr. Oddviti kjörstjórnarinnar stendur fyrir öllum undirbúningi undir sjálfa kosninguna og sjer um, að kjörskrárnar sjeu við á kjörþinginu.

22. gr. Kjörstjórnin heldur kjörbók, þar sem bókað skal, að fram hafi verið lagðar kjörskrárnar og þau brjef, sem til hennar eru komin. Í kjörbókina skal rita það helzta af því, sem fram fer á kjörþingu, en þar með skal þó eigi telja ræður þær, sem haldnar verða. Kjörstjórnin skal rita nöfn sín undir kjörbókina, og skal í Reykjavík bæjarstjórnin geyma hana, en annarstaðar sýslunefndirnar.

Í síðasta lagi 8 dögum eptir kosninguna skal oddviti kjörstjórnarinnar senda landshöfðingja staðfest eptirrit af því, sem ritað er í kjörbókina um kosningu þá, sem fram hefur farið. Landshöfðingi fær síðan alþingi, er það kemur saman, eptirrit þetta, ásamt þeim skýrslum, sem honum hefur þótt ástæða til að útvega.

Í staðinn fyrir 23.—39. grein komi svo látandi greinar:

Þingmannaefni.

23. gr. Enginn sem ekki mætir sjálfur á kjörfundi, hvort heldur hann á heimili innan kjördæmis eða utan, getur orðið fyrir kosningu, þegar kjósa á alþingismenn, nema einn eða fleiri af kjósendum í kjördæminu í síðasta lagi fyrir náttmál kvöldinu fyrir þann dag, er kosningin skal fram fara, hafi skriflega skýrt oddvita kjörstjórnarinnar frá að hann taki við kosningu, og lýsi því yfir, að þeir vilji mæla fram með honum til þeirrar kosningar, sem til stendur, og skal þar með fylgja skrifleg yfirlýsing frá þeim, sem í hlut á, um að hann sje fús til þess að taka á móti kosningunni og að hann hafi eigi látið bjóða sig fram til kosningar í nokkru öðru kjördæmi, sem eigi hafi þá þegar hafnað framboði hans.

Nú vilja nokkrir kjósendur kjósa til alþingismanns einhvern þeirra sem á kjörþingi eru og skal hann þá gefa kost á sjer áður en kosningin byrjar, svo að oddviti kjörstjórnarinnar viti, að hann vill við kosningu taka, og geti boðið hann fram.

24. gr. Það er eigi nauðsynlegt, að kjörgengi þingmannaefna sje sönnuð fyrir kjörstjórninni. Komi fram við kosninguna mótmæli gegn kjörgengi þeirra, getur kjörstjórnin að vísu eigi bannað umræður um það, en heldur ekki fyrir þá sök getur hún skorazt undan að bjóða þá fram til kosningar. Alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru.

25. gr. Verði það uppvíst, að eitthvert þingmannsefni hafi gefið kost á sjer í fleirum en einu kjördæmi, er sú kosning eða þær kosningar ógildar, sem hann kann að verða fyrir, nema því að eins, að skilyrði því, sem sett eru í 23. gr., sje fullnægt.

Kosningarnar.

26. gr. Hinar almennu kosningar á þjóðkjörnum þingmönnum eiga venjulega að fara fram sjötta hvert ár.

Þegar slíkar kosningar eiga fram að fara, annaðhvort fyrir þá sök að kjörtímtími er á enda, eða vegna þess, að alþingi er rofið, verður gefið út um það opið brjef, þar sem konungur skipar fyrir að kosningarnar skuli fram fara.

Kosningarnar skulu venjulega haldnar í septembermánuði árið áður en alþingi skal koma saman.

27. gr. Kjörtíminn fyrir allar kosningar skal talinn frá 1. september, ef ákveðið er samkvæmt greininni á undan, að kosningarnar skuli fram fara á þeim mánuði, en ef það kynni að verða ákveðið, að kosningarnar skuli fram fara á öðrum tíma árs, skal nákvæmar sagt fyrir um það í fyrnefndu opnu brjefi, frá hvaða degi kjörtíminn skuli talinn.

28. gr. Ef kjósa þarf einstakan þjóðkjörinn alþingismann, gildir hin nýja kosning fyrir svo langan tíma, sem sá átti eptir, er frá fór.

29. gr. Kosningarnar fram fara í kjördæmi hverju á kjörþingum og má hver koma þar, er vill.

30. gr. Oddviti kjörstjórnarinnar skal tiltaka dag og klukkustund, er kjörþingið skal haldið, og auglýsa með 4 vikna fyrirvara á kirkjufundum eða á annan venjulegan hátt, kjörstaðinn og nær kjörþingið skal haldið.

31. gr. Oddviti kjörstjórnar setur kjörþingið, og er hann hefur lesið upp hið konunglega opna brjef eða þann úrskurð landshöfðingja, er fyrirskipar kosninguna, leiðir hann athygli kjósendanna að því, hver tilgangurinn sje með kosninguna, og hve mikils varðandi hún sje. Hann nefnir síðan nöfn þeirra þingmannaefna, sem boðið hafa sig fram, og svo þeirra kjósenda, sem mæla fram með kosningu þeirra, og skorar á þá að ganga fram og kannast við meðmælingu sína. Sje þeir eigi komnir á fund, og hafi eigi tjáð forföll, sem kjórstjóri álítur gild, eða ef þeir skorast undan að standa við hina skriflegu meðmæling sína, verður hún eigi tekin til greina, og ef þannig má álíta, að einhver af þeim, sem gefið hafa til kynna, að þeir tæki við kosningu, hafi eigi lengur meðmæling til kosningar frá neinum kjósanda í kjördæminu, getur hann eigi orðið boðinn fram til kosningar.

Kjósendur þeir, sem eru á fundi og standa þar við meðmæling sína með einhverju þingmannsefni, eiga rjett á að taka til máls, og hið sama er um þau þingmannaefni, sem boðnir eru fram til kosningar. Að öðru leyti má bjóða þingmannsefni fram til kosningar, þótt eigi sje hann sjálfur á kjörþingi. Enn fremur er sjerhverjum kjósanda, sem er við staddur, heimilt að leggja spurningar fyrir þá kjósendar, sem mæla fram með einhverjum til kosningar, og eins fyrir þingmannaefni þau, sem eru á fundinum, og er þeim sömuleiðis heimilt að svara spurningunum. Samt má eigi bera upp neina slíka spurningu fyr en meðmælendunum og þeim þingmannaefnum, sem eru við staddir. hefur verið gefinn kostur á að taka til máls: Kjósendur þeir, er mæla fram með einhverjum til kosningar, og þingmannaefni, skulu látnir taka til orða eptir upphafsstaf í nöfnum þingmannaefnanna.

Oddviti stýrir umræðunum, og skal sjá um, að bæði þær og öll kosningin fari fram í góðri reglu. Enginn af kjörstjórunum má tala með eða á móti kosningu nokkurs þingmannsefnis.

Oddviti slítur umræðunum, þegar honum þykir það við eiga, og skorar hann síðan á kjósendur að ganga til kosningar með því að gefa atkvæði sitt einum, eða í þeim kjördæmum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, tveimur af þeim þingmannaefnum, sem boðnir hafa verið fram til kosningar. Þótt eigi sjeu fleiri þingmannaefni, er kjósa skal í kjördæminu, skal atkvæðagreiðsla samt fara fram (sbr. 34. gr.).

32. gr. Kjörstjórnin ákveður í hvaða röð hrepparnir kjósa, kjósendur úr hverjum hreppi greiða atkvæði eptir stafaröð á kjörskránni. Enginn getur neytt kosningarrjettar síns, nema hann komi sjálfur á kjörþing.

33. gr. Oddviti kjörstjórnarinnar á eigi þátt í því að taka við atkvæðum. Einn af hinum, sem í kjörstjórninni nnieru, ritar eptir að hann hefur kannazt við kjósendurna, nafn þess eða í þeim kjördæmum þar sem kjósa skal tvo alþingismenn, nöfn þeirra tveggja þingmannaefna, sem kjósandi greiðir atkvæði sitt, við hliðina á hans eigin nafni í sjálfri kjörskránni. Annar úr kjörstjórninni ritar á sjerstaka atkvæðaskrá nafn kjósanda við hliðina á nafni þess eða þeirra þingmannaefna, sem hann hefur gefið atkvæði sitt. Áður en kjósandinn gengur frá, skal lesa upp fyrir honum bæði hans eigið nafn og þess eða þeirra nöfn, sem hann hefur kosið, til tryggingar því, að rjett sje ritað á báðar skrárnar, og að því beri saman hverju við annað.

Þegar engir fleiri kjósendur gefa sig fram, til þess að greiða atkvæði, skal oddviti hátt og snjallt skora á þá kjósendur, sem eigi hafa greitt atkvæði, að gjöra það, og skal hann um leið setja stuttan frest til þess, en frestur þessi má samt ekki, hvernig sem á stendur, vera skemmri en svo. að 2 klukkustundir líði frá því, að kosningargjörðin byrjaði, og þótt sá frestur sje liðinn, skal atkvæðagreigslu lokið, meðan kjósendur gefa sig fram til hennar, án þess að hlje verði á.

Þegar engir fleiri kjósendur æskja að taka þátt í kosningunni, samkvæmt því, sem sagt er, færa kjörstjorarnir, ef þeir hafa kosningarrjett, inn atkvæði sjálfra sín, og rita nöfn sín bæði undir kjörskrána og atkvæðaskrána, og er þá atkvæðagreiðslu lokið.

34. gr. Þar sem einn kjörstaður að eins er í kjördæmi, skal svo fara að talin sje saman atkvæði, þegar er kjörskrár hafa verið bornar saman við atkvæðaskrána. Er þá sá kosinn þingmaður fyrir það kjördæmi, er flest atkvæði hefur hlotið. Svo er og þar sem tvo skal kjósa, að þeir tveir, er flest atkvæði hafa fengið, eru kosnir þingmenn í því kjördæmi. Þó er enginn rjett kjörinn þingmaður, nema hann hafi hlotið meira en helming atkvæða þeirra, er greidd eru. Hljóti enginn, eða eptir því sem á stendur, einungis annar þeirra, sem í kjöri eru, næg atkvæði, skal aptur kjósa óbundnum kosningum, fái þá enn enginn þann atkvæðafjölda, sem með þarf, skal kjósa enn af nýju, enn þá að eins milli þeirra tveggja, eða, ef kjósa skal tvo, milli þeirra fjögurra, sem hafa hlotið flest atkvæði við síðari kosninguna. Sje svo, að fleiri hafi fengið jafnmörg atkvæði við aðra kosninguna, skal hlutkesti ráða, hvor þeirra geti orðið boðinn fram til hinnar bundnu kosningar. Hið sama skal hlutkesti ráða, ef atkvæði eru jöfn við þriðju kosningu.

Nú eru tveir kjörstaðir eða þrír í sýslu, og skal þá kjörstjóri telja saman á síðara kjörstaðnum, ella hinum síðasta, ef þrír eru kjörstaðirnir, öll þau atkvæði, er greidd hafa verið á kjörstöðum sýslunnar. Er þá sá rjett kjörinn þingmaður, er fengið hefur meira en helming atkvæða þeirra, er greidd hafa verið í allri sýslunni. Slíkt hið sama er og um þau kjördæmi, þar er tvo skal kjósa, að þeir tveir eru kosnir, er flest hlutu atkvæðin. Nú hefur enginn þingmanna fengið nægan atkvæðafjölda og skal þá þegar boðað til kjörfundar fyrir allt kjördæmið og fer þá eptir því, sem mælt er fyrir um kosningar, þar sem einn er kjörstaðurinn.

35. gr. Í kjörbókinni skal bóka hvernig kosningin hafi farið, og skal oddviti kjörstjórnarinnar lýsa því yfir fyrir þingheiminum; sömuleiðis skal kann svo fljótt sem

verða má, tilkynna kosninguna þeim, sem kjörinn er, sje hann eigi við staddur. Atkvæðaskrárnar skal leggja við kjörbókina, og skal öll kjörstjórnin rita nöfn sín undir hana.

36. gr. Kjörstjórnin fær hverjum þjóðkjörnum alþingismanni kosningarbrjef; skal það samið samkvæmt fyrirmynd, sem stjórnarráðið fyrir Ísland segir fyrir um, og skal kjörstjórnin rita undir það nöfn sín.

Kostnaður, ábyrgð og um það, hvenær lög þessi skulu öðlast gildi.

37. gr. Alþingismenn fá í endurgjald 6 krónur um hvern dag bæði fyrir þann tíma, sem þeir þurfa til ferðarinnar til alþingis og frá því og fyrir þann tíma, sem þeir eru á alþingi. Sömuleiðis fá þeir endurgoldinn ferðakostnað eptir reikningi, sem nefnd, kosin af hinu sameinaða alþingi, úrskurðar og forseti í hlutaðeigandi þingdeild ávísar. Þessi útgjöld greiðast úr landssjóði.

38. gr. Annarstaðar en í Reykjavík mega kjörstjórarnir reikna sjer fæðispeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað, samkvæmt tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi, 4. maí 1872, 33. gr., þannig að útgjöldin greiðist úr sýslusjóðnum. Ef annar kostnaður verður við kosningarnar, t. a. m. til prentunar kjörskránnna, til auglýsinga o. fl., skal einnig greiða hann úr sýslusjóðnum. Í Reykjavík skal greiða útgjöld þau, sem síðast voru nefnd, úr sjóði bæjarins.

39. gr. Vanræki nokkur störf þau, sem honum eru á hendur falin með lögum þessum, skal hann sæta 10—200 króna sektum, ef eigi liggur þyngri hegning við samkvæmt lögum.

40. gr. Lög þessi öðlast gildi við lok kjörtíma þeirra alþingismanna, sem nú eru. En ef nýjar almennar kosningar fara fram fyrr, sökum þess að alþingi sje rofið, skulu þær fram fara eptir lögum þessum.

41. gr. Hjer með eru úr gildi numin lög um kosningar til alþingis frá 14. sept. 1877.

Ed. **388. Frumvarp**

til laga um gæzlu og viðhald á brúm yfir Ölfusá og Þjórsá, (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

1. gr. Landshöfðingi hefur yfirumsjón með brúnni á Ölfusá hjá Selfossi og brúnni á Þjórsá hjá Þjótanda, kveður á um meðferð þeirra og gæzlu og leggur sektir allt að 100 kr. við brotum.

2. gr. Kostnað við gæzlu brúnna skal greiða úr sýslusjóðum Árness- og Rangárvallasýslu, er skiptist á nefnd sýslufjelög eptir hlutfallinu milli samanlagðrar tölu lausafjárhundraða og jarðarhundraða í þeim ár hvert.

3. gr. Allan kostnað, sem viðhald brúnna útheimtir, skal greiða úr landssjóði.

Nd. **389. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895 (við 3. umr.). Frá Þorláki Guðmundssyni, Jens Pálssyni, Boga Th. Melsteð, Skúla Thoroddsen, Kl. Jónssyni og Jóni Jónssyni (2. þm. Eyf.).

Aptan við 13. gr. C. bætist nýr töluliður:

Ferðastyrkur til verzlunarmanns D. Thomsens til þess að kynnast sölu á íslenzkum vörum, einkum á Bretlandi, Spáni og Portúgal, og gefa skýrslur um það mál, 1800 kr. fyrra árið.

Ed. **390. Breytingartillögur**

við frv. til laga um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju (384). Frá Hallgr. Sveinssyni.

1. Við 2. gr. Fyrir: „hið ranga framferði" komi: hið ótillhlýðilega framferði.
2. — 3. — — „felldur" í 2. línu, komi: upp kveðinn.
3. — 4. — Orðið: „neinum" í næstsíðustu línu falli burt.

Nd. **391. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um hafnsögugjald í Reykjavík. Frá Boga Th. Melsteð.

Við 1. gr. Í staðinn fyrir orðin: „8 aurar í hafnsögugjald af hverri smálest", komi: „5 aurar í hafnsögugjald af hverri smálest hinna fyrgreindu skipa og 10 aurar af hverri smálest hinna síðartöldu".

Nd. **392. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um hafnsögugjald í Reykjavík. Frá Jóni Jónssyni 2. þm. Eyf

Við 1. gr. Í staðinn fyrir „8 aura", komi: 6 aura

Nd. **393. Frumvarp**

til laga um breytingu á 3. og 5. gr. yfirsetukvennalaga 17. des. 1875. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í neðri deild).

1. gr. Í öllum kaupstöðum landsins skulu yfirsetukonur hafa 100 kr. í laun á ári hver um sig; en í sveitum 60 kr. Eptir 10 ára góða þjonustu í sveit má sýslunefndin þar að auki veita allt að 20 kr. viðbót á ári, og skal þessi ákvörðun einnig ná til þeirra yfirsetukvenna, sem nú eru.

Alíti sýslunefndin, að eigi sje næg ástæða til að veita launaviðbót eptir aldri, skal bera málið upp fyrir amtsráðinu, og leggur það þá málið undir úrskurð landshöfðingja.

Sýslunefndin má, ef henni þykir ástæða vera til þess, veita hæfileg eptirlaun þeirri yfirsetukonu, sem fengið hefir lausn frá starfa sínum fyrir sakir elli, eða sjúkleika.

2. gr. Engin getur orðið yfirsetukona, nema hún hafi tekið próf annaðhvort á

hinni konunglegu fæðingarstofnun í Kaupmannahöfn eða hjá þeim kennara læknaskólans, sem kennir yfirsetukonum í Reykjavík, og skal hún hafa fengið skýrteini um, að hún hafi tekið prófið.

3. gr. Með lögum þessum er úr lögum numin 3. gr. og fyrri málsgr. 5. gr. yfirsetukvennalaga 17. des. 1875.

Ed.

394. Tillögur

yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1890 og 1891.

Alþingi ályktar að skora á landstjórnina að hlutast til um:

1. Að áskildir vextir og afborganir af hallærislánum sjeu innheimtir undandrættarlaust, og verði megn vanskil á greiðslunni, sje lánunum sagt upp og ráðstafanir gjörðar til að innheimta allan höfuðstólinn.

2. Að málssókn sje hafin gegn prestum þeim, er eigi standa landssjóði skil á árgjöldum af brauðum sínum.

3. Að skýrsla um allar óloknar versúrur frá fyrri árum, hvort sem þær hafa komið fyrst fram í jarðabókarsjóðsreikningnum eða reikningsbók ráðgjafans, fylgi landsreikningnum eptirleiðis.

4. Að ef gjaldheimtumenn landssjóðs borga meira en þeir eiga að greiða eptir reikningum sínum, sje skýrsla um slíkar ofborganir frá fyrri árum látin fylgja landsreikningnum framvegis.

Nd.

395. Frumvarp

til laga um vegi. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Nd.).

I. kafli.

Um skipting á vegum.

1. gr. Vegir á Íslandi eru: flutningabrautir, þjóðvegir, fjallvegir, sýsluvegir og hreppsvegir.

2. gr. Flutningabrautir eru þeir vegir, sem aðalvörumagn helztu hjeraða er flutt um. Þjóðvegir eru þeir vegir, sem aðalpóstleiðir liggja um. Fjallvegir eru þeir vegir yfir fjöll og heiðar, sem eigi teljast til neins annars vegaflokks. Sýsluvegir eru þeir vegir, sem liggja sýslna á milli og um hverja sýslu, þar sem mest er þjóðbraut, svo sem í kauptún og almenn fiskiver, enda sjeu það eigi flutningabrautir, þjóðvegir nje fjallvegir. Hreppsvegir eru vegir hreppa á milli og um hreppa, sem hvorki eru flutningabrautir, þjóðvegir, fjallvegir nje sýsluvegir.

3. gr. Flutningabrautir skulu fyrst um sinn vera í þessum hjeruðum:

1. Frá Reykjavík austur í Rangárvallasýslu.
2. — —— — að Geysi.
3. — Eyrarbakka upp Árnessýslu.
4. Upp Borgarfjörð.
5. Frá Blönduósi vestur Húnavatnssýslu.
6. — Sauðárkrók inn Skagafjörð.
7. — Akureyri inn Eyjafjörð.
8. — Húsavík inn Reykjadal.
9. — Búðareyri við Reyðarfjörð um Fagradal til Lagarfljóts.

4. gr. Landshöfðingi ákveður eptir tillögum sýslunefnda, amtsráða og vegfræðings hvar leggja skuli flutningabrautirnar um hjeruðin.

5. gr. Þjóðvegir eru: 1. frá Reykjavík til Ísafjarðar, 2. frá Reykjavík til Akureyrar, 3. frá Akureyri til Seyðisfjarðar, 4. frá Reykjavík til Prestbakka, 5. frá Prestbakka til Eskifjarðar. Liggja skulu vegir þessir um aðalbyggðir landsins, svo beint sem verða má milli endastöðvanna eptir staðháttum.

II. kafli.
Um flutningabrautir, þjóðvegi og fjallvegi.

6. gr. Flutningabrautir, þjóðvegir og fjallvegir eru undir yfirumsjón landshöfðingja, og greiðist kostnaður til þeirra yfir höfuð úr landssjóði. Ef þjóðvegur liggur um sýslu endilanga, skal allt að helmingi sýsluvegagjalds í þeirri sýslu ganga til póstvegarins.

Það fje, sem gengur til þessara þriggja vegaflokka, skal veita í fjárlögum hvers fjárhagstímabils, og skal hverjum flokki fyrir sig ákveðin viss upphæð.

7. gr. Svo skal vegi gjöra á flutningabrautum, að vel sjeu akfærir hlöðnum vögnum á sumrum; vegagjörðinni skal landshöfðingi ráðstafa eptir tillögu vegfróðs manns eða verkfræðings landsins, ef slíkur verður skipaður.

8. gr. Á þjóðvegum skal svo bæta torfærur með vegaruðning og brúargjörð, að þeir sje greiðir yfirreiðar. Skal það vera aðalregla, að fyrst sjeu bættar þær torfærur, sem mestan farartálma gjöra. Að öðru jöfnu skal fyr bæta farartálma á fjölförnustu vegum.

9. gr. Bjett er, að fjallvegir sjeu reiðfærir gjörðir og varðaðir, svo sem nauðsýn ber til.

III. kafli.
Um sýsluvegi.

10. gr. Sýslunefndir semja tillögur um, hverjir skuli vera sýsluvegir í sýslu hverri, en amtsráð leggur á það samþykki sitt.

11. gr. Kostnaður við sýsluvegi greiðist úr sýsluvegasjóði. Í sýsluvegasjóð greiðir hvert hreppsfjelag 1½ kr. fyrir hvern verkfæran mann í hreppnum 20—60 ára, í hverri stöðu sem er.

Hreppstjórar skulu á hverju ári fyrir lok marzmánaðar senda sýslumanni nafnaskrár yfir alla verkfæra menn 20—60 ára, sem heimili hafa í hreppnum. Eptir skrám þessum ákveður sýslumaður sýsluvegagjald hvers hrepps. Gjaldið skal borgað úr sveitarsjóði og greiðist sýslumanni á manntalsþingi.

12. gr. Fela má sýslunefnd hlutaðeigandi sýslunefndarmanni eða hreppsnefnd umsjón með sýsluvegagjörð, hverjum í sínum hrepp, og ber þeim, sem umsjón er falin, að ráða þann verkstjóra, sem hæfur er til þess starfa.

13. gr. Sýsluvegir þeir, sem liggja út frá flutningabrautum eða eru framhald af þeim, skulu gjörast akfærir þar sem því verður við komið. Um vegabætur á sýsluvegum að öðru leyti skipar sýslunefnd fyrir, og gilda um þær sömu reglur, sem um umbætur á þjóðvegum og fjallvegum.

14. gr. Oddviti sýslunefndar skal ár hvert senda amtsráði reikning yfir tekjur og gjöld sýsluvegasjóðsins.

15. gr. Heimilt er sýslunefnd með samþykki amtsráðs að verja sýsluvegagjaldi til að styrkja gufubátsferðir í sýslunni.

IV. kafli.
Um hreppsvegi.

16. gr. Hreppsnefnd semur tillögur um hvar hreppsvegi skuli leggja í hreppi

hverjum, og hvernig þeir skuli vera að breidd og ásigkomulagi, og leggur tillögur sínar undir samþykki hlutaðeigandi sýslunefndar.

17. gr. Til kostnaðar við hreppsvegi greiðist úr sveitarsjóði árlegt tillag, er nemi 1½ kr. fyrir hvern verkfæran mann í hreppnum 20—60 ára. Ef gjald þetta er eigi unnið upp árlega, leggst afgangurinn í vegasjóð, er hreppsnefndin geymir og hefur ábyrgð á.

18. gr. Nú er lítið að vinna að hreppsvegum í hreppi; má sýslunefnd þá ákveða, að allt að helmingi hreppsvegagjalds greiðist í peningum í sýsluvegasjóð. Sje aptur á móti hreppsvegavinna mikil í einhverjum hreppi, af því að þar eru engar flutningabrautir, þjóðvegir nje sýsluvegir, en vegir um hreppinn langir og torfærir, má sýslunefndin ákveða, að helmingur á móts við hreppsvegagjald hreppsins greiðist úr vegabótasjóði sýslunnar.

19. gr. Hreppsnefndin hefur umsjón um vinnu og aðgjörð á hreppsvegum, og skal hún skipa umsjónarmann, einn eða fleiri, til að sjá um vinnuna, svo og ráða smið, er brýr skal gjöra, og er henni heimilt að greiða þeim daglaun allt að 3 krónum fyrir hvern dag, sem þeir eru við vinnuna.

20. gr. Oddviti hreppsnefndar skal á ári hverju senda sýslunefnd reikning yfir tekjur og gjöld hreppsvegasjóðsins.

V. kafli.
Almenn ákvæði.

21. gr. Brýr skal gjöra á ár og læki, þar sem þörf er á, þegar efni og ástæður leyfa. Bjett er og að reisa sæluhús af vegabótafje, þar sem mikil er umferð á vetrum.

22. gr. Hver landeigandi er skyldur að leyfa, að vegur sje gjörður um land hans, og efni tekið þar sem næst er, án endurgjalds, ef eigi er skemmt tún, engi, yrkt land eða umgirt land. Sje vegur lagður um tún, engi, yrkt land eða umgirt land, svo og ef vegarefni er tekið landeiganda til skaða, skulu fullar bætur fyrir koma, eptir mati dómkvaddra manna. Skaðabætur greiðist úr landssjóði, sje vegurinn flutningabraut eða þjóðvegur, úr sýsluvegasjóði, ef vegurinn er sýsluvegur og úr hreppsvegasjóði, sje hann hreppsvegur.

23. gr. Hver sem af ásettu ráði skemmir veg, brýr, vörður, ferjur eða sæluhús, skal sæta hegningu samkvæmt 296. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869.

24. gr. Brot gegn lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál.

25. gr. Með lögum þessum eru lög nr. 25, 10. nóv. 1887 og lög nr. 11, 7. febr. 1890 úr gildi numin.

Ed. **396. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar. (Eins og það var samþykkt við 1. umr. í efri deild). Frá Þorkeli Bjarnasyni.

1. Málsliður 1. gr. orðist þannig:

Helgidagar þjóðkirkjunnar byrja um miðnætti og enda á miðaptni. Hinn almenni guðsþjónustutími á helgidögunum er frá kl. 10 f. h. til kl. 4 e. h. Á þeim tíma helgidaganna má ekkert verk vinna úti nje inni nema óumflýjanlega nauðsynlegt sje. Á öðrum tíma helginnar er leyfilegt að vinna hverja þá vinnu, sem nauðsynleg er til heimilisþarfa. Þá má og á þeim tíma þurka og hirða hey og sjávarafla í óþurkatíð og vinna annað það, er nauðsyn krefur.

2. 3. málsliður 1. gr. orðist þannig:

Eigi er hjúum skylt, frá því er helgidagur byrjar og til næsta miðnættis á eptir að vinna nein önnur verk en þau, er óhjákvæmileg eru til heimilisþarfa.

Nd. **397. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895. (við 3. umr.) Frá Jóni Þorkelssyni, H. Kr. Friðrikssyni, Sigurði Gunnarssyni, Kl. Jónssyni, Jóni Þórarinssyni og Einari Jónssyni.

13. gr. C. 5. Aptan við b. komi nýr liður:

c til þess að raða forngripum, setja á þá tölur og semja skrá yfir þá, 600 kr. hvort árið.

Nd. **398. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á 3. og 5 gr. yfirsetukvennalaga 17. des. 1875. Frá Sighvati Árnasyni, Birni Bjarnarsyni, Þorláki Guðmundssyni, Sigfúsi Árnasyni, Birni Sigfússyni og Þórði Guðmundssyni.

Við 1. gr: fyrstu málsgr. Fyrir „60 kr.“, komi: 50 kr.

— — — Þriðja málsgrein 1. greinar falli burt.

Fyrirsögn frumv. orðist svo:

Frumvarp til laga um breyting á yfirsetukvennalögunum 17. des. 1875.

Nd. **399. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1894 og 1895. (við 3. umr.). Frá Sigurði Gunnarssyni, Birni Sigfússyni, H. Kr. Friðrikssyni, Guðl. Guðmundssyni, Þórði Guðmundssyni og Jóni Þórarinssyni.

13. gr. C. 7. Töluliðurinn orðist þannig:

Til að vinna að textútgáfu að íslenzku fornbrjefasafni 900 — 900-

Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að með hverju bindi komi út registur yfir það, eins og er við 1. og 2. bindi. Styrkurinn má eigi fara fram úr 40 kr. fyrir hverja örk prentaða, eða það sem því nemur í handriti, og skal borga hann út, þegar handritið er tilbúið undir prentun, og er útgefanda skylt að afhenda handritið, þegar þess þarf til prentunar, allt að 25 örkum á ári.

Nd. **400. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um vogrek.

Nefnd sú, er hin háttvirta neðri deild hefur kosið til að íhuga frumv. til laga um vogrek, hefur rætt málefni þetta ítarlega á nefndarfundum.

Það er álit nefndarinnar, að þörf sje á að gjöra breyting á löggjöfinni um þetta efni, til þess að ákvæðin verði ljósari og greiðari, og álítur nefndin að frv. fari fram á nokkuð verulegar umbætur í þá stefnu. Frumv. fer fram á að rýmkva að nokkrum mun rjett hinna einstöku gagnvart því opinbera, en þar sem nefndin eigi getur sjeð, að af því muni leiða neina tekjurírnun fyrir landssjóðinn, þá finnur nefndin eigi, að það atriði sje neitt ísjárvert.

Nefndin vill því ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumv. með þessum breytingum:

1. Við 1. gr. Í stað »mánuður sje liðinn« komi: vika sje liðin
2. — — — Á eptir orðunum: »sá, er vogrekið hlýtur« í 1. gr. bætist inn ný málsgrein:

Með vogrekum teljast og þeir munir, er nefndir eru í 1. gr. í opnu brjefi 4. maí 1778, að því leyti þeir eigi eru sjerstaklega undanskildir í þessum lögum.

3. — 3. gr. Í stað »er eigi nema 50 kr. virði« komi: að undanskildum skipsflekum, sem eru 50 kr. virði eða meira

Í stað »vogrek« í 2. málslið komi: skipsflekar

4. — 4. gr. Orðin: »þó að minnu nemi en 50 krónum« falli burt.

5. 6. gr. falli burt.

Alþingi, 11. ágúst 1893.

B. Kristjánsson, formaður. Kl. Jónsson, skrifari. Guðl. Guðmundsson, framsögumaður.

Nd. **401. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1894 og 1895 (við 3. umr.). Frá Guðl. Guðmundssyni, Jóni Þorkelssyni, Þórði Guðmundssyni, Sighvati Árnasyni, H. Kr. Friðrikssyni og Jóni Jónssyni þm. Eyf.

Á eptir 10. gr. C. 4. f. bætist nýr stafliður:

„g. Til að varna skemmdum á Steinsmýraengjum 1000 kr. fyrra árið".

Ed. **402. Frumvap**

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Reykjatanga. Flutningsmaður Þorleifur Jónsson.

Við Reykjatanga austanvert við Hrútafjörð í Húnavatnssýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **403. Frumvarp**

til laga um laun bæjarfógeta á Seyðisfirði. Flutningsmenn Einar Jónsson og Sigurður Gunnarsson.

Eptir að lög um bæjarstjórn á Seyðisfirði öðlast gildi, skal sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu vera bæjarfógeti í Seyðisfjarðarkaupstað og hafa að launum 500 kr. á ári fyrir störf þau, er fylgja því embætti.

Ed. **404. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um breyting á 2.. 4. og 15. gr. í tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi og viðauka við hana

Frumvarp þetta, er stjórnin lagði fyrir þingið, hefur verið rætt allítarlega í hinni háttvirtu neðri deild og hefur tekið þar töluverðum breytingum. Vjer erum hinni háttvirtu neðri deild samdóma um, að sjálfsagt sje af þinginu að aðhyllast stefnu þessa frumvarps, sem miðar til þess, að gjöra verklýðnum auðveldara en verið hefur að leysa sig undan vistarskyldunni, sem flestum mun koma saman um, að sje allóeðlilegt band á atvinnufrelsi einstaklinganna. Aðalbreyting hinnar háttvirtu neðri deildar á frumvarpi stjórnarinnar, er sú, að binda lausamennskuleyfið við 25 ára aldur, þar sem stjórnin setti 20 ára aldurinn. Oss virðist nokkuð efasamt, hvort þessi breyting sje til batnaðar.

Hinsvegar vitum vjer, að þessi breyting er allmörgum þingmönnum neðri deildar töluvert kappsmál, svo að tvísýnt er, hvort frumvarpið muni ná fram að ganga, ef 20 ára aldurstakmarkið væri aptur sett inn í frumvarpið. Vjer viljum því ekki gjöra þetta atriði að neinu kappsmáli, en af því vjer aðhyllumst þó fremur frumvarp stjórnarinnar í þessu atriði, þá viljum vjer leggja það til, að farinn sje meðalvegur milli ákvæða stjórnarfrumvarpsins og frumvarps þess, er hjer liggur fyrir, og hverjum 22 ára manni, sje veittur rjettur til að kaupa leyfisbrjef til lausamennsku. En jafnframt teljum vjer rjett vera að hækka gjaldið um 5 krónur fyrir karlmann, aptur á móti virðist oss ekki ástæða til að breyta gjaldsupphæðinni, að því er kvennmenn snertir, með því að kaupgjald þeirra er svo miklu lægra en karlmanna.

Vjer viljum því ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið með eptirfylgjandi breytingartillögum.

1. Við 1. gr. Fyrir, »fullveðja« komi: »22 ára«
2. — — — ——: »10 kr.« komi: »15 kr.«
3. — — — Á eptir orðunum: »í þeim hreppi« bætist inn í: »eða bæjarfjelagi«
4. — 2. — Fyrir orðin: »vill fá leyfisbrjefið« komi: »leyfisbrjef vill fá«
5. — 3. — Fyrir: »Viðkomandi hreppstjóra« komi: »hlutaðeigandi hreppstjórn«

Alþingi 11. ágúst 1893.

Hallgrímur Sveinsson	Sigurður Stefánsson	Þorkell Bjarnason.
formaður.	skrifari og framsögumaður.	

Nd. **405. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895 (við 3. umr.). Frá Jens Pálssyni, Þórarni Böðvarssyni, Jóni Jakobssyni. Jóni Jónssyni 2. þm. N.-M., Jóni Jónssyni þm. A.-Sk., Boga Th. Melsteð, Sk. Thoroddsen.

Við 12. gr. D. a. b. á eptir athugasemdunum bætist nýr stafliður:

c. til uppmælingar á innsiglingarleið inn á Hvammsfjörð allt að (innan stryks) 6000 kr.

Styrkur þessi er því skilyrði bundinn, að Dalasýsla leggi fram $^1/_4$ til móts við landssjóðsstyrkinn.

Nd. **406. Breytingartillögur**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895 (við 3. umr.). Frá fjárlaganefndinni.

Við 11. gr. 3. Fyrir: »2000 — 2000 — 4000« komi: 1500 — 1500 — 3000.

Við 12. gr. C. Töluliðurinn a. 2 orðist þannig:

2, Til strandferða samkvæmt ferðaáætlun alþingis 25000 kr.

Styrkur þessi veitist kapt. Jónasi J. Randulff með því skilyrði, að hann setji tryggingu frá Norvegsbanka, eða aðra nægilega tryggingu, fyrir því, að ferðunum verði haldið áfram um fjárhagstímabilið.

Við 13. gr. B. I. 2. Fyrir »3 ölmusur« komi: ölmusa.

Við 13. gr. C. 3. b. Í stað: »25 arkir« komi: 24 arkir.

Við 13. gr. C. 15. Í stað: »pakkana í landsskjalasafninu« komi: skjalapakka stiptamtsins og sýslnanna í landsskjalasafninu.

Við 13. gr. C. 16. Í stað: »þakkana« komi: skjalapakka stiptamtsins og sýslnanna. Aptan við orðið: »m. m.« bætist: allt að.

Nd. **407. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895 (við 3. umr.). Frá Þórarni Böðvarssyni, Boga Th. Melsteð, Jóni Jónssyni 2. þm. N.-M., Jóni Jakobssyni, Jóni Jónssyni þm. A.-Sk., Birni Sigfússyni.

Við 13. gr. C. 5. Aptan við staflið b. bætist stafliður c. til að semja skrá yfir forngripina og setja tölur á þá 600 kr. hvort árið. Styrkur þessi fyrir síðara árið útborgist, er starfi þessu er lokið.

Frá Reykjavík	19.*marz	...	31. marz	...	20. apríl
— Keflavík	...	...	31. —	14. apríl	...
— Þorlákshöfn	...	...	...	...	...
— Eyrarbakka eða Stokkseyri	...	...	...	...	...
— Vestmannaeyjum	...	...	1. apríl	14. —	21. —
— Vík (Portland)	..	...	...	...	...
— Hornafirði	...	...	2. apríl	13. apríl	22. —
— Papós	...	...	...	. .	22. —
— Berufirði	...	...	3. apríl	...	23. —
— Stöðvarfirði	..	...	...	...	...
— Fáskrúðsfirði	...	...	4. apríl	12. apríl	24. —
— Reyðarfirði	...	...	...	...	25. —
— Eskifirði	...	...	4. —	12. —	25. —
— Norðfirði	...	...	. .	...	26. —
— Mjóafirði	...	...	...	...	26. —
— Seyðisfirði	...	...	5. apríl	11. apríl	29.* —
— Borgarfirði	. .	..	...	...	29. —
— Vopnafirði	...	...	...	10. apríl	29. —
— Bakkafirði	...	. .	...	...	...
— Þórshöfn	...	...	...	...	30. —
— Raufarhöfn	...	...	...	...	30. —
— Kópaskeri	..	...	...	...	...
— Húsavík	...	...	6. apríl	9. apríl	1. maí
— Grímsey	..	...	...	...	1. —
— Akureyri	...	...	7. apríl	8. apríl	2. —
— Siglufirði	...	...	...	...	2. —
— Hofsós	...	..	...	...	3. —
— Sauðárkrók	...	...	...	...	3. —
— Skagaströnd	...	...	...	...	...
— Blönduós	...	...	...	...	4. —
— Borðeyri	...	...	...	...	...
— Bitrufirði	...	...	...	...	...
— Reykjarfirði	...	...	...	...	4. —
— Ísafirði	...	23. marz	...	...	5.* —
— Ögri	...	...	...	...	5. —
— Arngerðareyri	...	...	...	...	5. —
— Ísafirði	21. marz	...	...	...	7. —
— Önundarfirði	...	...	...	...	7. maí
— Dýrafirði	...	...	...	...	...
— Arnarfirði	20. marz	24. marz	...	...	...
— Patreksfirði	...	...	...	...	7. —
— Flatey	...	...	...	...	8. —
— Stykkishólmi	20. marz	25. marz	...	...	...
— Ólafsvík	...	..	...	...	8. —
í Reykjavík[1]	...	26. —	..	15.*apríl	10.*maí

Banni stormur, þoka, brim eða aðrar torfærur af náttúrunnar völdum viðkomu á einhvern þessara staða, hefur útgerðarmaður rjett til, þegar burtfarartíminn er kominn, að halda áfram ferðinni. Liggi hafís við land og aptri ferð skipsins, verður snúið við umhverfis land alla leið að ísnum og ferðinni haldið áfram þaðan og áætluninni fylgt svo sem unnt verður.

1). Þegar skipið er búið að afferma í Reykjavík, fer það til Akraness og Hafnarfjarðar ef tími er til og það hefur meðferðis flutning til þessara staða.

áætlun

árin 1894 og 1895.

17. maí	10.*júní	...	29.*júní	23.*júlí	27.*ág.	...	6. okt.	10. nóv.	...
...	10. —	...	29. —	14. ág.	...	27. sept.	...	4. des.	...
...	...	...	...	13. —	...	...	...	...	...
...	...	...	...	13. —	...	...	...	...	...
4. júní	11. júní	...	...	12. —	28. ág.	...	...	3. des.	...
...	...	...	...	12. —	...	...	...	...	...
...	...	...	1. júlí	11. —	...	...	...	...	...
...	...	...	...	10. —	29. ág.	...	9. okt.	...	...
3. júní	...	...	...	9. —	30. —	...	...	2. des.	...
..	...	...	...	9. —	...	...	10. okt	...	...
..	12. júní	...	...	8. —	31. ág.	...	10. —	1. des.	...
3. júní	12. —	...	...	8. —	31. —	25. sept.	...	30. nóv.	...
...	12. —	22.júní	...	8. —	31. —	25. —	11. —	30. —	...
...	13. —	...	...	7. —	1. sept.	24. —	...	29. —	...
2. júní	13. —	...	...	7. —	1. —	24. —	11. okt.	28. —	...
2. —	14. —	21.†—	2. júlí	7.* —	2. —	23. —	12.* —	27. —	...
1. —	...	...	...	...	...	...	12. —	...	...
1. —	14. júní	...	...	4. ág.	3. sept.	22. sept.	13. —	25. nóv.	...
31. maí	14. —	...	...	...	...	...	...	...	...
31. —	15. —	...	3. júlí	...	...	...	14. —	...	...
..	15. —	...	...	4. ág.	4. sept.	...	...	24. nóv.	...
30. maí	...	...	3. júlí	....	...	...	14. —	...	...
30. —	16. júní	...	4. júlí	3. ág.	5. sept.	21. sept.	15. —	23. nóv.	...
...	16. —	...	...	3. —	...	...	...	...	...
29.*maí	20.* —	...	5. júlí	2. —	7.* sept.	20. sept.	17. okt.	22. nóv.	...
26. —	...	...	...	31. júli	7. —	...	18. —	19. —	...
25. —	...	...	...	30. —	...	...	19. —	...	...
25. —	...	...	6. júlí	30. —	8. sept.	19. sept.	20. —	18. nóv.	...
24. —	...	...	7.* —	....	9. —	...	21. —	...	...
24. —	...	...	7. —	29. júlí	...	18.† sept.	21. —	17. nóv.	...
23. —	...	...	9. —	...	11. sept.	...	...	...	...
...	...	...	9. —	....	11. —	...	...	...	...
22. maí	...	...	10. —	29. júlí	12. —	..	22. okt.	16. nóv.	...
21. —	...	...	11. —	28. —	14. —	...	24. —	15. —	...
...	...	...	12. —	...	15. —	...	25. —	13. —	...
...	...	...	12. —	...	15. —	...	25. —	13. —	...
...	...	...	13. —	...	16. —	...	26. —	13. —	...
19. maí	...	...	14. —	27. júlí	...	...	26. —	...	...
19. —	...	...	14. —	26. —	...	...	27. —	12. —	...
...	...	...	15. —	26. —	...	...	27. —	11. —	...
19. maí	..	...	15. —	25. —	..	...	28. —	...	...
18. —	...	...	15. —	25. —	...	...	28. —	11. nóv.	...
18. —	..	...	16. —	24. —	...	...	29. —	11.† —	...
17.† —	...	...	...	24.† —	...	...	29. —	...	...
5. júní	....	24.*júní	17.*júlí	17.*ág.	...	28.* sept.	1. nóv.	...	5. des.

Strandferðaskipið sje 1. flokks skrúfugufuskip, 200 registertons að stærð að minnsta kosti, hafi ekki minna en 7 mílna hraða, og 2 káetur fyrir 25 menn hvora, og auk þess skýli yfir 100 þilfarsfarþegja.

Enginn farþegi er skyldur að kaupa viðurværi á skipinu, en fæði verður þar jafnan til sölu þeim, er þess óska.

Stjarnan (*) merkir, að skipið mætir póstskipinu.

Kross (†) merkir, að lesa skuli dálkinn upp eptir.

Nd. **409. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895 (við 3. umr.). Frá Guðl. Guðmundssyni, Jóni Þórarinssyni, Sigurði Gunnarssyni, Jóni Þorkelssyni, Þórði Guðmundssyni og Birni Sigfússyni.

1. Við 11. gr. 2. k. Liðurinn falli burt.
2. — 13 — B. VI. Aptan við liðinn bætist:
   g. Styrkur til að semja og gefa út kennslubækur 400 — 400
3. — 13. — C. 12. Í staðinn fyrir „safna til", komi: „rita".
4. — — — — — Aptan við liðinn bætist:
   Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að ritið sje samið á Íslenzku.
5. — — — — — Við liðinn bætist ennfremur:
   og að skilað verði á fjárhagstímabilinu handriti, tilbúnu undir prentun, er nemi 24 örkum prentuðum.

Nd. **410. Breytingartillögur**

við frumv. til fjárlaga árin 1894—95. Frá Kl. Jónssyni, Jóni Jónssyni 2. þm. Eyf., Boga Th. Melsteð, Jóni Jónssyni, þm. A.-S., Einari Jónssyni, Birni Sigfússyni.

Á eptir 13. gr. C. 18. komi:

19. Til sjera Jónasar Jónassonar á Hrafnagili til að gefa út dansk-íslenzka orðabók — 600.
20. Til kennara Geirs Zoëga til þess að ljúka við ensk-íslenzka orðabók 400—400. Styrkurinn útborgast, þá er hann hefur sannað, að handritið sje fullbúið.

Nd. **411. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895 (við 3. umr.). Frá Birni Sigfússyni, Boga Th. Melsteð, Jóni Þorkelssyni, Jóni Jónssyni þm. A.-Sk., Einari Jónssyni, Kl. Jónssyni.

Við 11. gr. 2. á eptir staflið k. komi:
til læknis í 5 austustu hreppum í Húnavatnssýslu.
Stafliðirnir breytist samkvæmt þessu.

Nd. **412. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895 (við 3. umr.). Frá Jóni Þórarinssyni, Guðlaugi Guðmundssyni, Jóni Þorkelssyni, Þórði Guðmundssyni, Jens Pálssyni og Kl. Jónssyni.

Við 13. gr. B. VI. Eptir staflið e. bætist nýr liður:
f. Námsstyrkur til kennaraefna, 50 kr. til hvers, allt að 400 kr. hvort árið.
Styrkurinn er bundinn því skilyrði að kennaraefni hafi staðizt kennarapróf.

Nd. **413. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895. (við 3. umr.). Frá Birni Bjarnarsyni, Birni Sigfússyni, Boga Th. Melsteð, Sk. Thoroddsen, Ólafi Briem, Kl. Jónssyni.

Við 12. gr. C. Aptan við stafliðinn c. bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Styrkurinn undir staflið a. 2. og stafliðunum b. og c. er ennfremur bundinn því skilyrði, að gufubátar þeir, er styrkurinn er veittur til, flytji póstflutning án sjerstaks endurgjalds.

Sþ. **414. Frumvarp**

til laga um hafnsögugjald í Reykjavík (eins og það var samþykkt við eina umræðu í neðri deild).

1. gr. Í staðinn fyrir borgun þá fyrir hafnsögu, er ákveðin er í taxtanum frá 1. desbr. 1841, skal greiða af öllum verzlunar- og mannflutningaskipum og af útlendum fiskiskipum, er leggjast við akkeri á Reykjavíkurhöfn, 6 aura í hafnsögugjald af hverri smálest. Gjald þetta skal greiða fyrsta sinnið, er skipið kemur á Reykjavíkurhöfn á árinu, hvort sem það notar hafnsögu eða eigi, en komi það optar á sama ári, skal gjaldið eigi optar greiða, nema þegar það notar hafnsögumann.

2. gr. Bæjarfógeti innheimtir gjald það, er ákveðið er í 1. gr., um leið og hann skoðar skjöl skipsins, og skal því varið til launa handa manni þeim eða mönnum, er skipaðir eru til hafnsögu fyrir Reykjavíkurkaupstað.

Skyldur er hafnsögumaður að skýra bæjarfógeta í hvert skipti frá því, er skip, er þegar hefir greitt gjaldið, notar hafnsögu á inn- eða útleið á öðrum ferðum á sama ári.

3. gr. Að því er snertir herskip, skemmtiskip og innlend fiskiskip, þá skulu þau fyrirmæli enn standa um notkun hafnsögu og borgun fyrir hana, er nú eru í gildi.

4. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1894.

Nd. **415. Frumvarp**

til laga um stofnun háskóla. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í n. d.).

1. gr. Í Reykjavík skal stofna háskóla fyrir íslenzk embættismannaefni.

2. gr. Í skóla þessum skulu vera þrjár deildir. Skal í einni kennd guðfræði, annari lögfræði og í hinni þriðju læknisfræði. Auk þess skal þar einnig kennd heimspeki og önnur vísindi eptir því, sem síðar verður ákveðið með lögum.

3. gr. Tilhögun á kennslunni og kennsluskipanin í guðfræði, læknisfræði og heimspeki skal vera hin sama, sem nú er á prestaskólanum og læknaskólanum, þangað til öðruvísi verður ákveðið, og takast kennendur þeir, sem nú eru á menntastofnunum þessum, á hendur kennsluna, hver í sinni vísindagrein, en kennsluna í lögfræði skulu hafa á hendi tveir kennarar, og skal annar vera formaður deildar þeirrar.

4. gr. Þeir, sem vilja stunda nám við skóla þennan, skulu hafa tekið burtfararpróf við hinn lærða skóla í Reykjavík, eða einhvern lærðan skóla í Danmörku; próf í forspjallsvísindum skulu þeir hafa tekið áður en þeir mega ganga undir burtfararpróf við háskólann; en það veitir aðgang að embættum á Íslandi.

5. gr. Ráðgjafinn fyrir Ísland semur reglugjörð fyrir skólann.

6. gr. Þegar skólinn tekur til starfa eptir lögum þessum, þá eru prestaskólinn og læknaskólinn af numdir sem sjerstakar kennslustofnanir.

Nd. **416. Nefndarálit**

í málinu frv. til laga um atvinnu við siglingar.

Vjer undirritaðir, sem hin háttvirta neðri deild alþingis hefur kosið í nefnd, til að íhuga ofan nefnt frumv., höfum rætt mál þetta á nefndar fundum, og virðist oss frv. hafa að geyma ýmsar þarflegar og góðar rjettarbætur; en með því að stýrimannaskólinn í Reykjavík hefur enn starfað skamma hríð, svo að ætla má, að enn verði um nokkur ár hörgull á hæfilega mörgum lærðum sjómönnum, þá ráðum vjer deildinni til að samþykkja frumv. með þessum breytingum:

Við 18. gr. Í staðinn fyrir: »1. dag janúarmánaðar 1895« komi: 1. dag janúarmánaðar 1896

— — — Í staðinn fyrir: »1. júlí 1894« komi: 1. júlí 1895

Alþingi, 11. ágúst 1893.

H. Kr. Friðriksson, formaður. Skúli Thóroddsen, skrifari og framsögum. Sigfús Árnason.

Jón Þórarinsson. Jens Pálsson.

Ed. **417. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um bæjarstjórn á Seyðisfirði.

Vjer, sem hin háttvirta efri deild alþingis hefur kosið í nefnd til að hugleiða frumvarp þetta, höfum nú rætt það á nokkrum fundum, og jafnframt athugað skjöl þau, er frammi hafa legið á lestrarsal þingsins máli þessu viðvíkjandi. Skjöl þessi bera það ljóslega með sjer, að skipting hreppsins er hið mesta áhugamál, ekki einasta þeirra, sem búsettir eru á hinu fyrirhugaða bæjarsvæði, heldur einnig hinna, sem búsettir munu verða í hreppsfjelaginu, og vill nefndin leggja það til, að þessum vilja rjettra hlutaðeigenda verði sinnt.

Frumvarp það, sem hjer um ræðir, er að öllu leyti stílað eptir lögum um bæjarstjórn á Akureyri 8. okt. 1883, með nauðsynlegum orðabreytingum; þó hafa á nokkrum stöðum slæðst inn í frumv. smávillur, sem nauðsynlegt er að lagfæra, en þar sem þetta eru að eins óverulegar breytingar, sem ekkert raska efninu, vonar nefndin þær hafi enga þýðingu fyrir framgang málsins í heild sinni.

Vjer leyfum oss því að leggja það til, að hin háttvirta þingdeild samþykki frumvarpið með eptirfylgjandi breytingum:

1. Við 15. gr. Greinin orðist þannig: Bæjarstjórnin kýs fjóra menn til að vera í byggingarnefnd fyrir kaupstaðinn ásamt með bæjarfógeta; skulu tveir þessara manna kosnir úr flokki bæjarfulltrúa.
2. — 16. gr. Í staðinn fyrir: »í hafnarnefnd« komi: til að sitja í hafnarnefnd ásamt bæjarfógeta
3. — 17. gr. Fyrir »11. gr.« innan sviga í síðustu málsgrein komi: 12. gr.
4. — 22 gr. — »18. gr.« komi: 19. gr.
5. — — — Þarf að leiðrjetta prentvillur.
6. — 30. gr. Fyrir »21. gr.« komi: 22. gr.
7. — — — — »4. gr.« komi: 5. gr.
8. — — — — »2. gr.« komi: 3. gr.

Alþingi, 12. ágúst, 1893.

Kristján Jónsson, formaður. Guttormur Vigfússon, skrifari og framsögumaður. Einar Ásmundsson.

Nd. **418. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um vegi, (eins og það var samþykkt við 2. umr. í neðri deild). Frá nefndinni.

1. Við 2. gr. Fyrir »þjóðvegir nje fjallvegir«, komi: eða þjóðvegir.
2. — — — Orðið »fjallvegir« í síðustu línu falli burt.
3. — 18. — Fyrir »vegabótasjóði sýslunnar«, komi: sýsluvegasjóði.
4. — 19. — Orðin: »og er henni heimilt« o. s. frv. til enda greinarinnar falli burt.
5. — 23. — Fyrir »veg« komi: vegi.

Sþ. **419. Skýrsla.**

um gjöf Jóns Sigurðssonar á tímabilinu frá 27. júlí 1891 til 27. júlí 1893.

Eptir skýrslu dagsettri 27. júlí 1891 átti sjóðurinn:

a. Innrititunarskírteini Ltra A fol 93	kr. 8400 00		
b. Veðskuldabrjef	— 1000 00		
c. Í landsbankanum með sparisjóðskjörum . .	— 624 81	kr. 10024	81

Síðan hafa sjóðnum bæzt þessar tekjur:

a. Ársvextir af innritunarskírteini til 11. júní 1892	— 294 00		
b. Arsvextir af sama til 11. júni 1893	— 294 00		
c. Ársvextir af veðskuldabrjefi til 11. júní 1892	— 40 00		
d. Ársvextir af sama til 11. júní 1893	— 40 00		
e. Ársvextir af fje í landsbankanum til 31. des. 1891	— 28 31		
f. Ársvextir af sama til 31. des. 1892	— 45 55		
g. Eptirgjald eptir hálfa jörðin Gljúfurá fyrir 1890	— 19 00		
h. Söluverð fyrir sömu hálflendu	— 450 00	— 1210	86
	Samtals:	kr. 11235	67

Útgjöld hefur sjóðurinn engin haft á þessu tímabili.

Eign sjóðsins 27. júlí 1893:

a. Innri unarskírteini Ltra A fol. 93	kr. 8400 00		
b. Veðskuldabrjef	— 1000 00		
c. Í landsbankanum með sparisjóðskjörum . .	— 1835 67	kr. 11235	67

Reykjavík 27. júlí 1893.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

Sþ. **420. Skýrsla**

til alþingis 1893 frá nefndinni um verðlaun af „Gjöf Jóns Sigurðssonar".

Unðirskrifuð nefnd, sem kosin var á alþingi 1891, samkvæmt 3. gr. í reglum um „Gjöf Jóns Sigurðssonar" 24. ágúst 1881, gaf samkvæmt erindisbrjefi sínu út auglýsingu, sem birt var í Ísafold, þar sem þeim, sem óskuðu eptir að vinna verðlaun af tjeðum sjóði, var boðið að senda til vor fyrir lok febrúarmánaðar 1893 rit þau, er þeir óskuðu verðlauna fyrir.

Samkvæmt þessu hefur nefndinni borizt að eins ein ritgjörð:

Manngjöld – hundrað.

Einkunn: Skýzt þó skýrir sje.

Málsháttur.

En oss þykir eigi svo mikið kveða að ritgjörð þessari, að oss þyki næg ástæða til að dæma henni verðlaun og heldur eigi þótti oss ástæða til að nota heimild þá, er vjer höfum, samkvæmt niðurlagi 3. greinar í erindisbrefi voru til að veita verðlaun fyrir ritgjörð, er komið hefur á prent síðan alþingi síðast var haldið.

Skýrslu þessa um gjörðir vorar njótum vjer hjer með þess heiðurs að gefa hinu heiðraða alþingi.

Reykjavík 27. júlí 1893.

Eiríkur Briem. Kristján Jónsson. Steingr. Thorsteinson.

Til
Alþingis 1893.

Nd. **421. Frumvarp**

til laga um að selja salt eptir vigt. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í e. d.).

1. gr. Allir kaupmenn og kaupfjelög, er reka verzlun hjer á landi, skulu, hvort sem verzlun þeirra fram fer á sjó eða landi, selja salt eptir vigt, nema kaupandi æski mælis.

2. gr. Brot gegn 1. gr. varða 5—50 kr. sektum, er renna í landssjóð.

3. gr. Með mál út af lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

Nd. **422. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur 14. jan. 1876 og viðauka við þau.

Hin háttvirta neðri deild hefur kosið oss í nefnd til að íhuga frumvarp þetta, og er álit vort á þessa leið:

Vjer viðurkennum það sem eitt af hinum dýrmætustu rjettindum hvers manns, að geta frjálst og óhindrað flutzt þaðan, sem hann er óánægður með kjör sín, þangað, er hann gjörir sjer von um betri ramtíð. Að voru áliti er það því eigi rjett, að löggjöfin setji neinar skorður við fólksflutngi til annara landa, nema þær, sem nauðsynlegar eru til tryggingar því, að samningar þeir, sem við útfarana eru gjörðir, sjeu bæði rjettmætir í sjálfu sjer og verði eigi rofnir bótalaust; að aðbúnaður útfaranna á leiðinni sje viðunanlegur; að ólk sje eigi æst til útflutnings með fortölum þeirra manna, er gjöri sjer það að atvinnu, að ginna menn til að yfirgefa ættland sitt, og loksins að menn strjúki eigi úr landi frá óloknum skuldum eða öðrum óbættum sökum.

Þegar á allt þetta er litið, getur oss eigi dulizt, að nokkrir gallar sjeu á útflutningalögum þeim, er nú gilda. Að vísu verðum vjer að játa, að það sje næsta örðugt og jafnvel ókleyft að bæta úr þeim göllum til hlítar, en með því vjer álítum ákvæði frumvarpsins miða í þá átt, finnum vjer oss skylt að ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja það með þessum breytingum og viðaukum:

1. Aptan við 1. gr. bætist: eða bjóða fram milligöngu sína til þess að gjöra slíka samninga.
2. Á eptir 1. gr. komi tvær nýjar greinar:

   2. gr. Enginn má semja við útfara hvorki skriflega nje munnlega, um flutning í aðra heimsálfu á þann hátt, að útfari skuli vinna af sjer farareyri, er þangað kemur, enda er og sá samningur ógildur.
3. 3. gr. Enginn má ferðast hjer um land í þeim erindum, að æsa menn til að flytja af landi burt, nje halda opinberlega ræður eða fyrirlestra í þeim tilgangi.
4. Upphaf 2. gr., er verður 4. gr., orðist þannig: Eigi má taka útfara á skip,
5. Á eptir þriðju málsgrein 2. gr. (4. gr.) komi ný málsgrein:

   Nú er skip haft til að taka útfara á fleiri höfnum en einni í sömu ferð, og skal þá leyfið fengið hjá lögreglustjóra á þeim stað, er útfarar eru fyrst teknir í skipið. Á hverri höfn, er skipið síðan kemur á til að taka útfara, sje leyfið sýnt lögreglustjóra, og skal hann gæta þess, að fyrirmælum um tölu og meðferð útfara sje hlýtt.
6. Á eptir 2. gr. (4. gr.) komi sex nýjar greinar:

   5. gr. Ekkert skip má taka útfara til flutnings, nema hann hafi útfararsamning áteiknaðan af lögreglustjóra eða löggiltum umboðsmanni hans, áður en hann fer á skip, svo og leiðarbrjef frá lögreglustjóra í því umdæmi þar sem útfari átti síðast heimili. Leiðarbrjef þetta má lögreglustjóri eigi gefa, nema útfari hafi afhennt honum vottorð frá hreppsnefndaroddvita og hrepp-

stjóra í þeim hrepp, er hann átti síðast heima í, að þeir hafi ekkert að athuga við útför hans.

7. 6. gr. Ef einhver afhendir öðrum manni leiðarbrjef sitt til þess að sá maður geti haft það fyrir leiðarbrjef, varðar það sektum allt að 400 kr. Þau sektamál skal sækja sem almenn lögreglumál.

8. 7. gr. Brot gegn 1., 2. og 3. gr. varða sektum allt að 2000 kr.; þó má herða á hegningunni með því, að beita einföldu fangelsi í 2 mánuði eða öðru fangelsi, svo sem því svarar. Mál sem rísa út af slíkum brotum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

9. 8. gr. Brot gegn 4. og 5. gr. varða sektum allt að 2000 kr. og þar að auki allt að 400 kr. sekt fyrir þann mann, sem tekinn er á skip gegn ákvæði 5. greinar. Sektirnar skulu ákveðnar með úrskurði landshöfðingja, og greiðist sektafjeð af upphæð þeirri, er útflutningastjóri hefur að veði lagt.

10. 9. gr. Brjóti útlendur maður gegn ákvæði 3. greinar, getur landshöfðingi bannað honum landsvist og lagt við þvingunarsektir allt að 30 kr. fyrir hvern dag, er hann óhlýðnast banninu, enda sje hann háður gæzlu lögreglustjórnarinnar, meðan hann fer eigi úr landi.

11. 10. gr. Allar sektir eptir lögum þessum renna í landssjóð.

12. 3., 4. og 5. gr. frumvarpsins falli burt.

13. Við 6. gr., er verður 11. gr.

Fyrir: „síðasta málsgrein 3. greinar“ komi: 3. gr.

Alþingi, 12. ágúst 1893.

Jón Þorkelsson,	Einar Jónsson,
formaður.	framsögumaður.

Jón Jónsson 2. þm. N.Múlas.

Framanrituðu nefndarálíti erum við samþykkir að öðru leyti enn því, að við teljum ísjárvert að lögleiða 3. gr., síðustu málsgrein 5. gr. og 9. gr. í breytingartillögum nefndarinnar.

Ólafur Briem,	Skúli Thóroddsen.
skrifari.	

Ed.

423. Frumvarp

til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895, (eins og það var samþykkt við 3. umr. í n. d.).

1. kafli.

Tekjur.

1. gr. Á árunum 1894 og 1895 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1,147,500 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr. Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 878,600 kr.

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a) á ábúð og afnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b) á lausafje	25,000	25,000	50,000
2. húsaskattur	4,000	4,000	8,000
3. tekjuskattur	13,000	13,000	26,000
4. aukatekjur	22,000	22,000	44,000
5. erfðafjárskattur	2,000	2,000	4,000
6. gjöld af fasteignasölu	1,300	1,300	2,600
7. vitagjald	6,000	6,000	12,000
8. gjöld fyrir leyfisbrjef	2,000	2,000	4,000
Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála milli hjóna greiðist ekkert gjald.			
9. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frá dregnum 2% í innheimtulaun	30,000	30,000	60,000
10. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	120,000	120,000	240,000
11. aðflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	50,000	50,000	100,000
12. aðflutningsgjald af kaffi og sykri að frádregnum 2% í innheimtulaun	125,000	125,000	250,000
13. tekjur af póstferðum	20,000	20,000	40,000
14. óvissar tekjur	2,000	2,000	4,000
Samtals	439,300	439,300	878,600

3. gr. Tekjur af fasteignum landssjóðs og fl. eru taldar 50,700 kr.:

		1894.	1895.	alls.
		kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landssjóðs alls 34,000 kr. að frá dregnum umboðslaunum, prestsmötu og fl., alls . . . . . 9,000 —		25,000	25,000	50,000
2. Tekjur af kirkjum		350	350	700
	Samtals	25,350	25,350	50,700

4. gr. Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 66,000 kr.:

		1894.	1895.	alls.
		kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins		28,000	28,000	56,000
Upp í lán verður borgað:				
á árinu 1894 23,923 kr. 22 a.				
- — 1895 21,556 — 58 -				
45,479 kr. 80 a.				
2. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans . . .		5,000	5,000	10,000
	Samtals	33,000	33,000	66,000

5. gr. Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem er greitt frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndilána til embættismanna	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	2,000	2,000	4,000
Samtals	4,600	4,600	9,200

6. gr. Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 143,000 kr.:

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag	60,000	60,000	120,000
Aukatillag	12,500	10,500	23,000
Samtals	72,500	70,500	143,000

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr. Á árunum 1894 og 1895 veitast til útgjalda 1,171,921 kr. 80 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr. Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1894: 12,400 kr., og árið 1895: 14,400 kr., samtals: 26.800 kr.

9. gr. Til kostnaðar við alþingi veitast 32,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 33,600 kr.

10. gr. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 298,911 kr. 80 a.

		1894.	1895.	alls.
A.		kr. a.	kr. a.	kr. a.
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:				
1. laun embættismanna		18,100	18,116 66	36,216 66
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.		3,800	3,800	7,600
3. a. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun	2,500 kr.			
b. viðbót við hinn núverandi endurskoðanda	500 —	3,000	3,000	6,000
		24,900	24,916 66	49,816 66
B.				
Dómgæzla og lögreglustjórn:				
1. laun				
a. til dómara og sýslumanna		69,697 57	69,697 57	
b. til hreppstjóra		6,000	6,000	
2. ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík		1,400	1,400	
3. til hegningarhússins og fangelsanna:				
	1894. 1895.			
a. laun umsjónarmannsins	800 kr. 800 kr.			
viðbót við hinn núverandi umsjónarmann	200 — 200 —			
flyt	1000 kr. 1000 kr.			
flyt		77,097 57	77,097 57	49,816 66

			1894.	1895.	alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
		fluttar	77,097 57	77,097 57	49,816 66
fluttar	1000 kr.	1000 kr.			
Þóknun handa dómkirkju-prestinum	100 —	100 —			
Þóknun handa lækni ...	60 —	60 —			
b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag	1225 —	1225 —			
3. skammtar af miðdags-mat handa fangaverði á 21 e.	230 —	230 —			
þvottur	30 —	30 —			
til eldiviðar og ljósa	520 —	520 —			
útgjöld við bygginguna sjálfa og áhöld	400 —	400 —			
til þess að útvega verkefni	500 —	500 —			
ýmisleg útgjöld	150 —	150 —			
	4215 kr.	4215 kr.			
arður af verkum talinn ...	615 —	615 —			
	3600 kr.	3600 kr.			
c. kostnaður við viðhald fang-elsanna	100 —	100 —			
			3,700	3,700	
4. önnur útgjöld:					
a. þóknun handa tveimur settum mála-flutningsmönnum við yfirrjettinn ...		1600 kr.			
b. laun sendiboðans við yfirrjettinn ...		50 —			
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum		40 —			
d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl.		60 —			
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál		3000 —			
f. kostnaður við gjafsóknarmál		300 —			
g. til að gefa út dómasafn, allt að 15 kr. fyrir hverja örk		150 —			
			5,200	5,200	
			85,997 57	85,997 57	171,995 14
C.					
Ymisleg útgjöld.					
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshags-skýrslur:					
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.		300 kr.			
b. til pappírs og prentunar deildarinnar B., 22 arkir, og deildarinnar C., 15 arkir		2000 —			
c. til kostnaðar við sending með póstum		300 —			
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrsl-ur með prófarkalestri, allt að 40 kr. fyrir örkina		900 —			
			3,500	3,500	
		flyt	3,500 »	3,500 »	221,811 80

			1894.	1895.	alls.
			kr.	kr.	kr. a.
		fluttar	3,500	3,500	221,811 80
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef			1,200	1,200	
3. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar ...			1,600	1,600	
4. styrkur til eflingar búnaði:					
a. til búnaðarskóla:	kr.				
1. til skólans í Ólafsdal ..	2,500				
2. — —— á Hólum ...	6,000				
3. — —— - Eyðum ...	3,000				
4. — —— - Hvanneyri ...	2,500	kr.			
		14,000			
b. til búnaðarfjelaga ... ... Þar af til búnaðarfjelags suðuramtsins 2,000 kr. hvort árið, með því skilyrði, að fjelagið verji að minnsta kosti 1,000 kr. til vatnsveitinga.		12,000			
c. styrkur til Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit, 20 kr. fyrir örkina		240			
d. styrkur til síra Odds Gíslasonar til þess að halda áfram að leiðbeina mönnum í ýmsu, sem lýtur að sjósóknum og fiskiveiðum		300			
e. styrkur til útgáfu kennslubóka fyrir búnaðarskóla		300			
f. styrkur til verklegs laxaklaks í Dalasýslu		200			
g. til að varna skemmdum á Steinsmýraengjum, fyrra árið		1000	28,040	27,040	
5. til vitans á Reykjanesi:					
a. til launa vitamannsins		1,200			
b. til eptirlits með vitanum		60			
c. til að kaupa olíu		1,200			
d. — — — lampakveiki o. fl.		150			
e. — — — steinkol		120			
f. til viðurhalds á húsum og áhöldum ...		200			
g. eptirgjald eptir lóðina		30			
			2,960	2,960	
6. til vörðuvita			500	500	
7. til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landssjóði			1,000	1,000	
8. til varnar gegn skemmdum á byggingarlóðinni á Sauðárkrók, 500 kr. fyrra árið			500	»	
			39,300	37,800	77,100
		samtals ...	.....	.....	298,911 80

11. gr. Til útgjalda við læknaskipunina veitast 113,844 kr.

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. laun	39,598	39,598	79,196
2. styrkur til 12 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu;			
b. til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði;			
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá;			
g. til læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnessýslu, sunnanfjalls til Straumfjarðarár;			
h. til læknis milli Straumfjarðarár í Hnappadalssýslu og Langár á Mýrum.			
i. til læknis í Eyjahrepp og Múla- og Gufudals-hreppum í Barðastrandarsýslu;			
j. til læknis í Breiðdals-, Berunes- og Geithellnahreppum í Suður-Múlasýslu;			
k. til læknis í Grímsnesi, Biskupstungna-, Hrunamanna-, Gnúpverja-, Skeiða- og Þingvalla-hreppum í Árnessýslu;			
l. til læknis í Grunnavíkur- og Sljettu-hreppum í Ísafjarðarsýslu; til hvers þeirra 1,000 kr. hvort árið	12,000	12,000	24,000
3. styrkur til aukalæknis Bjarnar Ólafssonar til að setjast að sem augnalæknir í Reykjavík, með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnalækningum	1,500	1,500	3,000
4. önnur útgjöld:			
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík 1,200 kr.			
b. — — —— á Akureyri 400 —			
c. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa ... ... 24 —			
d. til náms yfirsetukvenna ... ... 2,000 —			
e. til verkfæra handa yfirsetukonum ... 200 —			
	3,824	3,824	7,648
samtals ...	.....	.....	113,844

12. gr. Til samgöngumála veitast 348,500 kr.

			1894.	1895.	alls.
A.			kr.	kr.	kr.
Til útgjalda við póststjórnina:					
1. laun:					
a. handa póstmeistaranum	2,400 —				
b. — póstafgreiðslumönnnum	4,700 —				
c. — brjefhirðingarmönnum	2,700 —		9,800	9,800	19,600
2. póstflutningur			34,000	34,000	68,000
3. önnur útgjöld:	1894. kr.	1895. kr.			
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans	1,500	1,500			
b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningi 1 °/₀₀, um	200	200			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama	200	200			
d. fyrir prentun á ýmsu	200	200			
e. til áhalda	600	600			
f. 1 brjefberi í Reykjavík	50	50			
g. óviss útgjöld	200	200	2,950	2,950	5,900
	samtals ..		46,750	46,750	93,500
B.	1894. kr.	1895. kr.			
Til vegabóta:					
a. til verkfræðings til að standa fyrir vegagjörðum	3,000	3,000			
b. til að bæta vegi á aðalpóstleiðum .	50,000	50,000			
c. til fjallvega...	15,000	15,000			
d. til brúargjörðar á Hjeraðsvötnin veitast	5,000	»			
Fje þetta veitist með því skilyrði, að sýslunefnd Skagafjarðar leggi til það fje, sem á vantar til að fullgjöra brúna, og setji, landsstjóði að kostnaðarlausu, svifferju á aðalpóstleiðinni yfir Hjeraðsvötnin.			73,000	68,000	141,000
C.		kr.			
a. til strandferða:					
1. til hins sameinaða gufuskipafjelags ..		18,000			
2. til strandferða samkvæmt ferðaáætlun alþingis		25,000			
Styrkur þessi veitist kapt. Jónasi J. Randulff með því skilyrði, að hann setji tryggingu frá Noregsbanka, eða aðra nægilega tryggingu, fyrir því, að ferðunum verði haldið áfram um fjárhagstímabilið.					
Flyt		43,000			234,500

		1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.	kr.
Fluttar	43,000			234,500
b. til gufubátsferða á Faxaflóa	3,000			
c. til gufubátsferða meðfram suðurströnd landsins austur að Vík í Mýrdal og til Vestmannaeyja, allt að	3,000			
Styrkurinn undir stafliðunum b. og c. útborgist að eins eptir meðmælum hlutaðeigandi sýslunefnda og bæjarstjórnar.				
Styrkurinn sje enn fremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslufjelög og bæjarfjelag leggi til gufubátaferðanna ¼ móti ¾ úr landssjóði.				
Styrknum undir staflið c. má skipta í 2 hluta, ef með því fást hagfelldari gufubátsferðir um hið tilgreinda svæði, eða nokkurn hluta þess. Svo má og sameina styrkinn undir staflið c., eða hluta af honum, við styrkinn undir staflið b.				
Styrkurinn undir staflið a. 2. og stafliðunum b. og c. er ennfremur bundinn því skilyrði, að gufubátar þeir, er styrkurinn er veittur til, flytji póstflutning án sjerstaks endurgjalds.		49,000	49,000	98,000
D.				
a. til bryggjugjörðar á Blönduós...	5,000 kr.			
b. til gufubátsferða um Lagarfljótsós... ...	5,000 —			
Styrkveiting þessi er því skilyrði bundin, að hlutaðeigandi hjerað leggi fram að minnsta kosti ¼ til móts við landssjóðsstyrkinn.				
Báðar upphæðirnar (undir staflið a. og b.) veitast með því skilyrði, að hlutaðeigandi hjeraðsbúar kosti sjálfir það, er til vantar, til þess að koma fyrirtækjum þessum fram.				
c. til uppmælingar á innsiglingarleið inn á Hvammsfjörð, allt að	6000	16,000	»	16,000
Styrkur þessi er því skilyrði bundinn, að Dalasýsla leggi fram ¼ til móts við landssjóðsstyrkinn.				
samtals ...		.....	.....	348,500

13. gr. Til kirkju- og kennslumála veitast 256,066 kr.:

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
A.			
Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a. laun til biskupsins	7,000	7,000	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	8,500	9,000	
2. til bráðabyrgðar-uppbótar fátækum brauðum, þar af til hins núverandi prests í Grímsey 400 kr. hvort árið	3,000	3,000	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti ...	600	600	
4. bráðabyrgðar-uppbót á Kvíabekkjar-prestakalli í Eyjafjarðar-prófastsdæmi	200	200	
5. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	3,000	3,000	
6. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1,000	1,000	
	23,300	23,800	47,100
B.			
Kennslumálefni:			
I. til prestaskólans:			
a. laun	9,800	9,800	
b. önnur útgjöld:			
	1894. 1895.		
1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum, 80 kr. handa hverjum	960 kr. 960 kr.		
2. ölmusa	200 — 200 —		
3. til tímakennslu	100 — 100 —		
4. til bókakaupa	300 — 300 —		
5. til eldiviðar og ljósa ...	100 — 100 —		
6. til umsjónar	100 — 100 —		
7. ýmisleg útgjöld	200 — 200 —		
		1,960	1,960	
		11,760	11,760	23,520
II. til læknaskólans:			
a. laun		3,600	3,600	
Þar af 400 kr. hvort árið launaviðbót til Tómasar Hallgrímssonar 1. kennara.				
	1894. 1895.		
b. önnur útgjöld:			
1. 2 ölmusur, 200 kr. hvor	400 kr. 400 kr.		
2. eldiviður, ljós og ræsting	170 — 120 —		
flyt	570 kr. 520 —	3,600	3,600	70,620

			1894.	1895.	alls.
			kr.	kr.	kr.
		fluttar	3,600	3,600	70,620
	1894.	1895.			
	fluttar 570 kr.	520 kr.			
3. til bókakaupa og verkfæra	300 —	300 —			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum	300 —	300 —			
5. húsaleiga handa 6 lærisveinum	480 —	480 —			
6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði	100 —	100 —			
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, allt að	200 —	200 —			
8. ýmisleg útgjöld	100 —	100 —	2,050	2,000	
			5,650	5,600	11,250
III. til hins lærða skóla:					
a. laun			19,800	19,800	
b. aðstoðarfje:					
handa söngkennaranum		600 kr.			
handa fimleikakennaranum		700 —			
handa dyraverði		1,000 —			
til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans		300 —	2,600	2,600	
	1894.	1895.			
c. önnur útgjöld:					
1. til bókasafns skólans .	600 kr.	600 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa .	1,000 —	1,000 —			
3. til skólahússins utan og innan	1,000 —	1,000 —			
4. til tímakennslu . . .	1,600 —	1.600 —			
5. ölmusur	5,500 —	5,000 —			
6. þóknun handa lækni .	100 —	100 —			
7. ýmisleg útgjöld . . .	1,000 —	1,000 —			
8. fyrir prestsverk . . .	48 —	48 —			
9. til vísindalegra áhalda við kennslu:					
a. í náttúrusögu . . .	200 —	200 —			
b. í eðlisfræði	400 —	400 —			
10. til að gefa út vísindalega ritgjörð, er fylgi skólaskýrslunni	300 —	300 —	11,748	11,248	
			34,148	33,648	67,796
		flyt	. . . . .	. . . . .	149,666

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar			149,666
IV. til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:			
a. laun	6,600	6,600	
b. önnur útgjöld: 1894. 1895.			
1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna . . . 400 kr. 400 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa . 500 — 500 —			
3. til skólahússins utan og innan . . . . . 200 — 200 —			
4. ýmisleg útgjöld . . . 400 — 400 —			
5. til styrkveitingar námspiltum . . . . . 400 — 400 —	1,900	1,900	
	8,500	8,500	17,000
V. til stýrimannaskólans:			
a. laun	1,800	1,800	
b. önnur útgjöld:			
1. til húsnæðis, eldiviðar og ljósa . 500 kr.			
2. til tímakennslu . . . . . 600 —			
3. til áhaldakaupa o. fl. . . . . 200 —	1,300	1,300	
	3,100	3,100	6,200
VI. til annarar kennslu:			
a. til kvennaskóla:			
1. til kvennaskólans í Reykjavík . 1,800 kr. þar af ölmusur til sveitastúlkna 300 kr.			
2. til kvennaskólans á Ytri-Ey . . 1,200 —			
3. til kvennaskólans á Laugalandi . 1,200 —			
4. til kvennaskólanna á Ytri-Ey og Laugalandi . . . . . 2,000 —			
Öll upphæðin (2,000 kr.) skiptist milli skólanna eptir fjölda nemenda, sem eru allan kennslutímann, og lengd kennslutímans, —þaraf 500 kr. til námsmeyja.	6,200	6,200	
b. 1. til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum . . . . . Styrkur þessi veitist einkum eptir lengd kennslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annarar tillögu, er eigi sje minni en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.	4,000	4,000	
flyt	10,200	10,200	172,866

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar	10,200	10,200	172,866
2. til sveitakennara, allt að 60 kr. til hvers . . Styrkur þessi veitist eptir tillögum sýslunefnda og stiptsyfirvaldanna.	4,800	4,800	
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	2,500	2,500	
d. til kennarafræðslu	1,600	1,600	
e. til skólaiðnaðarkennslu	500	500	
f. til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík . . .	1,000	1,000	
	20,600	20,600	41,200
VII. til sundkennslu:			
a. í Reykjavík . . . . . Lærisveinar latínuskólans njóta ókeypis kennslu.	200	200	
b. til sundkennslu annarsstaðar . . . . . Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sjeu lagðar til sundkennslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.	800	800	
	1,000	1,000	2,000
C.			
Til vísindalegra fyrirtækja og bókmennta:			
1. til landsbókasafnsins og fyrir umsjón með alþingishúsinu milli þinga:			
a. laun bókavarðar	1,000	1,000	
b. til að aðstoða bókavörð við útlán og niðurröðun bóka og við samningu á skrá yfir handrit og bækur	700	700	
c. fyrir að hafa umsjón með alþingishúsinu og áhöldum í því milli þinga	100	100	
d. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá	2,500	2,500	
e. til eldiviðar og áhalda m. m.	450	450	
f. brunabótagjald fyrir safnið	300	300	
	5,050	5,050	
2. til amtsbókasafna Vesturamtsins, Norðuramtsins og Austuramtsins, 200 kr. á ári til hvers þeirra	600	600	
3. a. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Reykjavík	1,000	1,000	
b. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Kaupmannahöfn . . . . . Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að Bókmenntafjelagið í Kaupmannahöfn gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbrjefasafni.	500	500	
flyt	7,150	7,150	216,066

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar	7,150	7,150	216,066
4. til þjóðvinafjelagsins	500	500	
5. til forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda . . 1,000 kr.			
b. til umsjónar . . . . . 400 —			
c. til þess að semja skrá yfir forngripina og setja tölur á þá . . . . . 600 —	2,000	2,000	
Styrkur þessi (c) fyrir síðara árið útborgist, er starfi þessu er lokið.			
6. styrkur til kennara Benidikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda, 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi, 200 kr. hvort árið	800	800	
Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.			
7. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni, 25 kr. fyrir örkina, allt að 600 kr. hvort árið, með því skilyrði, að sams konar registur, sem við 1. bindið, komi út með hverju bindi, um leið og það er út komið.	600	600	
8. styrkur til kennara Þorv. Thoroddsens til kostnaðar við jarðfræðisrannsóknir og við safn til jarðfræðislýsingar Íslands, eptir reikningi, allt að 1,000 kr. hvort árið	1,000	1,000	
9. til Fornleifafjelagsins	300	300	
Útborgist því að eins, að árbók Fornleifafjelagsins komi út hvort árið.			
10. til Náttúrufræðisfjelagsins	400	400	
11. styrkur handa 2 mönnum til að búa sig undir að verða dýralæknar á Íslandi	1,200	1,200	
12. styrkur til cand. mag. Boga Melsteðs til að safna til sögu Íslands	600	600	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að ritið sje samið á íslenzku.			
13. Til síra Matthíasar Jochumssonar . . .	600	600	
14. Til stórstúku Good-Templara á Íslandi til eflingar bindindi og útbreiðslu bindindisrita . . .	500	500	
flyt	15,650	15,650	216,066

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar	15,650	15,650	216,066
15. Til cand. theol. Hannesar Þorsteinssonar til þess að semja skrá yfir skjalapakka stiptamtsins í landsskjalasafninu og endurskoða niðurröðun þeirra .	1,000	»	
16. Til umbúða um skjalapakka stiptamtsins og sýslunna í landsskjalasafninu og til prentunar á skrá yfir þá m. m. allt að	200	»	
17. Til Skúla Skúlasonar á Akureyri til þess að læra myndasmíði	500	200	
18. Til Tryggva Gunnarssonar fyrir það, sem hann hefur unnið framyfir umsamið verk við Ölfusárbrúna .	5,000	»	
19. Ferðastyrkur til verzlunarmanns D. Thomsens, til þess að kynnast sölu á íslenzkum vörum, einkum á Bretlandi, Spáni og Portúgal, og gefa skýrslur um það mál	1,800	»	
	24,150	15,850	40,000
samtals	. . .	. . .	256,066

14. gr. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr. Til eptirlauna og styrktarfjár og fl. veitast 86,000 kr.; þar af til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjohnsen 300 kr., til ekkjufrúar Valgerðar Ólafsdóttur frá Hofi 200 kr., til sjera J. Thórarensens 50 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli 105 kr. 40 a., til Katrínar Þorvaldsdóttur, ekkju fyrverandi bókavarðar Jóns Árnasonar, 300 kr., til ekkjufrúar Torfhildar Holm 200 kr., til Jóns Halldórssonar frá Búrfelli 100 kr. og til Ólínu Vigfússon, ekkju Sigurðar Vigfússonar, 100 kr. — til allra þeirra hvort árið.

16. gr. Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

17. gr. Það sem á vantar, að tekjurnar hrökkvi fyrir útgjöldunum og sem fyrst um sinn er áætlað að verði 24,421 kr. 80 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

18. gr. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

19. gr. Ef frumvarp til laga um
öðlast gildi á fjárhagstímabilinu, breytast upphæðirnar gjaldamegin samkvæmt því.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 40,000 kr. lán til sýslufjelaga, er koma vilja á fót tóvinnuvjelum, þó ekki yfir 20,000 kr. til hvers, og ávaxtist lán þetta og endurborgist með 6% á 28 árum.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 40,000 kr. lán til þilskipakaupa einstökum mönnum, er þess kynnu að óska. Lán þetta ávaxtist og endurborgist með 6% á 28 árum, og veitist að eins gegn fulltryggu veði, og eigi meira en 4000 kr. til hvers einstaks manns.

Ed.

424. Frumvarp

til laga um vegi. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.).

I. kafli.

Um skipting á vegum.

1. gr. Vegir á Íslandi eru: flutningabrautir, þjóðvegir, fjallvegir, sýsluvegir og hreppsvegir.

2. gr. Flutningabrautir eru þeir vegir, sem aðalvörumagn helztu hjeraða er flutt um. Þjóðvegir eru þeir vegir, sem aðalpóstleiðir liggja um. Fjallvegir eru þeir vegir yfir fjöll og heiðar, sem eigi teljast til neins annars vegaflokks. Sýsluvegir eru þeir vegir, sem liggja sýslna á milli og um hverja sýslu, þar sem mest er þjóðbraut, svo sem í kauptún og almenn fiskiver, enda sjeu það eigi flutningabrautir eða þjóðvegir. Hreppsvegir eru vegir hreppa á milli og um hreppa, sem hvorki eru flutningabrautir, þjóðvegir nje sýsluvegir.

3. gr. Flutningabrautir skulu fyrst um sinn vera í þessum hjeruðum:

1. Frá Reykjavík austur í Rangárvallasýslu.
2. — —— — að Geysi.
3. — Eyrarbakka upp Árnessýslu.
4. Upp Borgarfjörð.
5. Frá Blönduósi vestur Húnavatnssýslu.
6. — Sauðárkrók inn Skagafjörð.
7. — Akureyri inn Eyjafjörð.
8. — Húsavík inn Reykjadal.
9. — Búðareyri við Reyðarfjörð um Fagradal til Lagarfljóts.

4. gr. Landshöfðingi ákveður eptir tillögum sýslunefnda, amtsráða og vegfræðings, hvar leggja skuli flutningabrautirnar um hjeruðin.

5. gr. Þjóðvegir eru: 1. frá Reykjavík til Ísafjarðar, 2. frá Reykjavík til Akureyrar, 3. frá Akureyri til Seyðisfjarðar, 4. frá Reykjavík til Prestbakka, 5. frá Prestbakka til Eskifjarðar. Liggja skulu vegir þessir um aðalbyggðir landsins, svo beint sem verða má milli endastöðvanna eptir staðháttum.

II. kafli.

Um flutningabrautir, þjóðvegi og fjallvegi.

6. gr. Flutningabrautir, þjóðvegir og fjallvegir eru undir yfirumsjón landshöfðingja, og greiðist kostnaður til þeirra yfir höfuð úr landssjóði. Ef þjóðvegur liggur um sýslu endilanga, skal allt að helmingi sýsluvegagjalds í þeirri sýslu ganga til póstvegarins.

Það fje, sem gengur til þessara þriggja vegaflokka, skal veita í fjárlögum hvers fjárhagstímabils, og skal hverjum flokki fyrir sig ákveðin viss upphæð.

7. gr. Svo skal vegi gjöra á flutningabrautum, að vel sjeu akfærir hlöðnum vögnum á sumrum; vegagjörðinni skal landshöfðingi ráðstafa eptir tillögu vegfróðs manns eða verkfræðings landsins, ef slíkur verður skipaður.

8. gr. Á þjóðvegum skal svo bæta torfærur með vegaruðning og brúargjörð, að þeir sje greiðir yfirreiðar. Skal það vera aðalregla, að fyrst sjeu bættar þær torfærur, sem mestan farartálma gjöra. Að öðru jöfnu skal fyr bæta farartálma á fjölförnustu vegum.

9. gr. Bjett er, að fjallvegir sjeu reiðfærir gjörðir og varðaðir, svo sem nauðsýn ber til.

III. kafli.

Um sýsluvegi.

10. gr. Sýslunefndir semja tillögur um, hverjir skuli vera sýsluvegir í sýslu hverri, en amtsráð leggur á það samþykki sitt.

11. gr. Kostnaður við sýsluvegi greiðist úr sýsluvegasjóði. Í sýsluvegasjóð greiðir hvert hreppsfjelag 1½ kr. fyrir hvern verkfæran mann í hreppnum 20—60 ára, í hverri stöðu sem er.

Hreppstjórar skulu á hverju ári fyrir lok marzmánaðar senda sýslumanni nafnaskrár yfir alla verkfæra menn 20—60 ára, sem heimili hafa í hreppnum. Eptir skrám þessum ákveður sýslumaður sýsluvegagjald hvers hrepps. Gjaldið skal borgað úr sveitarsjóði og greiðist sýslumanni á manntalsþingi.

12. gr. Fela má sýslunefnd hlutaðeigandi sýslunefndarmanni eða hreppsnefnd umsjón með sýsluvegagjörð, hverjum í sínum hrepp, og ber þeim, sem umsjón er falin, að ráða þann verkstjóra, sem hæfur er til þess starfa.

13. gr. Sýsluvegir þeir, sem liggja út frá flutningabrautum eða eru framhald af þeim, skulu gjörast akfærir þar sem því verður við komið. Um vegabætur á sýsluvegum að öðru leyti skipar sýslunefnd fyrir, og gilda um þær sömu reglur, sem um umbætur á þjóðvegum og fjallvegum.

14. gr. Oddviti sýslunefndar skal ár hvert senda amtsráði reikning yfir tekjur og gjöld sýsluvegasjóðsins.

15. gr. Heimilt er sýslunefnd með samþykki amtsráðs að verja sýsluvegagjaldi til að styrkja gufubátsferðir í sýslunni.

IV. kafli.

Um hreppsvegi.

16. gr. Hreppsnefnd semur tillögur um hvar hreppsvegi skuli leggja í hreppi hverjum, og hvernig þeir skuli vera að breidd og ásigkomulagi, og leggur tillögur sínar undir samþykki hlutaðeigandi sýslunefndar.

17. gr. Til kostnaðar við hreppsvegi greiðist úr sveitarsjóði árlegt tillag, er nemi 1½ kr. fyrir hvern verkfæran mann í hreppnum 20—60 ára. Ef gjald þetta er eigi unnið upp árlega, leggst afgangurinn í vegasjóð, er hreppsnefndin geymir og hefur ábyrgð á.

18. gr. Nú er lítið að vinna að hreppsvegum í hreppi; má sýslunefnd þá ákveða, að allt að helmingi hreppsvegagjalds greiðist í peningum í sýsluvegasjóð. Sje aptur á móti hreppsvegavinna mikil í einhverjum hreppi, af því að þar eru engar flutningabrautir, þjóðvegir nje sýsluvegir, en vegir um hreppinn langir og torfærir, má sýslunefndin ákveða, að helmingur á móts við hreppsvegagjald hreppsins greiðist úr sýsluvegasjóði.

19. gr. Hreppsnefndin hefur umsjón um vinnu og aðgjörð á hreppsvegum, og skal hún skipa umsjónarmann, einn eða fleiri, til að sjá um vinnuna, svo og ráða smið, er brýr skal gjöra.

20. gr. Oddviti hreppsnefndar skal á ári hverju senda sýslunefnd reikning yfir tekjur og gjöld hreppsvegasjóðsins.

V. kafli.

Almenn ákvæði.

21. gr. Brýr skal gjöra á ár og læki, þar sem þörf er á, þegar efni og ástæður leyfa. Bjett er og að reisa sæluhús af vegabótafje, þar sem mikil er umferð á vetrum.

22. gr. Hver landeigandi er skyldur að leyfa, að vegur sje gjörður um land hans, og efni tekið þar sem næst er, án endurgjalds, ef eigi er skemmt tún, engi, yrkt land eða umgirt land. Sje vegur lagður um tún, engi, yrkt land eða umgirt land, svo og ef vegarefni er tekið landeiganda til skaða, skulu fullar bætur fyrir koma, eptir mati dómkvaddra manna. Skaðabætur greiðist úr landssjóði, sje vegurinn flutningabraut eða þjóðvegur, úr sýsluvegasjóði, ef vegurinn er sýsluvegur og úr hreppsvegasjóði, sje hann hreppsvegur.

23. gr. Hver sem af ásettu ráði skemmir vegi, brýr, vörður, ferjur eða sæluhús, skal sæta hegningu samkvæmt 296. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869.

24. gr. Brot gegn lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál.

25. gr. Með lögum þessum eru lög nr 25, 10. nóv. 1887 og lög nr. 11, 7. febr. 1890 úr gildi numin.

Nd. **425. Tillaga**

til þingsályktunar um strandferðaáætlun. Frá fjárlaganefnd neðri deildar.

Alþingi ályktar að strandferðum þeim, sem rætt er um í frv. til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895 12. gr. C. a. 2., verði hagað samkvæmt áætlun á þingskjali 408.

Nd. **426. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um stofnun háskóla. Frá Jóni Þorkelssyni, Jóni Jónssyni 2. þm. Eyf., Ólafi Briem, Birni Sigfússyni, Þorláki Guðmundssyni og Þórði Guðmundssyni.

Á eptir 3. gr. komi svolátandi grein, sem verði 4. gr.:

Laun kennendanna í guðfræði, læknisfræði og heimspeki skulu vera hin sömu, sem lög ákveða kennendum prestaskólans og læknaskólans; en laun formanns lögfræðisdeildarinnar 3000 kr. og hins kennarans 2000 kr.

Nd. **427. Viðaukatillögur**

við breytingartillögur nefndarinnar við frumvarp til laga um fjárráð giptra kvenna og fleira. Frá Ólafi Briem.

1. Við 7. gr. Á undan „selja“ komi: gefa.
2. — — — Aptan við greinina bætist ný málsgrein:
   Ef helmingafjárlag er með hjónum, getur hvorugt þeirra, svo að gilt sje, tekizt á hendur ábyrgð fyrir skuldum annara manna, nema samþykki hins komi til.

Nd. **428. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um eyðing sela í laxveiðiám. Frá Ólafi Briem.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig: Sýslunefndum veitist vald til að ákveða, að selur skuli vera rjettdræpur, í ám þeim, sem lax gengur í, í ósum ánna og 1 mílu út frá þeim.
2. — 2. — Í stað orðanna »um næstu 5 ár« o. s. frv. til enda greinarinnar komi: Þegar skaðabætur eru ákveðnar, sje jörð sú, er selalagnirnar liggja undir, met-

in til árlegs eptirgjalds með selveiðinni og án hennar, og skulu skaðabætturnar samsvara mismuninum á eptirgjaldinu margfölduðum með 25.

Ef jörð sú, er selalagnirnar liggja undir, er ljensjörð prests, leggst upphæð skaðabótanna til prestakallsins og ávaxtast á þann hátt, er landshöfðingi fyrir skipar.

3. — 3. — Greinin orðist þannig: Skaðabótum þeim, sem um er rætt í 2. gr., skal sýslunefnd jafna niður á jarðir þær, er laxveiði eiga í ánum, eptir meðaltali veiðarinnar um síðustu 5 ár. Hver jarðareigandi greiðir sinn hluta gjaldsins, og er jörðin að veði, meðan því er eigi að fullu lokið. Eindagi gjaldsins er 6 mánuðum eptir að niðurjöfnunin er birt hlutaðeigandi.

4. — 4. — Greinin falli burt.

5. Í fyrirsögn frumvarpsins breytist »sela« í sels.

Nd **429. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar (á þingskj. 239). Frá Kl. Jónssyni, Jóni Jónssyni, 2. þm. Eyf., Sigurði Gunnarssyni og Jóni Jakobssyni.

Orðin: »sveitarstjórnar — og« í annari og þriðju línu falli burt.

Ed. **430. Fyrirspurn**

til landshöfðingja um Möðruvallaskólann. Frá Þorleifi Jónssyni.

Hví hefur skólastjórinn á Möðruvöllum haft síðustu ár til afnota miklu meira af húsrúmi skólans, en til var ætlast, er skólinn var byggður, og þrengt með því að nemendum skólans, svo að þeir hafa ekki haft nægilegt húsrúm, og hefur landsstjórnin gjört nokkuð til að kippa þessu í lag framvegis?

Ed. **431. Frumvarp**

til laga um breytingu á 3. og 5. gr. yfirsetukvennalaga 17. des. 1875. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

1. gr. Í öllum kaupstöðum landsins skulu yfirsetukonur hafa 100 kr. í laun á ári hver um sig; en í sveitum 60 kr. Eptir 10 ára góða þjónustu í sveit má sýslunefndin þar að auki veita allt að 20 kr. viðbót á ári, og skal þessi ákvörðun einnig ná til þeirra yfirsetukvenna, sem nú eru.

Álíti sýslunefndin, að eigi sje næg ástæða til að veita launaviðbót eptir aldri, skal bera málið upp fyrir amtsráðinu, og leggur það þá málið undir úrskurð landshöfðingja.

Sýslunefndin má, ef henni þykir ástæða vera til þess, veita hæfileg eptirlaun þeirri yfirsetukonu, sem fengið hefir lausn frá starfa sínum fyrir sakir elli, eða sjúkleika.

2. gr. Engin getur orðið yfirsetukona, nema hún hafi tekið próf annaðhvort á hinni konunglegu fæðingarstofnun í Kaupmannahöfn eða hjá þeim kennara læknaskólans, sem kennir yfirsetukonum í Reykjavík, og skal hún hafa fengið skýrteini um, að hún hafi tekið prófið.

3. gr. Með lögum þessum er úr lögum numin 3. gr. og fyrri málsgr. 5. gr. yfirsetukvennalaga 17. des. 1875.

Ed.

432. Frumvarp

til laga um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl. Eins og það var samþykkt við 2. umr. í efri deild.

1. gr. Þegar sakborinn maður hefur verið hafður í gæzluvarðhaldi, og er þvínæst látinn laus, án þess að mál sje höfðað, eða hann er sýknaður, þá á hann rjett á að fá bætur, er ákveðnar sjeu af dómaranum, fyrir þá þjáningu, smán og fjártjón, er hann hefur beðið af því, að hann var sviptur frelsi sínu, ef álíta má eptir málavöxtum, að hann sje saklaus af glæp þeim, er tilefni gaf til þess, að hann var sviptur frelsi.

Rjett til skaðabóta hefur og sá maður, sem haldið hefur verið í gæzluvarðhaldi, sökum þess að hann hefur verið grunaður um brot, sem á undir hegningarákvæði, er eigi heimilar þyngri refsingu en sekt eða einfalt fangelsi.

2. gr. Rjettur til skaðabóta fellur niður, ef maður hefur sjálfur með framferði sínu verið þess valdandi, að hann var sviptur frelsi. Þó getur dómarinn dæmt honum bætur, er sje tiltölulega minni, en gjört er ráð fyrir í 1. gr., ef ætla má, að hið ótilhlýðilega framferði hans sje sprottið af hræðslu, fáti eða afsakanlegum misskilningi.

3. gr. Nú fellur niður sakamálshöfðun gegn manni, og á hann þá kost á að krefjast úrskurðar um skaðabótakröfu sína, og skal sá úrskurður þá uppkveðinn, þegar málinu, að því er hann snertir, er lokið. Þó skal amtmanni skýrt frá þessu, svo hann megi gæta hags landssjóðs.

Þegar öðruvísi stendur á, skal koma fram skaðabótakröfu samkvæmt undanfarandi greinum með sjerstakri lögsókn gegn hinu opinbera, að tilstefndum amtmanni og hlutaðeigandi rannsóknardómara, og er sækjanda frjálst að höfða málið, hvort heldur hann vill í hjeraði þar, er hann var sviptur frelsi, eða við landsyfirrjettinn. Málið er gjafsóknarmál fyrir hvorntveggja málsaðila, og ber málaflutningsmanni þeim, sem skipaður er fyrir hið opinbera, jafnframt að gæta hagsmuna rannsóknardómarans.

Sje sakamáli eða varðhaldsúrskurði sjerstaklega áfrýjað til æðra rjettar, má einnig koma þar fram með skaðabótakröfuna og fá gjört út um hana, og ber þá hinum skipaða sækjanda að gæta hagsmuna rannsóknardómarans og landssjóðs.

Úrskurði óæðra dóms um skaðabótakröfu eptir þessum lögum, getur bæði hlutaðeigandi og hið opinbera áfrýjað, þótt eigi nemi áfrýjunarupphæð.

4. gr. Mál um skaðabætur eptir undanfarandi greinum skal höfða, áður ár er liðið frá því, að hlutaðeigandi hefur fengið vitneskju um þau atriði, er hann byggir kröfu sína á. Nú reynist krafa hans eigi að vera á rökum byggð, og ber þá með dóminum að skylda hann til þess að greiða málskostnaðinn.

5. gr. Nú hefur maður úttekið hegningu eptir dómi að öllu eða nokkru leyti, og prófast það síðan með fullum rökum, að hann hefur verið dæmdur að ósekju, og á hann þá heimtingu á skaðabótum úr landssjóði fyrir þá þjáningu, smán og fjártjón, er hann hefur beðið.

Skaðabótakröfunni má koma fram í hjeraði, þar sem sakamálið hefur verið höfðað, að tilstefndum amtmanni og dómara þeim, er refsidóminn hefur upp kveðið, eða og við landsyfirrjettinn, og eiga að öðru leyti ákvæði þau, sem í 3. gr. eru sett, einnig við þau mál, er hjer ræðir um.

6. gr. Eptir lát þess, er hlut á að, á það hjóna, er eptir lifir, sókn á því máli, svo og niðjar hins látna.

7. gr. Skaðabætur eptir lögum þessum skal greiða úr landssjóði, og á hann aptur aðgang að dómaranum, svo framarlega sem hann hefur misbeitt embættisvaldi sínu, gjört sig sekan í hirðuleysi eða öðru ólögmætu framferði.

8. gr. Ef sakborinn maður er sýknaður, eða málið gegn honum er leitt til lykta, án þess hann sje dómfelldur, þá skal greiða málskostnað af almannafje, ef um sakamál er að ræða, nema kostnaðurinn að öllu eða nokkru leyti sje sprottinn af vísvitandi ólögmætum tilverknaði eða hegðun af hálfu sakbornings.

9. gr. Lög þessi ná eigi til þeirra sakamála, sem að fullu er lokið áður en þau öðlast gildi.

Nd.

433. Frumvarp

til laga um kirkjur. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Nd.).

1. gr. Kirkjutíund af fasteign og lausafje, ljóstollur, legkaup, kirkjugjald af húsum, lausamannsgjald til kirkju og sætisfiskur, svo og skylduvinna við kirkjur og kirkjugarða, skal vera úr lögum numið.

2. gr. Hver fermdur maður skal greiða 75 aura gjald til kirkju í þeirri sókn, sem hann hefur lögheimili í, á gjalddaga; en gjalddagi er 31. okt. ár hvert.

Nú tjáir sá, sem hefur aðsetur í sókninni á gjalddaga, að hann eigi lögheimili í annari sókn; skal hann þá færa fullnægjandi sönnun fyrir því þá þegar, ella greiði hann gjaldið af hendi. Rjett er að hann fái það endurborgað, ef hann síðar sannar, að hann á gjalddaga hafi átt lögheimili í annari sókn og greitt þar kirkjugjald.

3. gr. Kirkjugjald skal hver húsráðandi inna af hendi til gjaldheimtumanns fyrir sig, skyldulið sitt og annað heimilisfólk. Nú þiggur hinn gjaldskyldi af sveit, og skal þá greiða gjaldið úr sveitarsjóði.

4. gr. Gjöld til kirkju skal greiða í peningum. Ef gjaldanda brestur peninga, má hann greiða gjaldið í innskript hjá kaupmönnum þeim, sem gjaldheimtumenn taka gilda eða í þessum aurum: sauðfjenaði, hvítri ull, smjöri, fiski eða dún, eptir því verði, sem sett er á aura þessa í verðlagsskrá þeirri, sem gildir á gjalddaga.

5. gr. Fyrir innheimtu á tekjum kirkna og fyrir að greiða þær af hendi í peningum, má innheimtumaður taka 6 af hundraði í ómakslaun.

6. gr. Reikningsár kirkna skal vera frá 1. janúar til 31. desember ár hvert.

Semja skal reikninga kirkna fyrir lok marzmánaðar ár hvert. Skal hlutaðeigandi prestur eða, ef hann er fjekirðir kirkjunnar, þá hlutaðeigandi safnaðarfulltrúi rannsaka reikninginn og gæta þess, að allar tekjur sjeu taldar; enn fremur skal hann láta í ljósi álit um útgjöld þau, sem kirkjan hefur haft á árinu. Fyrir rannsókn þessa má greiða 2 kr. af tekjum kirkjunnar. Fyrir lok maímán. ár hvert skulu reikningar kirkna vera komnir til hlutaðeigandi prófasts. Hjeraðsprófastur rannsakar reikninginn og leggur hann fyrir hjeraðsfund og sendir hann síðan með áliti sínu og hjeraðsfundarins til biskups til fullnaðarúrskurðar.

7. gr. Allt það fje, sem kirkjur eiga afgangs útgjöldum ár hvert, skal láta á vöxtu í sameiginlegan kirkjusjóð. Heimilt er þó reikningshaldara að halda eptir vaxtalaust allt að 100 krónum af tekjum kirkju. Af sjóðum þeim, er kirkjur eiga, þá er lög þessi öðlast gildi, skal sá, er sjóðinn hefur undir hendi, greiða árlega $^1/_{15}$ í hinn sam-

eiginlega sjóð, uns sjóðurinn er allur greiddur af hendi, enda þurfi hans eigi þá þegar kirkjunni til aðgjörðar eða endrbyggingar. Greiða skal fje þetta prófasti fyrir 31. október ár hvert; en hann sendir það síðan til stiptsyfirvaldanna.

Að því er bændakirkjur snertir, gilda ákvæði þessarar greinar því að eins, að eigendur þeirra og stjórnendur kirkjusjóðsins samþykki.

8. gr. Hin árlegu útgjöld kirkna, svo sem lýsing, brauð og vín, þvottur og hirðing á kirkju og skrúða, útgjöld til graftóla, innheimtulaun, borgun fyrir endurskoðun kirkjureikninga, bygging og viðhald kirkjugarðs, og gjald til prófasts (samkv. 11. gr.) greiðist af kirkjusjóði; enn fremur borgun fyrir organleik, söngstjórn, og hitun kirkju, þegar efni sjóðsins leyfa.

Stiptsyfirvöldin hafa yfirumsjón kirkjusjóðsins, ávaxta hann og ávísa fje því, er borgast skal úr sjóðnum.

Auglýsa skal reikninga kirkjusjóðsins árlega í Stjórnartíðundunum, deildinni B.

9. gr. Þá er kirkja þarf aðalviðgjörðar eða byggja skal kirkju að nýju, mælir biskup með ráði prófasts og byggingarfróðs manns fyrir um stærð og gjörð hennar, og hve miklu fje til verksins skuli verja. Skal þá ávallt hafa tillit til þess, hve miklar tekjur kirkjunnar eru. Þó ber að veita fje til þess, að sjerhver kirkja, sem að áliti hlutaðeigandi hjeraðsfundar og biskups er nauðsynleg, geti verið í sómasamlegu standi og hæfileg til guðsþjónustu; en gætt skal þess, að skuldlaus innstæða sjóðsins verði aldrei minni en 100,000 kr.

Bygging kirkju og aðalviðgjörð skal fara fram undir eptirliti eins eða fleiri manna, sem prófastur kveður til þess; en framkvæmd verksins annast sá, sem hefur umsjón og fjárhald kirkjunnar.

10. gr. Sóknarnefndir annast bygging og viðhald kirkjugarða; svo annast þær og hitun kirkna, ráða organleikara og forsöngvara, þá er efni kirkjusjóðsins leyfa útgjöld til slíks.

11. gr. Í stað kirkjuskoðunarlauna þeirra, sem verið hafa, skal greiða hjeraðsprófasti 10 kr. árlega þóknun fyrir hverja þá kirkju, sem er í prófastsdæmi hans, úr kirkjusjóði.

12. gr. Nú hefur lán verið tekið handa kirkju með samþykki kirkjustjórnar; greiðist þá það, sem ógreitt er af láninu, úr hinum sameiginlega kirkjusjóði. Það fje sem fjárhaldsmaður hefur lánað kirkju, endurgreiðist honum vaxtalaust á 15 árum, $^1/_{15}$ á ári af skuldinni eins og hún er, þá er lögin öðlast gildi.

13. gr. Þegar kirkja, sem greiðir tekjur sínar í hinn sameiginlega kirkjusjóð, er lögð niður, rennur andvirði hennar í sjóðinn.

Skrúði og áhöld hverrar kirkju, sem lögð er niður, gengur til þeirrar kirkju eða þeirra kirkna, sem sókninni er bætt við.

14. gr. Með lögum þessum eru öll lagaákvæði um tíund til kirkju, ljóstoll og legkaup, 4.—6. gr. tilskip. 27. jan. 1847, 13. og 15. gr. reglugjörðar 17. júlí 1782, lög Nr. 20, 22. maí 1890 og öll ákvæði í lögum, sem koma í bága við lög þessi, úr gildi felld.

15. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1894.

Ed. **434. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 og viðauka við hana. Frá Guttormi Vigfússyni og Guðjóni Guðlaugssyni.

1. Við 1. gr. Fyrir „10 kr.“ komi: 25 kr.
2. — — — — „5 kr.“ komi: 10 kr.
3. — 3. — Fyrir orðin: „sektir hálfar í fátækrasjóð“ komi: „sektir í fátækrasjóð“.
4. — — — „en hálfar til hreppstjóra“ til enda greinarinnar falli burtu.

Nd. **435. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um breyting á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla. Frá Jóni Þorkelssyni.

Aptan við frumvarpið bætist svo látandi grein:

5. gr. Frá Miklaholtsprestakalli (Miklaholts, Rauðamels, Kolbeinsstaða og Krossholtssóknum) greiðist upp frá því að Helgafellsbrauð verður veitt næst 200 kr., en frá Helgafells prestakalli (Helgafells, Bjarnarhafnar og Stykkishólmssóknum) gjaldist 200 kr. upp þaðan, er nú var mælt.

Nd. **436. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á 3. gr. í lögum 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda. Frá flutningsmanni.

Við 1. gr. á eptir „almenningum“ bætist inn í: og afrjettum þeim er sveitarfjelög eiga; „og“ á eptir heimalöndum falli burt.

Sþ. **437. Skilagrein**

fyrir sölu og afhendingu alþingistíðindanna 1891 m. m.

A. Sölureikningur.

Tekjur.

1.	Alþingistíðindi 1891	80 eintök	á	3,00	240,00
2.	——— 1875—1889, 9 árgangar	3 —	á	9,00	27,00
3.	——— 1845—1873, 15 ——	2 —	á	7,50	15,00
4.	Gömul þingtíðindi í umbúðir, 685 pund		á	0,16	109,60
				Samtals	391,60

Gjöld.

1.	Ómakslaun við afhendingu 242 eint. af alþingistíðindunum 1891, 15% af 726,00			108,90
2.	Sölulaun af alþingistíðindum 1891	35%	— 240,00	84,00
3.	—— — eldri þingtíðindum	50%	— 151,60	75,80
4.	Greitt í landssjóð			122,90
			Samtals	391,60

B. Afhendingarskýrsla.

1.	Alþingistíðindi 1891 afhent ókeypis:		
	a. til sveitarfjelaga	185	
	b. — landshöfðingja	18	
	c. — bókasafns alþingis	30	
	d. — annara bókasafna innanlands	7	
	e. — safna í útlöndum	2	242
2.	Seld alþingistíðindi 1891		80
3.	Óseld —— 1891:		
	a. geymd í alþingishúsinu	244	
	b. í vörzlum bóksala	23	267
		Samtals	589

Alþingi 11. ágúst 1893.

B. Kristjánsson. Þórarinn Böðvarsson.

Nd. **438. Breytingartillaga**

við framhaldsálit í málinu frumvarp til laga um kirkjur. Frá Þórði Guðmundssyni, Einari Jónssyni, Sigfúsi Árnasyni, Jóni Jónssyni þm. A.-Sk., Guðl. Guðmundssyni, Boga Th. Melsteð.

Við 7. gr. sem verður 5. gr.: „Í staðinn fyrir 6 af hundraði„ komi: 8 af hundraði.

Nd. **439. Frumvarp**

til laga um auglýsing vöruverðs. Frá verzlunarmálanefndinni.

1. gr. Skyldur er hver sá, er rekur verzlun, að hafa til sýnis í sölubúð sinni á almannafæri auglýsing um verð á vörutegundum þeim, sem taldar eru í 2. gr., og sem hann selur eða lánar út, kaupir eða tekur á móti í verzlunarreikning, og skal nafn kaupmanns eður verzlunarfulltrúa vera skráð undir auglýsing unni.

2. gr. Verð skal samkvæmt 1. gr. auglýsa

a, á þessum vörutegundum útlendum: korn- og mjöltegundum öllum, kaffi- og sykurtegundum, kolum, salti, kaðli, snærum og segldúk, önglum og netjagarni, svo og tóbaki og áfengisdrykkjum;

b, á þessum vörutegundum innlendum: ull, kjöti, mör, gærum, tólg, smjöri, öllum tegundum harðfisks og saltfisks, lýsi, sundmaga, gotu, dún, fiðri og lambskinnum.

3. gr. Brot gegn þessum lögum varðar sektum 10—300 kr., er renna í landssjóð.

4. gr. Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem opinber lögreglumál.

Sþ. **440. Skýrsla**

um Alþingishúss-byggingarsjóðinn (Þjóðhátíðarsjóðinn).

Eign hans var 31. des. 1890 á vöxtum í landsbankanum (sbr. þingskjal nr. 375 —1891) . . . . . kr. 2350,37

Síðan hefur honum bætzt:

Ársvextir til 31. des. 1891 . . . . . — 78,34

Ársvextir til 31. des. 1892 . . . . . — 80,96

(auk vaxta síðan á næstliðnu nýjári) samtals kr. 2509,67

er standa á vöxtum í landsbankanum með sparisjóðskjörum (Viðskiptabók Nr. 1117).

Reykjavík 17. júlí 1893.

Eiríkur Briem.

Nd. **441. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um stofnun brunabótafjelags. Frá Ólafi Briem.

1. Við 1. gr., 24. gr. og fyrirsögn frumvarpsins. Fyrir „brunabótafjelag“ komi „brunabótasjóður“.
2. — 2. — „Reykjavík“ falli burt.
3. — — — Millisetningin „íbúðarhúsum, samkomuhúsum, geymsluhúsum, bæjum o. s. frv.“ falli burt.
4. — — — Fyrir „þau eru eign hins opinbera“ komi: þær eru eign almennings.
5. — 3. — 8. gr. á 4 stöðum, 16. gr. á 2 stöðum, 17. gr. á 6 stöðum, 18. gr. á 2 stöðum, 20. gr. á 2 stöðum, 23. gr. og fyrirsögn I. og III. kafla. Fyrir „fjelag“ komi: sjóður.
6. — 4. — Fyrir „fjelagið kemst á fót“ komi: sjóðurinn er stofnaður“.
7. — — — Niðurlagið „Í Reykjavík fer þó að eins fram skoðunargjörð, nema ef um ný hús er að ræða, eða þau hús, sem að áliti virðingarmanna ekki ná síðasta virðingarverði“ falli burt.
8. — 5. — Fyrir „sýslumaður eða bæjarfógeti“ komi: bæjarfógeti eða sýslumaður.
9. — 8. — Fyrir „fjelagssjóði“ komi: brunabótasjóði.
10. — 9. — Fyrir „Á þeim stöðum, sem nefndir eru í 2. gr., hvílir brunabótagjaldið“ komi: Brunabótagjaldið hvílir.
11. — — — Fyrir „sem og“ komi: svo og.
12. — 11. — 18. gr., 21. gr. og 22. gr. Fyrir „fjelagsstjórn“ komi: stjórn sjóðsins.
13. Fyrirsögn II. kafla sje: Stjórn sjóðsins.
14. — 12. — Greinin orðist þannig: Stjórn landsbankans hefur á hendi stjórn brunabótasjóðsins undir yfirumsjón landshöfðingja. Lögheimili sjóðsins er í Reykjavík.
15. — 13. — Greinin falli burt.
16. — 14. — Greinin orðist þannig: Bankastjórnin semur reglugjörð fyrir sjóðinn um framkvæmdarstjórn hans, bókfærslu og reikningsskil. Í reglugjörðinni sje ákveðið, hverskonar húseignir sjóðurinn

tryggir, og hverja muni, sem húsum fylgja; hvernig hinar tryggðu húseignir skulu vera byggðar, og þeim haldið við, til að tryggja þær fyrir eldsvoða; hve opt skal virða tryggðar húseignir upp aptur; á hvern hátt skaða af eldsvoða skal meta, og hvernig hann skal endurgjalda; hvort sjóðurinn tryggir aptur hjá öðrum fjelögum nokkrar húseignir; hvernig skera skal úr ágreiningi milli einstakra húseigenda, verzlunarstaða eða kaupstaða og stjórnarinnar. Enn fremur ákveður reglugjörðin, hve mikið brunabótagjald skal greiða af hverskonar húseign á hverjum stað; hverja borgun sjóðurinn má taka fyrir tryggingarskýrteini eða önnur vottorð; hvernig innstæðu sjóðsins skal ávaxta; hve miklu fje má verja til framkvæmdarstjórnar og til launa handa endurskoðara.

Reglugjörð þessa staðfestir landshöfðingi, og verður henni ekki breytt nema með samþykki bankastjórnarinnar og landshöfðingja.

17. — 15. — Greinin falli burt.

18. — 16. — Fyrir: „fjelagið og hag þess“ komi: sjóðinn.

19. — — — Orðið „auðið“ falli burt.

20. — 17. — Orðin „Laun endurskoðarans skulu ákveðin í reglugjörð fjelagsins, og borgar fjelagið þau úr sínum sjóði“ falli burt.

21. — 18. — Fyrir: „í því blaði, sem stjórnarauglýsingar eru birtar í“ komi: í stjórnartíðindunum deildinni B.

22. — 19. — Orðin „á þeim stöðum, sem nefndir eru í 2. gr.“ falli burt.

23. — 20. — Fyrir: „Allar húseignir, sem eru í brunabótaábyrgð fjelagsins“ komi: Húseignir þær, sem eru í brunabótaábyrgð.

24. — — — og 23. gr. Fyrir: „sjóður þess“ komi: sjóðurinn.

25. — 23. — Fyrir: „fulltrúum fjelagsins“ komi: stjórninni.

26. — — — Orðin „fyrir fjelagið“ falli burt.

27. — 24. — Niðurlagið „með 300,000 krónum, á þann hátt, sem ákveðinn er í næstu greinum hjer á eptir“ falli burt.

28. — — — Aptan við greinina bætist ný málsgrein:
Ef sjóðurinn bíður svo mikinn skaða af eldsvoða, að hann getur ekki bætt hann að fullu, greiðir landssjóður það, sem á vantar. Fje þetta ásamt 4% vöxtum endurborgar sjóðurinn með því, sem hann hefur afgangs útgjöldum sínum árlega.

29. — 25. — Greinin falli burt.

30. — 26. — Greinin falli burt.

31. — 27. — Fyrir: „og fjelagið verði komið á fót eigi síðar enn 6 mánuðum eptir að reglugjörð þess er staðfest“ komi: svo fljótt sem verða má.

32. — 28. — Greinin falli burt.

Nd. **442. Frumvarp**

til laga um eptirlaun, (eins og það var samþykkt við 2. umr. í neðri deild.).

1. gr. Hver sá, sem fengið hefur konungs veitingu fyrir embætti, og fær laun úr landssjóði, á rjett á að fá eptirlaun eptir lögum þessum, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsulasleika, eða annara orsaka vegna, sem honum eru ósjálfráðar.

2. gr. Eptirlaunin skulu greiðast úr landssjóði. Upphæð eptirlaunanna skal þannig reikna, að sá, er fengið hefur lausn frá embætti, fái í eptirlaun ½ þeirrar embættislaunaupphæðar, er hann hafði, þegar hann fjekk lausn frá embættinu, og auk þess 20 kr. fyrir hvert ár, sem hann hefur þjónað embætti með eptirlaunarjetti. Sá, sem er fullra 70 ára, á rjett á að fá lausn með eptirlaunum samkvæmt lögum þessum. Sá embættismaður, sem slasast þannig, þegar hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að fá lausn frá embættinu, fær ávallt helming af embættis tekjum sínum í eptirlaun. Ef eitthvert embætti er lagt niður, á sá embættismaður, er því gegnir, heimting á að njóta helmings af embættistekjum sínum í 5 ár í biðlaun, en er þá undir eins skyldur til að taka aptur við hæfilegu embætti með sömu tekjum að minnsta kosti, sem því embætti fylgdu, sem niður var lagt. Hafi hann ekki fengið embætti að 5 ára fresti, verða honum veitt eptirlaun. Þau ár, sem hann hefur notið biðlauna, skal álíta sem þjónustuár, þegar farið verður síðar að reikna eptirlaun hans; en eptirlaunin skal reikna eptir þeim embættistekjum, er hann hafði, áður en hann fjekk biðlaun. Ef hann tekur á móti embætti, sem minni tekjur fylgja, fær hann af þeim eptirlaunum, sem honum bera eptir hið meira embætti, er hann áður hafði, svo mikið sem tekjur hins nýja embættis vantar til að jafnast við tekjur hins fyrra embættis, er hann hafði, og ekki meira.

3. gr. Þær embættistekjur, sem teknar verða til greina, þegar reiknuð eru eptirlaun eða biðlaun samkvæmt 2. gr. eru: 1) viss árleg laun; 2) launaviðbót, sem veitt er manninum sjálfum; 3) aukatekjur og hlunnindi, svo sem, leigulaus bústaður, bújörð, eldiviður og ljós, sem með berum orðum eru veitt embættismanninum sem laun eða hluti af launum hans. Aukatekjurnar skulu taldar, eins og þær hafa verið að meðaltali 5 síðustu árin, áður en embættismaðurinn fjekk lausn frá embætti, eða öll þau ár, sem hann hefur embætti þjónað, hafi árin verið færri en 5.

4. gr. Sá, er fyrirgjörir embætti sínu, missir einnig rjett til eptirlauna.

5. gr. Þegar embættismanni er vikið frá fyrir einhverjar misfellur, sem ekki varða embættismissi, en veikja þó þá virðingu og traust, sem nauðsynlegt er fyrir stöðu hans, skal ákveða eptirlaun hans með sjerstökum lögum.

6. gr. Eptirlaun eða biðlaun missast: 1) gjörsamlega eða að tiltölu, þegar hlutaðeigandi fær aptur embætti og laun; 2) þegar hann án konungsleyfis gengur í þjónustu útlendra ríkja; 3) þegar hann tekur sjer bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 4) þegar hann hefur ekki tekið eptirlaun sín eða biðlaun í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 5) þegar hann verður dæmdur sekur í þesskonar athæfi, sem mundi hafa svipt hann embætti, ef hann hefði þá í því verið, eða ef upp á hann sannast, að hann hafi orðið sekur í slíkri hegðun, áður en hann fjekk lausn frá embættinu. Nú hefur embættismaður fengið lausn frá embætti með eptirlaunum, og tekur við nýju embætti; hefur hann þá rjett til að fá eptirlaun þau, sem hann áður hafði, er hann sleppir þessu embætti.

7. gr. Hver kona, sem verður ekkja eptir embættismann, er hafði eptirlaunarjett eða eptirlaun eptir lögum þessum, skal hafa rjett til að fá eptirlaun úr landssjóði með þeim undantekningum, sem til eru teknar í 8. gr. Eptirlaun ekkjunnar reiknast $\frac{1}{10}$ af laun-

um mannsins, eins og þau eru talin eptir 2. og 3. gr. þessara laga, þegar þau eru lögð til grundvallar fyrir því, hvernig reikna skal eptirlaun hans; þó mega þau eptirlaun ekkjunnar, sem þannig reiknast, aldrei fara fram úr 1200 kr. nje vera meiri en eptirlaun þau, sem maðurinn hefði getað fengið eða hafði þegar hann dó. Þegar ástæður virðast til, getur konungur í viðbót við eptirlaunin veitt 20 til 100 kr. árlega fyrir hvert barna ekkjunnar, sem hún hefur fyrir að sjá, þangað til hvert barn er orðið 18 ára; þó skal eptirlaunaviðbót þessi því að eins haldast, að ástæður þær, sem hún er byggð á, sje framvegis hinar sömu, og skal sanna það á hverju ári fyrir landstjórninni.

8. gr. Þær embættismannaekkjur hafa engan eptirlaunarjett, sem hafa gipzt eldra manni en 60 ára eða á banasæng hans, eða eptir að hann fjekk lausn frá embætti með eptirlaunum, eða ef hjónabandinu var gjörsamlega slitið, áður en maðurinn dó.

9. gr. Eptirlaun ekkna missast: 1) þegar ekkjan giptist af nýju; 2) þegar hún tekur sjer bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 3) þegar hún hefur ekki hirt eptirlaunin í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 4) þegar hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almennings áliti er ósæmileg. — Þegar ekkja missir eptirlaun af því, að hún hefur gipzt af nýju, á hún rjett á að fá aptur hin sömu eptirlaun, ef hún verður ekkja í annað sinn.

10. gr. Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem áttu rjett til eptirlauna, getur konungur veitt hverju um sig 40 til 200 kr. árlega, að svo miklu leyti og svo lengi, sem þau þurfa við og eru þeirra verð, þó ekki lengur en þangað til þau eru 18 ára; þörf þeirra og verðleik skal árlega sanna fyrir landstjórninni.

11. gr. Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi, og hafa rjett til eptirlauna samkvæmt tilskipun 31. maí 1855, halda rjetti til eptirlauna samkvæmt þeirri tilskipun. Að öðru leyti er sú tilskipun úr lögum numin með þessum lögum.

Nd.

443. Tillaga

til þingsályktunar um búnaðarskólana (eins og hún var samþykkt við fyrri umr í Nd.).

Alþingi ályktar að skora á landshöfðingja, að gjöra ráðstafanir til:

1. að reglugjörðir hinna 4 núverandi búnaðarskóla verði endurskoðaðar og gjörðar svo samhljóða sem unnt er, einkum að því er snertir inntökuskilyrði, kennslugreinir og burtfararpróf.
2. að hjer eptir verði hafðar meiri æfingar í verklegu búnaðarnámi, en tíðkazt hefur, þannig, að námssveinar sje eigi að eins hafðir við þær haust og vor, heldur einnig mikinn hluta hins eiginlega sumartíma; þó sje það fyrst um sinn aðalregla, að helmingur námssveina gangi að heyvinnu um heyskapartímann og skiptist á um það.

Sþ.

444. Breytingartillaga

við frumv. til laga um hafnsögugjald í Reykjavík (414). Frá Kristjáni Jónssyni, Þorleifi Jónssyni og Hallgrími Sveinssyni (nefndinni í efri deild).

Við 1. gr. Í stað „6 aura“, komi: 7 aura.

Nd. **445. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um kirkjur (eins og það var samþykkt við 2. umr.). Frá nefndinni.

1. Við 4. gr. Aptan við 4. gr. bætist: »enda sje það verð eigi hærra en gangverð á gjalddaga«.
2. — 7. — önnur málsgrein. Orðin: »Að því er bændakirkjur — samþykki«, falli burt.
3. —11. — Orðin: »sem er — kirkjusjóði«, falli burt. Í stað þeirra komi: sem er í prófastsdæmi hans og greiðir gjöld sín í hinn sameiginlega kirkjusjóð.
4. Á eptir 13. gr. komi ný grein (sem verður 14. gr.) svo látandi:
   Ákvæði þessara laga í 7.—13. gr. ná því að eins til bændakirkna, að eigendur þeirra og stjórnendur kirkjusjóðsins samþykki.
5. Við 14. gr. Þessi grein verður 15. gr.
6. — 15. — Þessi grein falli burt.

Sþ. **446. Breytingaratkvæði**

við frumvarp til laga um hafnsögugjald í Reykjavík. Frá H. Kr. Friðrikssyni.

Í staðinn fyrir: »6 aura í hafnsögugjald af hverri smálest«, komi:
8 aura í hafnsögugjald af hverri smálest hinna fyrnefndu, og 5 aura af hverri smálest hinna síðarnefndu skipa.

Nd **447. Tillaga**

til þingsályktunar um styrkveitingu til búnaðarfjelaga (eins og hún var samþykkt við fyrri umr. í Nd.).

Alþingi ályktar, að skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til búnaðarfjelaga og reglur fyrir úthlutun styrksins skuli vera á þessa leið:

I. Skilyrði.

1. Fjelag getur því að eins orðið aðnjótandi styrks, að í því sje að minnsta kosti 10 fjelagsmenn, er jarðarnot hafa og taka þátt í jarðyrkjustörfum fjelagsins, og að unnin sje minnst 12 dagsverk að jarðabótum þeim, er taldar eru hjer á eptir, að meðaltali fyrir hvern fjelagsmann.

2. Bónarbrjef um styrkinn skulu send landshöfðingja fyrir 1. júlí það ár, sem styrknum er úthlutað. Skal þeim fylgja endurskoðaður reikningur yfir tekjur og gjöld fjelagsins næsta ár á undan og skýrsla um jarðabótastörf fjelagsmanna hið sama ár, gjörð eptir formi, er landshöfðingi býr til, af skoðunarmanni, er sýslunefnd eða bæjarstjórn hefur til þess kjörið. Í slíkri skýrslu má eigi telja viðgerð á eldri jarðabótum.

3. Styrknum skal úthluta þannig, að $^4/_5$ hlutum hans sje skipt milli fjelaganna eptir tölu dagsverka þeirra, er fjelagsmenn hafa unnið að jarðabótum (2. gr., fyrri málsgrein), en $^1/_5$ hluta sje skipt eptir tölu fjelagsmanna milli fjelaga þeirra, er fullnægjandi skoðunarskýrslur gefa (2. gr., síðari málsgr.).

II. Reglur.

1. Í skýrslu skal þessar jarðabætur telja:
   a. Þúfnasljettur.
   b. Matjurtareiti ný yrkta, flatarmálið.
   d. Varnir um slægjulönd og matjurtareiti.
   e. Flóðgarða og stíflur.

f. Vatnsveitingaskurði.
g. Lokræsi.

2. Í dagsverk skulu jarðabætur lagðar þannig:

a. Þúfnasljettur	10	□ faðm.
b. Matjurtareitir ný yrktir, jarðvegur byltur og blandaður (flatarmálið)	15	— —
d. Varnir um slægjulönd og matjurtareiti:		
1. Grjótgarðar einhlaðnir $3^1/_2$ fet á hæð	2	—
2. Grjótgarðar tvíhlaðnir, $3^1/_2$ fet á hæð	$1^1/_2$	—
3. Garðar úr torfi og grjóti, 4 fet á hæð	$3^1/_2$	—
4. Garðar úr torfi, $4^1/_2$ fet á hæð	4	—
5. Garðar úr torfi, 3—4 fet á hæð, með 5—6 feta breiðum varnarskurði að utanverðu, þrístungnum	5	—
e. Flóðgarðar og stíflur:		
1. 1—2 feta háir	300	ten. fet.
2. yfir 2 — —	200	— —
f. Vatnsveitingaskurðir:		
1. Allt að 5 feta breiðir, tvístungnir	350	— —
2. Yfir 5 feta breiðir, þrístungnir eða meira	250	— —
g. Lokræsi:		
1. Með grjóti (mölræsi)	3	faðm
2. — hnaus (holræsi)	8	—

Nd. **448. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um styrkveiting til búnaðarfjelaga. Frá Jens Pálssyni, Jóni Jónssyni 2. þm. Eyf., Jóni Jónssyni 2. þm. N.Múl., B. Kristjánssyni, Guðl. Guðmundssyni og Jóni Jónssyni þm. A.-S.

Við II. 2. d. 1. Fyrir: »2 faðm.« komi: 3 faðm.

Nd **449. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um styrkveiting til búnaðarfjelaga. Frá Jóni Jónssyni 2. þm. Eyf., Jóni Jakobssyni, Jóni Jónssyni þm. N.Múl., Jens Pálssyni, B. Kristjánssyni og Jóni Þórarinssyni.

Við II. 2. d. 4. Liðurinn orðist þannig:

4. garðar úr torfi, sem sje að minnsta kosti 4 fet á hæð og 3 fet á þykkt — 4 faðmar.

Nd. **450. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um sameining amtmannaembættanna. Frá Jóni Jónssyni, þm. A.-S.

1. Við 2. gr. Í staðinn fyrir: „Þar er yfirstjórn landsins ákveður", komi: Reykjavík.
2. 4. gr. verði 6. gr., en 5. og 6. gr. verði 4. og 5. grein.

Nd. **451. Breytingartillögur**

við frv. til laga um kosningar til alþingis. Frá Jóni Jónssyni þm. A.-S.

1. Við 18. gr. Í staðinn fyrir: »hin 2 kjördæmi — — skal kjósa einn alþingismann«, komi: Austur-Skaptafellssýsla, Vestur-Skaptafellssýsla, Vestmannaeyjasýsla, Reykjavíkur kaupstaður, Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Snæfellsness- og Hnappadalssýsla, Dalasýsla, Barðastrandarsýsla, Strandasýsla, Suður-Þingeyjarsýsla og Norður-Þingeyjarsýsla skal kjósa einn alþingismann.
2. — 26. — Í staðinn fyrir: »í septembermánuði«, komi: frá 6. til 30. dags júnímánaðar«.

Nd. **452. Breytingartillögur**

við breytingartillögur nefndarinnar í málinu: Frumvarp til laga um friðun á laxi (þingskjal 373). Frá nefndinni.

1. Við 8. tölul. 5. gr. Breytingartillagan orðist þannig: Í stað „9 þumlungar" komi: 10 þumlungar.
2. — 10. — Breytingartillagan orðist þannig: Í stað „ekki er meir en 9 þumlungar" komi: minni er en 10 þumlungar.
3. — 11. — Breytingartillagan orðist þannig: Í stað „1 1/2 þumlungur" komi: 1 3/4 þumlungs

---

Nd. **453. Breytingartillaga**

við frv. til laga um eyðing sela í laxveiðiám. Frá Kl. Jónssyni og Jóni Jónssyni, 2. þm. N.-Múl.

Við 1. gr. Orðin: »sem lax gengur í« til enda greinarinnar, falli burt. Í stað þess komi: — — hjer á landi, svo og alstaðar með ströndum landsins.

Nd. **454. Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar um búnaðarskólana. Frá búnaðarmálanefndinni.

1. og 2. liður falli saman í einn lið og framan við 2. lið bætist:
Í reglugjörðunum sje ákveðið.

Nd. **455. Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar um styrkveitingu til búnaðarfjelaga. Frá nefndinni.

1. Við I. Skilyrði 2. Fyrir: „er landshöfðingi býr til" komi: „því er hjer með fylgir" (sjá Sýnishorn nr. 1. á þingskjali 234)

2. Á eptir 2. tölulið komi ný málsgrein þannig:

Enn fremur skal bónarbrjefinu fylgja skýrsla um meðferð á heyjum, ástand fjenaðarhúsa og um rækt og meðferð búfjenaðar hjá fjelagsmönnum í fjelögum þeim, er leggja stund á framfarir í þessum greinum landbúnaðarins. Skýrslur þessar skulu samdar eptir meðfylgjandi formi (sjá Sýnishorn nr. 2 á þingskjali 234) og byggðar á skoðunargjörðum er framkvæmdar sje að minnsta kosti tvisvar á vetri af tveim skoðunarmönnum í samvinnu, er fjelagið kýs til þess.

Ed. **456. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um bæjarstjórn á Seyðisfirði. Frá nefndinni.

Við 1. gr. Aptan við greinina bætist ný málsgrein þannig orðuð:

Sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

Ed. **457. Viðaukatillaga**

við viðaukatillögu frá nefndinni í málinu frumvarp til laga um bæjarstjórn á Seyðisfirði. Frá Guttormi Vigfússyni.

Á eptir orðunum „bæjarfógeti kaupstaðarins", komi: og hefur að launum 300 kr. úr landssjóði.

Ed. **458. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um vegi (eins og það var samþykkt við 3. umr í Nd.) Frá Guðjóni Guðlaugssyni, Guttormi Vigfússyni, Einari Ásmundssyni, Sigurði Jenssyni og Þorkeli Bjarnasyni.

1. Við 6. gr. Á eptir orðin: „yfir höfuð úr landssjóði" bætist: þó greiða hlutaðeigandi sýslufjelög $^1/_6$ af kostnaðinum til flutningabrauta.
2. — 11. — fyrir „$1^1/_2$ kr." komi: 1 kr. 25 aur.
3. — 17. gr. Fyrir orðin: „Til kostnaðar við hreppsvegi . . . . . í hreppnum 20—60 ára" komi: „Á vorhreppaskilaþingi skal greiða til kostnaðar við hreppsvegi 1 kr. 25 aur. fyrir hvern verkfæran mann í hreppnum 20—60 ára. Gjald þetta greiðir hver húsbóndi fyrir heimilismenn sína".

Nd. **459. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna, bæjarfógeta o. fl.

Nefnd sú, er hin háttvirta neðri deild hefur kosið til þess að íhuga frumvarp til laga um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna, bæjarfógeta o. fl., hefur rætt mál þetta á nefndarfundum.

Frumvarp þetta hefur tekið töluverðum breytingum í efri deildinni, þar sem hún hefur numið burtu dagpeninga sýslumanna og bæjarfógeta í dómsmálum og fyrir fógetagjörðir, skiptagjörðir og ýmsar aðrar gjörðir, sem nefndar eru í frumvarpi því, er lagt var fyrir alþingi. Breyting þessa telur nefndin til mikilla bóta, af því að hún miðar til þess, að gjöra mönnum auðveldara að leita rjettar síns.

Í annan stað eiga sýslumenn og bæjarfógetar eptir frumvarpi þessu að fá borgun fyrir eptirrit úr embættisbókunum og afskriptir af skjölum í skjalasöfnum embættanna, en borgun sú hefur hingað til runnið í landssjóð. Þótt ætla megi, að embættismenn þeir, sem hjer ræðir um, sjeu ríflega launaðir, skal nefndin þó eigi ráða deildinni til þess að breyta þessu, sökum þess að dagpeningarnir eru numdir úr lögum.

Nefndin ræður því hinni háttvirtu deild til þess, að samþykkja frumvarp þetta óbreytt.

Alþingi 15. ágúst 1893.

B. Kristjánsson, formaður. Bogi Th. Melsteð, skrifari og framsögum. Jón Jakobsson.

Nd. **460. Frumvarp**

til laga um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl. Eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild.

1. gr. Þegar sakborinn maður hefur verið hafður í gæzluvarðhaldi, og er þvínæst látinn laus, án þess að mál sje höfðað, eða hann er sýknaður, þá á hann rjett á að fá bætur, er ákveðnar sjeu af dómaranum, fyrir þá þjáningu, smán og fjártjón, er hann hefur beðið af því, að hann var sviptur frelsi sínu, ef álíta má eptir málavöxtum, að hann sje saklaus af glæp þeim, er tilefni gaf til þess, að hann var sviptur frelsi.

Rjett til skaðabóta hefur og sá maður, sem haldið hefur verið í gæzluvarðhaldi, sökum þess að hann hefur verið grunaður um brot, sem á undir hegningarákvæði, er eigi heimilar þyngri refsingu en sekt eða einfalt fangelsi.

2. gr. Rjettur til skaðabóta fellur niður, ef maður hefur sjálfur með framferði sínu verið þess valdandi, að hann var sviptur frelsi. Þó getur dómarinn dæmt honum bætur, er sje tiltölulega minni, en gjört er ráð fyrir í 1. gr., ef ætla má, að hið ótilhlýðilega framferði hans sje sprottið af hræðslu, fáti eða afsakanlegum misskilningi.

3. gr. Nú fellur niður sakamálshöfðun gegn manni, og á hann þá kost á að krefjast úrskurðar um skaðabótakröfu sína, og skal sá úrskurður þá uppkveðinn, þegar málinu, að því er hann snertir, er lokið. Þó skal amtmanni skýrt frá þessu, svo hann megi gæta hags landssjóðs.

Þegar öðruvísi stendur á, skal koma fram skaðabótakröfu samkvæmt undanfarandi greinum með sjerstakri lögsókn gegn hinu opinbera, að tilstefndum amtmanni og hlutaðeigandi rannsóknardómara, og er sækjanda frjálst að höfða málið, hvort heldur hann vill í hjeraði þar, er hann var sviptur frelsi, eða við landsyfirrjettinn. Málið er gjafsóknarmál fyrir hvorntveggja málsaðila, og ber málaflutningsmanni þeim, sem skipaður er fyrir hið opinbera, jafnframt að gæta hagsmuna rannsóknardómarans.

Sje sakamáli eða varðhaldsúrskurði sjerstaklega áfrýjað til æðra rjettar, má einnig koma þar fram með skaðabótakröfuna og fá gjört út um hana, og ber þá hinum skipaða sækjanda að gæta hagsmuna rannsóknardómarans og landssjóðs.

Úrskurði óæðra dóms um skaðabótakröfu eptir þessum lögum, getur bæði hlutaðeigandi og hið opinbera áfrýjað, þótt eigi nemi áfrýjunarupphæð.

4. gr. Mál um skaðabætur eptir undanfarandi greinum skal höfða, áður ár er liðið frá því, að hlutaðeigandi hefur fengið vitneskju um þau atriði, er hann byggir kröfu sína á. Nú reynist krafa hans eigi að vera á rökum byggð, og ber þá með dóminum að skylda hann til þess að greiða málskostnaðinn.

5. gr. Nú hefur maður úttekið hegningu eptir dómi að öllu eða nokkru leyti,

og prófast það síðan með fullum rökum, að hann hefur verið dæmdur að ósekju, og á hann þá heimtingu á skaðabótum úr landssjóði fyrir þá þjáningu, smán og fjártjón, er hann hefur beðið.

Skaðabótakröfunni má koma fram í hjeraði, þar sem sakamálið hefur verið höfðað, að tilstefndum amtmanni og dómara þeim, er refsidóminn hefur upp kveðið, eða og við landsyfirrjettinn, og eiga að öðru leyti ákvæði þau, sem í 3. gr. eru sett, einnig við þau mál, er hjer ræðir um.

6. gr. Eptir lát þess, er hlut á að, á það hjóna, er eptir lifir, sókn á því máli, svo og niðjar hins látna.

7. gr. Skaðabætur eptir lögum þessum skal greiða úr landssjóði, og á hann aptur aðgang að dómaranum, svo framarlega sem hann hefur misbeitt embættisvaldi sínu, gjört sig sekan í hirðuleysi eða öðru ólögmætu framferði.

8. gr. Ef sakborinn maður er sýknaður, eða málið gegn honum er leitt til lykta, án þess hann sje dómfelldur, þá skal greiða málskostnað af almannafje, ef um sakamál er að ræða, nema kostnaðurinn að öllu eða nokkru leyti sje sprottinn af vísvitandi ólögmætum tilverknaði eða hegðun af hálfu sakbornings.

9. gr. Lög þessi ná eigi til þeirra sakamála, sem að fullu er lokið áður en þau öðlast gildi.

Ed.

461. Frumvarp

til laga um kirkjur. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.).

1. gr. Kirkjutíund af fasteign og lausafje, ljóstollur, legkaup, kirkjugjald af húsum, lausamannsgjald til kirkju og sætisfiskur, svo og skylduvinna við kirkjur og kirkjugarða, skal vera úr lögum numið.

2. gr. Hver fermdur maður skal greiða 75 aura gjald til kirkju í þeirri sókn, sem hann hefur lögheimili í, á gjalddaga; en gjalddagi er 31. okt. ár hvert.

Nú tjáir sá, sem hefur aðsetur í sókninni á gjalddaga, að hann eigi lögheimili í annari sókn; skal hann þá færa fullnægjandi sönnun fyrir því þá þegar, ella greiði hann gjaldið af hendi. Rjett er að hann fái það endurborgað, ef hann síðar sannar, að hann á gjalddaga hafi átt lögheimili í annari sókn og greitt þar kirkjugjald.

3. gr. Kirkjugjald skal hver húsráðandi inna af hendi til fgjaldheimtumanns fyrir sig, skyldulið sitt og annað heimilisfólk. Nú þiggur hinn gjaldskyldi af sveit, og skal þá greiða gjaldið úr sveitarsjóði.

4. gr. Gjöld til kirkju skal greiða í peningum. Ef gjaldanda brestur peninga, má hann greiða gjaldið í innskript hjá kaupmönnum þeim, sem gjaldheimtumenn taka gilda eða í þessum aurum: sauðfjenaði, hvítri ull, smjöri, fiski eða dún, eptir því verði, sem sett er á aura þessa í verðlagsskrá þeirri, sem gildir á gjalddaga, enda sje það verð eigi hærra en gangverð á gjalddaga.

5. gr. Fyrir innheimtu á tekjum kirkna og fyrir að greiða þær af hendi í peningum, má innheimtumaður taka 8 af hundraði í ómakslaun.

6. gr. Reikningsár kirkna skal vera frá 1. janúar til 31. desember ár hvert.

Semja skal reikninga kirkna fyrir lok marzmánaðar ár hvert. Skal hlutaðeigandi prestur eða, ef hann er fjehirðir kirkjunnar, þá hlutaðeigandi safnaðarfulltrúi rannsaka reikninginn og gæta þess, að allar tekjur sjeu taldar; enn fremur skal hann láta í ljósi

álit um útgjöld þau, sem kirkjan hefur haft á árinu. Fyrir rannsókn þessa má greiða 2 kr. af tekjum kirkjunnar. Fyrir lok maímán. ár hvert skulu reikningar kirkna vera komnir til hlutaðeigandi prófasts. Hjeraðsprófastur rannsakar reikninginn og leggur hann fyrir hjeraðsfund og sendir hann síðan með áliti sínu og hjeraðsfundarins til biskups til fullnaðarúrskurðar.

7. gr. Allt það fje, sem kirkjur eiga afgangs útgjöldum ár hvert, skal láta á vöxtu í sameiginlegan kirkjusjóð. Heimilt er þó reikningshaldara að halda eptir vaxtalaust allt að 100 krónum af tekjum kirkju. Af sjóðum þeim, er kirkjur eiga, þá er lög þessi öðlast gildi, skal sá, er sjóðinn hefur undir hendi, greiða árlega $^1/_{15}$ í hinn sameiginlega sjóð, uns sjóðurinn er allur greiddur af hendi, enda þurfi hans eigi þá þegar kirkjunni til aðgjörðar eða endrbyggingar. Greiða skal fje þetta prófasti fyrir 31. október ár hvert; en hann sendir það síðan til stiptsyfirvaldanna.

8. gr. Hin árlegu útgjöld kirkna, svo sem lýsing, brauð og vín, þvottur og hirðing á kirkju og skrúða, útgjöld til graftóla, innheimtulaun, borgun fyrir endurskoðun kirkjureikninga, bygging og viðhald kirkjugarðs, og gjald til prófasts (samkv. 11 gr.) greiðist af kirkjusjóði; enn fremur borgun fyrir organleik, söngstjórn, og hitun kirkju, þegar efni sjóðsins leyfa.

Stiptsyfirvöldin hafa yfirumsjón kirkjusjóðsins, ávaxta hann og ávísa fje því, er borgast skal úr sjóðnum.

Auglýsa skal reikninga kirkjusjóðsins árlega í Stjórnartíðundunum, deildinni B.

9. gr. Þá er kirkja þarf aðalviðgjörðar eða byggja skal kirkju að nýju, mælir biskup með ráði prófasts og byggingarfróðs manns fyrir um stærð og gjörð hennar, og hve miklu fje til verksins skuli verja. Skal þá ávallt hafa tillit til þess, hve miklar tekjur kirkjunnar eru. Þó ber að veita fje til þess, að sjerhver kirkja, sem að áliti hlutaðeigandi hjeraðsfundar og biskups er nauðsynleg, geti verið í sómasamlegu standi og hæfileg til guðsþjónustu; en gætt skal þess, að skuldlaus innstæða sjóðsins verði aldrei minni en 100,000 kr.

Bygging kirkju og aðalviðgjörð skal fara fram undir eptirliti eins eða fleiri manna, sem prófastur kveður til þess; en framkvæmd verksins annast sá, sem hefur umsjón og fjárhald kirkjunnar.

10. gr. Sóknarnefndir annast bygging og viðhald kirkjugarða; svo annast þær og hitun kirkna, ráða organleikara og forsöngvara, þá er efni kirkjusjóðsins leyfa útgjöld til slíks.

11. gr. Í stað kirkjuskoðunarlauna þeirra, sem verið hafa, skal greiða hjeraðsprófasti 10 kr. árlega póknun fyrir hverja þá kirkju, sem er í prófastsdæmi hans, og greiðir gjöld sín í hinn sameiginlega kirkjusjóð.

12. gr. Nú hefur lán verið tekið handa kirkju með samþykki kirkjustjórnar: greiðist þá það, sem ógreitt er af láninu, úr hinum sameiginlega kirkjusjóði. Það fje sem fjárhaldsmaður hefur lánað kirkju, endurgreiðist honum vaxtalaust á 15 árum, $^1/_{15}$ á ári af skuldinni eins og hún er, þá er lögin öðlast gildi.

13. gr. Þegar kirkja, sem greiðir tekjur sínar í hinn sameiginlega kirkjusjóð, er lögð niður, rennur andvirði hennar í sjóðinn.

Skrúði og áhöld hverrar kirkju, sem lögð er niður, gengur til þeirrar kirkju eða þeirra kirkna, sem sóknirnar eru bætt við.

14. gr. Ákvæði þessara laga í 7.—13. gr. ná því að eins til bændakirkna, að eigendur þeirra og stjórnendur kirkjusjóðsins samþykki.

15. gr. Með lögum þessum eru öll lagaákvæði um tíund til kirkju, ljóstoll og legkaup, 4.—6. gr. tilskip. 27. jan. 1847, 13. og 15. gr. reglugjörðar 17. júlí 1782, lög Nr. 20, 22. maí 1890 og öll ákvæði í lögum, sem koma í bága við lög þessi, úr gildi felld.

Nd. **462. Frumvarp**

til laga um breyting á 1. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun prestakalla, (eins og það var samþykkt við 2. umr.).

Frá fardögum 1893 greiðast að eins 200 kr. frá Stað á Reykjanesi í Barðastrandarprófastsdæmi.

Nd. **463. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 7. nóvbr. 1879 um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum. Flutningsmenn: Jens Pálsson, Sigurður Gunnarsson, Einar Jónsson, Ólafur Briem.

1. gr. Hjer eptir skal greiða aðflutningsgjald af allskonar öli, sem til Íslands er flutt, 15 aura fyrir hvern pott.

Af brennivíni eða vínanda skal greiða af hverjum potti:

með 8° styrkleika eða minna	90 aura
yfir 8° og allt að 12° styrkleika . . .	1 kr. 35 —
yfir 12° styrkleika	1 — 80 —

Af rauðavíni og messuvíni skal greiða 45 aura af hverjum potti, í hverju íláti sem það er flutt.

Af öllum öðrum vínföngum skal greiða 1 kr. 35 a. af hverjum potti, ef þau eru flutt í flátum stærri en svo, að þau rúmi 2 merkur, en sjeu þau flutt í minni flátum, skal greiða sama gjald af hverjum 3 pelum, sem af potti í stærri flátum.

Gjald þetta rennur í landssjóð.

2. gr. Hjer með er úr lögum numin 1. gr. laga 7. nóvbr. 1879 um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum.

Ed. **464. Breytingartillaga.**

við frumvarp til laga um breyting á 3. og 5. gr. yfirsetukvennalaga 17. des. 1875 (eins og það var samþykkt við 1. umr. í Ed.). Frá Þorkeli Bjarnasyni.

1. Við 1. gr. Fyrir: „60 kr“, komi: 50 kr.
2. Kafli greinarinnar frá „60 kr.“ og aptur að síðustu málsgrein, sem byrjar með orðunum: „sýslunefndin má“, falli burt.

Nd. **465. Tillögur**

til þingsályktunar um strandferðir hins sameinaða gufuskipafjelags Frá fjárlaganefndinni í neðri deild.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að hlutast til um:

1. að strandferðaskip hins sameinaða gufuskipafjelags fari vestur og norð-

ur um land á leiðinni til Kaupmannahafnar í síðustu ferð og komi þá við á öllum hinum stærri verzlunarstöðum.

2. að Laura eða annað jafngott skip sje notað til allra strandferðanna.

3. að skip það, er gengur milli Danmerkur og Íslands, sje, einkum að því, er snertir farþegjarúm, stærra og betra en hingað til.

Nd. **466. Breytingaratkvæði**

við frumvarp til laga um breyting á 1. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun prestakalla. Frá H. Kr. Friðrikssyni, Jóni Þorkelssyni, Þórarni Böðvarssyni, Jóni Þórarinssyni, Guðl. Guðmundssyni og Einari Jónssyni.

Fyrir: »greiðast að eins 200 kr«, komi: »greiðist ekkert árgjald«.

Nd. **467. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um aukatekjur þær, er renna í landssjóð. Frá Einari Jónssyni, Ólafi Briem, Birni Bjarnarssyni, Jóni Jakobssyni, Jóni Jónssyni 2. þm. N.-Múlas. Jens Pálssyni.

Við 10. gr. Fyrir: „bókun á“ komi: að bóka
— 12. — Fyrir: „þegar hann . . . skyldaður“ komi: þegar hann er skyldaður með dómi
— 13. — Á eptir: „þær fara“ komi: fram
— 14. — Fyrir: „í“ í 2. línu komi: á
— 15. — Fyrir: „kyrsetning á manni“ komi: að kyrsetja mann.
— 17. — Fyrir: „kyrsetning á manni“ komi: kyrsetning manns.
— 24. — Fyrir: „skuldir“ í 3. málsgr. komi: skuldinni
— 31. — Fyrir: „án dómsvalds“ komi: er eigi hefur dómsvald
— 34. — Fyrir: „upp á ærn og“ komi: eptir beztu
— 37. — Fyrir: „og skulu þá . . . . hjer segir“ komi: og skal þá greiða uppboðslaun af hinum fyrstu 600 kr. eptir því, sem segir í 35 gr., en af hærri upphæð skulu uppboðslaun vera sem hjer segir
— 43. — Fyrir: „uppboðsafsalsbrjef á“ komi: afsalsbrjef fyrir
— 54. — Greinin orðist þannig: „Fyrir borgarabrjef skal sá maður greiða 4 kr., er ætlar að gjörast skipstjóri, en sá 2 kr., er gjörist handiðnamaður.
— 56. — Fyrir: „sem eingöngu . . . því aptur“ komi: sem koma hingað eingöngu til fiskiveiða.

Ed. **468. Frumvarp**

til laga um eptirlaun, (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild.).

1. gr. Hver sá, sem fengið hefur konungs veitingu fyrir embætti, og fær laun úr landssjóði, á rjett á að fá eptirlaun eptir lögum þessum, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsulasleika, eða annara orsaka vegna, sem honum eru ósjálfráðar.

2. gr. Eptirlaunin skulu greiðast úr landssjóði. Upphæð eptirlaunanna skal þannig reikna, að sá, er fengið hefur lausn frá embætti, fái í eptirlaun $\frac{1}{2}$ þeirrar embættislaunaupphæðar, er hann hafði, þegar hann fjekk lausn frá embættinu, og auk þess 20 kr. fyrir hvert ár, sem hann hefur þjónað embætti með eptirlaunarjetti. Sá, sem er fullra 70 ára, á rjett á að fá lausn með eptirlaunum samkvæmt lögum þessum. Sá embættismaður, sem slasast þannig, þegar hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að fá lausn frá embættinu, fær ávallt helming af embættis tekjum sínum í eptirlaun. Ef eitthvert embætti er lagt niður, á sá embættismaður, er því gegnir, heimting á að njóta helmings af embættistekjum sínum í 5 ár í biðlaun, en er þá undir eins skyldur til að taka aptur við hæfilegu embætti með sömu tekjum að minnsta kosti, sem því embætti fylgdu, sem niður var lagt. Hafi hann ekki fengið embætti að 5 ára frests, verða honum veitt eptirlaun. Þau ár, sem hann hefur notið biðlauna, skal álíta sem þjónustuár, þegar farið verður síðar að reikna eptirlaun hans; en eptirlaunin skal reikna eptir þeim embættistekjum, er hann hafði, áður en hann fjekk biðlaun. Ef hann tekur á móti embætti, sem minni tekjur fylgja, fær hann af þeim eptirlaunum, sem honum bera eptir hið meira embætti, er hann áður hafði, svo mikið sem tekjur hins nýja embættis vantar til að jafnast við tekjur hins fyrra embættis, er hann hafði, og ekki meira.

3. gr. Þær embættistekjur, sem teknar verða til greina, þegar reiknuð eru eptirlaun eða biðlaun samkvæmt 2. gr. eru: 1) viss árleg laun; 2) launaviðbót, sem veitt er manninum sjálfum; 3) aukatekjur og hlunnindi, svo sem, leigulaus bústaður, bújörð, eldiviður og ljós, sem með berum orðum eru veitt embættismanninum sem laun eða hluti af launum hans. Aukatekjurnar skulu taldar, eins og þær hafa verið að meðaltali 5 síðustu árin, áður en embættismaðurinn fjekk lausn frá embætti, eða öll þau ár, sem hann hefur embætti þjónað, hafi árin verið færri en 5.

4. gr. Sá, er fyrirgjörir embætti sínu, missir einnig rjett til eptirlauna.

5. gr. Þegar embættismanni er vikið frá fyrir einhverjar misfellur, sem ekki varða embættismissi, en veikja þó þá virðingu og traust, sem nauðsynlegt er fyrir stöðu hans, skal ákveða eptirlaun hans með sjerstökum lögum.

6. gr. Eptirlaun eða biðlaun missast: 1) gjörsamlega eða að tiltölu, þegar hlutaðeigandi fær aptur embætti og laun; 2) þegar hann án konungsleyfis gengur í þjónustu útlendra ríkja; 3) þegar hann tekur sjer bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 4) þegar hann hefur ekki tekið eptirlaun sín eða biðlaun í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 5) þegar hann verður dæmdur sekur í þesskonar athæfi, sem mundi hafa svipt hann embætti, ef hann hefði þá í því verið, eða ef upp á hann sannast, að hann hafi orðið sekur í slíkri hegðun, áður en hann fjekk lausn frá embættinu. Nú hefur embættismaður fengið lausn frá embætti með eptirlaunum, og tekur við nýju embætti; hefur hann þá rjett til að fá eptirlaun þau, sem hann áður hafði, er hann sleppir þessu embætti.

7. gr. Hver kona, sem verður ekkja eptir embættismann, er hafði eptirlaunarjett eða eptirlaun eptir lögum þessum, skal hafa rjett til að fá eptirlaun úr landssjóði með þeim undantekningum, sem til eru teknar í 8. gr. Eptirlaun ekkjunnar reiknast $\frac{1}{10}$ af launum mannsins, eins og þau eru talin eptir 2. og 3. gr. þessara laga, þegar þau eru lögð til

grundvallar fyrir því, hvernig reikna skal eptirlaun hans; þó mega þau eptirlaun ekkjunnar, sem þannig reiknast, aldrei fara fram úr 1200 kr. nje vera meiri en eptirlaun þau, sem maðurinn hefði getað fengið eða hafði þegar hann dó. Þegar ástæður virðast til, getur konungur í viðbót við eptirlaunin veitt 20 til 100 kr. árlega fyrir hvert barna ekkjunnar, sem hún hefur fyrir að sjá, þangað til hvert barn er orðið 18 ára; þó skal eptirlaunaviðbót þessi því að eins haldast, að ástæður þær, sem hún er byggð á, sje framvegis hinar sömu, og skal sanna það á hverju ári fyrir landstjórninni.

8. gr. Þær embættismannaekkjur hafa engan eptirlaunarjett, sem hafa gipzt eldra manni en 60 ára eða á banasæng hans, eða eptir að hann fjekk lausn frá embætti með eptirlaunum, eða ef hjónabandinu var gjörsamlega slitið, áður en maðurinn dó.

9. gr. Eptirlaun ekkna missast: 1) þegar ekkjan giptist af nýju; 2) þegar hún tekur sjer bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 3) þegar hún hefur ekki hirt eptirlaunin í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 4) þegar hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almennings áliti er ósæmileg. — Þegar ekkja missir eptirlaun af því, að hún hefur gipzt af nýju, á hún rjett á að fá aptur hin sömu eptirlaun, ef hún verður ekkja í annað sinn.

10. gr. Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem áttu rjett til eptirlauna, getur konungur veitt hverju um sig 40 til 200 kr. árlega, að svo miklu leyti og svo lengi, sem þau þurfa við og eru þeirra verð, þó ekki lengur en þangað til þau eru 18 ára; þörf þeirra og verðleik skal árlega sanna fyrir landstjórninni.

11. gr. Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi, og hafa rjett til eptirlauna samkvæmt tilskipun 31. maí 1855, halda rjetti til eptirlauna samkvæmt þeirri tilskipun. Að öðru leyti er sú tilskipun úr lögum numin með þessum lögum.

Ed.

469. Nefndarálit

í málinu: tillaga til þingsályktunar um milliþinganefnd til að íhuga hina kirkjulegu löggjöf landsins.

Vjer undirritaðir, sem kosnir vorum í nefnd til þess að íhuga þetta mál, erum þeirrar skoðunar, að margt sje það í kirkjulegri löggjöf vorri, sem nú sje orðið úrelt og þurfi nauðsynlega breytingar og lagfæringar við, svo sem t. d. lögin um tekjur presta og kirkna, sem þingsályktunartillagan sjerstaklega víkur að. En auk þeirra viljum vjer einnig nefna til svo sem ófullkomið og úrelt í nefndri löggjöf hin ýmsu lagaboð um skyldur og embættisverksvið presta, er enn standa óbreytt frá fyrri hluta 18. aldar. Vjer teljum fulla þörf á, að öll þessi löggjöf verði endurskoðuð og henni breytt í þá átt, að hún samsvari betur kröfum vorra tíma.

Lögin um tekjur presta og kirkna eru að mörgu leyti úrelt orðin, eins og eðlilegt er, þar sem þau eru að mestu leyti frá þeim tíma, þegar landbúnaður var svo að segja eini atvinnuvegurinn og tíundin eini gjaldstofninn, sem gjöld voru miðuð við, en síðan hefur sú breyting á orðið, að upp eru komnar nýjar stjettir manna, sem hin eldri lag ákvæði ekki ná til; verða þær því mikið til lausar við gjöld til presta og kirkna, jafnvel þó þær opt og tíðum hafi jafnmikið eða þá meira gjaldþol, heldur en þeir, sem eptir núgildandi lögum eru skyldir til að telja fram til tíundar eignir sínar. Að vísu eru til allmargir yfirvaldaúrskurðir, er útþýða lögin svo, að gjaldskyldan í sumum atriðum nái einnig til þeirra manna, er

eigi tíunda eptir núgildandi tíundarlögum, en það er þó mjög almennt, að menn efast um gildi þessara úrskurða og tregðast við að greiða þessi gjöld af hendi, enda mun tvísýna á, hvort dómstólarnir, ef til þeirra kæmi, mundu komast að sömu niðurstöðu sem þessir yfirvaldaúrskurðir. Af þessu leiðir að mikið af þessum gjöldum verður ekki innheimt, eða greiðist aldrei, en rjettaróvissan verður eigi ósjaldan til að spilla samlyndi milli presta og safnaða. Væru lögin um tekjur presta og kirkna rækilega endurskoðuð, þá ætlum vjer að takast mætti að byggja þessi gjöld á grundvelli, er betur ætti við þennan tíma, og væri einfaldari, vissari og jafnari fyrir allar stjettir og atvinnuvegi landsins, eins og þeim nú er skipað, heldur en á sjer stað í núgildandi löggjöf.

Vjer sjáum fram á það, að fyrir landssjóð getur það haft talsverðan kostnað í för með sjer, ef skipuð verður milliþinganefnd til að endurskoða hina kirkjulegu löggjöf landsins. En þar sem þetta mál er svo umfangsmikið og margbrotið getum vjer ekki hugsað oss neinn annan veg til að koma því í viðunanlegt horf. Væri þessi nefnd vel skipuð, þá má einnig vænta þess, að henni takist að undirbúa þetta mál svo vel og rækilega, að það þyrfti margfallt minni undirbúning, þegar til þingsins kæmi, og mundi þá meir en vinnast upp kostnaðurinn við nefndina.

Að vísu er nú fyrir þinginu frumv. um kirkjur, sem þegar er samþykkt af neðri deild. Fái þetta frumvarp einnig samþykki efri deildarinnar og verði staðfest af konungi, mun verkefni það, er milliþinganefndin ætti fyrir hendi, verða nokkuð minna og auðveldara, en þó mundi hún hafa ærið nóg að starfa. Nái frumvarp þetta þar á móti ekki fram að ganga, og fari eins fyrir því og hinum öðrum tillögum, sem á síðustu árum hafa komið fram til breytinga á lögum um gjöld til presta og kirkna, þá verður það ný sönnun fyrir því, að mál þetta er of vandasamt til þess, að því verði komið í gott lag án mikils og rækilegs undirbúnings.

Vjer leyfum oss því að ráða hinni háttvirtu deild að samþykkja þessa tillögu til þingsályktunar, þó með þeirri breytingu að í stað orðsins: „sjerstaklega“ komi: „þar á meðal“.

Alþingi 17. ágúst 1893.

Hallgrímur Sveinsson	Sigurður Jensson	Þorleifur Jónsson.
formaður og framsögumaður.	skrifari.	

Nd. **470. Tillaga**

til þingsályktunar. Frá B. Kristjánssyni.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landshöfðingja, að hlutast til um það, að aukapóstur sá, sem gengur frá Arnarholti út í Borgarnes fari eptirleiðis alla leið vestur í Kórunes (Straumfjörð).

Ed. **471. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breytingu á 3. og 5. gr. yfirsetukvennalaga 17. desbr. 1875 Frá Sigurði Jenssyni.

1. 1. gr. falli burt.

2. 2. gr. verði 1. gr.
3. Við 3. gr. Orðin »3. gr. og« falli burt. 3. gr. verði 2. gr.
4. Fyrirsögnin orðist þannig: Frumvarp til laga um breytingu á 5. gr. yfirsetukvennalaga 17. des. 1875.

Ed. **472. Frumvarp**

til laga um breyting á 2., 4. og 15. gr. í tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 og viðauka við hana. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í e. d.).

1. gr. Hverjum þeim manni, sem er 22 ára að aldri, er heimilt að leysa sig undan vistarskyldunni með því að taka leyfisbrjef hjá lögreglustjóra.

Fyrir leyfisbrjef skal karlmaður gjalda 15 kr. en kvennmaður 5 kr. Rennur það fje í styrktarsjóð handa alþýðufólki í þeim hrepp eða bæjarfjelagi, er hann var síðast vistfastur í.

Sá, sem er fullra 30 ára að aldri, fær leyfisbrjefið ókeypis.

2. gr. Sá, er leyfisbrjef vill fá, skal taka það í síðasta lagi 1. dag maímánaðar það ár, er hann gengur úr fastri vist.

3. gr. Skylt er hverjum manni, er þannig verður laus, að hafa fast ársheimili, og skal hann tilkynna hlutaðeigandi hreppstjóra eða bæjarfógeta á vori hverju, eigi síðar en 20. júní, hjá hverjum húsráðanda heimili hans er og sanna það með skýrteini frá húsráðandanum ef hreppstjóri eða bæjarfógeti krefst þess, verði ella sekur um 4—20 kr. og renni þær sektir í fátækrasjóð.

4. gr. Rjett er, að lausamaður greiði þar lögboðin gjöld, sem ársheimili hans er. Nú greiðir hann eigi gjöld þessi á rjettum gjalddaga, og er þá húsráðandi sá, er lausamaður á heimili hjá, skyldur að greiða gjöldin fyrir hann, nema hann geti vísað á eignir, er lausamaður á og teknar verða lögtaki til lúkningar gjöldunum.

5. gr. Með lögum þessum er numin úr gildi 2. og 4.gr. í tilsk. um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 og 15. gr. í sömu lögum, að því er snertir leyfisbrjefagjaldið.

Um brot gegn 1. gr. í lögum þessum gilda sömu ákvarðanir, sem um brot gegn 2. gr. í nefndri tilskipun.

6. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1894.

Ed. **473. Breytingartillögur**

við frv. til laga um gæzlu og viðhald á brúm yfir Ölfusá og Þjórsá (þingskj. 388). Frá Hallgrími Sveinssyni, Guðjóni Guðlaugssyni og Guttormi Vigfússyni.

1. Við 1. gr. Á eptir: »Þjótanda« bætist inn: þegar hún er á komin.
2. — 2. — Í stað orðanna: »er skiptist«, komi: og skiptist hann.

Nd. **474. Frumvarp**

til laga um friðun á laxi. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í neðri deild).

1. gr. Eigi má lax veiða í ám eða vötnum nje fjórðung viku sjávar út frá árósum, nema $2^1/_2$ mánuð af sumri hverju; þó má stangaveiði við hafa 3 mánuði. Sýslunefnd eða sýslunefndir skulu í hjeraði hverju setja fastar reglur um eða ákveða, hvenær veiðitími skuli byrja og enda, eptir að hafa kynnt sjer með beztu manna ráði, hvernig ám og vötnum er háttað og laxgöngu í þeim hjeruðum, er í hlut eiga.

2. gr. Ekki má leggja net, setja garða eða aðrar fastar veiðivjelar lengra út í nokkra á en hana miðja og þó því að eins svo langt út, að djúp árinnar sje eigi minna fyrir utan netið eða veiðivjelina, þegar hún er í á komin.

Nú vilja menn leggja net eða setja garða eða veiðivjel út frá báðum löndum, og skal þá svo leggja, að jafnan sje 60 faðma bil eptir endilangri ánni milli þeirra, nema svo sje, að þverbilið á milli veiðivjelanna sje eigi minna, en tveir þriðju partar af þvermáli árinnar.

3. gr. Ekki má leggja laxanet eða laxaveiðivjel úti fyrir ósamynnum í stöðuvötnum eða sjó, þar sem lax gengur, svo för hans sje hindruð. Ádráttarveiði má við hafa í ám og vötnum 4 stundir samfleytt á sólarhring, en í árósum eða svo nálægt þeim, að laxaför upp eptir ánni hindrist einungis með öðruhvoru útfalli sjávar.

Þar sem lax safnast saman í hyljum, má ekki við hafa neins konar ádráttarveiði, hvorki með netum nje öðrum veiðarfærum, er raskað geti botni hyljanna, síðar en 20. ágúst ár hvert. Heimilt skal að veiða lax á stöng, með ýmsu agni á öngul, sem lax tekur, en enginn má hafa neins konar sting eða ífæru, sem lax verði stunginn eða kræktur með. Urriða og sjóbirtinga má veiða á öllum tímum árs í ám og vötnum, þar sem laxveiði er, nema með ádrætti.

Til vísindalegra þarfa og laxaklaks má lax veiða á hverjum tíma árs sem er.

4. gr. Hverjum manni er heimilt, að skjóta sel og styggja í ám, árósum og fyrir ósamynnum eina mílu út frá þeim, þar sem lax fer um; þó má ekki raska þinglesinni friðun eggvera eða sellátra frá 1. maí til 1. júlí ár hvert.

5. gr. Engin veiðarfæri nje veiðivjelar má við hafa, er taka smálax. Skulu möskvar í laxanetum ekki minni vera, þá votir eru, en 9 þumlungar ummáls.

Á hverri laxavjel skulu vera svo stór op, að enginn lax, sem ekki er meir en 9 þumlungar ummáls, þar sem hann er gildastur, staðnæmist í vjelinni. Sjeu grindur í vjelinni, skulu spelar standa lóðrjett upp og ofan, og sje eigi skemmra bil milli þeirra en $1^1/_2$ þumlungur.

6. gr. Nú vill meiri hluti veiðieigenda í á, sem lax gengur í, veiða í fjelagi, og skulu þá þeir, er fjelagsveiði vilja fram hafa, leggja málið fyrir hlutaðeigandi sýslunefnd. Álíti sýslunefndin rjetti einkis hallað, skal hún semja reglur fyrir veiðiaðferðinni og skipting á veiðinni og eru allir hlutaðeigendur skyldir því að hlýta.

7. gr. Nú er svo háttað á einhverjum stað, að nauðsyn þyki til bera, að breyta til um einhver þau ákvæði, sem fyrir er mælt í lögum þessum, og er sýslunefnd, einni eður fleirum, heimilt að setja reglugjörðir um það, en þó svo, að grundvallarreglum laga þessara um friðun laxins og frjálsa göngu sje í engu haggað eptir því, sem við á í á hverri.

Reglugjörðir sýslunefnda, sem getið er í þessari grein skal amtmaður staðfesta, og fá þær þá fullt lagagildi um næstu þrjú ár.

8. gr. Brot gegn lögum þessum varða allt að 100 kr. sekt eptir málavöxtum. Allt ólöglegt veiðifang og öll ólögleg veiðiáhöld skulu upptæk, og skal lögreglustjóri tafarlaust taka slík veiðarfæri upp og nema burt allar ólögmætar girðingar. Sektir eptir lögum þessum renna að helmingi í fátækrasjóð hrepps þess, er brotið er framið í, og að helmingi til uppljóstrarmanns. Svo fer og um andvirði ólöglegra veiðarfæra og veiðifangs.

9. gr. Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum eða staðfestum samþykktum, skal fara með sem almenn lögreglumál. Þó getur sá, sem fyrir sök er hafður, komizt hjá málsókn, ef hann játar tafarlaust brot sitt og greiðir sektir og skaðabætur að fullu, eptir því, sem amtmaður ákveður. Rjett er að sá, sem fyrir skaða hefur orðið af ólöglegri veiði annara, reki málið, sem einkalögreglumál.

10. gr. Ákvarðanir í Jónsbókar landsleigubálki, 56. kap., um veiðar í ám, sem og lög um friðun á laxi 19. febr. 1886, eru hjer með úr lögum numin.

Nd. **475. Frumvarp**

til laga um sameining amtmannaembættanna. (Eptir 2. umr. í Nd.).

1. gr. Ísland skal vera eitt amtmannsumdæmi.

2. gr. Amtmaður Íslands skal sitja í Reykjavík.

3. gr. Amtmanni skal veita í árslaun 5000 kr. og til endurgjalds skrifstofukostnaði 2000 kr. á ári.

4. gr. Amtmaður er forseti amtsráðanna; en falið getur hann hverjum sýslumanni í hlutaðeigandi landsfjórðungi sem vera skal, að skipa forsæti á fundum amtsráðanna, og gegna öðrum forsetastörfum í fjarvist sinni.

5. gr. Með lögum þessum er úr gildi numin 2. gr. laga 9. desember 1889 um breyting á lögum 15. okt. 1875 um laun íslenzkra embættismanna, svo og þau ákvæði í lögum 11. júlí 1890 um breytingar nokkrar á tilskipun 4. maí 1872 um sveitastjórn á Íslandi o. fl., og öll önnur lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi.

6. gr. Verði embættismaður sá, er nú er amtmaður í norður- og austuramtinu, skipaður amtmaður Íslands, skal hann einkis í missa af árslaunum þeim, er hann nú hefur, meðan hann gegnir hinu nýja embætti.

7. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1894.

Nd. **476. Frumvarp**

til laga um breyting á 3. gr. í lögum 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda. (Eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.)

1. gr. Kostnað við eyðing refa heimalöndum, á almenningum og afrjettum þeim, er sveitarfjelög eiga, skal greiða úr sveitarsjóði.

2. gr. Hjer með er úr lögum numin 3. gr. í lögum 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefuda.

Ed. **477. Frumvarp**

til laga um bæjarstjórn á Seyðisfirði. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Ed.).

1. gr. Seyðisfjarðarkaupstaður með Búðareyri og Vestdalseyri, og jarðirnar Vest-

dalur og Fjörður með Fjarðarseli og Odda skal vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig, með kaupstaðarrjettindum. Sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins, og hefur hann að launum 300 kr. úr landssjóði.

2. gr. Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn; í henni eru kosnir bæjarfulltrúar og bæjarfógeti; er bæjarfógeti oddviti stjórnarinnar og hefur atkvæðisrjett á fundum.

3. gr. Framkvæmd ákvarðana þeirra, er bæjarstjórn gjörir, og bæjarmálefni yfir höfuð eru á hendi oddvitans. Ef bæjarstjórninni þykir þess við þurfa, eða henni virðist það hagfellt í einstöku tilfellum, má hún fela einum eða fleirum úr sínum flokki á hendur, að framkvæma sjerstök bæjarstörf, eptir þeim reglum, sem hún sjálf kemur sjer saman um.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sjer þau sjerstöku bæjarstörf, sem þeim eru falin á hendur.

4. gr. Fulltrúar kaupstaðarins skulu vera 6, þó má landshöfðingi breyta tölu fulltrúanna, ef þörf gjörist, eptir tillögu bæjarstjórnarinnar; skulu þeir kosnir af þeim bæjarbúum, sem kosningarrjett hafa eptir lögum þessum.

5. gr. Kosningarrjett hafa allir karlmenn í kaupstaðnum, sem eru orðnir fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, eru eigi öðrum háðir, hafa verið heimilis fastir í kaupstaðnum 1 ár, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, og er eigi lagt af sveit, eða, hafi þeir fengið sveitarstyrk, þá endurgoldið hann eða verið gefinn hann upp; en greitt skulu þeir hafa að minnsta kosti 4 krónur í bein bæjargjöld síðasta árið. Kosningarrjett hafa og ekkjur og aðrar ógiptar konur, ef þær fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í lögum 12. maí 1882 um kosningarrjett kvenna og í grein þessari.

Kjörgengur er hver sá karlmaður, er kosningarrjett hefur.

6. gr. Bæjarfulltrúar skulu kosnir til þriggja ára, Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta skipti, fara 2 frá að ári liðnu, og svo tveir ár hvert. Skal það, hverjir frá fara fyrstu 2 árin, verða komið undir samkomulagi, en verði því eigi á komið, skal hlutkesti ráða. Ef einhver fulltrúi fer frá, hverjar helzt sakir sem til þess eru, áður 3 ár eru liðin frá kosningu hans, skal þegar kjósa annan í hans stað, og hefur sá fulltrúasýslu á hendi að eins um þann tíma, er vantaði upp á, að hinn hefði verið 3 ár, er frá fór.

7. gr. Fulltrúakosningar skulu fram fara einhvern hinn fyrsta virkan dag eptir, nýjár, nema þegar svo stendur á, að kjósa þarf aukreitis. Svo skal kosning undirbúa að skrá sje samin um þá, sem kosningarrjett hafa; þá skrá skal kjörstjórnin semja, en þessir eru kjörstjórar: bæjarfógetinn og tveir fulltrúanna, er bæjarstjórnin til þess kýs. Kjörskráin skal liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis á hentugum stað um hálfan mánuð á undan kjördegi. Mótbárur gegn kjörskránni, sem lúta að því, að nokkur sje of eða vantalinn, á að bera upp fyrir kjörstjórninni að minnsta kosti 3 dögum á undan kjördegi, svo að hún geti þann dag lagt úrskurð sinn á málið; en að öðrum kosti verða þær eigi teknar til greina.

8. gr. Formaður kjörstjórnarinnar skal boða stað og stund, er kosningar skulu fram fara, að minnsta kosti viku á undan, og á þann hátt, sem þing almennt eru boðuð í kaupstaðnum. Kjörfundinn skal halda fyrir opnum dyrum; skulu þá allir kjósendur, er neyta vilja kosningarrjettar síns, koma sjálfir á kjörfund og lýsa yfir því, annaðhvort munnlega fyrir kjörstjórninni, eða á ólokuðum seðli, hvern þeir vilja kjósa. Atkvæði skulu greidd í einu um svo marga, sem kjósa skal. Þegar þeir hafa greitt at-

kvæði, sem við eru staddir, og allir kjósendur kallaðir fram, skal kjörstjórnin bíða hálfa stund, áður en hún slítur kosningarfundinum, til þess að þeir, sem þá eru eigi komnir, fái með þessu móti tækifæri til að neyta kosningarrjettar síns. Þegar öll atkvæði eru bókuð, les formaður kjörstjórnarinnar þau upp, en hinir tveir kjörstjórarnir rita þau upp og telja saman; þar eptir skal hann nefna kosna sem fulltrúa þá, er flest hafa fengið atkvæði. Nú hafa 2 eða fleiri jafnmörg atkvæði, og skal þá hlutkesti ráða.

9. gr. Hver sá, sem er kjörgengur, er skyldur að taka á móti kosningu, nema hann sje sextugur að aldri, eða hann vegna heilsubrests, anna, eða annars því um líks hafi sennilega ástæðu til að skorast undan kosningu; kjörstjórnin skal skera úr þessu, og láti hann sjer ekki lynda úrskurð hennar, skal skjóta málinu til bæjarstjórnarinnar. Sá, sem gegnt hefur fulltrúastörfum í 3 ár eða lengur, er eigi skyldur að takast þá sýslu á hendur aptur, fyr en eptir jafnlangan tíma og hann hafði áður verið fulltrúi.

10. gr. Sá, sem hefur eitthvað að kæra yfir kosningargjörð þeirri, sem fram er farin, eða yfir úrskurðum kjörstjórnarinnar, verður að bera mál sitt skriflega undir bæjarstjórnina viku eptir að kosning hefur framfarið, eigi umkvörtun hans að verða tekin til greina. Innan hálfs mánaðar frá því, að kæruskjalið var fengið bæjarstjórninni, leggur hún úrskurð sinn á málið, og skal áður leitað um það álits kjörstjórnarinnar. Kæra má skriflega úrskurð bæjarstjórnarinnar fyrir landshöfðingja; skal kæran send innan hálfs mánaðar frá því, er úrskurðurinn var upp kveðinn. Þegar almennar kosningar á ári hverju hafa fram farið, fara bæjarfulltrúar þeir, er áður voru, þá fyrst úr bæjarstjórninni, er fullnaðarúrskurður er lagður á kærur þær, er kunna að hafa komið fram um hinar nýju kosningar.

11. gr. Nú vill bæjarfulltrúi ganga úr bæjarstjórn, áður en sá tími er liðinn, er hann er kosinn fyrir, og skal þá bæjarstjórnin ákveða, hvort taka skuli beiðni hans til greina. Bæjarstjórnin ákveður enn fremur, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá, eða honum skuli vikið úr bæjarstjórninni um stund sökum atvika, er svipta hann kjörgengi. Hið sama skal og gilda, ef bæjarfulltrúi vanrækir eða færist undan að gjöra það, er hann er skyldur til sem bæjarfulltrúi, þannig, að nauðsyn ber til, að hann fari frá. Þó má sá, sem vikið er úr bæjarstjórn gegn vilja hans, bera kæru sína undir landshöfðingja, á þann hátt, sem sagt er fyrir í næstu grein hjer á undan.

12. gr. Oddviti bæjarstjórnarinnar stjórnar umræðum á fundum og sjer um, að það, sem ályktað er, sje rjett ritað í gjörðabókina.

Til þess að lögmæt ákvörðun sje gjörð, verður, auk oddvita, minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðafjöldi skal ávallt ráða. Sjeu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, því að þá ræður hlutkesti. Fundir bæjarstjórnarinnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ályktar það.

Það skal kunngjört bæjarbúum, hvenær og hvar bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar oddvita þykir nauðsyn til bera, eða minnst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess.

Oddviti skal á undan fundum, að svo miklu leyti sem unnt er, skýra bæjarfulltrúum frá því, hver málefni komi fyrir. Allir þeir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gjörðabókina við fundarlok, og á sjerhver í bæjarstjórninni rjett á, að fá ágreiningsatkvæði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórnin setur sjálf þingsköp sín, en landshöfðingi sampykkir þau.

13. gr. Virðist bæjarfógeta, að einhver ákvörðun bæjarstjórnarinnar gangi út fyrir vald hennar, eða að ákvörðun sje gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða hún miði til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni, með því að rita álit sitt í gjörðabókina. Um þetta skal hann svo fljótt sem verða má, senda landshöfðingja skýrslu, og leggur hann úrskurð sinn á málið. Eptirrit af skýrslu bæjarfógeta skal jafnframt senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gjört athugasemdir sínar við hana, áður en skýrslan fer til landshöfðingja.

14. gr. Í öllum þeim málum, er snerta uppeldi og uppfræðing barna, hefur hlutaðeigandi prestur sæti og atkvæði á fundum bæjarstjórnarinnar.

15. gr. Bæjarstjórnin kýs fjóra menn til að vera í byggingarnefnd fyrir kaupstaðinn, ásamt með bæjarfógeta; skulu tveir þessara manna kosnir úr flokki bæjarfulltrúa.

16. gr. Bæjarstjórnin velur 2 menn til að sitja í hafnarnefnd, ásamt bæjarfógeta; skal annar þeirra ávallt kosinn úr flokki bæjarfulltrúa.

17. gr. Bæjarstjórnin kýs bæjargjaldkera, og má veita honum árlega þóknun. Skal hann skyldur að hafa starf sitt á hendi að minnsta kosti um 3 ár, nema að beri einhver þau atvik, er aptri honum frá því, og sem bæjarstjórnin tekur gild.

18. gr. Bæjarstjórnin setur embættismenn eða sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögreglupjóna, næturverði og fangaverði setur bæjarstjórnin eptir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarfulltrúanna.

19. gr. Reikningsár kaupstaðarins er frá nýári til nýárs. Innan 1. dags. októbermán. ár hvert skal bæjarstjórnin semja áætlun yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins hið næsta ár. Í áætluninni skal tilgreina tekjur þær, sem til eru til þess að borga með gjöldin, án þess að skattur sje lagður á bæjarbúa. Síðan skal til eiginlegra bæjarþarfa jafna frá 1 til 2 aura á hverja ferhyrningsalin í grunnum undir íbúðarhúsum og geymsluhúsum og $^1/_{10}$—$^1/_5$ eyris á hverja ferhyrningsalin í óbyggðri útmældri lóð kaupstaðarins Þó greiðist þetta gjald eigi af fjárhúsum. Því, sem ávantar til að standa straum af bæjarþörfum, skal jafna niður á bæjarbúa eptir efnum og ástæðum.

Áætlun þá, sem þannig er samin, skal ræða í bæjarstjórninni á 2 fundum með viku millibili. Við aðra umræðu skal bæjarstjórnin íhuga áætlunina grein fyrir grein og greiða atkvæði um hverja grein fyrir sig. Skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin samþykkir hana, vera regla fyrir hæð bæjargjalda og fjárstjórn allri á næsta ári. Áætlun þessa skal leggja fram innan 1. dags nóvembermán., og skal hún vera öllum til sýnis í hálfan mánuð.

Án samþykkis landshöfðingja má eigi nokkurt ár leggja hærri bæjargjöld samtals á bæjarbúa, en sem svari meðaltali allra bæjargjalda þrjú hin síðustu árin, að fimmtungi viðbættum.

20. gr. Niðurjöfnun eptir efnum og ástæðum nær til allra, sem hafa fast aðsetur i bænum; þeir skulu greiða þar fullt gjald eptir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft aðsetur annarstaðar; sje svo, má ekki leggja hærra gjald á þá, en samsvari þeim tíma, er þeir hafa haft fast aðsetur i kaupstaðnum. Fast aðsetur í bænum skemmri tíma en fjóra mánuði kemur ekki til greina.

Sömuleiðis má leggja gjald á fastar verzlanir og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki í kaupstaðnum, er sjeu rekin að minnsta kosti um 4 mánuði af gjaldárinu, þó eigendur þeirra eigi hafi þar fast aðsetur. Á þessa stofna skal leggja gjald, er samsvari útsvarinu eptir efnum og ástandi, eptir því er hæfa þykir eptir árlegri veltu og arði, án þess tillit sje haft til annara tekja eða eigna þess, sem í hlut á.

21. gr. Fimm manna nefnd skal jafna niður gjöldum eptir efnum og ástæðum. Um kosningarrjett og kjörgengi til þessarar niðurjöfnunarnefndar gildir hið sama, sem á er kveðið um kosningarrjett og kjörgengi til bæjarstjórnar. Nefndarmenn skulu kosnir til 6 ára, og skal kosning fram fara í septembermánuði. Af þeim, sem kosnir voru í fyrsta skipti, fara 2 frá að 3 árum liðnum. Skal það, hverjir frá fara, vera komið undir samkomulagi, en verði því eigi á komið, skal hlutkesti ráða. Síðan fara frá á hverjum 3 ára fresti til skiptis 3 og 2 nefndarmenn. Um kosningaraðferðina í nefnd þessa gildir hið sama, sem fyr segir um kosning í bæjarstjórn, að svo miklu leyti sem við getur átt.

Enginn, sem skyldur er að taka móti kosning í bæjarstjórnina, getur skorazt undan að taka móti kosning í niðurjöfnunarnefndina, nema bæjarfulltrúarnir. Hver sá, er verið hefur 6 ár eða lengur samfleytt í nefndinni er og undanþeginn starfa þessum jafnlengi og hann hefur í henni verið. Enginn má á sama tíma sitja í niðurjöfnunarnefnd og bæjarstjórn.

Niðurjöfnunarnefndin kýs sjer sjálf oddvita úr sínum flokki, og gildir hið sama um ályktanir hennar og atkvæðagreiðslu sem um bæjarstjórnina (12. gr.).

22. gr. Niðurjöfnunarnefndin jafnar niður hinum árlegu gjöldum í nóvembermán. samkvæmt áætluninni. Niðurjöfnunarskráin og skrá um önnur gjöld bæjarins skal liggja öllum til sýnis um hálfan mánuð fyrir árslok, annaðhvort á bæjarþingsstofunni eða á öðrum hentugum stað, eptir að búið er að birta það opinberlega. Bæjarstjórnin má ákveða, að aukaniðurjöfnun skuli fram fara í síðari hluta júnímánaðar ár hvert, og skulu skattar þá lagðir á þá, sem flutt hafa sig til kaupstaðarins, eptir að aðalniðurjöfnunin fór fram og skyldir eru að greiða skatt samkv. 19. gr. Þessi aukaniðurjöfnun skal liggja öllum til sýnis í hálfan mánuð, eins og sagt er að framan.

Kærur gegn hinni framlögðu niðurjöfnun skulu sendar niðurjöfnunarnefndinni skriflega innan hálfs mánaðar frá því, að niðurjöfnunarskráin hefur verið til sýnis. Innan hálfs mánaðar þar á eptir skal nefnd þessi skriflega tilkynna kærandanum, hvort, eða að hve miklu leyti krafa hans hafi verið tekin til greina. Ályktun þá, sem niðurjöfnunarnefndin hefur gjört, má svo innan hálfs mánaðar þar á eptir bera upp fyrir bæjarstjórninni, sem leggur úrskurð sinn á málið innan hálfs mánaðar. Kærur, sem koma fram eptir hinn ákveðna tíma, verða eigi teknar til greina.

Hverjum, sem settur er í bæjargjald, er heimilt að kvarta yfir skattgjaldi því, sem lagt hefir verið, ekki að eins á sjálfan hann, heldur og á aðra, sem á niðurjöfnunarskránni standa, sem og líka yfir því, ef einhverjum er sleppt úr henni. Ef kvartað er yfir gjaldi annars manns, eða yfir því, að einhverjum sje sleppt, skal þeim manni gefinn kostur á að segja álit sitt um það efni, áður en úr þessu er skorið af niðurjöfnunarnefndinni eða bæjarstjórninni.

Ekkert bæjargjald má bæjarstjórnin lækka eða hækka, nema svo reynist, að það hafi verið sett að minnsta kosti 10% annaðhvort of hátt eða of lágt. Eigi má bæjarstjórnin heldur jafna gjaldi á neinn mann, sem sleppt hefur verið úrniðurjöfnunarskránni, nema gjald hans geti numið í hið minnsta því lægsta gjaldi, sem þegar hefur verið lagt á einhvern annan á niðurjöfnunarskránni.

Enginn getur, með því að bera sig upp við bæjarstjórnina um skattgjald sitt, komizt hjá því, að greiða þann hluta skattsins, sem kominn er í gjalddaga; en verði gjaldinu breytt, skal greiða aptur úr bæjarsjóði það, sem ofgoldið er.

23. gr. Ef ágreiningur verður milli Seyðisfjarðar og annars íslenzks sveitarfje-

lags um, hvernig skipta eigi milli þeirra skattgjaldi einhvers manns, skal landshöfðingi skera úr því. Verði þessi ágreiningur milli Seyðisfjarðar og sveitarfjelags í Danmörku, skal ráðgjafinn fyrir Ísland leggja úrskurð sinn á málið. Ef nokkur þykist ekki vera skattskyldur í bænum, má hann leita um það dóms og laga.

24. gr. Öll bæjargjöld skulu goldin fyrir 1. apríl og 1. okt. ár hvert, og ber bæjargjaldkera að innheimta þau, eins og aðrar tekjur kaupstaðarins. Sjeu þau eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga, ber að taka þau lögtaki.

Flytji skattskyldur maður sig úr bænum fyrir nýár, fellur allt það gjald burt, sem lagt er á hann sjálfan fyrir ár það, sem í hönd fer. Sá, sem flytur sig úr kaupstaðnum einhverntíma á árinu, er að eins skyldur að greiða skatt til loka þess ársfjórðungs, er hann flytur sig. Sá, sem settur er á aukaniðurjöfnunarskrána, er að eins skyldur að greiða skatt frá 1. júlí.

25. gr. Bæjarstjórnin og sjerstaklega bæjarfógeti skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn kaupstaðarins, og því sjá um, að skattar og aðrar tekjur sjeu rjett heimtar og í tækan tíma, og teknar lögtaki, ef þess þarf við; ennfremur gæta þess, að geymt sje og eptir atvikum ávaxtað fje bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að borga útgjöld hans.

Bæjarstjórnin skal hafa ábyrgð á innstæðum og öðrum eigum kaupstaðarins.

26. gr. Gjaldkeri skal, að minnsta kosti eitt sinn á hverjum 3 mánuðum, gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðskýrslu, er sýni, bæði hvað goldizt hafi í bæjarsjóð, og hvað úr honum hafi verið borgað. Eigi má bæjargjaldkeri greiða neitt úr bæjarsjóði nema eptir ávísun frá bæjarstjórninni. Allar ávísanir skulu vera undirskrifaðar af oddvita bæjarstjórnarinnar og að minnsta kosti 3 bæjarfulltrúum.

27. gr. Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda á vegavinnu, aðgjörðum á skólum og fátækrahúsum, á því, að útvega verknað og varning í þarfir bæjarins, og öðru þess konar, skal ekki goldið neitt.

28. gr. Bæjarstjórnin er skyld að útvega og láta landstjórninni í tje skýrslur þær, er hún kann æskja, svo sem um fólkstal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand kaupstaðarins.

29. gr. Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis landshöfðingja takast á hendur neina skuldbinding til langframa, sem ekki beinlínis hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufje kaupstaðarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans, nje kaupa neina nýja fasteign, ekki taka stærri lán nje lán upp á lengri tíma, en að þau verði borguð aptur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje heldur endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum.

30. gr. Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna árið og senda bæjærfógetanum fyrir lok janúarmánaðar; lætur bæjarfógetinn reikning þennan liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis, og skal um þetta og um, hvernig slíkt sje birt, farið að á sama hátt og fyrir er mælt að framan í 22. gr. um niðurjöfnunina. Reikningurinn sje því næst vandlega yfirfarinn af yfirskoðunarmanni, er kosinn sje af kaupstaðarbúum þeim, er samkvæmt 5. gr. hafa kosningarrjett; skal hann kjörinn á sama hátt og fulltrúarnir og hafa það starf á hendi um 3 ár. Skoðunarmaður skal hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því hann fjekk hann. Þegar gjaldkeri er búinn að svara athugasemdum hans, en það skal hann hafa gjört innan hálfs mánaðar, skal leggja reikninginn ásamt athugasemdum skoðunarmanns og svari gjaldkera fyrir bæjarstjórnina, er leggur úrskurð sinn á athuga-

semdir yfirskoðunarmanns og veitir bæjargjaldkera kvittun; þó má enginn taka þátt í úrskurði á athugasemd, sem snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sjerstaklega falin á hendur (3. gr.). Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnarinnar sje rjettur, enda leggi úrskurðurinn honum peningaábyrgð á hendur, og má hann halda málinu til dóms og laga. Þegar búið er að endurskoða og leggja úrskurð á reikning gjaldkera, á að birta á prenti ágrip af honum, er bæjarfógetinn semji; á ágrip það að vera svo fullkomið, að til sjeu greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

31. gr. Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda landshöfðingja reikning fyrir hið umliðna reikningsár með athugasemdum yfirskoðunarmanns og úrskurðum bæjarstjórnarinnar á þeim. Komist landhöfðingi að því, þá er hann yfirfer reikninginn eða á annan hátt, að bæjarstjórnin hafi viðhaft ólögmæt gjöld, neitað að greiða þau gjöld, sem löglega hvíla á kaupstaðnum, eða á annan hátt beitt ranglega valdi sínu, skal hann gjöra þær ráðstafanir, er við þarf, og, ef nauðsyn ber til, getur hann með lögsókn komið ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, er hafa átt þátt í þessum ályktunum.

32. gr. Landshöfðingi gjörir ráðstöfun til, að lög þessi geti öðlazt fullt gildi 1. dag janúarmánaðar 1895.

Ed. **478. Frumvarp**

til laga um stofnun háskóla. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í n. d.).

1. gr. Í Reykjavík skal stofna háskóla fyrir íslenzk embættismannaefni.

2. gr. Í skóla þessum skulu vera þrjár deildir. Skal í einni kennd guðfræði, annari lögfræði og í hinni þriðju læknisfræði. Auk þess skal þar einnig kennd heimspeki og önnur vísindi eptir því, sem síðar verður ákveðið með lögum.

3. gr. Tilhögun á kennslunni og kennsluskipanin í guðfræði, læknisfræði og heimspeki skal vera hin sama, sem nú er á prestaskólanum og læknaskólanum, þangað til öðruvísi verður ákveðið, og takast kennendur þeir, sem nú eru á menntastofnunum þessum, á hendur kennsluna, hver í sinni vísindagrein, en kennsluna í lögfræði skulu hafa á hendi tveir kennarar, og skal annar vera formaður deildar þeirrar.

4. gr. Laun kennendanna í guðfræði, læknisfræði og heimspeki skulu vera hin sömu, sem lög ákveða kennendum prestaskólans og læknaskólans; en laun formanns lögfræðisdeildarinnar 3000 kr. og hins kennarans 2000 kr.

5. gr. Þeir, sem vilja stunda nám við skóla þennan, skulu hafa tekið burtfararpróf við hinn lærða skóla í Reykjavík, eða einhvern lærðan skóla í Danmörku; próf í forspjallsvísindum skulu þeir hafa tekið áður en þeir mega ganga undir burtfararpróf við háskólann; en það veitir aðgang að embættum á Íslandi.

6. gr. Ráðgjafinn fyrir Ísland semur reglugjörð fyrir skólann.

7. gr. Þegar skólinn tekur til starfa eptir lögum þessum, þá eru prestaskólinn og læknaskólinn af numdir sem sjerstakar kennslustofnanir.

Nd. **479. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur, 14. jan. 1876, og viðauka við þau, (eins og það var samþykkt við 2. umr. í neðri deild).

1. gr. Enginn má koma fram sem útflutningastjóri, nema hann hafi fengið sjerstaklegt leyfi til þess. Hver sá maður verður álitinn útflutningastjóri, sem tekst á hendur á eiginn kostnað eða annara, að annast um flutning útfara í aðrar heimsálfur. Engir aðrir en þeir, sem eru löggildir útflutningastjórar og umboðsmenn þeirra, mega gjöra samninga við útfara um slíkan flutning, eða bjóða fram milligöngu sína til þess að gjöra slíka samninga.

2. gr. Enginn má semja við útfara hvorki skriflega nje munnlega, um flutning í aðra heimsálfu á þann hátt, að útfari skuli vinna af sjer farareyri, er þangað kemur, enda er og sá samningur ógildur.

3. gr. Enginn má ferðast hjer um land í þeim erindum, að æsa menn til að flytja af landi burt.

4. gr. Eigi má taka útfara á skip, fyr en lögreglustjóri á þeim stað, er skipið leggur út frá, hefur gefið skriflegt leyfi til þess.

Áður en lögreglustjóri veitir þetta leyfi, skal hann athuga það vandlega, að skipið sje hentugt til þess, sem það er ætlað, bæði með því að láta menn, sem vit hafa á, halda skoðunargjörð, eptir því er hann mælir fyrir, og með því að rannsaka skoðunarskýrteini þau, sem gefin eru út á þeim stað, sem skipið á heima, en skýrteini þessi gilda þó eigi lengur en eitt ár, frá því er þau eru gefin út. Þó er hið konunglega póstgufuskip undanþegið þessari rannsókn.

Í leyfinu skal lögreglustjóri kveða nákvæmlega á um það, hversu marga útfara megi taka á skipið; setja má hann þar og frekari reglur um tilhlýðilega meðferð á útförunum, ef honum þykir nauðsyn til bera.

Nú er skip haft til að taka útfara á fleiri höfnum en einni í sömu ferð, og skal þá leyfið fengið hjá lögreglustjóra á þeim stað, er útfarar eru fyrst teknir í skipið. Á hverri höfn, er skipið síðan kemur á til að taka útfara, sje leyfið sýnt lögreglustjóra, og skal hann gæta þess, að fyrirmælum um tölu og meðferð útfara sje hlýtt.

Það er á ábyrgð útflutningastjóra, ef nokkur útfari er látinn ganga á skip, áður en leyfi það, sem skipið þarf, er fengið.

5. gr. Ekkert skip má taka útfara til útflutnings, nema hann hafi útfararsamning áteiknaðan af lögreglustjóra eða löggiltum umboðsmanni hans, áður en hann fer á skip, svo og leiðarbrjef frá lögreglustjóra í því umdæmi þar sem útfari átti síðast heimili.

6. gr. Ef einhver afhendir öðrum manni leiðarbrjef sitt til þess að sá maður geti haft það fyrir leiðarbrjef, varðar það sektum allt að 400 kr. Þau sektamál skal sækja sem almenn lögreglumál.

7. gr. Brot gegn 1., 2. og 3. gr. varða sektum allt að 2000 kr.; þó má herða á hegningunni með því, að beita einföldu fangelsi í 2 mánuði eða öðru fangelsi, svo sem því svarar. Mál sem rísa út af slíkum brotum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

8. gr. Brot gegn 4. og 5. gr. varða sektum allt að 2000 kr. og þar að auki allt að 400 kr. sekt fyrir þann mann, sem tekinn er á skip gegn ákvæði 5. greinar. Sektirnar skulu ákveðnar með úrskurði landshöfðingja, og greiðist sektarfje af upphæð þeirri, er útflutningastjóri hefur að veði lagt.

9. gr. Allar sektir eptir lögum þessum renna í landssjóð.

10. gr. Hjer með er úr lögum numin 1. og 7. gr. í lögum um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur 14. jan. 1876 og 3. gr. í lögum um viðauka við þau lög, nr. 14, 18. sept. 1891.

Nd. **480. Frumvarp**

til laga um kosningar til alþingis. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Nd.).

Kosningarrjettur og kjörgengi.

1. gr. Með þeim takmörkunum, sem nákvæmar eru teknar fram hjer á eptir (1.—5. gr.), hafa kosningarrjett til alþingis:

a, allir bændur, sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til allra stjetta; þó skulu þeir, sem með sjerstaklegri ákvörðun kynnu að vera undanskildir einhverju þegnskyldu gjaldi, ekki fyrir það missa kosningarrjett sinn;

b, kaupstaðarborgarar, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 8 kr. á ári;

c, þurrabúðarmenn, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 12 kr. á ári;

d, embættismenn, hvort heldur þeir hafa konunglegt veitingabrjef, eða þeir eru skipaðir af því yfirvaldi, sem konungur hefur veitt heimild til þess;

e, þeir sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, eða embættispróf við prestaskólann í Reykjavík eða eitthvert annað þess háttar opinbert próf, sem nú er eða kann að verða sett, þótt ekki sje þeir í embættum, ef þeir eru ekki öðrum háðir.

Þar að auki getur enginn átt kosningarrjett, nema hann sje orðinn fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram.

2. gr. Enginn getur átt kosningarrjett, nema hann hafi óflekkað mannorð; um sá verður eigi talinn að hafa óflekkað mannorð, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, nema því að eins, að hann hafi fengið uppreisn æru sinnar, samkvæmt tilskipun 12. marz 1870.

3. gr. Enginn getur átt kosningarrjett, sem eigi er fjár síns ráðandi eða sem orðinn er gjaldþrota.

4. gr. Enginn getur átt kosningarrjett, sem þiggur af sveit eða hefur þegið sveitarstyrk, nema hann sje annað hvort endurgoldinn, eða honum hafi verið gefinn hann upp.

5. gr. Enginn getur átt kosningarrjett, nema hann hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár, þá er kosningin fer fram. Sá, sem hefur fast aðsetur í fleiri stöðum, segi sjálfur til, á hverjum staðnum hann vilji neyta kosningarrjettar síns.

6. gr. Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem hefur kosningarrjett samkvæmt greinunum að framan, ef hann

1, ekki er þegn annars ríkis, eða í þjónustu þess;

2, hefur að minnsta kosti í síðustu fimm ár verið í löndum þeim í norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi, og

3, er orðinn fullra 30 ára að aldri, þegar kosningin fer fram.

Kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefur verið þar skemur en eitt ár.

Kjörskrár.

7. gr. Hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn skal semja og halda kjörskrár yfir þá menn í hverjum hreppi eða bæ, sem kosningarrjett hafa.

8. gr. Á kjörskránar skal setja sjerstaka dálka fyrir fullt nafn kjósenda, aldur

þeirra, stjett og heimili, og skal á skránum vera rúm þar sem rituð verður atkvæðagreiðsla kjósenda. Á hverri kjörskrá skal raða niður nöfnum kjósenda eptir stafaröð.

9. gr. Kjörskrárnar skulu samdar einu sinni á ári hverju; skulu þær kjörskrár lagðar til grundvallar, sem þá eru í gildi, en þeir kjósendur úr feldir, sem síðan eru dánir eða hafa flutzt burtu eða misst kosningarrjett sinn (sbr. 2., 4. og 5. gr.) og þeim bætt við, sem síðan hafa öðlazt kosningarrjett eða fyrir 6. júnímánaðar fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru um aldur og heimili. Enn fremur skulu þeir, sem að vísu enn þá eigi hafa fullnægt þeim skilyrðum, er síðast var getið, en vænta má að muni fullnægja þeim einhvern tíma á því ári, er kjörskrárnar skulu gilda fyrir, teknir upp á skrá sjer, og skal um leið tilgreina þann dag á árinu, er þeir annað hvort verða fullra 25 ára að aldri, eða hafa verið heimilisfastir í kjördæminu.

10. gr. Kjörskrárnar skulu leiðrjettar í febrúarmánuði ár hvert. Efasemdum þeim, sem þá kunna að koma fram, skal hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn skera úr, þá er búið er að fá skýringar um málið.

11. gr. Frá 1. til 21. marz, að báðum þessum dögum meðtöldum, skulu kjörskrárnar liggja öllum til sýnis á þeim stað, sem er hentugur fyrir hrepps- eða bæjarbúa eða eptir atvikum á fleiri slíkum stöðum. Staðfest eptirrit af skránum má hafa til þess að leggja fram. Hvenær og hvar skrárnar verða lagðar fram, skal birta að minnsta kosti með 14 daga fyrirvara við kirkjufund eða á annan þann hátt, sem vant er að birta almennar auglýsingar þar á staðnum.

12. gr. Áður en 8 dagar eru liðnir frá þeim tíma, er kjörskrárnar hafa legið til sýnis, skal hver sá, er ætlar að sjer sje ranglega sleppt af skránni, eða að einhver sje þar, sem eigi hafi rjett til þess að standa þar, bera upp fyrir oddvita hlutaðeigandi sveitar eða bæjarstjórnar tilmæli sín um að verða tekinn upp á skrárnar, eða krefu sína um að nafn hins verði dregið út, og skulu tilfærðar ástæður þær, sem krafan er byggð á.

13. gr. Aðfinningum þeim við kjörskrárnar, sem þannig eru komnar fram, skal hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem skal haldinn áður en 3 næstu vikur eru liðnar. Til þess fundar skulu með 8 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinningar, og þeir, sem mælt er á móti, og skal hinum síðarnefndu um leið skýrt frá, hver mótmæli sjeu komin fram gegn þeim. Samkvæmt þeim skjölum, sem málspartarnir leggja fram, og framburði þeirra vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreining þann, sem fram er kominn og hann ritaður með fám orðum í hina venjulega gjörðabók hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar. Þegar búið er að leiðrjetta kjörskrárnar samkvæmt þessu, skal oddviti hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar rita nafn sitt undir þær. Eptir þetta verður á því ári engin breyting gerð á kjörskránum, nema dómur sje á undan genginn (16. gr.).

14. gr. Þá er búið er að leiðrjetta kjörskrárnar, skulu þær alstaðar nema í Reykjavík samdar í tvennu lagi, og skal oddviti hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar tafarlaust senda aðra skrána oddvita þeirrar sýslunefndar, sem í hlut á. Hann skal fyrir 1. dag júlímánaðar skýra hlutaðeigandi amtmanni frá, hvort hann hafi tekið við öllum kjörskránum. en ef svo er ekki, hverjar vanti. Amtmaður skal þá sjá um, að þær skrár, sem vantar, verði útvegaðar tafarlaust, og beita hæfilegum þvingunarsektum, ef á þarf að halda.

I Reykjavík skal oddviti bæjarstjórnarinnar fyrir þann tíma, sem getið var, skýra amtmanninum yfir suðuramtinu frá, hvort búið er að leiðrjetta kjörskrána.

15. gr. Verði það uppvíst að kjörskrárnar sjeu eigi leiðrjettar á lögskipaðan hátt, skal skýra landshöfðingja frá því, og skal þá þegar ákveðið, hvort höfða skuli lögsókn, og skal amtmaður þar að auki skipa hlutaðeigandi sveitar eða bæjarstjórn, að gera tafarlaust þær ráðstafanir, sem fyrirskipaðar eru í lögunum, og leggja við hæfilega þvingunarsekt, ef á þarf að halda. Amtmaður skal, þegar svo á stendur, hafa vald til að stytta hvern þann frest, sem ákveðinn er í lögunum.

16. gr. Sá, sem er óánægður með úrskurð þann er synjar honum kosningarrjettar, má heimta að sjer sje fengið eptirrit af úrskurðinum kauplaust, og getur hann látið málið ganga til dóms og laga. Mál út af þessu skal farið með sem gestarjettarmál. Málspartarnir eru fyrir undirrjetti undanþegnir því að greiða rjettargjöld, og skal hið opinbera skipa mann fyrir hönd sveitar- eða bæjarstjórnarinnar, sem nefnt er. Verði það dæmt, að sá sem í hlut á, eigi kosningarrjett, skal taka hann upp á kjörskrána jafnskjótt og hann leggur fram eptirrit af dóminum.

17. gr. Kjörskrárnar gilda frá 6. júní til 5. júní árið eptir. Samkvæmt þessum skrám skulu allar kosningar til alþingis fram fara á því ári, þó þannig, að þess verði gætt, að þeir menn, sem á aukaskránni eru (1. gr.), að eins hafi rjett til þess að greiða atkvæði, ef þeir fyrir kosningardaginn hafa fullnægt þeim skilyrðum, sem sett eru um aldur og heimili. Ef kosning kemur fyrir fleirum sinnum á árinu, skal eptirrit af skránum, sem staðfest sje af hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn, vera til reiðu og til afnota við hina nýju kosningu.

Kjördæmi og kjörstjórnir.

18. gr. Sjer hver sýsla á landinu skal vera eitt kjördæmi, að undanteknum Skaptafells- og Þingeyjarsýslum, sem hvorri um sig skal skipta í 2 sjerstök kjördæmi með þeim takmörkum, sem hingað til hafa verið. Kaupstaðurinn Reykjavík með því nágrenni, sem heyrir undir lögsagnarumdæmi bæjarins, skal vera kjördæmi fyrir sig.

Tölu hinna þjóðkjörnu alþingismanna, sem ákveðin er í stjórnarskrá um hin sjertsaklegu málefni Íslands, 5. jan. 1874, 14. gr., skal skipt niður á þann hátt, að 2 alþingismenn sjeu kosnir í sjerhverju af kjördæmum þeim, sem hjer skulu talin: Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnessýslu, Rangárvallarsýslu, Ísafjarðarsýslu ásamt Ísafjarðarkaupstað, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu ásamt Akureyrarkaupstað, Norður-Múlasýslu og Suður-Múlasýslu, en í hverjum hinna kjördæmanna, sem eru Austur-Skaptafellssýsla, Vestur-Skaptafellssýsla, Vestmannaeyjasýsla, Reykjavíkurkaupstaður, Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Snæfellsness- og Hnappadalssýsla, Dalasýsla, Barðastrandarsýsla, Strandasýsla, Suður-Þingeyjarsýsla og Norður-Þingeyjarsýsla skal kjósa einn alþingismann.

19. gr. Fyrir hvert kjördæmi skal setja kjörstjórn. Skal í Reykjavík oddvit, bæjarstjórnarinnar vera oddviti kjörstjórnarinnar, og skulu að auki vera í henni tveir menn, sem bæjarstjórnin kveður til, einn úr sínum flokki, og einn úr flokki kjósenda n kaupstaðnum, en í hinum kjördæmunum er sýslumaður oddviti kjörstjórnarinnar, og er í henni að auki einn af sýslunefndarmönnum og einn úr flokki kjósenda í kjördæmi nu er sýslunefndin kýs.

20. gr. Heimilt skal amtsráðum að fjölga kjörstöðum í sýslu hverri eptir óskum og tillögum sýslunefnda. Þó skulu kjörstaðir aldrei vera fleiri en þrír í sýslu. Á kjörstöðum þessum skal kjörstjóri sýslunnar mæta.

21. gr. Oddviti kjörstjórnarinnar stendur fyrir öllum undirbúningi undir sjálfa kosninguna og sjer um, að kjörskrárnar sjeu við á kjörþinginu.

22. gr. Kjörstjórnin heldur kjörbók, þar sem bókað skal, að fram hafi verið lagðar kjörskrárnar og þau brjef, sem til hennar eru komin. Í kjörbókina skal rita það helzta af því, sem fram fer á kjörþingu, en þar með skal þó eigi telja ræður þær, sem haldnar verða. Kjörstjórnin skal rita nöfn sín undir kjörbókina, og skal í Reykjavík bæjarstjórnin geyma hana, en annarstaðar sýslunefndirnar.

Í síðasta lagi 8 dögum eptir kosninguna skal oddviti kjörstjórnarinnar senda landshöfðingja staðfest eptirrit af því, sem ritað er í kjörbókina um kosningu þá, sem fram hefur farið. Landshöfðingi fær síðan alþingi, er það kemur saman, eptirrit þetta, ásamt þeim skýrslum, sem honum hefur þótt ástæða til að útvega.

Þingmannaefni.

23. gr. Enginn sem ekki mætir sjálfur á kjörfundi, hvort heldur hann á heimili innan kjördæmis eða utan, getur orðið fyrir kosningu, þegar kjósa á alþingismenn, nema einn eða fleiri af kjósendum í kjördæminu í síðasta lagi fyrir náttmál kvöldinu fyrir þann dag, er kosningin skal fram fara, hafi skriflega skýrt oddvita kjörstjórnarinnar frá að hann taki við kosningu, og lýsi því yfir, að þeir vilji mæla fram með honum til þeirrar kosningar, sem til stendur, og skal þar með fylgja skrifleg yfirlýsing frá þeim, sem í hlut á, um að hann sje fús til þess að taka á móti kosningunni og að hann hafi eigi látið bjóða sig fram til kosningar í nokkru öðru kjördæmi, sem eigi hafi þá þegar hafnað framboði hans.

Nú vilja nokkrir kjósendur kjósa til alþingismanns einhvern þeirra sem á kjörþingi eru og skal hann þá gefa kost á sjer áður en kosningin byrjar, svo að oddviti kjörstjórnarinnar viti, að hann vill við kosningu taka, og geti boðið hann fram.

24. gr. Það er eigi nauðsynlegt, að kjörgengi þingmannaefna sje sönnuð fyrir kjörstjórninni. Komi fram við kosninguna mótmæli gegn kjörgengi þeirra, getur kjörstjórnin að vísu eigi bannað umræður um það, en heldur ekki fyrir þá sök getur hún skorazt undan að bjóða þá fram til kosningar. Alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru.

25. gr. Verði það uppvíst, að eitthvert þingmannsefni hafi gefið kost á sjer í fleirum en einu kjördæmi, er sú kosning eða þær kosningar ógildar, sem hann kann að verða fyrir, nema því að eins, að skilyrði því, sem sett eru í 23. gr., sje fullnægt.

Kosningarnar.

26. gr. Hinar almennu kosningar á þjóðkjörnum þingmönnum eiga venjulega að fara fram sjötta hvert ár.

Þegar slíkar kosningar eiga fram að fara, annaðhvort fyrir þá sök að kjörtímtími er á enda, eða vegna þess, að alþingi er rofið, verður gefið út um það opið brjef þar sem konungur skipar fyrir að kosningarnar skuli fram fara.

Kosningarnar skulu venjulega haldnar í septembermánuði árið áður en alþingi skal koma saman.

27. gr. Kjörtíminn fyrir allar kosningar skal talinn frá 1. september, ef ákveðið er samkvæmt greininni á undan, að kosningarnar skuli fram fara á þeim mánuði, en ef það kynni að verða ákveðið, að kosningarnar skuli fram fara á öðrum tíma árs, skal nákvæmar sagt fyrir um það í fyrnefndu opnu brjefi, frá hvaða degi kjörtíminn skuli talinn.

28. gr. Ef kjósa þarf einstakan þjóðkjörinn alþingismann, gildir hin nýja kosning fyrir svo langan tíma, sem sá átti eptir, er frá fór.

29. gr. Kosningarnar fram fara í kjördæmi hverju á kjörþingum og má hver koma þar, er vill.

30. gr. Oddviti kjörstjórnarinnar skal tiltaka dag og klukkustund, er kjörþingið skal haldið, og auglýsa með 4 vikna fyrirvara á kirkjufundum eða á annan venjulegan hátt, kjörstaðinn og nær kjörþingið skal haldið.

31. gr. Oddviti kjörstjórnar setur kjörþingið, og er hann hefur lesið upp hið konunglega opna brjef eða þann úrskurð landshöfðingja, er fyrirskipar kosninguna, leiðir hann athygli kjósendanna að því, hver tilgangurinn sje með kosninguna, og hve mikils varðandi hún sje. Hann nefnir síðan nöfn þeirra þingmannaefna, sem boðið hafa sig fram, og svo þeirra kjósenda, sem mæla fram með kosningu þeirra, og skorar á þá að ganga fram og kannast við meðmælingu sína. Sje þeir eigi komnir á fund, og hafi eigi tjáð forföll, sem kjörstjóri álítur gild, eða ef þeir skorast undan að standa við hina skriflegu meðmæling sína, verður hún eigi tekin til greina, og ef þannig má álíta, að einhver af þeim, sem gefið hafa til kynna, að þeir tæki við kosningu, hafi eigi lengur meðmæling til kosningar frá neinum kjósanda í kjördæminu, getur hann eigi orðið boðinn fram til kosningar.

Kjósendur þeir, sem eru á fundi og standa þar við meðmæling sína með einhverju þingmannsefni, eiga rjett á að taka til máls, og hið sama er um þau þingmannaefni, sem boðnir eru fram til kosningar. Að öðru leyti má bjóða þingmannsefni fram til kosningar, þótt eigi sje hann sjálfur á kjörþingi. Enn fremur er sjerhverjum kjósanda, sem er við staddur, heimilt að leggja spurningar fyrir þá kjósendar, sem mæla fram með einhverjum til kosningar, og eins fyrir þingmannaefni þau, sem eru á fundinum, og er þeim sömuleiðis heimilt að svara spurningunum. Samt má eigi bera upp neina slíka spurningu fyr en meðmælendunum og þeim þingmannaefnum, sem eru við staddir, hefur verið gefinn kostur á að taka til máls: Kjósendur þeir, er mæla fram með einhverjum til kosningar, og þingmannaefni, skulu látnir taka til orða eptir upphafsstaf í nöfnum þingmannaefnanna.

Oddviti stýrir umræðunum, og skal sjá um, að bæði þær og öll kosningin fari fram í góðri reglu. Enginn af kjörstjórunum má tala með eða á móti kosningu nokkurs þingmannsefnis.

Oddviti slítur umræðunum, þegar honum þykir það við eiga, og skorar hann síðan á kjósendur að ganga til kosningar með því að gefa atkvæði sitt einum, eða í þeim kjördæmum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, tveimur af þeim þingmannaefnum, sem boðnir hafa verið fram til kosningar. Þótt eigi sjeu fleiri þingmannaefni, er kjósa skal í kjördæminu, skal atkvæðagreiðsla samt fara fram (sbr 34. gr.).

32. gr. Kjörstjórnin ákveður í hvaða röð hrepparnir kjósa, kjósendur úr hverjum hreppi greiða atkvæði eptir stafaröð á kjörskránni. Enginn getur neytt kosningarrjettar síns, nema hann komi sjálfur á kjörþing.

33. gr. Oddviti kjörstjórnarinnar á eigi þátt í því að taka við atkvæðum. Einn af hinum, sem í kjörstjórninni nnieru, ritar eptir að hann hefur kannazt við kjósendurna, nafn þess eða í þeim kjördæmum þar sem kjósa skal tvo alþingismenn, nöfn þeirra tveggja þingmannaefna, sem kjósandi greiðir atkvæði sitt, við hliðina á hans eigin nafni í sjálfri kjörskránni. Annar úr kjörstjórninni ritar á sjerstaka atkvæðaskrá nafn kjósanda við hliðina á nafni þess eða þeirra þingmannaefna, sem hann hefur gefið atkvæði sitt. Áður en kjósandinn gengur frá, skal lesa upp fyrir honum bæði hans eigið nafn og þess eða þeirra nöfn, sem hann hefur kosið, til tryggingar því, að rjett sje ritað á báðar skrárnar, og að því beri saman hverju við annað.

Þegar engir fleiri kjósendur gefa sig fram, til þess að greiða atkvæði, skal oddviti hátt og snjallt skora á þá kjósendur, sem eigi hafa greitt atkvæði, að gjöra það, og skal hann um leið setja stuttan frest til þess, en frestur þessi má samt ekki, hvernig sem á stendur, vera skemmri en svo. að 2 klukkustundir líði frá því, að kosningargjörðin byrjaði, og þótt sá frestur sje liðinn, skal atkvæðagreigslu lokið, meðan kjósendur gefa sig fram til hennar, án þess að hlje verði á.

Þegar engir fleiri kjósendur æskja að taka þátt í kosningunni, samkvæmt því, sem sagt er, færa kjörstjorarnir, ef þeir hafa kosningarrjett, inn atkvæði sjálfra sín, og rita nöfn sín bæði undir kjörskrána og atkvæðaskrána, og er þá atkvæðagreiðslu lokið.

34. gr. Þar sem einn kjörstaður að eins er í kjördæmi, skal svo fara að talin sje saman atkvæði, þegar er kjörskrár hafa verið bornar saman við atkvæðaskrána. Er þá sá kosinn þingmaður fyrir það kjördæmi, er flest atkvæði hefur hlotið. Svo er og þar sem tvo skal kjósa, að þeir tveir, er flest atkvæði hafa fengið, eru kosnir þingmenn í því kjördæmi. Þó er enginn rjett kjörinn þingmaður, nema hann hafi hlotið meira en helming atkvæða þeirra, er greidd eru. Hljóti enginn, eða eptir því sem á stendur, einungis annar þeirra, sem í kjöri eru, næg atkvæði, skal aptur kjósa óbundnum kosningum, fái þá enn enginn þann atkvæðafjölda, sem með þarf, skal kjósa enn af nýju, enn þá að eins milli þeirra tveggja, eða, ef kjósa skal tvo, milli þeirra fjögurra, sem hafa hlotið flest atkvæði við síðari kosninguna. Sje svo, að fleiri hafi fengið jafnmörg atkvæði við aðra kosninguna, skal hlutkesti ráða, hvor þeirra geti orðið boðinn fram til hinnar bundnu kosningar. Hið sama skal hlutkesti ráða, ef atkvæði eru jöfn við þriðju kosningu.

Nú eru tveir kjörstaðir eða þrír í sýslu, og skal þá kjörstjóri telja saman á síðara kjörstaðnum, ella hinum síðasta, ef þrír eru kjörstaðirnir, öll þau atkvæði, er greidd hafa verið á kjörstöðum sýslunnar. Er þá sá rjett kjörinn þingmaður, er fengið hefur meira en helming atkvæða þeirra, er greidd hafa verið í allri sýslunni. Slíkt hið sama er og um þau kjördæmi, þar er tvo skal kjósa, að þeir tveir eru kosnir, er flest hlutu atkvæðin. Nú hefur enginn þingmanna fengið nægan atkvæðafjölda og skal þá þegar boðað til kjörfundar fyrir allt kjördæmið og fer þá eptir því, sem mælt er fyrir um kosningar, þar sem einn er kjörstaðurinn.

35. gr. Í kjörbókinni skal bóka hvernig kosningin hafi farið, og skal oddviti kjörstjórnarinnar lýsa því yfir fyrir þingheiminum; sömuleiðis skal kann svo fljótt sem

verða má, tilkynna kosninguna þeim, sem kjörinn er, sje hann eigi við staddur. Atkvæðaskrárnar skal leggja við kjörbókina, og skal öll kjörstjórnin rita nöfn sín undir hana.

36. gr. Kjörstjórnin fær hverjum þjóðkjörnum alþingismanni kosningarbrjef; skal það samið samkvæmt fyrirmynd, sem stjórnarráðið fyrir Ísland segir fyrir um, og skal kjörstjórnin rita undir það nöfn sín.

Kostnaður, ábyrgð og um það, hvenær lög þessi skulu öðlast gildi.

37. gr. Alþingismenn fá í endurgjald 6 krónur um hvern dag bæði fyrir þann tíma, sem þeir þurfa til ferðarinnar til alþingis og frá því og fyrir þann tíma, sem þeir eru á alþingi. Sömuleiðis fá þeir endurgoldinn ferðakostnað eptir reikningi, sem nefnd, kosin af hinu sameinaða alþingi, úrskurðar og forseti í hlutaðeigandi þingdeild ávísar. Þessi útgjöld greiðast úr landssjóði.

38. gr. Annarstaðar en í Reykjavík mega kjörstjórarnir reikna sjer fæðispeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað, samkvæmt tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi, 4. maí 1872, 33. gr., þannig að útgjöldin greiðist úr sýslusjóðnum. Ef annar kostnaður verður við kosningarnar, t. a. m. til prentunar kjörskránnna, til auglýsinga o. fl., skal einnig greiða hann úr sýslusjóðnum. Í Reykjavík skal greiða útgjöld þau, sem síðast voru nefnd, úr sjóði bæjarins.

39. gr. Vanræki nokkur störf þau, sem honum eru á hendur falin með lögum þessum, skal hann sæta 10—200 króna sektum, ef eigi liggur þyngri hegning við samkvæmt lögum.

40. gr. Lög þessi öðlast gildi við lok kjörtíma þeirra alþingismanna, sem nú eru. En ef nýjar almennar kosningar fara fram fyrr, sökum þess að alþingi sje rofið, skulu þær fram fara eptir lögum þessum.

41. gr. Hjer með eru úr gildi numin lög um kosningar til alþingis frá 14. sept. 1877.

Ed. **481. Tillaga**

til þingsályktunar um styrkveitingu til búnaðarfjelaga (eins og hún var samþykkt við síðari umr. í Nd.).

Alþingi ályktar, að skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til búnaðarfjelaga og reglur fyrir úthlutun styrksins skuli vera á þessa leið:

I. Skilyrði.

1. Fjelag getur því að eins orðið aðnjótandi styrks, að í því sje að minnsta kosti 10 fjelagsmenn, er jarðarnot hafa og taka þátt í jarðyrkjustörfum fjelagsins, og að unnin sje minnst 12 dagsverk að jarðabótum þeim, er taldar eru hjer á eptir, að meðaltali fyrir hvern fjelagsmann.

2. Bónarbrjef um styrkinn skulu send landshöfðingja fyrir 1. júlí það ár, sem styrknum er úthlutað. Skal þeim fylgja endurskoðaður reikningur yfir tekjur og gjöld fjelagsins næsta ár á undan og skýrsla um jarðabótastörf fjelagsmanna hið sama ár, gjörð eptir formi því, er fylgir þingskjali 234 (Alþt. 1893, C. bls. 339), af skoðunarmanni, er sýslunefnd eða bæjarstjórn hefur til þess kjörið. Í slíkri skýrslu má eigi telja viðgerð á eldri jarðabótum.

3. Styrknum skal úthluta þannig, að $^4/_5$ hlutum hans sje skipt milli fjelaganna eptir tölu dagsverka þeirra, er fjelagsmenn hafa unnið að jarðabótum (2. gr., fyrri málsgrein), en $^1/_5$ hluta sje skipt eptir tölu fjelagsmanna milli fjelaga þeirra, er fullnægjandi skoðunarskýrslur gefa (2. gr., síðari málsgr.).

II. Reglur.

1 Í skýrslu skal þessar jarðabætur telja:

a. Þúfnasljettur.
b. Matjurtareiti ný yrkta, flatarmálið.
d. Varnir um slægjulönd og matjurtareiti.
e. Flóðgarða og stíflur.
f. Vatnsveitingaskurði.
g. Lokræsi.

2. Í dagsverk skulu jarðabætur lagðar þannig:

a. Þúfnasljettur	10	□ faðm.
b. Matjurtareitir ný yrktir, jarðvegur byltur og blandaður (flatarmálið)	15	— —
d. Varnir um slægjulönd og matjurtareiti:		
1. Grjótgarðar einhlaðnir $3^1/_2$ fet á hæð	3	—
2. Grjótgarðar tvíhlaðnir, $3^1/_2$ fet á hæð	$1^1/_2$	—
3. Garðar úr torfi og grjóti, 4 fet á hæð	$3^1/_2$	—
4. Garðar úr torfi, sem sje að minnsta kosti 4 fet á hæð og 3 fet á þykkt.	4	—
5. Garðar úr torfi, 3—4 fet á hæð, með 5—6 feta breiðum varnarskurði að utanverðu, þrístungnum	5	—
e. Flóðgarðar og stíflur:		
1. 1—2 feta háir	300	ten. fet.
2. yfir 2 — —	200	— —
f. Vatnsveitingaskurðir:		
1. Allt að 5 feta breiðir, tvístungnir	350	— —
2. Yfir 5 feta breiðir, þrístungnir eða meira	250	— —
g. Lokræsi:		
1. Með grjóti (mölræsi)	3	faðm
2. — hnaus (holræsi)	8	—

Nd. **482. Breytingartillaga**

við frv. til laga um sameining amtmannaembættanna. Frá Jens Pálssyni, Sigfúsi Arnasyni, Sk. Thoroddsen, Þórði Guðmundssyni, Jóni Jónssyni 2. þm. N.-M., Boga Th. Melsteð.

Við 1. gr. Fyrsta grein frumvarpsins orðist svo:

Island skal fyrst um sinn vera eitt amtmannsumdæmi.

Nd

483. Frumvarp

til laga um stofnun brunabótasjóðs. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Nd.).

I. Kafli.

Stofnun sjóðsins.

1. gr. Brunabótasjóð skal stofna hjer á landi, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr. Í kaupstöðunum Reykjavík, Ísafirði og Akureyri og verzlunarstöðunum Vestmannaeyjum, Eyrarbakka, Keflavík, Hafnarfirði, Akranesi, Stykkishólmi, Sauðárkrók, Vopnafirði, Seyðisfirði og Eskifirði, skal öllum húseignum, hvort sem þær eru eign almennings eða einstakra manna, haldið í brunabótaábyrgð samkvæmt lögum þessum.

3. gr. Eigendur húseigna og bæja á öðrum stöðum en þeim, sem nefndir eru í 2. gr., geta fengið brunabótaábyrgð á þeim, ef stjórn sjóðsins samþykkir það.

4. gr. Áður en sjóðurinn er stofnaður, skal fara fram virðingargjörð á öllum húseignum á þeim stöðum, sem nefndir eru í 2. gr., eptir reglum, sem landshöfðingi setur. Í Reykjavík fer þó að eins fram skoðunargjörð, nema ef um ný hús er að ræða, eða þau hús, sem að áliti virðingarmanna ekki ná síðasta virðingarverði.

5. gr. Virðingargjörðir þær, sem nefndar eru í 4. gr., skulu framkvæmdar af 3 mönnum, er bæjarfógeti eða sýslumaður útnefnir fyrir rjetti til 6 ára, nema þar sem skipaður er slökkviliðsstjóri, þá er hann sjálfkjörinn þriðji virðingarmaður.

Fyrir virðingargjörðir þessar skal greiða hverjum virðingarmanni 4 kr. á dag, og slökkviliðsstjóra 2 kr. að auki. Borgun þessa greiða húseigendur allir á hverjum stað, samkvæmt niðurjöfnun bæjarfógeta eða sýslumanns, eptir virðingarverði húseignanna.

6. gr. Virðingargjörð á húseignum, sem teknar eru í brunabótaábyrgð utan þeirra staða, sem nefndir eru í 2. gr., skulu sömuleiðis framkvæmdar af 3 mönnum, sem sýslumaður útnefnir í hvert skipti, og fá þeir sömu þóknun fyrir starf sitt, eins og segir í 5. gr., og greiðir gjörðarbeiðandi hana.

7. gr. Bæjarstjórnir og hreppsnefndir skulu hafa eptirlit með virðingargjörðum þeim, sem haldnar verða til þess að taka hús í ábyrgð og láta uppi álit sitt um verð það, sem sett er á hverja einstaka eign; verður engin húseign tekin í ábyrgð fyrir meiru en þær álíta hæfilegt.

8. gr. Stjórn sjóðsins skal hafa heimild til að láta virðingarmenn halda almenna skoðunargjörð 6. hvert ár, á kostnað eigendanna, á öllum þeim húseignum, sem eru í ábyrgð sjóðsins, og skulu þeir þá virða upp aptur þau hús, sem þeir álíta að lækkað hafi í verði. Enn fremur hefur stjórn sjóðsins heimild til, að láta virða af nýju einstakar húseignir. Kostnaðinn við þá virðingargjörð greiðir húseigandi, ef húsið lækkar í virðingu, ella greiðist hann af brunabótasjóði. Sömuleiðis getur hver, sem tryggir húseign í sjóðinn, heimtað virðingu á sinn kostnað, ef hann hefur byggt við hana eða endurbætt hana, og fengið brunabótaábyrgðina hækkaða því samkvæmt.

9. gr. Brunabótagjaldið hvílir á húseign þeirri, sem vátrygð er, og gengur í 2 ár fyrir öllum öðrum skuldum, sem á húseigninni kunna að hvíla nema sköttum til landssjóðs. Brunabótagjaldið, svo og borgun fyrir virðingu, má taka lögtaki eptir þeim reglum, er gilda um lögtak á sköttum til landsjóðs.

10. gr. Þegar húseignir á þeim stöðum, sem nefndir eru í 2. gr., eru byggðar af nýju, skal á þær leggja eldtraust þak.

11. gr. Það er skylda kaupstaða þeirra og verzlunarstaða, sem nefndir eru í 2.

gr., að hafa slökkvitól þau, sem stjórn sjóðsins ákveður, og halda þeim vel við. Allir bæjarbúar eða íbúar verzlunarstaðar, sem til þess verða álitnir hæfir, skulu vera skyldir að mæta tvisvar á ári til slökkviliðsæfinga.

Þegar eldsvoði kemur upp, skulu allir verkfærir karlmenn í bænum eða verzlunarstaðnum vera skyldir að koma til brunans og gjöra allt, sem þeim verður skipað af slökkviliðsstjóra eða aðstoðarmanni hans.

II. Kafli.

Stjórn sjóðsins.

12. gr. Stjórn landsbankans hefur á hendi stjórn brunabótasjóðsins undir yfirumsjón landshöfðingja. Lögheimili sjóðsins er í Reykjavík.

13. gr. Bankastjórnin semur reglugjörð fyrir sjóðinn um framkvæmdarstjórn hans, bókfærslu og reikningsskil. Í reglugjörðinni sje ákveðið, hvers konar húseignir sjóðurinn tryggir, og hverja muni, sem húsum fylgja; hvernig hinar tryggðu húseignir skuli vera byggðar, og þeim haldið við, til að tryggja þær fyrir eldsvoða; hve opt skal virða tryggðar húseignir upp aptur; á hvern hátt skaða af eldsvoða skal meta, og hvernig hann skal endurgjalda; hvort sjóðurinn tryggir aptur hjá öðrum fjelögum nokkrar húseignir; hvernig skera skal úr ágreiningi milli einstakra húseigenda, verzlunarstaða eða kaupstaða og stjórnarinnar. Enn fremur ákveður reglugjörðin, hve mikið brunabótagjald skal greiða af hvers konar húseign á hverjum stað; hverja borgun sjóðurinn má taka fyrir tryggingarskírteini eða önnur vottorð; hvernig innstæðu sjóðsins skal ávaxta; hve miklu fje má verja til framkvæmdarstjórnar og til launa handa endurskoðara.

Reglugjörð þessa staðfestir landshöfðingi, og verður henni ekki breytt nema með samþykki bankastjórnarinnar og landshöfðingja.

14. gr. Stjórn sjóðsins er ávallt skyld að gefa landshöfðingja allar þær upplýsingar um sjóðinn, sem honum kann að þykja ástæða til að heimta. Landshöfðingi getur og, hvenær sem er, látið rannsaka allan hag sjóðsins.

15. gr. Landshöfðingi skipar endurskoðara, er rannsakar reikning sjóðsins í hverju einstöku atriði og ber hann saman við bækur sjóðsins og heimafjeð. Endurskoðarinn skal að minnsta kosti tvisvar á ári sannreyna, hvort heimafje sjóðsins og verðskjöl sjeu fyrir hendi. Hann skal sjá um, að munir sjóðsins sjeu skrifaðir upp árlega, og heimta áreiðanlegt vottorð fyrir því, að þeir munir sjeu til, sem annarstaðar kunna að vera, en á heimili sjóðsins. Landshöfðingi úrskurðar og kvittar hinn endurskoðaða reikning sjóðsins.

16. gr. Hinn úrskurðaða reikning skal birta í Stjórnartíðindunum, deildinni B. Þar að auki skal stjórn sjóðsins gefa landshöfðingja stutt yfirlit yfir hag sjóðsins eptir hvern ársfjórðung, sem birtist á sama hátt. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

III. Kafli.

Skyldur sjóðsins.

17. gr. Engin húseign fellur úr ábyrgð fyrir það, þó brunabótagjaldið hafi eigi verið borgað.

18. gr. Húseignir þær, sem eru í brunabótaábyrgð, skulu fá allan þann skaða að fullu bættan af sjóðnum, sem þær verða fyrir af eldsvoða, eða af eldingum, eða fyrir það, að hús, skíðgarðar eða annað, sem ásamt húseigninni er virt til

brunabóta, er rifið niður eða skemmt til að slökkva eld; farist slíkt hús alveg, skal sjóðurinn borga út það, sem þau hafa verið virt til brunabóta; en farist þau að eins að einhverju leyti, skal meta skaðann.

Sjóðurinn ábyrgist ekki skaða af hernaðar völdum, eða skaða, sem kemur af því að eigandinn er sjálfur valdur að brunanum, annað hvort með vilja eða fyrir vítavert aðgæzluleysi. Sje eigandinn viljandi eða fyrir vítavert aðgæzluleysi valdur að brunanum, geta þeir, sem þinglýst veð áttu í húseigninni, fengið brunabætur, svo framarlega sem aðrar eigur húseiganda hrökkva ekki til að gjöra þá skaðlausa.

19. gr. Brunabæturnar skulu ganga til þess, að koma húsinu eða bænum upp aptur, eða til aðgjörðar á þeim. Þó má stjórn sjóðsins gjöra undantekningar frá því með samþykki þeirra, sem þinglýst veð eiga í húsinu eða bænum.

20. gr Stjórn sjóðsins er skylt, hvenær sem þess er krafizt, að gefa hlutaðeigandi lögreglustjóra borgunarlaust skýrslu um, hver hús eða bæir sjeu tryggð til brunabóta í hans umdæmi, og ef brennur, að gefa upplýsingar um, hve hátt byggingin eða bærinn, sem brann, er tryggð.

21. gr. Reynist það, þegar hagur sjóðsins er gjörður upp á hverjum 10 ára fresti, að sjóðurinn hafi aukizt meira en stjórn sjóðsins virðist nauðsynlegt til nægilegrar tryggingar, þá skal landstjórnin leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um uppbót (bonus) til húseigenda.

IV. Kafli.

Ábyrgð landssjóðs.

22. gr. Landssjóður ábyrgist, að brunabótafjelagið geti staðið í skilum. Ef sjóðurinn bíður svo mikinn skaða af eldsvoða, að hann getur ekki bætt hann að fullu, greiðir landssjóður það, sem á vantar. Fje þetta, ásamt 4% vöxtum, endurborgar sjóðurinn með því, sem hann hefur afgangs útgjöldum sínum árlega.

23. gr. Þegar sjóðurinn er stofnaður, er úr lögum numin tilsk. 14. febr. 1874.

24. gr. Landstjórnin sjer um, að lög þessi komi til framkvæmda svo fljótt sem verða má.

Ed. **484. Tillaga**

til þingsályktunar um búnaðarskólana (eins og hún var samþykkt við síðari umr í Nd.).

Alþingi ályktar að skora á landshöfðingja, að gjöra ráðstafanir til, að reglugjörðir hinna 4 núverandi búnaðarskóla verði endurskoðaðar og gjörðar svo samhljóða sem unnt er, einkum að því er snertir inntökuskilyrði, kennslugreinir og burtfararpróf. Í reglugjörðunum sje ákveðið, að hjer eptir verði hafðar meiri æfingar í verklegu búnaðarnámi, en tíðkazt hefur, þannig, að námssveinar sje eigi að eins hafðir við þær haust og vor, heldur einnig mikinn hluta hins eiginlega sumartíma; þó sje það fyrst um sinn að aðalregla, að helmingur námssveina gangi að heyvinnu um heyskapartímann og skiptist á um það.

Ed. **485. Tillaga**

til þingsályktunar, (eins og hún var samþykkt við eina umr. í neðri deild).

Alþingi ályktar að skora á stjórnina, að láta gjöra uppdrátt til steinhúss handa forngripasafninu, náttúrugripasafninu og litmyndasafninu, og áætlun um kostnaðinn við að reisa slíkt hús, og leggja málið síðan fyrir alþingi 1895.

Nd. **486. Tillaga**

til þingsályktunar. Frá Jóni Þorkelssyni.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landshöfðingja að hlutast til um,

1. að settur verði brjefhirðingarstaður á Búðum í Snæfellsnessýslu og að aukapósti þeim, er gengur frá Rauðkollsstöðum til Ólafsvíkur, sje gert að skyldu að koma við á Búðum.

2. að, eptir að Rauðkollsstaða aukapósturinn er farinn frá Búðum til Ólafsvíkur, sje sendur aukapóstur frá Búðum kringum Jökul um Hellna, Saxahvol og Hjallasand inn til Ólafsvíkur og sömu leið til baka.

Nd. **487. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um atvinnu við siglingar. Frá nefndinni.

Við 18. gr. I staðinn fyrir »1. dag janúarmánaðar 1895« komi: 1. dag júlímánaðar 1895.

Nd. **488. Breytingartillögur**

við ferðaáætlun innanlands strandferðaskipsins árin 1894 og 1895 (þingskjal 408). Frá Jóni Þorkelssyni.

Á eptir Ólafsvík komi:

— Búðum . . . 8. — (í 6. dálki) 17.† — (í 7. dálki) 24.† — (í 11. dálki) 29. — (í 14. dálki).

Nd. **489. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um friðun á laxi (eins og það var samþykkt við 2. umr., þingskjal 474). Frá Sigurði Gunnarssyni, Jóni Þorkelssyni, Þóriði Guðmundssyni, Birni Sigfússyni, Þorláki Guðmundssyni og Sighvati Árnasyni.

Við 7. gr., aðra málsgrein. Á eptir orðunum: »þessari grein«, komi: »og næstu grein á undan (6. gr.)«.

Nd. **490. Tillaga**

til þingsályktunar. Frá Jóni Þorkelssyni, Sigurði Gunnarssyni og Jóni Jónssyni 2. þm. Eyf.

Neðri deild alþingis ályktar að setja nefnd til þess að semja ávarp til konungs.

Ed.

491. Nefndarálit.

í fjárlagamálinu.

Vjer, sem hin háttvirta efri deild skipaði í nefnd til að íhuga mál þetta, viljum hjer með stuttlega skýra frá áliti voru á máli þessu.

Sakir hins nauma tíma, er hin háttvirta neðri deild hefur afskammtað efri deild til þessa máls, hefur nefndin orðið að fara fljótar yfir málið en hún hefði ella gjört. Nefndin hefur fylgt þeirri meginreglu, að breyta sem minnst frá tillögum h. neðri deildar og því ekki gjört neinar stórvægilegar breytingar á frumvarpinu. Flestar þær breytingar, sem nefndin ræður til, hafa áður verið ræddar í neðri deild og fallið þar með örlitlum atkvæðamun. Sjálf hefur nefndin komið með fáar breytingar.

Ástæður nefndarinnar fyrir helztu tillögum hennar eru þessar:

1. Við 10. gr. A. 1. Hjer ræður nefndin til, að tekin sje aptur upp athugasemd sú, sem stóð í frumv. stjórnarinnar, með því að það, sem hjer ræðir um hefur engan kostnað í för með sjer fyrir landsjóðinn, og verður vart skoðað öðruvísi en tillátssemi við hlutaðeigandi embættismann.

2. — 10. — C. 4 a. 2—3. Nefndin ræður til að lækka fjárveitingar þær, sem hjer ræðir um, þannig, að Hólaskóli fái fyrra árið 5,000 kr. en síðara árið 3,500 kr. og Eyðaskóli 2,500 kr. hvort árið. Nefndin verður sem sje að álíta, að styrkur sá, sem búnaðarskólarnir fá eptir núgildandi fjárlögum, sje nægilegur eptir því fyrirkomulagi, sem nú er á skólum þessum bæði hvað bóklega og verklega kennslu snertir. Þó hefur nefndin ekki viljað fella alveg burtu breytingar h. neðri deildar; ræður hún því til, að Hólaskóla sjeu fyrra árið veittar 1,500 kr. fram yfir styrk þann, er hann nú hefur, og er það með sjerstöku tilliti til þess, að skóli þessi hefur haft mikinn kostnað af skólahúsbygging síðast liðið ár. Það er til Eyðaskólans kemur, getur nefndin ekki sjeð, að hann hafi tekið þeim umbótum síðan á seinasta þingi, að ástæða sje til að hækka styrkinn til hans eins mikið og h. neðri deild hefur gjört. Annars vill nefndin láta þess getið, að þar sem búnaðarskólarnir eru eign sýslufjelaganna, sem þau eru einráð um, bæði hvað snertir húsabyggingar og annað fyrirkomulag, þá eigi þau fremur en landssjóður að bera þann kostnað, er þau ráðast í án allrar tilhlutunar eða eptirlits frá hálfu þingsins og landstjórnarinnar.

3. — 10. gr. C. 4 g. Þennan staflið vill nefndin fella burtu, með því að henni þykir fjárveiting sú, sem þar er farið fram á, ekki nægilega undirbúin.

4. — 11. gr. 2. k. Nefndin ræður til að fella þennan staflið burtu, með því að víða er miklu meiri nauðsyn á aukalækni en í Árnessýslu, einkum meðan hjeraðslæknirinn situr þar, sem hann nú er, en aptur á móti vill nefndin ráða til að aukalæknir verði skipaður í norðurhluta Strandasýslu, sem heita má alveg læknislaus, meðan svo stendur sem nú er, að hjeraðslæknirinn situr á Bæ í Króksfirði eða alveg á enda læknishjeraðsins. En þegar þessi hjeraðslæknir, sem er aldraður maður, segir af sjer eða fellur frá, telur nefndin gjörlegt, að læknishjerað þetta hafi að eins einn lækni, er sitji í Steingrímsfirði innanverðum, og þessi aukalæknir sje því skipaður að eins til bráðabyrgða. Telur nefndin sjálfsagt, að landstjórnin taki þetta til greina við næstu læknaskipti í umdæmi þessu.

5. Við 11. gr. 3. Nefndin ræður til að færa tölulið þennan upp um 500 kr. hvort árið,

með því hún telur hjer um bil sjálfsagt að augnalæknir Björn Ólafsson flytji sig ekki til Reykjavíkur, ef hann fær að eins 1500 kr. í laun, þar sem það mundi verða peningalegur skaði fyrir hann. En nefndinni þykir það miklu skipta, að maður þessi setjist að í Reykjavík svo að hægra sje fyrir sjúklinga að ná til hans.

Aptan við þennan tölulið leggur nefndin til að komi nýr töluliður um, að tannlækni O. Nickolin verði veittar 500 kr. hvort árið. Maður þessi, sem er hinn eini tannlæknir hjer á landi, hefur nú 500 kr. úr landssjóði eptir gildandi fjárlögum, og nefndin fær ekki sjeð, að nein ástæða sje til að svipta hann styrk þessum framvegis, með því að þörfin fyrir læknishjálp þá, er hann einn getur veitt, er hin sama nú og áður.

6. — 12. gr. C. a. 2. Hjer þykir nefndinni ástæða til að veita stjórninni heimild til að semja við annan um strandferðirnar, ef samningar við Jónas Randulff farast fyrir af einhverjum ástæðum, og fyrir því ræður hún til að samþykkja athugasemd í þá átt.

7. — — — D. a-b. Nefndin vill orða skilyrðin fyrir styrkveitingum þessum dálítið á annan veg en í frumvarpinu.

8. — 13. gr. B. I. b. Hjer ræður nefndin til að bætt sje nýjum tölulið þess efnis, að veittur verði 400 kr. styrkur hvort árið til útgáfu kennslubóka á prestaskólanum. Er þetta bæði samkvæmt áskorun alþingis áður og beiðni frá prestaskólakennendunum, er bjóðast til að láta handritið ókeypis. Auðvitað yrði ekki gefið út fyrir fje þetta nema 10—14 arkir á ári og yrði því að verða framhald af þessari fjárveiting, ef hún ætti að koma að verulegum notum, en hins vegar ber mikla nauðsyn til, að gefa út þessar kennslubækur, til að ljetta af nemendunum hinum miklu fyrirlestrum, er gjöra guðfræðisnámið miklu örðugra en ella, ef hentugar kennslubækur væru til.

9. — 13. gr. B III. c 5. Nefndin vill ráða hinni h. deild til að hækka ölmusurnar við lærðaskólann um 500 kr. síðara árið; verður lækkunin þá 1000 kr. á fjárhagstímabilinu frá því, sem nú er, og telur nefndin það full-langt farið að þessu sinni.

10. — 13. gr. B. IV b. 4. Þennan lið ræður nefndin til að hækka um 100 kr. hvort árið af sömu ástæðum, sem tilgreindar eru í frumvarpi stjórnarinnar.

11. — — — — VI Hjer ræður nefndin til að bætt sje við 150 kr. fjárveiting hvort árið til heyrnar- og málleysingja kennara síra Ólafs Helgasonar; hefur hann skýrt frá, að hann sökum vaxandi aðsóknar að skólanum yrði að taka aðstoðarkennara, og virðist öll sanngirni mæla með því, að honum verði veitt þessi þóknun, með því að borgun sú, sem hann fær af jafnaðarsjóðunum, má teljast fremur lítil.

12. — — — — — — — Enn fremur leggur nefndin til, að hjer sjeu teknar upp aptur þær 600 kr. hvort árið, sem í frumvarpi stjórnarinnar og á núgildandi fjárlögum eru veittar til útgáfu kennslubóka við alþýðu- og barnaskóla; er brýn þörf á bókum þessum, til þess að skólar þessir geti fullnægt þeim skilyrðum, sem þingið hefur sett fyrir styrkveitingum úr landssjóði til þeirra.

13. Við 13. gr. VII. Nefndinni þykir rjett vera að bæta hjer inn í 500 kr. fyrra árið til að gjöra við sundlaugina hjá Laugarnesi eins og stóð í frumv. stjórn-

arinnar. Það hefur verið gjört allmikið við sundstæði þetta, en þarfnast þó enn mikillar aðgerðar og hefur nefndinni verið tjáð, að ekki myndi veita af 700 kr. til þess eða jafnvel meira. Sje þessi upphæð veitt, má telja víst, að verkið verði fullgert, enda ræður nefndin til að fje þetta útborgist ekki fyr, og að Reykjavík leggi það til, sem á vantar.

14. — 13. — C. 15. Styrk þennan vill nefndin binda því skilyrði, að verkið sje unnið undir umsjón landstjórnarinnar á þann hátt, sem cand. theol. Hannes Þorsteinsson hefur sjálfur skýrt nefndinni frá í brjefi dagsettu 17. þ. m., og að verkinu verði lokið á fjárhagstímabilinu, eins og einnig mun hafa verið tilætlun hinnar háttvirtu neðri deildar.

15. — 13. — C. 19. Þennan tölulið ræður nefndin til að fella burtu með því að henni þykir mjög tvísýnt að fjárveiting sú, er þar er farið fram á, verði að nokkrum verulegum notum.

16. — 13. — C. Hjer leggur nefndin til að komi tveir nýir töluliðir, sem sje styrkur til sjera Jónasar Jónassonar á Hrafnagili til að gefa út dansk-íslenzka-orðabók, og styrkur til kennara Geirs Zoëga, til að gefa út ensk-íslenzka-orðabók, 800 kr. til hvors. Styrkveitingar þessar fjellu að vísu í háttv. neðri deild með nær því jöfnum atkvæðum, en nefndin álítur að töluverð þörf sje á orðabókum þessum og því full ástæða til að veita höfundunum þennan styrk, sem annars munu ekki geta gefið út bækur þessar.

17. — 15. — Nefndin verður að ráða frá því að samþykkja 100 kr. ellistyrk þann, sem veittur er Jóni Halldórssyni frá Búrfelli í grein þessari, því að þótt maður þessi sje alkunnur sómabóndi, þá eru þeir svo margir á Íslandi, að það gæti orðið landssjóði töluverð byrði, ef sá rekspölur kæmizt á að veita þeim ellistyrk; en hætt er við að slíkum fjárbænum fjölgaði óðum, ef þessi upphæð yrði samþykkt.

18. — — — Nefndin leggur til, að ellistyrkur Ólínu Vigfússon verði hækkaður um 60 kr. hvort árið, með því að ekkja þessi er fjevana og hefur við lítið annað að styðjast.

Samkvæmt þessu ræður nefndin hinni háttv. deild til að samþykkja eptirfylgjandi:

Breytingar- og viðaukatillögur við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895.

1. við 10. gr. Á eptir A. 1, komi svohljóðandi athugasemd: Ef hinn núverandi amtmaður norðan og austan verður skipaður amtmaður sunnan og vestan, fær hann að halda uppbót þeirri fyrir hann sjálfan, er hann hefur nú.
2. — — — C. 4. a. 2. í stað »6000« komi: 5000 — 3500
3. — — — C. 4. a. 3. í stað »3000« komi: 2500
4. — — — C. 4. g. stafliðurinn falli burt
5. — 11. — 2. k. stafl. falli burt
6. — — — — l. stafl. verði stafl. k.
7. — — — Á eptir stafl. *k.* komi nýr stafl. *l.* til læknis í Strandasýslu
8. — — — 3. Í stað: »1500 — 1500« komi:— 2000 — 2000
9. — — — Á eptir 3. tölulið komi nýr töluliður:
   4. Styrkur til O. Nickolins tannlæknis 500 — 500.
10. — 12. — C. a. 2. Aptan við aðra málsgrein bætist: Geti kapt. Jónas J. Randulff á einhvern hátt eigi fullnægt þeim skilyrðum, sem hjer eru sett, má veita

öðrum styrkinn, ef þeir setja nægilega tryggingu fyrir því, að ferðunum verði haldið áfram fjárhagstímabilið.

11. — — — D. a. Aptan við þennan stafl. bætist: allt að
12. — — — — b. Aptan við þann stafl. bætist: allt að
13. — — — — - fyrri málsgreinin falli burt
15. Við 12. gr. — — Síðari málsgreinin orðist þannig: Báðar þessar upphæðir (undir staflið a. og b.) veitast með því skilyrði, að hlutaðeigandi hjeraðsbúar kosti sjálfir það, er á vantar, til þess að koma fyrirtækjum þessum fram, eigi minna en ¼ alls kostnaðar.
16. — 13. gr. B. I, b. Aptan við tölul. 7 bætist nýr tölul.: 8. Til þess að gefa út kennslubækur handa prestaskólanum 400—400.
17. — — — —III. c. 5. Í stað 5500—5000 komi: 5500—5500.
18. — — — — IV. b. 4. Í stað 400—400 komi: 500—500.
19. — — — — VI. Fyrir aptan stafl. f. bætist við nýr stafl. g.: Til síra Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kennslu heyrnar- og málleysingja 150—150.
20. — — — — — Aptan við þenna stafl. bætist við nýr stafl. h.: styrkur til þess að semja og gefa út kennslubækur 600—600.
21. — — — —VII. a. Á eptir þessum stafl. komi nýr stafl. b.: til að gjöra við sundlaugina hjá Laugarnesi 500 kr. fyrra árið; stafl. b. verði stafl. c. Styrkur þessi útborgist þegar verkið er fullgert og með því skilyrði, að Reykjavíkurbær leggi til það sem ávantar.
22. — — — C. Fyrirsögnin orðist: Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmennta.
23. — — — — 12. Skilyrðið falli burt.
24. — — — — 14. Aptan af töluliðnum falli orðin: og til útbreiðslu bindindisrita.
25. — — — — 15. Þessi töluliður orðist þannig: Til cand. theol. Hannesar Þorsteinssonar til þess að semja skrá yfir skjöl og skjalapakka stiptamtsins í landsskjalasafninu og endurskoða niðurröðun þeirra. Skal landsstjórnin sjá um, að verkið verði viðunanlega af hendi leyst.
26. — — — — 19. Þessi tölul. falli burt.
27. — — — - Á eptir tölul. 18. komi nýr tölul. 19: til síra Jónasar Jónassonar á Hrafnagili til að gefa út dansk-íslenzka orðabók 800.

Þessi upphæð veitist því að eins, að vissa sje fyrir því, að bókin komi út.

28. — — — - Aptan við þenna tölul. bætist við nýr tölul. 20: til Geirs Zoëga kennara til að gefa út ensk-íslenzka orðabók 800 kr.

Þessi upphæð veitist því að eins, að vissa sje fyrir því, að bókin komi út.

29. — 15. gr. »til Jóns Halldórssonar á Búrfelli 100 kr.« falli burt.

80. — — — Í stað: »til Ólínu Vigfússon, ekkju Sigurðar Vigfússonar 100 kr.« komi: til Ólínu Vigfússon, ekkju Sigurðar Vigfússonar, 160 kr.

Efri deild alþingis 18. ág. 1893.

Jón A. Hjaltalín, formaður. Sigurður Stefánsson. skrifari og framsögumaður.

Þorleifur Jónsson. Hallgr. Sveinsson. Guðjón Guðlaugsson.

Ed.

492. Frumvarp

til laga um friðun á laxi. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í neðri deild).

1. gr. Eigi má lax veiða í ám eða vötnum nje fjórðung viku sjávar út frá árósum, nema $2^1/_2$ mánuð af sumri hverju; þó má stangaveiði við hafa 3 mánuði. Sýslunefnd eða sýslunefndir skulu í hjeraði hverju setja fastar reglur um eða ákveða, hvenær veiðitími skuli byrja og enda, eptir að hafa kynnt sjer með beztu manna ráði, hvernig ám og vötnum er háttað og laxgöngu í þeim hjeruðum, er í hlut eiga.

2. gr. Ekki má leggja net, setja garða eða aðrar fastar veiðivjelar lengra út í nokkra á en hana miðja og þó því að eins svo langt út, að djúp árinnar sje eigi minna fyrir utan netið eða veiðivjelina, þegar hún er í á komin.

Nú vilja menn leggja net eða setja garða eða veiðivjel út frá báðum löndum, og skal þá svo leggja, að jafnan sje 60 faðma bil eptir endilangri ánni milli þeirra, nema svo sje, að þverbilið á milli veiðivjelanna sje eigi minna, en tveir þriðju partar af þvermáli árinnar.

3. gr. Ekki má leggja laxanet eða laxaveiðivjel úti fyrir ósamynnum í stöðuvötnum eða sjó, þar sem lax gengur, svo för hans sje hindruð. Ádráttarveiði má við hafa í ám og vötnum 4 stundir samfleytt á sólarhring, en í árósum eða svo nálægt þeim, að laxaför upp eptir ánni hindrist einungis með öðruhvoru útfalli sjávar.

Þar sem lax safnast saman í hyljum, má ekki við hafa neins konar ádráttarveiði, hvorki með netum nje öðrum veiðarfærum, er raskað geti botni hyljanna, síðar en 20. ágúst ár hvert. Heimilt skal að veiða lax á stöng, með ýmsu agni á öngul, sem lax tekur, en enginn má hafa neins konar sting eða ífæru, sem lax verði stunginn eða kræktur með. Urriða og sjóbirtinga má veiða á öllum tímum árs í ám og vötnum, þar sem laxveiði er, nema með ádrætti.

Til vísindalegra þarfa og laxaklaks má lax veiða á hverjum tíma árs sem er.

4. gr. Hverjum manni er heimilt, að skjóta sel og styggja í ám, árósum og fyrir ósamynnum eina mílu út frá þeim, þar sem lax fer um; þó má ekki raska þinglesinni friðun eggvera eða sellátra frá 1. maí til 1. júlí ár hvert.

5. gr. Engin veiðarfæri nje veiðivjelar má við hafa, er taka smálax. Skulu möskvar í laxanetum ekki minni vera, þá votir eru, en 9 þumlungar ummáls.

Á hverri laxavjel skulu vera svo stór op, að enginn lax, sem ekki er meir en 9 þumlungar ummáls, þar sem hann er gildastur, staðnæmist í vjelinni. Sjeu grindur í vjelinni, skulu spelar standa lóðrjett upp og ofan, og sje eigi skemmra bil milli þeirra en $1^1/_2$ þumlungur.

6. gr. Nú vill meiri hluti veiðieigenda í á, sem lax gengur í, veiða í fjelagi, og skulu þá þeir, er fjelagsveiði vilja fram hafa, leggja málið fyrir hlutaðeigandi sýslunefnd. Álíti sýslunefndin rjetti einkis hallað, skal hún semja reglur fyrir veiðiaðferðinni og skipting á veiðinni og eru allir hlutaðeigendur skyldir því að hlýta.

7. gr. Nú er svo háttað á einhverjum stað, að nauðsyn þyki til bera, að breyta til um einhver þau ákvæði, sem fyrir er mælt í lögum þessum, og er sýslunefnd, einni eður fleirum, heimilt að setja reglugjörðir um það, en þó svo, að grundvallarreglum laga þessara um friðun laxins og frjálsa göngu sje í engu haggað eptir því, sem við á í á hverri.

Reglugjörðir sýslunefnda, sem getið er í þessari grein og næstu grein á undan (6. gr.) skal amtmaðurstaðfesta, og fá þær þá fullt lagagildi um næstu þrjú ár.

8. gr. Brot gegn lögum þessum varða allt að 100 kr. sekt eptir málavöxtum Allt ólöglegt veiðifang og öll ólögleg veiðiáhöld skulu upptæk, og skal lögreglustjóri tafarlaust taka slík veiðarfæri upp og nema burt allar ólögmætar girðingar. Sektir eptir lögum þessum renna að helmingi í fátækrasjóð hrepps þess, er brotið er framið í, og að helmingi til uppljóstrarmanns. Svo fer og um andvirði ólöglegra veiðarfæra og veiðifangs.

9. gr. Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum eða staðfestum samþykktum, skal fara með sem almenn lögreglumál. Þó getur sá, sem fyrir sök er hafður, komizt hjá málsókn, ef hann játar tafarlaust brot sitt og greiðir sektir og skaðabætur að fullu, eptir því, sem amtmaður ákveður. Rjett er að sá, sem fyrir skaða hefur orðið af ólöglegri veiði annara, reki málið, sem einkalögreglumál.

10. gr. Ákvarðanir í Jónsbókar landsleigubálki, 56. kap., um veiðar í ám, sem og lög um friðun á laxi 19. febr. 1886, eru hjer með úr lögum numin.

Ed. **493. Frumvarp**
til laga um aukatekjur þær, er renna í landssjóð. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

I. kapítuli.
Um dómsmálagjöld.

1. gr. Fyrir stefnu skal gjalda 50 aura, þegar málsaðili í stað þess að gefa út fyrirkallsseðil beiðist þess, að stefnan verði gefin út með nafni dómarans og innsigli.

Sama gjald skal greiða fyrir fyrirkall það, er greinir um í 9. og 14. gr. tilskipunar 15. ágúst 1832.

2. gr. Fyrir að taka fyrir mál, þar með talin ritun í dómsmálabókina, skal gjalda 1. kr. Sama gjald skal greiða í tilfellum þeim, er getur um í 7., 9. og 14. gr. tilskipunar 15. ágúst 1832.

3. gr. Fyrir að leggja dóm á mál skal gjalda 1 kr., um leið og málið er tekið til dóms. Fyrir hina skriflegu frávísun, sem greinir um í 6. gr. tilskipunar 15. ágúst 1832, skal greiða sama gjald.

4. gr. Nú eru teknar út fleiri en ein stefna í sama máli, og skal þá greiða gjöld þau, er getur um í 1. og 2 gr., fyrir hverja þeirra um sig. Gjald það, sem ræðir um í 3. gr., á sækjandi málsins að greiða, en komi gagnsókn fyrir, skal gagnsækjandi einnig greiða gjald þetta.

5. gr. Fyrir að yfirheyra vitni skal gjalda 30 aura fyrir hvert þeirra.

Fyrir gagnspurningar skal ekki greiða sjerstaklega.

6. gr. Fyrir að kveðja menn í rjetti til skoðunargjörða eða annara slíkra gjörða skal gjalda 30 aura fyrir hvern hinna dómkvöddu, auk gjalds þess, er getið er um í 2. gr. Sama gjald skal greiða fyrir eiðfesting gjörðarinnar, svo og fyrir sjerhverja eiðfestingu, nema um vitni sje að ræða.

Þetta ákvæði á einnig við, þegar kveðja skal menn til að virða fasteign til veðsetningar fyrir láni af fje ómyndugra og þegar eiðfesta skal menn þessa.

7. gr. Fyrir að staðfesta og innsigla rjettargjörðir eða önnur eptirrit, sem út eru gefin í gjörðarformi, skal gjalda 50 aura fyrir hvert.

8. gr. Þegar mál það, er ræðir um, varðar eigi meiru en 50 krónum, skal að eins greiða helming gjalda þeirra, er um getur í 1.—6. gr.

9. gr. Í hjúamálum skal eigi gjalda nema 50 aura alls, en í lögreglumálum um meðgjöf með óskilgetnum börnum skal engin gjöld greiða í hjeraði.

Í öðrum lögreglumálum skal greiða hin venjulegu gjöld, sem talin eru hjer að framan.

10 gr. Fyrir bókun á yfirlýsing um eitt eður annað, sem ekki snertir neitt mál, sem áður hefur verið tekið fyrir og er til meðferðar fyrir rjettinum, skal sá, er þessa beiðist, greiða 50 aura auk gjalds þess, er getur um í 2. gr.

11. gr. Við landsyfirdóminn skal ávallt greiða tvöfalt gjald á við það, er borga hefði átt í hjeraði.

12. gr. Í opinberum málum og gjafsóknarmálum skal engin rjettargjöld greiða, en í gjafsóknarmálum skulu rjettargjöld þau, er gjafsóknarhafandi hefði átt að greiða, goldin af hinum málsaðila, þegar hann er skyldaður með dómi til að greiða málskostnaðinn.

í málum þeim, sem ræðir um í 16. gr. laga um kosningar til alþingis 14. september 1877, skal engin rjettargjöld greiða í hjeraði.

13. gr. Þingvitnaleiðslur, er fram fara til þess að færa sönnur á slys eða til þess að heimila verðlaun fyrir björgun drukknaðra, skal álíta sem opinber mál, en venjulega skulu þær fara fram á hinum reglulegu þingtímum, til þess að kostnaður rísi eigi af fyrir hið opinbera.

2. kapítuli.
Um gjöld fyrir fógetagjörðir.

14. gr. Fyrir kyrrsetningargjörð eða lögbann, svo og fyrir fjárnáms-, lögtaks eða löggeymslugjörð, sem fram fer á fjármunum — en til fjármuna teljast eigi að eins lausafje og fasteignir, heldur og skuldakröfur á hendur öðrum og önnur þau fjárrjettindi, sem greinir um í 3. kapítula laga 4. nóvember 1887 um aðför — skal gjalda í hlutfalli við fjárupphæð þá, sem gjörðarinnar er beiðzt fyrir, eins og hjer segir:

Þegar upphæðin er			25 kr eða minni			. . .	„	kr.	75	a.
—	—	— frá	25	kr. til	50	kr.	1	—	50	-
—	—	— —	50	— —	100	—	2	—	25	-
—	—	— —	100	— —	200	—	3	—	„	-
—	—	— —	200	— —	300	—	3	—	50	-
—	—	— —	300	— —	400	—	4	—	„	-
—	—	— —	400	— —	1000	—	5	—	„	-
—	—	— —	1000	—	. . . .		6	—	„	-

15. gr. Fyrir að kyrrsetja mann skal gjalda 6 kr.; sjeu fjármunir jafnframt kyrrsettir, skal gjalda fyrir það eptir 14. gr.

16. gr. Nú er aðfarar beiðzt hjá einum og sama manni eptir fleiri dómum en einum, sættum eða þinglesnum veðskuldabrjefum (og eru þau skilyrði fyrir hendi, sem sett eru í 15. og 16. gr. laga nr. 29, 16. desember 1885), og skal gjaldið þá greitt fyrir hverja þeirra um sig.

Þegar fjárnáms er beiðzt eptir sama dóminum, sættinni eða veðskuldabrjefinu hjá fleirum en einum, skal gjörð halda hjá hverjum þeirra og greiða gjald fyrir hverja gjörðina. Þetta gildir þó eigi, ef hlutaðeigendur eiga muni í sameign, er fjárnám er gjört í. Eigi skal heimta hærra gjald, þótt munir þeir, sem fjárnámi eru teknir, sjeu eigi allir á sama stað.

17. gr. Fyrir lausnargjörð skal gjalda eptir 14. gr., þegar fje með henni er laust látið, en eptir 15. gr., sje kyrrsetning manns með henni niður felld.

18. gr, Fyrir rannsókn, sem haldin er eptir beiðni einstakra manna, skal gjalda 1 kr.

19. gr. Fyrir útburð manns af jörðu eða húsi og fyrir innsetning á jörð eða í hús til umráða skal gjalda 2 kr. Sama gjald skal greiða fyrir aðrar fógetagjörðir, er fara fram á eitthvað það, er eigi verður metið til peningaverðs.

20. gr. Fyrir skoðun á líkams-áverka eptir beiðni einstakra manna skal gjalda 2 kr. Fyrir skoðun á fundnum líkum skal ekkert gjald greiða.

21. gr. Þegar hreppstjóri heldur fógetagjörðir, skal fara eptir lögum nr. 3, 13. janúar 1882, 5. gr., og lögum nr. 29, 16. desember 1885, 14. gr.

22. gr. Ef hægt er að ákveða gjaldið fyrir fram, skal greiða fógeta það áður en hann byrjar gjörðina þá er hann krefst þess, og er gjaldið eigi apturkræft, þótt gjörðarbeiðnin sje kölluð aptur, eða fógeti neiti að fremja gjörðina, nema svo sje, að hærra gjald hafi verið borgað fyrir fram fyrir gjörðina, en greiða hefði átt, er hún var leidd til lykta.

23. gr. Í gjafsóknarmálum og skipuðum málum, svo og þegar sá beiðist fjárnáms, er dæmdar hafa verið bætur í opinberu máli, og þegar tekin er fjárnámi eða lögtaki framtærslueyrir, er manni ber að greiða með barni sínu skilgetnu eða óskilgetnu, með stjúpbarni, foreldri sínu eða konu, er hann hefur slitið samvistum við, eða skilið við að borði og sæng eða að fullu og öllu, eða tekið er lögtaki eða fjárnámi kaup hjúa eða matarverð, er þau eiga hjá húsbændum sínum, skal því að eins greiða rjettargjald, að það náist hjá þeim, er fyrir fjárnámi eða lögtaki verður, enda sje kröfu gjörðarbeiðanda áður fullnægt.

Fyrir að fullnægja dómum í sakamálum eptir ráðstöfun hins opinbera, skal engin gjöld greiða.

3. kapituli.
Um gjöld fyrir þinglýsingar o. fl.

24. gr. Fyrir að þinglesa afsalsbrjef, veðskuldabrjef, fjárnámsgjörð, skiptabrjef eða önnur skjöl, sem þinglesin eru sem eignarheimild fyrir fasteign eða til þess að leggja hapt á fasteignir og fyrir að rita á skjöl þessi og rita þau inn í bækurnar, svo og fyrir að þinglesa, rita á og bóka skjöl, sem leggja hapt á lausafje, skal gjalda í hlutfalli við fjárupphæð þá, er skjalið hljóðar um, eins og hjer segir:

Þegar upphæðin er			100	kr.	eða	minni.	.	.	„ kr.	75 a.
—	—	— frá	100	kr.	til	200	kr,	1	— „	-
—	—	— —	200	—	—	500	—	1	— 50	-
—	—	— —	500	—	—	1000	—	2	— „	-
—	—	— —	1000	—	—	2000	—	3	—	-
—	—	— —	2000	—	—	3500	—	4	—	
—	—	— —	3500	—	—	5000	—	5	— „	

og sje upphæðin meiri, skal gjalda 6 kr., hversu há sem hún er.

Gjald það, er síðast er nefnt, skal og greiða, sje upphæð sú óákveðin, sem skjalið greinir um, t. a. m. þegar veð er sett fyrir skuldum, er síðar verða stofnaðar.

Nú er upphæðin ákveðin í öðrum aurum en peningum, og skal þá meta þá til peningaverðs eptir almennum reglum.

Nú er árlegt afgjald áskilið um óákveðinn tíma og skal þá gjalda sem fyrir 25 sinnum stærri fjárupphæð; en sje afgjaldið áskilið fyrir lífstíð, skal gjaldið að eins talið af 5-faldri upphæðinni; sje áratal tiltekið, skal afgjaldið talið saman fyrir öll árin, en þó skal aldrei af meiru gjalda en af upphæð afgjaldsins 25-faldri.

Nú er eign seld af hendi, án þess að fyrir hana sje greitt andvirði, eða henni makaskipt gegn annari eign, og verður þá að tiltaka verð hennar í skjalinu eða rita það á það, svo ákveða megi eptir því þinglýsingargjaldið.

25. gr. Fyrir að þinglesa og bóka skjöl, er hljóða um efni, sem eigi verður metið til ákveðins verðs, eða skjöl, sem ekki eru um afsal eða hapt á fasteignum eða lausafje, skal gjalda 1 kr. Sjeu þess konar skjöl þinglesin við landsyfirdóminn skal gjalda 2 kr.

26. gr. Þegar þinglesa skal heimildarskjal eða brjef um hapt á eignum, skal hlutaðeigandi embættismaður líta eptir því, hvort útgefandi þess hefur sjálfur eignarheimild fyrir eign þeirri eða munum, sem hann ráðstafar, eða hvort nokkuð það hafi þinglesið verið áður, er ónýtt geti eða rýrt gildi skjalsins, og rita að eins á skjalið, að það hafi verið þinglesið, ef enginn brestur eða tálmun finnst; ella skal rita athugasemd á skjalið um heimildar-brest hans eða um hið áður lesna heptingar-brjef, og skal greiða fyrir það helming gjalds þess, er ræðir um í 24. gr., en þó aldrei minna en 50 aura og aldrei meira en 1 kr. 50 aura. Þegar fengnar eru betri skýrslur eða frekari heimild, og áritunin því næst verður afmáð, skal greiða fyrir það sama gjald og fyrir að gjöra hana.

27. gr. Fyrir að aflýsa skjali og afmá það úr veðbrjefabókinni, svo og fyrir að aflýsa afborgun á veðskuld og gjöra áritun um það á veðskuldabrjefið skal greiða helming gjalds þess, er greinir um í 24. gr., þó eigi minna en 50 aura; á afborgun skal miða gjaldið við stærð hennar.

28. gr. Nú krefst einhver vottorðs úr afsals- og veðbrjefabókunum um eignarheimild á fasteign og um höpt þau, er á henni hvila, og skal hann gjalda fyrir það 1 kr.

Vottorð þau, er stjórn landsbankans krefst úr greindum bókum um fasteignir þær, sem menn ætla að veðsetja gegn láni úr bankanum, skulu gefin ókeypis, ef þau eru ætluð bankanum einum til afnota.

29. gr. Nú er sama skjalið þinglesið í fleiri þinghám en einni, og skal þá greiða gjöld þau, sem að framan getur um, fyrir hverja þinglýsing.

30. gr. Fyrir þinglýsingar og aflýsingar á veði því, sem sett er landssjóði fyrir innheimtu á tekjum hans, skal ekkert gjald greiða. Svo er og um þinglestur og aflýsingar á uppskriptargjörðum þeim á eignum þurfalinga og yfirvaldsúrskurðum um sviptingu á fjárforráði þeirra, sem greinir um í 3. og 4. gr. laga nr. 20, 4. nóvember 1887.

4. kapítuli.
Um skiptagjöld.

31. gr. Í öllum þeim búum, sem skiptaráðandi eða skiptaforstjóri án dómsvalds fer með og lýkur skiptum í, skal greiða í skiptagjöld 1 % af öllum eignum búsins án tillits til skulda, er á því hvíla.

Þó skal ekkert gjald greiða í þeim búum, þar sem eigurnar nema ekki 200 kr., að frádregnum útfararkostnaði í dánarbúum.

32. gr. Fyrir að gefa út innköllun til skuldheimtumanna skal greiða:
þegar eignir búsins umfram skuldir þess eru eigi meiri en 200 kr. . . 1 kr.
Sjeu þær meiri en 200 kr. en ekki meiri en 1000 kr. . . . . 2 —
— — — — 1000 kr. . . . . 4 —

Í gjaldþrotabúum og búum, sem ekkert eiga um fram skuldir, skal ekkert gjald greiða fyrir innköllun þessa.

33. gr. Nú tekur skiptaráðandi bú til skiptameðferðar en framselur það síðar hlutaðeigandi erfingjum eða öðrum, er hlut eiga að máli, og skal þá greiða fjórðung gjalds þess, er ræðir um í 31. gr., ef framsalið fer fram á fyrsta skiptafundi, helming ef það fer fram seinna en þó ekki síðar en á fyrsta skiptafundi eptir að innköllunarfresturinn er útrunninn, en 3 fjórðunga gjaldsins, ef framsalið fer síðar fram, en nú var sagt, en þó áður en búið er tekið til skiptaloka.

34. gr. Þá er skiptaráðendur eða skiptaforstjórar ljúka skiptum í búum, kemur gjaldið í gjalddaga við skiptalok, og bera þeir, hvor um sig, ábyrgð á greiðslu gjaldsins og á því, að það sje rjett talið.

Þegar bú er framselt til erfingjaskipta, kemur gjaldið í gjalddaga 6 mánuðum eptir framsalið, og bera erfingjar, einn sem allir og allir sem einn, ábyrgð á því. En ef erfingjar skýra frá því, þegar frestur þessi er á enda, að þeir hafi enn þá eigi getað ákveðið gjaldið, getur skiptaráðandi veitt þeim frekari frest á greiðslu þess. Þegar gjaldið er komið í gjalddaga, eiga erfingjar, sjeu þeir eigi samkvæmt 77. gr. skiptalaganna skyldir til að láta skiptaráðanda í tje skýrslu þá, er þar er getið, að senda honum skrá, samda upp á æru og samvizku, yfir eigur búsins og skuldir; og má dagsektum beita, komi þeir eigi fram með hana. Hið sama er, þegar bú hefur verið tekið til opinberrar skiptameðferðar en er framselt því hjóna, er eptir lifir, til þess að sitja í óskiptu búi. Nú hefur einhver, þegar svo er ástatt, sem að framan er sagt, samið ranga skýrslu á móti betri vitund landssjóði í óhag, og skal þá greiða tvöfalt gjald af því, sem dregið hefur verið undan, og hlutaðeigandi sætir auk þess þeirri hegningu, sem við er lögð í almennum hegningarlögum.

5. kapítuli.
Um gjöld fyrir uppboðsgjörðir.

35. gr. Hin almennu uppboðslaun, er ávallt skal greiða, nema þar sem eptirfarandi greinir veita heimild til annars, eru 4 af hundraði.

36. gr. Þegar seld eru við opinbert uppboð hús, jarðir og aðrar fasteignir, svo og þilskip — sjeu þau eigi ósjófær — hlutabrjef, skuldabrjef og aðrar skuldakröfur, leigumálarjettur og önnur þess konar rjettindi, skal gjalda í uppboðslaun:

af hinum fyrstu 2,000 kr.	2 %.
af upphæð yfir 2,000 kr. til fullra 6,000 kr. . .	1½ —
- — — 6,000 — — — 60,000 — . .	1 —
- — sem er meiri en 60,000 kr.	½ —

Þegar leigumálarjettur er seldur við uppboð, skal að eins reikna uppboðslaun af hinu árlega afgjaldi.

37. gr. Nú eru verzlunarvörur seldar við uppboð og svo mikið í einu, að hvert hamarshögg nemur minnst 30 kr., og skulu þá uppboðslaun af upphæð þeirri, sem uppboðið nemur meiru en 600 kr., en af hinum fyrstu 600 kr. skal ætíð greiða fullt gjald eptir 35. gr., ákveðin eins og hjer segir:

af upphæð frá 600 kr. til fullra 2,000 kr. . . 2 %.
- — meiri en 2,000 — — — 4,000 — . . 1½ —
- — — — 4,000 — — — 8,000 — . . 1 —
- — — — 8,000 — — — 16,000 — . . ½ —
og af upphæð, sem nemur meiru en 16,000 kr. . ⅜ —

38. gr. Þegar þess er krafizt, skal uppboðshaldari sjá um, að uppboðið verði birt á undan með auglýsingu í blöðunum eða á annan hátt, eptir því sem við verður komið á hverjum stað, og skal það gjört, ef unnt er, 8 dögum áður en uppboðið er haldið.

Það er venjulega undir hlutaðeigendum sjálfum komið, hvort uppboðið skuli birt nema í kaupstað þeim eða hrepp, er það á að haldast, eða hvort þar að auki skuli birta það í einum eða fleirum næstu hreppunum; svo er það og á valdi þeirra, hvernig uppboðsauglýsingunum skuli útbýtt, — sjá þó 18. gr. laga 14. janúar 1876 um skipströnd. En sje eigi hægt að fá vitneskju um ósk hlutaðeigenda í þessum atriðum, eða sjeu þeir á skiptum skoðunum um þau, skal kjósa þá aðferð, sem mest geti orðið þeim til nota, er með eiga, og haft tillit til þess, hve uppboðsmunirnir eru mikilvægir, svo og til annara ástæðna.

Fyrir að semja uppboðsauglýsing og gefa út af henni svo mörg eintök, sem þörf er á, skal gjalda 1 kr.

39. gr. Þegar uppboð er haldið á fasteign eða á öðru því, er getur um í 37. gr., en sala fer þó eigi fram við uppboðið, svo og þegar hamarshögg er gefið upp á væntanlegt samþykki, en það bregzt, skal gjalda 4 kr. fyrir árangurslaust uppboð.

Þegar einhver lætur bjóða upp fleiri en einn sjerstakan hlut í einu, eða eign er boðin upp í pörtum, skal þó eigi gjalda meira en 10 kr. alls fyrir árangurslaust uppboð.

40. gr. Við lausafjáruppboð skal gjalda 10 aura fyrir hvert númer, sem boðið er upp en þó eigi selt, og við uppboð á verzlunarvörum í svo stórum skömmtum, sem segir í 37. gr., skal gjalda 20 aura fyrir hvert númer, sem boðið er upp, án þess að verða selt.

41. gr. Fyrir uppboð á eptirlátnum munum þurfalinga skal ekkert gjald greiða, og eigi heldur þegar landsbankinn lætur eigin þjóna sína selja við uppboð verðbrjef þau og annað, er hann hefur fengið að handveði.

42. gr. Þegar hreppstjórar halda lítilfjörleg uppboð í forföllum sýslumanns og í umboði hans, skal fara eptir ákvæðum 6. greinar í lögum nr. 3, 13. janúar 1882.

43. gr. Fyrir að gefa út afsalsbrjef fyrir fasteign, er seld hefur verið við uppboð, skal gjalda 2 kr., ef kaupverðið er eigi meira en 2,000 kr., 4 kr. ef það er meira en 2,000 kr. og fer þó eigi fram úr 6,000 kr., en 6 kr. ef það fer fram úr þeirri upphæð.

44. gr. Nú hefur uppboðs beiðzt verið hjá uppboðshaldara og sjeð hefur verið um birtingu á því, en beiðnin svo kölluð aptur, og skal þá að eins greiða gjald fyrir birtinguna samkvæmt 39. gr.; en sje beiðnin eigi kölluð aptur, fyr en búið er að setja uppboðsþingið, skal gjalda 4 kr. eins og fyrir árangurslaust uppboð.

45. gr. Fyrir undirboðsþing skal greiða 4 kr. Þó skal ekkert gjald greiða fyrir undirboðsþing þau, sem getur um í tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, 27. gr., tilsk. 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi, 24. gr., lögum 8. október 1883 um bæjarstjórn á Akureyri. 26. gr., og lögum s. d. um bæjarstjórn í Ísafjarðar-kaupstað, 27. gr.

46. gr. Þar eð það er uppboðsbeiðandi, sem á að greiða uppboðskostnaðinn, skal þess gætt, ef svo kemur fyrir, að kaupanda verður gjört að skyldu að greiða hann, að hann sje þá skoðaður sem viðbót við boð þau. sem gjörð hafa verið, og ber því að reikna uppboðslaunin af uppboðssöluverðinu að viðbættum þessum kostnaði.

6. kapituli.
Um nótarialgjöld.

47. gr. Fyrir afsögn á víxli, er nótarius gjörir fyrir skort á samþykki eða greiðslufall, skal gjalda eins og hjer segir:

Þegar víxillinn nemur 1,000 kr. eða minni upphæð . . . . 2 kr.
— — — meiru en 1,000 kr. og allt að fullum 4,000 kr. 4 —
— — — — - 4,000 — — — — — 10,000 kr. 5 —
— -10,000 — . . . . . 6 —

Gjald þetta skal greiða, ef gjörðin hefur verið byrjuð, enda þótt gjörðarbeiðandi láti eigi leiða hana til lykta; fyrir eptirrit af afsagnargjörðinni skal ekkert gjald greiða.

48. gr. Fyrir aðrar afsagnargjörðir, svarkröfur, stefnubirting, er nótarius framkvæmir, svo og aðrar þess konar gjörðir skal gjalda 2 kr.

Nú skal framkvæma einhverja af gjörðum þeim, er getur um í grein þessari eða í 48. gr., á fleiri stöðum en einum, og skal þá greiða fullt gjald á hinum fyrsta stað, en að eins 1 kr. fyrir hvern hinna staðanna, sem gjörðin fer fram á eptir kröfu gjörðarbeiðanda.

49. gr. Fyrir að bera eptirrit saman við frumritið og staðfesta það skal gjalda 25 aura fyrir hverja örk, sem eptirritið nemur, þegar það er ritað eins og að lögum á að vera, en fyrir það, sem minna er en ½ örk, skal þó að eins gjalda 12 aura.

50. gr. Þegar gjörður er samningur, arfleiðsluskrá, umboðsskjal eða aðrir þesskonar gjörningar fyrir nótarius, eða gengið er við áður sömdu skjali í viðurvist hans, og hann gefur út um það nótarial-vottorð í lögmætu formi, skal gjalda fyrir það 1 kr.

51. gr. Fyrir að taka á móti og gefa út skipstjóramótmæli, er ákveða skal ábyrgðargjald eða skipskaðabætur, skal gjalda 8 kr.

7. kapituli.
Um gjöld fyrir ýms önnur embættisverk bæjarfógeta og sýslumanna.

52 gr. Fyrir að gefa út vegabrjef skal gjalda 30 aura fyrir hvern þann, er vegabrjefið hljóðar um, en 50 aura, sje ferðinni heitið til útlanda. Þó

skal að eins greiða helming gjalds þessa fyrir vegabrjef handa húsmönnum, þurrabúðarmönnum, daglaunamönnum, vinnuhjúum og öðrum, er setja má jafnhliða þessum mönnum.

53. gr. Fyrir sjerhvert mál eða kvarða, sem bæjarfógeti eða sýslumaður löggildir og brennimerkir, skal gjalda 15 aura.

54. gr. Fyrir borgarabrjef sem skipstjóri skal gjalda 4 kr. og fyrir borgarabrjef sem handiðnamaður 2 kr.

55. gr. Fyrir að löggilda og setja innsigli á verzlunarbók skal gjalda 2 kr., en fyrir að löggilda viðskiptabók 15 aura, hvort sem hún er stór eða lítil.

56. gr. Fyrir að rita á skjöl verzlunarskipa og mannflutningaskipa og fyrir að láta af hendi heilbrigðisvottorð og önnur þau skilríki, er skipin eiga að fá á Íslandi, skal greiða 25 aura af hverri smálest af rúmfangi skipsins, þannig að $^1/_2$ lest eða þar yfir ber að skoða sem heila lest, en sleppa því, sem minna er en $^1/_2$ lest, skal greiða gjald þetta á hinni fyrstu höfn á Íslandi, er skipið kemur á til þess að taka á móti vörum eða fólki eða til þess að skipa upp vörum eða skjóta fólki á land. Nú kemur skipið á aðrar hafnir í sömu ferðinni, og skal þá eigi gjald greiða á þeim höfnum fyrir að rannsaka og rita á skjöl þess eða fyrir nýjar farmskrár, þar með talin löggilding vöruskoðunarvottorða.

Af skipum frá konungsríkinu, sem koma hingað eingöngu til fiskiveiða, skal gjalda 10 aura af hverri smálest á fyrstu höfn, er þau koma á.

Aukaþóknun sú fyrir að rannsaka og rita á skipsskjöl, sem getur um í opnu brjefi 28. desember 1836, 9. gr., er úr gildi numin.

57. gr. Fyrir að mæla skip samkvæmt tilskipun 25. júní 1869 skal gjalda:

a) þegar mælingin fer fram eptir fullkomnari aðferðinni, og hefur þó eigi verið við hendina eldra mælingarbrjef, er út hefur verið gefið samkvæmt tilskipun þessari eða eldri ákvæðum . . . . . 20 aura

b) ætíð endra nær . . . . . 10 —

fyrir hverja smálest skipsins eptir hinu nýja mælingarbrjefi.

Fyrir útdrátt þann úr skrásetningarbókinni, er getur um í 20 gr. tilsk. um skrásetningu skipa 25. júní 1869, skal gjaldið 2 kr. fyrir hvert það skip, sem leitað er upplýsinga um.

58. gr. Fyrir eptirlit lögreglustjóra með útflutningum samkvæmt lögum nr. 3, 14. janúar 1876, skal gjalda 20 kr. fyrir hvert útflutningaskip, er hann skoðar.

59. gr. Fyrir að löggilda leiðarbók skal gjalda 4 kr., ef rúmfang hlutaðeigandi skips er meira en 100 smálestir, ella 2 kr.

Helming gjalds þessa skal greiða fyrir vottorð þau, sem rituð eru samkvæmt 4. gr. farmannalaga 22. marz 1890 í leiðarbækur, er skilað hefur verið sökum tjóns, er skipið hefur beðið.

Fyrir vottorð þau, sem rituð eru samkvæmt 5. gr. sömu laga í leiðarbækur, s m skilað hefur verið að afstaðinni ferð, skal gjalda fyrir skip, sem stærra er enn 100 smálestir, 3 kr., ef ferðin hefur eigi staðið missiri lengur, 4 kr., ef hún hefur staðið missiri lengur en ekki ári lengur, en 5 kr., ef hún hefur staðið ári lengur. Nú er skip minna en áður er sagt, og skal þá jafnan hálft gjald greiða við það sem áður er tiltekið.

60. gr. Fyrir sjóferðapróf það, er ræðir um í 21. gr. laga um skipströnd 14. janúar 1876, svo og fyrir önnur sjóferðapróf, skal gjalda 8 kr.

61. gr. Fyrir rannsókn þá og vottorð um styrkleik aðflutts brennivíns eða vínanda, sem ræðir um í 2. gr. laga nr. 10, 11. febrúar 1876, skal gjalda 2 krónur.

Sama gjald skal greiða fyrir vottorð það, sem ræðir um í 3. gr. sömu laga, um að vöruskrá eða tollskrá skips telji meiri áfenga drykki, en í land eru fluttir.

62. gr. Fyrir að kveðja menn utanrjettar til skoðunar- eða annara slíkra gjörða, skal gjalda 30 aura fyrir hvern þann, sem kvaddur er.

63. gr. Fyrir að gefa út leyfisbrjef til lausamennsku eptir tilskipun 26. maí 1863 skal gjalda 2 kr.

64. gr. Fyrir að gefa hjón saman í borgaralegt hjónaband, samkvæmt lögum um utanþjóðkirkjumenn 19. febr. 1886, og fyrir eptirrit af gjörningnum skal greiða 4 kr.

8. kapítuli.

Almenn ákvæði.

65. gr. Á öll þau skjöl, sem borgað er fyrir að gefa út eða rita á, eða sem snerta embættisgjörðir, sem borgun hefur verið greidd fyrir eptir reglum þeim, er að framan eru skráðar, skal hlutaðeigandi embættismaður rita hið greidda gjald bæði með tölustöfum og bókstöfum.

Sje brotið gegn þessu, verðar það sektum til landssjóðs, allt að 100 kr.

66. gr. Allir embættismenn, sem heimta inn aukatekjur fyrir landssjóð, skulu halda reglulega aukatekjudagbók, er löguð sje eins og fyrirmyndin í reglugjörð 25. maí 1878, 2. gr. Skal dagbók þessi vera löggilt af hlutaðeigandi amtmanni, og skal hann á eptirlitsferðum sínum rannsaka hana og rita um það vottorð í bókina og gefa þess nákvæmar gætur, hvort hún sje rjett rituð, og hvort aukatekjur hafi verið rangt taldar í henni.

67. gr. Aukatekjureglugjörð fyrir rjettarins þjóna á Íslandi 10. septbr. 1830 er úr lögum numin að því er snertir aukatekjur þær, er renna skulu í landssjóð samkvæmt lögum um laun sýslumannna og bæjarfógeta 14. desembðr 1877, 1. og 2. gr.

68. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1894.

Ed. **494. Frumvarp**

til laga um breyting á 1. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun prestakalla, (eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.).

Frá fardögum 1893 greiðast að eins 200 kr. frá Stað á Reykjanesi í Barðastrandarprófastsdæmi.

Ed. **495. Frumvarp**

til laga um breyting á 3. gr. í lögum 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda. (Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.)

1. gr. Kostnað við eyðing refa í heimalöndum, á almenningum og afrjettum þeim, er sveitarfjelög eiga, skal greiða úr sveitarsjóði.

2. gr. Hjer með er úr lögum numin 3. gr. í lögum 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda.

Ed. **496. Frumvarp**

til laga um sameining amtmannaembættanna. (Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr. Ísland skal fyrst um sinn vera eitt amtmannsumdæmi.

2. gr. Amtmaður Íslands skal sitja í Reykjavík.

3. gr. Amtmanni skal veita í árslaun 5000 kr. og til endurgjalds skrifstofukostnaði 2000 kr. á ári.

4. gr. Amtmaður er forseti amtsráðanna; en falið getur hann hverjum sýslumanni í hlutaðeigandi landsfjórðungi sem vera skal, að skipa forsæti á fundum amtsráðanna, og gegna öðrum forsetastörfum í fjarvist sinni.

5. gr. Með lögum þessum er úr gildi numin 2. gr. laga 9. desember 1889 um breyting á lögum 15. okt. 1875 um laun íslenzkra embættismanna, svo og þau ákvæði í lögum 11. júlí 1890 um breytingar nokkrar á tilskipun 4. maí 1872 um sveitastjórn á Íslandi o. fl., og öll önnur lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi.

6. gr. Verði embættismaður sá, er nú er amtmaður í norður- og austuramtinu, skipaður amtmaður Íslands, skal hann einkis í missa af árslaunum þeim, er hann nú hefur, meðan hann gegnir hinu nýja embætti.

7. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1894.

Nd. **497. Frumvarp**

til laga um atvinnu við siglingar, (eins og það var samþykkt við 2. umræðu).

1. gr. Með takmörkunum þeim, sem settar eru í lögum þessum, skal öllum vera heimilt að leita sjer atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

2. gr. Rjettur til að vera skipstjóri á íslenzku skipi á innanlands-siglingum skal bundinn því skilyrði, ef skipið er meira en 12, en ekki yfir 100 smálestir, að hlutaðeigandi hafi fengið skýrteini sem skipstjóri á innanlands-siglingum.

3. gr. Rjettur til að vera skipstjóri á íslenzku skipi, sem er meira en 100 smálestir, á innanlands-siglingum, og skipstjóri á íslenzku skipi, af hverri stærð sem er, á utanlands-siglingum, er bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið skýrteini sem skipstjóri á utanlands-siglingum.

Sje um gufuskip að ræða, er rjetturinn ennfremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið viðaukaskýrteini það, sem getur um í 12. gr.

4. gr. Rjettur til að vera stýrimaður á íslenzku seglskipi, sem er meira en 100 smálestir, á innanlands-siglingum, er bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið skýrteini sem stýrimaður á innanlands-siglingum.

5. gr. Rjettur til að vera stýrimaður á íslenzku gufuskipi, sem er meira en 100 smálestir, á innanlands-siglingum, og á íslenzku skipi, af hverri stærð og tegund sem er, á utanlands-siglingum, er bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið skýrteini sem stýrimaður á utanlands-siglingum.

Ef um gufuskip er að ræða, er rjetturinn ennfremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið viðaukaskýrteini það, er greinir um í 12. gr.

Viðaukaskýrteini það, sem ræðir um í gr. þessari og 3. gr., er þó óþarft, ef hlutaðeigandi hefur staðizt hið almenna danska stýrimannspróf, eða annað próf, er jafngildir því eptir dönskum lögum.

6. gr. Ekkert íslenzkt skip má afgreiða frá nokkurri höfn á Íslandi til ferða milli Islands og annara landa, nema því að eins að á því sje til starfa að minnsta kosti einn stýrimaður auk skipstjóra, og sje um gufuskip að ræða, sem er meira en 300 smálestir, þá 2 stýrimenn.

Ekkert íslenzk skip, sem meira er en 100 smálestir, má afgreiða eða láta fara á innanlands-siglingar, nema því að eins, að á því sje til starfa að minnsta kosti einn stýrimaður auk skipstjóra. I stað stýrimanns má þó á seglskipum koma vanur sjómaður, sem hefur vottorð frá 2 skipstjórum um, að þeir hafi komizt að raun um það, annaðhvort með því að prófa hann, eða, þá er hann hefur verið í förum með þeim, að hann kunni til skipstjórnar, hvort sem til lands sjer eða eigi.

Þá má eigi heldur afgreiða nokkurt íslenzkt gufuskip, eða það fara á neinar siglingar frá neinum stað við Ísland, nema því að eins, að skilyrðum þeim sje fullnægt, sem sett eru í reglugjörð þeirri um gæzlu á gufuvjel skipsins, er því hefur verið fengin samkvæmt 13. gr., og sem tiltekur um tölu og kunnáttu þeirra manna, er til gæzlu skulu settir við vjelina.

7. gr. Til þess að öðlast skýrteini, sem skipstjóri á innanlands-siglingum útheimtist.

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið minna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;

b) að hann hafi verið í förum 8 mánuði eða stýrimaður 4 mánuði;

c) að hann hafi rjett innborinna manna eða sje heimilisfastur í Danaveldi;

d) að hann sje fullveðja;

e) að hann hafi ekki orðið sekur að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;

f) að hann sanni, að sjón hans sje svo góð, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

8. gr. Til þess að öðlast skýrteini sem skipstjóri á utanlands-siglingum útheimtist auk skilyrða þeirra, sem talin eru í 7 gr. liðunum c—f:

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið meira stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík eða hið almenna danska stýrimannspróf eða annað það próf, er hefur sama gildi eptir dönskum lögum;

b) að hann eptir það hafi verið í förum sem stýrimaður í 2 ár og á þeim tíma arið tvisvar milli landa, eða að hann hafi jafnlangan tíma gegnt þeim störfum og verið í þeim förum á dönsku skipi, er samsvari þeim, er áður segir.

9. gr. Til þess að öðlast skýrteini sem stýrimaður á innanlands-siglingum útheimtist:

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið minna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;

b) að hann eptir það hafi verið í förum að minnsta kosti 4 mánuði;

c) að hann hafi eigi verið dæmdur í hegningarvinnu fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;

d) að hann sanni, að sjón hans sje svo góð, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

10. gr. Til þess að öðlast skýrteini sem stýrimaður á utanlands-siglingum útheimtist auk skilyrða þeirra, sem talin eru í 9. gr. liðunum c. og d.:

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið meira stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík, eða hið almenna danska stýrimannspróf, eða annað próf, er hefur sama gildi eptir dönskum lögum;

b) að hann eptir það hafi verið 8 mánuði í förum.

11. gr. Þeir, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru hjer að framan, eiga heimtingu á að fá skýrteini þau, sem talin eru í 7.—10. gr. Skýrteini þessi skal rita eptir fyrirmynd, er landshöfðingi lætur til búa, og skulu þau gefin út af lögreglustjóra á þeim stað, þar sem hlutaðeigandi er búsettur, eða, sje hann hvergi búsettur í landinu,

þar sem hann eða umboðsmaður hans, sje hann sjálfur erlendis, er staddur, þá er beiðnin kemur fram.

Fyrir skipstjóra-skýrteini skal greiða 4 kr., er renna í landssjóð. Fyrir stýrimanns-skýrteini skal ekkert gjald greiða.

Nú vill einhver eigi hlíta úrskurði lögreglustjóra, að því er snertir útgáfu skýrteinis, og skal hann þá senda kæru sína amtmanni áleiðis til landshöfðingja, og gjörir landshöfðingi þá út um málið; en við það skerðist eigi rjettur hans til þess að leita dómsákvæðis í þessu máli.

12. gr. Sá, er öðlazt hefur skýrteini sem skipstjóri eða sem stýrimaður á utanlands-siglingum, og sem þvínæst færir sönnur á það, annaðhvort með vottorði um, að hann hafi staðizt próf í gufuvjelafræði í Danmörku, eða á annan hátt, að hann hafi þá þekkingu á gufuvjelum, sem nauðsynlegt er, til þess að vera skipstjóri eða stýrimaður á gufuskipi, á kost á að fá viðaukaskýrteini þessu til sönnunar hjá landshöfðingja.

13. gr. Á hverju íslenzku gufuskipi skal vera reglugjörð um gæzlu á gufuvjelinni, er ráðgjafinn fyrir Island gefur út; skal í henni gjöra ákvæði um það eptir skýrslum þeim, sem fram eru komnar um hestaafl vjelarinnar, hverjum skilyrðum vjelaliðið skuli fullnægja, að því er snertir tölu og kunnáttu gæzlumanna.

Nú verður sú breyting gjörð síðar á vjel skipsins eða kötlum þess, að hestaaflið eykst að mun, og skal útgjörðamaður þess þá skyldur til að útvega nýja reglugjörð.

14. gr. Þegar sjerstaklega er ástatt, getur landshöfðingi veitt undanþágur frá prófkröfum þeim og skilyrðum, að því er til sjómennsku kemur, sem nefnd eru í 7.—10. gr.; þetta skal einkum eiga sjer stað fyrsta árin eptir að lög þessi öðlast gildi og að því er kemur til skilyrðanna í 7. og 9. gr.

15. gr. Nú verður maður að lagadómi sekur um eitthvert það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hefur hann fyrirgjört skýrteini sínu sem skipstjóri.

Nú verður maður dæmdur í hegningarvinnu fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hefur hann þá fyrirgjört skýrteini sínu sem stýrimaður.

16. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 200 krónum; sje brotið ítrekað, geta sektirnar stigið allt að 400 krónum. Sektirnar renna í landssjóð.

Brot þessi sæta opinberri málssókn, og skal fara með málin sem almenn lögreglumál.

17. gr. Ákvæðið um það í opnu brjefi 27. maí 1859, að stýrimenn á dönskum skipum, sem gjörð eru út frá einhverjum stað á Íslandi, skuli eiga heima í hinu danska konungsveldi, er úr gildi numið.

18. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. dag. júlímánaðar 1895. Skilyrðin í 2.—5. gr. fyrir því að mega vera skipstjóri eða stýrimaður á skipi á innanlands-siglingum, ná þó eigi til þeirra, er stundað hafa atvinnu þessa fyrir 1. júlí 1895.

Ed. **498. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895, (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild). Frá Landshöfðingja.

Við 10. gr. C. 6. Til vörðuvita:

Fyrir 500 kr. komi: 750 kr. fyrir árið 1894.

Ed.

499. Tillaga

til þingsályktunar. Eins og hún var samþykkt við eina umr. í neðri deild.

Alþingi skorar á landsstjórnina, að leita álits sveitarstjórnarvalda landsins um breytingar á fátækralöggjöfinni, og þá hún hefur fengið tillögur þeirra, að semja frumvarp til nýrra fátækralaga og leggja það fyrir þingið.

Nd.

500. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um að selja salt eptir vigt. Frá Skúla Thoroddsen.

Við 1. gr. Orðin í enda greinarinnar: „nema . . . mælis“ falli burtu.

Ed.

501. Frumvarp

til laga um vegi. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Ed.).

I. kafli.

Um skipting á vegum.

1. gr. Vegir á Íslandi eru: flutningabrautir, þjóðvegir, fjallvegir, sýsluvegir og hreppsvegir.

2. gr. Flutningabrautir eru þeir vegir, sem aðalvörumagn helztu hjeraða er flutt um. Þjóðvegir eru þeir vegir, sem aðalpóstleiðir liggja um. Fjallvegir eru þeir vegir yfir fjöll og heiðar, sem eigi teljast til neins annars vegaflokks. Sýsluvegir eru þeir vegir, sem liggja sýslna á milli og um hverja sýslu, þar sem mest er þjóðbraut, svo sem í kauptún og almenn fiskiver, enda sjeu það eigi flutningabrautir eða þjóðvegir. Hreppsvegir eru vegir hreppa á milli og um hreppa, sem hvorki eru flutningabrautir, þjóðvegir nje sýsluvegir.

3. gr. Flutningabrautir skulu fyrst um sinn vera í þessum hjeruðum:

1. Frá Reykjavík austur í Rangárvallasýslu.
2. — —— — að Geysi.
3. — Eyrarbakka upp Árnessýslu.
4. Upp Borgarfjörð.
5. Frá Blönduósi vestur Húnavatnssýslu.
6. — Sauðárkrók inn Skagafjörð.
7. — Akureyri inn Eyjafjörð.
8. — Húsavík inn Reykjadal.
9. — Búðareyri við Reyðarfjörð um Fagradal til Lagarfljóts.

4. gr. Landshöfðingi ákveður eptir tillögum sýslunefnda, amtsráða og vegfræðings, hvar leggja skuli flutningabrautirnar um hjeruðin.

5. gr. Þjóðvegir eru: 1. frá Reykjavík til Ísafjarðar, 2. frá Reykjavík til Akureyrar, 3. frá Akureyri til Seyðisfjarðar, 4. frá Reykjavík til Prestbakka, 5. frá Prestbakka til Eskifjarðar. Liggja skulu vegir þessir um aðalbyggðir landsins, svo beint sem verða má milli endastöðvanna eptir staðháttum.

II. kafli.

Um flutningabrautir, þjóðvegi og fjallvegi.

6. gr. Flutningabrautir, þjóðvegir og fjallvegir eru undir yfirumsjón landshöfðingja, og greiðist kostnaður til þeirra yfir höfuð úr landssjóði. Ef þjóðvegur liggur um sýslu endilanga, skal allt að helmingi sýsluvegagjalds í þeirri sýslu ganga til póstvegarins.

Það fje, sem gengur til þessara þriggja vegaflokka, skal veita í fjárlögum hvers fjárhagstímabils, og skal hverjum flokki fyrir sig ákveðin viss upphæð.

7. gr. Svo skal vegi gjöra á flutningabrautum, að vel sjeu akfærir hlöðnum vögnum á sumrum; vegagjörðinni skal landshöfðingi ráðstafa eptir tillögu vegfróðs manns eða verkfræðings landsins, ef slíkur verður skipaður.

8. gr. Á þjóðvegum skal svo bæta torfærur með vegaruðning og brúargjörð, að þeir sje greiðir yfirreiðar. Skal það vera aðalregla, að fyrst sjeu bættar þær torfærur, sem mestan farartálma gjöra. Að öðru jöfnu skal fyr bæta farartálma á fjölförnustu vegum.

9. gr. Rjett er, að fjallvegir sjeu reiðfærir gjörðir og varðaðir, svo sem nauðsyn ber til.

III. kafli.
Um sýsluvegi.

10. gr. Sýslunefndir semja tillögur um, hverjir skuli vera sýsluvegir í sýslu hverri, en amtsráð leggur á það samþykki sitt.

11. gr. Kostnaður við sýsluvegi greiðist úr sýsluvegasjóði. Í sýsluvegasjóð greiðir hvert hreppsfjelag 1 kr. 25 a. fyrir hvern verkfæran mann í hreppnum 20—60 ára, í hverri stöðu sem er.

Hreppstjórar skulu á hverju ári fyrir lok marzmánaðar senda sýslumanni nafnaskrár yfir alla verkfæra menn 20—60 ára, sem heimili hafa í hreppnum. Eptir skrám þessum ákveður sýslumaður sýsluvegagjald hvers hrepps. Gjaldið skal borgað úr sveitarsjóði og greiðist sýslumanni á manntalsþingi.

12. gr. Fela má sýslunefnd hlutaðeigandi sýslunefndarmanni eða hreppsnefnd umsjón með sýsluvegagjörð, hverjum í sínum hrepp, og ber þeim, sem umsjón er falin, að ráða þann verkstjóra, sem hæfur er til þess starfa.

13. gr. Sýsluvegir þeir, sem liggja út frá flutningabrautum eða eru framhald af þeim, skulu gjörast akfærir þar sem því verður við komið. Um vegabætur á sýsluvegum að öðru leyti skipar sýslunefnd fyrir, og gilda um þær sömu reglur, sem um umbætur á þjóðvegum og fjallvegum.

14. gr. Oddviti sýslunefndar skal ár hvert senda amtsráði reikning yfir tekjur og gjöld sýsluvegasjóðsins.

15. gr. Heimilt er sýslunefnd með samþykki amtsráðs að verja sýsluvegagjaldi til að styrkja gufubátsferðir í sýslunni.

IV. kafli.
Um hreppsvegi.

16. gr. Hreppsnefnd semur tillögur um hvar hreppsvegi skuli leggja í hreppi hverjum, og hvernig þeir skuli vera að breidd og ásigkomulagi, og leggur tillögur sínar undir samþykki hlutaðeigandi sýslunefndar.

17. gr. Á vorhreppaskilaþingi skal greiða til kostnaðar við hreppsvegi 1 kr. 25 a. fyrir hvern verkfæran mann í hreppnum 20—60 ára. Gjald þetta greiðir hver húsbóndi fyrir heimilismenn sína. Ef gjald þetta er eigi unnið upp árlega, leggst afgangurinn í vegasjóð, er hreppsnefndin geymir og hefur ábyrgð á.

18. gr. Nú er lítið að vinna að hreppsvegum í hreppi; má sýslunefnd þá ákveða, að allt að helmingi hreppsvegagjalds greiðist í peningum í sýsluvegasjóð. Sje aptur á móti hreppsvegavinna mikil í einhverjum hreppi, af því að þar eru engar flutningabrautir, þjóðvegir nje sýsluvegir, en vegir um hreppinn langir og torfærir,

má sýslunefndin ákveða, að helmingur á móts við hreppsvegagjald hreppsins greiðist úr sýsluvegasjóði.

19. gr. Hreppsnefndin hefur umsjón um vinnu og aðgjörð á hreppsvegum, og skal hún skipa umsjónarmann, einn eða fleiri, til að sjá um vinnuna, svo og ráða smið, er brýr skal gjöra.

20. gr. Oddviti hreppsnefndar skal á ári hverju senda sýslunefnd reikning yfir tekjur og gjöld hreppsvegasjóðsins.

V. kafli.

Almenn ákvæði.

21. gr. Brýr skal gjöra á ár og læki, þar sem þörf er á, þegar efni og ástæður leyfa. Bjett er og að reisa sæluhús af vegabótafje, þar sem mikil umferð er á vetrum.

22. gr. Hver landeigandi er skyldur að leyfa, að vegur sje gjörður um land hans, og efni tekið þar sem næst er, án endurgjalds, ef eigi er skemmt tún, engi, yrkt land eða umgirt land. Sje vegur lagður um tún, engi, yrkt land eða umgirt land, svo og ef vegarefni er tekið landeiganda til skaða, skulu fullar bætur fyrir koma, eptir mati dómkvaddra manna. Skaðabætur greiðast úr landssjóði, sje vegurinn flutningabraut eða þjóðvegur, úr sýsluvegasjóði, ef vegurinn er sýsluvegur og úr hreppsvegasjóði, sje hann hreppsvegur.

23. gr. Hver sem af ásettu ráði skemmir vegi, brýr, vörður, ferjur eða sæluhús, skal sæta hegningu samkvæmt 296. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869.

24. gr. Brot gegn lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál.

25. gr. Með lögum þessum eru lög nr. 25, 10. nóv. 1887 og lög nr. 11, 7. febr. 1890 úr gildi numin.

Ed. **502. Nefndarálit**

í málinu frumvarp til laga um eptirlaun.

Frumvarp þetta hefur tekið allmiklum breytingum í háttv. neðri deild, nefndin er öll á því að flestar breytingar þessar sjeu fremur til að spilla frumvarpinu en bæta það, en þó vill meiri hluti nefndarinnar fallast á fyrstu breytingu neðri deildar á 2. gr., sem sje að eptirlauna upphæðin sje $^1/_5$ af embættislaununum, en að öðru leyti er nefndin öll samhuga á því, að ekki beri að samþykkja hinar aðrar breytingar háttv. neðri deildar á frumvarpinu.

Nefndin ræður því hinni háttv. deild til að samþykkja eptirfylgjandi breytingar á frumvarpinu:

1. Við 2. gr. Fyrir: „helming“ komi: „$^2/_3$“
2. — — — Fyrir: „helmings“ komi: „$^2/_3$“
3. — 7. — Fyrir: „$^1/_{10}$“ komi; „$^1/_8$“

Alþingi 18. ágúst 1893.

Sigurður Stefánsson. Sigurður Jensson framsögumaður.

Svo sem segir hjer að ofan er jeg meðnefndarmönnum alveg samþykkur um þær breytingar, sem þeir hafa stungið uppá, en jeg get með engu móti verið samþykkur því, að embættismaður fái ekki nema $^1/_5$ embættislaunaupphæðar sinnar bæði fyrir þá sök, að hin háttvirta efri deild samþykkti hærri upphæð með

tiltölulega miklum atkvæða mun, og jeg ætla, að þessi breyting neðri deildar spilli engu síður frumvarpinu en hinar aðrar breytingar hennar. Fyrir því verð jeg að leggja til, að í stað $^1/_5$ í 2. gr. frumvarpsins komi: $^1/_4$.

Alþingi 18. ágúst 1893.

Jón A. Hjaltalín.

Nd. **503. Frumvarp**

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Reykjatanga. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed.).

Við Reykjatanga austanvert við Hrútafjörð í Húnavatnssýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd. **504. Breytingartillaga og viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur 14. jan. 1876 og viðauka við þau. Frá meiri hluta nefndarinnar.

Við 3. gr. fyrir: »að æsa menn til« komi: telja menn á.

Aptan við 7. gr. bætist þessi málsgrein:

Ef útlendur maður er dæmdur fyrir brot gegn ákvæði 3. greinar, skal einnig með dóminum skylda hann til að fara af landi burt, með hinni næstu skipsferð, er vís er, og leggja við þvingunarsektir, allt að 30 kr. fyrir hvern dag, er hann óhlýðnast dóminum, enda sje hann háður gæzlu lögreglustjórnarinnar, meðan hann fer eigi úr landi.

Nd. **505. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um kosningar til alþingis. Frá Jóni Jónssyni þm. A.-S., Birni Sigfússyni, Birni Bjarnarsyni, Jóni Jakobssyni, Guðl. Guðmundssyni og Jóni Jónssyni 2. þm. Eyf.

Við 26. gr.: Fyrir »í septembermánuði«, komi: »í júnímánuði eða septembermánuði«.

Nd. **506. Álit**

nefndar þeirrar, er neðri deild alþingis hefur sett til að rannsaka kærur út af embættisfærslu Lárusar K. Bjarnasonar m. m.

Neðri deild alþingis hefur kosið oss í nefnd til að rannsaka kærur þær, er landsstjórninni hafa borizt úr Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað út af embættisfærslu setts sýslumanns og bæjarfógeta Lárusar K. Bjarnasonar, sem og að rannsaka hvað landsstjórnin hefur gjört kærum þessum viðvíkjandi.

Nefndin hefur haft til meðferðar 12 kærur úr Ísafjarðarsýslu- og kaupstað undirskrifaðar af samtals 597 mönnum; af kærunum eru ein úr Ísafjarðarkaupstað með 125 nöfnum undirskrifuðum, en hinar 11 úr 10 hreppum Ísafjarðarsýslu. Í kærum þessum eru þær sakir bornar á Lárus K. Bjarnason, að hann hafi vilhalla

rjettarvotta, svo að vitni eigi mjög örðugt með að fá framburð sinn rjett bókaðan, hafi í frammi við vitni ýms óforsvaranleg orð fyrir rjetti, er honum mislíkar framburður þeirra, og reynir að hræða þau með alls konar hótunum, tugthúsi o. s. frv., sekti vitni fyrir útivist frá rjetti að óheyrðum lögmætum forföllum þeirra, setji rjett yfir mönnum óheyrðum og óstefndum í þeirra eigin húsum að þeim fornspurðum, krefji vitnisburðar um atriði, sem sje óviðkomandi málum þeim, sem þeim er stefnt til að bera vitni nm, brúki óforsvaranleg orð við stefnuvotta, sje svo óáreiðanlegur, að almenningur geti ekkert traust til hans borið nje átt tal við hann nema undir votta, og að menn fái ekki afgreidd mál sín hjá honum. Yfir höfuð er það með berum orðum tekið fram í kærunum, að hugir manna þar vestra sje orðnir svo æstir og svo mikil óánægja, ófriður og ótti upp kominn í hjeraðinu út af atferli Lárusar K. Bjarnasonar í málarekstrinum gegn Skúla sýslumanni Thóroddsen, að til vandræða horfi, nema Lárus Bjarnason verði burt kvaddur, þar sem framkoma hans hafi verið þannig, að almenningur geti ekkert traust til hans borið nje virðingu fyrir honum haft sem yfirvaldi.

Þá hafa nefndinni einnig borizt kærur frá sýslumanni Skúla Thóroddsen til landsstjórnarinnar yfir Lárusi Bjarnasyni, sem að nokkru leyti fara í sömu átt og kærur þær, sem áður eru nefndar.

Enn fremur hafa nefndinni borizt ýmsar vottfastar yfirlýsingar frá einstökum mönnum, svo sem frá Þorsteini Stefánssyni, Ólafi Ólafssyni og Guðmundi Guðmundssyni á Ísafirði, fyrverandi alþingismanni Gunnari Halldórssyni í Skálavík, konunum Þórunni Eiríksdóttur og Arnfríði Ólafsdóttur á Ísafirði, og loks brjef frá síra Sigurði alþingismanni Stefánssyni til nefndarinnar; í öllum þessum vottorðum og yfirlýsingum er það tekið fram, að Lárus Bjarnason hafi bókað rangt framburð vitna, og tilfærð ýms dæmi því til sönnunar; auk þess hefur alþingismaður síra Sigurður Stefánsson skýrt frá tveim atriðum, sem virðist bera vott um vanrækslu í embættisfærslu viðkomandi yfirvalds. Skjöl hafa nefndinni engin borizt, er vjefengi áður nefndar kærur, nema umsögn frá Lárusi Bjarnasyni til amtsins, dags. 10. júní þ. á., þar sem hann blátt áfram neitar að kærur þessar sje sannar, telur þær sprottnar af kala til sín o. s. frv., sem hann snemma hafi orðið var við eptir að hann kom vestur, og sem eptir brjefi hans virðist hafa farið sívaxandi, svo að honum jafnvel hafi verið neitað um flutning á ferðum hans, og þessi mótþrói enda magnast svo, að nokkrir hreppar „kvað hafa tekið sig saman um, að sækja hvorki sýslunefndarfundi nje manntalsþing“ eptir Lárusar eigin orðum.

Það getur nú verið álitamál, hvort eigi væri ráðlegt að skora á landsstjórnina að setja rannsóknardómara til að rannsaka kærur þær, er henni hafa borizt yfir embættisfærslu Lárusar K. Bjarnasonar, einkum þegar þess er gætt, að þeirri aðferð hefur áður verið beitt gegn yfirvaldi, sem enginn hafði opinberlega kært. Nefndin vill þó eigi koma fram með þingsályktunartillögu um slíka rannsókn, af því hinar almennu kærur úr Ísafjarðarsýslu virðast að miklu leyti byggðar á ýmsum sjerstökum atriðum, er snerta rannsóknina í máli Skúla Thóroddsens, sem nú er fyrir landsyfirrjettinum, og nefndin treystir því, að við meðferð landsyfirrjettarins á því muni það koma í ljós, hvort aðferð Lárusar Bjarnasonar í þessu máli varði við lög, og að landsstjórnin muni þá að málinu loknu láta rannsaka alla embættisfærslu Lárusar Bjarnasonar, ef þörf gjörist. En þrátt fyrir það virðist nefndinni augljóst, að ástandið í Ísafjarðarsýslu sje mjög iskyggi-

legt, þar sem þar er upp komin megn óánægja með hið setta yfirvald, óánœgja, sem lýsir sjer í kærum, er hafa inni að halda þungar sakargiptir á hendur æðsta valdsmanni sýslunnar og sem hafa sjer til stuðnings ákveðin vottorð og yfirlýsingar um einstök kæruatriði frá nafngreindum og jafnvel nafnkunnum mönnum; þess ber og að gæta, að jafnvel hið áður nefnda brjef Lárusar Bjarnasonar sannar þetta ískyggilega ástand og sýnir ljóslega, að hugir manna eru orð ir honum svo frá hverfir, að hann á örðugt með að framkvæma ýms störf, er hvíla á honum sem skipuðum valdsmanni, og enn fremur hefur amtmaðurinn í Suður- og Vesturamtinu í brjefi til landshöfðingjans, dags. 17. apríl þ. á., komizt svo að orði, að það sje sjálfsagt að talsverð óvild hafi komið upp í lögsagnarumdæmi Ísafjarðarsýslu eða allmiklum hluta þess gegn settum sýslumanni Lárusi Bjarnasyni og það svo, eptir því sem sjer hafi verið tjáð munnlega, að til vandræða horfir. Það skal að síðustu tekið fram, að þessi óánægja hefur sterklega komið fram í verkinu, þar sem almenn samtök virðast hafa verið gjörð í sýslunni, eða miklum hluta hennar, um að sækja eigi lögboðna fundi og sýslunefndarfundur eigi hefur komizt á, þótt tvívegis hafi verið til hans boðað, eins og sjá má af vottorðum þeim, er nefndin hefur fengið þessu viðvíkjandi frá amtsráðsmanni í Ísafjarðarsýslu, Skúla alþingismanni Thóroddsen, dags. 18. þ. m., og frá sýslunefndarmanni í sömu sýslu, síra Sigurði alþingismanni Stefánssyni, dags. 16. þ. m.

Nú er það auðsætt, að fyrst ekki hefur komizt á sýslunefndarfundur í sýslu þessari síðan í marz 1892, þá hefur þar af leiðandi engu sýslusjóðsgjaldi orðið jafnað niður á síðast liðnu vori til lögboðinna útgjalda sjóðsins. Eigi er heldur sýnilegt, að fullnægjandi framkvæmd hafi getað orðið á hinum margbreyttu og þýðingarmiklu störfum, sem sýslunefndum ber að annast og sem alls eigi mega heptast. Af þessu, sem nú hefur sagt verið, sýnist nefndinni það full ljóst, að ástandið í Ísafjarðarsýslu sje þannig, að brýn nauðsýn beri til að ráða bót á því, en að öðrum kosti geti svo farið, að það innan skamms leiði til algjörðs lagaleysis, og þar sem vjer sjáum engar líkur til að slíku verði afstýrt á annan hátt en þann, að Lárus Bjarnason hætti að gegna embættisstörfum sem settur sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði, þá virðist oss nauðsynlegt, að hann verði leystur frá þessum embættum, enda sýnist ekkert geta vera því til fyrirstöðu, þar sem hann hefur nú aflokið þeim starfa, sem hann upphaflega var settur til að framkvæma. Vjer verðum því að ráða hinni heiðruðu deild til að samþykkja svo hljóðandi

Tillögu

til þingsályktunar:

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að hlutast til um, að settur sýslumaður og bæjarfógeti Lárus K. Bjarnason verði tafarlaust leystur frá sýslumanns- og bæjarfógetastörfum í Ísafjarðarsýslu- og kaupstað.

Alþingi 18. d. ágústmán 1893.

Jens Pálsson,	Jón Jakobsson,	Sigurður Gunnarsson,
formaður.	skrifari.	framsögumaður.
Jón Jónsson, 2. þm. N. Múlas.		Ólafur Briem.

Nd. **507. Breytingartillögur**

við tillögur til þingsályktunar um strandferðir ins sameinaða gufuskipafjelags (þingskj. 465). Frá Jóni Jónssyni 2. þm. Eyf. ‚Birni Sigfússyni og Jóni Jónssyni þm. A.-S.

1. Við 3. gr. Á eptir »Íslands« bætist inn í: um sumarmánuðina maí til september.
2. Aptan við till. bætist nýr liður:
   4. a. að komið sje við á Borðeyri að minnsta kosti í einni ferð fram og aptur.
      b. að Blönduós sje tekinn upp á áætlunina sem viðkomustaður, og
      c. að optar sje komið við á Berufirði.

Nd. **508. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl. (eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed.).

Nefndin hefur tekið frumvarp þetta á ný til athugunar, og þótt nefndin að vísu eigi geti að öllu leyti álitið, að breytingar hinnar háttvirtu efri deildar sjeu heppilegar, þá vill hún þó leggja það til, eptir ástæðum, að frv. verði samþykkt óbreytt, eins og það nú liggur fyrir.

Alþingi 19. ágúst 1893.

B. Kristjánsson, formaður.	Þorlákur Guðmundsson.	Kl. Jónsson, skrifari.	Sk. Thoroddsen.
	Guðl. Guðmundsson, framsögumaður.		

Ed. **509. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895 (eins og það var samþykkt við 3. umr. í n. d.). Frá Einari Ásmundssyni.

1. Við 11. gr. 2. bætist nýr stafliður svohljóðandi:
   m. til læknis í Grýtubakka- Háls- og Ljósavatnshreppum í Suður-Þingeyjarsýslu 1000 kr hvort árið.
2. — — — — Tala aukalækna og launaupphæðin til þeirra breytist samkvæmt þessu.

Ed. **510. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur, 14. jan. 1876, og viðauka við þau, (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild).

1. gr. Enginn má koma fram sem útflutningastjóri, nema hann hafi fengið sjerstaklegt leyfi til þess. Hver sá maður verður álitinn útflutningastjóri, sem tekst á hendur á eiginn kostnað eða annara, að annast um flutning útfara í aðrar heimsálfur. Engir aðrir en þeir, sem eru löggildir útflutningastjórar og umboðsmenn þeirra, mega gjöra samninga við útfara um slíkan flutning, eða bjóða fram milligöngu sína til þess að gjöra slíka samninga.

2. gr. Enginn má semja við útfara hvorki skriflega nje munnlega, um flutning

í aðra heimsálfu á þann hátt, að útfari skuli vinna af sjer farareyri, er þangað kemur, enda er og sá samningur ógildur.

3. gr. Enginn má ferðast hjer um land í þeim erindum, að æsa menn til að flytja af landi burt.

4. gr. Eigi má taka útfara á skip, fyr en lögreglustjóri á þeim stað, er skipið leggur út frá, hefur gefið skriflegt leyfi til þess.

Áður en lögreglustjóri veitir þetta leyfi, skal hann athuga það vandlega, að skipið sje hentugt til þess, sem það er ætlað, bæði með því að láta menn, sem vit hafa á, halda skoðunargjörð, eptir því er hann mælir fyrir, og með því að rannsaka skoðunarskýrteini þau, sem gefin eru út á þeim stað, sem skipið á heima, en skýrteini þessi gilda þó eigi lengur en eitt ár, frá því er þau eru gefin út. Þó er hið konunglega póstgufuskip undanþegið þessari rannsókn.

Í leyfinu skal lögreglustjóri kveða nákvæmlega á um það, hversu marga útfara megi taka á skipið; setja má hann þar og frekari reglur um tilhlýðilega meðferð á útförunum, ef honum þykir nauðsyn til bera.

Nú er skip haft til að taka útfara á fleiri höfnum en einni í sömu ferð, og skal þá leyfið fengið hjá lögreglustjóra á þeim stað, er útfarar eru fyrst teknir í skipið. Á hverri höfn, er skipið síðan kemur á til að taka útfara, sje leyfið sýnt lögreglustjóra, og skal hann gæta þess, að fyrirmælum um tölu og meðferð útfara sje hlýtt.

Það er á ábyrgð útflutningastjóra, ef nokkur útfari er látinn ganga á skip, áður en leyfi það, sem skipið þarf, er fengið.

5. gr. Ekkert skip má taka útfara til útflutnings, nema hann hafi útfararsamning áteiknaðan af lögreglustjóra eða löggiltum umboðsmanni hans, áður en hann fer á skip, svo og leiðarbrjef frá lögreglustjóra í því umdæmi þar sem útfari átti síðast heimili.

6. gr. Ef einhver afhendir öðrum manni leiðarbrjef sitt til þess að sá maður geti haft það fyrir leiðarbrjef, varðar það sektum allt að 400 kr. Þau sektamál skal sækja sem almenn lögreglumál.

7. gr. Brot gegn 1., 2. og 3. gr. varða sektum allt að 2000 kr.; þó má herða á hegningunni með því, að beita einföldu fangelsi í 2 mánuði eða öðru fangelsi, svo sem því svarar. Mál sem rísa út af slíkum brotum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

Ef útlendur maður er dæmdur fyrir brot gegn ákvæði 3. greinar, skal einnig með dóminum skylda hann til að fara af landi burt, með hinni næstu skipsferð, er vís er, og leggja við þvingunarsektir, allt að 30 kr. fyrir hvern dag, er hann óhlýðnast dóminum, enda sje hann háður gæzlu lögreglustjórnarinnar, meðan hann fer eigi úr landi.

8. gr. Brot gegn 4. og 5. gr. varða sektum allt að 2000 kr. og þar að auki allt að 400 kr. sekt fyrir þann mann, sem tekinn er á skip gegn ákvæði 5. greinar. Sektirnar skulu ákveðnar með úrskurði landshöfðingja, og greiðist sektarfje af upphæð þeirri, er útflutningastjóri hefur að veði lagt.

9. gr. Allar sektir eptir lögum þessum renna í landssjóð.

10. gr. Hjer með er úr lögum numin 1. og 7. gr. í lögum um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, sem flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur 14. jan. 1876 og 3. gr. í lögum um viðauka við þau lög, nr. 14, 18. sept. 1891.

Ed

511. Frumvarp

til laga um stofnun brunabótasjóðs. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.).

I. Kafli.

Stofnun sjóðsins.

1. gr. Brunabótasjóð skal stofna hjer á landi, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr. Í kaupstöðunum Reykjavík, Ísafirði og Akureyri og verzlunarstöðunum Vestmannaeyjum, Eyrarbakka, Keflavík, Hafnarfirði, Akranesi, Stykkishólmi, Sauðárkrók, Vopnafirði, Seyðisfirði og Eskifirði, skal öllum húseignum, hvort sem þær eru eign almennings eða einstakra manna, haldið í brunabótaábyrgð samkvæmt lögum þessum.

3. gr. Eigendur húseigna og bæja á öðrum stöðum en þeim, sem nefndir eru í 2. gr., geta fengið brunabótaábyrgð á þeim, ef stjórn sjóðsins samþykkir það.

4. gr. Áður en sjóðurinn er stofnaður, skal fara fram virðingargjörð á öllum húseignum á þeim stöðum, sem nefndir eru í 2. gr., eptir reglum, sem landshöfðingi setur. Í Reykjavík fer þó að eins fram skoðunargjörð, nema ef um ný hús er að ræða, eða þau hús, sem að áliti virðingarmanna ekki ná síðasta virðingarverði.

5. gr. Virðingargjörðir þær, sem nefndar eru í 4. gr., skulu framkvæmdar af 3 mönnum, er bæjarfógeti eða sýslumaður útnefnir fyrir rjetti til 6 ára, nema þar sem skipaður er slökkviliðsstjóri, þá er hann sjálfkjörinn þriðji virðingarmaður.

Fyrir virðingargjörðir þessar skal greiða hverjum virðingarmanni 4 kr. á dag, og slökkviliðsstjóra 2 kr. að auki. Borgun þessa greiða húseigendur allir á hverjum stað, samkvæmt niðurjöfnun bæjarfógeta eða sýslumanns, eptir virðingarverði húseignanna.

6. gr. Virðingargjörð á húseignum, sem teknar eru í brunabótaábyrgð utan þeirra staða, sem nefndir eru í 2. gr., skulu sömuleiðis framkvæmdar af 3 mönnum, sem sýslumaður útnefnir í hvert skipti, og fá þeir sömu þóknun fyrir starf sitt, eins og segir í 5. gr., og greiðir gjörðarbeiðandi hana.

7. gr. Bæjarstjórnir og hreppsnefndir skulu hafa eptirlit með virðingargjörðum þeim, sem haldnar verða til þess að taka hús í ábyrgð og láta uppi álit sitt um verð það, sem sett er á hverja einstaka eign; verður engin húseign tekin í ábyrgð fyrir meiru en þær álíta hæfilegt.

8. gr. Stjórn sjóðsins skal hafa heimild til að láta virðingarmenn halda almenna skoðunargjörð 6. hvert ár, á kostnað eigendanna, á öllum þeim húseignum, sem eru í ábyrgð sjóðsins, og skulu þeir þá virða upp aptur þau hús, sem þeir álíta að lækkað hafi í verði. Enn fremur hefur stjórn sjóðsins heimild til, að láta virða af nýju einstakar húseignir. Kostnaðinn við þá virðingargjörð greiðir húseigandi, ef húsið lækkar í virðingu, ella greiðist hann af brunabótasjóði. Sömuleiðis getur hver, sem tryggir húseign í sjóðinn, heimtað virðingu á sinn kostnað, ef hann hefur byggt við hana eða endurbætt hana, og fengið brunabótaábyrgðina hækkaða því samkvæmt.

9. gr. Brunabótagjaldið hvílir á húseign þeirri, sem vátrygð er, og gengur í 2 ár fyrir öllum öðrum skuldum, sem á húseigninni kunna að hvíla nema sköttum til landssjóðs. Brunabótagjaldið, svo og borgun fyrir virðingu, má taka lögtaki eptir þeim reglum, er gilda um lögtak á sköttum til landsjóðs.

10. gr. Þegar húseignir á þeim stöðum, sem nefndir eru í 2. gr., eru byggðar af nýju, skal á þær leggja eldtraust þak.

11. gr. Það er skylda kaupstaða þeirra og verzlunarstaða, sem nefndir eru í 2. gr., að hafa slökkvitól þau, sem stjórn sjóðsins ákveður, og halda þeim vel við. Allir bæjarbúar eða íbúar verzlunarstaðar, sem til þess verða álitnir hæfir, skulu vera skyldir að mæta tvisvar á ári til slökkviliðsæfinga.

Þegar eldsvoði kemur upp, skulu allir verkfærir karlmenn í bænum eða verzlunarstaðnum vera skyldir að koma til brunans og gjöra allt, sem þeim verður skipað af slökkviliðsstjóra eða aðstoðarmanni hans.

II. Kafli.

Stjórn sjóðsins.

12. gr. Stjórn landsbankans hefur á hendi stjórn brunabótasjóðsins undir yfirumsjón landshöfðingja. Lögheimili sjóðsins er í Reykjavík.

13. gr. Bankastjórnin semur reglugjörð fyrir sjóðinn um framkvæmdarstjórn hans, bókfærslu og reikningsskil. Í reglugjörðinni sje ákveðið, hvers konar húseignir sjóðurinn tryggir, og hverja muni, sem húsum fylgja; hvernig hinar tryggðu húseignir skuli vera byggðar, og þeim haldið við, til að tryggja þær fyrir eldsvoða; hve opt skal virða tryggðar húseignir upp aptur; á hvern hátt skaða af eldsvoða skal meta, og hvernig hann skal endurgjalda; hvort sjóðurinn tryggir aptur hjá öðrum fjelögum nokkrar húseignir; hvernig skera skal úr ágreiningi milli einstakra húseigenda, verzlunarstaða eða kaupstaða og stjórnarinnar. Enn fremur ákveður reglugjörðin, hve mikið brunabótagjald skal greiða af hvers konar húseign á hverjum stað; hverja borgun sjóðurinn má taka fyrir tryggingarskírteini eða önnur vottorð; hvernig innstæðu sjóðsins skal ávaxta; hve miklu fje má verja til framkvæmdarstjórnar og til launa handa endurskoðara.

Reglugjörð þessa staðfestir landshöfðingi, og verður henni ekki breytt nema með samþykki bankastjórnarinnar og landshöfðingja.

14. gr. Stjórn sjóðsins er ávallt skyld að gefa landshöfðingja allar þær upplýsingar um sjóðinn, sem honum kann að þykja ástæða til að heimta. Landshöfðingi getur og, hvenær sem er, látið rannsaka allan hag sjóðsins.

15. gr. Landshöfðingi skipar endurskoðara, er rannsakar reikning sjóðsins í hverju einstöku atriði og ber hann saman við bækur sjóðsins og heimafjeð. Endurskoðarinn skal að minnsta kosti tvisvar á ári sannreyna, hvort heimafje sjóðsins og verðskjöl sjeu fyrir hendi. Hann skal sjá um, að munir sjóðsins sjeu skrifaðir upp árlega, og heimta áreiðanlegt vottorð fyrir því, að þeir munir sjeu til, sem annarstaðar kunna að vera, en á heimili sjóðsins. Landshöfðingi úrskurðar og kvittar hinn endurskoðaða reikning sjóðsins.

16. gr. Hinn úrskurðaða reikning skal birta í Stjórnartíðindunum, deildinni B. Þar að auki skal stjórn sjóðsins gefa landshöfðingja stutt yfirlit yfir hag sjóðsins eptir hvern ársfjórðung, sem birtist á sama hátt. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

III. Kafli.

Skyldur sjóðsins.

17. gr. Engin húseign fellur úr ábyrgð fyrir það, þó brunabótagjaldið hafi eigi verið borgað.

18. gr. Húseignir þær, sem eru í brunabótaábyrgð, skulu fá allan þann skaða að fullu bættan af sjóðnum, sem þær verða fyrir af eldsvoða, eða af eldingum, eða fyrir það, að hús, skíðgarðar eða annað, sem ásamt húseigninni er virt til brunabóta, er rifið niður eða skemmt til að slökkva eld; farist slíkt hús alveg, skal sjóðurinn borga út það, sem þau hafa verið virt til brunabóta; en farist þau að eins að einhverju leyti, skal meta skaðann.

Sjóðurinn ábyrgist ekki skaða af hernaðar völdum, eða skaða, sem kemur af því að eigandinn er sjálfur valdur að brunanum, annað hvort með vilja eða fyrir vítavert aðgæzluleysi. Sje eigandinn viljandi eða fyrir vítavert aðgæzluleysi valdur að brunanum, geta þeir, sem þinglýst veð áttu í húseigninni, fengið brunabætur, svo framarlega sem aðrar eigur húseiganda hrökkva ekki til að gjöra þá skaðlausa.

19. gr. Brunabæturnar skulu ganga til þess, að koma húsinu eða bænum upp aptur, eða til aðgjörðar á þeim. Þó má stjórn sjóðsins gjöra undantekningar frá því með samþykki þeirra, sem þinglýst veð eiga í húsinu eða bænum.

20. gr Stjórn sjóðsins er skylt, hvenær sem þess er krafizt, að gefa hlutaðeigandi lögreglustjóra borgunarlaust skýrslu um, hver hús eða bæir sjeu tryggð til brunabóta í hans umdæmi, og ef brennur, að gefa upplýsingar um, hve hátt byggingin eða bærinn, sem brann, er tryggð.

21. gr. Reynist það, þegar hagur sjóðsins er gjörður upp á hverjum 10 ára fresti, að sjóðurinn hafi aukizt meira en stjórn sjóðsins virðist nauðsynlegt til nægilegrar tryggingar, þá skal landstjórnin leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um uppbót (bonus) til húseigenda.

IV. Kafli.

Ábyrgð landssjóðs.

22. gr. Landssjóður ábyrgist, að brunabótafjelagið geti staðið í skilum. Ef sjóðurinn bíður svo mikinn skaða af eldsvoða, að hann getur ekki bætt hann að fullu, greiðir landssjóður það, sem á vantar. Fje þetta, ásamt 4% vöxtum, endurborgar sjóðurinn með því, sem hann hefur afgangs útgjöldum sínum árlega.

23. gr. Þegar sjóðurinn er stofnaður, er úr lögum numin tilsk. 14. febr. 1874.

24. gr. Landstjórnin sjer um, að lög þessi komi til framkvæmda svo fljótt sem verða má.

Ed. **512. Frumvarp**

til laga um kosningar til alþingis. (Eins og það var sampykkt við 3. umr. í Nd.).

Kosningarrjettur og kjörgengi.

1. gr. Með þeim takmörkunum, sem nákvæmar eru teknar fram hjer á eptir (1.—5. gr.), hafa kosningarrjett til alþingis:

a, allir bændur, sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til allra stjetta; þó skulu þeir, sem með sjerstaklegri ákvörðun kynnu að vera undanskildir einhverju þegnskyldu gjaldi, ekki fyrir það missa kosningarrjett sinn;

b, kaupstaðarborgarar, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 8 kr. á ári;

c, þurrabúðarmenn, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 12 kr. á ári;

d, embættismenn, hvort heldur þeir hafa konunglegt veitingabrjef, eða þeir eru skipaðir af því yfirvaldi, sem konungur hefur veitt heimild til þess;

e, þeir sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, eða embættispróf við prestaskólann í Reykjavík eða eitthvert annað þess háttar opinbert próf, sem nú er eða kann að verða sett, þótt ekki sje þeir í embættum, ef þeir eru ekki öðrum háðir.

Þar að auki getur enginn átt kosningarrjett, nema hann sje orðinn fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram.

2. gr. Enginn getur átt kosningarrjett, nema hann hafi óflekkað mannorð; uð sá verður eigi talinn að hafa óflekkað mannorð, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, nema því að eins, að hann hafi fengið uppreisn æru sinnar, samkvæmt tilskipun 12. marz 1870.

3. gr. Enginn getur átt kosningarrjett, sem eigi er fjár síns ráðandi eða sem orðinn er gjaldþrota.

4. gr. Enginn getur átt kosningarrjett, sem piggur af sveit eða hefur þegið sveitarstyrk, nema hann sje annað hvort endurgoldinn, eða honum hafi verið gefinn hann upp.

5. gr. Enginn getur átt kosningarrjett, nema hann hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár, þá er kosningin fer fram. Sá, sem hefur fast aðsetur í fleiri stöðum, segi sjálfur til, á hverjum staðnum hann vilji neyta kosningarrjettar síns.

6. gr. Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem hefur kosningarrjett samkvæmt greinunum að framan, ef hann

1, ekki er þegn annars ríkis, eða í þjónustu þess;

2, hefur að minnsta kosti í síðustu fimm ár verið í löndum þeim í norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi, og

3, er orðinn fullra 30 ára að aldri, þegar kosningin fer fram.

Kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefur verið þar skemur en eitt ár.

Kjörskrár.

7. gr. Hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn skal semja og halda kjörskrár yfir þá menn í hverjum hreppi eða bæ, sem kosningarrjett hafa.

8. gr. Á kjörskránar skal setja sjerstaka dálka fyrir fullt nafn kjósenda, aldur

þeirra, stjett og heimili, og skal á skránum vera rúm þar sem rituð verður atkvæðagreiðsla kjósenda. Á hverri kjörskrá skal raða niður nöfnum kjósenda eptir stafaröð.

9. gr. Kjörskrárnar skulu samdar einu sinni á ári hverju; skulu þær kjörskrár lagðar til grundvallar, sem þá eru í gildi, en þeir kjósendur úr feldir, sem síðan eru dánir eða hafa flutzt burtu eða misst kosningarrjett sinn (sbr. 2., 4. og 5. gr.) og þeim bætt við, sem síðan hafa öðlazt kosningarrjett eða fyrir 6. júnímánaðar fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru um aldur og heimili. Enn fremur skulu þeir, sem að vísu enn þá eigi hafa fullnægt þeim skilyrðum, er síðast var getið, en vænta má að muni fullnægja þeim einhvern tíma á því ári, er kjörskrárnar skulu gilda fyrir, teknir upp á skrá sjer, og skal um leið tilgreina þann dag á árinu, er þeir annað hvort verða fullra 25 ára að aldri, eða hafa verið heimilisfastir í kjördæminu.

10. gr. Kjörskrárnar skulu leiðrjettar í febrúarmánuði ár hvert. Efasemdum þeim, sem þá kunna að koma fram, skal hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn skera úr, þá er búið er að fá skýringar um málið.

11. gr. Frá 1. til 21. marz, að báðum þessum dögum meðtöldum, skulu kjörskrárnar liggja öllum til sýnis á þeim stað, sem er hentugur fyrir hrepps- eða bæjarbúa eða eptir atvikum á fleiri slíkum stöðum. Staðfest eptirrit af skránum má hafa til þess að leggja fram. Hvenær og hvar skrárnar verða lagðar fram, skal birta að minnsta kosti með 14 daga fyrirvara við kirkjufund eða á annan þann hátt, sem vant er að birta almennar auglýsingar þar á staðnum.

12. gr. Áður en 8 dagar eru liðnir frá þeim tíma, er kjörskrárnar hafa legið til sýnis, skal hver sá, er ætlar að sjer sje ranglega sleppt af skránni, eða að einhver sje þar, sem eigi hafi rjett til þess að standa þar, bera upp fyrir oddvita hlutaðeigandi sveitar eða bæjarstjórnar tilmæli sín um að verða tekinn upp á skrárnar, eða kröfu sína um að nafn hins verði dregið út, og skulu tilfærðar ástæður þær, sem krafan er byggð á.

13. gr. Aðfinningum þeim við kjörskrárnar, sem þannig eru komnar fram, skal hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem skal haldinn áður en 3 næstu vikur eru liðnar. Til þess fundar skulu með 8 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinningar, og þeir, sem mælt er á móti, og skal hinum síðarnefndu um leið skýrt frá, hver mótmæli sjeu komin fram gegn þeim. Samkvæmt þeim skjölum, sem málspartarnir leggja fram, og framburði þeirra vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreining þann, sem fram er kominn og hann ritaður með fám orðum í hina venjulega gjörðabók hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar. Þegar búið er að leiðrjetta kjörskrárnar samkvæmt þessu, skal oddviti hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar rita nafn sitt undir þær. Eptir þetta verður á því ári engin breyting gerð á kjörskránum, nema dómur sje á undan genginn (16. gr.).

14. gr. Þá er búið er að leiðrjetta kjörskrárnar, skulu þær alstaðar nema í Reykjavík samdar í tvennu lagi, og skal oddviti hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar tafarlaust senda aðra skrána oddvita þeirrar sýslunefndar, sem í hlut á. Hann skal fyrir 1. dag júlímánaðar skýra hlutaðeigandi amtmanni frá, hvort hann hafi tekið við öllum kjörskránum, en ef svo er ekki, hverjar vanti. Amtmaður skal þá sjá um, að þær skrár, sem vantar, verði útvegaðar tafarlaust, og beita hæfilegum þvingunarsektum, ef á þarf að halda.

I Reykjavík skal oddviti bæjarstjórnarinnar fyrir þann tíma, sem getið var, skýra amtmanninum yfir suðuramtinu frá, hvort búið er að leiðrjetta kjörskrána.

15. gr. Verði það uppvíst að kjörskrárnar sjeu eigi leiðrjettar á lögskipaðan hátt, skal skýra landshöfðingja frá því, og skal þá þegar ákveðið, hvort höfða skuli lögsókn, og skal amtmaður þar að auki skipa hlutaðeigandi sveitar eða bæjarstjórn, að gera tafarlaust þær ráðstafanir, sem fyrirskipaðar eru í lögunum, og leggja við hæfilega þvingunarsekt, ef á þarf að halda. Amtmaður skal, þegar svo á stendur, hafa vald til að stytta hvern þann frest, sem ákveðinn er í lögunum.

16. gr. Sá, sem er óánægður með úrskurð þann er synjar honum kosningarrjettar, má heimta að sjer sje fengið eptirrit af úrskurðinum kauplaust, og getur hann látið málið ganga til dóms og laga. Mál út af þessu skal farið með sem gestarjettarmál. Málspartarnir eru fyrir undirrjetti undanþegnir því að greiða rjettargjöld, og skal hið opinbera skipa mann fyrir hönd sveitar- eða bæjarstjórnarinnar, sem nefnt er. Verði það dæmt, að sá sem í hlut á, eigi kosningarrjett, skal taka hann upp á kjörskrána jafnskjótt og hann leggur fram eptirrit af dóminum.

17. gr. Kjörskrárnar gilda frá 6. júní til 5. júní árið eptir. Samkvæmt þessum skrám skulu allar kosningar til alþingis fram fara á því ári, þó þannig, að þess verði gætt, að þeir menn, sem á aukaskránni eru (9. gr.), að eins hafi rjett til þess að greiða atkvæði, ef þeir fyrir kosningardaginn hafa fullnægt þeim skilyrðum, sem sett eru um aldur og heimili. Ef kosning kemur fyrir fleirum sinnum á árinu, skal eptirrit af skránum, sem staðfest sje af hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórn, vera til reiðu og til afnota við hina nýju kosningu.

Kjördæmi og kjörstjórnir.

18. gr. Sjer hver sýsla á landinu skal vera eitt kjördæmi, að undanteknum Skaptafells- og Þingeyjarsýslum, sem hvorri um sig skal skipta í 2 sjerstök kjördæmi með þeim takmörkum, sem hingað til hafa verið. Kaupstaðurinn Reykjavík með því nágrenni, sem heyrir undir lögsagnarumdæmi bæjarins, skal vera kjördæmi fyrir sig.

Tölu hinna þjóðkjörnu alþingismanna, sem ákveðin er í stjórnarskrá um hin sjertsaklegu málefni Íslands, 5. jan. 1874, 14. gr., skal skipt niður á þann hátt, að 2 alþingismenn sjeu kosnir í sjerhverju af kjördæmum þeim, sem hjer skulu talin: Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnessýslu, Rangárvallarsýslu, Ísafjarðarsýslu ásamt Ísafjarðarkaupstað, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu ásamt Akureyrarkaupstað, Norður-Múlasýslu og Suður-Múlasýslu, en í hverjum hinna kjördæmanna, sem eru Austur-Skaptafellssýsla, Vestur-Skaptafellssýsla, Vestmannaeyjasýsla, Reykjavíkurkaupstaður, Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Snæfellsness- og Hnappadalssýsla, Dalasýsla, Barðastrandarsýsla, Strandasýsla, Suður-Þingeyjarsýsla og Norður-Þingeyjarsýsla skal kjósa einn alþingismann.

19. gr. Fyrir hvert kjördæmi skal setja kjörstjórn. Skal í Reykjavík oddvit, bæjarstjórnarinnar vera oddviti kjörstjórnarinnar, og skulu að auki vera í henni tveir menn, sem bæjarstjórnin kveður til, einn úr sínum flokki, og einn úr flokki kjósenda n kaupstaðnum, en í hinum kjördæmunum er sýslumaður oddviti kjörstjórnarinnar, og er í henni að auki einn af sýslunefndarmönnum og einn úr flokki kjósenda í kjördæminu er sýslunefndin kýs.

20. gr. Heimilt skal amtsráðum að fjölga kjörstöðum í sýslu hverri eptir óskum og tillögum sýslunefnda. Þó skulu kjörstaðir aldrei vera fleiri en þrír í sýslu. Á kjörstöðum þessum skal kjörstjórn sýslunnar mæta.

21. gr. Oddviti kjörstjórnarinnar stendur fyrir öllum undirbúningi undir sjálfa kosninguna og sjer um, að kjörskrárnar sjeu við á kjörþinginu.

22. gr. Kjörstjórnin heldur kjörbók, þar sem bókað skal, að fram hafi verið lagðar kjörskrárnar og þau brjef, sem til hennar eru komin. Í kjörbókina skal rita það helzta af því, sem fram fer á kjörþingi, en þar með skal þó eigi telja ræður þær, sem haldnar verða. Kjörstjórnin skal rita nöfn sín undir kjörbókina, og skal í Reykjavík bæjarstjórnin geyma hana, en annarstaðar sýslunefndirnar.

Í síðasta lagi 8 dögum eptir kosninguna skal oddviti kjörstjórnarinnar senda landshöfðingja staðfest eptirrit af því, sem ritað er í kjörbókina um kosningu þá, sem fram hefur farið. Landshöfðingi fær síðan alþingi, er það kemur saman, eptirrit þetta, ásamt þeim skýrslum, sem honum hefur þótt ástæða til að útvega.

Þingmannaefni.

23. gr. Enginn sem ekki mætir sjálfur á kjörfundi, hvort heldur hann á heimili innan kjördæmis eða utan, getur orðið fyrir kosningu, þegar kjósa á alþingismenn, nema einn eða fleiri af kjósendum í kjördæminu í síðasta lagi fyrir náttmál kvöldinu fyrir þann dag, er kosningin skal fram fara, hafi skriflega skýrt oddvita kjörstjórnarinnar frá að hann taki við kosningu, og lýsi því yfir, að þeir vilji mæla fram með honum til þeirrar kosningar, sem til stendur, og skal þar með fylgja skrifleg yfirlýsing frá þeim, sem í hlut á, um að hann sje fús til þess að taka á móti kosningunni og að hann hafi eigi látið bjóða sig fram til kosningar í nokkru öðru kjördæmi, sem eigi hafi þá þegar hafnað framboði hans.

Nú vilja nokkrir kjósendur kjósa til alþingismanns einhvern þeirra sem á kjörþingi eru og skal hann þá gefa kost á sjer áður en kosningin byrjar, svo að oddviti kjörstjórnarinnar viti, að hann vill við kosningu taka, og geti boðið hann fram.

24. gr. Það er eigi nauðsynlegt, að kjörgengi þingmannaefna sje sönnuð fyrir kjörstjórninni. Komi fram við kosninguna mótmæli gegn kjörgengi þeirra, getur kjörstjórnin að vísu eigi bannað umræður um það, en heldur ekki fyrir þá sök getur hún skorazt undan að bjóða þá fram til kosningar. Alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru.

25. gr. Verði það uppvíst, að eitthvert þingmannsefni hafi gefið kost á sjer í fleirum en einu kjördæmi, er sú kosning eða þær kosningar ógildar, sem hann kann að verða fyrir, nema því að eins, að skilyrði því, sem sett eru í 23. gr., sje fullnægt.

Kosningarnar.

26. gr. Hinar almennu kosningar á þjóðkjörnum þingmönnum eiga venjulega að fara fram sjötta hvert ár.

Þegar slíkar kosningar eiga fram að fara, annaðhvort fyrir þá sök að kjörtímtími er á enda, eða vegna þess, að alþingi er rofið, verður gefið út um það opið brjef þar sem konungur skipar fyrir að kosningarnar skuli fram fara.

Kosningarnar skulu venjulega haldnar í septembermánuði árið áður en alþingi skal koma saman.

27. gr. Kjörtíminn fyrir allar kosningar skal talinn frá 1. september, ef ákveðið er samkvæmt greininni á undan, að kosningarnar skuli fram fara á þeim mánuði, en ef það kynni að verða ákveðið, að kosningarnar skuli fram fara á öðrum tíma árs, skal nákvæmar sagt fyrir um það í fyrnefndu opnu brjefi, frá hvaða degi kjörtíminn skuli talinn.

28. gr. Ef kjósa þarf einstakan þjóðkjörinn alþingismann, gildir hin nýja kosning fyrir svo langan tíma, sem sá átti eptir, er frá fór.

29. gr. Kosningarnar fram fara í kjördæmi hverju á kjörþingum og má hver koma þar, er vill.

30. gr. Oddviti kjörstjórnarinnar skal tiltaka dag og klukkustund, er kjörþingið skal haldið, og auglýsa með 4 vikna fyrirvara á kirkjufundum eða á annan venjulegan hátt, kjörstaðinn og nær kjörþingið skal haldið.

31. gr. Oddviti kjörstjórnar setur kjörþingið, og er hann hefur lesið upp hið konunglega opna brjef eða þann úrskurð landshöfðingja, er fyrirskipar kosninguna, leiðir hann athygli kjósendanna að því, hver tilgangurinn sje með kosninguna, og hve mikils varðandi hún sje. Hann nefnir síðan nöfn þeirra þingmannaefna, sem boðið hafa sig fram, og svo þeirra kjósenda, sem mæla fram með kosningu þeirra, og skorar á þá að ganga fram og kannast við meðmælingu sína. Sje þeir eigi komnir á fund, og hafi eigi tjáð forföll, sem kjórstjóri álítur gild, eða ef þeir skorast undan að standa við hina skriflegu meðmæling sína, verður hún eigi tekin til greina, og ef þannig má álíta, að einhver af þeim, sem gefið hafa til kynna, að þeir tæki við kosningu, hafi eigi lengur meðmæling til kosningar frá neinum kjósanda í kjördæminu, getur hann eigi orðið boðinn fram til kosningar.

Kjósendur þeir, sem eru á fundi og standa þar við meðmæling sína með einhverju þingmannsefni, eiga rjett á að taka til máls, og hið sama er um þau þingmannaefni, sem boðnir eru fram til kosningar. Að öðru leyti má bjóða þingmannsefni fram til kosningar, þótt eigi sje hann sjálfur á kjörþingi. Enn fremur er sjerhverjum kjósanda, sem er við staddur, heimilt að leggja spurningar fyrir þá kjósendar, sem mæla fram með einhverjum til kosningar, og eins fyrir þingmannaefni þau, sem eru á fundinum, og er þeim sömuleiðis heimilt að svara spurningunum. Samt má eigi bera upp neina slíka spurningu fyr en meðmælendunum og þeim þingmannaefnum, sem eru við staddir, hefur verið gefinn kostur á að taka til máls: Kjósendur þeir, er mæla fram með einhverjum til kosningar, og þingmannaefni, skulu látnir taka til orða eptir upphafsstaf í nöfnum þingmannaefnanna.

Oddviti stýrir umræðunum, og skal sjá um, að bæði þær og öll kosningin fari fram í góðri reglu. Enginn af kjörstjórunum má tala með eða á móti kosningu nokkurs þingmannsefnis.

Oddviti slítur umræðunum, þegar honum þykir það við eiga, og skorar hann síðan á kjósendur að ganga til kosningar með því að gefa atkvæði sitt einum, eða í þeim kjördæmum, þar sem kjósa skal 2 alþingismenn, tveimur af þeim þingmannaefnum, sem boðnir hafa verið fram til kosningar. Þótt eigi sjeu fleiri þingmannaefni, er kjósa skal í kjördæminu, skal atkvæðagreiðsla samt fara fram (sbr 34. gr.).

32. gr. Kjörstjórnin ákveður í hvaða röð hrepparnir kjósa, kjósendur úr hverjum hreppi greiða atkvæði eptir stafaröð á kjörskránni. Enginn getur neytt kosningarrjettar síns, nema hann komi sjálfur á kjörþing.

33. gr. Oddviti kjörstjórnarinnar á eigi þátt í því að taka við atkvæðum. Einn af hinum, sem í kjörstjórninni eru, ritar eptir að hann hefur kannazt við kjósendurna, nafn þess eða í þeim kjördæmum þar sem kjósa skal tvo alþingismenn, nöfn þeirra tveggja þingmannaefna, sem kjósandi greiðir atkvæði sitt, við hliðina á hans eigin nafni í sjálfri kjörskránni. Annar úr kjörstjórninni ritar á sjerstaka atkvæðaskrá nafn kjósanda við hliðina á nafni þess eða þeirra þingmannaefna, sem hann hefur gefið atkvæði sitt. Áður en kjósandinn gengur frá, skal lesa upp fyrir honum bæði hans eigið nafn og þess eða þeirra nöfn, sem hann hefur kosið, til tryggingar því, að rjett sje ritað á báðar skrárnar, og að því beri saman hverju við annað.

Þegar engir fleiri kjósendur gefa sig fram, til þess að greiða atkvæði, skal oddviti hátt og snjallt skora á þá kjósendur, sem eigi hafa greitt atkvæði, að gjöra það, og skal hann um leið setja stuttan frest til þess, en frestur þessi má samt ekki, hvernig sem á stendur, vera skemmri en svo. að 2 klukkustundir líði frá því, að kosningargjörðin byrjaði, og þótt sá frestur sje liðinn, skal atkvæðagreigslu lokið, meðan kjósendur gefa sig fram til hennar, án þess að hlje verði á.

Þegar engir fleiri kjósendur æskja að taka þátt í kosningunni, samkvæmt því, sem sagt er, færa kjörstjórarnir, ef þeir hafa kosningarrjett, inn atkvæði sjálfra sín, og rita nöfn sín bæði undir kjörskrána og atkvæðaskrána, og er þá atkvæðagreiðslu lokið.

34. gr. Þar sem einn kjörstaður að eins er í kjördæmi, skal svo fara að talin sje saman atkvæði, þegar er kjörskrár hafa verið bornar saman við atkvæðaskrána. Er þá sá kosinn þingmaður fyrir það kjördæmi, er flest atkvæði hefur hlotið. Svo er og þar sem tvo skal kjósa, að þeir tveir, er flest atkvæði hafa fengið, eru kosnir þingmenn í því kjördæmi. Þó er enginn rjett kjörinn þingmaður, nema hann hafi hlotið meira en helming atkvæða þeirra, er greidd eru. Hljóti enginn, eða eptir því sem á stendur, einungis annar þeirra, sem í kjöri eru, næg atkvæði, skal aptur kjósa óbundnum kosningum, fái þá enn enginn þann atkvæðafjölda, sem með þarf, skal kjósa enn af nýju, enn þá að eins milli þeirra tveggja, eða, ef kjósa skal tvo, milli þeirra fjögurra, sem hafa hlotið flest atkvæði við síðari kosninguna. Sje svo, að fleiri hafi fengið jafnmörg atkvæði við aðra kosninguna, skal hlutkesti ráða, hvor þeirra geti orðið boðinn fram til hinnar bundnu kosningar. Hið sama skal hlutkesti ráða, ef atkvæði eru jöfn við þriðju kosningu.

Nú eru tveir kjörstaðir eða þrír í sýslu, og skal þá kjörstjórnin telja saman á síðara kjörstaðnum, ella hinum síðasta, ef þrír eru kjörstaðirnir, öll þau atkvæði, er greidd hafa verið á kjörstöðum sýslunnar. Er þá sá rjett kjörinn þingmaður, er fengið hefur meira en helming atkvæða þeirra, er greidd hafa verið í allri sýslunni. Slíkt hið sama er og um þau kjördæmi, þar er tvo skal kjósa, að þeir tveir eru kosnir, er flest hlutu atkvæðin. Nú hefur enginn þingmanna fengið nægan atkvæðafjölda og skal þá þegar boðað til kjörfundar fyrir allt kjördæmið og fer þá eptir því, sem mælt er fyrir um kosningar, þar sem einn er kjörstaðurinn.

35. gr. Í kjörbókinni skal bóka hvernig kosningin hafi farið, og skal oddviti kjörstjórnarinnar lýsa því yfir fyrir þingheiminum; sömuleiðis skal kann svo fljótt sem

verða má, tilkynna kosninguna þeim, sem kjörinn er, sje hann eigi við staddur. Atkvæðaskrárnar skal leggja við kjörbókina, og skal öll kjörstjórnin rita nöfn sín undir hana.

36. gr. Kjörstjórnin fær hverjum þjóðkjörnum alþingismanni kosningarbrjef; skal það samið samkvæmt fyrirmynd, sem stjórnarráðið fyrir Ísland segir fyrir um, og skal kjörstjórnin rita undir það nöfn sín.

Kostnaður, ábyrgð og um það, hvenær lög þessi skulu öðlast gildi.

37. gr. Alþingismenn fá í endurgjald 6 krónur um hvern dag bæði fyrir þann tíma, sem þeir þurfa til ferðarinnar til alþingis og frá því og fyrir þann tíma, sem þeir eru á alþingi. Sömuleiðis fá þeir endurgoldinn ferðakostnað eptir reikningi, sem nefnd, kosin af hinu sameinaða alþingi, úrskurðar og forseti í hlutaðeigandi þingdeild ávísar. Þessi útgjöld greiðast úr landssjóði.

38. gr. Annarstaðar en í Reykjavík mega kjörstjórarnir reikna sjer fæðispeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað, samkvæmt tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi, 4. maí 1872, 33. gr., þannig að útgjöldin greiðist úr sýslusjóðnum. Ef annar kostnaður verður við kosningarnar, t. a. m. til prentunar kjörskránnna, til auglýsinga o. fl., skal einnig greiða hann úr sýslusjóðnum. Í Reykjavík skal greiða útgjöld þau, sem síðast voru nefnd, úr sjóði bæjarins.

39. gr. Vanræki nokkur störf þau, sem honum eru á hendur falin með lögum þessum, skal hann sæta 10—200 króna sektum, ef eigi liggur þyngri hegning við samkvæmt lögum.

40. gr. Lög þessi öðlast gildi við lok kjörtíma þeirra alþingismanna, sem nú eru. En ef nýjar almennar kosningar fara fram fyrr, sökum þess að alþingi sje rofið, skulu þær fram fara eptir lögum þessum.

41. gr. Hjer með eru úr gildi numin lög um kosningar til alþingis frá 14. sept. 1877.

Ed. **513. Tillaga**

til þingsályktunar. (Eins og hún var samþ. við síðari umr. í n. d.).

Alþingi ályktar að skora á ráðgjafa Íslands, að hlutast til um, að það verði borið fram við erlend ríki, hvort og að hve miklu leyti þau kynnu að vilja styðja að því, sjerstaklega veðurfræðinnar vegna, að lagður verði frjettaþráður (telegraf) til Íslands.

Nd. **514. Frumvarp**

til laga um breyting á 2., 4. og 15. gr. í tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 og viðauka við hana. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í e. d.).

1. gr. Hverjum þeim manni, sem er 22 ára að aldri, er heimilt að leysa sig undan vistarskyldunni með því að taka leyfisbrjef hjá lögreglustjóra.

Fyrir leyfisbrjef skal karlmaður gjalda 15 kr. en kvennmaður 5 kr. Rennur

það fje í styrktarsjóð handa alþýðufólki í þeim hrepp eða bæjarfjelagi, er hann var síðast vistfastur í.

Sá, sem er fullra 30 ára að aldri, fær leyfisbrjefið ókeypis.

2. gr. Sá, er leyfisbrjef vill fá, skal taka það í síðasta lagi 1. dag maímánaðar það ár, er hann gengur úr fastri vist.

3. gr. Skylt er hverjum manni, er þannig verður laus, að hafa fast ársheimili, og skal hann tilkynna hlutaðeigandi hreppstjóra eða bæjarfógeta á vori hverju, eigi síðar en 20. júní, hjá hverjum húsráðanda heimili hans er og sanna það með skýrteini frá húsráðandanum ef hreppstjóri eða bæjarfógeti krefst þess, verði ella sekur um 4–20 kr. og renni þær sektir í fátækrasjóð.

4. gr. Rjett er, að lausamaður greiði þar lögboðin gjöld, sem ársheimili hans er. Nú greiðir hann eigi gjöld þessi á rjettum gjalddaga, og er þá húsráðandi sá, er lausamaður á heimili hjá, skyldur að greiða gjöldin fyrir hann, nema hann geti vísað á eignir, er lausamaður á og teknar verða lögtaki til lúkningar gjöldunum.

5. gr. Með lögum þessum er numin úr gildi 2. og 4.gr. í tilsk. um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 og 15. gr. í sömu lögum, að því er snertir leyfisbrjefagjaldið.

Um brot gegn 1. gr. í lögum þessum gilda sömu ákvarðanir, sem um brot gegn 2. gr. í nefndri tilskipun.

6. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1894.

Nd.

515. Frumvarp

til laga um gæzlu og viðhald á brúm yfir Ölfusá og Þjórsá, (eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild).

1. gr. Landshöfðingi hefur yfirumsjón með brúnni á Ölfusá hjá Selfossi og brúnni á Þjórsá hjá Þjótanda, þegar hún er komin á, kveður á um meðferð þeirra og gæzlu og leggur sektir alltað 100 kr. við brotum.

2. gr. Kostnað við gæzlu brúnna skal greiða úr sýslusjóðum Árness- og Rangárvallasýslu, og skiptist hann á nefnd sýslufjelög eptir hlutfallinu milli samanlagðrar tölu lausafjárhundraða og jarðarhundraða í þeim ár hvert.

3. gr. Allan kostnað, sem viðhald brúnna útheimtir, skal greiða úr landssjóði.

Nd.

516. Frumvarp

til laga um bæjarstjórn á Seyðisfirði. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed.).

1. gr. Seyðisfjarðarkaupstaður með Búðareyri og Vestdalseyri, og jarðirnar Vestdalur og Fjörður með Fjarðarseli og Odda skal vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig, með kaupstaðarrjettindum. Sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins, og hefur hann að launum 300 kr. úr landssjóði.

2. gr. Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn; í henni eru kosnir bæjarfulltrúar og bæjarfógeti; er bæjarfógeti oddviti stjórnarinnar og hefur atkvæðisrjett á fundum.

3. gr. Framkvæmd ákvarðana þeirra, er bæjarstjórn gjörir, og bæjarmálefni yfir höfuð eru á hendi oddvitans. Ef bæjarstjórninni þykir þess við þurfa, eða henni virðist það hagfellt í einstöku tilfellum, má hún fela einum eða fleirum úr sínum flokki

á hendur, að framkvæma sjerstök bæjarstörf, eptir þeim reglum, sem hún sjálf kemur sjer saman um.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sjer þau sjerstöku bæjarstörf, sem þeim eru falin á hendur.

4. gr. Fulltrúar kaupstaðarins skulu vera 6, þó má landshöfðingi breyta tölu fulltrúanna, ef þörf gjörist, eptir tillögu bæjarstjórnarinnar; skulu þeir kosnir af þeim bæjarbúum, sem kosningarrjett hafa eptir lögum þessum.

5. gr. Kosningarrjett hafa allir karlmenn í kaupstaðnum, sem eru orðnir fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, eru eigi öðrum háðir, hafa verið heimilis fastir í kaupstaðnum 1 ár, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, og er eigi lagt af sveit, eða, hafi þeir fengið sveitarstyrk, þá endurgoldið hann eða verið gefinn hann upp; en greitt skulu þeir hafa að minnsta kosti 4 krónur í bein bæjargjöld síðasta árið. Kosningarrjett hafa og ekkjur og aðrar ógiptar konur, ef þær fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í lögum 12. maí 1882 um kosningarrjett kvenna og í grein þessari.

Kjörgengur er hver sá karlmaður, er kosningarrjett hefur.

6. gr. Bæjarfulltrúar skulu kosnir til þriggja ára. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta skipti, fara 2 frá að ári liðnu, og svo tveir ár hvert Skal það, hverjir frá fara fyrstu 2 árin, verða komið undir samkomulagi, en verði því eigi á komið, skal hlutkesti ráða. Ef einhver fulltrúi fer frá, hverjar helzt sakir sem til þess eru, áður 3 ár eru liðin frá kosningu hans, skal þegar kjósa annan í hans stað, og hefur sá fulltrúasýslu á hendi að eins um þann tíma, er vantaði upp á, að hinn hefði verið 3 ár, er þrá fór.

7. gr. Fulltrúakosningar skulu fram fara einhvern hinn fyrsta virkan dag eptir nýjár, nema þegar svo stendur á. að kjósa þarf aukreitis. Svo skal kosning undirbúa að skrá sje samin um þá, sem kosningarrjett hafa; þá skrá skal kjörstjórnin semja, en þessir eru kjörstjórar: bæjarfógetinn og tveir fulltrúanna, er bæjarstjórnin til þess kýs. Kjörskráin skal liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis á hentugum stað um hálfan mánuð á undan kjördegi. Mótbárur gegn kjörskránni, sem lúta að því, að nokkur sje of eða vantalinn, á að bera upp fyrir kjörstjórninni að minnsta kosti 3 dögum á undan kjördegi, svo að hún geti þann dag lagt úrskurð sinn á málið; en að öðrum kosti verða þær eigi teknar til greina.

8. gr. Formaður kjörstjórnarinnar skal boða stað og stund, er kosningar skulu fram fara, að minnsta kosti viku á undan, og á þann hátt, sem þing almennt eru boðuð í kaupstaðnum. Kjörfundinn skal halda fyrir opnum dyrum; skulu þá allir kjósendur, er neyta vilja kosningarrjettar síns, koma sjálfir á kjörfund og lýsa yfir því, annaðhvort munnlega fyrir kjörstjórninni, eða á ólokuðum seðli, hvern þeir vilja kjósa. Atkvæði skulu greidd í einu um svo marga, sem kjósa skal. Þegar þeir hafa greitt atkvæði, sem við eru staddir, og allir kjósendur kallaðir fram, skal kjörstjórnin bíða hálfa stund, áður en hún slítur kosningarfundinum, til þess að þeir, sem þá eru eigi komnir, fái með þessu móti tækifæri til að neyta kosningarrjettar síns. Þegar öll atkvæði eru bókuð, les formaður kjörstjórnarinnar þau upp, en hinir tveir kjörstjórarnir rita þau upp og telja saman; þar eptir skal hann nefna kosna sem fulltrúa þá, er flest hafa fengið atkvæði. Nú hafa 2 eða fleiri jafnmörg atkvæði. og skal þá hlutkesti ráða.

9. gr. Hver sá, sem er kjörgengur, er skyldur að taka á móti kosningu, nema hann sje sextugur að aldri, eða hann vegna heilsubrests, anna, eða annars því um líks

hafi sennilega ástæðu til að skorast undan kosningu; kjörstjórnin skal skera úr þessu og láti hann sjer ekki lynda úrskurð hennar, skal skjóta málinu til bæjarstjórnarinnar. Sá, sem gegnt hefur fulltrúastörfum í 3 ár eða lengur, er eigi skyldur að takast þá sýslu á hendur aptur, fyr en eptir jafnlangan tíma og hann hafði áður verið fulltrúi.

10. gr. Sá, sem hefur eitthvað að kæra yfir kosningargjörð þeirri, sem fram er farin, eða yfir úrskurðum kjörstjórnarinnar, verður að bera mál sitt skriflega undir bæjarstjórnina viku eptir að kosning hefur framfarið, eigi umkvörtun hans að verða tekin til greina. Innan hálfs mánaðar frá því, að kæruskjalið var fengið bæjarstjórninni, leggur hún úrskurð sinn á málið, og skal áður leitað um það álits kjörstjórnarinnar. Kæra má skriflega úrskurð bæjarstjórnarinnar fyrir landshöfðingja; skal kæran send innan hálfs mánaðar frá því, er úrskurðurinn var upp kveðinn. Þegar almennar kosningar á ári hverju hafa fram farið, fara bæjarfulltrúar þeir, er áður voru, þá fyrst úr bæjarstjórninni, er fullnaðarúrskurður er lagður á kærur þær, er kunna að hafa komið fram um hinar nýju kosningar.

11. gr. Nú vill bæjarfulltrúi ganga úr bæjarstjórn, áður en sá tími er liðinn, er hann er kosinn fyrir, og skal þá bæjarstjórnin ákveða, hvort taka skuli beiðni hans til greina. Bæjarstjórnin ákveður enn fremur, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá, eða honum skuli vikið úr bæjarstjórninni um stund sökum atvika, er svipta hann kjörgengi. Hið sama skal og gilda, ef bæjarfulltrúi vanrækir eða færist undan að gjöra það, er hann er skyldur til sem bæjarfulltrúi, þannig, að nauðsyn ber til, að hann fari frá. Þó má sá, sem vikið er úr bæjarstjórn gegn vilja hans, bera kæru sína undir landshöfðingja, á þann hátt, sem sagt er fyrir í næstu grein hjer á undan.

12. gr. Oddviti bæjarstjórnarinnar stjórnar umræðum á fundum og sjer um, að það, sem ályktað er, sje rjett ritað í gjörðabókina.

Til þess að lögmæt ákvörðun sje gjörð, verður, auk oddvita, minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðafjöldi skal ávallt ráða. Sjeu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, því að þá ræður hlutkesti. Fundir bæjarstjórnarinnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ályktar það.

Það skal kunngjört bæjarbúum, hvenær og hvar bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar oddviti þykir nauðsyn til bera, eða minnst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess.

Oddviti skal á undan fundum, að svo miklu leyti sem unnt er, skýra bæjarfulltrúum frá því, hver málefni komi fyrir. Allir þeir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gjörðabókina við fundarlok, og á sjerhver í bæjarstjórninni rjett á, að fá ágreiningsatkvæði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórnin setur sjálf þingsköp sín, en landshöfðingi samþykkir þau.

13. gr. Virðist bæjarfógeta, að einhver ákvörðun bæjarstjórnarinnar gangi út fyrir vald hennar, eða að ákvörðun sje gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða hún miði til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni, með því að rita álit sitt í gjörðabókina. Um þetta skal hann svo fljótt sem verða má, senda landshöfðingja skýrslu, og leggur hann úrskurð sinn á málið. Eptirrit af skýrslu bæjarfógeta skal jafnframt senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gjört athugasemdir sínar við hana, áður en skýrslan fer til landshöfðingja.

14. gr. Í öllum þeim málum, er snerta uppeldi og uppfræðing barna, hefur hlutaðeigandi prestur sæti og atkvæði á fundum bæjarstjórnarinnar.

15. gr. Bæjarstjórnin kýs fjóra menn til að vera í byggingarnefnd fyrir kaupstaðinn, ásamt með bæjarfógeta; skulu tveir þessara manna kosnir úr flokki bæjarfulltrúa.

16. gr. Bæjarstjórnin velur 2 menn til að sitja í hafnarnefnd, ásamt bæjarfógeta; skal annar þeirra ávallt kosinn úr flokki bæjarfulltrúa.

17. gr. Bæjarstjórnin kýs bæjargjaldkera, og má veita honum árlega þóknun. Skal hann skyldur að hafa starf sitt á hendi að minnsta kosti um 3 ár, nema að beri einhver þau atvik, er aptri honum frá því, og sem bæjarstjórnin tekur gild.

18. gr. Bæjarstjórnin setur embættismenn eða sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögregluþjóna, næturverði og fangaverði setur bæjarstjórnin eptir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarfulltrúanna.

19. gr. Reikningsár kaupstaðarins er frá nýári til nýárs. Innan 1. dags. októbermán. ár hvert skal bæjarstjórnin semja áætlun yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins hið næsta ár. Í áætluninni skal tilgreina tekjur þær, sem til eru til þess að borga með gjöldin, án þess að skattur sje lagður á bæjarbúa. Síðan skal til eiginlegra bæjarþarfa jafna frá 1 til 2 aura á hverja ferhyrningsalin í grunnum undir íbúðarhúsum og geymsluhúsum og $^1/_{10}$—$^1/_5$ eyris á hverja ferhyrningsalin í óbyggðri útmældri lóð kaupstaðarins Þó greiðist þetta gjald eigi af fjárhúsum. Því, sem ávantar til að standa straum af bæjarþörfum, skal jafna niður á bæjarbúa eptir efnum og ástæðum.

Áætlun þá, sem þannig er samin, skal ræða í bæjarstjórninni á 2 fundum með viku millibili. Við aðra umræðu skal bæjarstjórnin íhuga áætlunina grein fyrir grein og greiða atkvæði um hverja grein fyrir sig. Skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin samþykkir hana, vera regla fyrir hæð bæjargjalda og fjárstjórn allri á næsta ári. Áætlun þessa skal leggja fram innan 1. dags nóvembermán., og skal hún vera öllum til sýnis í hálfan mánuð.

Án samþykkis landshöfðingja má eigi nokkurt ár leggja hærri bæjargjöld samtals á bæjarbúa, en sem svari meðaltali allra bæjargjalda þrjú hin síðustu árin, að fimmtungi viðbættum.

20. gr. Niðurjöfnun eptir efnum og ástæðum nær til allra, sem hafa fast aðsetur í bænum; þeir skulu greiða þar fullt gjald eptir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft aðsetur annarstaðar; sje svo, má ekki leggja hærra gjald á þá, en samsvari þeim tíma, er þeir hafa haft fast aðsetur í kaupstaðnum. Fast aðsetur í bænum skemmri tíma en fjóra mánuði kemur ekki til greina.

Sömuleiðis má leggja gjald á fastar verzlanir og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki í kaupstaðnum, er sjeu rekin að minnsta kosti um 4 mánuði af gjaldárinu, þó eigendur þeirra eigi hafi þar fast aðsetur. Á þessa stofna skal leggja gjald, er samsvari útsvarinu eptir efnum og ástandi, eptir því er hæfa þykir eptir árlegri veltu og arði, án þess tillit sje haft til annara tekja eða eigna þess, sem í hlut á.

21. gr. Fimm manna nefnd skal jafna niður gjöldum eptir efnum og ástæðum. Um kosningarrjett og kjörgengi til þessarar niðurjöfnunarnefndar gildir hið sama, sem á er kveðið um kosningarrjett og kjörgengi til bæjarstjórnar. Nefndarmenn skulu kosnir til 6 ára, og skal kosning fram fara í septembermánuði. Af þeim, sem kosnir voru í fyrsta skipti, fara 2 frá að 3 árum liðnum. Skal það, hverjir frá fara, vera komið undir samkomulagi, en verði því eigi á komið, skal hlutkesti ráða. Síðan fara frá á hverjum 3 ára fresti til skiptis 3 og 2 nefndarmenn. Um kosningaraðferðina í nefnd þessa gildir hið sama, sem fyr segir um kosning í bæjarstjórn, að svo miklu leyti sem við getur átt.

Enginn, sem skyldur er að taka móti kosning í bæjarstjórnina, getur skorazt undan að taka móti kosning í niðurjöfnunarnefndina, nema bæjarfulltrúarnir. Hver sá, er verið hefur 6 ár eða lengur samfleytt í nefndinni er og undanþeginn starfa þessum jafnlengi og hann hefur í henni verið. Enginn má á sama tíma sitja í niðurjöfnunarnefnd og bæjarstjórn.

Niðurjöfnunarnefndin kýs sjer sjálf oddvita úr sínum flokki, og gildir hið sama um ályktanir hennar og atkvæðagreiðslu sem um bæjarstjórnina (12. gr.).

22. gr. Niðurjöfnunarnefndin jafnar niður hinum árlegu gjöldum í nóvembermán. samkvæmt áætluninni. Niðurjöfnunarskráin og skrá um önnur gjöld bæjarins skal liggja öllum til sýnis um hálfan mánuð fyrir árslok, annaðhvort á bæjarþingsstofunni eða á öðrum hentugum stað, eptir að búið er að birta það opinberlega. Bæjarstjórnin má ákveða, að aukaniðurjöfnun skuli fram fara í síðari hluta júnímánaðar ár hvert, og skulu skattar þá lagðir á þá, sem flutt hafa sig til kaupstaðarins, eptir að aðalniðurjöfnunin fór fram og skyldir eru að greiða skatt samkv. 19. gr. Þessi aukaniðurjöfnun skal liggja öllum til sýnis í hálfan mánuð, eins og sagt er að framan.

Kærur gegn hinni framlögðu niðurjöfnun skulu sendar niðurjöfnunarnefndinni skriflega innan hálfs mánaðar frá því, að niðurjöfnunarskráin hefur verið til sýnis. Innan hálfs mánaðar þar á eptir skal nefnd þessi skriflega tilkynna kærandanum, hvort, eða að hve miklu leyti krafa hans hafi verið tekin til greina. Ályktun þá, sem niðurjöfnunarnefndin hefur gjört, má svo innan hálfs mánaðar þar á eptir bera upp fyrir bæjarstjórninni, sem leggur úrskurð sinn á málið innan hálfs mánaðar. Kærur, sem koma fram eptir hinn ákveðna tíma, verða eigi teknar til greina.

Hverjum, sem settur er í bæjargjald, er heimilt að kvarta yfir skattgjaldi því, sem lagt hefir verið, ekki að eins á sjálfan hann, heldur og á aðra, sem á niðurjöfnunarskránni standa, sem og líka yfir því, ef einhverjum er sleppt úr henni. Ef kvartað er yfir gjaldi annars manns, eða yfir því, að einhverjum sje sleppt, skal þeim manni gefinn kostur á að segja álit sitt um það efni, áður en úr þessu er skorið af niðurjöfnunarnefndinni eða bæjarstjórninni.

Ekkert bæjargjald má bæjarstjórnin lækka eða hækka, nema svo reynist, að það hafi verið sett að minnsta kosti 10% annaðhvort of hátt eða of lágt. Eigi má bæjarstjórnin heldur jafna gjaldi á neinn mann, sem sleppt hefur verið úrniðurjöfnunarskránni, nema gjald hans geti numið í hið minnsta því lægsta gjaldi, sem þegar hefur verið lagt á einhvern annan á niðurjöfnunarskránni.

Enginn getur, með því að bera sig upp við bæjarstjórnina um skattgjald sitt, komizt hjá því, að greiða þann hluta skattsins, sem kominn er í gjalddaga; en verði gjaldinu breytt, skal greiða aptur úr bæjarsjóði það, sem ofgoldið er.

23. gr. Ef ágreiningur verður milli Seyðisfjarðar og annars íslenzks sveitarfjelags um, hvernig skipta eigi milli þeirra skattgjaldi einhvers manns, skal landshöfðingi skera úr því. Verði þessi ágreiningur milli Seyðisfjarðar og sveitarfjelags í Danmörku, skal ráðgjafinn fyrir Ísland leggja úrskurð sinn á málið. Ef nokkur þykist ekki vera skattskyldur í bænum, má hann leita um það dóms og laga.

24. gr. Öll bæjargjöld skulu goldin fyrir 1. apríl og 1. okt. ár hvert, og ber bæjargjaldkera að innheimta þau, eins og aðrar tekjur kaupstaðarins. Sjeu þau eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga, ber að taka þau lögtaki.

Flytji skattskyldur maður sig úr bænum fyrir nýár, fellur allt það gjald burt,

sem lagt er á hann sjálfan fyrir ár það, sem í hönd fer. Sá, sem flytur sig úr kaupstaðnum einhverntíma á árinu, er að eins skyldur að greiða skatt til loka þess ársfjórðungs, er hann flytur sig. Sá, sem settur er á aukaniðurjöfnunarskrána, er að eins skyldur að greiða skatt frá 1. júlí.

25. gr. Bæjarstjórnin og sjerstaklega bæjarfógeti skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn kaupstaðarins, og því sjá um, að skattar og aðrar tekjur sjeu rjett heimtar og í tækan tíma, og teknar lögtaki, ef þess þarf við; ennfremur gæta þess, að geymt sje og eptir atvikum ávaxtað fje bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að borga útgjöld hans.

Bæjarstjórnin skal hafa ábyrgð á innstæðum og öðrum eigum kaupstaðarins.

26. gr. Gjaldkeri skal, að minnsta kosti eitt sinn á hverjum 3 mánuðum, gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðskýrslu, er sýni, bæði hvað goldizt hafi í bæjarsjóð, og hvað úr honum hafi verið borgað. Eigi má bæjargjaldkeri greiða neitt úr bæjarsjóði nema eptir ávísun frá bæjarstjórninni. Allar ávísanir skulu vera undirskrifaðar af oddvita bæjarstjórnarinnar og að minnsta kosti 3 bæjarfulltrúum.

27. gr. Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda á vegavinnu, aðgjörðum á skólum og fátækrahúsum, á því, að útvega verknað og varning í þarfir bæjarins, og öðru þess konar, skal ekki goldið neitt.

28. gr. Bæjarstjórnin er skyld að útvega og láta landstjórninni í tje skýrslur þær, er hún kann æskja, svo sem um fólkstal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand kaupstaðarins.

29. gr. Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis landshöfðingja takast á hendur neina skuldbinding til langframa, sem ekki beinlínis hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufje kaupstaðarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans, nje kaupa neina nýja fasteign, ekki taka stærri lán nje lán upp á lengri tíma, en að þau verði borguð aptur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje heldur endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum.

30. gr. Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna ár og senda bæjarfógetanum fyrir lok janúarmánaðar; lætur bæjarfógetinn reikning þennan liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis, og skal um þetta og um, hvernig slíkt sje birt, farið að á sama hátt og fyrir er mælt að framan í 22. gr. um niðurjöfnunina. Reikningurinn sje því næst vandlega yfirfarinn af yfirskoðunarmanni, er kosinn sje af kaupstaðarbúum þeim, er samkvæmt 5. gr. hafa kosningarrjett; skal hann kjörinn á sama hátt og fulltrúarnir og hafa það starf á hendi um 3 ár. Skoðunarmaður skal hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því hann fjekk hann. Þegar gjaldkeri er búinn að svara athugasemdum hans, en það skal hann hafa gjört innan hálfs mánaðar, skal leggja reikninginn ásamt athugasemdum skoðunarmanns og svari gjaldkera fyrir bæjarstjórnina, er leggur úrskurð sinn á athugasemdir yfirskoðunarmanns og veitir bæjargjaldkera kvittun; þó má enginn taka þátt í úrskurði á athugasemd, sem snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sjerstaklega falin á hendur (3. gr.). Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnarinnar sje rjettur, enda leggi úrskurðurinn honum peningaábyrgð á hendur, og má hann halda málinu til dóms og laga. Þegar búið er að endurskoða og leggja úrskurð á reikning gjaldkera, á að birta á prenti ágrip af honum, er bæjarfógetinn semji; á ágrip það að vera svo fullkomið, að til sjeu greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

31. gr. Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda landshöfðingja reikning fyrir hið umliðna reikningsár með athugasemdum yfirskoðunarmanns og úrskurðum bæjarstjórnarinnar á þeim. Komist landhöfðingi að því, þá er hann yfirfer reikninginn eða á annan hátt, að bæjarstjórnin hafi viðhaft ólögmæt gjöld, neitað að greiða þau gjöld, sem löglega hvíla á kaupstaðnum, eða á annan hátt beitt ranglega valdi sínu, skal hann gjöra þær ráðstafanir, er við þarf, og, ef nauðsyn ber til, getur hann með lögsókn komið ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, er hafa átt þátt í þessum ályktunum.

32. gr. Landshöfðingi gjörir ráðstöfun til, að lög þessi geti öðlazt fullt gildi 1. dag janúarmánaðar 1895.

Ed. **517. Nefndarálit**

í málinu frumvarp til laga um aukatekjur þær er renna í landssjóð.

Hin háttvirta neðri deild hefur gjört nokkrar breytingar við frumvarp þetta, sem að eins eru orðabreytingar og ráðum vjer því hinni háttvirtu efri deild til að samþykkja frumvarpið í þessu formi.

Alþingi 19. ágúst 1893.

Kristján Jónsson, formaður og framsögumaður. Sigurður Stefánsson, skrifari. Þorleifur Jónsson.

Guðjón Guðlaugsson. Þorkell Bjarnason.

Ed. **518. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895, (eins og það var samþykkt við 3. umr. umr. í neðri deild). Frá Þorleifi Jónssyni.

Við 11. gr. 2. Á eptir staflið 1 komi nýr töluliður svohljóðandi: til læknis í 5 austustu hreppum Húnavatnssýslu 1000 kr. hvort árið.

Ed. **519. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895, (þingskjal 423). Frá Hallgr. Sveinssyni og Þorkeli Bjarnasyni.

Við 13. gr. Á eptir C. 19 bætist inn nýr töluliður: Til landlæknis Schierbecks í viðurkenningarskyni fyrir framkvæmdir hans í lækningum og sem uppbót á launum hans 3000 kr.

Ed. **520. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um búnaðarskólana. Frá Sigurði Stefánssyni, Guðjóni Guðlaugssyni og Guttormi Vigfússyni.

Fyrir: „Í reglugjörðunum . . . skiptist á um það“, komi:

Í reglugjörðunum sje ákveðið, að námssveinar sjeu æfðir við jarðyrkjustörf að minnsta kosti allan vor- og hausttímann.

Ed. **521. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895 (eins og það var samþykkt við 3. umræðu í Nd.). Frá landshöfðingja.

Við 12. gr. C., athugasemdina, niðurlag síðustu málsgreinar:

Í stað orðanna: „að gufubátar þeir — — — án sjerstaks endurgjalds", komi: „að gufubátar þeir, sem njóta styrksins, flytji póstsendingar og vitji þeirra og skili þeim á pósthúsunum á viðkomustöðunum allt án sjerstaks endurgjalds".

Nd. **522. Breytingartillaga**

við ferða-áætlun innanlands strandferðaskipsins árin 1894 og 1895. Frá Guðl. Guðmundssyni, Jóni Þorkelssyni, Jóni Jónssyni 2. þm. N.-Múl., Þórði Guðmundssyni, Jens Pálssyni og Jóni Jónssyni þm. A.-S.

1. "(Portland)" í fremsta dálki, falli burt.
2. Við Vík í 10. dálki komi: „29. júní".
3. Við Vík í 8. dálki komi: "11. júní".

Nd. **523. Tillaga**

til þingsályktunar. Frá Jens Pálssyni.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landshöfðingja, að hlutast til um það, að sett verði brjefhirðing á Kleifum í Gilsfirði, og að aukapósturinn milli Vesturlands og Staðar í Hrútafirði gangi frá Kleifum en ekki Bæ í Króksfirði.

Nd. **524. Tillaga**

til þingsályktunar. Frá Sigurði Gunnarssyni.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að hlutast til um, að aðalpóstferðir landpóstanna verði eptirleiðis hafðar jafnmargar um land allt, 14 að tölu á ári.

Ed. **525. Breytingar- og viðaukatillögur.**

við tillögu til þingsályktunar um styrkveiting til búnaðarfjelaga. Frá Sigurði Stefánssyni, Guðjóni Guðlaugssyni, Guttormi Vigfússyni.

1. Við I. 2. gr. Greinin orðist þannig:
   Bónarbrjef um styrkinn skulu stýluð til landshöfðingja og skal þeim fylgja reikningur fyrir næsta ár á undan yfir tekjur og gjöld búnaðarfjelags þess, er um styrkinn sækir og skýrsla um hin unnu störf, útgefin af skoðunarmanni, er sýslunefnd eða bæjarstjórn hefur til þess nefnt. Skýrsla þessi skal samin eptir formi því, er landsstjórnin gefur út, og ritar skoðunarmaður á hana vottorð sitt um, að aðrar jarðabætur sjeu ekki teknar til greina en þær sem eru vel af hendi leystar.
2. — — 3. — Greinin falli burtu.
3. — II. 1. Stafliður d. verði c. og orðist þannig:
   Varnargarðar úr grjóti eða torfi um tún, sáðreiti, fjárbæli og engi.
4. — — stafliður e. verði d. og orðist þannig:

Flóðgarðar eða stíflugarðar.

5. — — stafliður »f« verði »e« og orðist þannig:
skurðir til vörzlu, framræslu og vatnsveitinga.

6. — — 2. a. Stafliðurinn orðist þannig:
þúfnasljettur: þaktar 15 □ faðm.
—— óþaktar 20 □ —

7. — — stafliður »d« verði c og orðist þannig:
Varnargarðar:

8. — — d. 4. Fyrir: »3 fet á þykkt« komi: »4 fet á þykkt að neðan«

9. — — d. 5. töluliðurinn orðist þannig:
Varnarskurðir 6 feta breiðir ofan og 2 feta djúpir og rofinu hlaðið í garð á skurðbakkanum 4½ faðmur.

10. — — e. Fyrir »stíflur« komi: »stíflugarðar«.

11. — — f. 1. Fyrir »350« komi: »400«.

12. — — — 2. — »250« — »300«.

13. Aptan við tillöguna bætist eptirfylgjandi töluliðir:

3. Aðgjörðir á gömlum jarðabótum má ekki taka upp í skýrsluna, nje þær jarðabætur, sem ekki eru fullgjörðar samkvæmt reglum þessum.

4. Styrkurinn skal miðaður við tölu dagsverka þeirra, er unnin hafa verið í fjelaginu að framantöldum jarðabótum næsta ár á undan því, er styrkurinn er veittur.

5. Bónarbrjefin um styrkinn eiga að vera komin til landshöfðingja fyrir 1. júlí ár það, er styrkurinn er veittur.

Ed. **526. Breytingaruppástunga**

við breytingartillögur nefndarinnar við frv. til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895. Frá landshöfðingja.

Við 13. gr. B. I. b. Fyrir: 400—400 komi: 25 kr. fyrir örkina, allt að 250—250.

Ed. **527. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895 (eins og það var samþykkt við 3. umr. í n. d.). Frá Einari Ásmundssyni.

Við 13. gr. B. IV. b. Aptan við tölulið 5. komi nýr töluliður svo látandi:

6. Til að kaupa hús Stefáns kennara Stefánssonar á Möðruvöllum fyrir bæ þann, sem hingað til hefur verið notaður við ábúð á jörðinni, 4000 kr. fyrra árið.

Ed. **528. Frumvarp**

til laga um atvinnu við siglingar, (eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.).

1. gr. Með takmörkunum þeim, sem settar eru í lögum þessum, skal öllum vera heimilt að leita sjer atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

2. gr. Rjettur til að vera skipstjóri á íslenzku skipi á innanlands-siglingum skal bundinn því skilyrði, ef skipið er meira en 12, en ekki yfir 100 smálestir, að hlutaðeigandi hafi fengið skýrteini sem skipstjóri á innanlands-siglingum.

3. gr. Rjettur til að vera skipstjóri á íslenzku skipi, sem er meira en 100 smálestir, á innanlands-siglingum, og skipstjóri á íslenzku skipi, af hverri stærð sem er, á utanlands-siglingum, er bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið skýrteini sem skipstjóri á utanlands-siglingum.

Sje um gufuskip að ræða, er rjetturinn ennfremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið viðaukaskýrteini það, sem getur um í 12. gr.

4. gr. Rjettur til að vera stýrimaður á íslenzku seglskipi, sem er meira en 100 smálestir, á innanlands-siglingum, er bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið skýrteini sem stýrimaður á innanlands-siglingum.

5. gr. Rjettur til að vera stýrimaður á íslenzku gufuskipi, sem er meira en 100 smálestir, á innanlands-siglingum, og á íslenzku skipi, af hverri stærð og tegund sem er, á utanlands-siglingum, er bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið skýrteini sem stýrimaður á utanlands-siglingum.

Ef um gufuskip er að ræða, er rjetturinn ennfremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið viðaukaskýrteini það, er greinir um í 12. gr.

Viðaukaskýrteini það, sem ræðir um í gr. þessari og 3. gr., er þó óþarft, ef hlutaðeigandi hefur staðizt hið almenna danska stýrimannspróf, eða annað próf, er jafngildir því eptir dönskum lögum.

6. gr. Ekkert íslenzkt skip má afgreiða frá nokkurri höfn á Íslandi til ferða milli Islands og annara landa, nema því að eins að á því sje til starfa að minnsta kosti einn stýrimaður auk skipstjóra, og sje um gufuskip að ræða, sem er meira en 300 smálestir, þá 2 stýrimenn.

Ekkert íslenzkt skip, sem meira er en 100 smálestir, má afgreiða eða láta fara á innanlands-siglingar, nema því að eins, að á því sje til starfa að minnsta kosti einn stýrimaður auk skipstjóra. I stað stýrimanns má þó á seglskipum koma vanur sjómaður, sem hefur vottorð frá 2 skipstjórum um, að þeir hafi komizt að raun um það, annaðhvort með því að prófa hann, eða, þá er hann hefur verið í förum með þeim, að hann kunni til skipstjórnar, hvort sem til lands sjer eða eigi.

Þá má eigi heldur afgreiða nokkurt íslenzkt gufuskip, eða það fara á neinar siglingar frá neinum stað við Ísland, nema því að eins, að skilyrðum þeim sje fullnægt, sem sett eru í reglugjörð þeirri um gæzlu á gufuvjel skipsins, er því hefur verið fengin samkvæmt 13. gr., og sem tiltekur um tölu og kunnáttu þeirra manna, er til gæzlu skulu settir við vjelina.

7. gr. Til þess að öðlast skýrteini, sem skipstjóri á innanlands-siglingum á heimtist.

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið minna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;

b) að hann hafi verið í förum 8 mánuði eða stýrimaður 4 mánuði;

c) að hann hafi rjett innborinna manna eða sje heimilisfastur í Danaveldi;

d) að hann sje fullveðja;

e) að hann hafi ekki orðið sekur að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;

f) að hann sanni, að sjón hans sje svo góð, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

8. gr. Til þess að öðlast skýrteini sem skipstjóri á utanlands-siglingum útheimtist auk skilyrða þeirra, sem talin eru í 7 gr. liðunum c—f:

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið meira stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík eða hið almenna danska stýrimannspróf eða annað það próf, er hefur sama gildi eptir dönskum lögum;

b) að hann eptir það hafi verið í förum sem stýrimaður í 2 ár og á þeim tíma farið tvisvar milli landa, eða að hann hafi jafnlangan tíma gegnt þeim störfum og verið í þeim förum á dönsku skipi, er samsvari þeim, er áður segir.

9. gr. Til þess að öðlast skýrteini sem stýrimaður á innanlands-siglingum útheimtist:

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið minna stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík;

b) að hann eptir það hafi verið í förum að minnsta kosti 4 mánuði;

c) að hann hafi eigi verið dæmdur í hegningarvinnu fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti;

d) að hann sanni, að sjón hans sje svo góð, sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

10. gr. Til þess að öðlast skýrteini sem stýrimaður á utanlands-siglingum útheimtist auk skilyrða þeirra, sem talin eru í 9. gr. liðunum c. og d.:

a) að hlutaðeigandi hafi staðizt hið meira stýrimannspróf við stýrimannaskólann í Reykjavík, eða hið almenna danska stýrimannspróf, eða annað próf, er hefur sama gildi eptir dönskum lögum;

b) að hann eptir það hafi verið 8 mánuði í förum.

11. gr. Þeir, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru hjer að framan, eiga heimtingu á að fá skýrteini þau, sem talin eru í 7.—10. gr. Skýrteini þessi skal rita eptir fyrirmynd, er landshöfðingi lætur til búa, og skulu þau gefin út af lögreglustjóra á þeim stað, þar sem hlutaðeigandi er búsettur, eða, sje hann hvergi búsettur í landinu, þar sem hann eða umboðsmaður hans, sje hann sjálfur erlendis, er staddur, þá er beiðnin kemur fram.

Fyrir skipstjóra-skýrteini skal greiða 4 kr., er renna í landssjóð. Fyrir stýrimanns-skýrteini skal ekkert gjald greiða.

Nú vill einhver eigi hlíta úrskurði lögreglustjóra, að því er snertir útgáfu skýrteinis, og skal hann þá senda kæru sína amtmanni áleiðis til landshöfðingja, og gjörir landshöfðingi þá út um málið; en við það skerðist eigi rjettur hans til þess að leita dómsákvæðis í þessu máli.

12. gr. Sá, er öðlazt hefur skýrteini sem skipstjóri eða sem stýrimaður á utanlands-siglingum, og sem þvínæst færir sönnur á það, annaðhvort með vottorði um, að hann hafi staðizt próf í gufuvjelafræði í Danmörku, eða á annan hátt, að hann hafi þá þekkingu á gufuvjelum, sem nauðsynlegt er, til þess að vera skipstjóri eða stýrimaður á gufuskipi, á kost á að fá viðaukaskýrteini þessu til sönnunar hjá landshöfðingja.

13. gr. Á hverju íslenzku gufuskipi skal vera reglugjörð um gæzlu á gufuvjelinni, er ráðgjafinn fyrir Island gefur út; skal í henni gjöra ákvæði um það eptir skýrslum þeim, sem fram eru komnar um hestaafl vjelarinnar, hverjum skilyrðum vjelaliðið skuli fullnægja, að því er snertir tölu og kunnáttu gæzlumanna.

Nú verður sú breyting gjörð síðar á vjel skipsins eða kötlum þess, að hestaaflið eykst að mun, og skal útgjörðamaður þess þá skyldur til að útvega nýja reglugjörð.

14. gr. Þegar sjerstaklega er ástatt, getur landshöfðingi veitt undanþágur frá prófkröfum þeim og skilyrðum, að því er til sjómennsku kemur, sem nefnd eru í 7.—10. gr.; þetta skal einkum eiga sjer stað fyrstu árin eptir að lög þessi öðlast gildi og að því er kemur til skilyrðanna í 7. og 9. gr.

15. gr. Nú verður maður að lagadómi sekur um eitthvert það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hefur hann fyrirgjört skýrteini sínu sem skipstjóri.

Nú verður maður dæmdur í hegningarvinnu fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hefur hann þá fyrirgjört skýrteini sínu sem stýrimaður.

16. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt að 200 krónum; sje brotið ítrekað, geta sektirnar stigið allt að 400 krónum. Sektirnar renna í landssjóð.

Brot þessi sæta opinberri málssókn, og skal fara með málin sem almenn lögreglumál.

17. gr. Ákvæðið um það í opnu brjefi 27. maí 1859, að stýrimenn á dönskum skipum, sem gjörð eru út frá einhverjum stað á Íslandi, skuli eiga heima í hinu danska konungsveldi, er úr gildi numið.

18. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. dag. júlímánaðar 1895. Skilyrðin í 2.—5. gr. fyrir því að mega vera skipstjóri eða stýrimaður á skipi á innanlands-siglingum, ná þó eigi til þeirra, er stundað hafa atvinnu þessa fyrir 1. júlí 1895.

Ed. **529. Tillögur**

til þingsályktunar um strandferðir hins sameinaða gufuskipafjelags (Eins og það var samþykkt við eina umr. í neðri deild).

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að hlutast til um:

1. að strandferðaskip hins sameinaða gufuskipafjelags fari vestur og norður um land á leiðinni til Kaupmannahafnar í síðustu ferð og komi þá við á öllum hinum stærri verzlunarstöðum.

2. að Laura eða annað jafngott skip sje notað til allra strandferðanna.

3. að skip það, er gengur milli Danmerkur og Íslands um sumarmánuðina maí til september, sje, einkum að því er snertir farþegjarúm, stærra og betra en hingað til.

4. a. að komið sje við á Borðeyri að minnsta kosti í einni ferð fram og aptur.

b. að Blönduós sje tekinn upp í áætlunina sem viðkomustaður, og

c. að optar sje komið við á Berufirði.

Nd. **530. Nefndarálit**

í málinu: frumvarp til laga um gæzlu og viðhald á brúm yfir Ölfusá og Þjórsá.

Vjer undirskrifaðir nefndarmenn, sem höfðum til meðferðar í neðri deild alþingis frumvarp til laga um gæzlu og viðhald á brúm yfir Ölfusá og Þjórsá, höfum tekið til íhugunar frumvarpið, eins og það nú kemur, lítið eitt breytt, frá

hinni háttvirtu efri deild, og viljum vjer hjer með, eptir atvikum, ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið, eins og það nú er.

Alþingi 21. ágúst 1893.

Þorlákur Guðmundsson. Þórður Guðmundsson, skrifari. Sighvatur Árnason, framsögum.

Guðl. Guðmundsson. Jón Þórarinsson.

Nd. **531. Nefndarálit**

í málinu: frv. til laga um breyting á 2., 4. og 15 gr. í tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 og viðauka við hana.

Hin háttvirta efri deild hefur gert þær breytingar við frv. þetta, eins og það var samþykkt af neðri deild, að hún hefur bundið heimildina til að leysa sig undan vistarskyldunni við 22 ára aldur, í stað fullveðja aldurs, og að hún hefur hækkað lausamennskugjaldið fyrir karlmann úr 10 kr. upp í 15 kr. Meiri hluti nefndarinnar álítur nú að breytingar þessar sjeu eigi svo þýðingarmiklar, að vert sje, þeirra vegna, að málið rekist milli þingdeilda, og verði máske eigi útkljáð á þinginu, og ræður því meiri hlutinn hinni háttvirtu neðri deild til, að samþykkja frv. óbreytt, eins og það var samþykkt í efri deild.

Alþingi 21. ágúst 1893.

Skúli Thoroddsen, skrifari. Björn Sigfússon. Kl. Jónsson, formaður. Einar Jónsson.

Jeg hef eigi getað orðið samdóma háttv. meðnefndarmönnum mínum, að því er snertir þá breyting háttv. Ed., að færa aldurstakmarkið niður í 22 ár; þessi breyting virðist mjög af handahófi gjörð, án þess að hægt sje að færa fyrir henni eðlileg rök eða finna henni hina minnstu stoð í málefninu sjálfu. Að þessu leyti vil jeg því fastlega leggja með því, að frv. sje breytt í hið sama horf, eins og það var samþykkt í háttv. Nd., og jeg legg því til, að í stað orðanna í 1. gr.: „22 ára“, komi: „fullveðja“. Að öðru leyti finn jeg eigi brýna ástæðu til að mæla móti frv., eins og það liggur fyrir.

Neðri deild alþ. 21. ág. 1893.

Guðl. Guðmundsson.

Ed. **532. Tillaga**

til þingsályktunar um strandferðaáætlun. (Eins og hún var samþykkt við síðari umr. í neðri deild.

Alþingi ályktar að strandferðum þeim, sem rætt er um í frv. til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895 12. gr. C. a. 2., verði hagað samkvæmt áætlun á þingskjali 533.

Ed. **533. Ferða-**

innan lands strandferðaskipsins
(Fylgiskjal með

Frá Reykjavík	19.*marz	...	31. marz	...	20. apríl
— Keflavík	...	...	31. —	14. apríl	...
— Þorlákshöfn	...	...	...	...	...
— Eyrarbakka eða Stokkseyri	...	...	...	...	...
— Vestmannaeyjum	...	...	1. apríl	14. —	21. —
— Vík	...	...	...	...	...
— Hornafirði	...	...	2. apríl	13. apríl	22. —
— Papós	...	...	...	...	22. —
— Berufirði	...	...	3. apríl	...	23. —
— Stöðvarfirði	...	...	...	...	...
— Fáskrúðsfirði	...	...	4. apríl	12. apríl	24. —
— Reyðarfirði	...	...	...	...	25. —
— Eskifirði	...	...	4. —	12. —	25. —
— Norðfirði	...	...	. .	...	26. —
— Mjóafirði	...	...	...	...	26. —
— Seyðisfirði	...	...	5. apríl	11. apríl	29.* —
— Borgarfirði	...	...	...	...	29. —
— Vopnafirði	...	...	...	10. apríl	29. —
— Bakkafirði	...	. .	...	...	...
— Þórshöfn	...	...	...	...	30. —
— Raufarhöfn	...	...	...	...	30. —
— Kópaskeri	...	...	...	...	...
— Húsavík	...	...	6. apríl	9. apríl	1. maí
— Grímsey	...	...	...	...	1. —
— Akureyri	...	...	7. apríl	8. apríl	2. —
— Siglufirði	...	...	...	...	2. —
— Hofsós	...	...	...	...	3. —
— Sauðárkrók	...	...	...	...	3. —
— Skagaströnd	...	...	...	...	...
— Blönduós	...	...	...	...	4. —
— Borðeyri	...	...	...	...	...
— Bitrufirði	...	...	...	...	...
— Reykjarfirði	...	...	...	...	4. —
— Ísafirði	...	23. marz	...	...	5.* —
— Ögri	...	...	...	...	5. —
— Arngerðareyri	...	...	...	...	5. —
— Ísafirði	21. marz	...	...	...	7. —
— Önundarfirði	...	...	...	...	7. maí
— Dýrafirði	...	...	...	...	...
— Arnarfirði	20. marz	24. marz	...	...	...
— Patreksfirði	...	...	...	...	7. —
— Flatey	...	...	...	...	8. —
— Stykkishólmi	20. marz	25. marz	...	...	...
— Ólafsvík	...	...	...	...	8. —
— Búðum	...	...	..	...	8. —
í Reykjavík[1]	...	26. —	...	15.*apríl	10.*maí

Banni stormur, þoka, brim eða aðrar torfærur af náttúrunnar völdum viðkomu á einhvern þessara staða, hefur útgerðarmaður rjett til, þegar burtfarartíminn er kominn, að halda áfram ferðinni. Liggi hafís við land og aptri ferð skipsins, verður snúið við umhverfis land alla leið að ísnum og ferðinni haldið áfram þaðan og áætluninni fylgt svo sem unnt verður.

1) Þegar skipið er búið að afferma í Reykjavík, fer það til Akraness og Hafnarfjarðar ef tími er til og það hefur meðferðis flutning til þessara staða.

áætlun

árin 1894 og 1895.

þingskjali nr. 532).

17. maí	10.*júní	...	29.*júní	23.*júlí	27.*ág.	...	6. okt.	10. nóv.	...
...	10. —	...	29. —	14. ág.	...	27. sept.	...	4. des.	...
...	...	...	...	13. —	...	...	...	...	...
...	...	...	...	13. —	...	...	...	...	...
4. júní	11. júní	...	...	12. —	28. ág.	...	...	3. des.	...
...	11. —	...	29. júní	12. —	...	...	...	...	...
...	...	...	1. júlí	11. —	...	...	...	...	...
...	...	...	..	10. —	29. ág.	...	9. okt.	...	...
3. júní	...	...	...	9. —	30. —	...	...	2. des.	...
...	...	...	...	9. —	...	...	10. okt	...	...
..	12. júní	...	...	8. —	31. ág.	...	10. —	1. des.	...
3. júní	12. —	...	...	8. —	31. —	25. sept.	...	30. nóv.	...
...	12. —	22.júní	...	8. —	31. —	25. —	11. —	30. —	...
...	13. —	...	...	7. —	1. sept.	24. —	...	29. —	...
2. júní	13. —	...	...	7. —	1. —	24. —	11. okt.	28. —	...
2. —	14. —	21.†—	2. júlí	7.* —	2. —	23. —	12.* —	27. —	...
1. —	...	...	...	...	...	...	12. —	...	...
1. —	14. júní	...	...	4. ág.	3. sept.	22. sept.	13. —	25. nóv.	...
31. maí	14. —	...	...	...	...	...	...	...	...
31. —	15. —	...	3. júlí	...	...	...	14. —	...	...
...	15. —	...	...	4. ág.	4. sept.	...	...	24. nóv.	...
30. maí	...	...	3. júlí	....	...	...	14. —	...	...
30. —	16. júní	...	4. júlí	3. ág.	5. sept.	21. sept.	15. —	23. nóv.	...
...	16. —	...	...	3. —	...	...	...	...	...
29.*maí	20.* —	...	5. júlí	2. —	7.*sept.	20. sept.	17. okt.	22. nóv.	...
26. —	..	...	...	31. júli	7. —	...	18. —	19. —	...
25. —	...	...	...	30. —	...	...	19. —	...	...
25. —	...	...	6. júlí	30. —	8. sept.	19. sept.	20. —	18. nóv.	...
24. —	...	...	7.* —	....	9. —	...	21. —	...	...
24. —	...	...	7. —	29. júlí	...	18.†sept.	21. —	17. nóv.	...
23. —	...	...	9. —	...	11. sept.	...	...	...	...
...	...	...	9. —	....	11. —	...	...	...	...
22. maí	...	...	10. —	29. júlí	12. —	..	22. okt.	16. nóv.	...
21. —	...	...	11. —	28. —	14. —	...	24. —	15. —	...
...	...	...	12. —	...	15. —	...	25. —	13. —	...
...	...	...	12. —	...	15. —	...	25. —	13. —	...
...	...	...	13. —	...	16. —	...	26. —	13. —	...
19. maí	...	...	14. —	27. júlí	...	...	26. —	...	...
19. —	...	...	14. —	26. —	...	...	27. —	12. —	...
...	...	...	15. —	26. —	...	...	27. —	11. —	...
19. maí	..	...	15. —	25. —	...	...	28. —	...	...
18. —	...	...	15. —	25. —	...	...	28. —	11. nóv.	...
18. —	...	...	16. —	24. —	...	...	29. —	11.† —	...
17. —	...	...	..	24. —	...	...	29. —	...	...
17.† —	....	...	...	24.† —	...	...	29. —	...	...
5. júní	...	24.*júní	17.*júlí	17.*ág.	...	28.*sept.	1. nóv.	...	5. des.

Strandferðaskipið sje 1. flokks skrúfugufuskip, 200 registertons að stærð að minnsta kosti, hafi ekki minna en 7 mílna hraða, og 2 káetur fyrir 25 menn hvora, og auk þess skýli yfir 100 þilfarsfarþegja.

Enginn farþegi er skyldur að kaupa viðurværi á skipinu, en fæði verður þar jafnan til sölu þeim, er þess óska.

Stjarnan (*) merkir, að skipið mætir póstskipinu.

Kross (†) merkir, að lesa skuli dálkinn upp eptir.

Ed. **534. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895 (eins og það var samþykkt við 3 umræðu í n. d.). Frá Þorkeli Bjarnasyni.

Við 13. gr. C. 18. fyrir: „5000“ komi: 6000.

Ed. **535. Nefndarálit**

um frumv. til laga um kosningar til alþingis.

Hin háttvirta neðri deild hefir gjört mjög verulegar breytingar á frumvarpi þessu frá því, sem það var, þegar það fór frá þessari deild, sem nefndin verður að álíta ekki eins heppilegar og ákvæði frumvarpsins voru hjer í deildinni. En þar eð nú er ekki um annað að hugsa en annað hvort að samþykkja frumvarpið óbreytt, svo framarlega sem það á að ná fram að ganga á þessu þingi, eða þá að fella það með öllu, þá verður nefndin þó heldur að ráða hinni háttvirtu deild til þess að samþykkja frumvarpið eins og það nú liggur fyrir, og það einkum fyrir þá sök, að í frumvarpinu eru þó ákvæði, sem gjöra það mögulegt að ljetta nokkuð þá örðugleika, er gjörir mörgum kjósendum nú lítt mögulegt að neyta kosningarrjettar síns.

Af þessum ástæðum ræður nefndin hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarp þetta óbreytt, eins og það kom frá neðri deild.

Alþingi 21. ágúst 1893.

Einar Ásmundsson	Jón A. Hjaltalín	Guttormur Vigfússon.
formaður.	skrifari og framsögum.	

Ed. **536. Frumvarp**

til laga um kirkjur. (Eins og það var samþykkt við 2. umr. í Ed.).

1. gr. Kirkjutíund af fasteign og lausafje, ljóstollur, legkaup, kirkjugjald af húsum, lausamannsgjald til kirkju og sætisfiskur, svo og skylduvinna við kirkjur og kirkjugarða, skal vera úr lögum numið.

2. gr. Hver fermdur maður skal greiða 75 aura gjald til kirkju í þeirri sókn, sem hann hefur lögheimili í, á gjalddaga; en gjalddagi er 31. okt. ár hvert.

Nú tjáir sá, sem hefur aðsetur í sókninni á gjalddaga, að hann eigi lögheimili í annari sókn; skal hann þá færa fullnægjandi sönnun fyrir því þá þegar, ella greiði hann gjaldið af hendi. Rjett er að hann fái það endurborgað, ef hann síðar sannar, að hann á gjalddaga hafi átt lögheimili í annari sókn og greitt þar kirkjugjald.

3. gr. Kirkjugjald skal hver húsráðandi inna af hendi til gjaldheimtumanns fyrir sig, skyldulið sitt og annað heimilisfólk. Nú þiggur hinn gjaldskyldi af sveit, og skal þá greiða gjaldið úr sveitarsjóði.

4. gr. Gjöld til kirkju skal greiða í peningum. Ef gjaldanda brestur peninga, má hann greiða gjaldið í innskript hjá kaupmönnum þeim, sem gjaldheimtumenn taka gilda eða í þessum aurum: sauðfjenaði, hvítri ull, smjöri, fiski eða dún, eptir því verði, sem sett er á aura þessa í verðlagsskrá þeirri, sem gildir á gjalddaga, enda sje það verð eigi hærra en gangverð á gjalddaga.

5. gr. Fyrir innheimtu á tekjum kirkna og fyrir að greiða þær af hendi í peningum, má innheimtumaður taka 8 af hundraði í ómakslaun.

6. gr. Reikningsár kirkna skal vera frá 1. janúar til 31. desember ár hvert.

Semja skal reikninga kirkna fyrir lok marzmánaðar ár hvert. Skal hlutaðeigandi prestur eða, ef hann er fjehirðir kirkjunnar, þá hlutaðeigandi safnaðarfulltrúi rannsaka reikninginn og gæta þess, að allar tekjur sjeu taldar; enn fremur skal hann láta í ljósi álit um útgjöld þau, sem kirkjan hefur haft á árinu. Fyrir rannsókn þessa má greiða 2 kr. af tekjum kirkjunnar. Fyrir lok maímán. ár hvert skulu reikningar kirkna vera komnir til hlutaðeigandi prófasts. Hjeraðsprófastur rannsakar reikninginn og leggur hann fyrir hjeraðsfund og sendir hann síðan með áliti sínu og hjeraðsfundarins til biskups til fullnaðarúrskurðar.

Nd.

537. Frumvarp

til laga um eptirlaun, (eins og það var samþykkt við eina umr. í efri deild.).

1. gr. Hver sá, sem fengið hefur konungs veitingu fyrir embætti, og fær laun úr landssjóði, á rjett á að fá eptirlaun eptir lögum þessum, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsulasleika, eða annara orsaka vegna, sem honum eru ósjálfráðar.

2. gr. Eptirlaunin skulu greiðast úr landssjóði. Upphæð eptirlaunanna skal þannig reikna, að sá, er fengið hefur lausn frá embætti, fái í eptirlaun $\frac{1}{3}$ þeirrar embættislaunaupphæðar, er hann hafði, þegar hann fjekk lausn frá embættinu, og auk þess 20 kr. fyrir hvert ár, sem hann hefur þjónað embætti með eptirlaunarjetti. Sá, sem er fullra 70 ára, á rjett á að fá lausn með eptirlaunum samkvæmt lögum þessum. Sá embættismaður, sem slasast þannig, þegar hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að fá lausn frá embættinu, fær ávallt $\frac{2}{3}$ af embættis tekjum sínum í eptirlaun. Ef eitthvert embætti er lagt niður, á sá embættismaður, er því gegnir, heimting á að njóta $\frac{2}{3}$ af embættistekjum sínum í 5 ár í biðlaun, en er þá undir eins skyldur til að taka aptur við hæfilegu embætti með sömu tekjum að minnsta kosti, sem því embætti fylgdu, sem niður var lagt. Hafi hann ekki fengið embætti að 5 ára frestí, verða honum veitt eptirlaun. Þau ár, sem hann hefur notið biðlauna, skal álíta sem þjónustuár, þegar farið verður síðar að reikna eptirlaun hans; en eptirlaunin skal reikna eptir þeim embættistekjum, er hann hafði, áður en hann fjekk biðlaun. Ef hann tekur á móti embætti, sem minni tekjur fylgja, fær hann af þeim eptirlaunum, sem honum bera eptir hið meira embætti, er hann áður hafði, svo mikið sem tekjur hins nýja embættis vantar til að jafnast við tekjur hins fyrra embættis, er hann hafði, og ekki meira.

3. gr. Þær embættistekjur, sem teknar verða til greina, þegar reiknuð eru eptirlaun eða biðlaun samkvæmt 2. gr. eru: 1) viss árleg laun; 2) launaviðbót, sem veitt er manninum sjálfum; 3) aukatekjur og hlunnindi, svo sem, leigulaus bústaður, bújörð, eldiviður og ljós, sem með berum orðum eru veitt embættismanninum sem laun eða hluti af launum hans. Aukatekjurnar skulu taldar, eins og þær hafa verið að meðaltali 5 síðustu árin, áður en embættismaðurinn fjekk lausn frá embætti, eða öll þau ár, sem hann hefur embætti þjónað, hafi árin verið færri en 5.

4. gr. Sá, er fyrirgjörir embætti sínu, missir einnig rjett til eptirlauna.

5. gr. Þegar embættismanni er vikið frá fyrir einhverjar misfellur, sem ekki varða embættismissi, en veikja þó þá virðingu og traust, sem nauðsynlegt er fyrir stöðu hans, skal ákveða eptirlaun hans með sjerstökum lögum.

6. gr. Eptirlaun eða biðlaun missast: 1) gjörsamlega eða að tiltölu, þegar hlutaðeigandi fær aptur embætti og laun; 2) þegar hann án konungsleyfis gengur í þjónustu

útlendra ríkja; 3) þegar hann tekur sjer bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 4) þegar hann hefur ekki tekið eptirlaun sín eða biðlaun í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 5) þegar hann verður dæmdur sekur í þesskonar athæfi, sem mundi hafa svipt hann embætti, ef hann hefði þá í því verið, eða ef upp á hann sannast, að hann hafi orðið sekur í slíkri hegðun, áður en hann fjekk lausn frá embættinu. Nú hefur embættismaður fengið lausn frá embætti með eptirlaunum, og tekur við nýju embætti; hefur hann þá rjett til að fá eptirlaun þau, sem hann áður hafði, er hann sleppir þessu embætti.

7. gr. Hver kona, sem verður ekkja eptir embættismann, er hafði eptirlaunarjett eða eptirlaun eptir lögum þessum, skal hafa rjett til að fá eptirlaun úr landssjóði með þeim undantekningum, sem til eru teknar í 8. gr. Eptirlaun ekkjunnar reiknast ⅓ af launum mannsins, eins og þau eru talin eptir 2. og 3. gr. þessara laga, þegar þau eru lögð til grundvallar fyrir því, hvernig reikna skal eptirlaun hans; þó mega þau eptirlaun ekkjunnar, sem þannig reiknast, aldrei fara fram úr 1200 kr. nje vera meiri en eptirlaun þau, sem maðurinn hefði getað fengið eða hafði þegar hann dó. Þegar ástæður virðast til, getur konungur í viðbót við eptirlaunin veitt 20 til 100 kr. árlega fyrir hvert barna ekkjunnar, sem hún hefur fyrir að sjá, þangað til hvert barn er orðið 18 ára; þó skal eptirlaunaviðbót þessi því að eins haldast, að ástæður þær, sem hún er byggð á, sje framvegis hinar sömu, og skal sanna það á hverju ári fyrir landstjórninni.

8. gr. Þær embættismannaekkjur hafa engan eptirlaunarjett, sem hafa gipzt eldra manni en 60 ára eða á banasæng hans, eða eptir að hann fjekk lausn frá embætti með eptirlaunum, eða ef hjónabandinu var gjörsamlega slitið, áður en maðurinn dó.

9. gr. Eptirlaun ekkna missast: 1) þegar ekkjan giptist af nýju; 2) þegar hún tekur sjer bústað í öðrum löndum án samþykkis konungs; 3) þegar hún hefur ekki hirt eptirlaunin í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll; 4) þegar hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almennings áliti er ósæmileg. — Þegar ekkja missir eptirlaun af því, að hún hefur gipzt af nýju, á hún rjett á að fá aptur hin sömu eptirlaun, ef hún verður ekkja í annað sinn.

10. gr. Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem áttu rjett til eptirlauna, getur konungur veitt hverju um sig 40 til 200 kr. árlega, að svo miklu leyti og svo lengi, sem þau þurfa við og eru þeirra verð, þó ekki lengur en þangað til þau eru 18 ára; þörf þeirra og verðleik skal árlega sanna fyrir landstjórninni.

11. gr. Þeir, sem eru í embættum, þá er lög þessi öðlast gildi, og hafa rjett til eptirlauna samkvæmt tilskipun 31. maí 1855, halda rjetti til eptirlauna samkvæmt þeirri tilskipun. Að öðru leyti er sú tilskipun úr lögum numin með þessum lögum.

Nd.

538. Frumvarp

til laga um vegi. (Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed.).

I. kafli.

Um skipting á vegum.

1. gr. Vegir á Íslandi eru: flutningabrautir, þjóðvegir, fjallvegir, sýsluvegir og hreppsvegir.

2. gr. Flutningabrautir eru þeir vegir, sem aðalvörumagn helztu hjeraða er flutt um. Þjóðvegir eru þeir vegir, sem aðalpóstleiðir liggja um. Fjallvegir eru þeir vegir yfir fjöll og heiðar, sem eigi teljast til neins annars vegaflokks. Sýsluvegir eru þeir vegir, sem liggja sýslna á milli og um hverja sýslu, þar sem mest er þjóðbraut, svo sem í kauptún og al-

menn fiskiver, enda sjeu það eigi flutningabrautir eða þjóðvegir. Hreppsvegir eru vegir hreppa á milli og um hreppa, sem hvorki eru flutningabrautir, þjóðvegir nje sýsluvegir.

3. gr. Flutningabrautir skulu fyrst um sinn vera í þessum hjeruðum:

1. Frá Reykjavík austur í Rangárvallasýslu.
2. — —— — að Geysi.
3. — Eyrarbakka upp Árnessýslu.
4. Upp Borgarfjörð.
5. Frá Blönduósi vestur Húnavatnssýslu.
6. — Sauðárkrók inn Skagafjörð.
7. — Akureyri inn Eyjafjörð.
8. — Húsavík inn Reykjadal.
9. — Búðareyri við Reyðarfjörð um Fagradal til Lagarfljóts.

4. gr. Landshöfðingi ákveður eptir tillögum sýslunefnda, amtsráða og vegfræðings, hvar leggja skuli flutningabrautirnar um hjeruðin.

5. gr. Þjóðvegir eru: 1. frá Reykjavík til Ísafjarðar, 2. frá Reykjavík til Akureyrar, 3. frá Akureyri til Seyðisfjarðar, 4. frá Reykjavík til Prestbakka, 5. frá Prestbakka til Eskifjarðar. Liggja skulu vegir þessir um aðalbyggðir landsins, svo beint sem verða má milli endastöðvanna eptir staðháttum.

II. kafli.

Um flutningabrautir, þjóðvegi og fjallvegi.

6. gr. Flutningabrautir, þjóðvegir og fjallvegir eru undir yfirumsjón landshöfðingja, og greiðist kostnaður til þeirra yfir höfuð úr landssjóði. Ef þjóðvegur liggur um sýslu endilanga, skal allt að helmingi sýsluvegagjalds í þeirri sýslu ganga til póstvegarins.

Það fje, sem gengur til þessara þriggja vegaflokka, skal veita í fjárlögum hvers fjárhagstímabils, og skal hverjum flokki fyrir sig ákveðin viss upphæð.

7. gr. Svo skal vegi gjöra á flutningabrautum, að vel sjeu akfærir hlöðnum vögnum á sumrum; vegagjörðinni skal landshöfðingi ráðstafa eptir tillögu vegfróðs manns eða verkfræðings landsins, ef slíkur verður skipaður.

8. gr. Á þjóðvegum skal svo bæta torfærur með vegaruðning og brúargjörð, að þeir sje greiðir yfirreiðar. Skal það vera aðalregla, að fyrst sjeu bættar þær torfærur, sem mestan farartálma gjöra. Að öðru jöfnu skal fyr bæta farartálma á fjölförnustu vegum.

9. gr. Rjett er, að fjallvegir sjeu reiðfærir gjörðir og varðaðir, svo sem nauðsyn ber til.

III. kafli.

Um sýsluvegi.

10. gr. Sýslunefndir semja tillögur um, hverjir skuli vera sýsluvegir í sýslu hverri, en amtsráð leggur á það samþykki sitt.

11. gr. Kostnaður við sýsluvegi greiðist úr sýsluvegasjóði. Í sýsluvegasjóð greiðir hvert hreppsfjelag 1 kr. 25 a. fyrir hvern verkfæran mann í hreppnum 20—60 ára, í hverri stöðu sem er.

Hreppstjórar skulu á hverju ári fyrir lok marzmánaðar senda sýslumanni nafnaskrár yfir alla verkfæra menn 20—60 ára, sem heimili hafa í hreppnum. Eptir skrám þessum ákveður sýslumaður sýsluvegagjald hvers hrepps. Gjaldið skal borgað úr sveitarsjóði og greiðist sýslumanni á manntalsþingi.

12. gr. Fela má sýslunefnd hlutaðeigandi sýslunefndarmanni eða hreppsnefnd umsjón með sýsluvegagjörð, hverjum í sínum hrepp, og ber þeim, sem umsjón er falin, að ráða þann verkstjóra, sem hæfur er til þess starfa.

13. gr. Sýsluvegir þeir, sem liggja út frá flutningabrautum eða eru framhald af þeim, skulu gjörast akfærir þar sem því verður við komið. Um vegabætur á sýsluvegum að öðru leyti skipar sýslunefnd fyrir, og gilda um þær sömu reglur, sem um umbætur á þjóðvegum og fjallvegum.

14. gr. Oddviti sýslunefndar skal ár hvert senda amtsráði reikning yfir tekjur og gjöld sýsluvegasjóðsins.

15. gr. Heimilt er sýslunefnd með samþykki amtsráðs að verja sýsluvegagjaldi til að styrkja gufubátsferðir í sýslunni.

IV. kafli.

Um hreppsvegi.

16. gr. Hreppsnefnd semur tillögur um hvar hreppsvegi skuli leggja í hreppi hverjum, og hvernig þeir skuli vera að breidd og ásigkomulagi, og leggur tillögur sínar undir samþykki hlutaðeigandi sýslunefndar.

17. gr. Á vorhreppaskilaþingi skal greiða til kostnaðar við hreppsvegi 1 kr. 25 a. fyrir hvern verkfæran mann í hreppnum 20—60 ára. Gjald þetta greiðir hver húsbóndi fyrir heimilismenn sína. Ef gjald þetta er eigi unnið upp árlega, leggst afgangurinn í vegasjóð, er hreppsnefndin geymir og hefur ábyrgð á.

18. gr. Nú er lítið að vinna að hreppsvegum í hreppi; má sýslunefnd þá ákveða, að allt að helmingi hreppsvegagjalds greiðist í peningum í sýsluvegasjóð. Sje aptur á móti hreppsvegavinna mikil í einhverjum hreppi, af því að þar eru engar flutningabrautir, þjóðvegir nje sýsluvegir, en vegir um hreppinn langir og torfærir, má sýslunefndin ákveða, að helmingur á móts við hreppsvegagjald hreppsins greiðist úr sýsluvegasjóði.

19. gr. Hreppsnefndin hefur umsjón um vinnu og aðgjörð á hreppsvegum, og skal hún skipa umsjónarmann, einn eða fleiri, til að sjá um vinnuna, svo og ráða smið, er brýr skal gjöra.

20. gr. Oddviti hreppsnefndar skal á ári hverju senda sýslunefnd reikning yfir tekjur og gjöld hreppsvegasjóðsins.

V. kafli.

Almenn ákvæði.

21. gr. Brýr skal gjöra á ár og læki, þar sem þörf er á, þegar efni og ástæður leyfa. Bjett er og að reisa sæluhús af vegabótafje, þar sem mikil umferð er á vetrum.

22. gr. Hver landeigandi er skyldur að leyfa, að vegur sje gjörður um land hans, og efni tekið þar sem næst er, án endurgjalds, ef eigi er skemmt tún, engi, yrkt land eða umgirt land. Sje vegur lagður um tún, engi, yrkt land eða umgirt land, svo og ef vegarefni er tekið landeiganda til skaða, skulu fullar bætur fyrir koma, eptir mati dómkvaddra manna. Skaðabætur greiðast úr landssjóði, sje vegurinn flutningabraut eða þjóðvegur, úr sýsluvegasjóði, ef vegurinn er sýsluvegur og úr hreppsvegasjóði, sje hann hreppsvegur.

23. gr. Hver sem af ásettu ráði skemmir vegi, brýr, vörður, ferjur eða sæluhús, skal sæta hegningu samkvæmt 296. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869.

24. gr. Brot gegn lögum þessum skal fara með sem almenn lögreglumál.

25. gr. Með lögum þessum eru lög nr. 25, 10. nóv. 1887 og lög nr. 11, 7. febr. 1890 úr gildi numin.

Nd. **539. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um bæjarstjórn á Seyðisfirði. Frá Birni Bjarnarsyni og Boga Th. Melsteð.

1. Aptan af 1. gr. falli burtu orðin: „og hefur hann að launum 300 kr. úr landssjóði".
2. Aptan við 32. gr. bætist: ef hinn núverandi sýslumaður í Norður-Múlasýslu vill taka að sjer bæjarfógetastörf á Seyðisfirði án launaviðbótar, ella við næstu sýslumannaskipti þar.

Ed. **540. Breytingar- og viðaukatillögur**

við frumvarp til laga um kirkjur (eins og það var samþykkt við 2. umræðu í efri deild(. Frá Hallgr. Sveinssyni, Þorkeli Bjarnasyni og Kristjáni Jónssyni.

1. Við 2. gr. Fyrir »75 aurar« komi: 80 aurar.

2. — 3. — Aptan við »og annað heimilisfólk« bætist: en rjett er húsbændum að halda gjaldi þessu eptir af kaupi þeirra, er vinna hjá þeim.

3. Á eptir 6. gr. komi ný grein, er verði 7. gr., svo hljóðandi:

Allt það fje, sem kirkjur eiga afgangs útgjöldum ár hvert, skal láta á vöxtu í hinn almenna kirkjusjóð, og skulu vextirnir árlega leggjast við höfuðstólinn. Heimilt er þó reikningshaldara að halda eptir vaxtalaust allt að 100 krónum af tekjum kirkju. Rjett er og að kirkjur greiði vexti af fje því, sem þær hafa að láni. Af sjóðum þeim er kirkjur eiga, þá er lög þessi öðlast gildi, skal sá, er sjóðinn hefur undir hendi, greiða árlega $^1/_{15}$ í hinn almenna kirkjusjóð, uns hann er allur greiddur af hendi, enda þurfi hans eigi þá þegar kirkjunni til aðgjörðar eða endurbyggingar. Greiða skal fje þetta prófasti fyrir 31. október ár hvert; en hann sendir það síðan til stiptsyfirvaldanna.

4. Ný grein, er verði 8. gr. svo hljóðandi:

Hin árlegu útgjöld kirkna, svo sem lýsing, brauð og vín, þvottur og hirðing á kirkju og skrúða, útgjöld til graftóla, innheimtulaun, borgun fyrir endurskoðun kirkjureikninga, bygging og viðhald kirkjugarðs, og gjald til prófasts (samkv. 11. gr.) greiðist úr kirkjusjóði; enn fremur hitun kirkju, þegar efni hennar leyfa.

Stjórn landsbankans stjórnar kirkjusjóðnum og ávaxtar fje hans, undir yfirumsjón stiptsyfirvaldanna og landshöfðingjans. Stiptsyfirvöldin ávísa því fje, sem greiðist úr sjóðnum.

Sjerhver kirkja skal hafa viðskiptabók við kirkjusjóðinn. Forgangsrjett til lána úr sjóði þessum eiga kirkjur.

Auglýsa skal reikninga kirkjusjóðsins árlega í Stjórnartíðundunum, deildinni B.

5. Ný grein, er verði 9. gr., svo hljóðandi:

Þá er kirkja þarf aðalviðgjörðar eða byggja skal kirkju að nýju, mælir biskup með ráði prófasts og byggingarfróðs manns fyrir um stærð og gjörð hennar, og

hve miklu fje til verksins skuli verja. Skal þá ávallt hafa tillit til þess, hve miklar tekjur kirkjunnar eru.

Bygging kirkju og aðalviðgjörð skal fram fara undir eptirliti eins eða fleiri manna, sem prófastur kveður til þess; en framkvæmd verksins annast sá, sem hefur umsjón og fjárhald kirkjunnar.

6. Ný grein, er verði 10. gr. svo hljóðandi:

Eigi er heimilt að færa kirkju til útgjalda meiri kostnað við aðgjörð eða byggingu, en biskup álítur hana færa um að bera, og aldrei má reikna henni meira til skuldar en svo, að árlegir vextir af skuldinni fari eigi fram úr helmingi þess, sem ætla má, að tekjur kirkjunnar fari fram úr árlegum útgjöldum hennar.

7. Ný grein, er verði 11. gr. svo hljóðandi:

Í stað kirkjuskoðunarlauna þeirra, sem verið hafa, skal greiða hjeraðsprófasti 10 kr. árlega þóknun fyrir hverja þá kirkju, sem er í prófastsdæmi hans.

8. Ný grein, sem verði 12. gr. svo hljóðandi:

Þá er kirkja er afhent, skal taka hana út, sem lög mæla fyrir. Þá er fjárhaldsmaður, sem haft hefur kirkju til umsjónar og ábyrgðar og lánað henni fje, sleppir fjárhaldinu eða deyr, skal hann, eða erfingjar hans, eiga heimtingu á að fá skuld þá borgaða af fje því, sem kirkjan hefur afgangs nauðsynlegum ársútgjöldum. Heimilt er og, að kirkjau taki lán til að losa sig við skuldina í einu lagi, ef samningur um það nær samþykki hlutaðeigandi hjeraðsfundar og stiptsyfirvaldanna.

9. Ný grein, er verði 13. gr. svo hljóðandi:

Þegar kirkja er lögð niður, rennur andvirði hennar í hinn almenna kirkjusjóð. Skrúði og áhöld hverrar kirkju, sem lögð er niður, gengur til þeirrar kirkju eða kirkna, sem sókninni er bætt við.

10. Ný grein, er verði 14. gr. svo hljóðandi:

Ákvæði laga þessara ná eigi til bændakirkna, nema eigendur þeirra eða umráðendur veiti þar til samþykki sitt.

11. Ný grein, er verði 15. gr. svo hljóðandi:

Með lögum þessum eru öll lagaákvæði um tíund til kirkju af fasteign, lausafje og húsum, ljóstoll og legkaup, 4. til 6. gr. tilsk. 27. jan. 1847, 13. og 15. gr. reglugjörðar 17. júlí 1782, lög nr. 20, 22. maí 1890, svo og öll önnur ákvæði í lögum, sem koma í bága við lög þessi, úr gildi felld.

Nd. **541. Tillaga**

til þingsályktunar um styrkveitingu til búnaðarfjelaga (eins og hún var samþykkt við eina umr. í Ed.).

Alþingi ályktar, að skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til búnaðarfjelaga og reglur fyrir úthlutun styrksins skuli vera á þessa leið:

I. Skilyrði.

1. Fjelag getur því að eins orðið aðnjótandi styrks, að í því sje að minnsta kosti 10 fjelagsmenn, er jarðarnot hafa og taka þátt í jarðyrkjustörfum fjelagsins, og að unnin sje minnst 12 dagsverk að jarðabótu n þeim, er taldar eru hjer á eptir, að meðaltali fyrir hvern fjelagsmann.

2. gr. Bónarbrjef um styrkinn skulu stýluð til landshöfðingja, og skal þeim fylgja reikningur fyrir næsta ár á undan yfir tekjur og gjöld búnaðarfjelags

þess, er um styrkinn sækir, og skýrsla um hin unnu störf, útgefin af skoðunarmanni. er sýslunefnd eða bæjarstjórn hefur til þess nefnt. Skýrsla þessi skal samin eptir formi því, er landsstjórnin gefur út, og ritar skoðunarmaður á hana vottorð sitt um, að aðrar jarðabætur sjeu ekki teknar til greina en þær, sem eru vel af hendi leystar.

II. Reglur.

1. Í skýrslu skal þessar jarðabætur telja:
   a. Þúfnasljettur.
   b. Matjurtareiti ný yrkta, flatarmálið.
   c. Varnargarðar úr grjóti eða torfi um tún, sáðreiti, fjárbæli og engi.
   d. Flóðgarðar eða stíflugarðar.
   e. Skurðir til vörzlu, framræslu og vatnsveitinga.
   f. Lokræsi.
2. Í dagsverk skulu jarðabætur lagðar þannig:

a. Þúfnasljettur	10	□ faðm.
b. Matjurtareitir ný yrktir, jarðvegur byltur og blandaður (flatarmálið)	15	— —
c. Varnargarðar:		
1. Grjótgarðar einhlaðnir $3^1/_2$ fet á hæð	3	—
2. Grjótgarðar tvíhlaðnir, $3^1/_2$ fet á hæð	$1^1/_2$	—
3. Garðar úr torfi og grjóti, 4 fet á hæð	$3^1/_2$	—
4. Garðar úr torfi, sem sje að minnsta kosti 4 fet á hæð og 4 fet á þykkt að neðan	4	—
5. Varnarskurðir, 6 feta breiðir ofan og 2 feta djúpir og rofinu hlaðið í garð á skurðbakkanum	$4^1/_2$	—
d. Flóðgarðar og stíflugarðar:		
1. 1—2 feta háir	300	ten. fet.
2. yfir 2 — —	200	— —
e. Vatnsveitingaskurðir:		
1. Allt að 5 feta breiðir, tvístungnir	400	— —
2. Yfir 5 feta breiðir, þrístungnir eða meira	300	— —
f. Lokræsi:		
1. Með grjóti (mölræsi)	3	faðm
2. — hnaus (holræsi)	8	—

3. Aðgjörðir á gömlum jarðabótum má ekki taka upp í skýrsluna, nje þær jarðabætur, sem ekki eru fullgjörðar samkvæmt reglum þessum.
4. Styrkurinn skal miðaður við tölu dagsverka þeirra, er unnin hafa verið í fjelaginu að framantöldum jarðabótum næsta ár á undan því, er styrkurinn er veittur.
5. Bónarbrjefin um styrkinn eiga að vera komin til landshöfðingja fyrir 1. júlí ár það, er styrkurinn er veittur.

Nd. **542. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um eptirlaun (eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild).

Jafnvel þó breytingar þær, er frumvarpið hefur orðið fyrir í hinni háttvirtu efri deild, sjeu eigi í fullu samræmi við önnur ákvæði þess og stríði á móti þeim aðaltilgangi þess, að spara landssjóði óþörf útgjöld, álítum vjer frumvarpið í heild sinni þess vert, að það nái fram að ganga á þessu þingi, og vill nefndin því ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja það óbreytt, eins og það nú er.

Alþingi 22. ágúst 1893.

Jón Jónsson formaður. Ólafur Briem skrifari og framsögum. Þorlákur Guðmundsson.

Björn Sigfússon. Sighvatur Árnason.

Nd. **543. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um vegi (eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild).

Að vísu getum vjer eigi fallizt á, að breytingar þær, sem orðið hafa á frumvarpinu í hinni háttvirtu efri deild, sjeu til bóta, en með því þær raska í engu aðalstefnu þess, vill nefndin eigi fyrir þá sök tefja fyrir framgangi málsins, og ræður því hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi 22. ágúst 1893.

Jens Pálsson formaður. Sigurður Gunnarsson skrifari. Ólafur Briem framsögumaður.

Jón Jónsson, þm. A.-S. Sighvatur Árnason.

Nd. **544. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um fjárforræði ómyndugra.

Nefnd sú, er hin virðulega þingdeild kaus til þess að íhuga þetta mál, leyfir sjer að láta uppi álit sitt um það á þessa leið.

Nefndin viðurkennir það fyllilega, að hjer sje um mikilsvarðandi mál að ræða, og að hinum gildandi lögum um þetta efni, einkum tilsk. 18. febr. 1847 sje að ýmsu leyti ábótavant, og því engin vanþörf á að taka hana til nákvæmrar íhugunar, en hinsvegar dylst nefndinni eigi, að frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, bæti eigi að öllu leyti úr þessum göllum, sem eru á hinum eldri lögum, og sje engan veginn þannig úr garði gjört, að það eigi að ná samþykki deildarinnar óbreytt, en þar sem ekki eru nú nema örfáir dagar eptir af þingtímanum, sá nefndin það í hendi sjer, að ef hún ætti að koma fram með þær breytingar, sem henni virtust vera nauðsynlegar, þá mundi tíminn eigi endast til þess.

Nefndin álítur, að frumvarp þetta sje góður undirbúningur, sem fitja megi uppá á næsta þingi, en verður í þetta sinn af framantöldum ástæðum að ráða hinni háttvirtu deild til að fella frumvarpið.

Alþingi 22. ágústmán. 1893,

H. Kr. Friðriksson, formaður og framsögumaður. B. Kristjánsson. Kl. Jónsson, skrifari.

Ólafur Briem. Guðl. Guðmundsson.

Ed.

545. Frumvarp

til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895, (eins og það var samþykkt við 2. umr. í e. d.).

1. kafli.

Tekjur.

1. gr. Á árunum 1894 og 1895 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1,147,500 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr. Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 878,600 kr.

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a) á ábúð og afnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b) á lausafje	25,000	25,000	50,000
2. húsaskattur	4,000	4,000	8,000
3. tekjuskattur	13,000	13,000	26,000
4. aukatekjur	22,000	22,000	44,000
5. erfðafjárskattur	2,000	2,000	4,000
6. gjöld af fasteignasölu	1,300	1,300	2,600
7. vitagjald	6,000	6,000	12,000
8. gjöld fyrir leyfisbrjef	2,000	2,000	4,000
Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála milli hjóna greiðist ekkert gjald.			
9. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frá dregnum 2% í innheimtulaun	30,000	30,000	60,000
10. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	120,000	120,000	240,000
11. aðflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	50,000	50,000	100,000
12. aðflutningsgjald af kaffi og sykri að frádregnum 2% í innheimtulaun	125,000	125,000	250,000
13. tekjur af póstferðum	20,000	20,000	40,000
14. óvissar tekjur	2,000	2,000	4,000
Samtals	439,300	439,300	878,600

3. gr. Tekjur af fasteignum landssjóðs og fl. eru taldar 50,700 kr.:

		1894.	1895.	alls.
		kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landssjóðs alls	34,000 kr.			
að frá dregnum umboðslaunum, prestsmötu og fl., alls	9,000 —	25,000	25,000	50,000
2. Tekjur af kirkjum		350	350	700
Samtals		25,350	25,350	50,700

4. gr. Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 66,000 kr.:

		1894.	1895.	alls.
		kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins , ...		28,000	28,000	56,000
Upp í lán verður borgað:				
á árinu 1894	23,923 kr. 22 a.			
- — 1895	21,556 — 58 -			
	45,479 kr. 80 a.			
2. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans . . .		5,000	5,000	10,000
Samtals		33,000	33,000	66,000

5. gr. Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem er greitt frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndiláns til embættismanna . . .	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum . . .	2,000	2,000	4,000
Samtals	4,600	4,600	9,200

6. gr. Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 143,000 kr.:

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag	60,000	60,000	120,000
Aukatillag	12,500	10,500	23,000
Samtals	72,500	70,500	143,000

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr. Á árunum 1894 og 1895 veitast til útgjalda 1,179,471 kr. 80 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr. Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1894: 12,400 kr., og árið 1895: 14,400 kr., samtals: 26.800 kr.

9. gr. Til kostnaðar við alþingi veitast 32,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 33,600 kr.

10. gr. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 293,661 kr. 80 a.

	1894.	1895.	alls.
A.	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:			
1. laun embættismanna ... ... Ef hinn núverandi amtmaður norðan og austan verður skipaður amtmaður sunnan og vestan, fær hann að halda uppbót þeirri fyrir hann sjálfan, er hann hefur nú.	18,100	18,116 66	36,216 66
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl....	3,800	3,800	7,600
3. a. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun ... ... 2,500 kr.			
b. viðbót við hinn núverandi endurskoðanda ... ... 500 —	3 000	3,000	6,000
B.	24,900	24,916 66	49,816 66
Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. laun			
a. til dómara og sýslumanna	69,697 57	69,697 57	
b. til hreppstjóra	6,000	6,000	
2. ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík	1,400	1,400	
3. til hegningarhússins og fangelsanna:			
1894. 1895.			
a. laun umsjónarmannsins ... 800 kr. 800 kr.			
viðbót við hinn núverandi umsjónarmann ... ... 200 — 200 —			
flyt 1000 kr. 1000 kr.			
flyt	77,097 57	77,097 57	49,816 66

			1894.	1895.	alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
		fluttar	77,097 57	77,097 57	49,816 66
fluttar	1000 kr.	1000 kr.			
Þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 —	100 —			
Þóknun handa lækni ...	60 —	60 —			
b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag	1225 —	1225 —			
3. skammtar af miðdagsmat handa fangaverði á 21 e.	230 —	230 —			
þvottur	30 —	30 —			
til eldiviðar og ljósa	520 —	520 —			
útgjöld við bygginguna sjálfa og áhöld	400 —	400 —			
til þess að útvega verkefni	500 —	500 —			
ýmisleg útgjöld	150 —	150 —			
	4215 kr.	4215 kr.			
arður af verkum talinn ...	615 —	615 —			
	3600 kr.	3600 kr.			
c. kostnaður við viðhald fangelsanna	100 —	100 —			
			3,700	3,700	
4. önnur útgjöld:					
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn ...		1600 kr.			
b. laun sendiboðans við yfirrjettinn ...		50 —			
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum		40 —			
d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl.		60 —			
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál		3000 —			
f. kostnaður við gjafsóknarmál		300 —			
g. til að gefa út dómasafn, allt að 15 kr. fyrir hverja örk		150 —			
			5,200	5,200	
			85,997 57	85,997 57	171,995 14
C.					
Ymisleg útgjöld.					
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:					
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.		300 kr.			
b. til pappírs og prentunar deildarinnar B., 22 arkir, og deildarinnar C., 15 arkir		2000 —			
c. til kostnaðar við sending með póstum		300 —			
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri, allt að 40 kr. fyrir örkina		900 —			
			3,500	3,500	
		flyt	3,500 »	3,500 »	221,811 80

			1894.	1895.	alls.
			kr.	kr.	kr. a.
		fluttar	3,500	3,500	221,811 80
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef			1,200	1,200	
3. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar ...			1,600	1,600	
4. styrkur til eflingar búnaði:					
a. til búnaðarskóla:	kr.	kr.			
1. til skólans í Ólafsdal ..	2,500	2,500			
2. — —— á Hólum ...	5,000	3,500			
3. — —— - Eyðum ...	2,500	2,500			
4. — —— - Hvanneyri ...	2,500	2,500			
	12,500	11,000			
b. til búnaðarfjelaga		12,000			
Þar af til búnaðarfjelags suðuramtsins 2,000 kr. hvort árið, með því skilyrði, að fjelagið verji að minnsta kosti 1,000 kr. til vatnsveitinga.					
c. styrkur til Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit, 20 kr. fyrir örkina		240			
d. styrkur til síra Odds Gíslasonar til þess að halda áfram að leiðbeina mönnum í ýmsu, sem lýtur að sjósóknum og fiskiveiðum		300			
e. styrkur til útgáfu kennslubóka fyrir búnaðarskóla		300			
f. styrkur til verklegs laxaklaks í Dalasýslu		200			
			25,540	24,040	
5. til vitans á Reykjanesi:					
a. til launa vitamannsins		1,200			
b. til eptirlits með vitanum		60			
c. til að kaupa olíu		1,200			
d. — — — lampakveiki o. fl.		150			
e. — — — steinkol		120			
f. til viðurhalds á húsum og áhöldum ...		200			
g. eptirgjald eptir lóðina		30			
			2,960	2,960	
6. til vörðuvita			750	500	
7. til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landssjóði			1,000	1,000	
8. til varnar gegn skemmdum á byggingarlóðinni á Sauðárkrók, 500 kr. fyrra árið			500	»	
			37,050	34,800	71,850
		samtals ...	. . . . .	. . . . .	293,661 80

11. gr. Til útgjalda við læknaskipunina veitast 117,844 kr.

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. laun	39,598	39,598	79,196
2. styrkur til 12 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu;			
b. til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði;			
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá;			
g. til læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnessýslu, sunnanfjalls til Straumfjarðarár;			
h. til læknis milli Straumfjarðarár í Hnappadalssýslu og Langár á Mýrum.			
i. til læknis í Eyjahrepp og Múla- og Gufudals-hreppum í Barðastrandarsýslu;			
j. til læknis í Breiðdals-, Berunes- og Geithellnahreppum í Suður-Múlasýslu;			
k. til læknis í Grunnavíkur- og Sljettu-hreppum í Ísafjarðarsýslu;			
l. til læknis í Strandasýslu;			
m. til læknis í Grýtubakka-, Háls- og Ljósavatnshreppum í Suður-Þingeyjarsýslu; til hvers þeirra 1,000 kr. hvort árið	13,000	13,000	26,000
3. styrkur til aukalæknis Bjarnar Ólafssonar til að setjast að sem augnalæknir í Reykjavík, með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnalækningum	2,000	2,000	4,000
4. styrkur til O. Nickolins tannlæknis	500	500	1,000
5. önnur útgjöld:			
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík 1,200 kr.			
b. — — —— á Akureyri 400 —			
c. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa ... ... 24 —			
d. til náms yfirsetukvenna ... ... 2,000 —			
e. til verkfæra handa yfirsetukonum ... 200 —	3,824	3,824	7,648
samtals ...	58,922	58,922	117,844

12. gr. Til samgöngumála veitast 348,500 kr.

	1894.	1895.	alls.
A.	kr.	kr.	kr.
Til útgjalda við póststjórnina:			
1. laun:			
a. handa póstmeistaranum ... ... 2,400 —			
b. — póstafgreiðslumönnnum ... ... 4,700 —			
c. — brjefhirðingarmönnum ... .. 2,700 —	9,800	9,800	19,600
2. póstflutningur	34,000	34,000	68,000
3. önnur útgjöld: 1894. 1895.			
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað kr. kr.			
póstmeistarans 1,500 1,500			
b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningi			
1 °/₀₀, um 200 200			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður			
sama 200 200			
d. fyrir prentun á ýmsu 200 200			
e. til áhalda 600 600			
f. 1 brjefberi í Reykjavík 50 50			
g. óviss útgjöld 200 200	2,950	2,950	5,900
samtals ..	46,750	46,750	93,500
B. 1894. 1895.			
Til vegabóta: kr. kr.			
a. til verkfræðings til að standa fyrir vegagjörðum 3,000 3,000			
b. til að bæta vegi á aðalpóstleiðum . 50,000 50,000			
c. til fjallvega... ... ... 15,000 15,000			
d. til brúargjörðar á Hjeraðsvötnin veitast ... ... 5,000 »			
Fje þetta veitist með því skilyrði, að sýslunefnd Skagafjarðar leggi til það fje, sem á vantar til að fullgjöra brúna, og setji, landssjóði að kostnaðarlausu, svifferju á aðalpóstleiðinni yfir Hjeraðsvötnin.	73,000	68,000	141,000
C.			
a. til strandferða: kr.			
1. til hins sameinaða gufuskipafjelags .. 18,000			
2. til strandferða samkvæmt ferðaáætlun alþingis 25,000			
Styrkur þessi veitist kapt. Jónasi J. Randulf með því skilyrði, að hann setji tryggingu frá Noregsbanka, eða aðra nægilega tryggingu, fyrir því, að ferðunum verði haldið áfram um fjárhagstímabilið.			
Geti kapt. Jónas J. Randulff á einhvern hátt eigi fullnægt þeim skilyrðum, sem hjer eru sett, má veita öðrum styrkinn, ef þeir setja nægilega tryggingu fyrir því, að ferðunum verði haldið áfram fjárhagstímabilið.			
Flyt 43,000			234,500

		1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.	kr.
Fluttar	43,000			234,500
b. til gufubátsferða á Faxaflóa	3,000			
c. til gufubátsferða meðfram suðurströnd landsins austur að Vík í Mýrdal og til Vestmannaeyja, allt að	3,000			
Styrkurinn undir stafliðunum b. og c. útborgist að eins eptir meðmælum hlutaðeigandi sýslunefnda og bæjarstjórnar.				
Styrkurinn sje enn fremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslufjelög og bæjarfjelag leggi til gufubátaferðanna ½ móti ½ úr landssjóði.				
Styrknum undir staflið c. má skipta í 2 hluta, ef með því fást hagfelldari gufubátsferðir um hið tilgreinda svæði, eða nokkurn hluta þess. Svo má og sameina styrkinn undir staflið c., eða hluta af honum, við styrkinn undir staflið b.				
Styrkurinn undir staflið a. 2. og stafliðunum b. og c. er ennfremur bundinn því skilyrði, að gufubátar þeir, sem njóta styrksins, flytji póstsendingar og vitji þeirra og skili þeim á pósthúsunum á viðkomustöðunum, allt án sjerstaks endurgjalds.		49,000	49,000	98,000
D.				
a. til bryggjugjörðar á Blönduós allt að ...	5,000 kr.			
b. til gufubátsferða um Lagarfljótsós allt að	5,000 —			
Báðar þessar upphæðir (undir staflið a. og b.) veitast með því skilyrði, að hlutaðeigandi hjeraðsbúar kosti sjálfir það, er á vantar, til þess að koma fyrirtækjum þessum fram, eigi minna en ½ alls kostnaðar.				
c. til uppmælingar á innsiglingarleið inn á Hvammsfjörð, allt að	6000	16,000	»	16,000
Styrkur þessi er því skilyrði bundinn, að Dalasýsla leggi fram ½ til móts við landssjóðsstyrkinn.				
samtals ...		.....	.....	348,500

13. gr. Til kirkju- og kennslumála veitast 264,866 kr.:

	1894. kr.	1895. kr.	alls. kr.
A.			
Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a. laun til biskupsins	7,000	7,000	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	8,500	9,000	
2. til bráðabyrgðar-uppbótar fátækum brauðum, þar af til hins núverandi prests í Grímsey 400 kr. hvort árið	3,000	3,000	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti ...	600	600	
4. bráðabyrgðar-uppbót á Kvíabekkjar-prestakalli í Eyjafjarðar-prófastsdæmi	200	200	
5. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	3,000	3,000	
6. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1,000	1,000	
	23,300	23,800	47,100
B.			
Kennslumálefni:			
I. til prestaskólans:			
a. laun			
b. önnur útgjöld:	9,800	9,800	
1894. 1895.			
1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum, 80 kr. handa hverjum 960 kr. 960 kr.			
2. ölmusa ... . 200 — 200 —			
3. til tímakennslu ... ... 100 — 100 —			
4. til bókakaupa ... ... 300 — 300 —			
5. til eldiviðar og ljósa ... 100 — 100 —			
6. til umsjónar ... ... 100 — 100 —			
7. ýmisleg útgjöld ... ... 200 — 200 —			
8. Til þess að gefa út kennslubækur handa prestaskólanum 25 kr. fyrir örkina alls að 250 — 250 —	2,210	2,210	
	12,010	12,010	24,020
II. til læknaskólans:			
a. laun	3,600	3,600	
Þar af 400 kr. hvort árið launaviðbót til Tómasar Hallgrímssonar 1. kennara.			
1894. 1895.			
b. önnur útgjöld:			
1. 2 ölmusur, 200 kr. hvor 400 kr. 400 kr.			
2. eldiviður, ljós og ræsting 170 — 120 —			
flyt 570 kr. 520 —	3,600	3,600	71,120

			1894.	1895.	alls.
			kr.	kr.	kr.
		fluttar	3,600	3,600	71,120
	1894.	1895.			
fluttar	570 kr.	520 kr.			
3. til bókakaupa og verkfæra	300 —	300 —			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum	300 —	300 —			
5. húsaleiga handa 6 lærisveinum	480 —	480 —			
6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði	100 —	100 —			
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, allt að	200 —	200 —			
8. ýmisleg útgjöld	100 —	100 —	2,050	2,000	
			5,650	5,600	11,250
III. til hins lærða skóla:					
a. laun			19,800	19,800	
b. aðstoðarfje:					
handa söngkennaranum		600 kr.			
handa fimleikakennaranum		700 —			
handa dyraverði		1,000 —			
til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans		300 —	2,600	2,600	
	1894.	1895.			
c. önnur útgjöld:					
1. til bókasafns skólans .	600 kr.	600 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa .	1,000 —	1,000 —			
3. til skólahússins utan og innan	1,000 —	1,000 —			
4. til tímakennslu . . .	1,600 —	1,600 —			
5. ölmusur	5,500 —	5,500 —			
6. þóknun handa lækni .	100 —	100 —			
7. ýmisleg útgjöld . . .	1,000 —	1,000 —			
8. fyrir prestsverk . . .	48 —	48 —			
9. til vísindalegra áhalda við kennslu:					
a. í náttúrusögu . . .	200 —	200 —			
b. í eðlisfræði	400 —	400 —			
10. til að gefa út vísindalega ritgjörð, er fylgi skólaskýrslunni	300 —	300 —	11,748	11,748	
			34,148	34,148	68,296
		flyt	. . . . .	. . . . .	150,666

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
flutt af			150,666
IV. til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:			
a. laun	6,600	6,600	
b. önnur útgjöld: 1894. 1895.			
1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna . . . 400 kr. 400 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa . 500 — 500 —			
3. til skólahússins utan og innan . . . . . 200 — 200 —			
4. ýmisleg útgjöld . . . 500 — 500 —			
5. til styrkveitingar námspiltum . . . . . 400 — 400 —			
6. til að kaupa hús Stefáns kennara Stefánssonar á Möðruvöllum fyrir hæpann, sem hingað til hefir verið notaður við ábúð á jörðinni 4000 — » —	6,000	2,000	
	12,600	8,600	
V. til stýrimannaskólans:			21,200
a. laun	1,800	1,800	
b. önnur útgjöld:			
1. til húsnæðis, eldiviðar og ljósa . 500 kr.			
2. til tímakennslu . . . . . 600 —			
3. til áhaldakaupa o. fl. . . . . 200 —	1,300	1,300	
	3,100	3,100	
VI. til annarar kennslu:			6,200
a. til kvennaskóla:			
1. til kvennaskólans í Reykjavík . 1,800 kr. þar af ölmusur til sveitastúlkna 300 kr.			
2. til kvennaskólans á Ytri-Ey . . 1,200 —			
3. til kvennaskólans á Laugalandi . 1,200 —			
4. til kvennaskólanna á Ytri-Ey og Laugalandi . . . . . 2,000 —			
Öll upphæðin (2,000 kr.) skiptist milli skólanna eptir fjölda nemenda, sem eru allan kennslutímann, og lengd kennslutímans, —þaraf 500 kr. til námsmeyja.	6,200	6,200	
b. 1. til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum . . . . . Styrkur þessi veitist einkum eptir lengd kennslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annarar tillögu, er eigi sje minni en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.	4,000	4,000	
flyt	10,200	10,200	178,066

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar	10,200	10,200	178,066
2. til sveitakennara, allt að 60 kr. til hvers . . Styrkur þessi veitist eptir tillögum sýslunefnda og stiptsyfirvaldanna.	4,800	4,800	
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	2,500	2,500	
d. til kennarafræðslu	1,600	1,600	
e. til skólaiðnaðarkennslu	500	500	
f. til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík . . .	1,000	1,000	
g. til síra Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kennslu heyrnar- og málleysingja	150	150	
h. styrkur til þess að semja og gefa út kennslubækur	600	600	
	21,350	21,350	42,700
VII. til sundkennslu:			
a. í Reykjavík . . . . . Lærisveinar latínuskólans njóta ókeypis kennslu.	200	200	
b. til að gjöra við sundlaugina í Laugarnesi . . Styrkur þessi útborgist þegar verkið er fullgjört, og með því skilyrði, að Reykjavíkurbær leggi til það, sem á vantar.	500		
c. til sundkennslu annarsstaðar . . . . . Styrkurinn undir c. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sjeu lagðar til sundkennslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.	800	800	
	1,500	1,000	2,500
C.			
Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmennta:			
1. til landsbókasafnsins og fyrir umsjón með alþingishúsinu milli þinga:			
a. laun bókavarðar	1,000	1,000	
b. til að aðstoða bókavörð við útlán og niðurröðun bóka og við samningu á skrá yfir handrit og bækur	700	700	
c. fyrir að hafa umsjón með alþingishúsinu og áhöldum í því milli þinga	100	100	
d. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá	2,500	2,500	
e. til eldiviðar og áhalda m. m.	450	450	
f. brunabótagjald fyrir safnið	300	300	
	5,050	5,050	
2. til amtsbókasafna Vesturamtsins, Norðuramtsins og Austuramtsins, 200 kr. á ári til hvers þeirra	600	600	
3. a. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Reykjavík	1,000	1,000	
b. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Kaupmannahöfn	500	500	
flyt	7,150	7,150	223,266

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar	7,150	7,150	223,266
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að Bókmenntafjelagið í Kaupmannahöfn gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbrjefasafni.			
4. til þjóðvinafjelagsins	500	500	
5. til forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda . . 1,000 kr.			
b. til umsjónar . . . . . 400 —			
c. til þess að semja skrá yfir forngripina og setja tölur á þá . . . . . 600 —			
Styrkur þessi (c) fyrir síðara árið útborgist, er starfi þessu er lokið.			
	2,000	2,000	
6. styrkur til kennara Benidikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda, 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi, 200 kr. hvort árið	800	800	
Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.			
7. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni, 25 kr. fyrir örkina, allt að 600 kr. hvort árið, með því skilyrði, að samskonar registur, sem við 1. bindið, komi út með hverju bindi, um leið og það er út komið.	600	600	
8. styrkur til kennara Þorv. Thoroddsens til kostnaðar við jarðfræðisrannsóknir og við safn til jarðfræðislýsingar Íslands, eptir reikningi, allt að 1,000 kr. hvort árið	1,000	1,000	
9. til Fornleifafjelagsins	300	300	
Útborgist því að eins, að árbók Fornleifafjelagsins komi út hvort árið.			
10. til Náttúrufræðisfjelagsins	400	400	
11. styrkur handa 2 mönnum til að búa sig undir að verða dýralæknar á Íslandi	1,200	1,200	
12. styrkur til cand. mag. Boga Melsteðs til að safna til sögu Íslands	600	600	
13. Til síra Matthíasar Jochumssonar . . .	600	600	
14. Til stórstúku Good-Templara á Íslandi til eflingar bindindi	500	500	
flyt	15,650	15,650	223,266

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar	15,650	15,650	223,266
15. Til cand. theol. Hannesar Þorsteinssonar til þess að semja skrá yfir skjöl og skjalapakka stiptamtsins í landsskjalasafninu og endurskoða niðurröðun þeirra. Skal landsstjórnin sjá um, að verkið verði viðunanlega af hendi leyst.	1,000	»	
16. Til umbúða um skjalapakka stiptamtsins og sýslnanna í landsskjalasafninu og til prentunar á skrá yfir þá m. m. allt að	200	»	
17. Til Skúla Skúlasonar á Akureyri til þess að læra myndasmíði	500	200	
18. Til Tryggva Gunnarssonar fyrir það, sem hann hefur unnið framyfir umsamið verk við Ölfusárbrúna .	5,000	»	
19. Ferðastyrkur til verzlunarmanns D. Thomsens, til þess að kynnast sölu á íslenzkum vörum, einkum á Bretlandi, Spáni og Portúgal, og gefa skýrslur um það mál	1,800	»	
20. Til síra Jónasar Jónassonar á Hrafnagili til að gefa út dansk-íslenzka orðabók . . . . . Þessi upphæð veitist því að eins, að vissa sje fyrir því, að bókin komi út.	800	»	
21. Til Geirs Zoëga kennara til að gefa út ensk-íslenzka orðabók . . . . . Þessi upphæð veitist því, að eins, að vissa sje fyrir því, að bókin komi út.	800	»	
	25,750	15,850	41,600
samtals	. . .	. . .	264,866

14. gr. Til skyndiláns handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr. Til eptirlauna og styrktarfjár og fl. veitast 86,000 kr.; þar af til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjohnsen 300 kr., til ekkjufrúar Valgerðar Ólafsdóttur frá Hofi 200 kr., til sjera J. Thórarensens 50 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli 105 kr. 40 a., til Katrínar Þorvaldsdóttur, ekkju fyrverandi bókavarðar Jóns Árnasonar, 300 kr., til ekkjufrúar Torfhildar Holm 200 kr., til Ólínu Vigfússon, ekkju Sigurðar Vigfússonar, 160 kr. — til allra þeirra hvort árið.

16. gr. Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

17. gr. Það sem á vantar, að tekjurnar hrökkvi fyrir útgjöldunum og sem fyrst um sinn er áætlað að verði 31,971 kr. 80 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

18. gr. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

19. gr. Ef
frumvarp til laga um sjerstök eptirlaun handa Páli sögukennara Melsteð,
frumvarp til laga um brúargjörð á þjórsá,
frumvarp til laga um afnám gjalds af fasteignasölu,
frumvarp til laga um viðauka og breyting á lögum 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski og lýsi o. fl.
frumvarp til laga um breyting á 1. gr. laga 27. febr. 1880, um skipun prestakalla,
frumvarp til laga um bæjarstjórn á Seyðisfirði, öðlast gildi á fjárhagstímabilinu, breytast upphæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt því.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 40,000 kr. lán til sýslufjelaga, er koma vilja á fót tóvinnuvjelum, þó ekki yfir 20,000 kr. til hvers, og ávaxtist lán þetta og endurborgist með 6% á 28 árum.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 40,000 kr. lán til þilskipakaupa einstökum mönnum, er þess kynnu að óska. Lán þetta ávaxtist og endurborgist með 6% á 28 árum, og veitist að eins gegn fulltryggu veði, og eigi meira en 4000 kr. til hvers einstaks manns.

Nd. **546. Breytingartillaga**
við tillögu til þingsályktunar á þingskjali 506. Frá Guðl. Guðmundssyni.
1. Í stað orðanna: »hlutast til um — — — og kaupstað«,
komi: leggja fyrir settan sýslumann og bæjarfógeta, L. K. Bjarnason, að hreinsa sig með dómi af þeim kærum fyrir ólöglegan embættisrekstur m. fl., er komið hafa fram gegn honum af hendi íbúa í Ísafjarðarsýslu og kaupstað.
2. Til vara: Orðið »tafarlaust« falli burt.

Ed. **547. Breytingartillaga**
til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895. (eins og það var samþykkt við 2. umr. í efri deild). Frá Þorkeli Bjarnasyni, Sigurði Jenssyni og Guttormi Vigfússyni.
1. Við 13 gr. C. 7. Orðin „með því skilyrði að samskonar registur, sem við 1. bindið komi út með hverju bindi, um leið og það er út komið“, falli burt.
2. — 13. — B. VI. Liðurinn g. „Til síra Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kennslu heyrnar- og málleysingja 150 — 150“, falli burt.

Nd. **548. Breytingartillaga**
við tillögu til þingsályktunar á þingskj. 524. Frá Guðl. Guðmundssyni, Birni Bjarnarsyni, Jóni Þorkelssyni og Sk. Thoroddsen.
I stað »14 að tölu«, komi: »16 að tölu«.

Ed. **549. Breytingartillaga**

við breytingar- og viðaukatillögur við frv. til laga um kirkjur (þingskjal 540). Frá Hallgr. Sveinssyni.

Við 10. (hina nýju 14. gr.). Byrjun greinarinnar orðist svo: Ákvæði laga þessara í 7., 10., 12. og 13. greinum ná eigi o. s. frv.

Ed. **550. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895 (eins og það var samþykkt við 2. umr. í efri deild). Frá Hallgr. Sveinssyni, Sigurði Stefánssyni og Sigurði Jenssyni.

1. Við 13. gr. B. I. b. 2. Fyrir: »ölmusa 200—200« komi: ölmusustyrkur 200—400, og samlagningin breytist eptir því.
2. — — — C. 5. c. Athugasemdin falli burt.

Ed. **551. Viðaukatillaga**

við tillögu til þingsályktunar um strandferðir hins sameinaða gufuskipafjelags, þingskjal 529. Frá Hallgr. Sveinssyni, Þorleifi Jónssyni, Þorkeli Bjarnasyni.

1. Inn í fyrirsögnina bætist á eptir orðinu »strandferðir« orðin: og póstferðir.
2. Á eptir tölulið 3. bætist inn nýr töluliður, sem verði 4. töluliður, svo hljóðandi:

Að ákveðin sje í ferðaáætlununum sú klukkustund dagsins, þá er póstgufuskipin, bæði þau, er fara með ströndum fram, og þau, er fara beint til útlanda, eiga að fara af stað í fyrsta lagi frá Reykjavík, og að þessi ákveðni burtfarartími sje, að því er snertir beinu ferðirnar sjerstaklega, eigi settur fyrri en kl. 8 eða 9 að morgninum.

Ed. **552. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um friðun á laxi, (eins og það var samþykkt við 1. umr í efri deild). Frá Þorkeli Bjarnasyni.

Við 1. gr. Aptan við greinina bætist: Á þessum veiðitíma skal þó lax friðaður 36 stundir á viku hverri eða frá náttmálum á laugardögum til dagmála á mánudögum, og skulu þá öll laxanet tekin upp og allar veiðivjelar standa opnar, svo að laxinn hafi frjálsa göngu.

Við 2. gr. Aptan við greinina bætist: Eigi einn maður veiði í á, er honum heimilt að veiða með þvergirðingu.

Við 3. gr. 1. málsliður orðist þannig: Ekki má leggja laxanet eða laxveiðivjel úti fyrir ármynnum í sjó nær ósnum en sjór fellur lengst út um stórstraumsfjöru. Sýslunefnd ákveður hve nærri ósum stöðuvatna megi leggja veiðivjelar. Ádráttarveiði má við hafa í ám 3 daga í viku samfleytt, sömuleiðis í árósum og fyrir utan þá á sama tíma, þó að eins með öðruhvoru útfalli sjávar. Allir þeir, sem veiði eiga í á, skulu nota hina sömu vikudaga til ádráttarins.

Við 4. gr. 4. gr. falli burtu, en í hennar stað komi ný gr., er orðist þannig: Hverjum manni er heimilt að skjóta sel og styggja í ám, árósum og fyrir ósamynnum og eina mílu út frá þeim, þar sem lax fer um; þó má ekki raska þinglesinni friðun eggvera og sellátra, nema gjald komi fyrir, slíkt er dómkvaddir menn meta.

Við 5. gr. Í stað »9 þuml.« komi: 10 þuml.
Í stað orðanna í annari málsgrein: »ekki er meir en 9 þuml.« komi: minni er en 10 þuml. Í stað »1½ þuml.« komi: 1¾ þuml. Aptan við greinina bætist: Þó skal amtsráðum heimilt, eptir uppástungu sýslunefndar, að veita heimild til að veiða með netum þeim, er möskvar eru 9 þuml. ummáls í, og með veiðivjelum, er 1½ þuml. er á milli spelanna.

Ed. **553. Breytingartillaga**
við frumvarp til laga um kosningar til alþingis, (eins og það var samþykkt við 3. umr. í neðri deild). Frá Guttormi Vigfússyni.
Við 26. gr. Fyrir orðin: »í septembermánuði« komi: í júnímánuði.

Ed. **554. Nefndarálit**
í málinu: frumvarp til laga um atvinnu við siglingar.

Nefnd sú, sem háttvirt efri deild alþingis kaus í málinu: frumvarp til laga um atvinnu við siglingar, hefur kynnt sjer frumvarp það um þetta efni, sem samþykkt hefur verið við 3. umræðu í neðri deild, og ræður hún deildinni til að samþykkja það frumvarp óbreytt, með því engin önnur breyting er gjörð í því á frumvarpinu eins og það fór frá efri deild, en sú, að ártalinu síðast í 18. gr. 1894 er breytt í 1895, en við það hefur nefndin ekkert að athuga.

Alþingi 23. ágúst 1863.

L. E. Sveinbjörnsson, form. — Sigurður Stefánsson, framsögum. — Sigurður Jensson, skrifari.

Nd. **555. Nefndarálit**
um tillögu til þingsál. um styrkveitingu til búnaðarfjelaga.

Vjer undirskrifaðir nefndarmenn höfum íhugað tillögu til þingsályktunar um styrkveitingu til búnaðarfjelaga eins og háttv. efri deild hefur samþykkt hana við eina umræðu. Hefur hin háttv. deild fært tillöguna nær því formi, er samskonar till. hafði frá þinginu 1891, og virðist oss það miður farið, en þó álítum vjer henni ekki svo spillt, að eigi sje mun betra en þá; fyrir þá sök og með tilliti til þess, hve nú er orðið áliðið þingtíma, svo að naumast er von um að tími vinnist til að koma tillögunni fram, ef farið væri að breyta henni, ráðum vjer háttv. deild til að samþykkja hana óbreytta. Skýrsluformið látum vjer fylgja hjer með, breytt samkvæmt tillögunni, eins og hún nú er.

Alþingí 23. ágúst 1893.

Þorlákur Guðmundsson, formaður. — Björn Bjarnarson, skrifari. — Björn Sigfússon.
Ólafur Briem. — Einar Jónsson.

(Sýnishorn Nr. 1.)

Skýrsla

um jarðabætur fjelagsmanna í búnaðarfjelagi Vallnahrepps, árið 1894.

Nöfn og heimili fjelagsmanna.	Þúfnasljettur, □ faðmar.	Maturtareitir nýyrktir, girtir, jarðvegur byltur og blandaður, □ faðm.	Varnir um slægjulönd og maturtareiti, faðmar.					Flóðgarðar og stíflug. teningsfet.		Vatnsveitingaskurðir. teningsfet.		Lokræsi, faðmar.		Dagsverk, samtals.	Athugasemdir.
			Grjótgarðar einhlaðnir, $3^1/_2$ fet á hæð.	Grjótgarðar tvíhlaðnir, $3^1/_2$ fet á hæð.	Garðar úr torfi og grjóti, 4 fet á hæð.	Torfgarðar, minnst 4 feta háir, 4 f. bykkir að neðan.	Varnarskurðir, 6 feta br., $2^1/_2$ feta djúpir, með garði.	1—2 feta háir.	Yfir 2 feta háir.	Allt að 5 feta breiðir, tvístungnir.	Yfir 5 feta breiðir, þrístungnir eða meira.	Með grjóti (mölræsi).	Með hnaus (holræsi),		
Í dagsverk skal leggja:	10	15	8	$1^1/_2$	$8^1/_2$	4	$4^1/_2$	800	200	400	800	8	8	„	
1. Árni Jónsson, Osi	86	28	15	„	„	„	18	„	„	1 90	„	„	„	24.8	1 garðinum er höggvið grjót.
2. Jón Gíslason, Hlíð	„	„	„	„	12	10	„	2560	„	„	3214	„	„	22.0	Hlaðið fyrir læk, og veitt í annan farveg.
3. Einar Loftsson, Eyri	270	„	„	10	„	„	„	„	750	„	„	10	27	43.7	Mölræsið gjört í maturtareit.
4.	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	. .	
(26) Samtals	356	28	15	10	12	10	18	2560	750	1890	3214	10	27	90.0	

Að jeg hafi sjálfur skoðað og mælt jarðabætur þær, sem taldar eru í skýrslu þessari, og að þær sjeu allar fullgerðar og vel af hendi leystar, votta jeg undirskrifaður skoðunarmaður sem til þess er kjörinn af sýslunefnd Múlasýslu (bæjarstjórn . , . kaupstaðar).

Felli, 2. júní 1895.

Ólafur Einarsson,
(jarðyrkjumaður).

Nd. **556. Nefndarálit**

um frumv. til laga um ferðakostnað alþingismanna.

Hin háttvirta neðri deild hefir kosið oss, sem ritum hjer nöfn vor undir, í nefnd, til að íhuga frumvarp til laga um ferðakostnað alþingismanna, sem samþykkt hefur verið í háttv. efri deild.

Vjer könnumst fúslega við það, að margt mælir með því, að hafa þingfararkaup fastákveðið, en ýmsir annmarkar eru á því, ekki sízt eins og nú er ástatt, þar sem verið er að reyna að koma strandferðunum í betra og hagfeldara horf en áður, og búast má við, að það kunni að verða miklu algengara hjer eptir en hingað til, að alþingismenn fari sjóleiðina til þings. Hafa og ýmsir þingmenn tekið það fram, að hætt væri við, að landssjóður biði halla af því, ef þingfararkaupi væri nú slegið föstu. Auk þess er nokkur ágreiningur vor á milli um það, hvort dagpeningar þeir, sem þingmönnum eru ákveðnir meðan þeir eru á ferðinni, eigi að teljast með þegar þingfararkaup er ákveðið, eða að eins sjálfur kostnaðurinn við ferðina, en í frumv. efri deildar er dagpeningunum sleppt, og að eins talað um ferðakostnaðinn. Við þetta bætist enn, að frumvarp til laga um kosningar til alþingis er á ferðinni gegnum þingið, og í því er talað um dagpeninga og ferðakostnað eptir reikningi, eins og nú tíðkast. Og með því að þingtíminn er nú að þrotum kominn, þá sjáum vjer ekki, að mál þetta geti orðið afgreitt frá þinginu í þetta sinn, nema því að eins, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, eins og það er til vor komið frá efri deild. En til þess getum vjer ekki ráðið, og er einn nefndarmanna alveg frá hverfur því frumv., en meiri hlutinn kemur fram með nokkrar viðaukatillögur, sem hann ætlar að geti orðið til að greiða framgang þessa máls með tímanum, og verða þær á þessa leið:

Aptan við frumv., sem verði 1. grein; bætist:

2. gr. Nú fer þingmaður með strandferðaskipi, annaðhvort báðar leiðir eða aðra; fær hann þá endurgoldið það sem farið kostar, svo og annan kostnað, er þessi ferð hans hefur í för með sjer, eptir reikningi, sem úrskurðast af nefnd, er alþingi setur samkvæmt laga ákvæðum þeim, er um það gilda.

Á sama hátt skal endurgjalda þingmanni þann kostnað, sem óvæntur farartálmi, íshindranir, slys eða önnur ófyrirsjáanleg atvik baka honum.

3. gr. Utgjöld þau, sem nefnd eru í 1. og 2. gr. skal greiða úr landssjóði og ávísast af forsetum deildanna.

4. gr. Lagaákvæði þau, er koma í bága við lög þessi eru hjer með úr lögum numin.

5. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. dag júnímánaðar 1894.

Alþingi 23. ágúst 1893.

Sighvatur Árnason formaður. Jón Jónsson þm. A.-S. framsögumaður.

Jeg hef eigi getað fylgst með háttvirtum samnefndarmönnum mínum í máli því er hjer ræðir um, sökum þess hvernig það horfir nú við á þinginu. Hin háttvirta neðri deild hefur nýlega samþykkt frumv. til laga um kosningar til alþingis, og er þar ákveðið í 37. gr., að greiða skuli ferðakostnað alþingismanna »eptir reikningi«. Virðist mjer þá svo, sem hin sama deild geti eigi á þessu þingi fylgt því máli fram, sem einmitt fer fram á það, að greiða ferðakostnaðinn ekki eptir reikningi, heldur ákveða fast þingfararkaup. Að minnsta kosti virðist mjer talsverð ósamkvæmni í því, meðan eigi er sjeð fyrir afdrif hins fyrnefnda frumv. á þinginu, og verð því að ráða frá, að halda þessu máli lengra áfram að sinni.

Alþingi 23. ágúst 1893.

Einar Jónsson.

Nd. **557. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895, (eins og það var samþykkt við 3. umr. í e. d.).

1. kafli.

Tekjur.

1. gr. Á árunum 1894 og 1895 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1,147,500 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr. Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 878,600 kr.

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a) á ábúð og afnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b) á lausafje	25,000	25,000	50,000
2. húsaskattur	4,000	4,000	8,000
3. tekjuskattur	13,000	13,000	26,000
4. aukatekjur	22,000	22,000	44,000
5. erfðafjárskattur	2,000	2,000	4,000
6. gjöld af fasteignasölu	1,300	1,300	2,600
7. vitagjald	6,000	6,000	12,000
8. gjöld fyrir leyfisbrjef	2,000	2,000	4,000
Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála milli hjóna greiðist ekkert gjald.			
9. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frá dregnum 2% í innheimtulaun	30,000	30,000	60,000
10. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	120,000	120,000	240,000
11. aðflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	50,000	50,000	100,000
12. aðflutningsgjald af kaffi og sykri að frádregnum 2% í innheimtulaun	125,000	125,000	250,000
13. tekjur af póstferðum	20,000	20,000	40,000
14. óvissar tekjur	2,000	2,000	4,000
Samtals	439,300	439,300	878,600

3. gr. Tekjur af fasteignum landssjóðs og fl. eru taldar 50,700 kr.:

		1894.	1895.	alls.
		kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landssjóðs alls	34,000 kr.			
að frá dregnum umboðslaunum, prestsmötu og fl., alls	9,000 —	25,000	25,000	50,000
2. Tekjur af kirkjum		350	350	700
Samtals		25,350	25,350	50,700

4. gr. Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 66,000 kr.:

		1894.	1895.	alls.
		kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins		28,000	28,000	56,000
Upp í lán verður borgað:				
á árinu 1894	23,923 kr. 22 a.			
- — 1895	21,556 — 58 -			
	45,479 kr. 80 a.			
2. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans . . .		5,000	5,000	10,000
Samtals		33,000	33,000	66,000

5. gr. Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem er greitt frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndilána til embættismanna . . .	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum . . .	2,000	2,000	4,000
Samtals	4,600	4,600	9,200

6. gr. Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 143,000 kr.:

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag	60,000	60,000	120,000
Aukatillag	12,500	10,500	23,000
Samtals	72,500	70,500	143,000

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr. Á árunum 1894 og 1895 veitast til útgjalda 1,179,671 kr. 80 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr. Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1894: 12,400 kr., og árið 1895: 14,400 kr., samtals: 26.800 kr.

9. gr. Til kostnaðar við alþingi veitast 32,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 33,600 kr.

10. gr. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 293,661 kr. 80 a.

	1894.	1895.	alls.
A.	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:			
1. laun embættismanna ... ... Ef hinn núverandi amtmaður norðan og austan verður skipaður amtmaður sunnan og vestan, fær hann að halda uppbót þeirri fyrir hann sjálfan, er hann hefur nú.	18,100	18,116 66	36,216 66
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl....	3,800	3,800	7,600
3. a. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun ... ... 2,500 kr.			
b. viðbót við hinn núverandi endurskoðanda ... ... 500 —	3,000	3,000	6,000
	24,900	24,916 66	49,816 66
B.			
Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. laun			
a. til dómara og sýslumanna	69,697 57	69,697 57	
b. til hreppstjóra	6,000	6,000	
2. ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík	1,400	1,400	
3. til hegningarhússins og fangelsanna:			
1894. 1895.			
a. laun umsjónarmannsins ... 800 kr. 800 kr.			
viðbót við hinn núverandi umsjónarmann ... ... 200 — 200 —			
flyt 1000 kr. 1000 kr.			
flyt	77,097 57	77,097 57	49,816 66

			1894.	1895.	alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
		fluttar	77,097 57	77,097 57	49,816 66
fluttar	1000 kr.	1000 kr.			
Þóknun handa dómkirkju-prestinum	100 —	100 —			
Þóknun handa lækni ...	60 —	60 —			
b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag	1225 —	1225 —			
3. skammtar af miðdagsmat handa fangaverði á 21 e.	230 —	230 —			
þvottur	30 —	30 —			
til eldiviðar og ljósa	520 —	520 —			
útgjöld við bygginguna sjálfa og áhöld	400 —	400 —			
til þess að útvega verkefni	500 —	500 —			
ýmisleg útgjöld	150 —	150 —			
	4215 kr.	4215 kr.			
arður af verkum talinn ...	615 —	615 —			
	3600 kr.	3600 kr.			
c. kostnaður við viðhald fangelsanna	100 —	100 —			
			3,700	3,700	
4. önnur útgjöld:					
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn ...		1600 kr.			
b. laun sendiboðans við yfirrjettinn ...		50 —			
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum		40 —			
d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl.		60 —			
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál		3000 —			
f. kostnaður við gjafsóknarmál		300 —			
g. til að gefa út dómasafn, allt að 15 kr. fyrir hverja örk		150 —			
			5,200	5,200	
			85,997 57	85,997 57	171,995 14
C.					
Ymisleg útgjöld.					
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:					
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.		300 kr.			
b. til pappírs og prentunar deildarinnar B., 22 arkir, og deildarinnar C., 15 arkir		2000 —			
c. til kostnaðar við sending með póstum		300 —			
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri, allt að 40 kr. fyrir örkina		900 —	3,500	3,500	
		flyt	3,500 »	3,500 »	221,811 80

			1894.	1895.	alls.
			kr.	kr.	kr. a.
		fluttar	3,500	3,500	221,811 80
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef			1,200	1,200	
3. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar ...			1,600	1,600	
4. styrkur til eflingar búnaði:					
a. til búnaðarskóla:	kr.	kr.			
1. til skólans í Ólafsdal ..	2,500	2,500			
2. — —— á Hólum ...	5,000	3,500			
3. — —— - Eyðum ...	2,500	2,500			
4. — —— - Hvanneyri ...	2,500	2,500			
	12,500	11,000			
b. til búnaðarfjelaga ... ... Þar af til búnaðarfjelags suðuramtsins 2,000 kr. hvort árið, með því skilyrði, að fjelagið verji að minnsta kosti 1,000 kr. til vatnsveitinga.		12,000			
c. styrkur til Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit, 20 kr. fyrir örkina		240			
d. styrkur til síra Odds Gíslasonar til þess að halda áfram að leiðbeina mönnum í ýmsu, sem lýtur að sjósóknum og fiskiveiðum		300			
e. styrkur til útgáfu kennslubóka fyrir búnaðarskóla		300			
f. styrkur til verklegs laxaklaks í Dalasýslu		200			
			25,540	24,040	
5. til vitans á Reykjanesi:					
a. til launa vitamannsins		1,200			
b. til eptirlits með vitanum		60			
c. til að kaupa olíu		1,200			
d. — — — lampakveiki o. fl.		150			
e. — — — steinkol		120			
f. til viðurhalds á húsum og áhöldum ...		200			
g. eptirgjald eptir lóðina		30			
			2,960	2,960	
6. til vörðuvita			750	500	
7. til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landssjóði			1,000	1,000	
8. til varnar gegn skemmdum á byggingarlóðinni á Sauðárkrók, 500 kr. fyrra árið			500	»	
			37,050	34,800	71,850
		samtals ...	.....	.....	293,661 80

11. gr. Til útgjalda við læknaskipunina veitast 117,844 kr.

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. laun	39,598	39,598	79,196
2. styrkur til 12 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu;			
b. til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði;			
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá;			
g. til læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnessýslu, sunnanfjalls til Straumfjarðarár;			
h. til læknis milli Straumfjarðarár í Hnappadalssýslu og Langár á Mýrum.			
i. til læknis í Eyjahrepp og Múla- og Gufudals-hreppum í Barðastrandarsýslu;			
j. til læknis í Breiðdals-, Berunes- og Geithellnahreppum í Suður-Múlasýslu;			
k. til læknis í Grunnavíkur- og Sljettu-hreppum í Ísafjarðarsýslu;			
l. til læknis í Strandasýslu;			
m. til læknis í Grýtubakka-, Háls- og Ljósavatnshreppum í Suður-Þingeyjarsýslu; til hvers þeirra 1,000 kr. hvort árið	13,000	13,000	26,000
3. styrkur til aukalæknis Bjarnar Ólafssonar til að setjast að sem augnalæknir í Reykjavík, með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnalækningum	2,000	2,000	4,000
4. styrkur til O. Nickolins tannlæknis	500	500	1,000
5. önnur útgjöld:			
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík 1,200 kr.			
b. — — —— á Akureyri 400 —			
c. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa ... ... 24 —			
d. til náms yfirsetukvenna ... ... 2,000 —			
e. til verkfæra handa yfirsetukonum ... 200 —	3,824	3,824	7,648
samtals ...	58,922	58,922	117,844

12. gr. Til samgöngumála veitast 348,500 kr.

			1894.	1895.	alls.
A.			kr.	kr.	kr.
Til útgjalda við póststjórnina:					
1. laun:					
a. handa póstmeistaranum		2,400 —			
b. — póstafgreiðslumönnnum		4,700 —			
c. — brjefhirðingarmönnum		2,700 —	9,800	9,800	19,600
2. póstflutningur			34,000	34,000	68,000
3. önnur útgjöld:	1894. kr.	1895. kr.			
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans	1,500	1,500			
b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningi 1 °/₀₀, um	200	200			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama	200	200			
d. fyrir prentun á ýmsu	200	200			
e. til áhalda	600	600			
f. 1 brjefberi í Reykjavík	50	50			
g. óviss útgjöld	200	200	2,950	2,950	5,900
		samtals ..	46,750	46,750	93,500
B.	1894.	1895.			
Til vegabóta:	kr.	kr.			
a. til verkfræðings til að standa fyrir vegagjörðum	3,000	3,000			
b. til að bæta vegi á aðalpóstleiðum .	50,000	50,000			
c. til fjallvega...	15,000	15,000			
d. til brúargjörðar á Hjeraðsvötnin veitast	5,000	»			
Fje þetta veitist með því skilyrði, að sýslunefnd Skagafjarðar leggi til það fje, sem á vantar til að fullgjöra brúna, og setji, landssjóði að kostnaðarlausu, svifferju á aðalpóstleiðinni yfir Hjeraðsvötnin.			73,000	68,000	141,000
C.					
a. til strandferða:		kr.			
1. til hins sameinaða gufuskipafjelags ..		18,000			
2. til strandferða samkvæmt ferðaáætlun alþingis		25,000			
Styrkur þessi veitist kapt. Jónasi J. Randulf með því skilyrði, að hann setji tryggingu frá Noregsbanka, eða aðra nægilega tryggingu, fyrir því, að ferðunum verði haldið áfram um fjárhagstímabilið.					
Geti kapt. Jónas J. Randulff á einhvern hátt eigi fullnægt þeim skilyrðum, sem hjer eru sett, má veita öðrum styrkinn, ef þeir setja nægilega tryggingu fyrir því, að ferðunum verði haldið áfram fjárhagstímabilið.					
	Flyt	43,000			284,500

		1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.	kr.
Fluttar	43,000			234,500
b. til gufubátsferða á Faxaflóa	3,000			
c. til gufubátsferða meðfram suðurströnd landsins austur að Vík í Mýrdal og til Vestmannaeyja, allt að	3,000			
Styrkurinn undir stafliðunum b. og c. útborgist að eins eptir meðmælum hlutaðeigandi sýslunefnda og bæjarstjórnar.				
Styrkurinn sje enn fremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslufjelög og bæjarfjelag leggi til gufubátaferðanna ½ móti ½ úr landssjóði.				
Styrknum undir staflið c. má skipta í 2 hluta, ef með því fást hagfelldari gufubátsferðir um hið tilgreinda svæði, eða nokkurn hluta þess. Svo má og sameina styrkinn undir staflið c., eða hluta af honum, við styrkinn undir staflið b.				
Styrkurinn undir staflið a. 2. og stafliðunum b. og c. er ennfremur bundinn því skilyrði, að gufubátar þeir, sem njóta styrksins, flytji póstsendingar og vitji þeirra og skili þeim á pósthúsunum á viðkomustöðunum, allt án sjerstaks endurgjalds.		49,000	49,000	98,000
D.				
a. til bryggjugjörðar á Blönduós allt að ...	5,000 kr.			
b. til gufubátsferða um Lagarfljótsós allt að	5,000 —			
Báðar þessar upphæðir (undir staflið a. og b.) veitast með því skilyrði, að hlutaðeigandi hjeraðsbúar kosti sjálfir það, er á vantar, til þess að koma fyrirtækjum þessum fram, eigi minna en ¼ alls kostnaðar.				
c. til uppmælingar á innsiglingarleið inn á Hvammsfjörð, allt að	6000	16,000	»	16,000
Styrkur þessi er því skilyrði bundinn, að Dalasýsla leggi fram ¼ til móts við landssjóðsstyrkinn.				
samtals ...		.....	.....	348,500

13. gr. Til kirkju- og kennslumála veitast 265,066 kr.:

	1894. kr.	1895. kr.	alls. kr.
A.			
Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a. laun til biskupsins	7,000	7,000	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	8,500	9,000	
2. til bráðabyrgðar-uppbótar fátækum brauðum, þar af til hins núverandi prests í Grímsey 400 kr. hvort árið	3,000	3,000	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti ...	600	600	
4. bráðabyrgðar-uppbót á Kvíabekkjar-prestakalli í Eyjafjarðar-prófastsdæmi	200	200	
5. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	3,000	3,000	
6. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1,000	1,000	
	23,300	23,800	47,100
B.			
Kennslumálefni:			
I. til prestaskólans:			
a. laun			
b. önnur útgjöld:	9,800	9,800	
1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum, 80 kr. handa hverjum — 1894. 960 kr. — 1895. 960 kr.			
2. ölmusustyrkur ... ... — 1894. 200 — — 1895. 400 —			
3. til tímakennslu ... ... — 1894. 100 — — 1895. 100 —			
4. til bókakaupa ... ... — 1894. 300 — — 1895. 300 —			
5. til eldiviðar og ljósa ... — 1894. 100 — — 1895. 100 —			
6. til umsjónar ... ... — 1894. 100 — — 1895. 100 —			
7. ýmisleg útgjöld ... ... — 1894. 200 — — 1895. 200 —			
8. Til þess að gefa út kennslubækur handa prestaskólanum 25 kr. fyrir örkina alls að — 1894. 250 — — 1895. 250 —	2,210	2,410	
	12,010	12,210	24,220
II. til læknaskólans:			
a. laun	3,600	3,600	
Þar af 400 kr. hvort árið launaviðbót til Tómasar Hallgrímssonar 1. kennara.			
b. önnur útgjöld: — 1894. — 1895.			
1. 2 ölmusur, 200 kr. hvor — 1894. 400 kr. — 1895. 400 kr.			
2. eldiviður, ljós og ræsting — 1894. 170 — — 1895. 120 —			
flyt — 1894. 570 kr. — 1895. 520 —	3,600	3,600	71,320

			1894.	1895.	alls.
			kr.	kr.	kr.
		fluttar	3,600	3,600	71,320
		1894. 1895.			
	fluttar	570 kr. 520 kr.			
3.	til bókakaupa og verkfæra	300 — 300 —			
4.	ferðastyrkur handa læknaefnum	300 — 300 —			
5.	húsaleiga handa 6 lærisveinum	480 — 480 —			
6.	þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði	100 — 100 —			
7.	til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, allt að	200 — 200 —			
8.	ýmisleg útgjöld	100 — 100 —	2,050	2,000	
			5,650	5,600	11,250
III.	til hins lærða skóla:				
a.	laun		19,800	19,800	
b.	aðstoðarfje:				
	handa söngkennaranum	600 kr.			
	handa fimleikakennaranum	700 —			
	handa dyraverði	1,000 —			
	til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans	300 —	2,600	2,600	
		1894. 1895.			
c.	önnur útgjöld:				
1.	til bókasafns skólans .	600 kr. 600 kr.			
2.	til eldiviðar og ljósa .	1,000 — 1,000 —			
3.	til skólahússins utan og innan	1,000 — 1,000 —			
4.	til tímakennslu . . .	1,600 — 1,600 —			
5.	ölmusur	5,500 — 5,500 —			
6.	þóknun handa lækni .	100 — 100 —			
7.	ýmisleg útgjöld . . .	1,000 — 1,000 —			
8.	fyrir prestsverk . . .	48 — 48 —			
9.	til vísindalegra áhalda við kennslu:				
	a. í náttúrusögu . . .	200 — 200 —			
	b. í eðlisfræði	400 — 400 —			
10.	til að gefa út vísindalega ritgjörð, er fylgi skólaskýrslunni	300 — 300 —	11,748	11,748	
			34,148	34,148	68,296
		flyt	. . . . .	. . . . .	150,866

		1894.	1895.	alls.
		kr.	kr.	kr.
	fluttar			150,866
IV. til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:				
a. laun		6,600	6,600	
b. önnur útgjöld: 1894. 1895.				
1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna . . . 400 kr. 400 kr.				
2. til eldiviðar og ljósa . 500 — 500 —				
3. til skólahússins utan og innan . . . . . 200 — 200 —				
4. ýmisleg útgjöld . . . 500 — 500 —				
5. til styrkveitingar námspiltum . . . . . 400 — 400 —				
6. til að kaupa hús Stefáns kennara Stefánssonar á Möðruvöllum fyrir bæ þann, sem hingað til hefir verið notaður við ábúð á jörðinni 4000 — » —		6,000	2,000	
		12,600	8,600	21,200
V. til stýrimannaskólans:				
a. laun		1,800	1,800	
b. önnur útgjöld:				
1. til húsnæðis, eldiviðar og ljósa . 500 kr.				
2. til tímakennslu . . . . . 600 —				
3. til áhaldakaupa o. fl. . . . . 200 —		1,300	1,300	
		3,100	3,100	6,200
VI. til annarar kennslu:				
a. til kvennaskóla:				
1. til kvennaskólans í Reykjavík . 1,800 kr. þar af ölmusur til sveitastúlkna 300 kr.				
2. til kvennaskólans á Ytri-Ey . . 1,200 —				
3. til kvennaskólans á Laugalandi . 1,200 —				
4. til kvennaskólanna á Ytri-Ey og Laugalandi . . . . . 2,000 — Öll upphæðin (2,000 kr.) skiptist milli skólanna eptir fjölda nemenda, sem eru allan kennslutímann, og lengd kennslutímans, —þaraf 500 kr. til námsmeyja.		6,200	6,200	
b. 1. til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum . . . . . Styrkur þessi veitist einkum eptir lengd kennslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annarar tillögu, er eigi sje minni en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.		4,000	4,000	
	flyt	10,200	10,200	178,266

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar	10,200	10,200	178,266
2. til sveitakennara, allt að 60 kr. til hvers . . Styrkur þessi veitist eptir tillögum sýslunefnda og stiptsyfirvaldanna.	4,800	4,800	
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	2,500	2,500	
d. til kennarafræðslu	1,600	1,600	
e. til skólaiðnaðarkennslu	500	500	
f. til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík . . .	1,000	1,000	
g. til síra Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kennslu heyrnar- og málleysingja	150	150	
h. styrkur til þess að semja og gefa út kennslubækur	600	600	
	21,350	21,350	42,700
VII. til sundkennslu:			
a. í Reykjavík . . . . . Lærisveinar latínuskólans njóta ókeypis kennslu.	200	200	
b. til að gjöra við sundlaugina í Laugarnesi . . Styrkur þessi útborgist þegar verkið er fullgjört, og með því skilyrði, að Reykjavíkurbær leggi til það, sem á vantar.	500		
c. til sundkennslu annarsstaðar . . . . . Styrkurinn undir c. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sjeu lagðar til sundkennslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.	800	800	
	1,500	1,000	2,500
C.			
Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmennta:			
1. til landsbókasafnsins og fyrir umsjón með alþingishúsinu milli þinga:			
a. laun bókavarðar	1,000	1,000	
b. til að aðstoða bókavörð við útlán og niðurröðun bóka og við samningu á skrá yfir handrit og bækur	700	700	
c. fyrir að hafa umsjón með alþingishúsinu og áhöldum í því milli þinga	100	100	
d. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá	2,500	2,500	
e. til eldiviðar og áhalda m. m.	450	450	
f. brunabótagjald fyrir safnið	300	300	
	5,050	5,050	
2. til amtsbókasafna Vesturamtsins, Norðuramtsins og Austuramtsins, 200 kr. á ári til hvers þeirra	600	600	
3. a. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Reykjavík	1,000	1,000	
b. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Kaupmannahöfn	500	500	
flyt	7,150	7,150	223,466

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar	7,150	7,150	223,466
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að Bókmenntafjelagið í Kaupmannahöfn gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbrjefasafni.			
4. til þjóðvinafjelagsins	500	500	
5. til forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda . . 1,000 kr.			
b. til umsjónar . . . . . 400 —			
c. til þess að semja skrá yfir forngripina og setja tölur á þá . . . . . 600 —	2,000	2,000	
6. styrkur til kennara Benidikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda, 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi, 200 kr. hvort árið	800	800	
Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.			
7. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni, 25 kr. fyrir örkina, allt að 600 kr. hvort árið	600	600	
8. styrkur til kennara Þorv. Thoroddsens til kostnaðar við jarðfræðisrannsóknir og við safn til jarðfræðislýsingar Íslands, eptir reikningi, allt að 1,000 kr. hvort árið	1,000	1,000	
9. til Fornleifafjelagsins	300	300	
Útborgist því að eins, að árbók Fornleifafjelagsins komi út hvort árið.			
10. til Náttúrufræðisfjelagsins	400	400	
11. styrkur handa 2 mönnum til að búa sig undir að verða dýralæknar á Íslandi	1,200	1,200	
12. styrkur til cand. mag. Boga Melsteðs til að safna til sögu Íslands	600	600	
13. Til síra Matthíasar Jochumssonar . . .	600	600	
14. Til stórstúku Good-Templara á Íslandi til eflingar bindindi	500	500	
flyt	15,650	15,650	223,466

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar	15,650	15,650	223,466
15. Til cand. theol. Hannesar Þorsteinssonar til þess að semja skrá yfir skjöl og skjalapakka stiptamtsins í landsskjalasafninu og endurskoða niðurröðun þeirra. Skal landsstjórnin sjá um, að verkið verði viðunanlega af hendi leyst.	1,000	»	
16. Til umbúða um skjalapakka stiptamtsins og sýslnanna í landsskjalasafninu og tilprentunar á skrá yfir þá m. m. allt að	200	»	
17. Til Skúla Skúlasonar á Akureyri til þess að læra myndasmíði	500	200	
18. Til Tryggva Gunnarssonar fyrir það, sem hann hefur unnið framyfir umsamið verk við Ölfusárbrúna .	5,000	»	
19. Ferðastyrkur til verzlunarmanns D. Thomsens, til þess að kynnast sölu á íslenzkum vörum, einkum á Bretlandi, Spáni og Portúgal, og gefa skýrslur um það mál	1,800	»	
20. Til síra Jónasar Jónassonar á Hrafnagili til að gefa út dansk-íslenzka orðabók . . . . . Þessi upphæð veitist því að eins, að vissa sje fyrir því, að bókin komi út.	800	»	
21. Til Geirs Zoëga kennara til að gefa út ensk-íslenzka orðabók . . . . . Þessi upphæð veitist því, að eins, að vissa sje fyrir því, að bókin komi út.	800	»	
	25,750	15,850	41,600
samtals	. . .	. . .	265,066

14. gr. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr. Til eptirlauna og styrktarfjár og fl. veitast 86,000 kr.; þar af til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjohnsen 300 kr., til ekkjufrúar Valgerðar Ólafsdóttur frá Hofi 200 kr., til sjera J. Thórarensens 50 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli 105 kr. 40 a., til Katrínar Þorvaldsdóttur, ekkju fyrverandi bókavarðar Jóns Árnasonar, 300 kr., til ekkjufrúar Torfhildar Holm 200 kr., til Ólínu Vigfússon, ekkju Sigurðar Vigfússonar, 160 kr. — til allra þeirra hvort árið.

16. gr. Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

17. gr. Það sem á vantar, að tekjurnar hrökkvi fyrir útgjöldunum og sem fyrst um sinn er ásetlað að verði 32,171 kr. 80 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

18. gr. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

19. gr. Ef

frumvarp til laga um sjerstök eptirlaun handa Páli sögukennara Melsteð,
frumvarp til laga um brúargjörð á þjórsá,
frumvarp til laga um afnám gjalds af fasteignasölu,
frumvarp til laga um viðauka og breyting á lögum 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski og lýsi o. fl.
frumvarp til laga um breyting á 1. gr. laga 27. febr. 1880, um skipun prestakalla,
frumvarp til laga um viðauka við lög 12. júlí 1878, um lausafjártíund,
frumvarp til laga um bæjarstjórn á Seyðisfirði, öðlast gildi á fjárhagstímabilinu, breytast upphæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt því.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 40,000 kr. lán til sýslufjelaga, er koma vilja á fót tóvinnuvjelum, þó ekki yfir 20,000 kr. til hvers, og ávaxtist lán þetta og endurborgist með 6% á 28 árum.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 40,000 kr. lán til þilskipakaupa einstökum mönnum, er þess kynnu að óska. Lán þetta ávaxtist og endurborgist með 6% á 28 árum, og veitist að eins gegn fulltryggu veði, og eigi meira en 4000 kr. til hvers einstaks manns.

Ed. **558. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar (þingskj. 485). Frá Hallgr. Sveinssyni og Sigurði Stefánssyni.

Tillagan orðist þannig:

Alþingi ályktar, að skora á landsstjórnina, að leita upplýsinga hjá byggingarfróðum manni um, hvort gjörlegt muni að byggja eitt steinhús handa forngripasafninu, náttúrugripasafninu, litmyndasafninu, skrifstofu landfógetans, póststofunni og landsbankanum, fá áætlun um kostnaðinn við það, ef það þykir gjörlegt, og leggja málið síðan fyrir alþingi 1895, en að öðrum kosti áætlun um steinhús handa söfnum þeim, sem að ofan eru nefnd.

Nd. **559. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895, (eins og það var samþykkt við 3. umr. í efri deild). Frá þórarni Böðvarssyni og H. Kr. Friðrikssyni.

13. C.: Fyrir aptan 21. tölulið komi nýr töluliður (22.):

Til landlæknis G. Schierbecks í viðurkenningar- og þakklætisskyni, fyrra árið 2500 kr.

Nd. **560. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895, eins og það var samþ. við 3. umr. í e. d. Frá Birni Bjarnarsyni.

1. Við 11. gr. 2.: „l. til læknis í Strandasýslu“ falli burt.
2. — — — 4.: „styrkur til O. Nickolins tannlæknis“ falli burt.
3. — 13. — 17.: þessi tölulið̈ur falli burt.
4. — — — 19.: í stað „1800“ (fyrra árið) komi: 1000.
5. — — — 20.: þessi liður falli burt.
6. — — — 21.: þessi liður falli burt.
7. — 15. — „til ekkjufrúar Torfhildar Holm 200 kr.“ falli burt.

Nd. **561. Nefndarálit**

um frumvarp til fjárlaga 1894—1895 (eptir 3. umr. í Ed.).

Fjárlaganefnd neðri deildar hefur tekið til íhugunar þetta frumvarp eins og það kom frá Ed.

Nefndin leggur til, að þessar greinir breytist svo, sem hjer segir:

10. gr. C. 4. a. 2. Fyrir 3500 komi: 4000.
— — — — — 3. — 2500 — 3000 (fyrra árið).
11. — 2. m. falli burt.
— — 3. Í stað 2000 komi: 1800
13. — B. 1. b. 2. Í stað 400 s. á. komi: 200
— — — III. C. 5. Í stað 5500 s. á. komi: 5000.
— — — IV. b. 6. falli burt.
— — — VI. g. falli burt.
— — — — h. Í stað 600 — 600 komi: 300 — 300.
— — C. 5. c. Aptan við töluliðinn bætist:
Styrkur þessi (c.) fyrir síðara árið útborgist, er starfi þessu er lokið.
— — C. 7. Á eptir orðunum: „hvort árið“, komi: „með því skilyrði, að samskonar registur sem við 1. bindið, komi út með hverju bindi, um leið og það er út komið.
— — C. (nýr tölul.) 22. Til Tómasar læknis Helgasonar til að gefa út bók um eyrnalækningar 150 kr. (fyrra árið).

Þessi upphæð veitist því að eins, að vissa sje fyrir því, að bókin komi út.

Alþingi 24. ágústm. 1893.

Þórarinn Böðvarsson formaður. Skúli Thoroddsen skrifari. Jón Jónsson 2. þm. Eyf. framsögumaður.
Jón Jakobsson Bogi Th. Melsteð. Jón Jónsson 2. þm. N.-M. Jón Jónsson þm. A.-S.

Ed. **562. Breytingartillaga**

við ferðaáætlun innanlands strandferðaskipsins árin 1894 og 1895 (þingskjal 533). Frá Guðjóni Guðlaugssyni og Þorleifi Jónssyni.

Við 10. ferð (o: ferðina frá Reykjavík 23. júlí vestur á leið umhverfis landið til Reykjavíkur aptur 17. ágúst). Í staðinn fyrir „Reykjarfirði 29. júlí . . . Seyðisfirði 7* ág.“ komi: Bitrufirði 29. júlí, Borðeyri 29. júlí, Blönduós 30. júlí, Sauðárkrók 31. júlí, Hofsós 31. júlí, Siglufirði 1. ág., Akureyri 3. ág., Grímsey 4. ág. Húsavík 4. ág:, Raufarhöfn 5. ág., Vopnafirði 5. ág.‘ Seyðisfirði 7. ág.

Nd. **563. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895. Frá Jóni Jónssyni þm. A.-Sk.

Við 10. gr. A. 1. Aptan við athugasemdina bætist: Þó því að eins að amt mannsembættið fyrir norðan og austan verði ekki veitt sem sjerstakt embætti.

Nd. **564. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895. Frá Jóni Jakobssyni og Jóni Jónssyni, 2. þm. N.-Múl.

Við 13. gr. C. 19. Þessi tölulíður falli burt.

Nd. **565. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga 1894 og 1895 (þingskj. 557). Frá Guðl. Guðmundssyni.

Við 10. gr. C. 4.

Á eptir stafl. f. bætist inn nýr liður:

»g«. Til þess að varna skemmdum á Steinsmýraengjum 750 kr. fyrra árið.

Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi ábúendur leggi til ¼ af kostnaðinum móti ¾ úr landssjóði og að verkið sje framkvæmt eptir áætlun og undir tilsögn búfræðings.

Nd. **566. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895. Frá Sigfúsi Árnasyni.

Við 13. gr. C. 19. Tölulíðurinn orðist þannig:

Ferðastyrkur til verzlunarfróðs manns til þess að kynnast sölu á íslenzkum vörum einkum á Bretlandi, Spáni og Portúgal og gefa skýrslur um það mál, 1800 kr. (fyrra árið). Landsstjórnin hefur umráð yfir fjárveiting þessari.

Nd. **567. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895. Frá Birni Sigfússyni og Þórði Guðmundssyni.

Við 13. gr. B. VI. d. Fyrir: 1,600—1,600 komi: 800—800.

B. VI. e. Fyrir: 500—500 komi: 200—200.

Ed. **568. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um stofnun háskóla. Frá Sigurði Stefánssyni, Sigurði Jenssyni og Guttormi Vigfússyni.

1. Við 4. gr. Í stað »3000 kr.« komi: 4000 kr.
2. — — — Í stað »2000 kr.« komi: 2800 kr.
3. Ný grein bætist við, sem verður 8. grein svo hljóðandi:

Allur kostnaður við skólann greiðist úr landssjóði.

Nd. **569. Tillaga**

til þingsályktunar um strandferðaáætlun. (Eins og hún var samþykkt við eina umr. í efri deild).

Alþingi ályktar að strandferðum þeim, sem rætt er um í frv. til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895 12. gr. C. a. 2., verði hagað samkvæmt áætlun á þingskjali 573.

Ed.

570. Frumvarp

til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895, (eins og það var samþykkt við eina umr. í n. d.).

1. kafli.

Tekjur.

1. gr. Á árunum 1894 og 1895 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1,147,500 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr. Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 878,600 kr.

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a) á ábúð og afnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b) á lausafje	25,000	25,000	50,000
2. húsaskattur	4,000	4,000	8,000
3. tekjuskattur	13,000	13,000	26,000
4. aukatekjur	22,000	22,000	44,000
5. erfðafjárskattur	2,000	2,000	4,000
6. gjöld af fasteignasölu	1,300	1,300	2,600
7. vitagjald	6,000	6,000	12,000
8. gjöld fyrir leyfisbrjef	2,000	2,000	4,000
Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála milli hjóna greiðist ekkert gjald.			
9. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frá dregnum 2% í innheimtulaun	30,000	30,000	60,000
10. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	120,000	120,000	240,000
11. aðflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	50,000	50,000	100,000
12. aðflutningsgjald af kaffi og sykri að frádregnum 2% í innheimtulaun	125,000	125,000	250,000
13. tekjur af póstferðum	20,000	20,000	40,000
14. óvissar tekjur	2,000	2,000	4,000
Samtals	439,300	439,300	878,600

3. gr. Tekjur af fasteignum landssjóðs og fl. eru taldar 50,700 kr.:

		1894.	1895.	alls.
		kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landssjóðs alls	34,000 kr.			
að frá dregnum umboðslaunum, prestsmötu og fl., alls	9,000 —	25,000	25,000	50,000
2. Tekjur af kirkjum		350	350	700
Samtals		25,350	25,350	50,700

4. gr. Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 66,000 kr.:

		1894.	1895.	alls.
		kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins		28,000	28,000	56,000
Upp í lán verður borgað:				
á árinu 1894	23,923 kr. 22 a.			
- — 1895	21,556 — 58 -			
	45,479 kr. 80 a.			
2. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans . . .		5,000	5,000	10,000
Samtals		33,000	33,000	66,000

5. gr. Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem er greitt frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndiláns til embættismanna	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	2,000	2,000	4,000
Samtals	4,600	4,600	9,200

6. gr. Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 143,000 kr.:

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag	60,000	60,000	120,000
Aukatillag	12,500	10,500	23,000
Samtals	72,500	70,500	143,000

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr. Á árunum 1894 og 1895 veitast til útgjalda 1,173,121 kr. 80 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr. Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1894: 12,400 kr., og árið 1895: 14,400 kr., samtals: 26.800 kr.

9. gr. Til kostnaðar við alþingi veitast 32,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 33,600 kr.

10. gr. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 295,411 kr. 80 a.

	1894.	1895.	alls.
A.	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:			
1. laun embættismanna ... Ef hinn núverandi amtmaður norðan og austan verður skipaður amtmaður sunnan og vestan, fær hann að halda uppbót þeirri fyrir hann sjálfan, er hann hefur nú, þó því að eins, að amtmannsembættið fyrir norðan og austan verði ekki veitt sem sjerstakt embætti.	18,100	18,116 66	36,216 66
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.	3,800	3,800	7,600
3. a. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun 2,500 kr.			
b. viðbót við hinn núverandi endurskoðanda 500 —	3,000	3,000	6,000
	24,900	24,916 66	49,816 66
B.			
Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. laun			
a. til dómara og sýslumanna	69,697 57	69,697 57	
b. til hreppstjóra	6,000	6,000	
2. ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík	1,400	1,400	
3. til hegningarhússins og fangelsanna:			
	1894. 1895.		
a. laun umsjónarmannsins	800 kr. 800 kr.		
viðbót við hinn núverandi umsjónarmann	200 — 200 —		
flyt	1000 kr. 1000 kr.		
flyt	77,097 57	77,097 57	49,816 66

			1894.	1895.	alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
		fluttar	77,097 57	77,097 57	49,816 66
fluttar	1000 kr.	1000 kr.			
Þóknun handa dómkirkju-prestinum	100 —	100 —			
Þóknun handa lækni ...	60 —	60 —			
b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag	1225 —	1225 —			
3. skammtar af miðdagsmat handa fangaverði á 21 e.	230 —	230 —			
þvottur	30 —	30 —			
til eldiviðar og ljósa	520 —	520 —			
útgjöld við bygginguna sjálfa og áhöld	400 —	400 —			
til þess að útvega verkefni	500 —	500 —			
ýmisleg útgjöld	150 —	150 —			
	4215 kr.	4215 kr.			
arður af verkum talinn ...	615 —	615 —			
	3600 kr.	3600 kr.			
c. kostnaður við viðhald fangelsanna	100 —	100 —			
			3,700	3,700	
4. önnur útgjöld:					
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn ...		1600 kr.			
b. laun sendiboðans við yfirrjettinn ...		50 —			
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum		40 —			
d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl.		60 —			
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál		3000 —			
f. kostnaður við gjafsóknarmál		300 —			
g. til að gefa út dómasafn, allt að 15 kr. fyrir hverja örk		150 —			
			5,200	5,200	
			85,997 57	85,997 57	171,995 14
C.					
Ymisleg útgjöld.					
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:					
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.		300 kr.			
b. til pappírs og prentunar deildarinnar B., 22 arkir, og deildarinnar C., 15 arkir		2000 —			
c. til kostnaðar við sending með póstum		300 —			
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri, allt að 40 kr. fyrir örkina		900 —	3,500	3,500	
		flyt	3,500 »	3,500 »	221,811 80

			1894.	1895.	alls.	
			kr.	kr.	kr.	a.
		fluttar	3,500	3,500	221,811	80
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef			1,200	1,200		
3. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar ...			1,600	1,600		
4. styrkur til eflingar búnaði:						
a. til búnaðarskóla:	kr.	kr.				
1. til skólans í Ólafsdal ..	2,500	2,500				
2. — —— á Hólum ...	5,000	4,000				
3. — —— - Eiðum ...	3,000	2,500				
4. — —— - Hvanneyri ...	2,500	2,500				
	13,500	11,500				
b. til búnaðarfjelaga ... ... Þar af til búnaðarfjelags suðuramtsins 2,000 kr. hvort árið, með því skilyrði, að fjelagið verji að minnsta kosti 1,000 kr. til vatnsveitinga.		12,000				
c. styrkur til Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit, 20 kr. fyrir örkina		240				
d. styrkur til síra Odds Gíslasonar til þess að halda áfram að leiðbeina mönnum í ýmsu, sem lýtur að sjósóknum og fiskiveiðum		300				
e. styrkur til útgáfu kennslubóka fyrir búnaðarskóla		300				
f. styrkur til verklegs laxaklaks í Dalasýslu		200				
g. til þess að varna skemmdum á Steinsmýrarengjum fyrra árið ... ... Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi ábúendur leggi til ¼ af kostnaðinum móti ¾ úr landssjóði, og að verkið sje framkvæmt eptir áætlun og undir tilsögn búfræðings.		750				
			26,790	24,540		
5. til vitans á Reykjanesi:						
a. til launa vitamannsins		1,200				
b. til eptirlits með vitanum		60				
c. til að kaupa olíu		1,200				
d. — — — lampakveiki o. fl.		150				
e. — — — steinkol		120				
f. til viðurhalds á húsum og áhöldum ...		200				
g. eptirgjald eptir lóðina		30				
			2,960	2,960		
6. til vörðuvita			750	500		
7. til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landssjóði			1,000	1,000		
8. til varnar gegn skemmdum á byggingarlóðinni á Sauðárkrók, 500 kr. fyrra árið			500	»		
			38,300	35,300	73,600	
		samtals ...	.....	.....	295,411	80

11. gr. Til útgjalda við læknaskipunina veitast 114,444 kr.

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. laun	39,598	39,598	79,196
2. styrkur til 12 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu;			
b. til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði;			
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá;			
g. til læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnessýslu, sunnanfjalls til Straumfjarðarár;			
h. til læknis milli Straumfjarðarár í Hnappadalssýslu og Langár á Mýrum.			
i. til læknis í Eyjahrepp og Múla- og Gufudals-hreppum í Barðastrandarsýslu;			
j. til læknis í Breiðdals-, Berunes- og Geithellnahreppum í Suður-Múlasýslu;			
k. til læknis í Grunnavíkur- og Sljettu-hreppum í Ísafjarðarsýslu;			
l. til læknis í Strandasýslu; til hvers þeirra 1,000 kr. hvort árið	12,000	12,000	24,000
3. styrkur til aukalæknis Bjarnar Ólafssonar til að setjast að sem augnalæknir í Reykjavík, með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnalækningum	1,800	1,800	3,600
4. önnur útgjöld:			
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík 1,200 kr.			
b. — — —— á Akureyri 400 —			
c. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa ... ... 24 —			
d. til náms yfirsetukvenna ... ... 2,000 —			
e. til verkfæra handa yfirsetukonum ... 200 —	3,824	3,824	7,648
samtals ...	57,222	57,222	114,444

12. gr. Til samgöngumála veitast 348,500 kr.

			1894.	1895.	alls.
			kr.	kr.	kr.
A.					
Til útgjalda við póststjórnina:					
1. laun:					
a. handa póstmeistaranum		2,400 —			
b. — póstafgreiðslumönnnum		4,700 —			
c. — brjefhirðingarmönnum		2,700 —	9,800	9,800	19,600
2. póstflutningur			34,000	34,000	68,000
3. önnur útgjöld:	1894. kr.	1895. kr.			
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans	1,500	1,500			
b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningi 1 °/₀₀, um	200	200			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama	200	200			
d. fyrir prentun á ýmsu	200	200			
e. til áhalda	600	600			
f. 1 brjefberi í Reykjavík	50	50			
g. óviss útgjöld	200	200	2,950	2,950	5,900
		samtals ...	46,750	46,750	93,500
B.	1894.	1895.			
Til vegabóta:	kr.	kr.			
a. til verkfræðings til að standa fyrir vegagjörðum	3,000	3,000			
b. til að bæta vegi á aðalpóstleiðum .	50,000	50,000			
c. til fjallvega...	15,000	15,000			
d. til brúargjörðar á Hjeraðsvötnin veitast	5,000	»			
Fje þetta veitist með því skilyrði, að sýslunefnd Skagafjarðar leggi til það fje, sem á vantar til að fullgjöra brúna, og setji, landssjóði að kostnaðarlausu, svifferju á aðalpóstleiðinni yfir Hjeraðsvötnin.					
			73,000	68,000	141,000
C.					
a. til strandferða:		kr.			
1. til hins sameinaða gufuskipafjelags ..		18,000			
2. til strandferða samkvæmt ferðaáætlun alþingis		25,000			
Styrkur þessi veitist kapt. Jónasi J. Randulf með því skilyrði, að hann setji tryggingu frá Noregsbanka, eða aðra nægilega tryggingu, fyrir því, að ferðunum verði haldið áfram um fjárhagstímabilið. Geti kapt. Jónas J. Randulff á einhvern hátt eigi fullnægt þeim skilyrðum, sem hjer eru sett, má veita öðrum styrkinn, ef þeir setja nægilega tryggingu fyrir því, að ferðunum verði haldið áfram fjárhagstímabilið.					
	Flyt	43,000			234,500

		1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.	kr.
Fluttar	43,000			234,500
b. til gufubátsferða á Faxaflóa	3,000			
c. til gufubátsferða meðfram suðurströnd landsins austur að Vík í Mýrdal og til Vestmannaeyja, allt að	3,000			
Styrkurinn undir stafliðunum b. og c. útborgist að eins eptir meðmælum hlutaðeigandi sýslunefnda og bæjarstjórnar.				
Styrkurinn sje enn fremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslufjelög og bæjarfjelag leggi til gufubátaferðanna ¼ móti ¾ úr landssjóði.				
Styrknum undir staflið c. má skipta í 2 hluta, ef með því fást hagfelldari gufubátsferðir um hið tilgreinda svæði, eða nokkurn hluta þess. Svo má og sameina styrkinn undir staflið c., eða hluta af honum, við styrkinn undir staflið b.				
Styrkurinn undir staflið a. 2. og stafliðunum b. og c. er ennfremur bundinn því skilyrði, að gufubátar þeir, sem njóta styrksins, flytji póstsendingar og vitji þeirra og skili þeim á pósthúsunum á viðkomustöðunum, allt án sjerstaks endurgjalds.		49,000	49,000	98,000
D.				
a. til bryggjugjörðar á Blönduós allt að ...	5,000 kr.			
b. til gufubátsferða um Lagarfljótsós allt að	5,000 —			
Báðar þessar upphæðir (undir staflið a. og b.) veitast með því skilyrði, að hlutaðeigandi hjeraðsbúar kosti sjálfir það, er á vantar, til þess að koma fyrirtækjum þessum fram, eigi minna en ¼ alls kostnaðar.				
c. til uppmælingar á innsiglingarleið inn á Hvammsfjörð, allt að	6000	16,000	»	16,000
Styrkur þessi er því skilyrði bundinn, að Dalasýsla leggi fram ¼ til móts við landssjóðsstyrkinn.				
samtals ...		.....	.....	348,500

13. gr. Til kirkju- og kennslumála veitast 260,166 kr.:

	1894. kr.	1895. kr.	alls. kr.
A.			
Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a. laun til biskupsins	7,000	7,000	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	8,500	9,000	
2. til bráðabyrgðar-uppbótar fátækum brauðum, þar af til hins núverandi prests í Grímsey 400 kr. hvort árið	3,000	3,000	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti ...	600	600	
4. bráðabyrgðar-uppbót á Kvíabekkjar-prestakalli í Eyjafjarðar-prófastsdæmi	200	200	
5. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	3,000	3,000	
6. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1,000	1,000	
	23,300	23,800	47,100
B.			
Kennslumálefni:			
I. til prestaskólans:			
a. laun			
b. önnur útgjöld:	9,800	9,800	
1894. 1895.			
1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum, 80 kr. handa hverjum 960 kr. 960 kr.			
2. ölmusustyrkur ... ... 200 — 200 —			
3. til tímakennslu ... ... 100 — 100 —			
4. til bókakaupa ... ... 300 — 300 —			
5. til eldiviðar og ljósa ... 100 — 100 —			
6. til umsjónar ... ... 100 — 100 —			
7. ýmisleg útgjöld ... ... 200 — 200 —			
8. Til þess að gefa út kennslubækur handa prestaskólanum 25 kr. fyrir örkina alltað 250 — 250 —	2,210	2,210	
	12,010	12,010	24,020
II. til læknaskólans:			
a. laun	3,600	3,600	
Þar af 400 kr. hvort árið launaviðbót til Tómasar Hallgrímssonar 1. kennara.			
1894. 1895.			
b. önnur útgjöld:			
1. 2 ölmusur, 200 kr. hvor 400 kr. 400 kr.			
2. eldiviður, ljós og ræsting 170 — 120 —			
flyt 570 kr. 520 —	3,600	3,600	71,120

			1894.	1895.	alls.
			kr.	kr.	kr.
		fluttar	3,600	3,600	71,120
		1894. 1895.			
	fluttar	570 kr. 520 kr.			
3.	til bókakaupa og verkfæra	300 — 300 —			
4.	ferðastyrkur handa læknaefnum	300 — 300 —			
5.	húsaleiga handa 6 lærisveinum	480 — 480 —			
6.	þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði	100 — 100 —			
7.	til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, allt að	200 — 200 —			
8.	ýmisleg útgjöld	100 — 100 —	2,050	2,000	
			5,650	5,600	11,250
III.	til hins lærða skóla:				
a.	laun		19,800	19,800	
b.	aðstoðarfje:				
	handa söngkennaranum	600 kr.			
	handa fimleikakennaranum	700 —			
	handa dyraverði	1,000 —			
	til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans	300 —	2,600	2,600	
		1894. 1895.			
c.	önnur útgjöld:				
1.	til bókasafns skólans .	600 kr. 600 kr.			
2.	til eldiviðar og ljósa .	1,000 — 1,000 —			
3.	til skólahússins utan og innan	1,000 — 1,000 —			
4.	til tímakennslu . . .	1,600 — 1,600 —			
5.	ölmusur	5,500 — 5,500 —			
6.	þóknun handa lækni .	100 — 100 —			
7.	ýmisleg útgjöld . . .	1,000 — 1,000 —			
8.	fyrir prestsverk . . .	48 — 48 —			
9.	til vísindalegra áhalda við kennslu:				
	a. í náttúrusögu . . .	200 — 200 —			
	b. í eðlisfræði	400 — 400 —			
10.	til að gefa út vísindalega ritgjörð, er fylgi skólaskýrslunni	300 — 300 —	11,748	11,248	
			34,148	33,648	67,796
		flyt	. . . . .	. . . . .	150,166

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar			150,166
IV. til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:			
a. laun	6,600	6,600	
b. önnur útgjöld: 1894. 1895.			
1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna . . . 400 kr. 400 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa . 500 — 500 —			
3. til skólahússins utan og innan . . . . . 200 — 200 —			
4. ýmisleg útgjöld . . . 500 — 500 —			
5. til styrkveitingar námspiltum . . . . . 400 — 400 —			
	2,000	2,000	
	8,600	8,600	17,200
V. til stýrimannaskólans:			
a. laun	1,800	1,800	
b. önnur útgjöld:			
1. til húsnæðis, eldiviðar og ljósa . 500 kr.			
2. til tímakennslu . . . . . 600 —			
3. til áhaldakaupa o. fl. . . . . 200 —	1,300	1,300	
	3,100	3,100	6,200
VI. til annarar kennslu:			
a. til kvennaskóla:			
1. til kvennaskólans í Reykjavík . 1,800 kr. þar af ölmusur til sveitastúlkna 300 kr.			
2. til kvennaskólans á Ytri-Ey . . 1,200 —			
3. til kvennaskólans á Laugalandi . 1,200 —			
4. til kvennaskólanna á Ytri-Ey og Laugalandi . . . . . 2,000 — Öll upphæðin (2,000 kr.) skiptist milli skólanna eptir fjölda nemenda, sem eru allan kennslutímann, og lengd kennslutímans, —þaraf 500 kr. til námsmeyja.	6,200	6,200	
b. 1. til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum . . . . . Styrkur þessi veitist einkum eptir lengd kennslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annarar tillögu, er eigi sje minni en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.	4,000	4,000	
flyt	10,200	10,200	173,566

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar	10,200	10,200	173,566
2. til sveitakennara, allt að 60 kr. til hvers . . Styrkur þessi veitist eptir tillögum sýslunefnda og stiptsyfirvaldanna.	4,800	4,800	
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	2,500	2,500	
d. til kennarafræðslu	1,600	1,600	
e. til skólaiðnaðarkennslu	500	500	
f. til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík . . .	1,000	1,000	
g. styrkur til þess að semja og gefa út kennslubækur	300	300	
	20,900	20,900	41,800
VII. til sundkennslu:			
a. í Reykjavík . . . . . Lærisveinar latínuskólans njóta ókeypis kennslu.	200	200	
b. til að gjöra við sundlaugina í Laugarnesi . . Styrkur þessi útborgist þegar verkið er fullgjört, og með því skilyrði, að Reykjavíkurbær leggi til það, sem á vantar.	500		
c. til sundkennslu annarsstaðar . . . . . Styrkurinn undir c. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sjeu lagðar til sundkennslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.	800	800	
	1,500	1,000	2,500
C.			
Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmennta:			
1. til landsbókasafnsins og fyrir umsjón með alþingishúsinu milli þinga:			
a. laun bókavarðar	1,000	1,000	
b. til að aðstoða bókavörð við útlán og niðurröðun bóka og við samningu á skrá yfir handrit og bækur	700	700	
c. fyrir að hafa umsjón með alþingishúsinu og áhöldum í því milli þinga	100	100	
d. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá	2,500	2,500	
e. til eldiviðar og áhalda m. m.	450	450	
f. brunabótagjald fyrir safnið	300	300	
	5,050	5,050	
2. til amtsbókasafna Vesturamtsins, Norðuramtsins og Austuramtsins, 200 kr. á ári til hvers þeirra	600	600	
3. a. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Reykjavík	1,000	1,000	
b. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Kaupmannahöfn	500	500	
flyt	7,150	7,150	217,866

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar	7,150	7,150	217,866
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að Bókmenntafjelagið í Kaupmannahöfn gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbrjefasafni.			
4. til þjóðvinafjelagsins	500	500	
5. til forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda . . 1,000 kr.			
b. til umsjónar . . . . . 400 —			
c. til þess að semja skrá yfir forngripina og setja tölur á þá . . . . . 600 —			
Styrkur þessi (c) fyrir síðara árið útborgist, er starfi þessu er lokið.	2,000	2,000	
6. styrkur til kennara Benidikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda, 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi, 200 kr. hvort árið	800	800	
Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.			
7. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni, 25 kr. fyrir örkina, allt að 600 kr. hvort árið, með því skilyrði, að samskonar registur, sem við 1. bindið, komi út með hverju bindi, um leið og það er út komið.	600	600	
8. styrkur til kennara Þorv. Thoroddsens til kostnaðar við jarðfræðisrannsóknir og við safn til jarðfræðislýsingar Íslands, eptir reikningi, allt að 1,000 kr. hvort árið	1,000	1,000	
9. til Fornleifafjelagsins	300	300	
Útborgist því að eins, að árbók Fornleifafjelagsins komi út hvort árið.			
10. til Náttúrufræðisfjelagsins	400	400	
11. styrkur handa 2 mönnum til að búa sig undir að verða dýralæknar á Íslandi	1,200	1,200	
12. styrkur til cand. mag. Boga Melsteðs til að safna til sögu Íslands	600	600	
13. Til sýra Matthíasar Jochumssonar	600	600	
14. Til stórstúku Good-Templara á Íslandi til eflingar bindindi	500	500	
flyt	15,650	15,650	217,866

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar	15,650	15,650	217,866
15. Til cand. theol. Hannesar Þorsteinssonar til þess að semja skrá yfir skjöl og skjalapakka stiptamtsins í landsskjalasafninu og endurskoða niðurröðun þeirra. Skal landsstjórnin sjá um, að verkið verði viðunanlega af hendi leyst.	1,000	»	
16. Til umbúða um skjalapakka stiptamtsins og sýslunanna í landsskjalasafninu og tilprentunar á skrá yfir þá m. m. allt að	200	»	
17. Til Skúla Skúlasonar á Akureyri til þess að læra myndasmíði	500	200	
18. Til Tryggva Gunnarssonar fyrir það, sem hann hefur unnið framyfir umsamið verk við Ölfusárbrúna .	5,000	»	
19. Til síra Jónasar Jónassonar á Hrafnagili til að gefa út dansk-íslenzka orðabók . . . . . Þessi upphæð veitist því að eins, að vissa sje fyrir því, að bókin komi út.	800	»	
20. Til Geirs Zoëga kennara til að gefa út ensk-íslenzka orðabók . . . . . Þessi upphæð veitist því, að eins, að vissa sje fyrir því, að bókin komi út.	800	»	
21. Til landlæknis G. Schierbecks í viðurkenningar og þakklætisskyni	2,500	»	
	26,450	15,850	42,300
samtals	. . .	. . .	260,166

14. gr. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr. Til eptirlauna og styrktarfjár og fl. veitast 86,000 kr.; þar af til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjohnsen 300 kr., til ekkjufrúar Valgerðar Ólafsdóttur frá Hofi 200 kr., til sjera J. Thórarensens 50 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli 105 kr. 40 a., til Katrínar Þorvaldsdóttur, ekkju fyrverandi bókavarðar Jóns Árnasonar, 300 kr., til ekkjufrúar Torfhildar Holm 200 kr., til Ólínu Vigfússon, ekkju Sigurðar Vigfússonar, 160 kr. — til allra þeirra hvort árið.

16. gr. Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

17. gr. Það sem á vantar, að tekjurnar hrökkvi fyrir útgjöldunum og sem fyrst um sinn er áætlað að verði 25,621 kr. 80 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

18. gr. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

19. gr. Ef
frumvarp til laga um sjerstök eptirlaun handa Páli sögukennara Melsteð,
frumvarp til laga um brúargjörð á þjórsá,
frumvarp til laga um afnám gjalds af fasteignasölu,
frumvarp til laga um viðauka og breyting á lögum 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski og lýsi o. fl.
frumvarp til laga um breyting á 1. gr. laga 27. febr. 1880, um skipun prestakalla,
frumvarp til viðaukalaga við lög 12. júlí 1878, um lausafjártíund,
frumvarp til laga um bæjarstjórn á Seyðisfirði, öðlast gildi á fjárhagstímabilinu, breytast upphæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt því.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 40,000 kr. lán til sýslufjelaga, er koma vilja á fót tóvinnuvjelum, þó ekki yfir 20,000 kr. til hvers, og ávaxtist lán þetta og endurborgist með 6% á 28 árum.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 40,000 kr. lán til þilskipakaupa einstökum mönnum, er þess kynnu að óska. Lán þetta ávaxtist og endurborgist með 6% á 28 árum, og veitist að eins gegn fulltryggu veði, og eigi meira en 4000 kr. til hvers einstaks manns.

Ed. **571. Nefndarálit**

við frumvarp til fjárlaga 1894—1895. (Eptir eina umr. í nedri deild).

Fjárlaganefnd efri deildar hefur tekið til íhugunar frumvarp þetta eins og það kom frá neðri deild, og getur alls ekki fallizt á sumar breytingar hennar á frumvarpinu; ræður hún því h. efri deild til að samþykkja eprirfylgjandi breytingartillögur:

1. Við 10. gr. A. 1. Aptan af athugasemdinni falli: „þó því að eins . . . . . sem sjerstakt embætti".
2. — 10. — C. 4. a. 2. Fyrir: „4000" komi: „3500".
3. — — — — 4. a. 3. — „3000" — „2500".
4. — 11. — 3. Fyrir: „1800—1800" komi: „2000—2000".
5. — 11. — Á eptir tölul. 3. komi nýr töluliður:
   4. Styrkur til O. Nickolins tannlæknis 500—500.
6. — 13. — B. I. b. 2. Fyrir: „200—200" komi: „200—400".
7. — 13. — — III. c. 5. Fyrir: "5000" komi: „5500".
8. — 13. — — IV. b. Á eptir tölul. 5. komi töluliður:
   6. Til að kaupa hús Stefáns kennara Stefánssonar á Möðruvöllum fyrir bæ þann, sem hingað til hefur verið notaður við ábúð á jörðinni, 4000 fyrra árið.
9. — 13. — — VI. Á eptir staflið „g." komi nýr stafliður:
   h. Til sira Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kennslu heyrnar- og málleysinga 150—150.
10. — 13. — C. Tölul. 21. falli burtu.

Alþingi 24. ágúst 1893.

Jón A. Hjaltalín, formaður. — Sigurður Stefánsson, skrifari og framsögumaður.

Guðjón Guðlaugsson. — Hallgrímur Sveinsson. — Þorleifur Jónsson.

Ed. **572. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895 (eins og það var samþykkt við eina umræðu í n. d.). Frá Einari Ásmundssyni.

Við 11. gr. 2. Á eptir staflið l. komi nýr stafliður:

m. til læknis í Grýtubakka- Háls- og Ljósavatnshreppum í Suður-Þingeyjarsýslu, 1000 kr. hvort árið.

Nd. **573. Ferða-**

innan lands strandferðaskipsins
(Fylgiskjal með

Frá Reykjavík	19.*marz	...	31. marz	...	20. apríl
— Keflavík	...	...	31. —	14. apríl	...
— Þorlákshöfn	...	...	...	...	...
— Eyrarbakka eða Stokkseyri	...	...	...	...	...
— Vestmannaeyjum	...	...	1. apríl	14. —	21. —
— Vík	...	...	...	...	...
— Hornafirði	...	...	2. apríl	13. apríl	22. —
— Papós	...	...	...	. .	22. —
— Berufirði	...	...	3. apríl	...	23. —
— Stöðvarfirði	..	...	...	...	...
— Fáskrúðsfirði	...	...	4. apríl	12. apríl	24. —
— Reyðarfirði	...	...	...	...	25. —
— Eskifirði	...	...	4. —	12. —	25. —
— Norðfirði	...	...	. .	....	26. —
— Mjóafirði	...	...	...	...	26. —
— Seyðisfirði	...	...	5. apríl	11. apríl	29.* —
— Borgarfirði	. .	...	...	...	29. —
— Vopnafirði	...	...	...	10. apríl	29. —
— Bakkafirði	...	. .	...	...	...
— Þórshöfn	...	...	...	...	30. —
— Raufarhöfn	...	...	...	...	30. —
— Kópaskeri	..	...	...	...	...
— Húsavík	...	...	6. apríl	9. apríl	1. maí
— Grímsey	...	...	...	...	1. —
— Akureyri	...	...	7. apríl	8. apríl	2. —
— Siglufirði	...	...	...	...	2. —
— Hofsós	...	..	...	...	3. —
— Sauðárkrók	...	...	...	...	3. —
— Skagaströnd	...	...	...	...	...
— Blönduós	...	...	...	...	4. —
— Borðeyri	...	...	...	...	...
— Bitrufirði	...	...	...	...	...
— Reykjarfirði	...	...	...	...	4. —
— Ísafirði	...	23. marz	...	...	5.* —
— Ögri	...	...	...	...	5. —
— Arngerðareyri	...	...	...	...	5. —
— Ísafirði	21. marz	...	...	...	7. —
— Önundarfirði	...	...	...	...	7. maí
— Dýrafirði	...	...	...	...	...
— Arnarfirði	20. marz	24. marz	...	...	...
— Patreksfirði	...	...	...	...	7. —
— Flatey	...	...	...	...	8. —
— Stykkishólmi	20. marz	25. marz	...	...	...
— Ólafsvík	...	...	...	...	8. —
— Búðum	...	...	..	...	8. —
í Reykjavík[1]	...	26. —	...	15.*apríl	10.*maí

Banni stormur, þoka, brim eða aðrar torfærur af náttúrunnar völdum viðkomu á einhvern þessara staða, hefur útgerðarmaður rjett til, þegar burtfarartíminn er kominn, að halda áfram ferðinni. Liggi hafís við land og aptri ferð skipsins, verður snúið við umhverfis land alla leið að ísnum og ferðinni haldið áfram þaðan og áætluninni fylgt svo sem unnt verður.

1) Þegar skipið er búið að afferma í Reykjavík, fer það til Akraness og Hafnarfjarðar ef tími er til og það hefur meðferðis flutning til þessara staða.

áætlun

árin 1894 og 1895.

þingskjali nr. 569).

17. maí	10.*júní	...	29.*júní	28.*júlí	27.*ág.	...	6. okt.	10. nóv.	...
...	10. —	...	29. —	14. ág.	...	27. sept.	...	4. des.	...
...	...	...	...	13. —	...	...	...	...	...
...	...	...	...	13. —	...	...	...	...	...
4. júní	11. júní	...	...	12. —	28. ág.	...	...	3. des.	...
...	11. —	...	29. júní	12. —	...	...	...	...	...
...	...	...	1. júlí	11. —	...	...	...	...	...
...	...	...	..	10. —	29. ág.	...	9. okt.	...	...
3. júní	...	..	...	9. —	30. —	..	...	2. des.	...
...	...	...	...	9. —	...	...	10. okt	...	...
..	12. júní	...	...	8. —	31. ág.	...	10. —	1. des.	...
3. júní	12. —	...	...	8. —	31. —	25. sept.	...	30. nóv.	...
...	12. —	22.júní	...	8. —	31. —	25. —	11. —	30. —	...
...	13. —	...	...	7. —	1. sept.	24. —	...	29. —	...
2. júní	13. —	...	...	7. —	1. —	24. —	11. okt.	28. —	...
2. —	14. —	21.†—	2. júlí	7. —	2. —	23. —	12.* —	27. —	...
1. —	...	...	...	...	...	...	12. —	...	...
1. —	14. júní	...	...	5. ág.	3. sept.	22. sept.	13. —	25. nóv.	...
31. maí	14. —	...	...	...	...	...	...	...	...
31. —	15. —	...	3. júlí	...	...	..	14. —	...	...
...	15. —	...	...	5. ág.	4. sept.	...	...	24. nóv.	...
30. maí	...	..	3. júlí	....	...	...	14. —	...	...
30. —	16. júní	...	4. júlí	4. ág.	5. sept.	21. sept.	15. —	23. nóv.	...
...	16. —	...	...	4. —	...	...	...	...	...
29.*maí	20.* —	...	5. júlí	3. —	7.*sept.	20. sept.	17. okt.	22. nóv.	...
26. —	...	...	...	1. —	7. —	...	18. —	19. —	...
25. —	...	...	..	31. júli	...	...	19. —	...	...
25. —	...	...	6. júlí	31. —	8. sept.	19. sept.	20. —	18. nóv.	...
24. —	...	...	7.* —	....	9. —	...	21. —	...	...
24. —	...	...	7. —	30. júlí	...	18.†sept.	21. —	17. nóv.	...
23. —	...	...	9. —	29. —	11. sept.	...	...	...	...
...	...	...	9. —	29. —	11. —	...	...	...	...
22. maí	...	...	10. —	...	12. —	..	22. okt.	16. nóv.	...
21. —	...	...	11. —	28. júlí	14. —	..	24. —	15. —	...
...	...	...	12. —	...	15. —	..	25. —	13. —	...
...	...	...	12. —	...	15. —	...	25. —	13. —	...
...	...	...	13. —	...	16. —	...	26. —	13. —	...
19. maí	...	...	14. —	27. júlí	...	...	26. —	...	...
19. —	...	...	14. —	26. —	..	...	27. —	12. —	...
...	...	...	15. —	26. —	...	...	27. —	11. —	...
19. maí	..	...	15. —	25. —	..	...	28. —	...	...
18. —	...	...	15. —	25. —	...	...	28. —	11. nóv.	...
18. —	..	...	16. —	24. —	...	...	29. —	11.† —	...
17. —	...	...	..	24. —	...	...	29. —	...	...
17.† —	....	...	...	24.† —	...	...	29. —	...	...
5. júní	...	24.*júní	17.*júlí	17.*ág.	...	28.*sept.	1. nóv.	...	5. des.

Strandferðaskipið sje 1. flokks skrúfugufuskip, 200 registertons að stærð að minnsta kosti, hafi ekki minna en 7 mílna hraða, og 2 káetur fyrir 25 menn hvora, og auk þess skýli yfir 100 þilfarsfarþegja.

Enginn farþegi er skyldur að kaupa viðurværi á skipinu, en fæði verður þar jafnan til sölu þeim, er þess óska.

Stjarnan (*) merkir, að skipið mætir póstskipinu.

Kross (†) merkir, að lesa skuli dálkinn upp eptir.

Ed. **574. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895 (eins og það var samþykkt við eina umr. í n. d.). Frá L. E. Sveinbjörnsson, Hallgr. Sveinssyni og Sigurði Stefánssyni.

Aptan við 13. gr. C. 21. bætist nýr tölul., sem verður 22. svo hljóðandi:

Ferðastyrkur til verzlunarmanns D. Thomsens, til þess að kynnast sölu á íslenzkum vörum, einkum á Bretlandi, Spáni og Portugal, og gefa skýrslur um það mál, (fyrra árið) 1800 kr.

Sþ. **575. Nefndarálit**

um það, hvernig verja skuli „þinghúsbyggingarsjóðnum".

Alþingi hefur falið oss að íhuga og segja álit vort um það, á hvern hátt mundi tiltækilegast að verja hinum svo nefnda „þinghúsbyggingarsjóði". — Vjer höfum nú rætt með oss þetta mál og leyfum oss að láta uppi álilt vort á þessa leið.

Árið 1867 bar sjera Sveinn Skúlason upp tillögu um að halda þjóhátíð í minningu 1000 ára byggingar Íslands árið 1874. Var þá nefnd manna kosin til að íhuga það mál, og lagði hún það til, að stofnað væri til samskota í því skyni að reisa alþingishús úr íslenzkum steini í Rvík. Þessa tillögu nefndarinnar samþykkti þingið (Alþt. 1867, bls. 392).

Þegar alþingishúsið var reist fyrir fje úr landssjóði 1881, var sjóður þessi orðinn rúml. 1700 kr., og var þá aptur kosin nefnd manna til að gjöra tillögur um, hversu verja skyldi þessu fje. Tillögur nefndarinnar fóru í þá átt, að verja fjenu til að prýða og fullgjöra hið nýja alþingishús. Síðan hefur þetta mál legið í þagnargildi að öðru leyti en því, að stungið var upp á því 1889, að fjenu væri varið til rafmagnslýsingar í alþingishúsinu, en þá uppástungu aðhylltist þingið ekki.

Nefndin verður að vera á þeirri skoðun, að rjettast sje og samkvæmast tilgangi stofnenda sjóðsins, úr því sem komið er, að verja honum til að prýða alþingishúið sjálft eða það svæði, sem húsinu fylgir. Og með því að húsið sjálft er svo að segja nýtt og allprýðilegt, en ekkert hefur aptur á móti verið gert til þess að prýða neitt kringum það, virðist oss að það ætti að ganga fyrir.

Það er einkum tvennt, sem nefndinni virðist nauðsyn að gjöra: Að setja járngrindur meðfram framhlið hússins, og að girða það svæði, sem húsinu fylgir og liggur fyrir sunnan það, suður undir tjörnina, svo að þar verði gjörður skrautgarður.

Nefndin hefur útvegað sjer áætlun um það. hvað girðingin mundi kosta og mun hún ekki fást svo traust og vönduð sem æskilegt er fyrir minna en 1000 kr. En um það getur nefndin enga glögga hugmynd gjört sjer, hversu mikið mundi kosta að undirbúa jarðveginn, sljetta hann og gróðursetja þar trje og skrautjurtir o. s. frv., en mikið ætlar hún að megi gjöra að því fyrir 5—6 hundruð krónur.

Þinghúsbyggingarsjóðurinn er nú rúml. 2500 kr. og verður þannig samkvæmt ofangreindri áætlun nokkurt fje afgangs; en með því að áætlunin er nokkuð óviss, og með því hins vegar er óvíst, hversu mikið járngrindur fyrir framan húsið mundu kosta, svo prýðilegar og traustar, sem þær ættu að vera, vill nefndin ráða til þess að láta þær mæta afgangi að þessu sinni.

Snmkvæmt ofangreindu leyfir nefndin sjer að gjöra svolátandi

tillögu til þingsályktunar:

Alþingi felur forsetum sínum að gjöra, á þann hátt, sem þeim þykir hagfelldast, ráðstafanir til þess, að gjörður verði skrautgarður á lóð þinghússins fyrir sunnan húsið, og að varið sje til þess svo miklu sem þarf af þinghúsbyggingarsjóðnum.

Alþingi, 25. d. ágústmán. 1893.

H. Kr. Friðriksson,	Hallgr. Sveinsson,	Jón Þórarinsson,
formaður.	framsögumaður.	skrifari.

Sþ. **576. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895, (eins og það var samþykkt við eina umr. í efri deild). Frá Þorláki Guðmundssyni og Boga Th. Melsteð.

11. gr. 2. Á eptir staflið j. komi stafliður

k. til læknis í Grímsnesi, Biskupstungna-, Hrunamanna-, Gnúpverja-, Skeiða- og Þingvalla-hreppum í Árnessýslu.

Stafliðirnir á eptir og fjárupphæðin til aukalæknanna breytist eptir þessu.

Sþ. **577. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895 (eins og það var samþykkt við eina umr. í e. d.). Frá Þorleifi Jónssyni og Birni Sigfússyni.

Við 11. gr. 2. Á eptir staflið m. komi nýr stafliður svo hljóðandi:

til læknis í 5 austustu hreppum Húnavatnssýslu 1000 kr. hvort árið.

Sþ. **578. Frumvarp**
til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895, (eins og það var samþykkt við eina umr. í e. d.).

1. kafli.
Tekjur.

1. gr. Á árunum 1894 og 1895 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1,147,500 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr. Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 878,600 kr.

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a) á ábúð og afnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b) á lausafje	25,000	25,000	50,000
2. húsaskattur	4,000	4,000	8,000
3. tekjuskattur	13,000	13,000	26,000
4. aukatekjur	22,000	22,000	44,000
5. erfðafjárskattur	2,000	2,000	4,000
6. gjöld af fasteignasölu	1,300	1,300	2,600
7. vitagjald	6,000	6,000	12,000
8. gjöld fyrir leyfisbrjef	2,000	2,000	4,000
Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála milli hjóna greiðist ekkert gjald.			
9. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frá dregnum 2% í innheimtulaun	30,000	30,000	60,000
10. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	120,000	120,000	240,000
11. aðflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	50,000	50,000	100,000
12. aðflutningsgjald af kaffi og sykri að frádregnum 2% í innheimtulaun	125,000	125,000	250,000
13. tekjur af póstferðum	20,000	20,000	40,000
14. óvissar tekjur	2,000	2,000	4,000
Samtals	439,300	439,300	878,600

3. gr. Tekjur af fasteignum landssjóðs og fl. eru taldar 50,700 kr.:

		1894.	1895.	alls.
		kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landssjóðs alls	34,000 kr.			
að frá dregnum umboðslaunum, prestsmötu og fl., alls	9,000 —	25,000	25,000	50,000
2. Tekjur af kirkjum		350	350	700
Samtals		25,350	25,350	50,700

4. gr. Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 66,000 kr.:

		1894.	1895.	alls.
		kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins		28,000	28,000	56,000
Upp í lán verður borgað:				
á árinu 1894	23,923 kr. 22 a.			
- — 1895	21,556 — 58 -			
	45,479 kr. 80 a.			
2. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans . . .		5,000	5,000	10,000
Samtals		33,000	33,000	66,000

5. gr. Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem er greitt frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndilána til embættismanna . . .	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum . . .	2,000	2,000	4,000
Samtals	4,600	4,600	9,200

6. gr. Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 143,000 kr.:

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag	60,000	60,000	120,000
Aukatillag	12,500	10,500	23,000
Samtals	72,500	70,500	143,000

2. kafli.
Útgjöld.

7. gr. Á árunum 1894 og 1895 veitast til útgjalda 1,179,821 kr. 80 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr. Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1894: 12,400 kr., og árið 1895: 14,400 kr., samtals: 26.800 kr.

9. gr. Til kostnaðar við alþingi veitast 32,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 33,600 kr.

10. gr. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 294,411 kr. 80 a.

	1894.	1895.	alls.
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
A.			
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:			
1. laun embættismanna ... ... Ef hinn núverandi amtmaður norðan og austan verður skipaður amtmaður sunnan og vestan, fær hann að halda uppbót þeirri fyrir hann sjálfan, er hann hefur nú,	18,100	18,116 66	36,216 66
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl....	3,800	3,800	7,600
3. a. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun ... ... 2,500 kr.			
b. viðbót við hinn núverandi endurskoðanda ... ... 500 —	3,000	3,000	6,000
B.	24,900	24,916 66	49,816 66
Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1. laun			
a. til dómara og sýslumanna	69,697 57	69,697 57	
b. til hreppstjóra	6,000	6,000	
2. ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík	1,400	1,400	
3. til hegningarhússins og fangelsanna:			
1894. 1895.			
a. laun umsjónarmannsins ... 800 kr. 800 kr.			
viðbót við hinn núverandi umsjónarmann ... ... 200 — 200 —			
flyt 1000 kr. 1000 kr.			
flyt	77,097 57	77,097 57	49,816 66

			1894.	1895.	alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
		fluttar	77,097 57	77,097 57	49,816 66
fluttar	1000 kr.	1000 kr.			
Þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 —	100 —			
Þóknun handa lækni ...	60 —	60 —			
b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag	1225 —	1225 —			
3. skammtar af miðdagsmat handa fangaverði á 21 e.	230 —	230 —			
þvottur	30 —	30 —			
til eldiviðar og ljósa... ...	520 —	520 —			
útgjöld við bygginguna sjálfa og áhöld	400 —	400 —			
til þess að útvega verkefni	500 —	500 —			
ýmisleg útgjöld	150 —	150 —			
	4215 kr.	4215 kr.			
arður af verkum talinn ...	615 —	615 —			
	3600 kr.	3600 kr.			
c. kostnaður við viðhald fangelsanna	100 —	100 —	3,700	3,700	
4. önnur útgjöld:					
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn ...		1600 kr.			
b. laun sendiboðans við yfirrjettinn ...		50 —			
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum		40 —			
d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl.		60 —			
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál		3000 —			
f. kostnaður við gjafsóknarmál		300 —			
g. til að gefa út dómasafn, allt að 15 kr. fyrir hverja örk		150 —	5,200	5,200	
			85,997 57	85,997 57	171,995 14
C. Ymisleg útgjöld.					
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:					
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.		300 kr.			
b. til pappírs og prentunar deildarinnar B., 22 arkir, og deildarinnar C., 15 arkir		2000 —			
c. til kostnaðar við sending með póstum		300 —			
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri, allt að 40 kr. fyrir örkina		900 —	3,500	3,500	
		flyt	3,500 »	3,500 »	221,811 80

			1894.	1895.	alls.
			kr.	kr.	kr. a.
		fluttar	3,500	3,500	221,811 80
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef			1,200	1,200	
3. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar ...			1,600	1,600	
4. styrkur til eflingar búnaði:					
a. til búnaðarskóla:	kr.	kr.			
1. til skólans í Ólafsdal ...	2,500	2,500			
2. — —— á Hólum ...	5,000	3,500			
3. — —— - Eiðum ...	2,500	2,500			
4. — —— - Hvanneyri ...	2,500	2,500			
	12,500	11,000			
b. til búnaðarfjelaga ... ... Þar af til búnaðarfjelags suðuramtsins 2,000 kr. hvort árið, með því skilyrði, að fjelagið verji að minnsta kosti 1,000 kr. til vatnsveitinga.		12,000			
c. styrkur til Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit, 20 kr. fyrir örkina		240			
d. styrkur til síra Odds Gíslasonar til þess að halda áfram að leiðbeina mönnum í ýmsu, sem lýtur að sjósóknum og fiskiveiðum		300			
e. styrkur til útgáfu kennslubóka fyrir búnaðarskóla		300			
f. styrkur til verklegs laxaklaks í Dalasýslu		200			
g. til þess að varna skemmdum á Steinsmýraengjum, fyrra árið ... ... Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi ábúendur leggi til ¼ af kostnaðinum móti ¾ úr landssjóði, og að verkið sje framkvæmt eptir áætlun og undir tilsögn búfræðings.		750			
			26,290	24,040	
5. til vitans á Reykjanesi:					
a. til launa vitamannsins		1,200			
b. til eptirlits með vitanum		60			
c. til að kaupa olíu		1,200			
d. — — — lampakveiki o. fl.		150			
e. — — — steinkol		120			
f. til viðurhalds á húsum og áhöldum ...		200			
g. eptirgjald eptir lóðina		30			
			2,960	2,960	
6. til vörðuvita			750	500	
7. til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landssjóði			1,000	1,000	
8. til varnar gegn skemmdum á byggingarlóðinni á Sauðárkrók, 500 kr. fyrra árið			500	»	
			37,800	34,800	72,600
		samtals ...	. . . . .	. . . . .	294,411 80

11. gr. Til útgjalda við læknaskipunina veitast 117,844 kr.

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. laun	39,598	39,598	79,196
2. styrkur til 13 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu;			
b. til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði;			
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá;			
g. til læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnessýslu, sunnanfjalls til Straumfjarðarár;			
h. til læknis milli Straumfjarðarár í Hnappadalssýslu og Langár á Mýrum.			
i. til læknis í Eyjahrepp og Múla- og Gufudals-hreppum í Barðastrandarsýslu;			
j. til læknis í Breiðdals-, Berunes- og Geithellnahreppum í Suður-Múlasýslu;			
k. til læknis í Grunnavíkur- og Sljettu-hreppum í Ísafjarðarsýslu;			
l. til læknis í Strandasýslu;			
m. til læknis í Grýtubakka-, Háls- og Ljósavatnshreppum; til hvers þeirra 1,000 kr. hvort árið	13,000	13,000	26,000
3. styrkur til aukalæknis Bjarnar Ólafssonar til að setjast að sem augnalæknir í Reykjavík, með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnalækningum	2,000	2,000	4,000
4. styrkur til O. Nickolins tannlæknis	500	500	1,000
5. önnur útgjöld:			
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík 1,200 kr.			
b. — — —— á Akureyri 400 —			
c. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa ... ... 24 —			
d. til náms yfirsetukvenna ... ... 2,000 —			
e. til verkfæra handa yfirsetukonum ... 200 —	3,824	3,824	7,648
samtals ...	58,922	58,922	117,844

12. gr. Til samgöngumála veitast 348,500 kr.

	1894.	1895.	alls.
A.	kr.	kr.	kr.
Til útgjalda við póststjórnina:			
1. laun:			
a. handa póstmeistaranum ... . 2,400 —			
b. — póstafgreiðslumönnnum ... ... 4,700 —			
c. — brjefhirðingarmönnum ... .. 2,700 —	9,800	9,800	19,600
2. póstflutningur	34,000	34,000	68,000
3. önnur útgjöld: 1894. kr. 1895. kr.			
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans 1,500 1,500			
b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningi 1 °/₀₀, um 200 200			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama 200 200			
d. fyrir prentun á ýmsu 200 200			
e. til áhalda 600 600			
f. 1 brjefberi í Reykjavík 50 50			
g. óviss útgjöld 200 200	2,950	2,950	5,900
samtals ..	46,750	46,750	93,500
B. 1894. kr. 1895. kr.			
Til vegabóta:			
a. til verkfræðings til að standa fyrir vegagjörðum 3,000 3,000			
b. til að bæta vegi á aðalpóstleiðum . 50,000 50,000			
c. til fjallvega... ... ... 15,000 15,000			
d. til brúargjörðar á Hjeraðsvötnin veitast ... ... 5,000 »			
Fje þetta veitist með því skilyrði, að sýslunefnd Skagafjarðar leggi til það fje, sem á vantar til að fullgjöra brúna, og setji, landssjóði að kostnaðarlausu, svifferju á aðalpóstleiðinni yfir Hjeraðsvötnin.	73,000	68,000	141,000
C.			
a. til strandferða: kr.			
1. til hins sameinaða gufuskipafjelags .. 18,000			
2. til strandferða samkvæmt ferðaáætlun alþingis 25,000			
Styrkur þessi veitist kapt. Jónasi J. Randulf með því skilyrði, að hann setji tryggingu frá Noregsbanka, eða aðra nægilega tryggingu, fyrir því, að ferðunum verði haldið áfram um fjárhagstímabilið.			
Geti kapt. Jónas J. Randulff á einhvern hátt eigi fullnægt þeim skilyrðum, sem hjer eru sett, má veita öðrum styrkinn, ef þeir setja nægilega tryggingu fyrir því, að ferðunum verði haldið áfram fjárhagstímabilið.			
Flyt 43,000			234,500

		1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.	kr.
Fluttar	43,000			234,500
b. til gufubátsferða á Faxaflóa	3,000			
c. til gufubátsferða meðfram suðurströnd landsins austur að Vík í Mýrdal og til Vestmannaeyja, allt að	3,000			
Styrkurinn undir stafliðunum b. og c. útborgist að eins eptir meðmælum hlutaðeigandi sýslunefnda og bæjarstjórnar.				
Styrkurinn sje enn fremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslufjelög og bæjarfjelag leggi til gufubátaferðanna ½ móti ½ úr landssjóði.				
Styrknum undir staflið c. má skipta í 2 hluta, ef með því fást hagfelldari gufubátsferðir um hið tilgreinda svæði, eða nokkurn hluta þess. Svo má og sameina styrkinn undir staflið c., eða hluta af honum, við styrkinn undir staflið b.				
Styrkurinn undir staflið a. 2. og stafliðunum b. og c. er ennfremur bundinn því skilyrði, að gufubátar þeir, sem njóta styrksins, flytji póstsendingar og vitji þeirra og skili þeim á pósthúsunum á viðkomustöðunum, allt án sjerstaks endurgjalds.		49,000	49,000	98,000
D.				
a. til bryggjugjörðar á Blönduós allt að ...	5,000 kr.			
b. til gufubátsferða um Lagarfljótsós allt að	5,000 —			
Báðar þessar upphæðir (undir staflið a. og b.) veitast með því skilyrði, að hlutaðeigandi hjeraðsbúar kosti sjálfir það, er á vantar, til þess að koma fyrirtækjum þessum fram, eigi minna en ½ alls kostnaðar.				
c. til uppmælingar á innsiglingarleið inn á Hvammsfjörð, allt að	6000	16,000	»	16,000
Styrkur þessi er því skilyrði bundinn, að Dalasýsla leggi fram ½ til móts við landssjóðsstyrkinn.				
samtals ...		.....	.....	348,500

13. gr. Til kirkju- og kennslumála veitast 264,466 kr.:

	1894. kr.	1895. kr.	alls. kr.
A.			
Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a. laun til biskupsins	7,000	7,000	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	8,500	9,000	
2. til bráðabyrgðar-uppbótar fátækum brauðum, þar af til hins núverandi prests í Grímsey 400 kr. hvort árið	3,000	3,000	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti ...	600	600	
4. bráðabyrgðar-uppbót á Kvíabekkjar-prestakalli í Eyjafjarðar-prófastsdæmi	200	200	
5. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	3,000	3,000	
6. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1,000	1,000	
	23,300	23,800	47,100
B.			
Kennslumálefni:			
I. til prestaskólans:			
a. laun			
b. önnur útgjöld:	9,800	9,800	
1894. 1895.			
1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum, 80 kr. handa hverjum 960 kr. 960 kr.			
2. ölmusustyrkur ... ... 200 — 400 —			
3. til tímakennslu ... ... 100 — 100 —			
4. til bókakaupa ... ... 300 — 300 —			
5. til eldiviðar og ljósa ... 100 — 100 —			
6. til umsjónar ... ... 100 — 100 —			
7. ýmisleg útgjöld ... ... 200 — 200 —			
8. Til þess að gefa út kennslubækur handa prestaskólanum 25 kr. fyrir örkina alls að 250 — 250 —	2,210	2,410	
	12,010	12,210	24,220
II. til læknaskólans:			
a. laun	3,600	3,600	
Þar af 400 kr. hvort árið launaviðbót til Tómasar Hallgrímssonar 1. kennara.			
1894. 1895.			
b. önnur útgjöld:			
1. 2 ölmusur, 200 kr. hvor 400 kr. 400 kr.			
2. eldiviður, ljós og ræsting 170 — 120 —			
flyt 570 kr. 520 —	3,600	3,600	71,320

			1894.	1895.	alls.
			kr.	kr.	kr.
		fluttar	3,600	3,600	71,320
	1894.	1895.			
fluttar	570 kr.	520 kr.			
3. til bókakaupa og verkfæra	300 —	300 —			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum	300 —	300 —			
5. húsaleiga handa 6 lærisveinum	480 —	480 —			
6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði	100 —	100 —			
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, allt að	200 —	200 —			
8. ýmisleg útgjöld	100 —	100 —			
			2,050	2,000	
			5,650	5,600	11,250
III. til hins lærða skóla:					
a. laun			19,800	19,800	
b. aðstoðarfje:					
handa söngkennaranum		600 kr.			
handa fimleikakennaranum		700 —			
handa dyraverði		1,000 —			
til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans		300 —	2,600	2,600	
	1894.	1895.			
c. önnur útgjöld:					
1. til bókasafns skólans .	600 kr.	600 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa .	1,000 —	1,000 —			
3. til skólahússins utan og innan	1,000 —	1,000 —			
4. til tímakennslu . . .	1,600 —	1,600 —			
5. ölmusur	5,500 —	5,500 —			
6. þóknun handa lækni .	100 —	100 —			
7. ýmisleg útgjöld . . .	1,000 —	1,000 —			
8. fyrir prestsverk . . .	48 —	48 —			
9. til vísindalegra áhalda við kennslu:					
a. í náttúrusögu . . .	200 —	200 —			
b. í eðlisfræði	400 —	400 —			
10. til að gefa út vísindalega ritgjörð, er fylgi skólaskýrslunni	300 —	300 —			
			11,748	11,748	
			34,148	34,148	68,296
		flyt	. . . . .	. . . . .	150,866

			1894.	1895.	alls.
			kr.	kr.	kr.
		fluttar			150,866
IV. til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:					
a. laun			6,600	6,600	
b. önnur útgjöld:	1894.	1895.			
1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna	400 kr.	400 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa	500 —	500 —			
3. til skólahússins utan og innan	200 —	200 —			
4. ýmisleg útgjöld	500 —	500 —			
5. til styrkveitingar námspiltum	400 —	400 —			
6. til að kaupa hús Stefáns kennara Stefánssonar á Möðruvöllum fyrir bæ þann, sem hingað til hefir verið notaður við ábúð á jörðinni	4000 —	» —	6,000	2,000	
			12,600	8,600	21,200
V. til stýrimannaskólans:					
a. laun			1,800	1,800	
b. önnur útgjöld:					
1. til húsnæðis, eldiviðar og ljósa		500 kr.			
2. til tímakennslu		600 —			
3. til áhaldakaupa o. fl.		200 —	1,300	1,300	
			3,100	3,100	6,200
VI. til annarar kennslu:					
a. til kvennaskóla:					
1. til kvennaskólans í Reykjavík, þar af ölmusur til sveitastúlkna 300 kr.		1,800 kr.			
2. til kvennaskólans á Ytri-Ey		1,200 —			
3. til kvennaskólans á Laugalandi		1,200 —			
4. til kvennaskólanna á Ytri-Ey og Laugalandi. Öll upphæðin (2,000 kr.) skiptist milli skólanna eptir fjölda nemenda, sem eru allan kennslutímann, og lengd kennslutímans, —þaraf 500 kr. til námsmeyja.		2,000 —	6,200	6,200	
b. 1. til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum. Styrkur þessi veitist einkum eptir lengd kennslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annarar tillögu, er eigi sje minni en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.			4,000	4,000	
		flyt	10,200	10,200	178,266

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar	10,200	10,200	178,266
2. til sveitakennara, allt að 60 kr. til hvers . . Styrkur þessi veitist eptir tillögum sýslunefnda og stiptsyfirvaldanna.	4,800	4,800	
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	2,500	2,500	
d. til kennarafræðslu	1,600	1,600	
e. til skólaiðnaðarkennslu	500	500	
f. til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík . . .	1,000	1,000	
g. styrkur til þess að semja og gefa út kennslubækur	300	300	
h. til síra Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kennslu heyrnar- og málleysingja	150	150	
	21,050	21,050	42,100
VII. til sundkennslu:			
a. í Reykjavík . . . . . Lærisveinar latínuskólans njóta ókeypis kennslu.	200	200	
b. til að gjöra við sundlaugina í Laugarnesi . . Styrkur þessi útborgist þegar verkið er fullgjört, og með því skilyrði, að Reykjavíkurbær leggi til það, sem á vantar.	500		
c. til sundkennslu annarsstaðar . . . . . Styrkurinn undir c. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sjeu lagðar til sundkennslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.	800	800	
	1,500	1,000	2,500
C.			
Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmennta:			
1. til landsbókasafnsins og fyrir umsjón með alþingis húsinu milli þinga:			
a. laun bókavarðar	1,000	1,000	
b. til að aðstoða bókavörð við útlán og niðurröðun bóka og við samningu á skrá yfir handrit og bækur	700	700	
c. fyrir að hafa umsjón með alþingishúsinu og áhöldum í því milli þinga	100	100	
d. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá	2,500	2,500	
e. til eldiviðar og áhalda m. m.	450	450	
f. brunabótagjald fyrir safnið	300	300	
	5,050	5,050	
2. til amtsbókasafna Vesturamtsins, Norðuramtsins og Austuramtsins, 200 kr. á ári til hvers þeirra	600	600	
3. a. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Reykjavík	1,000	1,000	
b. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Kaupmannahöfn	500	500	
flyt	7,150	7,150	222,866

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar	7,150	7,150	222,866
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að Bókmenntafjelagið í Kaupmannahöfn gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbrjefasafni.			
4. til þjóðvinafjelagsins	500	500	
5. til forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda . . 1,000 kr.			
b. til umsjónar . . . . . 400 —			
c. til þess að semja skrá yfir forngripina og setja tölur á þá . . . . . 600 —			
Styrkur þessi (c) fyrir síðara árið útborgist, er starfi þessu er lokið.	2,000	2,000	
6. styrkur til kennara Benidikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda, 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi, 200 kr. hvort árið	800	800	
Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins:			
7. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni, 25 kr. fyrir örkina, allt að 600 kr. hvort árið, með því skilyrði, að samskonar registur, sem við 1. bindið, komi út með hverju bindi, um leið og það er út komið.	600	600	
8. styrkur til kennara Þorv. Thoroddsens til kostnaðar við jarðfræðisrannsóknir og við safn til jarðfræðislýsingar Íslands, eptir reikningi, allt að 1,000 kr. hvort árið	1,000	1,000	
9. til Fornleifafjelagsins	300	300	
Útborgist því að eins, að árbók Fornleifafjelagsins komi út hvort árið.			
10. til Náttúrufræðisfjelagsins	400	400	
11. styrkur handa 2 mönnum til að búa sig undir að verða dýralæknar á Íslandi	1,200	1,200	
12. styrkur til cand. mag. Boga Melsteðs til að safna til sögu Íslands	600	600	
13. Til síra Matthíasar Jochumssonar . . .	600	600	
14. Til stórstúku Good-Templara á Íslandi til eflingar bindindi	500	500	
flyt	15,650	15,650	222,866

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar	15,650	15,650	222,866
15. Til cand. theol. Hannesar Þorsteinssonar til þess að semja skrá yfir skjöl og skjalapakka stiptamtsins í landsskjalasafninu og endurskoða niðurröðun þeirra. Skal landsstjórnin sjá um, að verkið verði viðunanlega af hendi leyst.	1,000	»	
16. Til umbúða um skjalapakka stiptamtsins og sýslnanna í landsskjalasafninu og tilprentunar á skrá yfir þá m. m. allt að	200	»	
17. Til Skúla Skúlasonar á Akureyri til þess að læra myndasmíði	500	200	
18. Til Tryggva Gunnarssonar fyrir það, sem hann hefur unnið framyfir umsamið verk við Ölfusárbrúna .	5,000	»	
19. Til síra Jónasar Jónassonar á Hrafnagili til að gefa út dansk-íslenzka orðabók . . . . . Þessi upphæð veitist því að eins, að vissa sje fyrir því, að bókin komi út.	800	»	
20. Til Geirs Zoëga kennara til að gefa út ensk-íslenzka orðabók . . . . . Þessi upphæð veitist því, að eins, að vissa sje fyrir því, að bókin komi út.	800	»	
21. Ferðastyrkur til verzlunarmanns D. Thomsens, til þess að kynnast sölu á íslenzkum vörum, einkum á Bretlandi, Spáni og Portúgal, og gefa skýrslur um það mál	1,800	»	
	25,750	15,850	41,600
samtals	. . .	. . .	264,466

14. gr. Til skyndiláns handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr. Til eptirlauna og styrktarfjár og fl. veitast 86,000 kr.; þar af til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjohnsen 300 kr., til ekkjufrúar Valgerðar Ólafsdóttur frá Hofi 200 kr., til sjera J. Thórarensens 50 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli 105 kr. 40 a., til Katrínar Þorvaldsdóttur, ekkju fyrverandi bókavarðar Jóns Árnasonar, 200 kr., til ekkjufrúar Torfhildar Holm 200 kr., til Ólínu Vigfússon, ekkju Sigurðar Vigfússonar, 160 kr. — til allra þeirra hvort árið.

16. gr. Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

17. gr. Það sem á vantar, að tekjurnar hrökkvi fyrir útgjöldunum og sem fyrst um sinn er áætlað að verði 32,321 kr. 80 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

18. gr. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

19. gr. Ef
frumvarp til laga um sjerstök eptirlaun handa Páli sögukennara Melsteð,
frumvarp til laga um brúargjörð á þjórsá,
frumvarp til laga um afnám gjalds af fasteignasölu,
frumvarp til laga um viðauka og breyting á lögum 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski og lýsi o. fl.
frumvarp til laga um breyting á 1. gr. laga 27. febr. 1880, um skipun prestakalla,
frumvarp til viðaukalaga við lög 12. júlí 1878, um lausafjártíund,
frumvarp til laga um bæjarstjórn á Seyðisfirði, öðlast gildi á fjárhagstímabilinu, breytast upphæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt því.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 40,000 kr. lán til sýslufjelaga, er koma vilja á fót tóvinnuvjelum, þó ekki yfir 20,000 kr. til hvers, og ávaxtist lán þetta og endurborgist með 6% á 28 árum.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 40,000 kr. lán til þilskipakaupa einstökum mönnum, er þess kynnu að óska. Lán þetta ávaxtist og endurborgist með 6% á 28 árum, og veitist að eins gegn fulltryggu veði, og eigi meira en 4000 kr. til hvers einstaks manns.

Sþ **579. Breytingartillögur**
við frv. til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895 (eins og það var samþykkt við eina umr. í e. d.). Frá Birni Bjarnarsyni.
1. Við 11. gr. 4. Þessi töluliður falli burt.
2. — 13. — B. I. b. 2. Fyrir: »400 kr.« (síðara árið) komi: 200 kr.
3. — — — — III. c. 5. Fyrir: »5500 kr.« (síðara árið) komi: 5000 kr.
4. — — — — IV. b. 6. Þessi liður falli burt.
5. — — — — VI. h. Þessi liður falli burt.

Sþ. **580. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895 (eins og það var samþykkt við eina umr. e. d.). Frá H. Kr. Friðrikssyni.
Aptan við 13. gr. C. bætist nýr töluliður:
Til landlæknis G. Schierbecks í viðurkenningarskyni 2500 kr. fyrra árið.

Sþ. **581. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895. Frá H. Kr. Friðrikssyni og Sigurði Jenssyni.
Við 13. gr. 7. Fyrir »25 kr. fyrir örkina, allt að 600 kr.« komi: 800 kr.

Sþ. **582. Breytingartillögur**
við frv. til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895. Frá Jóni Jónssyni þm. A. Sk. og Skúla Thoroddsen.
Við 10. gr. A. 1. Aptan við athugasemdina bætist: Þó því að eins, að amtmannsembættið fyrir norðan og austan verði ekki veitt fyrir næsta þing.
Við 11. gr. 3. Fyrir: 2000—2000—4000 komi: 1800—1800—36000.

Sþ. **583. Breytingartillaga**
við tillögu til þingsályktunar á þingskjali 575. Frá Birni Bjarnarsyni.
Fyrir orðin: »svo miklu sem þarf«, komi: allt að 1500 krónum.

Sþ. **584. Breytingartillögur**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895. Frá Einari Jónssyni.
Við 10. gr. C. 4. a. 2. fyrir 3,500 síðara árið, komi: 5000.
— — — — — — 3. — 2,500 — 2,500, komi: 3000 — 3000.
— — — — — — 4. — 2,500 — 2,500, komi: 3000 — 3000.
Til vara:
Við 10. gr. C. 4. a. 2. fyrir 3,500 kr. síðara árið, komi: 4000.
— — — — — — 3. — 2,500 — fyrra árið, komi: 3000.

---

585. Frumvarp
til laga um hafnsögugjald í Reykjavík (eins og það var samþykkt í sameinuðu þingi).

1. gr. Í staðinn fyrir borgun þá fyrir hafnsögu, er ákveðin er í taxtanum frá 1. desbr. 1841, skal greiða af öllum verzlunar- og mannflutningaskipum og af útlendum fiskiskipum, er leggjast við akkeri á Reykjavíkurhöfn, 8 aura í hafnsögugjald af hverri smálest hinna fyrnefndu, og 5 aura af hverri smálest hinna síðarnefndu skipa. Gjald þetta skal greiða fyrsta sinnið, er skipið kemur á Reykjavíkurhöfn á árinu, hvort sem það notar hafnsögu eða eigi, en komi það optar á sama ári, skal gjaldið eigi optar greiða, nema þegar það notar hafnsögumann.

2. gr. Bæjarfógeti innheimtir gjald það, er ákveðið er í 1. gr., um leið og hann skoðar skjöl skipsins, og skal því varið til launa handa manni þeim eða mönnum, er skipaðir eru til hafnsögu fyrir Reykjavíkurkaupstað.

Skyldur er hafnsögumaður að skýra bæjarfógeta í hvert skipti frá því, er skip, er þegar hefur greitt gjaldið, notar hafnsögu á inn- eða útleið á öðrum ferðum á sama ári.

3. gr. Að því er snertir herskip, skemmtiskip og innlend fiskiskip, þá skulu þau yrirmæli enn standa um notkun hafnsögu og borgun fyrir hana, er nú eru í gildi.

4. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1894.

---

586. Frumvarp

til fjárlaga fyrir árin 1894 og 1895, (eins og það var samþykkt í Sþ.).

1. kafli.

Tekjur.

1. gr. Á árunum 1894 og 1895 telst svo til, að tekjur Íslands verði 1,147,500 kr., og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr. Af eptirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 878,600 kr.

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a) á ábúð og afnotum jarða	17,000	17,000	34,000
b) á lausafje	25,000	25,000	50,000
2. húsaskattur	4,000	4,000	8,000
3. tekjuskattur	13,000	13,000	26,000
4. aukatekjur	22,000	22,000	44,000
5. erfðafjárskattur	2,000	2,000	4,000
6. gjöld af fasteignasölu	1,300	1,300	2,600
7. vitagjald	6,000	6,000	12,000
8. gjöld fyrir leyfisbrjef	2,000	2,000	4,000
Fyrir konunglega staðfesting á kaupmála milli hjóna greiðist ekkert gjald.			
9. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frá dregnum 2% í innheimtulaun	30,000	30,000	60,000
10. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	120,000	120,000	240,000
11. aðflutningsgjald af tóbaki, að frá dregnum 2% í innheimtulaun	50,000	50,000	100,000
12. aðflutningsgjald af kaffi og sykri að frádregnum 2% í innheimtulaun	125,000	125,000	250,000
13. tekjur af póstferðum	20,000	20,000	40,000
14. óvissar tekjur	2,000	2,000	4,000
Samtals	439,300	439,300	878,600

3. gr. Tekjur af fasteignum landssjóðs og fl. eru taldar 50,700 kr.:

		1894.	1895.	alls.
		kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landssjóðs alls	34,000 kr.			
að frá dregnum umboðslaunum, prestsmötu og fl., alls	9,000 —	25,000	25,000	50,000
2. Tekjur af kirkjum		350	350	700
Samtals		25,350	25,350	50,700

4. gr. Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 66,000 kr.:

		1894.	1895.	alls.
		kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins , ...		28,000	28,000	56,000
Upp í lán verður borgað:				
á árinu 1894	23,923 kr. 22 a.			
- — 1895	21,556 — 58 -			
	45,479 kr. 80 a.			
2. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans . . .		5,000	5,000	10,000
Samtals		33,000	33,000	66,000

5. gr. Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem er greitt frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndilána til embættismanna . . .	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum . . .	2,000	2,000	4,000
Samtals	4,600	4,600	9,200

6. gr. Tillag úr ríkissjóðnum verður talið 143,000 kr.:

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fast tillag	60,000	60,000	120,000
Aukatillag	12,500	10,500	23,000
Samtals	72,500	70,500	143,000

2. kafli.
Útgjöld.

7. gr. Á árunum 1894 og 1895 veitast til útgjalda 1,181,021 kr. 80 a. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—16. gr.

8. gr. Gjöld til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi eru talin fyrir árið 1894: 12,400 kr., og árið 1895: 14,400 kr., samtals: 26.800 kr.

9. gr. Til kostnaðar við alþingi veitast 32,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 33,600 kr.

10. gr. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 295,411 kr. 80 a.

		1894.	1895.	alls.
		kr. a.	kr. a.	kr. a.
A.				
Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál:				
1. laun embættismanna ... ... Ef hinn núverandi amtmaður norðan og austan verður skipaður amtmaður sunnan og vestan, fær hann að halda uppbót þeirri fyrir hann sjálfan, er hann hefur nú,		18,100	18,116 66	36,216 66
2. endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl....		3,800	3,800	7,600
3. a. borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun	2,500 kr.			
b. viðbót við hinn núverandi endurskoðanda	500 —	3,000	3,000	6,000
		24,900	24,916 66	49,816 66
B.				
Dómgæzla og lögreglustjórn:				
1. laun				
a. til dómara og sýslumanna		69,697 57	69,697 57	
b. til hreppstjóra		6,000	6,000	
2. ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík		1,400	1,400	
3. til hegningarhússins og fangelsanna:				
	1894. 1895.			
a. laun umsjónarmannsins ...	800 kr. 800 kr.			
viðbót við hinn núverandi umsjónarmann	200 — 200 —			
flyt	1000 kr. 1000 kr.			
flyt		77,097 57	77,097 57	49,816 66

			1894.	1895.	alls.
			kr. a.	kr. a.	kr. a.
		fluttar	77,097 57	77,097 57	49,816 66
fluttar	1000 kr.	1000 kr.			
Þóknun handa dómkirkjuprestinum	100 —	100 —			
Þóknun handa lækni ...	60 —	60 —			
b. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag	1225 —	1225 —			
3. skammtar af miðdagsmat handa fangaverði á 21 e.	230 —	230 —			
þvottur	30 —	30 —			
til eldiviðar og ljósa... ...	520 —	520 —			
útgjöld við bygginguna sjálfa og áhöld	400 —	400 —			
til þess að útvega verkefni	500 —	500 —			
ýmisleg útgjöld	150 —	150 —			
	4215 kr.	4215 kr.			
arður af verkum talinn ...	615 —	615 —			
	3600 kr.	3600 kr.			
c. kostnaður við viðhald fangelsanna	100 —	100 —			
			3,700	3,700	
4. önnur útgjöld:					
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn ...		1600 kr.			
b. laun sendiboðans við yfirrjettinn ...		50 —			
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum		40 —			
d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl.		60 —			
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál		3000 —			
f. kostnaður við gjafsóknarmál		300 —			
g. til að gefa út dómasafn, allt að 15 kr. fyrir hverja örk		150 —			
			5,200	5,200	
			85,997 57	85,997 57	171,995 14
C.					
Ymisleg útgjöld.					
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:					
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl.		300 kr.			
b. til pappírs og prentunar deildarinnar B., 22 arkir, og deildarinnar C., 15 arkir		2000 —			
c. til kostnaðar við sending með póstum		300 —			
d. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur með prófarkalestri, allt að 40 kr. fyrir örkina		900 —	3,500	3,500	
		flyt	3,500 »	3,500 »	221,811 80

			1894.	1895.	alls.	
			kr.	kr.	kr.	a.
		fluttar	3,500	3,500	221,811	80
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef			1,200	1,200		
3. brunabótagjald fyrir ýmsar opinberar byggingar ...			1,600	1,600		
4. styrkur til eflingar búnaði:						
a. til búnaðarskóla:	kr.	kr.				
1. til skólans í Ólafsdal ..	2,500	2,500				
2. — —— á Hólum ...	5,000	4,000				
3. — —— - Eiðum ...	3,000	2,500				
4. — —— - Hvanneyri ...	2,500	2,500				
	13,000	11,500				
b. til búnaðarfjelaga ... ... Þar af til búnaðarfjelags suðuramtsins 2,000 kr. hvort árið, með því skilyrði, að fjelagið verji að minnsta kosti 1,000 kr. til vatnsveitinga.		12,000				
c. styrkur til Hermanns Jónassonar til að gefa út búnaðarrit, 20 kr. fyrir örkina		240				
d. styrkur til síra Odds Gíslasonar til þess að halda áfram að leiðbeina mönnum í ýmsu, sem lýtur að sjósóknum og fiskiveiðum		300				
e. styrkur til útgáfu kennslubóka fyrir búnaðarskóla		300				
f. styrkur til verklegs laxaklaks í Dalasýslu		200				
g. til þess að varna skemmdum á Steinsmýraengjum, fyrra árið ... ... Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi ábúendur leggi til ¼ af kostnaðinum móti ¾ úr landssjóði, og að verkið sje framkvæmt eptir áætlun og undir tilsögn búfræðings.		750				
			26,790	24,540		
5. til vitans á Reykjanesi:						
a. til launa vitamannsins		1,200				
b. til eptirlits með vitanum		60				
c. til að kaupa olíu		1,200				
d. — — — lampakveiki o. fl.		150				
e. — — — steinkol		120				
f. til viðurhalds á húsum og áhöldum ...		200				
g. eptirgjald eptir lóðina		30				
			2,960	2,960		
6. til vörðuvita			750	500		
7. til kostnaðar við eptirlitsferðir embættismanna, að því leyti sem hann greiðist úr landssjóði			1,000	1,000		
8. til varnar gegn skemmdum á byggingarlóðinni á Sauðárkrók, 500 kr. fyrra árið			500	»		
			38,300	35,300	73,600	
		samtals ...	.....	.....	295,411	80

11. gr. Til útgjalda við læknaskipunina veitast 117,844 kr.

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
1. laun	39,598	39,598	79,196
2. styrkur til 13 aukalækna:			
a. til læknis í Dalasýslu og Bæjarhreppi í Strandasýslu;			
b. til læknis á Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði;			
c. til læknis á skipaskaga á Akranesi með 4 syðstu hreppum Borgarfjarðarsýslu;			
d. til læknis í Dyrhólahreppi og Eystri- og Vestri-Eyjafjallahreppum;			
e. til læknis í Dýrafirði ásamt Önundarfirði, Súgandafirði og Arnarfirði;			
f. til læknis í Þingeyjarsýslu fyrir austan Jökulsá;			
g. til læknis í Ólafsvík með vesturhluta Snæfellsnessýslu, sunnanfjalls til Straumfjarðarár;			
h. til læknis milli Straumfjarðarár í Hnappadalssýslu og Langár á Mýrum.			
i. til læknis í Eyjahrepp og Múla- og Gufudals-hreppum í Barðastrandarsýslu;			
j. til læknis í Breiðdals-, Beruness- og Geithellnahreppum í Suður-Múlasýslu;			
k. til læknis í Grunnavíkur- og Sljettu-hreppum í Ísafjarðarsýslu;			
l. til læknis í Strandasýslu;			
m. til læknis í Grýtubakka-, Háls- og Ljósavatnshreppum; til hvers þeirra 1,000 kr. hvort árið	13,000	13,000	26,000
3. styrkur til aukalæknis Bjarnar Ólafssonar til að setjast að sem augnalæknir í Reykjavík, með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnalækningum	2,000	2,000	4,000
4. styrkur til O. Nickolins tannlæknis	500	500	1,000
5. önnur útgjöld:			
a. styrkur til sjúkrahússins í Reykjavík 1,200 kr.			
b. — — —— á Akureyri 400 —			
c. til einnar yfirsetukonu í Reykjavík fyrir hana sjálfa ... ... 24 —			
d. til náms yfirsetukvenna ... ... 2,000 —			
e. til verkfæra handa yfirsetukonum ... 200 —	3,824	3,824	7,648
samtals ...	58,922	58,922	117,844

12. gr. Til samgöngumála veitast 348,500 kr.

			1894.	1895.	alls.
			kr.	kr.	kr.
A.					
Til útgjalda við póststjórnina:					
1. laun:					
a. handa póstmeistaranum		2,400 —			
b. — póstafgreiðslumönnnum		4,700 —			
c. — brjefhirðingarmönnum		2,700 —	9,800	9,800	19,600
2. póstflutningur			34,000	34,000	68,000
3. önnur útgjöld:	1894. kr.	1895. kr.			
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistarans	1,500	1,500			
b. til sama fyrir ábyrgð á mistalningi 1 °/₀₀, um	200	200			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður sama	200	200			
d. fyrir prentun á ýmsu	200	200			
e. til áhalda	600	600			
f. 1 brjefberi í Reykjavík	50	50			
g. óviss útgjöld	200	200	2,950	2,950	5,900
		samtals ..	46,750	46,750	93,500
B.	1894.	1895.			
Til vegabóta:	kr.	kr.			
a. til verkfræðings til að standa fyrir vegagjörðum	3,000	3,000			
b. til að bæta vegi á aðalpóstleiðum .	50,000	50,000			
c. til fjallvega...	15,000	15,000			
d. til brúargjörðar á Hjeraðsvötnin veitast	5,000	»			
Fje þetta veitist með því skilyrði, að sýslunefnd Skagafjarðar leggi til það fje, sem á vantar til að fullgjöra brúna, og setji, landsstjóði að kostnaðarlausu, svifferju á aðalpóstleiðinni yfir Hjeraðsvötnin.			73,000	68,000	141,000
C.					
a. til strandferða:		kr.			
1. til hins sameinaða gufuskipafjelags ..		18,000			
2. til strandferða samkvæmt ferðaáætlun alþingis		25,000			
Styrkur þessi veitist kapt. Jónasi J. Randulf með því skilyrði, að hann setji tryggingu frá Noregsbanka, eða aðra nægilega tryggingu, fyrir því, að ferðunum verði haldið áfram um fjárhagstímabilið.					
Geti kapt. Jónas J. Randulff á einhvern hátt eigi fullnægt þeim skilyrðum, sem hjer eru sett, má veita öðrum styrkinn, ef þeir setja nægilega tryggingu fyrir því, að ferðunum verði haldið áfram fjárhagstímabilið.					
	Flyt	43,000			234,500

	kr.	1894. kr.	1895. kr.	alls. kr.
Fluttar	43,000			234,500
b. til gufubátsferða á Faxaflóa	3,000			
c. til gufubátsferða meðfram suðurströnd landsins austur að Vík í Mýrdal og til Vestmannaeyja, allt að	3,000			
Styrkurinn undir stafliðunum b. og c. útborgist að eins eptir meðmælum hlutaðeigandi sýslunefnda og bæjarstjórnar.				
Styrkurinn sje enn fremur bundinn því skilyrði, að hlutaðeigandi sýslufjelög og bæjarfjelag leggi til gufubátaferðanna ¼ móti ¾ úr landssjóði.				
Styrknum undir staflið c. má skipta í 2 hluta, ef með því fást hagfelldari gufubátsferðir um hið tilgreinda svæði, eða nokkurn hluta þess. Svo má og sameina styrkinn undir staflið c., eða hluta af honum, við styrkinn undir staflið b.				
Styrkurinn undir staflið a. 2. og stafliðunum b. og c. er ennfremur bundinn því skilyrði, að gufubátar þeir, sem njóta styrksins, flytji póstsendingar og vitji þeirra og skili þeim á pósthúsunum á viðkomustöðunum, allt án sjerstaks endurgjalds.		49,000	49,000	98,000
D.				
a. til bryggjugjörðar á Blönduós allt að ...	5,000 kr.			
b. til gufubátsferða um Lagarfljótsós allt að	5,000 —			
Báðar þessar upphæðir (undir staflið a. og b.) veitast með því skilyrði, að hlutaðeigandi hjeraðsbúar kosti sjálfir það, er á vantar, til þess að koma fyrirtækjum þessum fram, eigi minna en ¼ alls kostnaðar.				
c. til uppmælingar á innsiglingarleið inn á Hvammsfjörð, allt að	6000	16,000	»	16,000
Styrkur þessi er því skilyrði bundinn, að Dalasýsla leggi fram ¼ til móts við landssjóðsstyrkinn.				
samtals ...		.....	.....	348,500

13. gr. Til kirkju- og kennslumála veitast 264,666 kr.:

	1894. kr.	1895. kr.	alls. kr.
A.			
Í þarfir andlegu stjettarinnar:			
a. laun til biskupsins	7,000	7,000	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	8,500	9,000	
2. til bráðabyrgðar-uppbótar fátækum brauðum, þar af til hins núverandi prests í Grímsey 400 kr. hvort árið	3,000	3,000	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastipti ...	600	600	
4. bráðabyrgðar-uppbót á Kvíabekkjar-prestakalli í Eyjafjarðar-prófastsdæmi	200	200	
5. viðbót við eptirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum	3,000	3,000	
6. endurgjald handa biskupi fyrir skrifstofukostnað	1,000	1,000	
	23,300	23,800	47,100
B.			
Kennslumálefni:			
I. til prestaskólans:			
a. laun			
b. önnur útgjöld:	9,800	9,800	
1. húsaleigustyrkur handa 12 lærisveinum, 80 kr. handa hverjum (1894. 960 kr. 1895. 960 kr.)			
2. ölmusustyrkur ... ... (1894. 200 — 1895. 200 —)			
3. til tímakennslu ... ... (1894. 100 — 1895. 100 —)			
4. til bókakaupa ... ... (1894. 300 — 1895. 300 —)			
5. til eldiviðar og ljósa ... (1894. 100 — 1895. 100 —)			
6. til umsjónar ... ... (1894. 100 — 1895. 100 —)			
7. ýmisleg útgjöld ... ... (1894. 200 — 1895. 200 —)			
8. Til þess að gefa út kennslubækur handa prestaskólanum 25 kr. fyrir örkina alltað (1894. 250 — 1895. 250 —)	2,210	2,210	
	12,010	12,010	24,020
II. til læknaskólans:			
a. laun	3,600	3,600	
þar af 400 kr. hvort árið launaviðbót til Tómasar Hallgrímssonar 1. kennara.			
b. önnur útgjöld: (1894. 1895.)			
1. 2 ölmusur, 200 kr. hvor (1894. 400 kr. 1895. 400 kr.)			
2. eldiviður, ljós og ræsting (1894. 170 — 1895. 120 —)			
flyt (1894. 570 kr. 1895. 520 —)	3,600	3,600	71,120

			1894.	1895.	alls.
			kr.	kr.	kr.
		fluttar	3,600	3,600	71,120
	1894.	1895.			
fluttar	570 kr.	520 kr.			
3. til bókakaupa og verkfæra	300 —	300 —			
4. ferðastyrkur handa læknaefnum	300 —	300 —			
5. húsaleiga handa 6 lærisveinum	480 —	480 —			
6. þóknun fyrir tímakennslu í efnafræði	100 —	100 —			
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, allt að	200 —	200 —			
8. ýmisleg útgjöld	100 —	100 —			
			2,050	2,000	
			5,650	5,600	11,250
III. til hins lærða skóla:					
a. laun			19,800	19,800	
b. aðstoðarfje:					
handa söngkennaranum		600 kr.			
handa fimleikakennaranum		700 —			
handa dyraverði		1,000 —			
til yfirumsjónar með skólahúsinu og áhöldum skólans		300 —	2,600	2,600	
	1894.	1895.			
c. önnur útgjöld:					
1. til bókasafns skólans .	600 kr.	600 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa .	1,000 —	1,000 —			
3. til skólahússins utan og innan	1,000 —	1,000 —			
4. til tímakennslu . . .	1,600 —	1,600 —			
5. ölmusur	5,500 —	5,500 —			
6. þóknun handa lækni .	100 —	100 —			
7. ýmisleg útgjöld . . .	1,000 —	1,000 —			
8. fyrir prestsverk . . .	48 —	48 —			
9. til vísindalegra áhalda við kennslu:					
a. í náttúrusögu . . .	200 —	200 —			
b. í eðlisfræði	400 —	400 —			
10. til að gefa út vísindalega ritgjörð, er fylgi skólaskýrslunni	300 —	300 —			
			11,748	11,748	
			34,148	34,148	68,296
		flyt	. . . . .	. . . . .	150,666

			1894.	1895.	alls.
			kr.	kr.	kr.
		fluttar			150,666
IV. til gagnfræðaskólans á Möðruvöllum:					
a. laun			6,600	6,600	
b. önnur útgjöld:	1894.	1895.			
1. til bóka- og áhaldakaupa við kennsluna . . .	400 kr.	400 kr.			
2. til eldiviðar og ljósa .	500 —	500 —			
3. til skólahússins utan og innan	200 —	200 —			
4. ýmisleg útgjöld . . .	500 —	500 —			
5. til styrkveitingar námspiltum	400 —	400 —			
6. til að kaupa hús Stefáns kennara Stefánssonar á Möðruvöllum fyrir bæ þann, sem hingað til hefir verið notaður við ábúð á jörðinni	4000 —	» —	6,000	2,000	
			12,600	8,600	21,200
V. til stýrimannaskólans:					
a. laun			1,800	1,800	
b. önnur útgjöld:					
1. til húsnæðis, eldiviðar og ljósa .		500 kr.			
2. til tímakennslu		600 —			
3. til áhaldakaupa o. fl.		200 —	1,300	1,300	
			3,100	3,100	6,200
VI. til annarar kennslu:					
a. til kvennaskóla:					
1. til kvennaskólans í Reykjavík . þar af ölmusur til sveitastúlkna 300 kr.		1,800 kr.			
2. til kvennaskólans á Ytri-Ey . .		1,200 —			
3. til kvennaskólans á Laugalandi .		1,200 —			
4. til kvennaskólanna á Ytri-Ey og Laugalandi . . . . . Öll upphæðin (2,000 kr.) skiptist milli skólanna eptir fjölda nemenda, sem eru allan kennslutímann, og lengd kennslutímans, —þaraf 500 kr. til námsmeyja.		2,000 —	6,200	6,200	
b. 1. til barnaskóla í sjóþorpum og verzlunarstöðum öðrum en kaupstöðum . . . . . Styrkur þessi veitist einkum eptir lengd kennslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti einnig annarar tillögu, er eigi sje minni en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.			4,000	4,000	
		flyt	10,200	10,200	178,066

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar	10,200	10,200	178,066
2. til sveitakennara, allt að 60 kr. til hvers . . Styrkur þessi veitist eptir tillögum sýslunefnda og stiptsyfirvaldanna.	4,800	4,800	
c. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	2,500	2,500	
d. til kennarafræðslu	1,600	1,600	
e. til skólaiðnaðarkennslu	500	500	
f. til kennara í organslætti og sönglist og til organleikara við dómkirkjuna í Reykjavík . . .	1,000	1,000	
g. styrkur til þess að semja og gefa út kennslubækur	300	300	
h. til síra Ólafs Helgasonar til að borga með aðstoðarkennara við kennslu heyrnar- og málleysingja	150	150	
	21,050	21,050	42,100
VII. til sundkennslu:			
a. í Reykjavík . . . . . Lærisveinar latínuskólans njóta ókeypis kennslu.	200	200	
b. til að gjöra við sundlaugina í Laugarnesi . . Styrkur þessi útborgist þegar verkið er fullgjört, og með því skilyrði, að Reykjavíkurbær leggi til það, sem á vantar.	500		
c. til sundkennslu annarsstaðar . . . . . Styrkurinn undir c. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sjeu lagðar til sundkennslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.	800	800	
	1,500	1,000	2,500
C.			
Til vísindalegra og verklegra fyrirtækja og bókmennta:			
1. til landsbókasafnsins og fyrir umsjón með alþingishúsinu milli þinga:			
a. laun bókavarðar	1,000	1,000	
b. til að aðstoða bókavörð við útlán og niðurröðun bóka og við samningu á skrá yfir handrit og bækur	700	700	
c. fyrir að hafa umsjón með alþingishúsinu og áhöldum í því milli þinga	100	100	
d. fyrir bækur, handrit, bókband og prentun á ritaukaskrá	2,500	2,500	
e. til eldiviðar og áhalda m. m.	450	450	
f. brunabótagjald fyrir safnið	300	300	
	5,050	5,050	
2. til amtsbókasafna Vesturamtsins, Norðuramtsins og Austuramtsins, 200 kr. á ári til hvers þeirra	600	600	
3. a. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Reykjavík	1,000	1,000	
b. til deildar hins íslenzka Bókmenntafjelags í Kaupmannahöfn	500	500	
flyt	7,150	7,150	222,666

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar	7,150	7,150	222,666
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að Bókmenntafjelagið í Kaupmannahöfn gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbrjefasafni.			
4. til þjóðvinafjelagsins	500	500	
5. til forngripasafnsins:			
a. til að útvega forngripi og til áhalda . . 1,000 kr.			
b. til umsjónar . . . . . 400 —			
c. til þess að semja skrá yfir forngripina og setja tölur á þá . . . . . 600 —			
Styrkur þessi (c) fyrir síðara árið útborgist, er starfi þessu er lokið.	2,000	2,000	
6. styrkur til kennara Benidikts Gröndals til að halda áfram myndasafni yfir íslenzk dýr og til að semja þjóðmenningarsögu Norðurlanda, 600 kr. á ári, og til efna og áhalda til að varðveita náttúrugripi, 200 kr. hvort árið	800	800	
Fyrri veitingin er bundin því skilyrði, að safn þetta og undirbúningsverkið verði á síðan eign landsins.			
7. til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbrjefasafni, 800 kr. hvort árið, með því skilyrði, að samskonar registur, sem við 1. bindið, komi út með hverju bindi, um leið og það er út komið.	800	800	
8. styrkur til kennara Þorv. Thoroddsens til kostnaðar við jarðfræðisrannsóknir og við safn til jarðfræðislýsingar Íslands, eptir reikningi, allt að 1,000 kr. hvort árið	1,000	1,000	
9. til Fornleifafjelagsins	300	300	
Útborgist því að eins, að árbók Fornleifafjelagsins komi út hvort árið.			
10. til Náttúrufræðisfjelagsins	400	400	
11. styrkur handa 2 mönnum til að búa sig undir að verða dýralæknar á Íslandi	1,200	1,200	
12. styrkur til cand. mag. Boga Melsteðs til að safna til sögu Íslands	600	600	
13. Til síra Matthíasar Jochumssonar . . .	600	600	
14. Til stórstúku Good-Templara á Íslandi til eflingar bindindi	500	500	
flyt	15,850	15,850	222,666

	1894.	1895.	alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar	15,850	15,850	222,666
15. Til cand. theol. Hannesar Þorsteinssonar til þess að semja skrá yfir skjöl og skjalapakka stiptamtsins í landsskjalasafninu og endurskoða niðurröðun þeirra. Skal landsstjórnin sjá um, að verkið verði viðunanlega af hendi leyst.	1,000	»	
16. Til umbúða um skjalapakka stiptamtsins og sýslnanna í landsskjalasafninu og tilprentunar á skrá yfir þá m. m. allt að	200	»	
17. Til Skúla Skúlasonar á Akureyri til þess að læra myndasmíði	500	200	
18. Til Tryggva Gunnarssonar fyrir það, sem hann hefur unnið framyfir umsamið verk við Ölfusárbrúna .	5,000	»	
19. Til síra Jónasar Jónassonar á Hrafnagili til að gefa út dansk-íslenzka orðabók . . . . . Þessi upphæð veitist því að eins, að vissa sje fyrir því, að bókin komi út.	800	»	
20. Til Geirs Zoëga kennara til að gefa út ensk-íslenzka orðabók . . . . . Þessi upphæð veitist því, að eins, að vissa sje fyrir því, að bókin komi út.	800	»	
21. Ferðastyrkur til verzlunarmanns D. Thomsens, til þess að kynnast sölu á íslenzkum vörum, einkum á Bretlandi, Spáni og Portúgal, og gefa skýrslur um það mál	1,800	»	
	25,950	16,050	42,000
samtals	. . .	. . .	264,666

14. gr. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

15. gr. Til eptirlauna og styrktarfjár og fl. veitast 86,000 kr.; þar af til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr., til ekkjufrúar Guðrúnar Guðjohnsen 300 kr., til ekkjufrúar Valgerðar Ólafsdóttur frá Hofi 200 kr., til sjera J. Thórarensens 50 kr., til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eptirlaun hennar af Vestmannaeyja prestakalli 105 kr. 40 a., til Katrínar Þorvaldsdóttur, ekkju fyrverandi bókavarðar Jóns Árnasonar, 300 kr., til ekkjufrúar Torfhildar Holm 200 kr., til Ólínu Vigfússon, ekkju Sigurðar Vigfússonar, 160 kr. — til allra þeirra hvort árið.

16. gr. Til óvissra útgjalda veitast 3,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

17. gr. Það sem á vantar, að tekjurnar hrökkvi fyrir útgjöldunum og sem fyrst um sinn er ætlað að verði 33,521 kr. 80 a., skal greiða úr viðlagasjóði.

18. gr. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

19. gr. Ef
frumvarp til laga um sjerstök eptirlaun handa Páli sögukennara Melsteð,
frumvarp til laga um brúargjörð á þjórsá,
frumvarp til laga um afnám gjalds af fasteignasölu,
frumvarp til laga um viðauka og breyting á lögum 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski og lýsi o. fl.
frumvarp til laga um breyting á 1. gr. laga 27. febr. 1880, um skipun prestakalla,
frumvarp til viðaukalaga við lög 12. júlí 1878, um lausafjártíund,
frumvarp til laga um bæjarstjórn á Seyðisfirði, öðlast gildi á fjárhagstímabilinu, breytast upphæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt því.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 40,000 kr. lán til sýslufjelaga, er koma vilja á fót tóvinnuvjelum, þó ekki yfir 20,000 kr. til hvers, og ávaxtist lán þetta og endurborgist með 6% á 28 árum.

Úr viðlagasjóði má veita allt að 40,000 kr. lán til þilskipakaupa einstökum mönnum, er þess kynnu að óska. Lán þetta ávaxtist og endurborgist með 6% á 28 árum, og veitist að eins gegn fulltryggu veði, og eigi meira en 4000 kr. til hvers einstaks manns.

Nd. **587. Ávarp**

til Konungs frá neðri deild alþingis 1893.

Mildasti herra konungur!

Nú, er þetta alþingi, sem er hið fyrsta eptir nýjar almennar kosningar, hefur lokið starfa sínum, finnum vjer fulltrúar Íslands í neðri deild alþingis, um leið og vjer vitum, að umboð þjóðarinnar oss til handa er þá og þegar á enda, ríka hvöt hjá oss til þess, að senda Yðar Konunglegu Hátign með þegnlegum huga kveðju guðs og vora.

Oss er enn í fersku minni sá velvildarhugur og þeir velgjörningar, sem Yðar Hátign hefur auðsýnt Íslandi á svo margan hátt, og bent oss til í fyrri ávörpum neðri deildar alþingis, seinast 1885, og sjerstaklega viðurkennum vjer með innilegri þakklátsemi, að lögin um það, að íslenzk lög verði eptirleiðis að eins gefin út á íslenzku, hafi fullnægt einum hinum þýðingarmesta rjetti þjóðar vorrar, þeim er land vo t hafði svo lengi þráð og árangurslaust óskað eptir. Og þegar vjer nú á hinn bóginn virðum fyrir oss hina elskuðu fósturjörð vora, sem brýnasta skylda knýr oss til að helga allan vorn mátt og megin, því fremur sem hún stendur í hvívetna svo afarlangt að baki svo nágrannalöndunum Noregi og Danmörku sem öðrum löndum, þá þykjumst vjer mega óhult ala þá von og það traust með oss, að það sje forsjónarinnar ráð, að hinn sívaxandi rjettlætis- og mannúðarandi hins nýja tíma hafi kjörið Yðar Hátign til þess, að fullnægja til hlítar þeirri sjálfstæðis þörf og þeim sjálfstæðis kröfum Íslands, sem óaðgreinanlegar eru frá afstöðu landsins og þjóðerni Íslendinga.

Það er þetta traust til Yðar Hátignar og þessi helga skylda við ættjörðu vora, sem hefur knúð oss fulltrúa hennar, samkvæmt almennt yfirlýstum vilja og áskorunum þjóðar vorrar til alþingis, að samþykkja á ný endurskoðuð stjórnarskipunarlög fyrir Ísland á þessu þingi.

Oss dylst það að vísu alls ekki, að þessi ályktun alþingis og það sjónarmið, sem hún byggist á, komi ekki heim við þá skoðun, sem stjórn Yðar Hátignar í Danmörku heldur fram í konunglegri auglýsingu 2. nóvember 1885. En það er óbifanleg sannfæring vor, byggð á ýtarlegustu og samvizkusamlegustu íhugun, að ákvæði stjórnarskrárinnar 5. jan. 1874 og stöðulaganna 2. jan. 1871, sem hún vísar til, heimili Íslandi fullkomlega sjálfstæða stjórn og löggjöf út af fyrir sig, og þannig stjórn óháða stjórn Danmerkurríkis í öllum hinum sjerstaklegu málefnum Íslands. Þessu samkvæmt var það og, að einn hinna konungkjörnu þingmanna á alþingi 1891 gjörðist frumkvöðull að þeirri áskorun til ráðgjafa yðar Hátignar fyrir Ísland, sem samþykkt var með yfirgnæfandi atkvæðafjölda í efri deild alþingis, og í einu hljóði í hinni neðri deild, að hann sæi svo um, að Íslandsráðgjafi sitji eigi í ríkisráði Dana, að því er snertir hin sjerstaklegu málefni landsins.

Á þessum stjórnarskipunar grundvelli stendur þjóðin á Íslandi óbifanlega föst, enda erum vjer þess fullvissir, að hann er bezt fallinn til þess, að tengja Ísland við Danmörku því bróðurbandi, sem vjer verðum að ætla báðum löndunum fyrir beztu og ríkuglegustu uppsprettu innbyrðis hagsmuna hvorratveggja, eins og hann líka mun stemma stigu fyrir þeim vesturheimsfara straum úr voru fámenna landi, sem ár frá ári er að verða æ geigvænlegri. Vjer álítum það helgustu skyldu vora, að vekja athygli Yðar Hátignar á því, að gagngjörð breyting á stjórnarfyrirkomulaginu, sem nú er, hvað snertir hin viðurkenndu sjerstaklegu málefni Íslands, er hið eina einhlíta ráð til þess að tengja hugi Íslendinga við ættjörðina.

Í fullu samræmi við það, sem nú er sagt, hefur alþingið að þessu sinni einnig samþykkt lög um stofnun háskóla á Íslandi, því eins og stöðulögin 2. jan. 1871 viðurkenna afdráttarlaust, að kennslumálefni landsins sjeu sjerstaklegt málefni þess, þannig virðist engin landsrjettindi Íslands geti verið bersýnilegri en það, að landsins börnum gefist kostur á og hvöt til þess, að iðka vísindi á sínu eigin landi og af eigin rammleik.

Loks flýtur það beinlínis af viðurkenndum rjetti íslenzkrar tungu, sem lagamáli Íslands, að alþingið hefur samþykkt að sínu leyti lög um afnám dómsvalds hæstarjettar í Danmörku sem æðsta dómstóls í íslenzkum málum, með því að það lögmál er ljóst, að dómar hljóti að fara fram á einu og sama máli því, sem bæði dómendur og landsins börn skilja, enda er þessi breyting á dómaskipun Íslands ráðgjörð í stöðulögunum 2. jan. 1871.

Vjer erum þess fullvissir, að Yðar Hátign lítur mildiríkum augum á þessar og aðrar ályktanir alþingis, sem miða til þess, að fullnægja viðurkenndum landsrjettindum Íslands, að efla hagsæld þess og velferð, að styrkja bræðrabandið við frændaþjóð vora Dani og geta Yðar Hátign þá elsku í brjóstum allra Íslendinga, sem aldrei mun fyrnast um ókomnar aldir.

Vjer biðjum almáttugan guð að blessa og farsæla Yðar Konunglegu Hátign, ætt Yðar og ástmenn, ríkisstjórn, lönd og þegna.